Hæstaréttardómar 1965

Útgáfa 2.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Á milli bls. 736 og 737 er kort á einni síðu sem er ekki hluti af blaðsíðuröðinni.
Meiriháttar gallar á bls. 580, 811, og 854.
Minniháttar gallar á bls. 659.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

1965

XXXVI

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1965

Efnisskrá til bráðabirgða

Bls.

Aðflutningsgjöld 260
Aðstöðugjald 417, 537, 552
Alþjóðalög 245
Áfengislög 243, 254, 283, 376, 596, 851, 885, 922
Áfrýjun 260, 353, 566, 716, 721
Áfrýjunarfrestur 260, 353
Ákæra 286, 620
Bankar, þagnarskylda 649, 930
Barnaverndarráð 195
Barnsfaðernismál 52
Bifreiðar:
a) Refsimál 243, 254, 283, 596, 851, 885, 922, 933
b) Skaðabótamál 23, 510
c) Vátrygging 140
Björgun 600
Blóðrannsókn:
a) Bifreiðarstjórn 243, 254, 283, 596, 851, 922, 933
b) Faðerni 52
c) Flugstjórn 376
Botnvörpuveiðar 107, 245, 286, 894, 907
Búskipti 746, 796, 889
Dómaraheit 737
Dómhæfi 124, 193
Dómkvaðning 630
Eignarnám 169, 630
Eignarréttarfyrirvari 18
Eignarréttur 18, 134, 169
Endurgreiðsla 315, 424, 492, 759
Erfðamál 796
Farbann 723
Farmgjald 260

Bls.
Fasteignir 63, 134, 153, 169, 224, 268, 528, 635, 727, 737, 769, 819
Fiskveiðabrot ... 107, 245, 286, 894, 907
Fjármál hjóna ... 224, 889
Fjárnám ... 224, 414, 721, 750, 796, 841
Fjársvik ... 389
Fjölbýlishús ... 819
Flugmenn ... 376
Forkaupsréttur ... 153
Frávísun 30, 124, 193, 212, 245, 252, 260, 333, 353, 372, 406, 439, 566, 615, 620, 646, 716, 766, 925
Frelsissvipting ... 99, 195, 855
Frestir ... 238, 714
Fyrning kröfuréttinda ... 124, 841
Greiðsla ... 63, 314, 630, 841
Gæzluvarðhald ... 195, 681, 685, 689, 693, 696, 700, 787
Hald ... 894
Haldsréttur ... 260
Hegningarauki ... 847
Heimvisun ... 212, 406
Hjón ... 224, 746, 789, 889
Hjúskapareign ... 224, 889
Húftrygging ... 140
Kaup og sala ... 18, 63, 153, 169, 382, 410, 452, 492, 819
Kaupgjald ... 227, 231, 461, 463, 750, 813
Kynferðisbrot ... 358
Kyrrsetning ... 231
Kærumál:
a) Dómhæfi ... 193
b) Farbann ... 723
c) Frávísun ... 30, 193, 252, 372, 439, 615, 646, 766, 925
d) Frestir ... 238, 714
e) Gæzluvarðhald ... 681, 685, 689, 693, 696, 700, 787
f) Hald ... 894
g) Sáttir ... 30
h) Skattalög ... 930
i) Þagnarskylda ... 649, 930
Landamerkjamál ... 737
Leiðbeiningarskylda dómara ... 224, 406
Leiga ... 466
Lífeyrir ... 789
Líkamsáverkar ... 195, 522, 583, 873
Ljósmæður ... 52
Lóðamörk ... 134
Læknaráð ... 74, 296, 705, 933
Lögbann ... 635

Bls.
Lögtak 104, 212, 417, 537, 552, 789
Manndráp 583
Málflutningur 333, 382, 615, 721, 750, 920
Málsfjárhæð 766
Meðalganga 600
Meðlag 789
Meiðyrði 448, 635, 706
Nauðgun 358
Opinberir starfsmenn 394, 400
Ómaksbætur 3, 704, 855
Ómerking 212, 245, 333, 406, 620
Ómerking ummæla 448, 635, 706
Riftun löggernings 153, 169, 268, 382, 466, 492
Sakargögn 238, 705, 750, 930, 933
Sameign 819
Samningar 8, 32, 63, 74, 146, 153, 169, 268, 296, 321, 382, 410, 441, 461, 463, 466, 492, 528, 566, 750, 813, 819
Sáttir 30
Sératkvæði 63, 552, 566, 727, 766, 773, 873
Sjóveð 461, 463, 600
Skaðabótamál 8, 23, 32, 63, 74, 99, 146, 195, 296, 321, 358, 389, 400, 452, 510, 522, 528, 566, 635, 769, 773, 806, 824, 855, 861
Skattar, skattalög 104, 417, 537, 552, 759, 930
Skilgetin börn 796
Skilorðsbundnir refsidómar 385, 389
Skipulag kaupstaðar 635, 773
Skírlífisbrot 358
Skjalafals 389, 847
Skuldamál 227, 314, 410, 441, 461, 463, 466, 721, 750, 861
Stjórnarskráin 424
Stjórnsýsla 400, 635, 773, 789
Stofnlánadeild landbúnaðarins 424
Tékkávísanir 314, 389
Tilraun 358, 583
Tómlæti 153, 746, 806
Umferðarlög 243, 254, 283, 510, 596, 851, 885, 922
Umferðarréttur 727
Upptaka 107, 286, 894, 907
Úrskurðir 705, 933
Útivistardómar .. 1, 2, 3, 63, 319, 320, 704, 705, 721, 765, 854, 855
Útsvarsmál 104, 759
Varnarþing 439
Vátrygging 140
Verkfall bankastarfsmanna 394

Bls.
Vinnulaun 227, 231, 461, 463, 750, 813
Vinnusamningar 32, 74, 146, 296, 321, 461, 463, 566, 750, 813
Vinnuslys 32, 74, 146, 296, 321, 566
Vitni 649, 737
Víxilmál. Víxlar 4, 124, 252, 439, 920
Yfirvirðing 630
Þagnarskylda 649, 930
Þinglýsing 766
Þjóðaréttur 245
Þjófnaður 385
Ökuréttindi 243, 254, 283, 596, 851, 885, 922
Örorka 23, 32, 74, 296, 321, 566, 824

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XLVI. árgangur. 1965

Föstudaginn 8. janúar 1965.

Nr. 150/1964. **Þórarinn S. Sigurjónsson**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þórarinn S. Sigurjónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 8. janúar 1965.

Nr. 196/1964. **Sigurður Guttormsson og**
Trausti V. Ólafsson
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Sigurður Guttormsson og Trausti V. Ólafsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 8. janúar 1965.

Nr. 199/1964. **Rafgeislahitun h/f**
gegn
Þorvaldi Þórarinssyni f. h. Wydawnictwa Handlu Zagranioz nego.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 8. janúar 1965.

Nr. 214/1964. **Skúli Steinsson**
gegn
Eyþóri Tómassyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Skúli Steinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 11. janúar 1965.

Nr. 193/1964. **Hafsteinn Hjartarson**
gegn
Á. Einarsson & Funk h/f.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hafsteinn Hjartarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Á. Einarsson & Funk h/f, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 2000.00 í ómaksbætur að viðlagri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. janúar 1965.

Nr. 192/1964. **Hafsteinn Hjartarson**
gegn
Bárði Daníelssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hafsteinn Hjartarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Bárði Daníelssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 2000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. janúar 1965.

Nr. 143/1963. **Sverrir Bjarnason** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Olíufélaginu Skeljungi h/f
og
Þrotabúi Hafnavers h/f
(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Logi Einarsson og Jónatan Halllvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1963 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda Olíufélagsins Skeljungs h/f og stefndu verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Olíufélagið Skeljungur h/f krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi þrotabú Hafnavers h/f hefur eigi látið sækja dómþing fyrir Hæstarétti, þótt því hafi verið löglega stefnt.

Áfrýjandi hefur eigi leitt sönnur að því, að hann hafi haft umboð Hafnavers h/f til að samþykkja víxil þann, sem í málinu greinir, fyrir hönd hlutafélags þessa. Er áfrýjandi því sjálfur skuldbundinn sem samþykkjandi víxilsins samkvæmt 8. gr. víxillaga nr. 93/1933, sbr. 53. gr. sömu laga. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Olíufélaginu Skeljungi h/f málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3.500.00.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða dómi skal vera óraskað.

Áfrýjandi, Sverrir Bjarnason, greiði stefnda Olíufélaginu Skeljungi h/f málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. október 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. þ. m., hefur Hallgrímur Fr. Hallgrímsson f. h. Olíufélagsins Skeljungs h/f, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 8. september 1962, aðallega gegn Sverri Bjarnasyni, Efstasundi 52, Reykjavík, persónulega, en til vara gegn honum f. h. Hafnavers h/f, Höfnum í Gullbringusýslu, til greiðslu víxilskuldar, að fjárhæð kr. 25.000.00, með 9% ársvöxtum frá 18. september 1961 til greiðsludags, ⅓% víxilfjárhæðarinnar í þóknun og málskostnaðar að skaðlausu.

Aðalstefndi, Sverrir Bjarnason, hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Varastefndi, Hafnaver h/f, hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins. Er málið var munnlega flutt og tekið til dóms 8. október 1963, var eigi sótt þing af hálfu varastefnda, og er því málið skriflega flutt, að því er hann varðar, sbr. 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Framangreindur víxill er útgefinn af aðalstefnda, Sverri Bjarnasyni, 8. september 1961 og samþykktur af Sverri Bjarnasyni pr. pr. Hafnaver h/f til greiðslu 18. september 1961. Víxill þessi var eigi afsagður vegna greiðslufalls.

Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með eyðuframsali til sín og byggir kröfur sínar á því. Reisir stefnandi kröfur sínar á hendur aðalstefnda, Sverri Bjarnasyni persónulega, á því, að vafasamt sé, hvort hann hafi haft lögmæta heimild til að binda Hafnaver h/f, er hann samþykkti víxilinn pr. pr. Hafnaver h/f, og verði eigi talið, að hann hafi haft slíka heimild, þá hljóti hann að vera persónulega ábyrgur fyrir greiðslu víxilskuldarinnar. Verði hins vegar litið svo á, að Sverrir Bjarnason hafi haft slíka heimild, telur stefnandi, að varastefndi, Hafnaver h/f, sé ábyrgur greiðsluaðili í málinu.

Víxilskuld sú, sem um ræðir í máli þessu, á rætur sínar að

rekja til viðskipta varastefnda, Hafnavers h/f, við stefnanda. Varastefndi keypti olíu hjá stefnanda, og var vara þessi goldin með umræddum víxli. Er ágreiningslaust, að kaup þessi voru í þágu varastefnda og komu honum að notum, svo sem til var ætlazt.

Aðalstefndi, Sverrir Bjarnason, sem telur sig hafa verið framkvæmdastjóra Hafnavers h/f frá og með febrúarmánuði 1961 til loka nóvember sama árs, styður sýknukröfur sínar þeim rökum, að hann hafi með vitund og samþykki formanns Hafnavers h/f, Othars Hanssonar, og allrar stjórnar félagsins, samþykkt fyrir félagið víxla og gefið út tékkávísanir per prócura, eftir því sem nauðsyn félagsins hefði krafið og geta félagsins leyft, enda falli slíkt beint undir verkahring framkvæmdastjóra. Telur aðalstefndi sig ekki vita betur en slíkt hafi jafnan verið samþykkt af félagsstjórninni, sérstaklega formanninum, Othari Hanssyni, og af bönkum og öðrum viðskiptamönnum félagsins. Telur aðalstefndi jafnframt, að alveg sé eins ástatt um hinn umstefnda víxil og um aðra víxla og tékka, sem hann hafi samþykkt og gefið út á vegum félagsins.

Þau gögn, sem komið hafa fram af hálfu varastefnda, Hafnavers h/f, ber að skýra á þá leið, að varastefndi styðji sýknukröfur sínar þeim rökum, að aðalstefnda, Sverri Bjarnasyni, hafi eigi verið veitt prókúruumboð fyrir Hafnaver h/f á lögformlegan hátt og hann því ekki getað skuldbundið Hafnaver h/f með samþykki á fyrrgreindum víxli.

Fyrir dómi hefur gefið skýrslu Othar Hansson, sem var á þeim tíma, sem hér skiptir máli, stjórnarformaður Hafnavers h/f. Hann skýrir m. a. svo frá, að aðalstefndi, Sverrir, hafi annazt daglegan rekstur Hafnavers h/f frá því í febrúar 1961 til hausts sama ár. Hafi aðalstefndi eigi haft prókúruumboð fyrir Hafnaver h/f, en hins vegar hafi hann haft heimild til að veðsetja sjávarafurðir fyrirtækisins í gegnum veðlánakerfi Seðlabankans og Útvegsbankans og til að gefa út tékka f. h. fyrirtækisins. Kveðst Óthar á þessum tíma sjálfur ásamt Einari M. Jóhannessyni hafa haft prókúruumboð fyrir Hafnaver h/f. Hann skýrir enn fremur svo frá, að ekki komi til mála, að aðalstefndi hafi haft sérstaka heimild félagsstjórnar eða formanns félagsstjórnar Hafnavers h/f til þess að samþykkja víxil þann, sem út af er stefnt í máli þessu. Þá segir hann, að samkomulag hafi orðið milli sín sem formanns Hafnavers h/f og aðalstefnda um haustið eða fyrri hluta vetrar 1961, er verið var að gera upp

fjárhag Hafnavers h/f, að aðalstefndi tæki að sér víxil þann, sem stefnt er út af, enda hafi sér þá fyrst verið kunnugt um víxilinn. Loks skýrir hann svo frá, að það hafi verið venja í viðskiptum varastefnda, Hafnavers h/f, við stefnanda, að gefnir væru út víxlar fyrir eldri skuldum Hafnavers h/f við stefnanda, áður en ný úttekt fengist, og telur sennilegt, að aðalstefndi, Sverrir, hafi samþykkt þessa víxla f. h. Hafnavers h/f.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði hefur vottað, að samkvæmt hlutafélagaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu hafi í september 1961 haft prókúruumboð fyrir varastefnda, Hafnaver h/f, þeir Einar M. Jóhannesson og Othar Hansson.

Gegn andmælum af hálfu varastefnda hafa ekki verið færðar á það sönnur, að aðalstefndi, er samþykkti víxil þann fyrir hönd varastefnda, sem stefnt er út af, hafi haft umboð til að binda varastefnda á þenna hátt. Verður samkvæmt því að telja, að aðalstefndi sé sjálfur skuldbundinn eftir víxlinum.

Málsúrslit verða samkvæmt framansögðu þau, að dæma ber aðalstefnda til að greiða stefnanda kr. 25.000.00 með 9% ársvöxtum frá 18. september 1961 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 3850.00 í málskostnað.

Samkvæmt þessum málsúrslitum gagnvart aðalstefnda ber að sýkna varastefnda af kröfum stefnanda, en málskostnaður falli niður.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Sverrir Bjarnason, greiði stefnanda, Hallgrími Fr. Hallgrímssyni f. h. Olíufélagsins Skeljungs h/f, kr. 25.000.00 með 9% ársvöxtum frá 18. september 1961 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 3850.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Varastefndi, Hafnaver h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 15. janúar 1965.

Nr. 13/1964. **Helgi Benediktsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs og gagnsök (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Samningar. Bótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson bæjarfógeti hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1964 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 790.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1960 til 22. s. m., 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á., 8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. nóvember 1964, áfrýjað málinu með stefnu 23. s. m. Krefst hann þess, að honum verði dæmd alger sýkna og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn 27. maí 1959 afsalaði Olíuverzlun Íslands h/f aðaláfrýjanda „olíugeymslulóð og uppfyllingu vestan Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum ásamt þar tilheyrandi lóðarréttindum samkvæmt samningi bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar, dags. 6. nóvember 1931, svo og síðari framlengingum, síðast skv. samþykkt hafnarnefndar Vestmannaeyjakaupstaðar, dags. 24. september 1957. Innifalið í sölu þessari eru tvö geymsluhús á uppfyllingunni ásamt girðingum um lóðina". Með dómi Hæstaréttar 20. marz 1961

var afsal þetta metið gilt. Hins vegar var dæmt, að lóðarleigusamningurinn hefði fallið úr gildi 6. nóvember 1959, þá er síðari framlenging hans var út runnin, en hann var í fyrstu gerður til 20 ára, síðan til 5 ára og síðast til 3ja ára. Samkvæmt samningi þessum, sem aðaláfrýjandi var bundinn við, var leigutaka, að leigutíma loknum, skylt að afhenda gagnáfrýjanda uppfyllinguna gegn endurgjaldi, sem fari eftir mati tveggja dómkvaddra manna. Mat þetta skyldi fara eftir því „hversu mikið kosta mundi þá að gera slíka uppfyllingu, en andvirði uppfyllingarinnar má ekki fara fram úr hinu upphaflega kostnaðarverði við byggingu mannvirkisins". Þetta samningsákvæði verður eigi skilið öðruvísi en svo, að andvirði uppfyllingarinnar skuli eigi fara fram úr þeirri fjárhæð, sem hún kostaði, þá er hún var byggð. Tveir dómkvaddir menn hafa hinn 4. febrúar 1960 metið, að upphaflegt kostnaðarverð uppfyllingarinnar hafi verið kr. 45.000.00. Við þessa niðurstöðu matsmanna er aðaláfrýjandi bundinn, enda getur verðfall peninga eigi leyst hann undan því að hlíta greindu ákvæði leigusamningsins frá 6. og 12. nóvember 1931. Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn, sem sýna, að hinn 22. marz 1961 hafa verið greiddar úr hafnarsjóði Vestmannaeyja í greiðslugeymslu í Landsbankanum á nafn aðaláfrýjanda kr. 45.000.00. Var fjárhæð þessi geymslugreidd með þeim formála, að um væri að tefla „Fullnaðargreiðslu fyrir olíuportsuppfyllingu og mannvirki þar skv. mati dómkvaddra manna frá 4. febrúar 1960, byggðu á samningi frá 12. nóv. 1931 og með tilvísun til dóms Hæstaréttar 20. marz 1961". Hefur gagnáfrýjandi þannig staðið aðaláfrýjanda skil á andvirði uppfyllingarinnar ásamt mannvirkjum.

Svo sem áður sagði, voru í sölu Olíuverzlunar Íslands h/f til áfrýjanda innifalin tvö geymsluhús á leigulóðinni. Eigi er í ljós leitt, að geymsluhús þessi hafi verið reist með samþykki gagnáfrýjanda. Í vottorði bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, dags. 25. febrúar 1964, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, segir um geymsluhús þessi: „Þarna standa tveir steinkofar, annar til hægri við portinnganginn, en hinn

beint á móti honum. Þök þeirra beggja eru hriplek og í mjög slæmu ásigkomulagi, og eru þeir að mestu hurða- og gluggalausir, en þó er annar notaður í dag fyrir kolageymslu, en í hinum voru glerkistur og vikurplötur". Eigi er sannað, að gagnáfrýjanda sé fjárhagslegur ávinningur að þessum geymsluhúsum þarna á lóðinni. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til ummæla héraðsdóms, eru eigi efni til að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda endurgjald fyrir geymsluhús þessi.

Samkvæmt því, sem rakið var, ber að dæma gagnáfrýjanda sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Helga Benediktssonar, í máli þessu.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 28. desember 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 5. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 24. júní 1962, birtri 2. júlí s. á., á hendur Guðlaugi Gíslasyni bæjarstjóra f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja til greiðslu á andvirði uppfyllingar og tveggja húsa eða skúra á lóð vestan við Básaskersbryggju, að fjárhæð samkvæmt mati kr. 790.000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1960 til 22. s. m., 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Undir rekstri málsins breytti stefnandi kröfum sínum á þá leið, að vextir frá 1. febrúar 1960 til 22. s. m. yrðu ákveðnir 6% p.a. í stað 7%.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann

yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi.

Með lóðarleigusamningi, dagsettum 6. og 12. nóvember 1931, milli bæjarstjórans í Vestmannaeyjum annars vegar og Héðins Valdimarssonar f. h. Olíuverzlunar Íslands h/f hins vegar, leigði bæjarstjórn Vestmannaeyja Olíuverzlun Íslands h/f 1.213.5 fermetra lóð í Skildingafjöru. Í samningnum var Olíuverzluninni heimilað að byggja uppfyllingu undir olíugeyma eða olíugeymslu á lóðinni, en frá verkinu skyldi þannig gengið, að um hættu á íkveikju eða sprengingu gæti ekki verið að ræða. Í kringum uppfyllinguna skyldi gera varnarvegg úr steinsteypu að minnsta kosti einn metra upp fyrir gólfflöt uppfyllingarinnar, eins og nánar er rakið í samningnum.

Leigutímabilið var ákveðið 20 ár og leigugjaldið kr. 50.00 á ári. Segir í samningnum, að þegar leigutímabilinu ljúki, verði leigutaki að sækja að nýju um leyfi bæjarstjórnar til þess að hafa olíugeymslu á uppfyllingunni, ef bæjarstjórn kysi þá ekki að yfirtaka uppfyllinguna, sem leigjanda væri skylt að láta af hendi gegn endurgjaldi, sem færi eftir mati tveggja dómkvaddra manna. Síðan segir orðrétt:

„Mat þetta skal fara eftir því, hversu mikið kosta mundi þá að gera slíka uppfyllingu, en andvirði uppfyllingarinnar má ekki fara fram úr hinu upphaflega kostnaðarverði við byggingu mannvirkisins."

Hinn 3. maí 1933 framseldi Olíuverzlunin rétt sinn samkvæmt samningnum til B.P. á Íslandi h/f og afsalaði jafnframt olíugeymslustöð sinni á lóðinni ásamt byggingum, girðingum og öllu tilheyrandi. Söluverðið var kr. 49.053.76, og innifalið í sölunni var benzínstöð á lóð, tilheyrandi Gunnari Ólafssyni & Co. í Vestmannaeyjum.

Leigutíminn rann út 6. nóvember 1951, og var þá framlengdur í 5 ár. Gaf bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum út skriflega yfirlýsingu 23. júní 1952 og framlengdi lóðarleigusamninginn um 5 ár frá 6. nóvember 1951 að telja. Tók hann jafnframt fram, að ákvæði lóðarleigusamningsins héldust óbreytt, nema afgjaldið skyldi nema kr. 2.00 fyrir hvern fermetra. Samkvæmt því hækkaði leigan upp í kr. 2.627.00 á ári. Á skjal þetta ritaði Hreinn Pálsson f. h. Olíuverzlunar Íslands h/f hinn 30. júlí 1952 svohljóðandi yfirlýsingu:

„Vér undirritaðir viðurkennum að hafa tekið við framlengingu á framangreindum lóðarleigusamningi, þessu samhljóða, og

skuldbindum oss að halda í öllu skilmála samningsins með ofanritaðri breytingu."

Enn var samningurinn framlengdur um 3 ár eða til 6. nóvember 1959. Ekkert skriflegt samkomulag var þá gert milli aðilja, en fyrir liggur, að á fundi, sem haldinn var í hafnarnefnd Vestmannaeyja 24. september 1957, mælti nefndin með framlengingu í 3 ár, en bætti við: „enda flytji félagið innan þess tíma benzínafgreiðslu sína inn undir Eiði á þann stað, sem hafnarnefnd hefur gert ráð fyrir, að olíustöð félagsins yrði."

Samkvæmt vottorði bæjarstjórans í Vestmannaeyjum greiddi leigutaki aldrei neina leigu fyrir lóðarréttindi þrátt fyrir ákvæði samninga.

Á fundi hafnarnefndar Vestmannaeyja, sem haldinn var 9. janúar 1959, var samþykkt að fela bæjarstjóra að tilkynna leigutaka, að lóðarleigusamningurinn yrði ekki framlengdur, er hann rynni út þann 6. nóvember 1959, og jafnframt, að hafnarnefnd myndi nota sér heimild samningsins til yfirtöku mannvirkja á lóðinni. Bæjarstjóri tilkynnti leigutaka þessa ákvörðun með símskeyti, dags. 14. apríl 1959.

Með afsali, útgefnu 27. maí 1959, seldi Olíuverzlun Íslands h/f stefnanda þessa máls öll mannvirki á lóðinni, uppfyllingu ásamt girðingum og tvö geymsluhús ásamt tilheyrandi lóðarleiguréttindum. Söluverðið var kr. 150.000.00. Stefnanda var sent afsalið með bréfi, dags. sama dag, og er fram tekið í bréfinu meðal annars, að hafnarnefnd hafi sagt upp afnotum af lóðinni og tilkynnt, að samningurinn yrði ekki framlengdur. Með bréfinu fylgdi endurrit af símskeyti bæjarstjóra frá 14. apríl, sem áður getur. Einnig er tekið fram, að stefnanda væru aðeins seld þau réttindi, sem félaginu bæri.

Með yfirlýsingu, dags. 25. júní 1959, staðfesti B.P. á Íslandi h/f, að afsalið væri gefið í sínu umboði og með fullu samþykki sínu.

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum mótmælti þegar sölunni sem heimildarlausri, en með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 20. marz 1961, var salan metin gild og viðurkennt, að stefnandi hefði við söluna orðið löglegur eigandi lóðarleiguréttindanna og tilheyrandi mannvirkja. Hins vegar var viðurkennt, að lóðarleigusamningurinn hefði fallið úr gildi 6. nóvember 1959.

Að tilhlutan bæjarstjórans í Vestmannaeyjum voru hinn 23. nóvember 1959 dómkvaddir tveir menn til þess að meta mann-

virki á lóðinni. Skiluðu þeir matsgerð þann 9. desember 1959, og var niðurstaðan á þessa leið:

A. Upphaflegt kostnaðarverð, miðað við verðlag 1931—1933:
Uppfyllingin ..... kr. 45.000.00
Húsin eða skúrarnir á lóðinni ..... — 4.260.00

Alls kr. 49.260.00

B. Kostnaðarverð mannvirkjanna, miðað við verðlag haustið 1959, eða þegar matið fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu:
Uppfyllingin ..... kr. 747.000.00
Húsin eða skúrarnir ..... — 43.000.00

Kr. 790.000.00

Við nánari athugun taldi matsbeiðandi galla á matsbeiðni og dómkvaðningu og lagði því inn nýja matsbeiðni, dags. 28. janúar 1960. Óskaði hann þar eftir, að dómkvaddir yrðu tveir óvilhallir og sérfróðir menn til þess að framkvæma mat þeirra mannvirkja á lóðinni, sem leyfð voru í lóðarleigusamningi, og yrði matið framkvæmt í samræmi við tilætlun samningsins og vísaði til þeirra ákvæða, sem tilgreind eru hér að framan. Dómkvaðning fór fram 1. febrúar 1960, og voru sömu menn dómkvaddir og áður. Skiluðu þeir matsgerð hinn 4. febrúar 1960 og mátu nú einungis uppfyllinguna með tilheyrandi girðingum. Niðurstaðan var hin sama og áður. Kostnaðarverð uppfyllingarinnar, miðað við verðlag þann dag og að frádreginni fyrningu, næmi kr. 747.000.00, en upphaflegt kostnaðarverð næmi kr. 45.000.00.

Nokkru eftir að mat þetta lá fyrir, höfðaði stefndi mál gegn Olíuverzlun Íslands h/f svo og stefnanda og fleirum og gerði meðal annars þær réttarkröfur, að afsalinu til stefnanda fyrir uppfyllingunni og lóðarleiguréttindum yrði riftað með dóminum og stefndi viðurkenndur eigandi uppfyllingarinnar. Áður en dómur gekk í héraði, deponeraði stefndi í Landsbanka Íslands kr. 45.000.00 á nafn Olíuverzlunar Íslands h/f, og átti það að vera fullnaðargreiðsla fyrir uppfyllinguna og mannvirki þar samkvæmt matsgerðinni frá 4. febrúar 1960. Dómur gekk í Hæstarétti í málinu hinn 20. marz 1961, eins og áður er að vikið, og voru þessar kröfur stefnda ekki teknar til greina. Tveimur dögum síðar eða þann 22. marz 1961 deponeraði svo stefndi nefndri fjárhæð á nafn stefnanda sem greiðslu fyrir uppfyllinguna.

Með beiðni, dags. 1. febrúar 1960, fór bæjarstjórn Vestmannaeyja fram á, að lögbann yrði lagt við framkvæmdum stefnanda á lóðinni og við allri starfsemi hans þar, nema að fengnu samþykki bæjarstjórnar eða hafnarnefndar Vestmannaeyja. Beiðnin var tekin fyrir í fógetarétti Vestmannaeyja, og að undangengnum úrskurði 17. febrúar 1960 náði lögbannið fram að ganga. Lögbannsgerðin var síðan staðfest í Hæstarétti. Stefnanda voru þó um skeið leyfð afnot eignarinnar til fiskverkunar, og hélt hann þeim afnotum til 1. ágúst 1960. Eftir það virðist stefndi hafa tekið við vörzlum og umráðum eignarinnar, og eftir að hæstaréttardómur féll, hefur stefndi notað eigurnar í sína þágu.

Í máli þessu gerir stefnandi kröfu til, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum andvirði eigna sinna á lóðinni, uppfyllingarinnar og tveggja húsa, með kr. 790.000.00. Fjárhæðin er byggð á matsgerðinni frá 9. desember 1959, og vaxtakröfu sína miðar stefnandi við þann dag, er beiðni um lögbann kom fram. Kveðst stefnandi ekki þurfa að hlíta því að fá aðeins greitt upphaflegt kostnaðarverð þrátt fyrir áður tilvitnuð ákvæði samningsins, þar eð því verði ekki lengur beitt vegna brostinna forsendna. Á þeim tíma, sem liðinn er frá því samningurinn var gerður, hafi verðgildi peninga fallið gífurlega, og komi ekki til, að það hafi verið haft í huga, er ákvæðið var sett. Heldur muni tilætlunin einungis hafa verið að tryggja, að leigusali þyrfti ekki að sæta því að kaupa mannvirkin hærra verði en kostnaðarverði þeirra nam, þótt lóð og verðmæti á henni hefðu hækkað vegna skipulagsbreytinga og aukinnar eftirspurnar eftir lóðum. Svo bendir hann á, að umrætt ákvæði eigi ekki við um húsin á uppfyllingunni, og ætti því ekki að orka tvímælis, að hann ætti heimtingu á að fá endurgjald fyrir bau, eins og matið segir til, enda hafi þau verið byggð með vitund og samþykkt bæjaryfirvalda.

Stefndi telur hins vegar, að ákvæði samningsins beri að skýra, eins og orðin segi til um. Samningurinn taki fram berum orðum, að endurgjald fyrir uppfyllinguna megi ekki fara fram úr upphaflegu kostnaðarverði. Ákvæðið sé eðlilegt, þegar þess er gætt, að samningurinn átti að gilda um langan tíma — 20 ár — og ársleigan lág og óbreytanleg allan leigutímann. Sú upphæð, er svari til upphaflegs kostnaðarverðs, hafi stefnanda staðið til boða og henni verið deponerað á hans nafn í Landsbanka Íslands. Frekari greiðslu fyrir uppfyllinguna eigi hann engan rétt til. Þá heldur stefndi því fram, að stefnandi geti ekki krafizt endur-

gjalds fyrir húsin eða skúrana á lóðinni. Í samningnum sé hvergi minnzt á hús þessi, og aldrei hafi verið gengizt inn á að greiða endurgjald fyrir þau, er leigutímanum lyki, og ekki sé vitað til, að leitað hafi verið samþykkis bæjaryfirvalda til byggingar þeirra. Húsin hafi verið með öllu verðlaus fyrir hafnarsjóð, enda hafi hann látið brjóta þau niður, er hann tók við uppfyllingunni til eigin nota. Stefnanda hafi borið að flytja húsin burtu, stefnda að kostnaðarlausu, og þar eð hann lét það undir höfuð leggjast, beri honum að greiða stefnda kostnaðinn við að brjóta þau niður. Stefndi hefur þó ekki sett fram ákveðnar kröfur í þá átt í máli þessu.

Eins og framanritað ber með sér, greinast kröfur stefnanda í tvo liði, annars vegar andvirði uppfyllingarinnar, kr. 747.000.00, hins vegar andvirði húsa eða skúra á uppfyllingunni, kr. 43.000.00. Verður rætt um báða þessa liði hér á eftir.

Andvirði húsanna, kr. 43.000.00.

Að tilhlutan réttarins var leitazt við að komast fyrir um, hvort húsin eða skúrarnir hefðu verið reistir með samþykki bæjaryfirvalda. Lagt var fram vottorð frá skrifstofu bæjarstjóra, og er þar fram tekið, að í fundargerðarbókum hafnarnefndar Vestmannaeyja og byggingarnefndar Vestmannaeyja verði ekki fundin neins konar heimild til handa Olíuverzlun Íslands h/f til þess að reisa byggingar á olíuuppfyllingunni. Jafnframt var þess getið, að fundargerðarbækur hafnarsjóðs væru fyrir hendi frá 1930 og eftir þann tíma, en elztu fundargerðarbækur byggingarnefndar, sem til væru, séu frá árinu 1937. Síðar voru lögð fram endurrit af fundargerðum þeirra funda hafnarnefndar á árunum 1930 og 1931, sem tóku til meðferðar samninga við Olíuverzlunina um olíuportið. Fundargerðirnar sýna, að á þeim tíma er hvergi minnzt á byggingu skúra eða húsa á lóðinni. Teikning hefur verið lögð fram af húsum þessum, annað er lítil skrifstofa við inngangin, en hitt er bílskúr móti inngangi. Teikningin er dagsett 7. október 1931 og er ekki árituð af hafnar- eða byggingarnefnd. Fundargerðirnar bera með sér, að alllöngu áður eða þann 11. júlí 1931 lá fyrir uppdráttur af uppfyllingunni, sem hlaut samþykki hafnarnefndar. Ganga virðist mega út frá, að sá uppdráttur hafi ekki sýnt hús þessi. Í samningnum um leiguréttindin og uppfyllinguna er húsanna ekki getið, og með því að fyrirliggjandi gögn eru á þann veg, sem nú hefur verið lýst, og báðir aðiljar sammála um, að ekki megi fara með húsin sem hluta af uppfyllingunni, þá þykir ekki heimilt að líta svo á, að

stefndi hafi tekið á sig skyldu til að greiða endurgjald fyrir þau. Verður stefndi því sýknaður af þessum kröfulið.

Andvirði uppfyllingarinnar, kr. 747.000.00.

Hér að framan er þess getið, að við yfirtöku uppfyllingarinnar átti stefndi samkvæmt samningum að greiða endurgjald eftir mati, „en andvirði uppfyllingarinnar má ekki fara fram úr hinu upphaflega kostnaðarverði .....", eins og fram er tekið í samningnum. Aðilja greinir mjög á um skýringu þessa ákvæðis. Að sögn umboðsmanna þeirra, er þess ekki lengur kostur að fá upplýsingar frá þeim, sem að samningsgerðinni stóðu, er veiti vitneskju um það, hvað fyrir þeim hafi vakað, er ákvæðið var sett. Leigutaki seldi stefnanda leiguréttindi sín ásamt öllum eignum sínum á lóðinni fyrir kr. 150.000.00, eins og áður segir, og gefur það bendingu um, að hann hafi álitið réttindi sín minna virði en stefnandi telur. Í fundargerðabókum hafnarnefndar kemur fram, að 9. febrúar 1931 setti hafnarnefnd Vestmannaeyja fram þá tillögu, að lóðin yrði leigð til 40 ára, en að þeim tíma liðnum félli uppfyllingin endurgjaldslaust til hafnarsjóðs. Jafnframt skyldi ársleigan vera lág, en þó ekki minni en sú leiga, er bærinn þurfti að greiða ríkinu fyrir lóðir við höfnina. Á fundi, sem haldinn var 5. maí s. á., kemur í ljós, að Olíuverzlunin vildi ekki ganga að því skilyrði, að uppfyllingin félli endurgjaldslaust til bæjarfélagsins, að 40 árum liðnum, og á fundi, sem haldinn er 15. júní, virðist gengið út frá, að aðiljar séu orðnir sammála um, að lóðin skuli leigð í 20 ár, en að þeim tíma liðnum, geti hafnarsjóður keypt uppfyllinguna. Ekki er þar minnzt á, hvernig endurgjaldið skuli ákveðið. Af fundargerðum er ljóst, að hafnarnefnd hafði íhlutun um, hvernig frá uppfyllingunni var gengið, auk þess sem hún að sjálfsögðu ákvað, hvar hún yrði staðsett. Virðist mega ganga út frá, að gert var ráð fyrir, að uppfyllingin gæti komið hafnarsjóði að notum, er leigutíma lyki, og tilætlun aðilja hafi verið, að raunverulegt endurgjald komi fyrir hana. Verður því að fallast á, að verðfall á peningum geti skipt máli, þegar ákveða skal endurgjaldið, sem stefnda ber að greiða. En eins og áður segir, var samningurinn framlengdur á árinu 1952 með þeirri einni breytingu, að ársleigan hækkaði frá því, sem áður var, og leigutaki lýsti yfir skriflega, að hann skuldbindi sig til að halda í öllu skilmála samningsins. Yfirlýsing þessi virðist einnig ná til ákvæða samningsins um endurgjald fyrir uppfyllinguna, enda er fram tekið berum orðum í yfirlýsingu bæjarstjóra, samþykktri af leigutaka, að ákvæði

samningsins haldist óbreytt. Líta verður því svo á, að samningurinn hafi verið endurnýjaður í umrætt sinn, og hafi því meðal annars verið enn samið um, að endurgjald fyrir uppfyllinguna færi ekki fram úr upphaflegu kostnaðarverði. Mismunur á upphaflegu kostnaðarverði og kostnaðarverði 1952 kemur því ekki til álita, er ákveða skal endurgjald fyrir uppfyllinguna. Hins vegar virðist ekki heimilt að líta svo á, að með endurnýjun samningsins hafi leigutaki firrt sig endanlega rétti til að krefjast frekara endurgjalds en upphaflegs kostnaðarverðs, hvernig svo sem verðlag breyttist. Mat liggur fyrir um kostnaðarverð uppfyllingarinnar, miðað við verðlag á efni og vinnu á tímabilinu 1. nóvember 1951 til 30. júlí 1952 og miðað við þær aðstæður, sem þá voru fyrir hendi, og síðan gerður hæfilegur frádráttur vegna fyrningar. Samkvæmt matinu nam kostnaðarverð uppfyllingarinnar á þeim tíma kr. 545.000.00. Hafði kostnaðarverðið því rúmlega tólffaldazt frá því, sem það upphaflega var. Þessarar verðhækkunar, er leiðir af verðlækkun peninga, getur stefnandi ekki krafizt úr hendi stefnda vegna endurnýjunar leigusamningsins, eins og áður getur. En frá þessum tíma og til loka leigutímans hækkar kostnaðarverðið enn, eða úr kr. 545.000.00 upp í kr. 747.000.00. Nemur hækkunin rúmlega 37% eða sem næst 37.06422%. Hækkun þessi verður að teljast veruleg, og með tilvísun til þess, er þegar hefur verið tekið fram, þykir stefnandi eiga heimtingu á að fá upphaflegt kostnaðarverð, kr. 45.000.00, að viðbættri umræddri hækkun fyrir uppfyllinguna, eða alls kr. 61.678.89. Verður stefndi dæmdur til að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum frá 1. febrúar 1960. Með því að fjárhæðin, sem stefndi deponeraði, var ekki nægileg samkvæmt því, sem nú hefur verið tekið fram, verða vextir tildæmdir frá þessum degi af allri fjárhæðinni til greiðsludags. Þykja vextir hæfilega ákveðnir 6% p.a. frá 1. febrúar 1960 til 22. febrúar s. á., 10% ársvextir frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 10.000.00 í málskostnað.

Uppsaga dóms hefur dregizt vegna lasleika dómarans.

Dómsorð:

Guðlaugur Gíslason f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja greiði stefnanda, Helga Benediktssyni, kr. 61.678.89 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1960 til 22. s. m. og 10% ársvöxtum

frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. janúar 1965.

Nr. 212/1964. **Húsbúnaður h/f**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Þrotabúi Kristjáns B. Sigurðssonar
(Agnar Gústafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Eignarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1964 og krafizt þess, að honum verði afhentir úr hinu stefnda þrotabúi allir munir þeir, sem taldir eru upp í matsgerð á undirréttarskjali nr. 11, sem er að finna á bls. 16—19 í hæstaréttarágripi máls þessa, að undanteknum 1 magnara og 2 hátölurum, er getur á bls. 16 í ágripinu, og 1 rafmagnseldavél, sem talin er á bls. 18 í ágripinu. Þá krefst áfrýjandi, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sönnur eru eigi að því leiddar, að áfrýjandi og Kristján B. Sigurðsson hafi, áður en áfrýjandi afhenti Kristjáni muni þá, sem um er að tefla, samið um það með tilgreiningu

hvers munar, að munirnir skyldu vera eign áfrýjanda, unz þeir væru að fullu greiddir. Að svo vöxnu máli er áfrýjanda eigi rétt að heimta munina úr þrotabúi Kristjáns B. Sigurðssonar. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða dómi skal vera óraskað.

Áfrýjandi, Húsbúnaður h/f, greiði stefnda, þrotabúi Kristjáns B. Sigurðssonar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 25. nóvember 1964.

Réttarkröfur sækjanda máls þessa, Húsbúnaðar h/f, hér í borg, eru á þá leið, að ýmsir nánar tilteknir munir, sem komið hafa fram við uppskrift á þrotabúi Kristjáns B. Sigurðssonar, Engihlíð 8, en eru í húsinu Skólavörðustíg 45, verði afhentir sækjanda og að sækjanda verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi verjanda.

Af hálfu verjanda er þess krafizt, að kröfum sækjanda verði hrundið í hverri grein og að sækjanda verði úrskurðað að greiða málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór hinn 18. þ. mán.

Hinn 16. september s.l. gekk sá úrskurður í skiptarétti Reykjavíkur, að bú Kristjáns B. Sigurðssonar, Engihlíð 8, hér í borg, væri tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota. Uppskrift í þrotabúi þessu fór fram dagana 16., 17., 28. og 30. september.

Við uppskrift komu fram innanstokksmunir ýmiss konar og tæki til veitingareksturs, sem voru til staðar í húsinu Skólavörðustíg 45, þar sem gjaldþroti hafði rekið veitingastarfsemi undir nafninu „Hábær". Voru allir munir þar skrifaðir upp og virtir, og vísast til rskj. 11 þar að lútandi.

Á fyrsta skiptafundi í þrotabúinu hinn 21. október s.l. var mætt af hálfu Húsbúnaðar h/f, sem er samband húsgagnaframleiðenda um smásölu og innflutning, og því haldið fram, að hluta-

félag þetta ætti flesta þá muni, sem upp höfðu verið skrifaðir í „Hábæ". Þessari staðhæfingu var mótmælt, og var ákveðið, að sérstakt skiptaréttarmál yrði rekið um ágreininginn, og er það mál hér til úrskurðar.

Sækjandi heldur því fram, að þá er Kristján B. Sigurðsson réðst í það að stofna til veitingareksturs veturinn 1961—62, hafi hann talað svo um við þáverandi framkvæmdastjóra Húsbúnaðar h/f, Helga Bergsson, að hann skuldbindi sig til að kaupa alla innanstokksmuni og tæki til veitingarekstrar þessa hjá Húsbúnaði h/f gegn því að Húsbúnaður h/f lánaði honum allt söluverðið, og skyldi Húsbúnaður h/f útvega þá muni, sem félagið hefði ekki sjálft á boðstólum. Einn liðurinn í þessu munnlega samkomulagi hafi verið sá, að allir þessir munir skyldu teljast eign Húsbúnaðar h/f, unz Kristján hefði borgað þá að fullu. Er hér vísað til vottorðs Helga Bergssonar á rskj. nr. 10. Nú hafi það tekið nokkra mánuði að koma veitingahúsinu á laggirnar og ekki fyrirfram vitað, hversu mikils þyrfti með af munum og tækjum til rekstrarins, og hafi Kristján smám saman tekið út þessa muni, og dregizt hafi að um kaupin yrði gerður samningur sá með eignarréttarfyrirvara, er til stóð. Aldrei hafi eyrisvirði verið borgað af kaupverðinu, sem nemi kr. 661.-753.49 án vaxta. Vísast hér til rskj. nr. 7, 8 og 9 um muni þessa og söluverð. Þess ber að geta, að sækjandi hefur ekki byggt kröfugerð sína alfarið á þessum plöggum, þar sem taldir eru ýmsir munir og efni, sem eyðast og þess háttar, en hann leggur til grundvallar upptalningu þá, er skiptarétturinn lét fram fara við uppskrift á þrotabúinu.

Þá er svo frá skýrt af hálfu sækjanda, að reksturinn í „Hábæ" hafi gengið illa, og hafi Kristján orðið að hætta honum snemma á árinu 1963. Óráðlegt hafi þótt að hirða munina þá þegar af ýmsum ástæðum. Hafi Kristján farið þess á leit, að svo yrði ekki gert, svo reyna mætti til þrautar, hvort reksturinn mætti hefja að nýju eða þá að hann gæti selt veitingastaðinn með öllu, sem honum fylgdi. Hafi af því tilefni verið samþykkt að leyfa Kristjáni að reyna sölu þessara innanstokksmuna, að sjálfsögðu þá með því skilyrði, að Húsbúnaður h/f samþykkti kaupanda og söluverð og greiðsluskilmála. Sjá hér yfirlýsingu Húsbúnaðar h/f á rskj. nr. 4, dags. 9. apríl 1963.

Því er haldið fram af hálfu sækjanda, að hafið sé yfir allan efa, að þótt skriflegir samningar hafi ekki verið gerðir, sé sækjandi réttur eigandi þessara muna allra, sem hann krefur sér

til handa. Samkomulag þeirra Helga Begssonar og Kristjáns B. Sigurðssonar sé ótvírætt um það efni, og hafi Kristján alltaf og staðfastlega viðurkennt þetta í orði og verki. Megi nefna, að hann hafi aldrei vísað skuldheimtumönnum sínum mörgum á muni þessa til aðfarar. Þá sé einnig alger verzlunartízka hér í borg, að ef húsgögn séu ekki staðgreidd, þá sé seljanda áskilinn eignarréttur, unz kaupverð sé greitt að fullu. Bendir sækjandi hér á vottorð Ásgríms P. Lúðvíkssonar, formanns Félags húsgagnaverzlana, sem gengur í þessa átt, sjá rskj. nr. 5. Með tilliti til þessarar verzlunartízku beri að leggja sönnunarbyrði á þann, sem vefengi, að hér hafi verið þannig samið, enda þótt skriflegur gerningur liggi ekki fyrir.

Verjandi málsins bendir á, að skriflegur kaupsamningur með eignarréttarfyrirvara hafi ekki stofnazt með aðiljum. Því er mótmælt, að verzlunartízka sé til um þessi kaup almennt. Hér liggi ekkert til grundvallar kröfugerð sækjanda, nema staðhæfing hans, en viðurkenning Kristjáns B. Sigurðssonar sé mjög hæpið sönnunargagn. Öryggi viðskiptalífsins krefjist þess hins vegar eindregið, að frá samningum með eignarréttarfyrirvara sé gengið á ótvíræðan hátt, og ráðagerðir aðilja í því efni eigi ekki að skipta neinu máli. Svo sé í þessu máli, að fjöldi þeirra muna, sem Húsbúnaður h/f hafi fengið þrotamanni, geti ekki verið undirorpinn eignarréttarfyrirvara, t. d. borðbúnaður, gólfteppi, gluggatjöld o. fl., svo og ýmsir aðrir eyðanlegir munir, og geri þetta staðhæfingar sækjanda mjög tortryggilegar, að því er varði upphaflegar fyrirætlanir um eignarréttarfyrirvara. Það, sem hér hafi gerzt, sé ekkert annað en venjuleg kaup með gjaldfresti, og verði sækjandi að sæta sömu kjörum og aðrir almennir kröfuhafar í þrotabúinu.

Þrotamaður, Kristján Björn Sigurðsson, hefur mætt sem vitni í málinu. Hann segist hafa opnað veitingastaðinn „Hábæ“ 11. apríl 1962, en í desember 1961, að hann minnir, kveðst hann hafa samið svo um við áðurnefndan Helga Bergsson, að Húsbúnaður h/f útvegaði sér tæki og búnað til veitingarekstrarins. Þeim hafi talazt svo til, að Húsbúnaður h/f skyldi hafa eignarrétt á öllu þessu, þar til greitt væri fyrir það að fullu, og þegar í ljós væri komið, hversu mikils þyrfti, skyldi gerður samningur með eignarréttarfyrirvara á venjulegan hátt. Nú hafi Húsbúnaður h/f verið búinn að afhenda alla þessa muni, er rekstur hófst, og hafi því vel mátt gera hina fyrirhuguðu samninga, en áður en til þess kæmi, hafi tengdafaðir sinn, Sigurður Bernd-

sen, boðizt til að athuga um kaup á þessum munum öllum, og þeir Helgi Bergsson og Sigurður hafi farið að bollaleggja um þau kaup þegar í maí 1962 og oft síðan, en Kristján segist ekki hafa haft minnstu hugmynd um, hvað þeim fór á milli. Hann segist hafa hætt rekstri „Hábæjar" snemma í febrúar 1963.

Þannig kveðst Kristján B. Sigurðsson aldrei hafa talið sig hafa öðlazt eignarrétt á munum þessum og þannig aldrei að gefnum tilefnum vísað á eignir þessar til fullnustu aðfararkrafna á hendur sér.

Ingvar Þorsteinsson, Langholtsvegi 152, formaður félagsstjórnar Húsbúnaðar h/f árin 1962 og 1963, hefur gefið skýrslu í máli þessu. Hann segir, að félagsstjórnin hafi samþykkt að selja húsgögn og tæki til veitingarekstrar í „Hábæ" gegn venjulegum samningi með eignarréttarfyrirvara og helzt þó gegn enn betri tryggingu en slíkir samningar veiti, t. d. fasteignaveðtryggingu. Aðiljar hafi eitt sinn verið mættir til þess að ganga frá samningum, en ekki hafi orðið af framkvæmdum, þegar til kom, vegna orðróms um, að Sigurður Berndsen myndi tilleiðanlegur til að ábyrgjast víxla þá, sem út skyldu gefnir fyrir skuld Kristjáns. Hafi síðan ekkert verið í þessu gert.

Það er fram komið, að sækjandi hefur afhent Kristjáni B. Sigurðssyni þá muni, sem hann fékk til afnota til veitingarekstrar í „Hábæ" að Skólavörðustíg 45, og að um hafi verið talað í upphafi, að munir þessir yrðu seldir Kristjáni með eignarréttarfyrirvara, en aldrei hafi verið gerður skriflegur samningur þar að lútandi. Afhendingu þessara muna var lokið í aprílbyrjun 1962, en þá hóf Kristján rekstur veitingahússins. Einnig er komið fram, að veitingarekstur þessi stöðvaðist í byrjun febrúar 1963 og að bú Kristjáns B. Sigurðssonar var tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota 16. september s.l.

Þótt fyrirhugað hafi verið, að umræddir munir skyldu seldir með áskildum eignarrétti, þá verður að telja bæði með tilliti til þess, hve langt er liðið, frá því afhending fór fram, án þess skriflegur samningur yrði gerður, og með tilliti til þess, að Kristján B. Sigurðsson hefur orðið gjaldþrota, að ekki sé fært að taka kröfur sækjanda til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Kristján Kristjánsson yfirborgarfógeti kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Kröfur sækjanda, Húsbúnaðar h/f, verða ekki teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 22. janúar 1965.

Nr. 14/1964. **Ingimar Guðjónsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Mjólkurfélagi Reykjavíkur
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1964 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 34.581.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. júní 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi skýrir svo frá, að þremur vikum fyrir slys það, er í málinu greinir, hafi hægri stýrisarmur bifreiðarinnar R 10139 brotnað í akstri og hafi nýr stýrisarmur verið smíðaður í hans stað. Kveðst áfrýjandi hafa farið þess á leit, „að nýr armur yrði einnig smíðaður vinstra megin í þeim tilgangi að fyrirbyggja, að slíkt kæmi fyrir þar einnig.

Sér hafi þó verið neitað um slíkt". Vitnið Valdimar Guðlaugsson, sem kveðst hafa unnið hjá stefnda á þeim tíma, er hér skiptir máli, ber það vætti, að hann hafi heyrt áfrýjanda fara þess á leit við verkstjóra stefnda, Karl Guðmundsson, eftir að hægri stýrisarmur bifreiðarinnar hafði brotnað, „að bezt væri að skipta um hinn arminn líka, þar sem komið hafi fyrir á bifreiðum þessum, að stýrisarmur vildi fara í sundur". Karl verkstjóri hafi hins vegar algerlega synjað þeirri málaleitun. Fyrir dómi tjáði Karl sig eigi muna, að áfrýjandi hafi beiðzt þess, að einnig yrði smíðaður nýr vinstri stýrisarmur í bifreiðina, en kvaðst „þó ekki fortaka, að svo kunni að hafa verið". Að svo vöxnu máli verður að leggja til grundvallar frásögn áfrýjanda um það, að hann hafi haft uppi nefnda málaleitun. Svo sem rakið er í héraðsdómi, brotnaði vinstri stýrisarmur í slysi því, sem mál þetta er af risið. Þar sem verkstjóri stefnda hafði eigi fyrir slysið látið verkfróða menn framkvæma athugun á nefndum stýrisarmi að beiðni áfrýjanda, þá verður að leggja til grundvallar, að bilun stýrisarmsins hafi valdið slysinu. Framangreind atvik og ástæður leiða til ábyrgðar á hendur stefnda. Áfrýjandi ók bifreiðinni umrætt skipti á varhugaverðum vegi, þrátt fyrir það, að hann taldi nefndan stýrisarm ótryggan og bifreiðaeftirlitsmaður hafði bannað notkun bifreiðarinnar. Ber hann því einnig ábyrgð á slysinu. Samkvæmt þessu þykir rétt að dæma stefnda til að bæta áfrýjanda tjón hans að hálfu.

Tjón áfrýjanda reiknast þannig:

1.	Atvinnutjón vegna tímabundinnar örorku samkv. mati tryggingafræðings	kr. 22.991.00
2.	Þjáningabætur	— 10.000.00
3.	Útlagður kostnaður	— 2.200.00
		Kr. 35.191.00
	Þar frá dregst greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins	— 2.610.00
		Kr. 32.581.00

Ber stefnda að greiða áfrýjanda helming þeirrar fjárhæðar, kr. 16.290.50, að frádregnum kr. 1.069.36, er stefndi hefur þegar greitt, þ. e. kr. 15.221.14, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 11.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Mjólkurfélag Reykjavíkur, greiði áfrýjanda, Ingimar Guðjónssyni, kr. 15.221.14 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. júní 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 11.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. október 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., hefur Ingimar Guðjónsson bifreiðarstjóri, Skeiðarvogi 157, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 15. maí 1961, gegn Mjólkurfélagi Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 63.431.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 22. júní 1959 til 23. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Í þinghaldi 16. þ. m. breytti stefnandi kröfum sínum á þann veg, að hann krafðist skaðabóta, að fjárhæð kr. 34.581.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 22. júní 1959 til 23. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til að gæta réttar síns í málinu. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Vorið 1959 starfaði stefndi sem bifreiðarstjóri hjá stefnda. Mánudaginn 22. júní 1959 ók stefnandi vöruflutningabifreiðinni R 10139, eign stefnda, vestur þjóðveginn norðan Hvalfjarðar. Er hann var kominn nálægt Þyrli, missti hann stjórn á bifreiðinni, og rann hún út af veginum og veltist allt niður í fjöru með þeim afleiðingum, að stefnandi slasaðist og bifreiðin skemmdist stórkostlega.

Þann 15. júní 1959 fór stefnandi með bifreiðina R 10139, sem er af IFA-Horsh-gerð, árgerð 1957, til skoðunar hjá bifreiðaeftirliti ríkisins. Bifreiðaeftirlitsmaðurinn, sem skoðaði bifreiðina, skráði skýrslu um skoðunina. Mun vera föst venja að skrá skoðunarskýrslur í tvíriti. Er frumritið síðan afhent viðkomandi bifreiðarstjóra, en bifreiðaeftirlitið heldur samritinu. Hvorki frumrit né samrit af skýrslu skoðunarmanns vegna framangreindrar skoðunar liggur fyrir í málinu. En með ódagsettri lögregluskýrslu, sem lögð hefur verið fram sem dómskjal nr. 3, er afrit af skýrslu skoðunarmannsins. Er það svohljóðandi:

„Bifreiðin R 10139. Bifreiðarstj. Ingimar Guðjónsson. Heimili Skeiðarvog 157. Við skoðun, sem fram fór í dag, komu eftirtaldir ágallar í ljós: Biðljós, hemlaljós og afturpera snýr öfugt. Stefnuljós, spindilboltar, glitauga hægra megin að aftan. Bifreiðina ber að færa til skoðunar í bifreiðaeftirlit ríkisins, að Borgartúni 7, í síðasta lagi 23.6. 1959. Notkun bifreiðarinnar er bönnuð fyrst um sinn. Reykjavík 15/6 1959. A. K. bifreiðaeftirlitsm."

Strax að skoðun lokinni kveðst stefnandi hafa ekið bifreiðinni að Mjólkurfélagshúsinu við Laugaveg. Þar hafi hann hitt Karl Guðmundsson, verkstjóra stefnda, og afhent honum skoðunarvottorðið með miðanum frá bifreiðaeftirlitinu. Heldur stefnandi því fram, að bifreiðaeftirlitsmaðurinn hafi þrátt fyrir athugasemdir sínar gefið leyfi til, að bifreiðin væri notuð. Mætti telur, að bifreiðinni hafi þó ekkert verið ekið eftir skoðunina, fyrr en hann fór í umrædda ferð í Hvalfjörð. Dagana 16.—21. júní kveðst stefnandi hafa ekið annarri bifreið stefnda.

Morguninn 22. júní kveður stefnandi þá Karl Guðmundsson verkstjóra og Odd Jónsson, forstjóra stefnda, hafa rætt um það við sig, hvort hann treysti sér til að fara á bifreiðinni R 10139 upp í Hvalfjörð og sækja þangað hvalmjöl í Hvalveiðistöðina. Hafi Karl sérstaklega spurt að þessu, af því að ekki hafi verið hægt að ræsa vél bifreiðarinnar með ræsi. Ekki var búið að gera þær lagfæringar á bifreiðinni, sem bifreiðaeftirlitið hafði

fyrirskipað. Ekki kvaðst stefnandi hafa neitað að fara ökuferð þessa, þar sem hann kveðst hafa talið heimilt að aka bifreiðinni til 23. júní. En stefnandi kveðst jafnframt hafa verið ákveðinn í því að neita að aka bifreiðinni eftir nefndan dag, nema viðgerð færi fram. Kveðst stefnandi hafa athugað lauslega spindilbolta, en ekki hafa fundið mikið slit í þeim. Hóf hann því næst ökuferðina um kl. 9.45 og ók sem leið lá upp í Hvalfjörð. Er hann átti skammt ófarið að bænum Þyrli í Hvalfirði, kveður hann stýrishjólið allt í einu hafa leitað mjög stíft út til vinstri, þ. e. rangsælis. Kveðst hann þá hafa reynt að snúa á hjólið til hægri, en það hafi ekki gagnað. Segir hann, að sig hafi þá strax grunað, að vinstri stýrisarmurinn hefði farið í sundur. Hafi hann ekki haft tíma til að hemla, þar sem bifreiðin var á um 50 km hraða, miðað við klukkustund. Hafi hann því kastað sér niður í sætið til hægri til þess að forðast meiðsli. Hafi það engum togum skipt, að bifreiðin rann út af veginum og um 20 metra niður hlíðina, en þar hafi hún oltið yfir sig á endann og síðan hálfa aðra eða tvær hliðarveltur, og ekki stanzað fyrr en í fjöruborðinu. Stefnandi kveðst hafa tekið sér far með bíl til Reykjavíkur. Er þangað kom, hafi hann tilkynnt um slysið á skrifstofu stefnda og farið síðan heim til sín. Þaðan fór hann á Landspítalann og dvaldi þar tvo daga. Vegna meiðsla, sem stefnandi kveðst hafa hlotið í baki við slysið, kveðst hann hafa verið frá vinnu frá slysdegi til loka ágústmánaðar 1959. Stefnandi skýrir svo frá, að um þremur vikum áður en nefnt slys hafi átt sér stað, hafi hægri stýrisarmur bifreiðarinnar brotnað í akstri, án þess þó að nokkurt slys hafi þá orðið. Hafi nýr stýrisarmur verið smíðaður. Kveðst mætti hafa óskað eftir því þá, að nýr armur yrði einnig smíðaður vinstra megin í þeim tilgangi að fyrirbyggja, að slíkt kæmi fyrir þar einnig. Sér hafi þó verið neitað um slíkt. Stefnandi kveðst vita til, að á bifreiðum sömu tegundar hafi einnig sams konar galli komið fram í stýrisarmi, og hafi menn kennt um verksmiðjugalla.

Stefnandi var einn í bifreiðinni, og ekki er vitað um sjónarvotta. Er hann því einn til frásagnar um atvik að slysinu.

Tveir löggæzlumenn frá Reykjavík fóru á vettvang slysdaginn. Tóku þeir ljósmyndir af vettvangi, og liggja þær frammi í málinu. Annar löggæzlumannanna hefur gefið skýrslu, dómskjal nr. 3. Þar er meðal annars frá því greint, að þeir hafi tekið eftir því, að stýrisarmur á milli framhjóla hafi verið í sundur brotinn, og hafi þeim virzt sem ca. 9/10 af því væri nýtt brot.

Vitnið Ágúst Geir Kornelíusson kveðst hafa unnið sem aðstoðarmaður við bifreiðaeftirlit sumarið 1959. Telur vitnið ekki ósennilegt, að það hafi skráð umrædda skoðunarskýrslu, þó það muni ekki til þess, enda kveðst vitnið ekki vita til þess, að um sé að ræða annan bifreiðaeftirlitsmann, sem hafi fangamarkið A.K. Vitnið telur ólíklegt, að það hafi gefið stefnanda munnlegt leyfi til að nota bifreiðina til 23. júní. Vitnið segir, að ef hemlaljós og stefnuljós séu ekki í lagi, þá sé það út af fyrir sig næg ástæða til að banna notkun bifreiðar. Ef spindilboltar eru mjög slitnir, þá sé slíkur ágalli einnig næg ástæða til þess að banna notkun bifreiðar. Telur vitnið, að mjög slitnir spindilboltar hafi áhrif á allan stýrisganginn. Vitnið kveðst lítið þekkja til umræddrar bifreiðategundar, en það kveðst hafa heyrt sögusagnir um, að stýrisarmur í bifreiðum þessum hafi brotnað meir en almennt gerist.

Vitnið Valdimar Guðlaugsson, sem kveðst hafa unnið hjá stefnda á sama tíma og stefnandi, kveðst minnast þess að hafa heyrt samtal stefnanda við Karl Guðmundsson, verkstjóra stefnda, eftir að stýrisarmur bifreiðarinnar fór í fyrra skiptið. Stefnandi hafi sagt við Karl, að bezt væri að skipta um hinn arminn líka, þar sem komið hafi fyrir á bifreiðum þessum, að stýrisarmur vildi fara í sundur. Segir vitnið, að Karl hafi svarað þessu með hálfgerðum ónotum og sagt, að armurinn væri þó ekki farinn ennþá. Vitnið kveðst sjálft hafa neitað að aka umræddri bifreið, þar sem sér hafi þótt bifreiðin erfið í akstri og öryggi hennar að sínu áliti ekki gott.

Vitnið Karl Guðmundsson, verkstjóri stefnda, hefur skýrt svo frá, að það minnist þess ekki, að stefnandi hafi óskað eftir því við sig, að smíðaður yrði einnig vinstri stýrisarmur, þá er hinn hægri fór. Kveðst vitnið þó ekki vilja synja fyrir, að svo kunni að hafa verið, þó að það muni ekki eftir því. Þá kveðst vitnið ekki minnast þess, að stefnandi hafi látið það hafa skoðunarvottorð bifreiðinnar, eftir að umrædd skoðun fór fram. Segir vitnið, að bifreiðastjórar stefnda hafi yfirleitt skýrt sér frá því, ef eitthvað var að bifreiðunum, og kveðst vitnið þá hafa haft forgöngu um að koma bifreiðunum í viðgerð. Kveðst vitnið yfirleitt ekki nota bifreiðarnar, ef eitthvað sé athugavert við þær. Hefði það sízt látið stefnanda aka fyrir Hvalfjörð, hefði vitnið vitað, að bifreiðinni hefði verið áfátt í einhverju, en vitnið kveðst ekki hafa vitað til, að vinstri stýrisarmi bifreiðarinnar hafi verið áfátt.

Kröfur sínar í málinu byggir stefnandi á því, að slysið verði á engan hátt rakið til ógætilegs aksturs hans, heldur einungis til galla í bifreiðinni sjálfri. Fyrirsvarsmenn stefnda hafi vitað um það, að stýrisöxlar bifreiðinnar voru lélegir, án þess að ráða bót á því. Stefnandi telur sannað með framburði hans, skýrslu lögreglumanna, sem komu á vettvang, ljósmyndum af vettvangi og öðrum gögnum málsins, að orsök þess, að bifreiðin fór út af veginum, hafi verið sú, að stýrisarmurinn fór í sundur. Beri stefndi sem eigandi bifreiðarinnar og atvinnurekandi stefnanda því alla ábyrgð á því tjóni, sem hann varð fyrir vegna slyssins.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Atvinnutjón vegna tímabundinnar örorku	22.991.00	
	Frá því dregst greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins ..	2.610.00	kr. 20.381.00
2.	Þjáningabætur		— 12.000.00
3.	Útlagður kostnaður		— 2.200.00
			Kr. 34.581.00

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að slysið hafi orðið vegna brots á stýrisarminum. Þótt svo hafi verið, þá sé stefndi ekki fébótaskyldur gagnvart stefnanda, þar sem fyrirsvarsmenn stefnda hafi hvorki vitað né mátt vita um galla á bifreiðinni, enda sé ósannað, að stefnandi hafi tilkynnt fyrirsvarsmönnum stefnda um skoðun bifreiðarinnar og bann bifreiðaeftirlitsins um notkun bifreiðarinnar vegna vanbúnaðar hennar. Verði því að líta svo á, að slysið verði eingöngu rakið til mistaka stefnanda, í fyrsta lagi með því að aka bifreiðinni þrátt fyrir bann bifreiðaeftirlitsins, m. a. vegna slitinna spindilbolta, og í öðru lagi með því að aka allt of hratt og gálauslega, miðað við aðstæður. Til vara er því haldið fram, að stefnandi eigi hér meginsök á, hvernig fór, og komi því aðeins til fébótaábyrgð stefnda að litlu leyti.

Dómendur hafa farið á slysstaðinn. Er það álit dómsins, að þrátt fyrir það að myndir lögreglumannsins af vettvangi séu skýrar, þá gefi þær ekki nægilega glögga mynd af aðstæðum.

Gegn andmælum stefnda þykir stefnandi ekki hafa fært sönnur á, að vinstri stýrisarmur bifreiðarinnar hafi brotnað, áður en hún fór út af veginum. Þegar á þetta er litið og svo það, að stefnandi ók allt of hratt, miðað við aðstæður, á bifreið, sem bif-

reiðaeftirlitið hafði bannað að nota, m. a. vegna þess að „spindil"-boltar hennar voru slitnir, þá ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendunum Sigurgesti Guðjónssyni og Sigurþóri Guðjónssyni bifvélavirkjameisturum.

Dómsorð:

Stefndi, Mjólkurfélag Reykjavíkur, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ingimars Guðjónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 22. janúar 1965.

Nr. 9/1965. **Sigurður Gústaf Kjartansson**
gegn
Guðmundi Guðjónssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kærumál. Sáttir.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. desember 1964 hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur 23. október 1964, þar sem málinu er vísað frá dómi ex officio.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hendi varnaraðilja hafa dóminum eigi borizt kröfur né greinargerð.

Skjöl málsins bárust Hæstarétti 13. janúar 1965.

Mál þetta var dómtekið í þinghaldi 1. október 1964, en þá var ekki sótt þing af hálfu stefnda, sem hafði ekki skilað greinargerð. Dómur var uppkveðinn 23. s. m. Sóknaraðili fékk ekki vitneskju um dóminn fyrr en eftir 9. desem- 1964. Er málið kært til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 57/1962.

Samkvæmt stefnu málsins á sóknaraðili lögheimili að Brimnesi, Árskógsströnd í Eyjafjarðarsýslu, en varnaraðili í Reykjavík. Er mál þetta því undanþegið sáttatilraun fyrir sáttamönnum samkvæmt lögum nr. 46/1950. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur. Er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms um kröfur sóknaraðilja, Sigurðar Gústafs Kjartanssonar, á hendur varnaraðilja, Guðmundi Guðjónssyni.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. október 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur Sigurður Gústaf Kjartansson, Brimnesi, Árskógsströnd, Eyjafirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. apríl 1964, gegn Guðmundi Guðjónssyni, Bergstaðastræti 10 C, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 14.000.00, með 8% ársvöxtum frá 1. september 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera bætur vegna samningsrofa um kaup á bifreið.

Stefndi hefur látið sækja þing, en engum andmælum hreyft gegn stefnukröfunum. Mál þetta hefði átt að leggja til sátta fyrir sáttanefnd, en það hefur ekki verið gert, og ber því að vísa málinu frá dómi ex officio, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1936.

Uppkvaðning dómsins hefur dregizt vegna mikilla anna dómarans. Málskostnaður fellur niður.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:
Máli þessu er vísað frá dómi.

Miðvikudaginn 27. janúar 1965.

Nr. 153/1964. **Bjarni Hjaltalín** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Rafveitu Akureyrar og gagnsök
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Hann hafði fengið gjafsókn í héraði og fékk gjafsóknarleyfi hér fyrir dómi 18. september s.l. Gerir hann þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 421.829.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1958 til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 22. janúar 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Hann krefst *aðallega* sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst hann þess, að kröfur aðaláfrýjanda verði verulega lækkaðar, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Nokkur ný málsgögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti. Aðaláfrýjandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

I.	Örorkutjón samkvæmt mati tryggingafræðings	kr. 485.877.00
II.	Bætur vegna miska og óþæginda	— 100.000.00
III.	Útlagður kostnaður	— 11.310.00
		Alls kr. 597.187.00

Frá þessari fjárhæð viðurkennir aðaláfrýjandi, að eigi að draga:

Greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins áður en héraðsdómur gekk ..	12.415.00	
Greiðslu frá gagnáfrýjanda	21.100.00	
Greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins eftir uppkvaðningu héraðsdóms	141.843.00	kr. 175.358.00
		Kr. 421.829.00

Aðaláfrýjandi var 28 ára, er slys það varð, sem mál þetta er risið af. Vorið 1953 réðst hann í þjónustu gagnáfrýjanda sem verkamaður. Við fyrirtæki gagnáfrýjanda starfa svonefndir loftlínumenn, sem hafa verkamenn sér til aðstoðar við ýmis störf. Ekki er þess krafizt af hendi gagnáfrýjanda, að loftlínumenn þessir sæki námskeið eða gangi undir próf, áður en þeir eru ráðnir til starfa. Eru þeir valdir úr hópi þeirra verkamanna, sem mesta reynslu hafa öðlazt við aðstoðarstörfin, en þau eru m. a. fólgin í því að skipta um perur í ljóskerum á ljósastaurum og vinna önnur þess háttar verk. Ekki var það föst venja gagnáfrýjanda, að maður væri til aðstoðar á jörðu niðri, er slík verk voru unnin. Þeir, sem klifu staura, voru gyrtir öryggisbelti, en af hálfu gagnáfrýjanda var það látið óátalið, þótt þau væru ekki spennt um staurana fyrr en í vinnuhæð.

Að tilhlutan Hæstaréttar var aflað gagna um, hversu þessum efnum var háttað hjá Rafveitum ríkisins. Í vætti rekstrarstjóra fyrirtækisins er skýrt frá því, að línumönnum sé skipt í þrjá flokka, þ. e. fullgilda línumenn, þjálfaða línu-

menn og menn, sem verið sé að þjálfa til línuvinnustarfa, hinir síðastnefndu séu verkamenn. Ekki sé krafizt sérstakrar menntunar af fullgildum línumönnum, heldur starfsþjálfunar í samræmi við framangreinda flokkun. Þá skýrir vitni þetta enn fremur svo frá, að mikil áherzla sé lögð á það, að menn séu aldrei einir að störfum í staurum og „að viðvaningar spenni ólina yfirleitt, er þeir gangi upp staura, hvort sem þeir gangi lausir eða beri byrði, en vanir menn gangi að jafnaði með óspennta stauraól, nema þegar þeir beri byrðar". Belti það, sem aðaláfrýjandi hafði til afnota, hefur verið sýnt í Hæstarétti.

Eins og greint er í héraðsdómi, hugðist aðaláfrýjandi skipta um peruhald í ljósastæði og gekk upp staurinn á klifurskóm, en féll úr staurnum 6—7 metra fall og slasaðist mikið. Var hann strax fluttur í sjúkrahús. Þegar þangað kom, var hann með meðvitund, og um atvik að slysinu er ritað í sjúkraskrána, að því er virðist eftir aðaláfrýjanda sjálfum: „Var að vinna uppi í staur, ætlaði að halla sér aftur í öryggislínu, sem þá var laus, og féll maðurinn aftur fyrir sig og niður á jörð. Sennilega komið niður á höfuð og herðar." Engin rannsókn fór fram á slysstaðnum, og rannsókn í sakadómi hófst ekki fyrr en 1. október 1960. Skýrir aðaláfrýjandi þá svo frá, að „eftir því sem hann bezt geti gert sér grein fyrir, hafi vinstri fótur hans skroppið úr skónum, og við það hafi hann misst jafnvægið og fallið aftur fyrir sig". Tekur hann það einnig fram, að á jörðu hafi verið snjór, sem hafi setzt í skóna og valdið því, að þeir voru hálli en ella. Í ljós er leitt, að annar klifurskórinn, sem aðaláfrýjandi notaði, varð eftir uppi í ljósastaurnum, en hinn hafði fallið niður. Skorið hafði verið ofan af hælköppunum á skóm þessum, eins og nánar er greint frá í héraðsdómi. Átti aðaláfrýjandi engan hlut að því. Voru skór þessir sýndir í Hæstarétti ásamt skó, sem engin breyting hafði verið gerð á.

Eins og í héraðsdómi greinir, hlutaðist gagnáfrýjandi ekki til um rannsókn á slysinu, sbr. 26. gr. laga nr. 23/1952. Einn maður var af tilviljun sjónarvottur að þessum

atburði, en hann kvaðst ekki geta gert sér neina grein fyrir því, hvers vegna aðaláfrýjandi féll niður. Áður hefur verið skýrt frá því, sem ritað var í sjúkraskrána, og framburði aðaláfrýjanda um atvik að slysinu. Þau eru því óljós.

Við mat á ábyrgð á slysinu ber að hafa þetta í huga: Klifurskór þeir, sem aðaláfrýjandi hafði til afnota, veittu mun minna öryggi en skór með óbreyttum hælköppum, sérstaklega þar sem snjór var á jörðu, enginn var aðaláfrýjanda til aðstoðar á jörðu niðri og látið var óátalið af hálfu gagnáfrýjanda, þótt öryggisbeltin væru ekki notuð fyrr en í vinnuhæð. Hins vegar er óvefengt, að öryggisbelti það, sem aðaláfrýjandi notaði, hafi verið í fullkomnu lagi, og telja verður sannað, að aðaláfrýjandi hafi klifið staurinn án þess að hafa „stöðvireim" beltisins lokaða um hann. Mátti aðaláfrýjanda, sem hafði nokkra reynslu við þessi störf, vera ljóst, að það var háskasamlegt, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 23/1952. Engu máli skiptir í þessu sambandi, þótt gagnáfrýjandi hafi greitt aðaláfrýjanda fjárhæð upp í tjón hans. Að öllum aðstæðum athuguðum, þykir mega fallast á sakarskiptingu héraðsdóms.

Samkvæmt gögnum málsins þykir tjón aðaláfrýjanda vegna örorku hæfilega metið kr. 320.000.00, þegar frá hafa verið dregnar greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins (kr. 12.415.00 + kr. 141.843.00). Er þá tekið tillit til hækkaðs verðlags. Þegar litið er til sjúkrasögu aðaláfrýjanda, sem rækilega er lýst í héraðsdómi, og þeirrar röskunar, sem orðið hefur og ætla má að verði á högum hans, ákveðst fjárhæð II. kröfuliðar aðaláfrýjanda kr. 90.000.00. Taka ber til greina III. kröfulið aðaláfrýjanda. Samtals eru þessar fjáhæðir kr. 421.310.00 (320.000.00 + 90.000.00 + 11.310.00). Samkvæmt framansögðu, ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda helming þessarar fjárhæðar, þ. e. kr. 210.655.00, að frádregnum kr. 21.100.00, sem gagnáfrýjandi hefur þegar greitt.

Úrslit málsins verða því þau, að gagnáfrýjandi verður dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda kr. 189.555.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1958 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og máls-

kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 45.660.00. Þar af hljóti talsmaður aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti kr. 45.000.00, en ríkissjóður kr. 660.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Rafveita Akureyrar, greiði aðaláfrýjanda, Bjarna Hjaltalín, kr. 189.555.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1958 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað, kr. 45.660.00, en þar af hljóti talsmaður aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, kr. 45.000.00, og ríkissjóður kr. 660.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 19. maí 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 20. febrúar s.l., en með samkomulagi aðilja var málið flutt á bæjarþingi Akureyrar, og var það fyrst tekið þar fyrir 28. f. m. Málið hefur Bjarni Hjaltalín verkamaður, Ránargötu 6, hér í bæ, höfðað gegn Rafveitu Akureyrar og til réttargæzlu Tryggingu h/f, Laugavegi 178, Reykjavík, og gerir hann þær réttarkröfur, að stefndu verði gert að greiða honum eftirfarandi kröfuliði:

1. Örorkutjón	kr.	485.877.00
2. Bætur vegna miska og óþæginda ..	—	100.000.00
3. Úlagðan kostnað	—	11.310.00
Samtals	kr.	597.187.00

með 8% ársvöxtum frá 30/12 1958 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi 1. lið kröfu sinnar um kr. 12.415.00 vegna greiðslu Tryggingastofnunar ríkisins og kr. 21.100.00 vegna greiðslna stefndu, og lækkar krafan

þá í kr. 563.672.00. Einnig var vaxtakrafan lækkuð í 7% ársvexti.

Engin krafa er gerð á hendur réttargæzlustefndu.

Varnaraðili hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara, að kröfur sóknaraðilja verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Málavextir eru þessir:

Hinn 31. desember 1958 hafði stefnandi, sem starfaði hjá Rafveitu Akureyrar, byrjað starf eins og venjulega kl. 0720 að morgni. Stefnandi og línumaður hjá R.V.A., Haukur Ingimarsson að nafni, fóru til starfa við að skipta um ljósaperur í götuljóskerum í bænum, þar sem með þurfti, og höfðu þeir til umráða bíl, sem Haukur ók, og beið hann jafnan við staurinn, meðan stefnandi fór í staurana. Um kl. 1030 voru þeir staddir í Þórunnarstræti skammt norðan við hús nr. 106, en þar var vitað um bilað ljósastæði. Stefnandi bjóst nú til að fara í ljósastaur þarna, en nefndur Haukur ók í burtu og fór heim til sín í kaffi. Stefnandi gekk upp í staurinn í stauraskóm, sem hann var vanur að nota, og hafði fest við sig öryggisbelti, en hafði það ekki spennt utan um staurinn, meðan hann gekk upp. Þegar stefnandi var kominn upp undir ljóskerið og var að nema staðar, missti hann jafnvægið og datt niður, sem var 6—7 m fall, og slasaðist mikið, eins og síðar verður að vikið, og missti meðvitund við fallið. Enginn maður var viðstaddur, þegar stefnandi féll, en Hallgrímur Traustason, Helgamagrastræti 11, sem hafði verið staddur við glugga í húsi sínu, er vissi að Þórunnarstræti, hafði séð, þegar maðurinn féll úr staurnum, fór strax á vettvang og kom síðan boðum um að senda sjúkrabíl, er flutti manninn í sjúkrahús.

Engin opinber rannsókn fór fram á slysinu, strax eftir það bar að, en samkvæmt beiðni Jónasar G. Rafnar, lögmanns stefnanda, dags. 4. október 1960, fór fram rannsókn á slysinu í sakadómi hér 11. og 13. október sama ár, og er framanrituð atvikalýsing aðallega eftir því, sem þar kom fram. Við réttarrannsóknina gáfu skýrslu auk stefnanda Hallgrímur Traustason, er að framan er nefndur, Gísli Ólafsson, núverandi yfirlögregluþjónn, en sem þá var varðstjóri, Knútur Otterstedt verkfræðingur, núverandi rafveitustjóri, sem annaðist verkstjórn hjá R.V.A., þegar slysið henti, og Haukur Ingimarsson, er að framan er nefndur. Auk þess hafa sumir þessara manna gefið skýrslu

í máli þessu, og enn fremur hafa nokkur önnur vitni gefið skýrslur í málinu. Verður vikið nánar að því, er máli skiptir í skýrslum þessara manna, en áður þykir rétt að víkja að efni þriggja skjala í málinu. Það er upplýst í málinu, að skorið hafði verið ofan af hælköppunum á stauraskóm þeim, er stefnandi notaði í greint sinn og raunar fleirum, og hefur Þórir Björnsson, vara-öryggiseftirlitsmaður á Akureyri, skoðað þessa skó og gefið um það vottorð, sbr. dskj. nr. 13. Sams konar stauraskór voru sýndir í réttinum, þegar málið var flutt; hælkapparnir á skóm þessum voru úr málmi. Í greindu vottorði segir svo: „Athugun leiddi í ljós, að skorinn hefur verið burtu stór hluti hælkappanna, þannig að þeir hafa verið styttir um ca. 71 mm, eða skorið af þeim, sem því nemur, niður að sóla. Þá verða eftir blöðkur fyrir aftan hælana, sem eru þó lækkaðar frá upprunalegri hæð kappanna. Mest hæð við miðjan hæl á vinstrifótarskó er 33 mm, en þeim hægri 38 mm. Frá þessum hæðapunktum er skáskorið niður að sóla. Þá hef ég mælt hælkappahæð á nýjum stauraskóm, og reyndist hún vera 55 mm." Fyrir rétti bar Þórir Björnsson, að hann álíti, að skórnir, þannig breyttir, væru lakari með tilliti til öryggis mannanna, heldur en þeir voru óbreyttir, því þá sé meiri hætta á því, að maðurinn fari upp úr hælunum, t. d. ef snjór safnast í þá. Á dskj. nr. 10 hefur öryggismálastjóri, Þórður Runólfsson, gefið eftirfarandi álit sem svör við spurningum frá lögmanni stefnanda, en hann tók fram, að um þessi atriði giltu engin laga- eða reglugerðarákvæði og að þetta væri aðeins persónulegar skoðanir hans. Í skjali þessu segir svo:

1. Ég tel engu minni hættu á falli, meðan á klifri upp í staur stendur en við vinnu, þegar tilætlaðri hæð er náð, og þess vegna sjálfsagt að hafa stöðvireim beltisins lokaða, frá því klifur hefst, og flytja hana upp, eftir því sem maðurinn hækkar sig í klifrinu. Þetta tel ég, að ætti að vera ljóst bæði verkstjóra og mönnum þeim, sem slíka vinnu stunda, og að verkstjóra beri að leggja fyrir menn sína að haga sér þannig við verkið, geri þeir það ekki ótilkvaddir.
2. Verk það, sem hér var um ræða, að skipta um perur í götuljóskerum, tel ég ekki krefjast fagkunnáttu og því fullforsvaranlegt að fela það ófaglærðum manni.
3. Þó ég telji lítil líkindi til, að maður á jörðu niðri hefði getað dregið úr falli hins úr staurnum, tel ég það sjálfsagða öryggisráðstöfun, að tveir menn séu ávallt við slíkt verk og að báðir hafi til umráða öryggisbelti. Getur slíkt verið nauð-

synlegt, t. d. ef sá, sem er niðri, þarf að fara þeim til hjálpar, sem uppi í staurnum er.

Þá segir svo í dskj. nr. 5, læknisvottorði I, sem svar við spurningunni: Hverjar voru taldar orsakir slyssins: „Var að vinna uppi í staur, ætlaði að halla sér aftur í öryggisólina, sem þá var laus, og féll maðurinn aftur yfir sig og niður á jörð. Sennilega komið niður á höfuð og herðar.“ Vottorðið er undirritað G. Karl Pétursson.

Eina vitnið, sem vitað er um, að slysi stefnanda, Hallgrímur Traustason, sá aðeins, að maðurinn féll úr staurnum, en hann gat enga grein gert sér fyrir því, hvers vegna maðurinn féll niður, og gat engar frekari upplýsingar gefið, aðrar en þær, er að framan greinir.

Verður nú vikið nánar að skýrslum stefnanda. Hann var með öryggisbeltið á sér við þenna staur, eins og venjulega, og veit ekki annað en það hafi verið í lagi, en sagði, að það hafi aldrei verið venja hjá rafveitunni, að spenna beltið, fyrr en þeir voru komnir upp í staurana, það er, þar sem þeir fóru að vinna. Þegar stefnandi var kominn upp undir luktina og var að nema staðar, segist hann allt í einu hafa misst jafnvægið og dottið niður. Stefnandi kvaðst annars eiga erfitt með að gera sér grein fyrir, hvað olli slysinu, en eftir því, sem hann bezt geti gert sér grein fyrir, hafi vinstri fótur hans skroppið úr staurskónum, og við það hafi hann misst jafnvægið og fallið aftur yfir sig, en kvaðst þó hafa stöðvazt augnablik á hægra fæti, en fallið svo niður á jörð, ca. 6—7 m. Hann tók fram, að þegar þetta gerðist, hafi snjór verið á jörðu, og þess vegna hafi snjór setzt í skóna og valdið því, að þeir hafi verið hálli en annars hefði verið. Þá kvaðst hann telja, að hann hafi farið að alveg eins og venjulega og að hér hafi verið um algera óhappatilviljun að ræða. Þá lét stefnandi svo um mælt, að hann gæti ekki fullyrt með öruggri vissu, hvort hann hafi verið búinn að spenna öryggisbeltið, en taldi það þó ólíklegt, því hann gæti ekki betur munað en að hann hafi verið að komast í þá hæð, er til þurfti til að vinna verkið.

Stefnandi kvað yfirmenn þeirra oft hafa séð þá fara í staura, eins og hann gerði í greint sinn, og ekki gert neinar athugasemdir við það. Hann kvaðst hafa verið vanur þessu verki, og aldrei neitt óhapp hent hann áður við það.

Undir rekstri þessa máls gaf stefnandi aðra réttarskýrslu. Þar gerði hann þá athugasemd við þau ummæli sín, að þetta

hafi verið óhappatilviljun, að hann telji, að hann hefði ekki losnað úr skónum, þótt hann missti jafnvægið, ef skónum hefði ekki verið breytt, og að einnig hefði hann þá síður losnað úr skónum fyrir fallið, og áréttaði fyrri framburð sinn um, að fóturinn hefði skroppið upp úr skónum. Einnig tók hann fram í þessu sambandi, að hann hafi lítinn fót, miðað við stærð, noti skó nr. 40. Í þessari skýrslu neitaði stefnandi því, að hann hafi eftir slysið gefið þá lýsingu á orsökum þess, að hann hafi hallað sér afturábak í trausti þess, að hann hefði verið búinn að spenna öryggisbeltið. Þá skýrði hann frá því, að einhver læknir, annar en Guðm. Karl Pétursson, hafi nokkrum dögum eftir slysið, að því er hann minnti, spurt sig um atvik að slysinu, og kvaðst hann þá ekki hafa verið búinn að ná sér eftir slysið og verið mjög gleyminn. Hann kvaðst ekki muna, hvort hann hefði sagt það, sem í framangreindu læknisvottorði greinir, um atvik að slysinu.

Þá hélt stefnandi því fram í þessari skýrslu, að hann álíti, að hann hafi ekki verið kominn í fulla hæð í staurnum, þegar hann féll, því þegar hann hafi misst jafnvægið, hafi hann rekið vinstri höndina í ljósaskerminn og meitt sig á hnúunum. Þá sagði stefnandi, að í greindum staur hafi hann átt að skipta um perustæði, og er það einnig upplýst af Hauki Ingimarssyni. Stefnandi kvaðst hafa verið dálítið búinn að fást við slík störf, það er að fara í staura, þó aðallega í ígripum, þegar línumenn vantaði, og hafi hann gert nokkru meira að þessu síðustu mánuðina fyrir slysið en áður. Stefnandi kvaðst aldrei hafa fengið fyrirmæli um að hafa öryggisbeltið spennt, nema meðan verið væri að vinna uppi í staurnum, en eftir slys hans hafi starfsmönnum verið fyrirskipað að hafa beltin alltaf spennt.

Gísli Ólafsson yfirlögregluþjónn kom strax á vettvang, þegar slysið var tilkynnt, og flutti stefnanda í sjúkrahúsið, sagði, að stefnandi hafi verið meðvitundarlaus, þegar hann kom að, og að hann minnti, að annar skórinn hafi verið uppi í staurnum. Hann kvað ekki hafa farið fram neina rannsókn á vegsummerkjum.

Knútur Otterstedt rafveitustjóri hefur borið eftirfarandi, að því er máli skiptir. Hann kvað það algengt, að starfsmenn þeirra færu í staurana án þess að spenna öryggisbeltin um staurinn, ef þeir þyrftu ekki að halda á neinu upp með sér, en ef þeir þurfi að lyfta einhverju upp í staurinn, spenni þeir jafnan öryggisbeltin. Kvað hann, að í þessu tilfelli hafi ekki verið hægt

að kalla það óaðgæzlu hjá stefnanda að spenna ekki beltið. En hafi hann verið byrjaður að vinna, hafi hann átt að spenna það. Hann kvaðst hafa athugað beltið eftir slysið, og hafi það þá verið í lagi.

Þá hefur Knútur Otterstedt skýrt svo frá, að áður en slys stefnanda skeði, hafi línumönnum R.V.A. verið gefin fyrirmæli um að hafa öryggisbeltin jafnan spennt, og hafi þá enginn greinarmunur verið gerður á því, hvort mennirnir gengju lausir upp eða væru með byrðar, heldur hafi mennirnir sjálfir tekið upp á að gera greinarmun á þessu, sbr. hér að framan. Hins vegar hafi það verið látið óátalið, þótt menn gengju án öryggisbelta lausir í staurinn. Hann kvað reglum um notkun öryggisbelta eða eftirliti með þeim hafi ekki verið hagað neitt á annan hátt eftir slys stefnanda en áður. Hann kvaðst iðulega hafa brýnt það fyrir starfsmönnum að nota öryggisbeltin, en kvaðst ekki muna, hvort hann hafi brýnt það sérstaklega fyrir stefnanda. Varðandi breytinguna á staurask ónum, sagði Otterstedt, að línumennirnir hafi sjálfir gert hana, og muni þeir hafa gert það til þæginda, og hafi hann látið það óátalið. Hann kvað hælkappana vera á skóm í öryggisskyni. Hann sagði, að þeir hjá rafveitunni hafi nú nýja skó, eins og þá, sem áður voru, en þeim hafi ekki verið breytt, eins og hinum.

Haukur Ingimarsson kvaðst sjálfur hafa dregið í ljóskerið, áður en hann fór, og gert við það, eins og þurfti, en Bjarni Hjaltalín átti síðan að koma kerinu fyrir í staurnum, en skipta þurfti um peruhald. Þegar Haukur kom aftur, hafði slysið skeð og búið að flytja hinn slasaða mann af staðnum. Þegar Haukur kom að, var annar staurask órinn uppi í staurnum, en hinn hafði dottið niður. Ekki kvaðst Haukur við athugun á slysstaðnum hafa getað gert sér grein fyrir, hvernig slysið hefði borið að né hvort Bjarni hafi verið byrjaður að vinna uppi í staurnum. Skóna kvaðst Haukur hafa skoðað, og hafi þeir verið í lagi. Hann kvað stefnanda hafa yfirleitt farið gætilega við starf sitt. Haukur kvað það ekki hafa verið venju þeirra að spenna öryggisbeltin, þegar þeir hafi farið laushentir í staura, fyrr en byrjað var að vinna uppi. Einnig hefur vitni þetta borið, að á þeim tíma, sem slysið skeði, hafi þeir oft ekki haft neitt öryggisbelti, þegar þeir skiptu um perur. Eftir þetta slys var þeim stranglega skipað að hafa öryggisbelti á sér, þegar þeir gengju í staura, en þeir fylgdu því ekki ævinlega í framkvæmd.

Vitnið vissi til, að menn hafi dottið úr staurum, þegar þeir

hafa verið að vinna með óspennt öryggisbelti. Vitnið kvaðst eitt sinn hafa verið staddur við staur, þegar maður datt niður með höfuðið niður, og kvaðst hann hafa hlaupið undir manninn og sagði, að maðurinn hafi tognað á fótum eða meiðzt þar eitthvað. Einnig sagði vitnið, að algengt væri, að menn færu einir til að skipta um perur í staurum. Vitnið sagði, að þeir, það er hann og samstarfsmenn hans, hafi tekið ofan af hælköppunum til þæginda.

Fjórir „línumenn" hjá R.V.A., framannefndur Haukur Ingimarsson, Þorvaldur Stefánsson, Páll Línberg Emilsson og Haukur Otterstedt hafa gefið eftirfarandi vottorð í málinu, og hafa þeir allir staðfest það í rétti, nema sá síðastnefndi:

„Að gefnu tilefni viljum við undirritaðir línumenn, sem starfað höfum hjá Rafveitu Akureyrar í 12 til 16 ár, lýsa því yfir, að við teljum á engan hátt óvarlegt að nota skó þá, er Bjarni Hjaltalín notaði, þegar hann féll niður úr staur. Enn fremur teljum við útilokað að renna aftur úr skónum, þó hælkapparnir hafi verið lækkaðir á áðurnefndum skóm."

Páll Línberg hefur enn fremur borið eftirfarandi: Línumennirnir tóku ofan af hælköppunum á skónum, og gerðu þeir það til þæginda, m. a. hafi þá safnazt minni snjór í þá. Eftir þetta fengu þeir nýja skó með sams konar hælköppum og hinir höfðu upprunalega verið, og var þeim bannað að breyta þeim á nokkurn hátt. Hann kvað það matsatriði hverju sinni, hvort hann spennti beltið, á meðan hann gangi í staura, og fari það m. a. eftir því, hvernig veðurfari sé háttað. Hins vegar kvað hann þá hafa haft fyrirmæli um það alla tíð að hafa beltin spennt. Vitnið sagði stefnanda hafa byrjað að bera við að fara í staura við niðurrif Laxárvirkjunarlínu, nokkru áður en slysið varð, og einnig hafi hann gert smávegis að því að skipta um perur í staurum, en annars hafi hann starfað hjá R.V.A. sem verkamaður og aðstoðarmaður línumanna.

Þorvaldur Stefánsson bar, að maðurinn hefði aldrei fallið til jarðar, því hann hefði ekki losnað úr skónum, ef hælkapparnir hefðu verið óskertir. Hins vegar kvað hann ekki meira öryggi í því, þótt maðurinn héngi í skónum, því hann gæti þá brotnað á báðum fótum. Hann kvaðst yfirleitt hafa haft öryggisbeltið spennt, síðan fyrirmæli þar um hafi verið gefin, en mundi ekki, hvenær það hafi verið gert.

Ragnar Stefánsson, bifreiðastjóri hjá R.V.A. og aðstoðarmaður

línumanna, hefur gefið eftirfarandi yfirlýsingu og staðfest hana fyrir rétti:

„Samkvæmt beiðni rafveitustjórans á Akureyri vil ég hér með lýsa því yfir, að þegar núverandi yfirlögregluþjónn, hr. Gísli Ólafsson, skilaði staurabelti því, er Bjarni Hjaltalín notaði, þegar hann féll niður úr staur árið 1958, þá viðhafði hann þau orð, að beltið væri eins og þegar það hafði verið tekið af honum, þ. e. óopnað."

Enn fremur hefur Ragnar borið eftirfarandi: Hann telur, að yfirleitt hafi línumennirnir á þeim tíma, er slysið henti, gengið upp staura í vinnuhæð án þess að spenna öryggisbeltin, nema ef þeir væru með byrðar, þá hafi þeir frekar haft beltin. Nú kvað hann skipun yfirmanna vera þá, að hafa beltin alltaf spennt. Venjulega sagðist vitnið sitja inni í bílnum, meðan línumennirnir færu upp í staurana. Hann kvað það óvenjulegt, að aðstoðarmaður víki frá, meðan maður sé að vinna í staur, en sagði jafnframt, að stundum færu menn einir til þessara starfa. Loks sagði vitnið, að ef maður hefði staðið við staurinn, sem stefnandi féll úr, gæti hugsazt, að hann hefði getað dregið úr fallinu eða hindrað, að maðurinn hefði komið með höfuðið á jörðina, og sagðist þekkja dæmi slíks.

Sigurður Guðlaugsson, verkstjóri hjá R.V.A., hefur borið eftirfarandi. Það hefur alltaf verið ætlazt til þess, að menn væru jafnan með öryggisbelti í staurum, en það var óátalið, þótt menn hefðu þau ekki spennt, þegar þeir væru að ganga upp staurinn, en í síðari tíð hefur verið gengið ríkt eftir því, að menn hefðu beltin spennt frá byrjun. Hann kvaðst ekki treysta sér til að segja um, hvort þeir skór, sem nú séu notaðir, það er með óskertum hælkappa, séu betri með tilliti til öryggis en hinir voru. Hann kvaðst telja, að stefnandi hafi verið vel fær um þetta starf, hann hafi verið búinn að fara það mikið í staura. Hann kvað það ekki hafa verið almenna reglu, að maður væri með þeim mönnum, sem væru að vinna í staurum, sérstaklega þegar aðeins væri verið að skipta um perur. Loks sagði vitni þetta, að stefnandi hafi sagt honum eftir slysið, að hann hafi verið búinn að rétta út hendurnar til að skrúfa peruna og hallað sér aftur í þeirri trú, að hann væri búinn að spenna beltið, og hafi þá misst jafnvægið.

Sóknaraðili hefur einkum byggt skaðabótaskyldu varnaraðilja á eftirfarandi málsástæðum. Stefnandi var ráðinn sem verkamaður, en ekki sem línumaður, og var lítt vanur þessu starfi

og hafi því verið nauðsyn á að hafa mann með honum, enda komi það fram í skýrslum vitna, að það hafi verið það venjulega, að tveir væru saman við slík störf. Hefur hann einnig í því efni skírskotað til álits öryggismálastjóra, er að framan greinir. Einnig hafi verið sérstök ástæða til að brýna fyrir stefnanda að viðhafa öryggisráðstafanir, en það sé með öllu ósannað, að svo hafi verið gert eða að hann hafi óhlýðnazt settum öryggisreglum. Einnig hefur hann skírskotað til vitna, er að framan greinir um, að maður, sem verið hefði nærstaddur, hefði ef til vill getað dregið úr slysi hans eða forðað því, þá telur hann, að óráðlegt hafi verið að breyta stauraskónum, eins og gert var, enda sé möguleiki á því, að maðurinn hefði ekki losnað úr skónum í upphafi eða eftir að hann missti jafnvægið, ef skórnir hefðu verið óbreyttir, og hefur skírskotað þar um til álits öryggiseftirlitsins á Akureyri og fleiri vitna.

Þá hefur stefnandi haldið því fram, að stefndu ættu að bera halla af því, að þeir hafi vanrækt að láta opinbera rannsókn fara fram út af slysinu, er valdið hafi því, að málið upplýstist ekki sem skyldi.

Einnig hefur hann haldið því fram, að greiðslur stefndu til stefnanda eftir slysið væru viðurkenning fyrir bótaábyrgð þeirra og hefur vitnað til dskj. nr. 34—37 þar um. Hann telur, að enginn grundvöllur sé í máli þessu fyrir sakarskiptingu, þar sem ekki sé sönnuð nein vanræksla eða óvarkárni á stefnanda.

Varnaraðili hefur einkum byggt kröfur sínar á eftirfarandi atriðum. Stefnandi gekk í staurinn í stauraskóm, er hann notaði að jafnaði við þessi störf, og gyrtur öryggisbelti, eins og venja sé við slík störf. Hins vegar hafi stefnandi ekki haft beltið spennt, meðan hann gekk í staurinn, enda hafi ekki verið vanalegt að gera slíkt fyrr en vinna hófst. Erfitt sé að gera sér grein fyrir orsökum slyssins, enda sé þar ekki öðrum gögnum til að dreifa en sögn stefnanda sjálfs.

Hann hefur haldið því fram, að stefnandi hafi lengi verið búinn að vinna sem línumaður hjá varnaraðilja, þegar slysið varð, og hafi gerþekkt allar aðstæður við starfið. Hann hafi verið búinn að vera starfsmaður varnaraðilja frá því 1953. Sóknaraðili hafi lýst því yfir fyrir sakadómi Akureyrar, að hvorki hafi stauraskóm né belti verið áfátt, og einnig sé það upplýst á annan hátt, að tæki þessi hafi verið í fyllsta lagi. Einnig hafi stefnanda verið ljóst, hverjar hættur starfi þessu væru samfara, þar á meðal að láta hjá líða að spenna öryggisbeltið við uppgöngu.

Hann telur, að ekki verði séð, að nokkru máli skipti, þótt hælköppum á staurаskóm hafi verið breytt, eins og raun var á, og skírskotar þar um til dskj. nr. 28, enda hafi það verið gert með vitund og vilja stefnanda. Þá telur hann mjög ósennilegt, að þótt samstarfsmaður stefnanda hefði verið við staurinn, að hann hefði getað forðað slysinu. Einnig hafa stefndu skírskotað til lýsingar þeirrar á atvikum að slysinu, sem greinir í vottorði yfirlæknisins á sjúkrahúsinu hér og að framan er að vikið. Samkvæmt þessu telja stefndu, að eigi sé í ljós leitt, að starfsmönnum hans verði vegna skorts á aðgæzlu eða vanbúnaðar á vinnustað gefin nokkur sök á slysi stefnanda. Loks hafa stefndu neitað því, að þeir hafi viðurkennt bótaskyldu sína með því að greiða stefnanda nokkurt fé eftir slysið, því það hafi verið gert í velgerðarskyni fyrir fátækan starfsmann.

Eins og sjá má af því, er að framan greinir, er ekki ljóst, hvernig slysið hefur orsakazt, enda er stefnandi þar einn til frásagnar, en hann slasaðist mikið og missti meðvitund við slysið, svo að ekki er óeðlilegt, að hugmyndir hans þar um séu dálítið á reiki. Hann hefur haldið því fram, að annar fótur hans hafi losnað úr skónum, og gæti það bent til þess, að annar skórinn verður eftir uppi í staurnum. Stefnandi hefur hins vegar ekki viljað viðurkenna það, að hann hafi sagt, að hann hafi hallað sér aftur í þeirri trú, að hann væri búinn að festa öryggisbeltið, og er það því ósannað atriði.

Hinir sérfróðu menn í dóminum líta svo á, að þar sem upplýst er, að stefnandi var lítt vanur slíku starfi, er hér var um að ræða, enda ekki ráðinn sem línumaður, en hann átti í þessu tilfelli að skipta um peruhald, þá hafi ekki verið varlegt að láta hann vera einan um slíkt verk. Einnig telja þeir líkur fyrir, að fætur mannsins hefðu ekki losnað úr staurаskónum, ef þeir hefðu verið óbreyttir frá því, sem þeir voru upphaflega, og telur rétturinn því, að óráðlegt hafi verið að breyta skónum, en ekki er upplýst, að stefnandi hafi átt nokkurn hlut að þeirri breytingu, og upplýst er, að eftir slys þetta var hætt að nota skó þessa og nýir fengnir í staðinn. Samkvæmt þessu telur rétturinn, að stefndu eigi að bera ábyrgð á tjóni stefnanda, og þykir það styðja þá niðurstöðu, að stefndu hafa greitt stefnanda bætur upp í væntanlegar skaðabætur. En jafnframt verður að telja, að nægilega sterkar líkur séu fyrir því, að stefnandi hafi ekki viðhaft þá aðgæzlu, er nauðsynleg var við slíkt starf, enda hafði hann þó nokkuð fengizt við slíkt starf áður; þannig á honum

að hafa verið ljóst, að öruggara var að hafa öryggisbeltið spennt, þó telja megi upplýst, að það hafi ekki verið venja línumanna á þeim tíma, meðan þeir gengu í staurana. Með tilvísan til þess, er nú hefur verið sagt, þar á meðal hve óljóst er um aðdraganda að slysinu, þykir rétt, að stefndu beri helming tjóns stefnanda, en hann sjálfur beri það að hálfu.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

1. Örorkutjón ..... kr. 485.877.00
2. Bætur vegna miska og óþæginda ..... — 100.000.00
3. Útlagðan kostnað ..... — 11.310.00

Það er upplýst í málinu, eins og að framan greinir, að stefnandi hefur fengið greiddar bætur vegna slyssins, sem hér segir: Frá Tryggingastofnun ríkisins kr. 12.415.00 og frá stefndu kr. 21.100.00, samtals kr. 33.515.00, og lækkar sóknaraðili kröfuna, sem því nemur, og lækkar þá krafan fyrir örorkutjónið niður í kr. 452.362.00. Enn fremur lýsti lögmaður stefnanda því yfir við flutning málsins, að hann viðurkenndi rétt stefndu til að ganga inn í hvers konar bótarétt umbj. síns gagnvart þriðja aðilja vegna þessa slyss.

Um lið 1:

Stefnandi var fluttur meðvitundarlaus í Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri frá slysstað, og segir svo í vottorði yfirlæknisins (nr. 5): Röntgenmynd af columna sýndi brot á proc. spin. aðeins C VI. með verulegri dislocation og C VII um 4—5 mm og subluation í intervertlerallíðum. Þá var brotinn fyrsti köggull h. stórutáar. Þegar slasaði hafði jafnað sig nokkuð eftir slysið, var hann fyrst settur í extensis, og þegar röntgenmyndir bentu til, að repasitis hefði fengizt á columna og rotarsympton, sem hann hafði haft á báðum handleggjum, voru horfin, var hann settur í gipsumbúðir. Stefnandi var í sjúkrahúsinu til 18. janúar 1959 og að nýju 10 daga í marz sama ár.

Í vottorði Snorra Hallgrímssonar yfirlæknis kemur eftirfarandi fram. Fyrstu dagana eftir slysið gat stefnandi ekki hreyft handleggina, en fingur lítillega. Á þriðja degi fór hann að geta hreyft handleggi og fór fljótlega að geta hreyft þá eðlilega. Handlimirnir voru í fyrstu mjög dofnir, og enn fremur var dofatilfinning í baki og lærum, en þessi dofatilfinning í baki og lærum hvarf við síðari extensionsmeðferðina og hefur ekki gert vart við sig síðan. Dofinn í handlimum minnkaði einnig og var að mestu horfinn, þegar stefnandi í ágúst 1959 byrjaði að vinna.

En dofinn í handlimum ágerðist að nýju, er hann byrjaði að vinna, sérstaklega í sambandi við meiri háttar áreynslu og þreytu, og er svo enn, þegar vottorðið er skrifað 12. desember 1962. Auk þessa dofa eru kvartanir stefnanda verkur aftan til í hálsi og út í herðar og axlir og niður eftir upphandleggjunum aftanverðum. Þessi verkur er stundum sár, og stundum koma sárir verkjastingir í upphandleggi, niður undir olnboga. Mest ber á þessum óþægindum í sambandi við áreynslu. Þá kvartar hann um kraftleysi í handlimum og úthaldsleysi og stirðleika í hálsliðum og sársauka við hreyfingar.

Eftir að stefnandi fór að vinna í ágúst 1959, gat hann aðeins unnið léttustu störf fyrstu mánuðina. Í ársbyrjun 1960 varð stefnandi að leggjast inn á sjúkrahús á Akureyri vegna skeifugarnarsárs, en þessa sjúkdóms hafði fyrst orðið vart skömmu eftir slysið. Var stefnandi tvívegis í sjúkrahúsi í magakúr vegna þessa sjúkdóms, sem tók sig upp aftur, hvað eftir annað, og í þriðja sinnið var hann í sjúkrahúsinu, og var þá gerð á honum aðgerð, sem leiddi til bata á þessum sjúkdómi.

Stefnandi vann aftur hjá R.V.A. frá í júlí 1960 til ársloka 1961, en treysti sér þá ekki til að leggja að sér neitt erfiði og gerir ekki enn. Síðan hefur hann reynt að vinna tíma og tíma, en hefur jafnan orðið að hætta, vegna þess að hann þoldi ekki áreynslu. Niðurlag vottorðs yfirlæknisins er svohljóðandi: Við skoðun í dag kemur eftirfarandi í ljós: Sæmilega hraustlegur maður í eðlilegum holdum og kemur vel fyrir.

Áberandi og kröpp útbeygja á neðstu hálsliðum og hálsinn þar fyrir ofan virðist færður nokkuð fram á við. Þá virðist hálsinn óeðlilega stuttur og í heild framhallandi.

Hreyfingar í hálsliðum eru áberandi takmarkaðar. Beygja aftur á við er varla meira en helmingur þess, sem eðlilegt er, og við beygju fram á við vantar um 6 cm upp á, að haka nái bringu. Snúningshreyfing til hægri nemur um 60° frá miðlínu og snúningur til vinstri aðeins um 30°. Allar hreyfingar eru sárar, ef reynt er að þvinga þær út fyrir þessi mörk. Mm. trapetzii og mm. sternocleidomastoidei eru áberandi rýrir, en ekki lamaðir.

Handlimir virðast eðlilegir. Liðhreyfingar eðlilegar og ekki að finna lömun á vöðvum. Ummál upphandleggja mælist eins beggja megin svo og framhandleggja. Grófur kraftur í handlimum virðist eðlilegur.

Röntgenskoðun 9.10. og 18.10. '62 leiðir í ljós brot á hryggtindi sjötta hálsliðar inn við basis, og hefur hryggtindurinn sveigzt

niður á við. Brotið er ekki gróið. Enn fremur virðast vera afleiðingar af meiri háttar compressionsbroti á liðbolum sjöunda hálsliðar og fyrsta brjóstliðar. Þessir liðbolir eru samrunnir, en miklu lægri að framan en aftan, og veldur þessi aflögun á hryggjarbolnum krappri sveigju á hryggjarsúlunni með bungu aftur á við. Í samræmi við þessa skekkju er nokkur subluxation í intervertabralliðum þessara hryggjarliða.

Á myndum, sem teknar voru strax eftir slysið, er hægt að greina meiri háttar compressionsbrot á C VII, auk þess sem lýst er í vottorði Guðmundar K. Péturssonar yfirlæknis, en það er brot á proc. spinosus C VI svo og subluxatio á C VI fram á við.

Röntgenskoðunin í október s.l. leiðir enn fremur í ljós áberandi slitbreytingar á liðum milli C IV—C V, og C VI og C VII. Beinútvextir sjást á frambrúnum þessara liða, en mest á C V og C VI. Þessir beinútvextir sjást ekki á myndum, sem teknar voru strax eftir slysið, og eru því efalaust afleiðing áverkans.

Hér er um að ræða 32 ára gamlan mann, sem fyrir tæpum fjórum árum fékk mjög mikinn áverka á höfuð, háls og herðar, og virðast aðalafleiðingar slyssins í byrjun vera sem hér segir:

1. Heilahristingur.
2. Brot á hryggtindi sjötta hálsliðar.
3. Subluxation fram á við á sjötta hálslið.
4. Meiri háttar þrýstingsbrot á liðbolum sjöunda hálsliðar og fyrsta brjóstliðar.
5. Sköddun á taugarótum neðri hluta plexus brachialis og efstu brjósttauga.
6. Brot á stórutá.

Bjarni hefur náð sér, að svo miklu leyti sem vænta má, eftir þetta slys, en mikið vantar þó á fullan bata. Subluxation á C VI var lagfærð og stelling á þeim lið nú eðlileg. Lömunin á handlimum gekk fljótlega til baka, og hefur því ekki verið um meiri háttar sköddun á taugarótum að ræða. Hins vegar er varanleg bæklun á hálsliðum og efsta brjóstlið, og er hún í aðalatriðum fólgin í eftirfarandi atriðum:

1. Samruni og meiri háttar aflögun á sjöunda hálslið og fyrsta brjóstlið, sem veldur mikilli skekkju (kyphosis) á hryggjarsúlunni og stellingsskekkju á öllum hálsinum.
2. Slitbreytingar á hálsliðum, sem ásamt bæklun ofangreindra liða veldur hreyfingarhindrun svo og sársauka við hreyf-

ingar. Búast má við, að þessar slitbreytingar fari vaxandi með árunum.

3. Sköddun á taugarótum út frá ofangreindum breytingum.
4. Ógróið brot á hryggtind sjötta hálsliðar.

Það, sem finnst við skoðunina, virðist mér fyllilega samsvara þeim óþægindum, sem Bjarni lýsir, og mér virðist ekkert útlit til þess, að hann verði að nýju fær til erfiðisvinnu.

Einnig hefur Gunnar Guðmundsson, sérfræðingur í vefrænum taugasjúkdómum, gefið vottorð um ástand stefnanda, og segir þar: Skoðun: Sjúklingur er orienteraður í tíma og rúmi, svarar öllum spurningum greiðlega. Ekki ber á neinni dysfasi eða dysarthri. Nn. kranialis: Eðlilegar heilataugar.

Motorik: Tonus, trofik, grófir kraftar í extr. eðlil. Reflexar svarandi til C, 6, 7, 8, hægra megin, þ. e. biceps, triceps og radialis eru greinilega daufari en vinstra megin. Að öðru l. eru reflexar eðlilegir. Babinski negat. bilat.

Sensibilitet: Húðskyn svo og vibrations- og stöðuskyn er eðlilegt. Sjúkl. fær allsáran verk, sem radierar út í báðar axlir við hreyfingar á hálsi, einkum þó ef hann horfir til vinstri.

Koordination: Eðlileg. Sfinkerfunktion: Eðlileg.

Röntgenmynd af hálsliðum 9. og 18.10. 1962 sýna m. a. mikla kompression á liðbolunum C VII og Th I, sem virðast samrunnir, einnig sést fraktura í proc. spinos. á C VI, auk þess arthrotiskar breytingar á C V, VI, VII og Th. I.

Álit: Kvartanir og einkenni þau, sem að ofan greinir, eru afleiðingar slyssins, og engar líkur tel ég fyrir því, að ástandið breytist til batnaðar, en hins vegar er ekki ósennilegt, að ástandið komi til með að versna að einhverju leyti.

Páll Sigurðsson, fyrrverandi tryggingayfirlæknir, hefur metið örorku stefnanda, og er það byggt á framangreindum læknisvottorðum svo og röntgenmyndum, sem hann lét taka, og skoðun hans sjálfs á stefnanda. Er matið dags. 9. febr. 1963. Í lok matsgerðarinnar segir svo: Ályktun: Bjarni Hjaltalín hefur við slysið 31. des. 1958 orðið fyrir mjög alvarlegum meiðslum á hálsliðum og efsta brjóstlið. Auk þess hafa nokkrar taugarætur, sem ganga út frá hálshluta mænunnar, skaddazt. Má vissulega segja, að það gangi kraftaverki næst, að Bjarni slapp lifandi úr þessu slysi.

Eins og lýst hefur verið í greinargerðinni hér að framan, hlaut Bjarni nokkur brot og fleiri skemmdir á hálsliðum og efsta brjóstlið. Afleiðingarnar eru áberandi missmíði, og eru þau, sem nú skulu nefnd, þau helztu.

Meiri háttar aflögun og samruni á sjöunda hálslið og fyrsta brjóstlið, er orsakar áberandi skekkju á hryggjarsúlunni samfara stellingarskekkju á öllum hálsinum.

Fram eru komnar slitbreytingar á hálsliðum, sem samfara bæklun fyrrgreindra liða hafa í för með sér hreyfingarhindrun og sársauka við hreyfingar. Það má telja nokkurn veginn víst, að þessar slitbreytingar fari vaxandi með árunum.

Bjarni hefur orðið fyrir sköddun á taugarótum, sem ganga út frá hálshluta mænunnar.

Hryggtindur sjötta hálsliðar Bjarna hefur brotnað af, og brotið hefur ekki gróið, og engar líkur eru til þess, að það geri það.

Af því, sem sagt hefur verið í þessari greinargerð, ætti að vera fyllilega ljóst, að Bjarni hefur hlotið áberandi missmíði og mjög mikil örkuml vegna afleiðinga slyssins 31. des. 1958. Ekki eru neinar líkur til, að ástand hans, að því er þetta snertir, eigi eftir að breytast til batnaðar úr þessu. Hins vegar má telja nokkurn veginn víst, að ástandið eigi eftir að versna. Það má telja alveg útilokað, að hann verði nokkurn tíma fær til erfiðisvinnu hér eftir.

Af þessu leiðir, að ekki verður hjá því komizt að áætla Bjarna örorku, þar á meðal mikla framtíðarörorku, vegna slyssins 31. des. 1958 og afleiðinga þess.

Örorka, þar á meðal framtíðarörorka, vegna slyssins 31. des. 1958 og afleiðinga þess þykir hæfilega metin, svo sem hér segir:

Frá slysdegi til 31/1 1959	100%
— 1/2 1959 til 31/7 1959	80%
— 1/8 1959 til 31/12 1961	60%
— 1/1 1962, framtíðarörorka:	45%.

Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann um tryggingarmál til að reikna út heildarverðmæti tjóns þess, er stefnandi hafði beðið af örorku sinni, miðað við framangreint örorkumat. Upplýst er, að vinnutekjur stefnanda hafa verið sem hér segir:

1957	kr. 47.891.00
1958	— 58.820.00
1959	— 39.149.00
1960	— 37.169.00
1961	— 69.297.00

Tryggingarfræðingurinn hefur gert áætlun um vinnutekjur stefnanda fram í tímann út frá vinnutekjum hans árin 1957—1958. Er það gert með því að umreikna vinnutekjur þessara tveggja ára til kauplags í árslok 1958 og gera síðan ráð fyrir

vísitölubreytingum og grunnkaupshækkunum, eins og síðar hafa orðið á kaupi verkamanna, og síðan reiknað vinnutekjutap, miðað við framangreinda örorku. Niðurstaða er vinnutekjutap kr. 424.669.00. Reiknað er með 7% ársvöxtum. Frádráttur vegna opinberra gjalda hefur ekki verið gerður. Matsgerð þessi er dags. 26. marz 1963. Síðar óskaði lögmaður stefnanda eftir nýrri matsgerð á tekjutjóni umbjóðanda síns hjá sama tryggingarfræðingi, þar sem tekið væri tillit til þeirra almennu kauphækkana, er síðar höfðu orðið, og er verðmæti áætlaðs vinnuteknataps samkvæmt því kr. 485.877.00 eða jafnt og kröfunni nemur, en frá dregst það, sem stefnandi hefur fengið greitt, sbr. að framan, kr. 33.515.00, og verður krafan þá kr. 563.672.00.

Varnaraðili hefur mótmælt lið þessum sem allt of háum, meðal annars með tilliti til þess, að bæturnar eru útsvars- og tekjuskattsfrjálsar.

Stefnandi var 28 ára gamall verkamaður, þegar hann slasaðist, og átti fyrir konu og 4 börnum að sjá. Ekki er upplýst annað en stefnandi hafi verið heilsuhraustur fyrir slysið. Þegar á þetta er litið og allt, sem að framan er rakið, þykir hæfilegt með tilliti til framangreindrar sakarskiptingar og þess, sem stefnandi hefur fengið greitt í bætur, að stefndi greiði honum samkvæmt lið þessum kr. 180.000.00.

Um lið 2:

Stefndu hafa mótmælt þessum lið sem allt of háum. Að framan hefur verið lýst ýtarlega meiðslum stefnanda, líðan hans eftir slysið og hvernig heilsu hans hefur verið háttað. Með tilvísan til þessa þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda undir þessum lið kr. 30.000.00, og ber stefndu að greiða helminginn af því eða kr. 15.000.00.

Um lið 3:

Þessum lið hefur ekki verið mótmælt tölulega, en hann verður tekinn með í málskostnaði.

Samkvæmt framanrituðu ber stefnda að greiða stefnanda kr. 180.000.00 og kr. 15.000.00, samtals kr. 195.000.00, með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1958 til greiðsludags. Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilegur kr. 35.000.00, þar af kr. 330.00 í dómsmálagjöld til ríkissjóðs.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa, og

stafar það af því, að annar meðdómsmaður þurfti að fara til útlanda, rétt eftir að málið var flutt.

Dóm þenna kváðu upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógeta, og meðdómsmennirnir Anton Kristjánsson rafvirkjameistari og Ingólfur Árnason rafveitustjóri.

Dómsorð:

Stefnda, Rafveita Akureyrar, greiði stefnanda, Bjarna Hjaltalín, kr. 195.000.00 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1958 til greiðsludags og kr. 35.000.00 í málskostnað, þar af kr. 330.00 í ríkissjóð, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Dóminum má fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1965.

Nr. 110/1964. **M** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
K og gagnsök (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1964. Hann krefst *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en *til vara*, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði hans. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. október 1964 og gjafsóknarleyfi sama dag, áfrýjað málinu með stefnu 16. s. m. Krefst hún þess *aðallega*, að aðaláfrýjandi verði dæmdur faðir meybarns þess, X, er hún ól 3. marz 1963, og dæmt skylt að greiða henni meðlag með barninu

frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs svo og fæðingarstyrk og almennt tryggingariðgjald fyrir árið 1963, allt eftir yfirvaldsúrskurði. *Til vara* krefst gagnáfrýjandi, að henni verði dæmdur fyllingareiður. Þá krefst hún og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð ljósmóður um fæðingu barnsins. Samkvæmt því var lengd þess 50 cm og þungi 3000 gr. og barnið fullburða.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að eiðsfrestur ákveðst tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa og um málskostnað fer, svo sem síðar greinir.

Ef gagnáfrýjandi vinnur eiðinn, skal aðaláfrýjandi greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 22.462.00, er renni í ríkissjóð.

Ef gagnáfrýjanda verður eiðfall, greiði hún aðaláfrýjanda kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði falli niður.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði, sbr. 215. gr. laga nr. 85/1936, og hér fyrir dómi greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 18.000.00.

Það athugast, að eigi sézt, að ljósmóðir sú, sem tók á móti barni gagnáfrýjanda, hafi spurt hana um faðerni barnsins, eins og boðið er í 214. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til eiðvinningar er tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa. Ef gagnáfrýjandi, K, vinnur eiðinn, skal aðaláfrýjandi, M, greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 22.462.00, er renni í ríkissjóð.

Nú verður gagnáfrýjanda eiðfall, og skal hún þá greiða aðaláfrýjanda kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadóms Árnessýslu 31. marz 1964.

Ár 1964, þriðjudaginn 31. marz, var á aukadómþingi Árnessýslu, sem haldið var í skrifstofu embættisins á Selfossi af fulltrúa sýslumanns, Snorra Árnasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 8/1963: K gegn M, sem dómtekið var hinn 20. þ. m.

Mál þetta er höfðað af sóknaraðilja, K, til heimilis ...., á hendur M, verzlunarmanni, ..., ..., og gerir hún þær dómkröfur aðallega, að varnaraðili verði dæmdur faðir að óskilgetnu barni hennar, X, fæddri 3. marz 1963, og að honum verði gert að greiða meðlag með barninu frá fæðingu til fullnaðs 16 ára aldurs þess svo og kostnað vegna fæðingar þess og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Til vara gerir hún þá dómkröfu, að henni verði dæmdur fyllingareiður og varnaraðili dæmdur til að greiða henni málskostnað að skaðlausu.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja og hún verði dæmd til að greiða honum allan kostnað af málinu að mati dómsins.

Atvik málsins eru þessi:

Hinn 3. marz 1963 ól sóknaraðili máls þessa óskilgetið meybarn, er síðar hlaut nafnið X. Föður að barni þessu lýsti hún varnaraðilja máls þessa, en hann hefur eigi viljað gangast við faðerninu, og var því til þessa máls stofnað.

Sóknaraðili kom fyrir sakadóm Rangárvallasýslu 6. júní s.l. Segir hún þar, að hún hafi kynnzt varnaraðilja, að því er hana minnir, í október 1961, er hún var starfsstúlka í Hótel Hveragerði, og hófst þá nokkuð náinn kunningsskapur milli hennar og varnaraðilja, án þess að þau hefðu samfarir. Hún fór heim til sín að .... um jólaleytið, fór síðan til Vestmannaeyja, en fór að vinna í Þorlákshöfn í byrjun júní 1962.

Eftir að hún kom til Þorlákshafnar, kveðst hún oft hafa skroppið til Hveragerðis, aðallega um helgar, og hitt þar varnaraðilja og haft nokkrum sinnum við hann samfarir. Ekki kveðst hún

muna, hvenær þau höfðu fyrst samfarir, en segir, að það hafi oftast átt sér stað í Hveragerði og nokkrum sinnum á Selfossi.

Í sakadómi Rangárvallasýslu hinn 12. júní kveðst sóknaraðili alls ekki muna, hvenær hún varð þess vör, að hún væri orðin vanfær, eða hvenær hún hafði síðast tíðir fyrir barnsburð, en kveðst alltaf hafa haft reglubundnar tíðir. Hún segir, að hún hafi ekki farið að vinna í Þorlákshöfn fyrr en 2. júlí 1962.

Hún kveðst hafa aflað sér upplýsinga um það, að hún hafi komið heim til sín .... 5. maí og verið þar fram að mánaðamótum maí og júní, og minnist þess nú, að þá fór hún út í Hveragerði, dvaldi þar nokkra daga og bjó í herbergi á Hótel Hveragerði, er systir hennar, A, er þá starfaði þar, hafði útvegað henni. Hún kveðst þá hafa hitt varnaraðilja og minnist þess að hafa haft samfarir við hann.

Sóknaraðili kom fyrir aukadómþing Rangárvallasýslu 20. júní. Þar segir hún m. a.: „Mætta ítrekar, að hún muni það nú rétt, að hún hafi verið í Hveragerði í nokkurra daga heimsókn hjá systur sinni A um mánaðamótin maí/júní 1962 og hitt kærða þá á hverjum einasta degi.

Hún kveðst muna eftir því, að er hún dvaldi í þetta umrædda skipti í Hveragerði og var eina nótt að koma frá dansleik að Hvoli, Hvolsvelli, í langferðabifreið, að er hún kom að hótelinu og ætlaði að halda þar inn, að kærði kom þar að í bifreið sinni og óskaði að fá að fara inn með henni. Þar sem mætta hafði eigi lykla að hótelinu, varð hún að vekja systur sína til að opna fyrir sér.

Mætta kveður systur sína, A, hafa gert það og hleypt sér og kærða inn. Kveður mætta kærða hafa farið með sér inn í herbergi, er mætta hafði á hótelinu. Kveður mætta kærða hafa dvalizt þarna hjá sér í herberginu drjúglanga stund og haft við hana holdlegar samfarir.

Mætta kveðst eigi muna, hvað klukkan var, er hún í umrætt skipti kom frá Hvoli til Hveragerðis, en telur, að hún hafi verið um 0300 til 0330.

Mætta kveðst minnast þess að hafa haft samfarir við kærða á Selfossi og þar í bifreið hans, en kveðst eigi muna, í hvaða mánuði það var, kveður það hafa átt sér stað inni í kauptúninu að næturlagi, en kveðst ekki geta tilgreint staðinn, þar sem hún sé algerlega ókunnug á Selfossi.

Mætta telur það rétt vera, að hún hafi eigi gefið kærða til kynna, að hún væri barnshafandi.“

Vitnið A, systir sóknaraðilja, lýsir atburðinum í Hótel Hveragerði aðfaranótt 3. júní svo í réttarhaldi 12. júní 1963: „Vitnið kveðst hafa byrjað að starfa á Hótel Hveragerði um 25. maí 1962. Vitnið kveðst örugglega minnast þess, að um mánaðamótin maí og júní 1962 kom systir hennar, K, í heimsókn til hennar í Hótel Hveragerði og dvaldist þar í nokkra daga eða um viku tíma.

Vitnið kveðst minnast þess, að er systir hennar, K, dvaldi þessa daga í Hveragerði, að hún vakti hana upp eina nótt um kl. 0300 og bað hana að hleypa sér inn, en vitnið kveður K hafa verið gest sinn á hótelinu þessa daga, en bjó í öðru herbergi en vitnið.

Vitnið kveðst hafa hleypt systur sinni inn ásamt M, ..., er vitnið kveður hafa komið með systur sinni á hótelið, og fóru þau K og M inn á herbergi K. Voru þau saman þar um nóttina, og hyggur vitnið, að þau hafi verið um 3 tíma saman í herberginu.

Vitnið kveðst hafa orðið þess vart, er M yfirgaf herbergi systur sinnar um kl. 0600 um morguninn.

Vitnið kveðst ekki hafa talað við M, er hann kom með K inn á hótelið umrædda nótt, en kveðst bæði hafa séð, að þar var M, og einnig þekkt rödd hans, en vitnið kveðst vera honum málkunnugt.

Þá kveður vitnið einnig bifreið M hafa staðið fyrir utan Hótel Hveragerði þessa nótt.

Vitnið kveðst um morguninn hafa sagt ráðskonunni á Hótel Hveragerði, B, ..., Reykjavík, frá því, að það hafi hleypt systur sinni, K, og M inn á Hótel Hveragerði umrædda nótt."

Í réttarhaldi 13. nóvember segir sama vitni:

„Nánar aðspurð um atvik það, sem lýst er í dómskjali nr. 7, er vitnið hleypti kæranda og kærða inn á hótelið í Hveragerði, segir vitnið, að þetta hafi skeð aðfaranótt 3. júní 1962, og er vitnið öruggt um það, því þetta var fyrsta eða önnur helgin, sem vitnið vann á hótelinu þetta sumar, og var kærandi gestur þess. Kærandi fór á dansleik á laugardagskvöldið, vitnið veit ekki hvert. Um nóttina vaknaði vitnið við það, að kastað var steini í glugga þess. Var þar komin kærandi, sem bað vitnið að opna fyrir sér. Vitnið segir, að er það kom í útidyrnar portmegin, hafi bifreið staðið utan við portið gegnt dyrunum. Þekkti vitnið, að þetta var bifreið kærða, og þekkti það hann, þar sem hann sat í bifreiðinni. Vitnið opnaði dyrnar, og kom kærandi inn fyrir. Vitnið kveðst síðan hafa farið upp á herbergi sitt,

en hún bjó á herbergi nr. 3, rétt við stigann. Þær ræddust ekkert við. Er vitnið var komið inn á herbergi sitt, heyrði það, að kærandi kom upp stigann og kærði með henni. Vitnið heyrði, að þau töluðust við, en greindi ekki önnur orð en: Hafðu ekki hátt. Vitnið heyrði, að þau fóru inn í herbergi nr. 2, sem er gegnt herbergi vitnisins, og var lykli snúið í skránni. Kærandi hafði herbergi þetta til umráða. Vitnið kveðst hafa litið á veggklukku í herbergi sínu, er það var vakið, og var hún þá 3. Vitnið kveðst síðan ekkert hafa heyrt frá herbergi nr. 2 um nóttina, en kl. 6 um morguninn heyrði það, að gengið var ofan stigann. Vitnið kveðst hafa farið niður til að athuga, hvort húsið væri læst. Á leiðinni niður kveðst vitnið hafa heyrt, að bifreið var ræst. Húsið reyndist opið, þ. e. bakdyr, og lokaði vitnið þeim. Vitnið kveðst hafa þekkt málróm kærða í stiganum um nóttina. Vitnið kveðst ekki hafa rætt málið við kæranda um morguninn, en hafa sagt matráðskonu hótelsins frá því, að það hefði hleypt kæranda og kærða inn um nóttina. Vitnið sá kærða ekki í umrætt skipti, nema þar sem hann sat í bifreið sinni, og sá hann ekki koma inn í hótelið.

Aðspurt kveðst vitnið hafa haft grun um, að kærandi og kærði hefðu eitthvað verið að draga sig saman, en ekki hafa vitað nánar um það, áður en þetta skeði.

Vitnið kveðst ekki hafa séð númer á bifreið þeirri, er kærði var í."

Um þenna atburð segir vitnið B svo:

„Vitnið kveðst hafa unnið á Hótel Hveragerði sumarið 1962 og líklega komið þangað í byrjun júní, vitnið man ekki nákvæmlega, hvenær það kom, en segir, að A hafi verið komin á undan því. Vitnið minnist þess, að kærandi dvaldi eitthvað á hótelinu í júní, viku eða hálfan mánuð eða svo. Aðspurt, hvort vitnið hafi orðið þess vart fyrstu helgina í júní, að kærði og kærandi hafi dvalið í hótelinu að næturlagi, kveðst vitnið ekki vita annað um það en það, sem A hafi sagt sér. Nánar aðspurt segir vitnið, að það hafi haft orð á því um morguninn, hvaða umgangur hafi verið um nóttina í húsinu, hvort ekki væri hægt að fá svefnfrið. A sagði þá, að hún hefði verið að hleypa systur sinni inn um nóttina, og hún bætti við: Veiztu, hver fór inn með henni? Er vitnið neitaði því, sagði A, að það hefði verið kærði. Aðspurt, hvort A hafi sagt, að hún hefði hleypt kærða inn, segir vitnið, að hún hafi ekki sagt það, en sagðist hafa séð

hann úti. Vitnið varð vart við umgang í húsinu um nóttina, en veit ekki, hvað klukkan var.

Nánar aðspurt kveðst vitnið ekki geta sagt um, hvaða mánaðardag þetta var; kveðst ekkert hafa sett það á sig, en segir, að kærandi hafi dvalið á hótelinu einhvern tíma, er þetta átti sér stað.

Aðspurt, hvort vitnið viti eitthvað frekar um samband kærða og kæranda, kveðst vitnið ekki hafa séð neitt til þeirra. Aðspurt, hvort kærandi hafi rætt við vitnið um samband sitt við kærða, segir vitnið, að þær hafi aldrei rætt um kærða."

Í réttarhaldi 13. nóvember segir sóknaraðili, að hún hafi aðeins þrisvar haft samfarir við varnaraðilja, þ. e. í hótelherbergi Hótel Hveragerði síðari hluta nætur aðfaranótt sunnudagsins 3. júní 1962, í bifreið á leiðinni frá Selfossi að .... í nóvember 1962 og í bifreið varnaraðilja á Laugardælaafleggjara. Hún veit ekki hvenær nákvæmlega, en segir það hafa verið, eftir að þau voru saman í Hótel Hveragerði.

Ekki kemur fram annað en umrætt barn hafi verið fullburða og því eðlilegastur getnaðartími þess af þessum tilgreindu tímum aðfaranótt 3. júní, því að samfarirnar á Laugardælaafleggjara virðast hafa farið fram síðar um sumarið, eftir að farið var að bregða birtu á kvöldin.

Varnaraðili hefur algerlega neitað að hafa farið með sóknaraðilja inn á Hótel Hveragerði umrædda nótt, telur sig hafa verið heima hjá sér og hefur leitt vitnið C því til sönnunar.

Vitnið segir svo: „Aðspurt kveðst vitnið hafa dvalið á heimili kærða laugardagskvöldið 2. júní 1962 og fram eftir nóttu. Tilefnið, segir vitnið, að einkum hafi verið að ræða um væntanlega veiðiferð um hvítasunnuna, sem var um næstu helgi. Vitnið segir, að gestur þetta kvöld hafi einnig verið D, Hveragerði. Nánar aðspurt, hvort vitnið sé visst um, að þetta hafi verið aðfaranótt 3. júní, segist vitnið ekki muna betur en svo hafi verið.

Vitnið segir, að M hafi verið háttaður, áður en það fór, og kveðst það hafa setið um stund á rúmstokk hans, áður en það fór heim. Vitnið segir, að D og kona kærða hafi farið eitthvað út um nóttina og voru ekki komnar, er vitnið fór. Aðspurt, hvenær vitnið hafi farið, kveðst það ekki geta sagt um það, annað en að áliðið hafi verið, og gizkar vitnið á, að klukkan hafi verið 4—5 að nóttu. Vitnið minnist þess ekki, að kærði færi neitt út úr húsinu um kvöldið eða nóttina. Vitnið minnist þess ekki, að fleiri gestir hafi komið á heimili kærða um kvöldið. Vitnið segir,

að það og kærði hafi farið í veiðitúr um hvítasunnuna og m. a. farið að Gíslholtsvatni. Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa heyrt talað um samband kærða og kæranda, fyrr en eftir að mál þetta var komið af stað.

Aðspurt segir vitnið, að vín hafi verið haft um hönd um nóttina, en segir, að kærði hafi ekki farið að hátta vegna ölvunar. Vitnið segir, að það og kærði hafi verið góðglaðir, en ekki ölvaðir."

Um samfarirnar á Selfossi segir sóknaraðili þetta í réttarhaldi hinn 13. nóvember: „ Aðspurð kveðst kærandi hafa komið að Selfossi vorið 1962 og verið þar að verzla. Rétt fyrir lokun í búðum kveðst hún hafa hitt kærða á götunni og farið í bifreið hans, en hann síðan ekið austur fyrir þorpið, og þar hafi þau haft samfarir í bifreiðinni." Sóknaraðili var látin vísa á stað þann, er þessir atburðir áttu að gerast, og vísaði hún á afleggjara af þjóðvegi að Laugardælum, nýja veginn, og á stað rétt norður af verkstæðisbyggingum Kaupfélags Árnesinga. Hún sagði, að ekki hafi verið dimmt, en ekki fullbjart í umrætt skipti."

Varnaraðili kveðst ekkert kannast við umræddan atburð og neitar honum með öllu.

Varðandi samfarirnar í bifreiðinni á leiðinni frá Selfossi ...., segir sóknaraðili, að félagi varnaraðilja hafi ekið henni og E, um nótt frá Selfossi heim til þeirra eftir dansleik. Segir, að hún hafi setið í aftursæti á leiðinni ásamt varnaraðilja og að þau hafi haft samfarir í bílnum á leiðinni. Varnaraðili kannast við atvik þetta, að öðru leyti en því að hann segir þau ekki hafa haft samfarir. Þau eru sammála um, að þetta hafi verið í nóvember 1962.

Vitnið F, sem ók bifreiðinni í umrætt skipti, telur, að þá hafi E ekki verið með, heldur G. Vitnið segir svo: „Þau kærandi og kærði sátu ein í aftursæti bifreiðarinnar, og veitti vitnið því enga athygli, hvað þeim fór á milli. Dimmt var úti og ekki haft ljós í bifreiðinni."

Varnaraðili sendi sóknaraðilja jólakort heim .... um jólin 1962, og var efni þess þetta: „Elsku K mín. Gleðileg jól, ég þakka þér fyrir allt á liðna árinu, fyrirgefðu mér ef þú getur. Sjáumst bráðum. Kær kveðja. Þinn vinur. M. Carol. Ég gleymi þér ekki. Ekki senda mér kort."

Varnaraðili kveðst hafa sent sóknaraðilja kortið sem kunningja, en ekkert hafi legið þar á bak við.

Vitnið H, Hótel Hveragerði, greinir frá því, að einu sinni um veturinn 1961—1962, er sóknaraðili var starfandi á hótelinu, var það á dansleik, að vitnið sendi sóknaraðilja ofan í kjallara undir leiksviðinu til að sækja þurrkur. Er hún kom til baka, var henni brugðið, og er vitnið spurði hana, hvað væri að, kvaðst hún hafa hitt varnaraðilja í kjallaranum, en um leið hafi .... kona hans komið að og hún ásakað þau fyrir að eiga þarna stefnumót.

Vitnið I, hótelhaldari, Hveragerði, segir svo frá: „Aðspurt, hvort vitnið viti eitthvað um samband kærða og kæranda í máli þessu, kveðst vitnið ekkert hafa vitað um það, en einu sinni, meðan kærandi var ennþá starfsstúlka hjá honum, kom vitnið á heimili kærða. Var þá uppsteit á heimilinu, og ásakaði .... kona kærða, vitnið og H um, að þau væru í vitorði með kærða og kærandi um samdrátt á milli þeirra. Vitnið vissi ekkert um þetta fyrr, og kom það því mjög á óvart, og eftir þetta kveðst vitnið hafa reynt að fylgjast með þeim kærða og kærandi, en aldrei getað merkt, að neitt hefði verið á milli þeirra."

Eftir aðiljum er bókað eftirfarandi í réttarhaldi 13. nóvember: .... „Kærandi segir kærða hafa gert sér orð í Hótel Hveragerði, um það leyti sem hún vann í Þorlákshöfn, og beðið sig að finna sig niður á þjóðveg, sem hún kveðst hafa gert, og hafi hann síðan ekið með hana niður í Ölfus og viljað fá hana heim með sér, því konan væri ekki heima; væri uppi í Biskupstungum, en af því varð ekki. Kærði kannast við að hafa farið í umrædda bifreið og hitt kærandi við sjoppuna. Hann minnist þess ekki að hafa boðað kærandi og neitar að hafa beðið hana að koma heim með sér. Kærandi kveðst hafa farið úr bifreiðinni við Eden, að beiðni kærða. Kærði segir það rétt."

Hinn 30. desember s.l. undirritaði sóknaraðili svofellda yfirlýsingu að tilhlutan sóknarprestsins ....: „M ...., ...

Ég undirrituð hefi í dag tjáð ...., sóknarpresti mínum, að ofannefndur M sé faðir X, dóttur minnar, fæddrar 3. marz 1963, og legg drengskap minn við sannleika þess framburðar.

....., 30/12 1963.

K."

Nálægt þremur mánuðum eftir að barnið fæddist, fór varnaraðili austur .... og hafði tal af sóknaraðilja. Eigi ber þeim saman um, hvað þeim fór á milli, að öðru leyti en því, að varnaraðili hafi boðizt til að útvega sóknaraðilja pláss annars staðar en á heimili foreldra hennar ....

Varnaraðili hefur stöðugt neitað samförum við sóknaraðilja, og þar eð eigi liggja að öðru leyti fyrir sönnur á, að þau hafi haft samfarir á getnaðartíma barnsins, verður að láta úrslit málsins velta á eiði. Kemur þá til álita, hvor aðilja hefur það meira til síns máls, að veita beri honum eiðsheimild. Skal nú rifjað upp það helzta, er fram hefur komið í málinu til styrktar málstað sóknaraðilja: Sóknaraðili hefur leitt að því sterkar líkur, að varnaraðili hafi farið með henni inn í Hótel Hveragerði aðfaranótt 3. júní 1962 og dvalizt þar lengri tíma. Sérstaklega benda samræður þeirra vitnanna A og B næsta morgun til þess, að A þættist þess fullviss, að varnaraðili hafi farið inn á hótelið.

Umboðsmaður varnaraðilja hefur að vísu haldið því fram, að A hafi hvorki getað þekkt hann í bifreið utan hússins né þekkt rödd hans í stiganum. Mjög náinn kunningsskapur virðist hafa verið með aðiljunum. Sóknaraðili dansar við varnaraðilja, þótt hann dansi yfirleitt ekki, hann fer með henni einn í ökuferð niður í Ölfus, og hann situr einn með henni í aftursæti bifreiðar frá Selfossi .... í myrkri, og hann viðurkennir að hafa kysst hana 2var, 3var sinnum í lok dansleikja. Hann sendir henni jólakort, sem virðist bera með sér, að mjög náið samband hafi verið á milli þeirra. Konu varnaraðilja grunar, að ástarsamband hafi verið á milli aðilja. Ekkert bendir til þess, að sóknaraðili hafi verið með öðrum karlmönnum á getnaðartíma barnsins, og ekkert vitnanna telur hana hafa lauslætisorð á sér. Hún undirritar drengskaparyfirlýsingu hjá presti sínum um, að varnaraðili sé faðir barnsins. Varnaraðili er fjölskyldumaður, sem leitar ásta ungrar stúlku.

Hann ekur .... til að tala við hana eftir fæðingu barnsins og býður henni aðstoð við að komast að heiman.

Til styrktar málstað varnaraðilja er þetta: Hann hefur stöðugt neitað samförum við sóknaraðilja. Mikið ósamræmi er í framburði sóknaraðilja og ónákvæmni, bæði hvað viðvíkur skiptum aðilja og tímaákvörðun. Hún kennir að vísu sjúkleika um rangar skýrslur í fyrsta réttarhaldi. Varnaraðili leiðir að því líkur, að hann hafi verið heima hjá sér aðfaranótt 3. júní 1962 með vitnisburði C. Vitnið fullyrðir þó ekki, að það hafi verið heima hjá honum umrædda nótt, en segist ekki muna betur en svo hafi verið. Ekki getur vitnið fullyrt, hvenær það fór um nóttina, en gizkar á kl. 4—5.

Sóknaraðili sagði varnaraðilja ekki frá því, að hún væri barnshafandi.

Varnaraðili segir, að sóknaraðili hafi sótzt eftir honum, og styður eitt vitni það. Sóknaraðili kveðst álíta, að varnaraðili hafi engu síður sótzt eftir sér en hún honum, að minnsta kosti hafi hún staðið í þeirri trú.

Blóðrannsók fór fram tvívegis, og varð sama niðurstaða í bæði skiptin og á þann veg, að varnaraðili var ekki útilokaður frá að vera faðir barnsins.

Að öllu þessu athuguðu verður að telja, að sóknaraðili hafi meiri líkur með sér og beri því að dæma henni fyllingareið þannig, að ef hún vinnur eið að því, að hún hafi haft holdlegar samfarir við varnaraðilja á hugsanlegum getnaðartíma barnsins, sem samkvæmt umsögn læknisins telst vera á tímabilinu frá 28. apríl til 6. júlí 1962, skuli varnaraðili teljast faðir umrædds barns og hann skyldaður til meðlagsgreiðslu og greiðslu fæðingarstyrks. Verði sóknaraðilja eiðfall, ber að sýkna varnaraðilja af öllum kröfum í málinu.

Rétt þykir, annars vegar vegna lélegs málatilbúnaðar sóknaraðilja, svo sem ósamræmis í framburði og þess að koma eigi þegar í upphafi fram með allar þær upplýsingar, er hún mátti vita, að málskostnaður verði eigi lagður á varnaraðilja, þótt hún vinni eiðinn. Eigi þykir heldur rétt að leggja málskostnað á sóknaraðilja, þótt henni verði eiðfall. Málskostnaður fellur því í báðum tilfellum niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, sem teljast hæfilega ákveðin kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ef sóknaraðili, K, vinnur eið að því á lögmæltu varnarþingi sínu innan 3ja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við varnaraðilja og hann einan á tímabilinu frá 28. apríl til 6. júlí 1962, að báðum dögum meðtöldum, skal varnaraðili, M, teljast faðir meybarns þess, er hún ól hinn 3. marz 1963 og hlaut nafnið X, og greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, enn fremur fæðingarstyrk og tryggingariðgjald barnsmóður, allt samkvæmt úrskurði yfirvalds.

Ef sóknaraðilja verður eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af öllum kröfum hans í máli þessu.

Hvort sem sóknaraðili vinnur eiðinn eða verður eiðfall, fellur málskostnaður niður.

Laun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 1. febrúar 1965.

Nr. 200/1964. **Sigrún Arthúrsdóttir**
gegn
Brandi Brynjólfssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigrún Arthúrsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. febrúar 1965.

Nr. 87/1964. **Jón Brynjólfsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Sigurði Árnasyni og gagnsök
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Kaup og sala. Samningar. Skaðabótakrafa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1964 og krafizt þess, að honum verði dæmd

sýkna og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. maí 1964 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að aðaláfrýjanda verði, að viðlögðum 500 króna dagsektum, dæmt að láta gagnáfrýjanda í té afsal fyrir kjallaraíbúðinni í húsinu nr. 28 við Skaftahlíð í Reykjavík ásamt tilheyrandi leigulóðarréttindum og öllu, sem henni fylgir og fylgja ber, þ. e. 16.13% fasteignarinnar allrar, gegn því, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda við afhendingu afsals kr. 150.000.00 í peningum og kr. 230.000.00 í skuldabréfi til 10 ára með jöfnum árlegum afborgunum og 7% ársvöxtum frá þeim degi, sem gagnáfrýjandi fær afnot íbúðarinnar, enda sé skuldabréf þetta tryggt með 1. veðrétti í íbúðinni. Íbúðin verði á afsalsdegi laus úr veðböndum og eigi á nokkurn hátt háð öðrum eða meiri kvöðum en þeim, sem á henni voru, þegar aðaláfrýjandi keypti hana af Marteini Davíðssyni með heimildarbréfi, dags. 15. marz 1958. Þá verði aðaláfrýjanda dæmt að greiða honum kr. 20.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 8. desember 1962 til greiðsludags í bætur fyrir margháttuð óþægindi og vinnutap, sem hann hefur orðið fyrir sökum vanefnda aðaláfrýjanda. Loks að aðláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Varakrafa: Efnislega að öllu leyti sú sama sem aðalkrafa að öðru en því, að útborgun verði kr. 162.857.14, en umrætt veðskuldabréf kr. 217.142.86. En um málskostnaðinn fari svo sem í aðalkröfu greinir.

Þrautavarakrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Hinn 3. september 1962 gerði gagnáfrýjandi kauptilboð í kjallaraíbúð hússins nr. 28 við Skaftahlíð í Reykjavík ásamt öllu því, er henni fylgdi, fyrir kr. 350.000.00, sem greiðast skyldu með kr. 150.000.00 í peningum við útgáfu afsals og

kr. 200.000.00 með skuldabréfi, tryggðu með 1. veðrétti í hinum selda eignarhluta. Skyldi skuldabréfið ásamt 7% ársvöxtum afborgast á 10 árum frá afnotadegi íbúðarinnar, þ. e. frá 1. október 1962. Hinn 4. september 1962 ritaði aðaláfrýjandi svohljóðandi yfirlýsingu á kauptilboðið: „Samþykkur framanrituðu tilboði með því að söluverð sé kr. 380.000.00." Þá ritaði gagnáfrýjandi hinn 4. september 1962 á kauptilboðið: „Samþykkur framanritaðri breytingu." Þess er eigi getið í samningi aðilja, hvernig þær kr. 30.000.00, er kaupverðið átti að hækka um, skyldu greiðast. Fór því um það atriði eftir meginreglunni í 14. gr. laga nr. 39/1922, þ. e. greiða bar þær í peningum við útgáfu afsals. Gagnáfrýjandi hefur aldrei boðið þessa greiðslu fram, heldur haldið því fram, að skuldabréf það, sem í samningnum greinir, ætti að hækka um hana. Þar sem gagnáfrýjandi þannig hefur eigi gert löglegt greiðslutilboð, er aðaláfrýjandi nú eigi bundinn við kaupsamninginn, og ber því að taka kröfu hans um sýknu í málinu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Jón Brynjólfsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Sigurðar Árnasonar, í málinu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
prófessors Magnúsar Þ. Torfasonar.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, komst á bindandi kaupsamningur með aðiljum um kjallaraíbúð aðaláfrýjanda í húsinu nr. 28 við Skaftahlíð. Samningur þessi var ófullkominn að því leyti, að eigi var sérstaklega ákveðið, hvenær og hvernig gagnáfrýjandi skyldi greiða þær kr. 30.000.00, sem kaupverðið var hærra en upphaflegt tilboð hans. Er þá rétt að skýra samning aðilja svo, að aðaláfrýj-

andi hafi mátt krefjast þess, að gagnáfrýjandi greiddi þessa fjárhæð í reiðufé, er hann fengi afsal fyrir íbúðinni.

Samkvæmt gögnum málsins og svo sem nánar greinir í héraðsdómi, neitaði aðaláfrýjandi frá öndverðu að efna kaupsamning aðilja. Gagnáfrýjandi lýsti sig hins vegar reiðubúinn til að efna samninginn í samræmi við skilning sinn á hinum ófullkomnu ákvæðum hans um greiðslu kaupverðs. Eigi andmælti aðaláfrýjandi þeim skilningi afdráttarlaust, og eigi tjáði hann sig um það, hverrar útborgunar hann teldi sig geta krafizt samkvæmt samningnum né á hvern hátt greiðslutilboði gagnáfrýjanda væri áfátt. Að svo vöxnu máli getur aðaláfrýjndi, sem hafði synjað án réttmætra ástæðna að standa við samninginn, eigi nú borið fyrir sig, að hann hafi mátt rifta kaupunum, vegna þess að gagnáfrýjandi hafi ekki boðið fram fullnægjandi greiðslu á kaupverðinu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því er varðar skyldu aðaláfrýjanda til að gefa út afsal fyrir íbúðinni, þó þannig að dagsektir byrji eigi að falla á fyrr en 4 vikum eftir birtingu dóms þessa, ef aðaláfrýjandi hefur þá eigi fullnægt skyldu sinni um útgáfu afsals.

Þá ber enn fremur að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdómara, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kostnað af þinglýsingu hins samþykkta kauptilboðs, kr. 1.962.50, ásamt vöxtum, svo sem krafizt er, enda er vaxtakröfunni eigi sérstaklega andmælt. Að öðru leyti er skaðabótakrafa gagnáfrýjanda engum gögnum studd og verður því ekki tekin til greina.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Samkvæmt framansögðu verður dómsorð mitt þannig:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um skyldu aðaláfrýjanda, Jóns Brynjólfssonar, til að gefa út afsal fyrir kjallaraíbúðinni í húsinu nr. 28 við Skaftahlíð í Reykjavík til handa gagnáfrýjanda, Sigurði Árnasyni, eiga að vera óröskuð að öðru leyti en því, að frestur til útgáfu afsalsins er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 1.962.50 með 8%

ársvöxtum frá 8. desember 1962 til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. apríl 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f. m., hefur Sigurður Árnason húsgagnasmiður, Efstasundi 2, Reykjavík, að undangenginni árangurslausri sáttameðferð, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 8. febrúar 1963, gegn Jóni Brynjólfssyni endurskoðanda, Grettisgötu 54, hér í borg, „til þess að fá hann dæmdan, að viðlögðum 500 króna dagsektum, til að láta stefnanda í té afsal fyrir kjallaraíbúðinni í húsinu nr. 28 við Skaftahlíð, hér í borg, ásamt tilheyrandi leigulóðarréttindum og öllu, sem henni fylgir og fylgja ber, gegn því, að stefnandi greiði stefnda við afhendingu afsals kr. 150.000.00 í peningum og kr. 230.000.00 í skuldabréfi til tíu ára með jöfnum árlegum afborgunum og 7% ársvöxtum frá þeim degi, er stefnandi fær afnot íbúðarinnar, sbr. samþykkt kauptilboð um eign þessa, dags. 3. og 4. september 1962, og sé skuldabréf þetta tryggt með 1. veðrétti í íbúðinni. Er þetta aðalkrafa stefnanda, að því er varðar greiðslu kaupverðsins, en til vara kveðst hann geta sætt sig við, að peningagreiðslan hækki úr kr. 150.000.00, hlutfallslega sem svarar mismun í fjárhæð tilboðs hans, kr. 350.000.00, og gagntilboðs stefnda, kr. 380.000.00, en verði þó aldrei hærri en kr. 180.000.00. Fari fjárhæð skuldabréfsins eftir upphæð peningagreiðslunnar, þannig að allt kaupverðið, kr. 380.000.00, sé greitt við undirskrift afsals, og að skuldabréfið sé að öllu leyti eins og ráð er fyrir gert í hinu samþykkta kauptilboði, að breyttu breytanda.

Íbúðin verði á afsalsdegi laus úr veðböndum af hálfu seljanda, Jóns Brynjólfssonar, og eigi á nokkurn hátt háð öðrum eða meiri kvöðum en þeim, sem á henni voru, er hann keypti hana af Marteini Davíðssyni, sbr. afsal („kaupsamning"), dags. 15. marz 1957.

Einnig krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 20.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 8. desember 1962, til greiðsludags, fyrir margháttuð óþægindi og vinnutap, sem hann hafi orðið fyrir vegna vanefnda stefnda.

Loks krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að

greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands."

Stefndi hefur krafizt þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Í maímánuði árið 1962 fól stefndi Haraldi Guðmundssyni, löggiltum fasteignasala, hér í borg, að selja kjallaraíbúð sína í húsinu nr. 28 við Skaftahlíð í Reykjavík fyrir kr. 380.000.00. Á eigninni hvíldi lán hjá Andvöku, að upphæð ca. kr. 53.000.00, er fyrri eigandi hennar, Marteinn Davíðsson, hafði skuldbundið sig til að aflétta ásamt fleiri lánum, sbr. kaupsamninginn á dskj. nr. 6, sem var eina eignarheimild stefnda að eign þessari. Haraldur Guðmundsson kveður stefnda hafa talið sig hafa haft fulla tryggingu fyrir því, að láni þessu yrði aflétt.

Síðari hluta sumars þetta ár var stefnandi að leita fyrir sér hjá fasteignasölum borgarinnar um kaup á íbúð við sitt hæfi. Meðal þeirra fasteignasala, er stefnandi leitaði til, var Haraldur Guðmundsson, er benti honum á ýmsar íbúðir, er til greina gætu komið, þar á meðal nefnda kjallaraíbúð stefnda. Kveður stefnandi fasteignasalann hafa lýst því yfir, að eign þessi væri með öllu kvaðalaus. Hinn 3. september 1962 gerði stefnandi fyrir milligöngu Haralds Guðmundssonar 350.000.00 króna kauptilboð í eign þessa, og skyldi kaupverðið greiðast þannig:

„1. Kaupandi greiðir í peningum við afsal .... kr. 150.000.00

2. Kaupandi greiðir eftirstöðvar kaupverðsins við afsal með því að gefa út skuldabréf á 1. veðrétt í hinum selda eignarhluta með 7% ársvöxtum og jöfnum afborgunum á næstu 10 árum frá afnotadegi að telja ..... — 200.000.00

Samtals kr. 350.000.00"

Í kauptilboði þessu var það tekið fram, að eignin skyldi vera laus 1.10. 1962, og skyldi seljandi hafa arð og afnot af henni til þess tíma. Enn fremur var þess getið, að afsal skyldi fara fram, þegar tilboðið hefði verið samþykkt, en það stæði til 4/9 1962, kl. 6 eftir hádegi. Er tilboð þetta var komið í eignina, kveðst fasteignasalinn hafa sagt stefnda frá því. Hafi stefndi þá sagt, að Karl Jónsson læknir ætti eign þessa með sér.

Hinn 4/9 1962 samþykkti stefndi tilboð þetta „með því að söluverð sé kr. 380.000.00." Samdægurs féllst stefnandi á þetta gagn-

tilboð með svofelldri áritun á nefnt kauptilboð: „Samþykkur framanritaðri breytingu."

Fasteignasalinn kveðst nú strax hafa látið stefnda vita um þetta samþykki stefnanda og jafnframt beðið hann um afsal fyrir eigninni. En svo sem áður er frá greint, byggðist eignarheimild stefnda ekki á afsali, heldur þinglýstum kaupsamningi.

Fasteignasalinn aflaði sér nú veðbókarvottorðs um eignina. Kom þá í ljós, að fyrrnefnt Andvökulán hafði verið háð gengi í sterlingspundum, og var komið upp í u.þ.b. 123.000.00 ísl. krónur, eftir að búið var að afnema pundagreiðsluna. Þetta kveðst fasteignasalinn hafa látið stefnda vita og enn fremur, að ekkert hefði verið greitt niður af láni þessu. Þá kvaðst fasteignasalinn einnig hafa bent stefnda á, að í kaupsamningi (eignarheimild) stefnda væri ekkert tekið fram um geymslur eða hlutföll, og þyrfti að kippa þessu í lag með samþykki sameigenda stefnda, áður en stefnanda yrði veitt afsal. Hafi stefndi þá ekki talið sig hafa tryggingu fyrir meiru en kr. 40.000.00 upp í Andvökulánið og talið öll vandkvæði á, að hann gæti flutt lán þetta af eigninni. Yrði hann því að hætta við söluna. Sagðist fasteignasalinn þá hafa tjáð honum, að hann gæti hætt við þetta sín vegna, og skyldi hann enga sölulaunakröfu gera á hendur honum, enda kæmu þeir stefnandi og stefndi sér saman um þetta.

Næsta dag kveður fasteignasalinn stefnda hafa komið á skrifstofu sína og sótt þar samninga sína og veðbókarvottorð. Hins vegar hélt fasteignasalinn eftir kauptilboðinu og afhenti það síðar stefnanda, enda var nú í ljós komið, að hann (stefnandi) hélt fast við framangreint kauptilboð. Fasteignasalinn kveðst hafa skýrt stefnda frá þessari afstöðu stefnanda og sagt honum, að hann yrði að semja um þetta við hann, en stefndi hafi eigi sinnt þessum ábendingum, þrátt fyrir það að fasteignasalinn kveðst hafa gert ítrekaðar tilraunir til að fá hann til þess.

Hinn 20. september 1962 reit lögmaður stefnanda stefnda svohljóðandi ábyrgðar- og hraðbréf:

„Til mín hefur leitað Sigurður Árnason húsgagnasmiður, Efstasundi 2, Reykjavík.

Hann hefur sýnt mér samþykkt kauptilboð um eignarhluta yðar í húsinu nr. 28 við Skaftahlíð, hér í borginni, dags. 3. og 4. þ. m.

Umbj. m. kveðst óska þess að fá nú þegar afsal fyrir íbúðinni í samræmi við tilboðið, enda hefur hann jafnan verið fús til að standa við það af sinni hálfu, svo sem yður er kunnugt."

Hinn 25. s. m. ritaði lögmaður stefnanda stefnda enn bréf, þar sem hann ítrekaði fyrri kröfu sína um það, að stefndi gæfi út afsal fyrir eigninni, ella myndi hann höfða mál á hendur honum til þess að fá hann dæmdan, að viðlögðum dagsektum, til útgáfu afsals fyrir íbúðinni.

Þessari kröfu stefnanda hafnaði stefndi, enda kvaðst hann hafa litið svo á, að fasteignasalinn hefði afhent sér sölugögnin á þeim forsendum, að ekkert yrði úr kaupunum.

Enn héldu bréfaskiptin áfram milli málsaðilja, þar sem sömu kröfur og mótmæli voru endurtekin, en hvorki rak né gekk til samkomulagsáttar.

Hinn 11. júlí 1963 skrifaði stefndi lögmanni stefnanda bréf og sendi honum í því afsalsuppkast fyrir kjallaraíbúðinni. Í bréfi þessu tjáði stefndi sig reiðubúinn til að skrifa undir afsal til stefnanda gegn því, að kaupverð íbúðarinnar yrði kr. 410.000.00, enda yrði málssókn og málskostnaður niður felld á hendur honum, sbr. dskj. nr. 22 og 23.

Þessu tilboði svaraði lögmaður stefnanda í bréfi, dags. 3. ágúst 1963. Þar kvað hann stefnanda geta fallizt á það fyrir sitt leyti að gefa kr. 400.000.00 fyrir kjallaraíbúðina, enda yrðu greiðsluskilmálar nokkuð á annan veg en stefndi hafði lagt til. Þá var þess jafnframt getið í bréfinu, að næðist eigi samkomulag á þessum grundvelli, áskildi stefnandi sér allan rétt gagnvart stefnda í samræmi við hið upphaflega tilboð sitt, „svo og um málskostnað o. fl. í bæjarþingsmáli því, sem nú stendur yfir ykkar á milli".

Þessu gagntilboði stefnanda svaraði lögmaður stefnda með svohljóðandi bréfi, dags. 7. ágúst 1963:

„Umbj. m. tjáir mér, að hann fallist ekki á tilboð yðar í nefndu bréfi vegna umbj. yðar Sigurðar Árnasonar, og vegna þess að þér hafið hafnað því tilboði, sem umbj.m. lagði fram í bréfi til yðar, dags. 11. júlí s.l., með hinu nýja tilboði yðar, þá telur umbj. m. allar frekari sáttatilraunir árangurslausar og heldur sig fast við kröfu sína fyrir bæjarþingi Reykjavíkur."

Stefnandi styður stefnukröfu sína þeim rökum, að samkvæmt 4. og 6. gr. laga nr. 7 frá 1. febrúar 1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga hafi verið kominn á gildur og bindandi samningur milli aðiljanna um sölu íbúðarinnar, um leið og þeir hafi samþykkt tilboð hvor annars hinn 4. september 1962. Stefnandi hafi hagað tilboði sínu í samræmi við þær upplýsingar, er fasteignasalinn hafi gefið honum, þ.e.a.s. að hin selda

eign væri án veðbanda við söluna, og skyldi því umrætt skuldabréf einmitt vera tryggt með 1. veðrétti í henni. Fullyrðingar stefnda um, að óaflýstar veðskuldir leysi hann undan samþykki sínu, geta hér að sjálfsögðu engu máli skipt, enda hafi stefnandi verið í góðri trú að öllu leyti. Sama sé um þá fullyrðingu stefnda að segja, að hann sé ekki einkaeigandi að hinni seldu eign. Sú fullyrðing hafi eigi við neitt að styðjast. Nægi í því efni að vísa til heimildarbréfs stefnda, kaupsamningsins á dskj. nr. 6, þar sem stefndi er einn kaupandi nefndrar íbúðar. En til frekara öryggis kveðst lögmaður stefnanda hafa rætt við skattstofu Reykjavíkur um þetta atriði, og sé þar eigi að finna nein skjöl eða skilríki, er bendi til þess, að Karl Jónsson sé meðeigandi stefnda að hinni seldu íbúð.

Að því er varðar útborgun stefnanda fyrir íbúðina, þá telur hann, að sér beri einungis að greiða út í peningum kr. 150.000.00. En þó telur hann rétt, að til mála gæti komið, að hún hækkaði sem svarar hlutfallinu milli kr. 350.000.00 og kr. 380.000.00, þ. e. úr kr. 150.000.00 í kr. 162.857.14, og ætti þá skuldabréfið að breytast samkvæmt þessu og verða kr. 217.142.86.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að eigi hafi verið kominn á endanlegur og skuldbindandi samningur milli aðiljanna um sölu íbúðarinnar, í fyrsta lagi vegna þess að eigi hafi verið um það samið, hvernig greiða skuli þá 30.000.00 króna hækkun, er orðið hafi á söluverði íbúðarinnar frá því, sem upphaflega hafði verið ráð fyrir gert í kauptilboði stefnanda. Líti dómstóllinn hins vegar þannig á, að bindandi samningur hafi komizt á um sölu íbúðarinnar, þá krafðist umboðsmaður stefnda þess við munnlegan flutning málsins, að sú hækkun yrði greidd í peningum, en ekki með því að hækka höfuðstól veðskuldabréfsins.

Í annan stað bendir stefndi á það, að kauptilboðsformið, sem fasteignasalinn hafi notað, beri það ekki með sér, að samþykkt tilboðs í því formi merki gildandi samning, er hafi þær lögfylgjur, að annar aðilinn verði knúinn til að efna tilboðsloforð sitt. Þvert á móti sé ráð fyrir því gert í tilboðsformi þessu, að annar hvor aðilinn gangi frá tilboðinu, eftir að það hafi verið samþykkt, og þá séu einu viðurlögin, sem nefnd eru í því sambandi, svohljóðandi: „Skal sá greiða millilið sölulaun, eins og milliliðnum hefði borið, ef af kaupunum hefði orðið.“

Engin skrifleg gögn hafa verið lögð fram í málinu um eignarheimild Karls Jónssonar að margnefndri íbúð, enda skiptir hugsanleg eignarhlutdeild hans í íbúðinni eigi máli hér, þar sem

stefndi hefur borið það hér fyrir dóminum, að hann hafi haft heimild Karls til sölunnar.

Fallast verður á það með stefnanda, að bindandi samningur hafi verið kominn á milli aðiljanna um sölu íbúðarinnar, enda skiptir það hér engu máli um gildi þessa samnings, þótt ákvæði hafi verið um það í kauptilboðsforminu, að sá aðili, er gangi frá tilboðinu, eftir að það hefur verið samþykkt, skuli greiða millilið sölulaun, eins og honum hefði borið, ef af kaupum hefði orðið. Ákvæði sem þetta er algengt í tilboðsformum um fasteignasölu og eingöngu sett inn til þess að tryggja fasteignasala sölulaun.

Aðiljar höfðu ekki komið sér saman um það, hvernig greiða ætti margnefnda hækkun á söluverði íbúðarinnar. Er það því stefnda (seljanda) að ákveða þetta atriði, og þar sem hann hefur krafizt þess, að hækkun þessi verði greidd í peningum, ber stefnanda að gera það, enda verður höfuðstóll veðskuldabréfsins þá óbreyttur frá því, sem upphaflega hafði verið ráðgert.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður stefndi dæmdur, að viðlögðum dagsektum, er þykja hæfilega ákveðnar kr. 300.00 á dag og byrji að renna til stefnanda einum mánuði eftir lögbirtingu dóms þessa, til að láta stefnanda í té afsal fyrir kjallaraíbúðinni í húsinu nr. 28 við Skaftahlíð, hér í borg, ásamt leigulóðarréttindum og öllu, sem henni fylgir og fylgja ber, gegn því að stefnandi greiði stefnda við afhendingu afsals kr. 180.000.00 í peningum og kr. 200.000.00 í skuldabréfi til 10 ára með jöfnum árlegum afborgunum og 7% ársvöxtum frá þeim degi, er stefnandi fær afnot íbúðarinnar. Skuldabréf þetta sé tryggt með 1. veðrétti í íbúðinni. Íbúðin skal á afsalsdegi vera laus úr veðböndum af hálfu stefnda og eigi á nokkurn hátt háð öðrum eða meiri kvöðum en þeim, sem á henni voru, er stefndi keypti hana af Marteini Davíðssyni, sbr. kaupsamning, dags. 15. marz 1957.

Verður nú vikið að skaðabótakröfu stefnanda á hendur stefnda, sem getið hefur verið hér að framan. Kröfu þessa rökstyður stefnandi með því, að hann hafi orðið fyrir margháttaðri fyrirhöfn, óhagræði og útgjöldum vegna vanefnda stefnda. Nefnir hann þar, að hann hafi m. a. talið „ex tuto“ óhjákvæmilegt að þinglýsa hinu samþykkta kauptilboði. Hafi það kostað kr. 1.962.50. Það sé þó smáræði hjá öllu því vinnutapi, er hann hafi orðið fyrir í sambandi við mál þetta, svo og hinu að hafa verið á hrakhólum með fjölskyldu sína mánuðum saman vegna fram-

komu stefnda. Enn fremur vekur stefnandi athygli á samningsvilja sínum og þolinmæði, er hann hafi sýnt í máli þessu.

Stefndi hefur við munnlegan flutning málsins mótmælt þessum kröfulið alfarið sem ósönnuðum.

Fallast má á röksemdir stefnanda fyrir þessum kröfulið. Hins vegar er þessi krafa hans allt of há. Þykja bætur til hans samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00. Við þá fjárhæð ber að bæta þeim kostnaði, er hann hafði af þinglýsingu kauptilboðsins, kr. 1.962.50, sem var eðlileg tryggingarráðstöfun af hálfu stefnanda, eftir að stefndi neitaði að verða við kröfu hans um útgáfu afsals fyrir íbúðinni.

Ber stefnda að greiða stefnanda þessa fjárhæð, kr. 11.962.50, ásamt 8% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 8. desember 1962, til greiðsludags, svo sem krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 26.000.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Brynjólfsson, skal, að viðlögðum 300.00 króna dagsektum, er byrji að renna til stefnanda, Sigurðar Árnasonar, einum mánuði eftir lögbirtingu dóms þessa, láta honum (stefnanda) í té afsal fyrir kjallaraíbúðinni í húsinu nr. 28 við Skaftahlíð, Reykjavík, ásamt tilheyrandi leigulóðarréttindum og öllu, sem henni fylgir og fylgja ber, gegn því að stefnandi greiði stefnda við afhendingu afsals kr. 180.000.00 í peningum og kr. 200.000.00 í skuldabréfi til 10 ára, með jöfnum árlegum afborgunum og 7% ársvöxtum frá þeim degi, er stefnandi fær afnot íbúðarinnar. Skuldabréf þetta skal vera tryggt með 1. veðrétti í íbúðinni. Íbúðin skal á afsalsdegi vera laus úr veðböndum af hálfu stefnda og eigi á nokkurn hátt háð öðrum eða meiri kvöðum en þeim, sem á henni voru, er stefndi keypti hana af Marteini Davíðssyni samkvæmt kaupsamningi, dags. 15. marz 1957.

Stefndi greiði stefnanda innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum kr. 11.962.50 með 8% ársvöxtum frá 8. desember 1962 til greiðsludags auk 26.000.00 króna í málskostnað.

Mánudaginn 1. febrúar 1965.

Nr. 1/1964. **Stefán Thorarensen**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Viðari Guðnasyni og gagnsök
(Árni Gunnlaugsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. janúar 1964 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962. Hann hefur fengið gjafsóknarleyfi og gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 1.579.429.57 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 991.836.66 frá 14. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. apríl 1961, 7% ársvöxtum af kr. 1.579.429.57 frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Málsatvikum er lýst allrækilega í héraðsdómi.

Á eldri heyhlöðunni á bújörð aðaláfrýjanda í Saltvík á Kjalarnesi eru dyr, sem vita gegnt norðri. Þá er komið er inn um dyr þessar, eru sinn til hvorrar handar steinsteyptar votheysgryfjur, hvor um 3×3 metrar að vídd og 5 metrar að dýpt. Myndar norðurveggur hlöðunnar eina

hlið þeirra. Þak hlöðunnar liggur skáhallt yfir votheysgryfjurnar, og er hæðin frá innri vegg gryfju upp í þaksperru um 195 cm. Frá dyrum hlöðunnar liggur trépallur milli gryfjanna inn í hlöðuna og gengur jafnlangt inn og þær. Hæðin frá trépallinum og upp á veggbrún hvorrar gryfju er 152 cm. Hinn 14. júlí 1959 hafði eystri votheysgryfjan verið fyllt af heyi, en vestari gryfjan var hins vegar tóm. Venja var að fylla votheysgryfjur þessar með þeim hætti, að losaðar voru þakjárnsplötur af þaki hlöðunnar yfir gryfjunni, hólkum frá heyblásara komið fyrir gegnum þakið og heyi blásið þannig niður í gryfjuna. Á haustin voru plöturnar síðan negldar á þakið aftur. Virðist hafa staðið til að viðhafa þessa aðferð 1959, þótt eigi yrði úr að setja hey í vesturgryfjuna það ár. Hinn 14. júlí höfðu því verið teknar af þaki hlöðunnar þrjár bárujárnsplötur, hver að stærð 84×307 cm. Þenna dag stóð yfir hirðing þurrheys í hlöðuna. Var því blásið inn í vestari enda hlöðunnar með heyblásara, sem settur hafði verið á áðurnefndan trépall milli votheysgryfjanna fyrir innan dyr hlöðunnar. Heyblásarinn var knúinn rafmagni, og lágu frá honum þrír samsettir hólkar upp og skáhallt yfir vesturgryfjuna yfir í vesturenda hlöðunnar. Nú þurfti að afstýra því, að þurrhey félli niður í hina tómu vesturgryfju. Fyrir þetta hafði áður verið girt með þeim hætti, að lagt var timbur yfir hina tómu votheysgryfju, en þar sem timbur var eigi fyrir hendi í þetta skipti, lét ráðsmaðurinn á Saltvíkurbúinu leggja hinar þrjár bárujárnsplötur, er teknar höfðu verið af hlöðuþakinu, yfir hina tómu votheysgryfju. Sneru þær, að því er talið er, frá austri til vesturs yfir gryfjunni. Þekjan, sem þannig myndaðist yfir votheysgryfjunni, tók eigi alveg út að útvegg hlöðunnar. Nú samdist svo nefndan dag með ráðsmanninum í Saltvík og föður gagnáfrýjanda, sem komið hafði daginn áður til smíðavinnu í Saltvík ásamt gagnáfrýjanda, að gagnáfrýjandi, sem þá var 16 ára að aldri, skyldi um daginn aðstoða við hirðingu heys. Starf gagnáfrýjanda við heyhirðinguna var m. a. það, að hann ók annarri af tveimur dráttarvélum, sem heyvagnar hver af öðrum voru tengdir

við, til og frá engi og heim að hlöðu. Við hlöðudyrnar ýtti dráttarvélin heyvagninum aftur á bak að skál heyblásarans, sem lá alveg fyrir innan hlöðudyrnar. Að svo búnu var dráttarvélin tekin úr sambandi við heyvagninn og venjulega tengd við annan heyvagn, sem tæmdur hafði verið. Tveir fullorðnir menn unnu að því að koma heyinu í hlöðuna. Mokaði annar af heyvagninum í skál heyblásarans, en hinn stjórnaði blásaranum. Gagnáfrýjandi fór nú nokkrar ferðir á milli, án þess að til tíðinda drægi, en um kl. hálf fimm kom hann með fullan heyvagn að hlöðudyrunum. Eigi lagði hann þá af stað aftur út á engi með tóman vagn, og er eigi fullvíst um orsök þeirrar tafar. Sjálfur kveður hann sig hafa átt að bíða, meðan vagninn væri tæmdur. Tók hann nú að kasta heyi í blásaraskálina. Þá gerðist það, að heyblásarinn varð allt í einu óvirkur, þótt hreyfill hans gengi. Mun stífla hafa valdið þessu. Gagnáfrýjandi hélt ranglega, að stíflan hefði myndazt fremst í útblástursholknum. Vildi hann ráða bót á þessu og hljóp upp á vegg votheysgryfjunnar. Félagar hans hrópuðu viðvörunarorðum til hans, en hann heyrði þau eigi vegna hávaðans í hreyflinum. Steig hann þegar út á nyrztu plötuna í þekju gryfjunnar, sem samstundis lét undan þunga hans, og hrapaði hann niður í gryfjuna og hlaut fullkomin örkuml. Gagnáfrýjandi kveðst „hafa átt heima í Saltvík 1946—52. Heyblásari var þá á búinu, en bara við súrhey, að hann heldur. Hann kveðst ekki hafa unnið við heyblásara áður, en þó þekkt nokkuð til þeirra". Hann segir, „að gryfjan, sem hann féll í, sé eins og hún var, þegar hann átti heima þarna, og hann því þekkt vel til hennar. Hann kveður sér hafa verið ókunnugt um það, hvort nokkurt hey var í gryfjunni eða ekki, þegar hann fór upp á vegg hennar, en hins vegar hafi hann ekki vanizt því, að lagt væri yfir gryfjurnar, eins og þarna var, nema þegar búið sé að fylla þær. Þá sé stundum sett farg ofan á heyið". Hann kveður sér „muni hafa fundizt, að það væri í lagi að stíga út á plötuna. Hins vegar muni hann ekkert hafa hugsað sig sérstaklega um, áður en hann steig á plötuna, að öðru leyti

en því, að hann hafi talið þetta öruggt". Það var stórkostlegt gáleysi af hendi ráðsmannsins í Saltvík að setja burðarmagnslausa þekju yfir tóma votheysgryfjuna í hlöðunni. Þetta var þeim mun gálausara og hættulegra, þar sem ungmenni voru þarna við heyhirðingu, en ungmennum þykir gaman að bylta sér í hlöðum, sem verið er að hirða hey í. Ráðsmaðurinn starfaði á vegum aðaláfrýjanda, og ber aðaláfrýjandi því að lögum ábyrgð á yfirsjón ráðsmannsins. Við ákvörðun á ábyrgð aðaláfrýjanda ber að líta á það, að gagnáfrýjandi fór ótilkvaddur og af nokkru fljótræði út á þekju votheysgryfjunnar. Að öllum málavöxtum athuguðum, þykir rétt að leggja 60% fébótaábyrgðar á aðaláfrýjanda.

Um heilsufar gagnáfrýjanda eftir uppsögu héraðsdóms hafa þessi gögn verið lögð fram:

Kristján Jóhannesson læknir hefur hinn 13. maí 1964 gefið svohljóðandi vottorð:

„Það vottast hér með, að heilsufarsástand Viðars Guðnasonar, Goðatúni 32, Garðahreppi, er óbreytt frá 10. júní 1961, er ég gaf vottorð um heilsufar hans.

Síðan hefur hann legið á sjúkrahúsi, handlæknisdeild Landspítalans, frá 7.10 '63 til 24.12. '63 vegna legusárs á hægri mjöðm. Var skinn flutt á sárið, og tókst eftir alllanga mæðu að fá það til að gróa. En sífelld hætta er á, að slíkt sár geti myndazt vegna þess, hve húðin þarna er veik."

Þá hefur Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hinn 12. júní 1964 metið af nýju örorku gagnáfrýjanda. Segir m. a. í matsgerðinni:

„Hinn slasaði var lagður inn á Landakotsspítala strax eftir slysið og lá þar til 14. nóvember 1959, en dvaldist síðan í heimahúsum til 26. des. 1959. Var hann þá fluttur á Landspítalann og lá þar til 20. jan. 1960. Hann var síðan sendur til Bandaríkjanna og lá á Mayo Clinic, Rochester, U.S.A., frá 21. apr. 1960 í ellefu mánuði.

14. febrúar 1960 var örorka slasaða metin af Bergþóri Smára, sérfræðingi í lyflæknissjúkdómum í Reykjavík, og

var hann metinn 100% öryrki varanlega. Dómur hefur fallið í undirrétti í þessu máli, en hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar, og hefur lögmaður stefnda óskað eftir nýju örorkumati.

Undirritaður hefur vitjað slasaða hinn 3.6. 1964.

Síðan slasaði kom frá Bandaríkjunum, hefur hann lengst af dvalizt í heimahúsum. Dvaldist hann þó að Reykjalundi í æfingadeildinni í tvo mánuði á s.l. ári og einn mánuð á s.l. vori. Dvaldist hann á handlækningadeild Landspítalans frá 7/10 1963 vegna nýrra legusára á hægri mjöðm. Var nýtt skinn flutt á sárið, og tókst að græða það.

Á þessu tímabili hefur hann lítið sem ekkert starfað. Vann s.l. vetur tvo og hálfan mánuð við létt skrifstofustörf og símavörzlu. Eftir að hann kom frá Bandaríkjunum, hefur hann ekki getað gengið við spelkur og stafi. Hann klæðist og matast sjálfur og kemst úr hjólastól í bíl og til baka. Hann hefur enga stjórn á þvaglátum eða hægðum. Hefur þvaglegg og belg að staðaldri og losar sig við hægðirnar manuelt.

Hann notar engar spelkur á ganglimi, en notar hátt lífstykki til stuðnings hryggnum.

Skoðun: Andlegt ástand virðist eðlilegt. Svarar spurningum eðlilega, og minni virðist vera í allgóðu lagi. Hryggur: Það er langt ör yfir thoracal svæðinu og kyphosis er aukin á þessu svæði. Stór ör eru yfir mjaðmahnútum og niður eftir lærunum báðum megin eftir legusáraaðgerðir, og á hægri mjöðm er húðin þunn og vaxin við beinið. Sömuleiðis er þunn húð og vaxin við bein yfir spjaldbeini. Það er alger lömun í öllum neðri hluta líkamans og algert tilfinningaleysi að aftanverðu upp undir herðablöð og að framanverðu upp undir geirvörtur. Liðkreppur eru ekki í mjöðmum og hnjám að ráði, en nokkur equinusstaða á fótum.

Ályktun: Hér er um að ræða 21 árs gamlan mann, sem slasast við vinnu fyrir tæpum 5 árum og hlaut við slysið brot á hryggjarlið og sköddun á mænu, svo hann hefur algera lömun í öllum neðri hluta líkamans, blöðrulömun og lömun á þarmi. Í legunni fyrst eftir slysið fékk hann mikil

legusár á mjaðmahnútur og spjaldbein, en þau tókst að græða við aðgerðir í Bandaríkjunum. Maðurinn er algerlega bundinn við hjólastól, og er þess ekki að vænta, að hann komist til að ganga við spelkur eða stafi.

Af þessum sökum verður að meta manninum örorku, og er hann 100% varanlegur öryrki."

Verða nú kröfuliðir gagnáfrýjanda teknir til athugunar í sömu röð og í héraðsdómi.

1. a. Guðjón Hansen hefur hinn 21. ágúst 1964 samið nýjan örorkutjónsreikning fyrir gagnáfrýjanda. Ef miðað er við dagvinnutekjur verkamanna, telur tryggingafræðingurinn „verðmæti tapaðra vinnutekna" gagnáfrýjanda „á slysdegi vera" kr. 1.002.452.00. Þá reiknast honum „verðmæti örorkulífeyrisins á slysdegi kr. 291.359.00". Gagnáfrýjandi krefst örorkubóta, að fjárhæð kr. 741.836.66. Þegar tekið er annars vegar tillit til hækkandi verðlags og hins vegar skattfrelsis af tjónbótum, þykja þær hæfilega ákveðnar ..... kr. 600.000.00

1. b. Hér er um að tefla kostnað af sérstakri umönnun gagnáfrýjanda. Þá er litið er til þess, hvílíkur örkumlamaður hann er, verður að telja kröfulið þessum í hóf stillt, og ber því að taka hann til greina að fullu ..... — 85.449.00

2. Harmkvælasaga gagnáfrýjanda er slík, að kröfuliður hans um bætur fyrir þjáningar, lýti, óþægindi og röskun á stöðu og högum, er hæfilegur, og ber að taka hann til greina að fullu ..... — 250.000.00

Kröfuliðina 3—7 ber að taka til greina að fullu með skírskotun til héraðsdóms, en þeir eru:

3. Kostnaður við sjúkradvöl í bandarískum sjúkrahúsum ..... — 463.936.34
4. Kostnaður af för til Rochester, Minnesota — 20.453.60
5. Limabúnaður og hjólastóll ..... — 15.645.77

6. Útreikningur á örorku..... — 1.350.00
7. Ýmis kostnaður ..... — 758.20

Samtals kr. 1.437.592.91

Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða 60% þeirrar fjárhæðar, þ. e. ..... kr. 862.555.75 ásamt vöxtum. Vextir af örorkubótum, bótum vegna umönnunar og þjáningabótum og miska eru reiknaðir frá slysdegi, en vextir af öðrum bótum frá stefnudegi.

Eftir þessari niðurstöðu ber aðaláfrýjanda að greiða kr. 108.718.40 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af þeim hljóti talsmaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti kr. 100.000.00, gagnáfrýjandi sjálfur kr. 8.223.40 og ríkissjóður kr. 495.00 upp í dómgjöld.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Stefán Thorarensen, greiði gagnáfrýjanda, Viðari Guðnasyni, kr. 862.555.75 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 561.269.40 frá 14. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1961, 7% ársvöxtum af kr. 862.555.75 frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 108.718.40. Af þeim hljóti talsmaður gagnáfrýjanda, Árni Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður, kr. 100.000.00, gagnáfrýjandi sjálfur kr. 8.223.40 og ríkissjóður kr. 495.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 6. október 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Guðni Þórarinsson trésmiður, Silfurtúni F-3, Garðahreppi, höfðað fyrir hönd ófjárráða sonar síns, Viðars, með stefnu, útgefinni 1. júní 1961, gegn Stefáni Thorarensen lyfsala, Sóleyjargötu 11, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 1.603.153.27, með 6% ársvöxtum af kr. 991.836.66 frá 14. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1961 og sömu ársvöxtum af kr. 1.603.153.27 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar eftir taxta Lögmannafélags Íslands eða mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi hefur fengið gjafsóknarleyfi.

Við þingfestingu málsins 12. júní 1961 lækkaði stefnandi kröfu sína um kr. 23.723.70 eða í kr. 1.579.429.57 og krefst nú 8% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. apríl 1961 til greiðsludags. Að öðru leyti er aðalkrafa hans óbreytt. Til vara gerir stefnandi þá kröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum aðra lægri fjárhæð að mati dómsins auk vaxta og málskostnaðar, eins og greinir í aðalkröfu.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Málið var fyrst munnlega flutt 8. desember 1962, en eftir dómtöku þess þótti nauðsynlegt að afla álits Læknaráðs í sambandi við einn lið bótakröfunnar. Það var síðan endurflutt og dómtekið að nýju 26. september s.l.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 14. júlí 1959 var verið að hirða þurrhey á búi stefnda í Saltvík á Kjalarnesi. Var heyið flutt heim í hlöðu á heyvögnum. Verkinu var þannig hagað, að sérstök ámokstursvél mokaði heyinu af túninu upp í heyvagna, er síðan voru dregnir heim í hlöðu með dráttarvélum. Við hlöðudyrnar var snúið við og heyvagninum bakkað að heyblásara, er var rétt innan við þær. Síðan var dráttarvélin losuð frá heyvagninum og tengd við tóman heyvagn, er losaður hafði verið milli ferða, en í gangi voru þrír heyvagnar og tvær dráttarvélar. Sonur stefnanda, Viðar, ók annarri dráttarvélinni umrætt sinn. Við móttöku heysins í hlöðunni unnu tveir menn, er mokuðu því í heyblásarann, sem blés

því inn í hlöðuna. Þannig hagar til, að sitt hvorum megin innan við umræddar hlöðudyr eru steinsteyptar súrheysgryfjur, um 3×3 metrar og 5 metrar á dýpt. Eru veggir þeirra jafnháir útvegg hlöðunnar, er myndar eina hlið þeirra. Þak hlöðunnar liggur skáhallt yfir votheysgryfjurnar, og er hæðin frá innri vegg gryfju upp í þaksperru um 195 cm. Á milli gryfjanna er trégólf eða pallur, sem nær jafnlangt þeim inn í hlöðuna. Hæðin frá þessu gólfi upp á veggbrún á súrheysgryfjunum er 152 cm. Yfir vestari gryfjuna, sem er hægra megin, þegar inn er gengið, höfðu verið lagðar þrjár bárujárnsplötur, 84×307 cm, er teknar höfðu verið úr þakinu yfir gryfjunni. Á gólfinu á milli súrheysgryfjanna var heyblásaranum komið fyrir, en áföst við hann var skál, sem heyvögnunum var lagt að. Heyblásarinn var knúinn rafmagni, og var rofi á honum hægra megin. Frá heyblásaranum lá samsett rör, sem hægt var að lengja og stytta að vild og hreyfa til eftir því, hvert blása átti heyinu. Umrætt skipti voru þrjú rör notuð, og lágu þau skáhallt yfir vestari gryfjuna.

Um klukkan hálf fimm um daginn, eftir því sem næst verður komizt, kom Viðar með fullan heyvagn að hlöðudyrunum, fór inn í hlöðuna og virðist hafa farið að hjálpa til við losunina. Skyndilega stíflaðist blásararörið, án þess þó að mótorinn stöðvaðist. Virðist þá ekki hafa skipt neinum togum, að Viðar klifraði upp á vestari gryfjuvegginn í því skyni að losa stífluna úr blásararörinu, steig út á innstu bárujárnsplötuna, en hún þoldi ekki þunga hans, og féll hann niður í tóma gryfjuna. Við fallið slasaðist Viðar lífshættulega og hefur verið alger öryrki síðan.

Sakadómsrannsókn fór fram daginn eftir slysið. Einnig hafa verið teknar ljósmyndir af vettvangi, er sýna greinilega afstöðuna á slysstaðnum. Þá hefur dómarinn farið á vettvang hinn 8. desember s.l. ásamt lögmönnum aðilja og kynnt sér staðhætti.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að í byrjun júlímánaðar 1959 hafi hann ráðið sig og son sinn til vinnu í Saltvík. Skyldi hann vinna við smíðar á fjósi, sem verið var að breyta og stækka, en sonur hans við heyskap og smíðar eftir þörfum. Kvað stefnandi þá hafa verið ráðna fyrir tímakaup, sig fyrir meistarakaup en Viðar fyrir verkamannakaup. Þeir feðgar voru sóttir og fluttir upp að Saltvík að kveldi hins 13. júlí. Morguninn eftir hófu þeir báðir vinnu við smíðar á fjósinu, en þar voru þá einnig fyrir tveir starfsmenn búsins, Gunnar Gunnarsson og Jóhann Þorsteinsson. Snemma um morguninn kvað stefnandi ráðsmanninn á búinu, Jens Paule Hentze, hafa tekið Jóhann úr smíðunum

til vinnu við heyskapinn og nokkru fyrir hádegi hafi hann komið aftur og beðið um Viðar til að starfa við heyið eftir hádegið. Hafi Viðar því farið til vinnu við heyskapinn strax eftir hádegið samkvæmt beiðni ráðsmannsins.

Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að hann hafi ráðið Viðar til vinnu í Saltvík. Hann kveðst aðeins hafa samþykkt það fyrir beiðni stefnanda, að hann mætti hafa son sinn hjá sér, meðan hann dveldist í Saltvík við smíðarnar. Stefnandi hafi verið sjálfstæður verktaki og sonur hans algerlega á hans vegum.

Þá hefur ráðsmaðurinn, Jens P. Hentze, haldið því fram, að stefnandi hafi sjálfur óskað eftir því við sig eftir hádegið, að Viðar mætti vinna úti í stað Jóhanns, en hann fengi Jóhann til vinnu við fjósið, og kvaðst hann hafa samþykkt þessa tillögu stefnanda.

Vitnið Gunnar Gunnarsson, 64 ára, skýrði svo frá fyrir sakadómi daginn eftir slysið, að hann hafi verið kvaddur til að losa heyvagnana klukkan rúmlega fjögur umræddan dag. Við þetta verk vann einnig færeyskur maður, að nafni Georg Toftum. Meðan þeir Georg voru að losa annan vagninn, kvað vitnið Viðar hafa komið til þeirra inn í hlöðuna og hafa farið að hjálpa þeim við verkið á þann hátt, að hann hafi tekið hey með höndunum og fleygt því í blásarann. Vitnið var uppi í vagninum og mokaði til heyinu, en Georg stóð á pallinum, sem blásarinn var á. Þegar rörið stíflaðist, sem iðulega komi fyrir, hafi Viðar allt í einu farið af stað og upp á vegginn á súrheysgryfjunni. Kvaðst vitnið, sem vissi, að þrjár járnplötur höfðu verið lagðar yfir gryfjuna til varnar því, að hey félli niður í hana, hafa kallað til Viðars að fara ekki út á járnið, en þar sem blásarinn hafi verið í gangi, muni Viðar ekki hafa heyrt til sín og stigið út á innstu plötuna, er ekki þoldi þunga hans, með þeim afleiðingum, að hann féll niður í botn á súrheysgryfjunni. Vitnið kvað blásararörið hafa legið þvert yfir gryfjuna, rétt sunnan til við miðju, er slys þetta varð. Sér hafi dottið í hug, að Viðar hafi ætlað að ná stíflunni úr enda blásararörsins, en þar verði aldrei nein stífla, og muni Viðar ekki hafa áttað sig á því. Vitnið taldi, að slysið hefði orðið um kl. hálf fimm.

Framburður vitnisins Georgs Toftums var mjög á sama veg. Hann kvaðst hafa gengið að rofanum á blásaranum, þegar rörið stíflaðist, en litið áður upp í rörið. Í sömu svifum hafi Viðar, sem var hinum megin við blásarann, stokkið upp á vegginn á súrheysgryfjunni og stigið út á nyrztu plötuna. Vitnið kvaðst

hafa reynt að kalla til Viðars, en taldi, að hann hefði ekki heyrt til sín vegna hávaða frá blásaranum.

Framangreind vitni hafa undirritað sameiginlega „Yfirlýsingu", dags. 25. september 1959, um atvik að slysinu. Segja þeir m. a., að Viðar hafi, rétt áður en stíflan varð í beygju blásararörsins, staðið austan megin við blásarann og fylgzt með þeim við vinnuna, og enn fremur, að ekkert hey hafi legið ofan á plötunum.

Vitnið Gunnar mætti fyrir dómi í máli þessu 24. nóvember 1961 og var þá ýtarlega spurt um þetta atriði. Sagði vitnið þá, að sig hefði minnt, þegar fyrrgreind yfirlýsing var samin, að Viðar hefði staðið að vestanverðu við blásarann eða sömu megin og gryfjan, sem hann féll í, var. Georg hefði hins vegar minnt, að hann hefði staðið að austanverðu við hann. Þá taldi vitnið, að Viðar hafi aðeins verið búinn að vera nokkrar mínútur inni í anddyrinu á hlöðunni, áður en slysið varð. Enn fremur sagðist vitnið þá ekki geta sagt, að Viðar hefði verið að hjálpa til við að losa vagninn, en hann hafi tekið nokkra heyviska, sem lágu á borðinu við blásarann, og sett þá í hann. Vitnið taldi, að varla hefði liðið meira en ein mínúta, frá því að blásarinn stíflaðist og þangað til slysið varð. Venjuleg aðferð við að losa stíflu úr blásararörinu, ef hún ekki losni af sjálfu sér, sé sú, að stöðva blásarann og losa stífluna með járnteini, sem stungið sé í gegn um rifu í beygjunni á blásararörinu.

Vitnið Jens Paule Hentze ráðsmaður, 37 ára, var einnig yfirheyrður í sakadómi daginn eftir slysið. Kvaðst hann hafa látið Viðar vinna við að aka dráttarvél seinni part dagsins. Gunnar og Georg hefðu átt að losa heyvagnana. Ráðsmaðurinn kvað þrjá heyvagna hafa verið notaða til flutnings á heyinu í hlöðuna, en tvær dráttarvélar. Taldi hann, að tómur vagn hefði verið tilbúinn til þess að fara með hann út á tún, þegar Viðar kom í umrætt skipti með fullan vagn. Vitnið var að vinna í verkfærageymslu skammt frá hlöðunni og fór þegar á vettvang, er hann sá þá Gunnar og Georg koma hlaupandi og sækja stiga. Vitnið fór þegar niður í gryfjuna. Lá Viðar á bakinu sem næst henni miðri meðvitundarlaus, og blæddi úr vinstra eyra hans og áverka fyrir ofan það.

Vitni þetta hefur gefið tvær yfirlýsingar í máli þessu, aðra dags. 14. júní 1961, en hina dags. 25. september 1959. Efni þessara yfirlýsinga varða að nokkru ráðningu stefnanda og sonar hans að Saltvík og atvik að því, að Viðar fór að vinna við heyskapinn, og er ekki ástæða til að rekja það frekar hér.

Í yfirlýsingunni frá 14. júní 1961 segir vitnið hins vegar, að hann hafi eftir hádegið umræddan dag sett Viðar í það að jafna heyinu á heyvögnunum og hafi hann verið við það fram að kaffi. Eftir því sem vitnið bezt viti, hafi Viðar fengið tvo aðra pilta, þá Svein Fjeldsted og Jakob Toftum, sem einnig unnu í heyinu, til að skipta við sig og hafi þeir skipzt á að moka heyinu til á vögnunum og aka dráttarvélunum. Virðist hér vera um nokkurt ósamræmi að ræða í síðari framburði þessa vitnis og fyrsta framburði hans, sem hann gaf daginn eftir slysið. Í skýrslu fyrir sakadómi 29. september 1959 skýrði vitnið frá því, að umræddar járnplötur, sem lagðar voru yfir gryfjuna, hefðu verið teknar úr þakinu yfir henni, en venja hafði verið að setja blásararörið inn um þakið og blása heyinu niður í gryfjuna, þegar vothey var sett í hana. Oftast hefði timbur verið lagt yfir gryfjuopið til þess að fyrirbyggja, að hey (þurrhey) færi niður í hana, en það hefði ekki verið fyrir hendi í þetta skipti og því hefðu járnplöturnar verið lagðar yfir opið. Vitnið mætti í þessu máli 24. nóvember 1961 og staðfesti fyrri skýrslur sínar. Hann kvaðst ekki hafa reiknað með því, að nokkur slysahætta væri fyrir hendi þarna. Viðar hefði ekki átt að vinna neitt við blásarann, heldur eingöngu við að aka heyinu heim.

Hinn 22. janúar 1962 kom fyrir dóminn Erlendur Sveinn Fjeldsted, 17 ára. Vitnið kvað þrjá heyvagna hafa verið notaða, þegar verið var að hirða, og hafi ökumenn dráttarvélanna ekki unnið við losun á heyvögnunum, enda hafi tómur vagn venjulega verið fyrir við hlöðuna. Vitnið kvaðst minnast þess, að hann hefði hjálpað Viðari að tengja vagn aftan í dráttarvél, þegar hann var að byrja, og þá spurt Viðar að því, hvort hann vissi, hvernig þetta gengi fyrir sig. Viðar hafi svarað því til, að Páll hefði skýrt þetta út fyrir sér, og kom því ekki til tilsagnar af hálfu vitnisins.

Hinn 22. janúar 1962 var réttarskýrsla tekin af Viðari Guðnasyni. Skýrði hann frá ráðningu þeirra feðga að Saltvík og tildrögum þess, að hann fór að vinna við hirðingu á heyinu á sama hátt og faðir hans. Hann kvað starf sitt hafa verið fólgið í því að láta heyið á vagnana og aka þeim heim í hlöðu. Ekki kvaðst hann heldur muna betur en hann hefði átt að bíða eftir því, að heyvagnarnir væru losaðir. Taldi Viðar, að hann hefði verið búinn að fara fjórar til fimm ferðir með heyvagnana heim í hlöðu, þegar slysið varð. Hann kvaðst hafa verið að aðstoða við að losa heyvagninn í umrætt skipti. Hann minntist þess ekki, að hann

hefði fengið önnur fyrirmæli hjá ráðsmanninum en þau, að hann ætti að vinna við það að koma heyinu heim. Hann taldi þó, að það hefði verið tekið fram, að hann ætti að aka dráttarvél. Kvaðst hann hafa litið svo á, að honum bæri að hjálpa til við það að hlaða vagnana og losa þá, ef með þyrfti. Ekki mundi hann, hvort hann stóð uppi í vagninum eða til hliðar við hann, þegar heyblásarinn hætti allt í einu að blása. Hann hefði haldið, að stífla hefði myndazt fremst í rörinu, og því farið upp á vegg súrheysgryfjunnar til þess að losa hana. Þetta hefði hann gert ótilkvaddur og ekki heyrt nein aðvörunaróp, enda hafi ekki verið hægt að tala saman við heyblásarann, þegar hann var í gangi. Mættum var ókunnugt um það, í hvaða tilgangi járnplöturnar höfðu verið lagðar yfir súrheysgryfjuna eða hvort hey var í henni, en kvaðst ekki hafa vanizt því, að lagt væri yfir slíkar gryfjur, fyrr en búið væri að fylla þær. Mætti þekkti vel til súrheysgryfju þeirrar, er hann féll í, frá því hann átti heima í Saltvík 1946—1952, en hann hafði ekki unnið við heyblásara áður.

Kristján Jóhannesson, heimilislæknir Viðars, hefur í vottorði, dags. 10. júní 1961, gefið eftirfarandi lýsingu á meiðslum, læknismeðferð og sjúkrasögu hans: „Slasaði var lagður inn á Landakotsspítala, þar sem hann lá til 14. nóv. 1959.

Samkvæmt skýrslu spítalans hafði hryggur brotnað og mænan skaddazt, einnig hlaut slasaði heilamar (contusio cerebri). Slasaði lá í djúpu meðvitundarleysi í vikutíma, en var ruglaður (confus) í 3—4 vikur.

Er hann fór af Landakotsspítala, hafði hann náð sér verulega, gat lesið og talað, en þó er talið, að hann hafi beðið nokkurn andlegan hnekki. Legusár hafði hann á báðum lærhnútum, sem þó eru talin vera að gróa.

Af Landakotsspítala fór slasaði heim til sín og dvaldist heima til 26. 12. '59. Tóku þá legusárin að hafast verr við, og hár hiti gerði vart við sig. Var þá slasaði fluttur á Landspítalann, þar sem hann lá til 20.1. '60.

Við skoðun á Lsp. þann 28.12. '59 segir svo í sjúkraskýrslu:

1. Heilataugar og efri útlimir eðlilegt.
2. Algert tilfinningaleysi, og allt annað skyn upphafið á neðri útlimum, og nær það upp að stað 2 fingurbreiddum neðan við geirvörtur (brjóstlið 6).
3. Báðir fótlimir alveg lamaðir.

4. Sinaviðbrögð mikið aukin á fótlimum. Fullkomin þverlesion á mænu.
5. Slasaði getur ekki stjórnað hægðum og þvaglátum. Mjög stór og djúp legusár eru yfir báðum lærhnútum.

Við leguna á Landspítalanum hreinsuðust sárin vel, og hiti fór minnkandi. Var nú slasaði fluttur á Hafnarfjarðarspítala, þar sem hann lá um vikutíma, en fór svo heim til sín, þar sem hann lá, þar til hann fór á Mayo Clinic, Rochester, Bandaríkjunum, þ. 21. apríl 1960.

Allan tímann, er hann lá heima, höfðust legusárin allvel við, enda var vel um þau hirt, þar eð hjúkrunarkona skipti á honum daglega, en ekki vildu þau gróa, og dýpkuðu frekar og stækkuðu. Hitaköst gerðu og alltaf öðru hverju vart við sig, enda þótt reynt væri að halda þeim niðri með lyfjum.

Á Mayo Clinic dvaldi slasaði í 11 mánuði. Þar var lömuninni breytt úr stífri (spastiskri) lömun í slappa lömun með sérstakri aðgerð, en aðeins á þann hátt töldu læknar þar mögulegt að græða legusárin.

Gerðar voru síðar skurðaðgerðir á sárunum og skinn flutt á þau, og greru sárin fljótt og vel, enn sjást þó greinilega örin eftir hinar miklu skurðaðgerðir. Auk þess var hann í sífelldum æfingum. Andlegt ástand mun hafa lagazt allmikið við dvölina vestra. Hann kvartar um þreytu við lestur, segist eiga bágt með svefn og fær stundum höfuðverk. Stundum sækja á hann þunglyndisköst.

Eins og áður er getið, getur slasaði ekki stjórnað hægðum né þvaglátum, og enda þótt hann hafi fengið nokkra þjálfun í að hjálpa sér sjálfur, þarf hann hann alltaf aðstoðar við þær athafnir og sérstakrar umönnunar við.

Viðar dvelst nú hjá foreldrum sínum. Hann notar hjólastól og limaspelkur, en er með öllu ófær til gangs."

Bergþór Smári læknir hefur hinn 15. febrúar 1960 metið örorku Viðars. Í örorkumati læknisins segir m. a. svo: „Brotnaði hryggur, mænan skaddaðist og auk þess hlaut slasaði heilamar (contusio cerebri). Slasaði var meðvitundarlaus í 23 daga og lamaðist alveg upp að mitti.

Dvaldist slasaði fyrst í Landakotsspítala til 14. nóv. '59 og í Landspítala frá 26/12 '59 — 20/1 '60, í Hafnarfjarðarspítala um vikutíma, en að öðru leyti heima.

Samkvæmt vottorði Kristjáns Jóhannessonar, læknis í Hafnarfirði, dags. 4. febr. 1960, eru báðir fótlimir alveg lamaðir, og

alveg tilfinningarlaus er slasaði nær alveg upp að geirvörtum. Sinaviðbrögð mikið aukin á fótlimum. Slasaði getur ekki stjórnað hægðum og þvaglátum (incontinentia urinae et fæces).

Mjög djúp og stór legusár eru yfir báðum lærhnútum.

Ekki er von til þess, að slasaði fái aftur mátt í fótlimi, þar eð um fullkomna þverlaesion á mænu mun vera að ræða.

Telst því tímabært að meta varanlega örorku hans af völdum ofangreinds slyss, og þykir hún hæfilega metin 100%."

Stefnandi reisir bótaskyldu stefnda á því, að umbúnaður á súrheysgryfjunni hafi verið óforsvaranlegur. Viðar hafi verið í þjónustu stefnda og ekki farið út fyrir verkahring sinn með því að hjálpa til við losunina á heyvagninum, enda ekki verið bannaður aðgangur að hlöðunni. Hann hafi haft réttmæta ástæðu til að huga að blásararörinu, og viðbrögð hans og leiðin, sem hann valdi, hafi verið eðlileg eftir atvikum. Viðar hafi einnig haft gilda ástæðu til þess að ætla, að hey væri í gryfjunni, þar sem ekki sé venja að byrgja slíkar gryfjur, fyrr en búið sé að fylla þær. Stórhættulegt hafi því verið að byrgja tóma súrheysgryfjuna með notuðum bárujárnsplötum einum saman og beinlínis til þess fallið að bjóða hættunni heim. Upplýst sé, að starfsmanni stefnda hafi orðið á þessi mistök, og beri stefndi óskoraða fébótaábyrgð á slysinu, er hafi hlotizt af stórfelldu og vítaverðu gáleysi starfsmanns hans. Loks telur stefnandi, að stefndi sé allt að einu bótaskyldur, þótt talið yrði, að Viðar hefði farið eitthvað út fyrir verkahring sinn.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að Viðar hafi ekki verið starfsmaður hans, heldur hafi hann algerlega verið á ábyrgð og vegum föður síns, er hafi átt frumkvæði að því, að Viðar fór að vinna við heyskapinn. Í öðru lagi heldur stefndi því fram, að háttsemi Viðars hafi á engan hátt verið innan verkahrings hans. Hann hafi ekkert erindi átt inn í hlöðuna og því síður að klifra upp á gryfjuvegg í fullkomnu gáleysi. Fráleitt sé að halda því fram, að það atferli Viðars að stökkva upp á gryfjuvegg, sennilega jafnháan honum sjálfum, hafi verið eðlilegt og í beinu framhaldi af starfi hans, sem hafi eingöngu verið í því fólgið að aka dráttarvélinni, fara með fulla vagna heim og aka tómum til baka. Þá mótmælir stefndi því eindregið, að umbúnaður súrheysgryfjunnar hafi verið óforsvaranlegur. Hann sé í samræmi við það, sem almennt tíðkist um slíkar gryfjur. Vegghæð gryfjunnar frá pallinum, sem heyblásarinn

stóð á, sé svo mikil, að þeim, sem vinni í hlöðunni, stafi ekki nein hætta af gryfjunni.

Varakröfu sína reisir stefndi á því, að skipta beri sökinni.

Þegar slysið varð, var Gunnar Gunnarsson uppi í heyvagninum, en Georg Toftum við rofann, hægra megin við blásarann (vestan). Ekki er fullljóst, hvar Viðar var, er blásararörið stíflaðist. Gunnar taldi, að hann hefði verið hægra megin við blásarann eða sömu megin og gryfjan, sem hann féll í, en Georg taldi, að hann hefði verið hinum megin við hann. Verður það síðarnefnda að teljast sennilegra með hliðsjón af athugasemd sakadómarans, er rannsakaði slysið strax 15. júlí 1959 og virðist sérstaklega hafa spurzt fyrir um þetta atriði. Sjálfur mundi Viðar ekki, hvort hann stóð uppi í heyvagninum eða til hliðar við hann. Ekki er upplýst, með hvaða hætti Viðar klifraði upp á gryfjuvegginn, en sennilegast er talið, að hann hafi stigið upp á heyblásaraskálina eða grind (gafl úr heyvagni), sem getur hafa legið upp við gryfjuna, til þess að komast upp á vegginn. Atvik virðast gerast með svo skjótum hætti, að ekki vinnst ráðrúm til þess að koma í veg fyrir slysið, og aðvörunarköll þeirra Gunnars og Georgs heyrast ekki vegna hávaðans í blásaramótornum, að þeir telja.

Eins og að framan er rakið, greinir aðilja á um ráðningu og ráðningarkjör stefnanda og sonar hans svo og það, hvort stefnandi eða ráðsmaðurinn á búinu hafi átt frumkvæði að því, að Viðar fór að vinna við heyskapinn. Reisir stefndi, eins og áður segir, sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að Viðar hafi ekki verið starfsmaður hans, heldur hafi hann verið á vegum stefnanda sjálfs og algerlega á hans ábyrgð. Framangreind atvik skipta hins vegar ekki máli, eins og hér stendur á. Það er upplýst, að Viðar fór í umrædda vinnu með fullu samþykki ráðsmannsins, og verður að telja, að hann hafi þegar af þeirri ástæðu verið kominn í þjónustu stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í öðru lagi á því, að Viðar hafi farið út fyrir verksvið sitt, og atferli hans inni í hlöðunni hafi ekki verið í eðlilegu sambandi við starf hans.

Það er upplýst, að Viðar átti að vinna við það að koma heyinu heim í hlöðu og að hann vann við fermingu og drátt heyvagnanna þangað. Ekki hefur komið fram, að Viðar hafi í önnur skipti tekið þátt í affermingunni, en tveir fullorðnir menn höfðu verið settir til þess að sjá um hana. Afskipti Viðars af störfunum í hlöðunni umrætt sinn virðast hafa verið þarflaus. Enda

þótt Viðar ætti ekkert erindi inn í hlöðuna, verður þó naumast talið, að honum hafi verið óheimilt að fara þangað inn, þar sem hann var í vinnu hjá stefnda, og ósannað er, að honum hafi verið bannaður aðgangur að hlöðunni. Menn þeir, sem þar voru fyrir og voru fastir starfsmenn búsins, skiptu sér heldur ekkert af athöfnum Viðars þar, fyrr en þeir sáu hann fara upp á votheysþróna, en þá var það um seinan. Tilgangur Viðars var að losa stífluna úr blásararörinu. Ályktun hans um stífluna var röng, en ekki óeðlileg eða fjarstæðukennd eftir atvikum, enda virðast þeir Gunnar og Georg strax hafa áttað sig á því, hvað var að gerast.

Þótt Viðar hafi samkvæmt framansögðu farið út fyrir verkahring sinn í strangasta skilningi, þykir eftir atvikum verða að taka tillit til þess sambands, sem var á milli heimflutnings heysins og affermingar heyvagnanna.

Í þriðja lagi færir stefndi þau rök fyrir sýknukröfu sinni, að votheysþróin og umbúnaður hennar hafi verið forsvaranleg. Lögð hefur verið fram lýsing frá teiknistofu landbúnaðarins á gerð og frágangi steinsteyptra votheysþróa, en þar segir m. a.: „Þrónum er komið fyrir á ýmsum stöðum í hlöðunum eftir staðháttum eða við þann vegg, þar sem jarðvegur úti er hæstur, til að auðvelda uppmokstur heysins. Dýpt þrónna er mjög mismunandi, en teiknistofan mælir ekki með þróm, sem eru grynnri en 5.00 m. Er þá efri brún þróarinnar í sömu hæð og útveggir hlöðunnar, en botninn um einum metra neðar en hlöðugólf. Vídd þróar er 3—4 metrar á hvorn veg .... Votheysþrær í hlöðum eru jafnan hafðar opnar að ofan, enda oftast nær fylltar samhliða hlöðunni.“

Þá segir enn fremur, að votheysgeymslur af þessari gerð séu á mörgum hundruðum sveitabýla.

Vinnustaður sem þessi er ekki háður eftirliti öryggiseftirlits ríkisins, en öryggismálastjóri hefur svarað fyrirspurn lögmanns stefnanda um það, hvaða kröfur öryggiseftirlitið gerði almennt um frágang á líkum gryfjum og hér um ræðir, á eftirfarandi hátt:

„Á vinnustöðum, sem undir öryggiseftirlitið heyra, eru hins vegar gerðar þær kröfur, að þannig sé gengið frá gryfjum og opnum götum á vinnusvæði, að ekki sé hætta á, að menn falli þar í. Lít ég svo á, að gryfja sú, sem hér um ræðir, sé svo búin, að ekki sé hætta á, að menn féllu í hana frá venjulegri

umferðarleið eða vinnustað, þar eð veggir hennar þar eru 1.5 m háir. Það, sem slysinu veldur, er hins vegar það, að yfir gryfjuna eru lagðar járnplötur, sem ekkert burðarmagn hafa. Er hér um mistök að ræða, sem hinar alvarlegustu afleiðingar hafði, því hinum slasaða var ekki kunnugt um, að það, sem yfir gryfjuopið var lagt, væri svo veikt, að það þyldi ekki þunga hans. Þekjur, slíkar sem hér var um að ræða, hljóta ávallt að vera hættulegar ókunnugum og undir engum kringumstæðum leyfðar af öryggiseftirlitinu á vinnustöðum, sem undir það heyra."

Þá hefur verið lagt fram vottorð frá Sigurði Loftssyni, bónda á Hrafnhólum í Kjalarneshreppi, en hann var ráðsmaður á Saltvíkurbúinu á árunum 1936—1956, þar segir m. a.:

„Ég setti aldrei neitt yfir gryfjur þessar, nema farg, þegar búið var að fylla þær af heyi, vegna þess að það var ekki venja að gera slíkt. Kom mér aldrei til hugar, að nokkur hætta væri á, að slys gæti orðið vegna þess."

Af því, sem að framan er rakið, er ljóst, að votheysþróin er að allri gerð í samræmi við það, sem tíðkast um sams konar þrær, og ekki nein hætta á því, að menn féllu í hana frá venjulegri umferðarleið eða vinnustað. Leið sú, sem Viðar ætlaði að fara, getur ekki talizt venjuleg umferðarleið í þessu sambandi, en frágangur þróaropsins var hins vegar villandi fyrir ókunnuga, þar sem svo gat virzt sem um sérstakan öryggisútbúnað væri að ræða, er óhætt væri að ganga á. Leiðslan frá blásaranum lá skáhallt yfir þróna, og mátti því við því búast, að farið yrði upp á hana til þess að huga að henni, eins og líka varð raunin á. Má ætla, að slys þetta hefði ekki orðið, ef ekkert hefði verið lagt yfir þróna eða þannig frá gengið, að auðvelt væri að átta sig á því, hvort þeim umbúnaði, sem þar var, væri treystandi eða ekki. Af þessum sökum verður að telja, að óvarlegt hafi verið að byrgja þróna með járnplötum á þenna hátt. Eiga því starfsmenn stefnda nokkra sök á slysinu, en á því ber stefndi fébótaábyrgð.

Eins og að framan segir, greip Viðar snögglega og óvænt fram fyrir hendur þeirra, er unnu við heyblásarann, enda þótt hann hefði ekki sjálfur unnið við slíkt tæki eða verið til þess settur. Viðar var á 17. ári, kunnugur störfum í sveit og þrónni, sem hann féll í. Mátti honum því vera ljóst, að ástæða var til að viðhafa fyllstu aðgát og flana ekki að neinu, áður en hann færi upp á þróna. Við lauslega athugun á þekjunni hefði hann átt að sjá, að ekkert var lagt undir hana til styrktar og að umbún-

aður þessi var ekki farg á þrónni, heldur var hér um plöturnar úr hlöðuþakinu að ræða, en opið á þakinu blasti við honum.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að meginorsök slyssins hafi verið fljótfærni og stórfellt gáleysi Viðars sjálfs. Að öllu því athuguðu, sem að framan greinir, þykir rétt, að Viðar beri sjálfur tjón sitt að ¾ hlutum, en stefndi bæti honum það að ¼ hluta.

Stefndi sundurliðar stefnukröfuna þannig:

1.	Örorkubætur og bætur vegna kostnaðar við sérstaka umönnun	kr. 827.285.66
2.	Bætur fyrir þjáningar, lýti, óþægindi og röskun á stöðu og högum	— 250.000.00
3.	Kostnaður vegna sjúkradvalar á Mayo Clinic og St. Mary's Hospital, Minnesota	— 463.936.34
4.	Ferðakostnaður vegna sjúkrafarar til Rochester, Minnesota	— 20.453.60
5.	Limabúnaður og hjólastóll	— 15.645.77
6.	Útreikningur vegna örorkutjóns o. fl.	— 1.350.00
7.	Ýmis kostnaður	— 758.20
		Samtals kr. 1.579.429.57

Verða nú einstakir liðir stefnukröfunnar teknir til athugunar:

Um 1. lið.

Kröfuliður þessi er tvíþættur, örorkubætur, kr. 741.836.66, og bætur vegna kostnaðar við sérstaka umönnun, kr. 85.449.00. Skal nú vikið að hvorum lið fyrir sig:

a) Örorkubætur: Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur gert fjóra útreikninga í sambandi við örorkutjón Viðars, dags. 18/3 1960, 12/5 1961, 26/2 1962 og loks 4/10 1962. Er kröfugerð stefnanda byggð á tveimur fyrstu útreikningunum, en síðari útreikningar eru endurskoðanir á þeim fyrri vegna kauplagsbreytinga. Miðað við 100% varanlega örorku samkvæmt örorkumati Bergþórs Smára læknis, dags. 15/3 1960. Skulu nú helztu atriði þessara útreikninga rakin.

Í fyrsta útreikningi tryggingafræðingsins segir, að við áætlun framtíðartekna sé vart hægt að styðjast við vinnutekjur fyrir slysið vegna aldurs Viðars, 16 ára. Hann hafi verið við nám í Flensborgarskóla, en stundað algenga verkamannavinnu á sumrin. Útreikningurinn sé miðaður við vinnutekjur verkamanna og iðnaðarmanna, en einnig komi til greina að gera ráð fyrir lengri skólagöngu og þá sennilega lægri tekjum fyrstu árin eftir slysið,

en hærri tekjum síðar. Miðað við almennan dagvinnutaxta Dagsbrúnar, 48 stunda vinnuviku, 48 vinnuvikur á ári auk orlofs, nemi árstekjur verkamanns kr. 50.481.00. Vegna skólagöngu og annarra ástæðna gerir tryggingafræðingurinn ráð fyrir, að á 17. ári nemi tekjur unglingsins 75% af tekjum fullorðinna, en hækki síðan í fullar tekjur á 5 árum.

Þá reiknar hann einnig út örorkutjónið á grundvelli úrtaksrannsóknar Hagstofu Íslands á meðaltekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík samkvæmt skattframtölum fyrir starfsárin 1951—1958. Þannig reiknað, verða meðaltekjur til jafnaðar 18.96% hærri en fullar dagvinnutekjur samkvæmt framansögðu.

Á sama hátt reiknar tryggingafræðingurinn út örorkutjónið, miðað við samningsbundið vikukaup sveina í járnsmíði, blikksmíði og fleiri iðngreinum, 48 vinnuvikur á ári auk orlofs, og nemur þá árskaupið kr. 59.212.00. Miðað við meðaltekjur iðnaðarmanna í Reykjavík samkvæmt úrtaksrannsókn hagstofunnar, verða meðaltekjur 9.62% hærri. Reiknað er með stighækkandi kaupi frá 17. ári til 21 árs aldurs. Verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi verður samkvæmt framansögðu:

	Miðað við verkamannstekjur	Miðað við iðnaðarmannstekjur
Reiknað með 48 vinnuvikum á ári	kr. 739.904.00	767.899.00
Reiknað með meðaltekjum	— 880.190.00	842.628.00

Í öðrum útreikningi sínum 12/5 1961 lætur sérfræðingurinn þess getið, að af verðmæti verkamannatekna stafi kr. 162.502.00 af vinnutapi innan 21 árs aldurs, miðað við 48 vinnuvikur, en kr. 193.312.00, ef miðað sé við meðaltekjur.

Tryggingafræðingurinn kveður hinar lágu tekjur iðnnema valda því, að verðmæti iðnaðarmannatekna sé lægra en verðmæti verkamannatekna, þegar miðað sé við meðaltal framtalinna vinnutekna. Hins vegar geti yfirvinnutekjur verið mikill hluti tekna iðnnema.

Verðmæti örorkulífeyris á slysdegi, er greiddur hefði verið svo lengi sem ætla mætti, að starfsorka Viðars hefði enzt, reiknast honum kr. 210.810.00, og er þá ekki tekið tillit til dagpeninga, kr. 7.525.00. Reiknað er með 6% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1941—1950.

Annar útreikningur tryggingafræðingsins, dags. 12/5 1961, miðar frambúðartekjur við vinnutekjur sjómanns og áætlar kostnað vegna sérstakrar umönnunar, er síðar verður að vikið. Tryggingafræðingurinn getur þess, að á undanförnum árum hafi farið

fram úrtaksrannsókn á vinnutekjum kvæntra sjómanna í Reykjavík (stuðzt við skattframtöl), en mjög miklum erfiðleikum sé bundið að umreikna slíkar meðaltekjur til kauplags, m. a. vegna þess að blandað sé saman farmönnum, bátasjómönnum og togarasjómönnum. Einnig hafi úrtakið verið svo fámennt, að sveiflur gætu átt rót sína að rekja til þess. Kveðst hann því hafa stuðzt við upplýsingar frá Bæjarútgerð Reykjavíkur um tekjur háseta á togurum hennar 1957—1959. Miðað við 300 daga úthald og tillit til kjarabreytinga reiknast sérfræðingnum til, að árstekjurnar nemi kr. 68.086.00 árið 1959, en kr. 76.188.00 frá 1/2 1960. Reiknað er með lægri tekjum fram til 21 árs aldurs og tekið tillit til lífeyrisréttinda og starfsaldur miðaður við 65 ár. Verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi verður samkvæmt þessu:

Vegna vinnutaps fram til 21 árs aldurs	kr. 256.449.00
Vegna vinnutaps eftir 21 árs aldur	— 901.248.00
Samtals	kr. 1.157.697.00

Tryggingafræðingurinn getur þess, að meðaltekjur sjómanna í Reykjavík samkvæmt áðurnefndri úrtaksrannsókn hafi verið um 6% hærri að meðaltali en tekjur, reiknaðar með framangreindum hætti. Forsendur útreikningsins eru að öðru leyti þær sömu og fyrsta útreíkningsins.

Kröfugerð stefnanda samkvæmt þessum lið er byggð á fyrrgreindum útreikningum. Örorkubætur reiknar hann þannig, að hann tekur meðaltal af meðaltekjum verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna samkvæmt framansögðu (880.190.00 + 842.628.00 + 1.157.697.00 : 3), og kemur þá út talan 960.171.66. Frá þessari fjárhæð dregur stefnandi verðmæti örorkulífeyris, kr. 210.810.00, að viðbættum dagpeningum, kr. 7525.00, og fær þannig út töluna kr. 741.836.66.

Í þriðja útreikningi tryggingafræðingsins 26/2 1962 er reiknað bæði með 6% og 7% ársvöxtum og tekið tillit til kauplagsbreytinga.

Niðurstöður, miðað við 6% ársvexti, eru þessar:

1.	Miðað við dagvinnutekjur verkamanna	kr. 834.142.00
2.	Miðað við meðaltekjur verkamanna	— 1.030.082.00
3.	Miðað við dagvinnutekjur iðnaðarmanna ..	— 891.347.00
4.	Miðað við meðaltekjur iðnaðarmanna	— 1.012.392.00
5.	Miðað við reiknaðar tekjur sjómanna	— 1.174.515.00

Verðmæti örorkulífeyris almannatrygginga reiknast hinum sérfróða manni kr. 243.256.00. Ekki er tekið tillit til dagpeninga fremur en áður.

Reiknað með 7% ársvöxtum eru niðurstöðurnar þessar í sömu röð og áður: 1) kr. 733.967.00, 2) kr. 906.376.00, 3) 773.283.00, 4) kr. 878.295.00, 5) kr. 1.040.304.00.

Verðmæti örorkulífeyris er kr. 214.515.00.

Fjórði útreikningur tryggingafræðingsins, dags. 4. október 1962, er gerður með tilliti til kauplagsbreytinga, sem þá höfðu átt sér stað. Reiknað er með 7% töflum. Niðurstöður hans eru þessar: 1) .... kr. 764.186.00, 2) .... kr. 943.693.00), 3) .... kr. 853.407.00, 4) .... kr. 969.300.00, 5) .... kr. 1.221.839.00.

Verðmæti örorkulífeyris kr. 226.842.00.

Stefndi hefur eindregið mótmælt þeirri reikningsaðferð stefnanda að miða örorkutjónið við meðaltal af meðaltekjum framangreindra stétta, enda komi það fram hjá tryggingafræðingnum, að erfitt sé að meta, við hvers konar meðaltal skuli miða. Telur stefndi, að miða beri þenna kröfulið við dagvinnutekjur verkamanns samkvæmt fyrsta útreikningi sérfræðingsins.

Eigi verður fallizt á þá reikningsaðferð stefnanda að miða örorkutjónið við meðaltal af meðaltekjum verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna. Eftir atvikum verður að telja eðlilegast að hafa hliðsjón af dagvinnutekjum verkamanns við ákvörðun örorkubótanna og þeim breytingum, sem orðið hafa á kauplagi. Þegar virt eru þau atriði, sem máli skipta við ákvörðun örorkubóta, þykja þær með hliðsjón af framansögðu hæfilega ákveðnar kr. 500.000.00, og hefur þá verið tekið tillit til verðmætis örorkulífeyris almannatrygginga og dagpeninga.

b) Annar þáttur þessa kröfuliðs eru bætur vegna kostnaðar við sérstaka umönnun, kr. 85.449.00, sem tryggingafræðingurinn hefur áætlað í útreikningi sínum 12/5 1961. Þar segir m. a., að heimilislæknir Viðars hafi staðfest, að gera verði ráð fyrir því, að Viðar muni til frambúðar þurfa sérstakrar umönnunar við vegna lömunar á báðum fótum upp að mitti. Hann geti ekki stjórnað þvaglátum og hægðum hjálparlaust og þurfi hjálp við það að fara úr og í hjólastól sinn. Móðir Viðars hafi samkvæmt upplýsingum stefnanda ekki að neinu ráði stundað vinnu utan heimilis hin síðari ár. Um beint tap annarra tekna vegna hinnar sérstöku umönnunar virðist ekki vera að ræða, en hins vegar hafi bætzt við störf á móður Viðars. Telur sérfræðingurinn eðlilegast að áætla móður Viðars ráðskonukaup fyrir heimilis-

störfin, ef reikna eigi henni sérstaka greiðslu fyrir þau, en gera ráð fyrir nokkurri hækkun vegna hinnar sérstöku umönnunar. Tryggingafræðingurinn byggir á því, að ráðskonukaup nemi 1500—2000 krónum á mánuði auk fæðis og húsnæðis, er nemi samkvæmt skattmati kr. 9.165.00. Hækkun mánaðarkaups úr kr. 1.500.00 í kr. 2.000.00 svari til 22% hækkunar heildartekna. Sé miðað við þá greiðslu fyrir umönnun, kr. 6.000.00 á ári, reiknast hinum sérfróða manni verðmætið frá slysdegi kr. 85.449.00. Sá tími, er Viðar dvaldist í Bandaríkjunum (frá vori 1960 til vors 1961), er dreginn frá, en ekki sá tími, er hann dvaldist á sjúkrahúsum hérlendis. Við endurskoðun 26/2 1962 hefur tryggingafræðingurinn reiknað með 7% ársvöxtum, og verður þá niðurstaðan 75.046.00.

Stefndi hefur einnig mótmælt þessum þætti kröfunnar, þar sem ekki sé um beint tap annarra tekna að ræða.

Ljóst er af eðli hinna alvarlegu meiðsla Viðars, að hann þarf sérstakrar umönnunar við í framtíðinni, og að slysið hefur valdið mikilli röskun og óþægindum á heimili stefnanda.

Þykja bætur af þessum sökum hæfilega ákveðnar kr. 50.000.00.

Um 2.

Stefnandi reisir kröfu sína samkvæmt þessum lið á læknisvottorðum og sjúkrasögu Viðars, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Ljóst sé, að Viðar hafi orðið að þola miklar þjáningar, andlegar og líkamlegar, hlotið varanleg lýti og andlegt áfall við slysið. Hann hafi verið efnilegur piltur og haft tvímælalausa hæfileika til frekara náms samkvæmt vottorði skólastjóra Flensborgarskólans. Sé auðsætt, að Viðar hafi orðið fyrir alvarlegri röskun á stöðu og högum.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum.

Þegar litið er til hinna miklu meiðsla Viðars og afleiðinga þeirra, þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 200.000.00.

Um 3.

Viðar var til lækninga á Mayo Clinic og St. Mary's Hospital í Rochester, Minnesota, frá 22. apríl 1960 til 20. marz 1962.

Fjárhæð þessa kröfuliðs er byggð á framlögðum reikningum og hefur ekki sætt andmælum tölulega. Læknishostnaður á Mayo Clinic var 6.706 $, en á St. Marys Hospital 7.925.40 $, samtals 14.631.40 $ eða sem samsvaraði 557.456.34 íslenzkum krónum. Af þessari fjárhæð hefur Tryggingastofnun ríkisins

greitt 93.520.00 kr., er stefnandi dregur frá, og er mismunurinn, 463.936.34 kr., krafan samkvæmt þessum lið.

Stefnandi heldur því fram, að för þessi hafi verið farin að ráði lækna. Hún hafi verið óhjákvæmileg bæði til þess að lækna legusár Viðars, sem ekki hafi tekizt á sjúkrahúsum hérlendis, og lífi hans verið hætta búin, svo og til þess að kanna það til fulls, hvort möguleikar væru á bata að öðru leyti. Fyrrgreindar stofnanir njóti viðurkenningar víða um heim og þar hafi Viðar verið undir hendi færustu lækna. Ráðstöfun þessi hafi því bæði verið eðlileg og sjálfsögð og árangur dvalarinnar vestra mikill. Legusárin hafi læknazt og andleg heilsa tekið framförum.

Stefndi hefur eindregið mótmælt þessum lið. Telur hann, að kostnaður þessi hafi verið alveg óþarfur. Læknar hafi ekki talið neina von til þess, að Viðar fengi mátt í fótlimi, þar eð um fullkomna þverlaesion á mænu hafi verið að ræða.

Við munnlegan málflutning 26. f. m. var því einnig haldið fram af hálfu stefnda, að fyrrgreindar stofnanir séu einhverjar þær dýrustu, sem völ sé á af sambærilegum stofnunum erlendis. Stefndi hefur hins vegar ekki rennt neinum stoðum undir þessa staðhæfingu.

Dómurinn hefur leitað álits Læknaráðs um hina læknisfræðilegu hlið málsins og lagt fyrir það eftirfarandi spurningar:

1. Var fyrirfram vitað, að Viðar Guðnason gæti ekki fengið mátt í fótlimi?

2. Voru skilyrði til þess hér á landi að gera þær aðgerðir á Viðari Guðnasyni, sem gerðar voru í Bandaríkjunum, og veita honum að öðru leyti sömu eða svipaða lækningameðferð og hann fékk erlendis?

3. Var för Viðars Guðnasonar til Bandaríkjanna, sem um getur í málinu, þörf, eins og á stóð?

Svör Læknaráðs: Ad. 1 Já. Ad. 2 Nei. Ad. 3 Já.

Með hliðsjón af áliti Læknaráðs, varðandi framangreind atriði, og þar sem stefnandi hefur gert nægilega grein fyrir kröfulið þessum, verður hann tekinn til greina, eins og hann liggur fyrir.

Um 4.

Kröfuliður þessi var upphaflega kr. 44.177.30, en var lækkaður um kr. 23.723.70 við þingfestingu málsins. Stefnandi gerir þá grein fyrir þessum lið, að kr. 11.302.00 sé ferðakostnaður Ólafar Guðnadóttur, systur Viðars, til New York og heim aftur, en ekki hafi verið komizt hjá því að láta fylgja Viðari vestur

um haf. Ferðina til New York og til baka hafi Viðar hins vegar fengið ókeypis. Ferðakostnaður systkinanna frá New York til Rochester og til baka hafi numið $ 215.20 eða 8.199.10 krónum. Auk þess hafi orðið að greiða fyrir sjúkrabifreið í New York $ 25 eða 952.50 krónur. Samtals nemur þessi kostnaður 20.453.60 krónum, og hefur stefnandi lagt fram reikninga fyrir honum.

Stefnandi hefur mótmælt þessum kröfulið á sömu forsendum og 3. lið hér að framan, en mótmælir honum ekki tölulega.

Eftir atvikum og með vísan til þess, sem segir um lið 3 hér að framan, ber að taka þenna kröfulið til greina óbreyttan.

Um 5—7.

Kröfuliðum þessum er ekki mótmælt, og verða þeir teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt framansögðu nemur tjón Viðars Guðnasonar kr. 1.252.143.91 (550.000.00 + 200.000.00 + 463.936.34 + 20.453.60 + 15.645.77 + 1350.00 + 758.20). Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda ¼ hluta þeirrar fjárhæðar eða kr. 313.035.98.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 6% ársvexti af kr. 175.000.00 (500.000.00 + 200.000.00 : 4) frá 14. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvexti af sömu fjárhæð frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvexti af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1961 og sömu ársvexti af kr. 313.035.98 frá þeim degi til greiðsludags. Loks ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 23.000.00 í málskostnað, og er þá jafnframt tekið tillit til útlagðs kostnaðar, kr. 4.639.40, að réttri tiltölu.

Jón Finnsson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Stefán Thorarensen, greiði stefnanda, Guðna Þórarinssyni f. h. Viðars Guðnasonar, kr. 313.035.98 með 6% ársvöxtum af kr. 175.000.00 frá 14. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1961 og sömu ársvöxtum af kr. 313.035.98 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 23.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. febrúar 1965.

Nr. 42/1964. **Árni Aðalsteinsson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Bætur vegna frelsissviptingar, sbr. 151. gr. laga nr. 82/1961.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. marz 1964. Hann hafði fengið gjafsókn í héraði og gjafsóknarleyfi hér fyrir dómi 20. marz 1964. Gerir hann þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 25.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 13. maí 1962 til 1. janúar 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 9. apríl 1964. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að krafa aðaláfrýjanda verði verulega lækkuð og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Aðaláfrýjandi er fæddur 22. ágúst 1943 og er því lögráða nú.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda bætur, kr. 5.000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 14. maí 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkis-

sjóði, þar á meðal málflutningslaun í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, er renni til talsmanns aðaláfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Árna Aðalsteinssyni, kr. 5.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 14. maí 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum fá þeim degi til greiðsludags. Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningslaun í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, er renni til talsmanns aðaláfrýjanda, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 10. janúar 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. desember s. l., hefur Helga Helgadóttir, Kirkjuvegi 19, Hafnarfirði, f. h. ólögráða sonar síns, Árna Aðalsteinssonar, s. st., höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 8. október 1962, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 25.000.00, með 8% ársvöxtum frá 13. maí 1962 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnanda var með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 25. júlí 1962, veitt gjafsókn í máli þessu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara hefur hann krafizt þess, að stefnukrafan verði lækkuð verulega og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnandi hefur og stefnt saksóknara ríkisins vegna ríkisvaldsins til réttargæzlu, en engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Hafnarfirði eru tildrög máls þessa sem hér segir:

Sunnudaginn 13. maí 1962, kl. 2335, kom Erlendur Indriðason, Skúlaskeiði í Hafnarfirði, á lögregluvarðstofuna þar og kvartaði yfir ólátum og óknyttum, sem nokkrir piltar hefðu í frammi inni í söluskála, sem hann rekur við Vesturgötu í Hafnarfirði, og fyrir utan hann. Kvað hann piltana hafa unnið spjöll

á söluskálanum. Hann kvað viðskiptamenn hafa hrökklazt í burtu vegna óláta piltanna, sem bæði hefðu stappað í gólfið og lamið skálann að utan, svo að mikil háreysti varð af. Loks hefði hann sjálfur ekki getað haldizt lengur við inni í skálanum. Því lokaði hann skálanum og kærði atferli piltanna til lögreglunnar. Sérstaklega nafngreindi hann fjóra pilta, sem þarna hefðu verið að verki. Lögreglan hófst þegar handa um rannsókn í máli þessu, og kl. 0005 komu tveir lögreglumenn á varðstofuna með tvo pilta, Harald Ingvarsson, er var einn þeirra pilta, sem Erlendur hafði nafngreint, og Árna Aðalsteinsson. Þar sem þeir höfðu báðir kannazt við að hafa komið að umræddum skála þá um kvöldið, voru þeir fluttir á varðstofuna. Meðan varðstjóri skrapp frá stutta stund, voru piltarnir geymdir í klefum á varðstofunni. Varðstjóri kom aftur inn kl. 0030 og tók þá þegar til yfirheyrslu Harald Ingvarsson. Viðurkenndi hann að hafa tekið þátt í ólátunum við skála Erlends þá fyrr um kvöldið. Síðan hafði varðstjóri tal af Árna Aðalsteinssyni, en hann kvaðst ekkert sakhæmt hafa gert við skála Erlends þetta kvöld eða önnur. Var piltunum að því búnu leyft að fara heim.

Árni Aðalsteinsson hefur skýrt svo frá, að umrætt kvöld hafi hann gengið út sér til skemmtunar. Hafi hann m. a. komið að skála Erlends Indriðasonar, sem hann kveðst þekkja vel og oft hafa aðstoðað við afgreiðslu. Hann hafi verið á leið heim til sín kl. rúmlega 23 og gengið upp Vesturbraut. Hafi þá tveir lögreglumenn komið í lögreglubifreið og spurt, hvort hann hefði verið í „sjoppunni" hjá Erlendi. Kvaðst hann koma þar daglega. Lögreglumennirnir hafi þá skipað sér upp í bifreiðina. Ekki mótmælti hann því. Í bifreiðinni var fyrir Haraldur Ingvarsson. Var síðan ekið til lögregluvarðstofu. Er þangað kom, kveður Árni annan lögreglumanninn hafa komizt svo að orði við varðstjóra, að þeir væru komnir með „sökudólgana". Varðstjóri mælti síðan svo fyrir, að þeir skyldu settir í klefa, og voru þeir settir sinn í hvorn klefann. Hurð klefans, sem Árni var settur í, varð ekki opnuð innan frá, en í klefanum var ljós, og honum varð ekki kalt þar. Ekki mótmælti Árni því að vera látinn í klefann. Hann telur sig hafa verið í klefanum í um það bil eina klukkustund. Er honum var sleppt út, var búið að sleppa Haraldi. Ekki kveður Árni neina frekari yfirheyrslu þá hafa farið fram, en honum hafi verið sagt, að hann mætti fara heim. Kveðst hann hafa spurzt fyrir um ástæðuna fyrir þessari meðferð, og hafi sér verið tjáð, að mistök hafi átt sér stað. Hann hafi þá

spurt, hvort ekki ætti að biðja sig afsökunar á þessu, en verið svarað því til, að þetta kæmi oft fyrir.

Lögreglumennirnir Ólafur Kristberg Guðmundsson og Steingrímur Helgi Atlason skýra svo frá, að þeir hafi hitt Árna á Vesturbraut. Kveður Ólafur Kristberg þá hafa spurt Árna, hvort hann hefði verið við skála Erlends þá fyrr um kvöldið, og hafi hann játað því. Báðu þeir hann síðan að koma með sér á lögregluvarðstofuna, og varð hann við þeirri beiðni. Var ekið þangað, og var fyrrnefndur Haraldur Ingvarsson með í bifreiðinni. Skýrðu þeir varðstjóranum frá því, að þeir væru komnir með pilta, sem verið hefðu við skála Erlends. Varðstjóri, sem þurfti að bregða sér frá stutta stund, lagði þá svo fyrir, að piltarnir skyldu geymdir, meðan hann væri fjarverandi, og voru þeir látnir í klefa.

Gísli Sigurðsson varðstjóri hafði með höndum lögreglurannsókn í máli þessu. Er lögreglumennirnir komu með piltanna inn á varðstofu, kveður hann þá hafa sagt sér, að piltarnir hefðu báðir játað að hafa verið við skála Erlends, þegar lætin voru þar. Fyrirfram hafi hann ekki vitað, hve langan tíma það tæki að taka skýrslu af piltunum, og því hafi hann ákveðið að fá sér miðnæturhressingu, áður en hann talaði við piltana, en lögreglumennirnir fái sér venjulega hressingu milli kl. 23 og 24. Ákvað hann, að piltarnir skyldu geymdir, þar til hann kæmi aftur. Er hann kom aftur um 20 mínútum síðar, tók hann fyrst skýrslu af Haraldi, sem upplýsti, hverjir hefðu verið valdir að ólátunum, og þá jafnframt, að Árni hefði ekki tekið þátt í þeim. Síðan kveðst varðstjóri hafa talað við Árna. Hafi Árni viðurkennt, að hafa verið við skála Erlends, er ólætin áttu sér stað, en ekki hefði hann tekið þátt í þeim. Var þeim Árna og Haraldi síðan leyft að fara.

Stefnandi reisir kröfu sína á því, að Árni hafi verið beittur ólöglegri handtöku og frelsissviptingu, og sé meðferð þessi á honum öll gersamlega að tilefnislausu, enda hafi lögreglan ekkert sökótt átt við hann. Því hefur stefnandi krafizt bóta úr ríkissjóði vegna þess miska, sem aðgerðirnar hafa valdið Árna.

Stefndi reisir sína sýknukröfu á eftirfarandi: Við rannsókn út af áðurgreindum óspektum er Árni tekinn til yfirheyrslu, og þótti nauðsynlegt að einangra piltana hvorn frá öðrum, svo að þeir gætu ekki borið sig saman. Var Árni því geymdur í gæzluklefa stutta stund. Þetta geti ekki talizt mistök, heldur nánast fyrirkomulagsatriði um rannsókn, enda hafi Árni ekki sætt neinum harðræðum. Út frá löggæzlusjónarmiðum hljóti lögreglan

að mega og oft á tíðum þurfa að hefta vitni og grunaða menn á þenna hátt. Geti slíkt ekki varðað við lög né bakað skaðabótaskyldu, ef ekki sé farið út fyrir öll eðlileg takmörk.

Samkvæmt því, sem upplýst er í máli þessu, verður ekki séð, að lögreglan hafi haft Árna grunaðan um þátttöku í óspektum þeim, sem rannsóknin beindist að. Þar sem telja verður, að lögreglumennirnir hafi haft ástæðu til að ætla, að Árni gæti veitt upplýsingar við rannsókn málsins, og þar sem lögregluvarðstofan var eigi langt undan, þá verður þó ekki talið, að lögreglumennirnir hafi gerzt ámælisverðir í starfi sínu, þótt þeir hafi fengið hann til þess að koma með sér á varðstofuna, enda beittu lögreglumennirnir Árna ekki valdi, né hafði hann þá þegar uppi nokkrar mótbárur við því að fylgja lögreglumönnunum. Hins vegar verður að telja, að skort hafi skilyrði fyrir þeirri frelsissviptingu, sem Árni var beittur. Þar sé um að ræða mistök af hálfu lögreglunnar, sem stefndi beri fébótaábyrgð á. Því ber stefnda að bæta stefnanda það tjón, sem Árni kann að hafa beðið vegna hinnar ólögmætu gæzluvistar, sbr. 151. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála.

Þegar litið er til alls þess, sem hér að framan er rakið, svo og ungs aldurs Árna Aðalsteinssonar, þá þykja bætur til handa stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 3.500.00, sem greiðist með 7% ársvöxtum frá 14. maí 1962 til greiðsludags. Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.500.00, og renni hann til skipaðs talsmanns stefnanda.

Ólafur W. Stefánsson setubæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Helgu Helgadóttur f. h. Árna Aðalsteinssonar, kr. 3.500.00 með 7% ársvöxtum frá 14. maí 1962 til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað, er renni til skipaðs talsmanns stefnanda, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. febrúar 1965.

Nr. 130/1964. **Oddviti Skarðshrepps f. h. hreppsins**
(Sigurður Baldursson hrl.)
gegn
Kjartani Guðmundssyni
(Guttormur Erlendsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak til tryggingar útsvari stefnda til Skarðshrepps í Dalasýslu fyrir árið 1962, kr. 5.135.00, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði svo og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti, þar á meðal bréf sýslumannsins í Dalasýslu, dags. 26. janúar 1965, um dvalarstaði stefnda, er hann dvelst í Skarðshreppi, en ekki verður af bréfi þessu ráðið, að stefndi hafi nokkurn fastan samastað þar í hreppi.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, oddviti Skarðshrepps í Dalasýslu f. h. hreppsins, greiði stefnda, Kjartani Guðmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 10. apríl 1964.

Mál þetta var tekið til úrskurðar þann 8. þ. m. Gerðarþola, Kjartani Guðmundssyni, Bókhlöðustíg 5, Stykkishólmi, var gert að greiða í útsvar til Skarðshrepps, Dalasýslu, fyrir árið 1962 kr. 5.135.00. Þar eð hann hefur eigi greitt útsvar þetta, hefur oddviti Skarðshrepps f. h. hreppsins krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindu útsvari.

Gerðarþoli hefur mótmælt framangreindri útsvarskröfu og gert þær kröfur í málinu, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Hvorugur aðilja hefur krafizt málskostnaðar.

Mótmæli sín og kröfur byggir gerðarþoli á því, að hann hafi frá því árið 1939 verið heimilisfastur í Stykkishólmi og átt þar lögheimili. Hins vegar hafi hann haft nytjar af ¾ hlutum Akureyja í Gilsfirði, Skarðshreppi, ásamt öðrum manni. Fyrir þessar nytjar hafi verið lögð á sig útsvör í Skarðshreppi. Hafi útsvarsupphæðin í fyrstu numið kr. 200.00, en árið 1961 hafi útsvarið numið kr. 2.000.00. Útsvörin til Skarðshrepps hafi hann ávallt fengið dregin frá útsvörunum til Stykkishólmshrepps og síðan greitt Skarðshreppi þá upphæð, sem á hann var lögð þar. Árið 1962 hafi verið lagt á sig fullt útsvar í Skarðshreppi, kr. 5.135.00, og þá ekki verið tekið tillit til þess, að hann sé heimilisfastur í Stykkishólmi og þar lagt á hann fullt útsvar líka. Gerðarþoli heldur því fram, að honum beri ekki að greiða útsvar nema á einum stað, þ. e. þar sem hann eigi lögheimili. Honum hafi því aldrei borið að greiða útsvar til Skarðshrepps, en gert það, vegna þess að útsvörin til Skarðshrepps hafi verið dregin frá álögðum útsvörum hans til Stykkishólmshrepps. Hann hafi því raunverulega aðeins verið milligöngumaður milli hreppanna um útsvars-

skiptingu. Útsvar sitt til Stykkishólmshrepps fyrir árið 1962, kr. 6.480.00, kveðst gerðarþoli hafa greitt að fullu.

Gerðarbeiðandi rökstyður kröfu sína um lögtak hjá gerðarþola með því, að gerðarþoli reki fasta sjálfstæða atvinnu í Skarðshreppi sem bóndi, og meginhluti tekna hans stafi frá þeirri atvinnu. Meðan hann starfi að búrekstri þar, hafi hann fast aðsetur í Skarðshreppi, en dveljist aðeins í Stykkishólmi þann tíma, sem búrekstur hans í Skarðshreppi útheimti ekki vinnu hans og nærveru. Þá bendir gerðarbeiðandi á, að dvalartími gerðarþola í Skarðshreppi árið 1961 hafi verið fullir 7 mánuðir, að tekjur hans í Skarðshreppi árið 1961 hafi numið meiru en ⅔ af heildartekjum hans það ár, að hann hafi ábúð á ¾ hlutum Akureyja í Skarðshreppi ásamt öðrum manni og að útsvar hafi jafnan verið á hann lagt í Skarðshreppi, síðan hann fór að nytja Akureyjar, og hafi hann skilvíslega greitt það, þar til árið 1962 að hann neitaði að greiða útsvarið.

Lögð hefur verið fram í málinu kvittun oddvita Stykkishólms fyrir greiðslu útsvars gerðarþola til Stykkishólmshrepps, álagðs 1962, að fjárhæð kr. 6.480.00. Enn fremur vottorð hreppstjóra Stykkishólmshrepps um, að gerðarþoli eigi og hafi átt lögheimili í Stykkishólmshreppi um mörg undanfarin ár, svo og vottorð Hagstofu Íslands (Þjóðskrárinnar) um, að lögheimili gerðarþola hafi árin 1960—1962 verið í Stykkishólmi.

Samkvæmt framangreindum gögnum, og þar sem ekki liggur annað fyrir, verður dómurinn að líta svo á, að gerðarþoli hafi átt lögheimili í Stykkishólmshreppi, þegar útsvar það, sem hér er krafizt lögtaks fyrir, var lagt á hann í Skarðshreppi. Það verður því ekki séð, að útsvarsálagning þessi hafi við rök að styðjast, sbr. 30. gr. laga nr. 69 frá 28. apríl 1962 um tekjustofna sveitarfélaga, einkum a- og j-liði þeirrar greinar. Verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ekki ná fram að ganga.

Miðvikudaginn 10. febrúar 1965.

Nr. 80/1962. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Charles Alfred Grimmer
(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta var upphaflega tekið til meðferðar fyrir Hæstarétti 26. febrúar 1964. Kvað Hæstiréttur hinn 2. marz s. á. upp úrskurð um, að dómkvaddir skyldu þrír sérkunnáttumenn til þess m. a. að marka á sjóuppdrátt staðarákvarðanir varðskipsins Þórs og ákærða hinn 18. apríl 1962, mæla dýpi umhverfis dufl það, er varðskipið setti út, og láta í té rökstudda álitsgerð um nákvæmni staðarákvarðana, enda skyldi ákærða í hag tekið tillit til þeirrar hugsanlegu skekkju í niðurstöðu mælingar- og miðunartækja, sem viðurkennd er af framleiðendum þeirra. Til þessa starfa dómkvaddi yfirsakadómarinn í Reykjavík hinn 9. marz 1964 þá stýrimannaskólakennarana Benedikt Alfonsson og Karl Guðmundsson og svo Zóphónías Pálsson mælingaverkfræðing. Hinn 22. marz 1964 fóru þeir á varðskipinu Þór á vettvang málsins og framkvæmdu þar athuganir sínar og rannsóknir. Hinn 10. apríl 1964 skiluðu þeir greinargerð um málið, sem þeir staðfestu fyrir dómi 11. s. m. Þá gáfu þeir og yfirlýsingu fyrir dómi 28. september s. á. Að svo búnu var málið flutt fyrir Hæstarétti hinn 6. nóvember s. á. Með því að málið þótti enn eigi fullkannað, var hinum sérfróðu mönnum falið að tilhlutan Hæstaréttar að fara á vettvang og framkvæma þar enn athuganir og mælingar. Þessa för fóru þeir 14. s. m. Gáfu þeir skýrslu um förina og athuganir sínar hinn 16. s. m., er þeir staðfestu fyrir

dómi daginn eftir. Þá gáfu þeir og heildarskýrslu um málið hinn 4. desember s. á., er þeir staðfestu fyrir dómi sama dag. Þar segir:

„Hinn 22. marz 1964 fórum við á v/s Þór til athugana og mælinga á stað þann, er v/s Þór lagði dufli í kjölfar b/v Ben Lui, A 715, hinn 18. apríl 1962. Aðra ferð fórum við á sama skipi á sama stað hinn 14. nóvember 1964.

Í fyrri ferðinni gerðum við auk dýptarmælinga margar mælingar með Sperry-radar varðskipsins, meðal annars til Álseyjar og Geirfuglaskers. Er þær höfðu verið settar út í sjókort, kom í ljós nokkurt misræmi milli staðsetninga, sem gerðar voru með Álsey annars vegar og Geirfuglaskeri hins vegar.

Okkur var ekki að fullu ljóst, af hverju þetta misræmi stafaði, sbr. greinargerð okkar, dags. 10. apríl 1964. Við útsetningu á óvissuferhyrningnum CDEF á sjókort nr. 33, dómskjal nr. V, gerðum við því ráð fyrir allmiklu meiri ónákvæmni í staðsetningunni en framleiðendur Sperry-radars v/s Þórs viðurkenna, þ. e. ± 2% af mældum fjarlægðum og ± 0°65 í miðunum.

Í síðari ferð okkar á v/s Þór gerðum við margar mælingar til áðurnefndra staða og einnig til Surtseyjar, sem nú hefur verið sett í sjókort. Við útsetningu á stað skipsins kom í ljós sama misræmi og við fyrri athuganir hinn 22. marz, þ.e.a.s. að staðsetningar út frá Álsey voru undantekningarlaust nær landi, þ. e. norðar, en frá hinum tveim stöðunum". Um þetta segir í skýrslu sérfræðinganna frá 16. nóvember 1964: „Milli Álseyjar og Brands, suður af Álsey, eru 0.2 sml., en breidd radargeisla radartækis v/s Þórs er 0°65, sem gerir 0.28 sml. í 24.5 sml. fjarlægð. Þetta orsakar, að eyjarnar koma fram sem heild í radarmynd á duflstaðnum. Verður því að setja miðanir út í kort frá eyjunum báðum sem heild, en ekki frá Álsey einni" .... „þannig að miðanir komi frá miðju heildarinnar", en fjarlægðir telja þeir „mældar til næsta punkts heildarinnar, sem er vesturhorn Álseyjar". Þá segir í skýrslunni frá 4. desember: „Sé þetta gert, fást staðsetningar, sem eru u.þ.b.

0.2 sml. fjær landi, þ. e. sunnar, en með útsetningu frá Álsey einni, og verður þá gott samræmi milli staðsetninga frá Álsey, Geirfuglaskeri og Surtsey.

Þar sem mælingar varðskipsins voru framkvæmdar af æfðum mönnum og tækin athuguð á eftir, sbr. urskj. 5, teljum við enga ástæðu til að ætla, að sjálfar mælingarnar á því, sem varðskipsmenn töldu vera Álsey, séu rangar.

En svo sem við höfum áður bent á í greinargerð, dags. 10. apríl 1964, teljum við ekki fullnægjandi til nákvæmra staðarákvarðana að gera athugun á aðeins einum punkti, enda koma skekkjur í staðarákvörðunum ekki í ljós, fyrr en mælt hefur verið til annars eða fleiri punkta.

Við útsetningu okkar á sjókort nr. 33, sem lagt var fram í sakadómi hinn 17. nóv. 1964, höfum við leiðrétt athugun varðskipsmanna fyrir eftirfarandi:

1) $\div 1°$ í miðunum, sbr. urskj. 5.
2) mismun á kompáslínu og stórbaug, sem reyndist $+ 0°40$.
3) Skekkju í staðarlínu vegna samruna Álseyjar og Brands, u.þ.b. 0.2 sml.

Þegar athugun varðskipsmanna hefur verið leiðrétt á þennan hátt, fæst staður merktur A á sama sjókorti, og reyndist hann 0.7 sml. innan fiskveiðimarkanna.

Þar sem leiðrétt hefur verið fyrir skekkju, umræddri í tölulið 3 hér að framan, og mælingar okkar gefa ótvírætt til kynna, að ónákvæmni í rétt gerðum staðsetningum er innan þeirra marka, sem framleiðandi Sperry-radars v/s Þórs viðurkennir, er við útsetningu ferhyrningsins CDEF í áðurnefnt sjókort aðeins reiknað með óvissu skv. því, þ. e. $\pm$ 2% af mældum fjarlægðum og $\pm 0°65$ í miðunum.

Samkvæmt ofansögðu og þar sem athuganir okkar á þessum slóðum hafa sannað, að mælingar til Álseyjar—Brands eru í samræmi við mælingar til Geirfuglaskers og Surtseyjar, teljum við fullvíst, að togarinn Ben Lui, A 715, hafi kl. 0446 hinn 18. apríl 1962 verið á fletinum CDEF í framangreindu sjókorti". Þá segja sérfræðingarnir í skýrslunni frá 16. nóvember: „Staður A reynist 0.7 sml. innan

fiskveiðimarkanna, staður C 0.7 sml., staður D 1.1 sml., staður E 0.7 sml. og staður F 0.25 sml. innan þeirra". Í bréfi til saksóknara ríkisins, dags. 22. janúar 1965, segja sérfræðingarnir: „Á sjókorti nr. 33, dskj. 3, táknar punkturinn F stað duflsins, sem v/s Þór lagði í kjölfar togarans Ben Lui, A 715, kl. 0446 h. 18. apríl 1962. Þessi staður er settur út skv. mælingum v/s Þórs frá Álsey—Brandi sem heild, og er þá reiknað með þeim skekkjum, sem fundust við athugun á tækjum v/s Þórs, þ. e. ÷ 1° á gyroáttavita, og þeim skekkjum, sem viðurkenndar eru af framleiðendum tækjanna, þ. e. + 2% í fjarlægðum og ÷ 0°65 í miðunum, togaranum í hag.

Við framhaldsrannsókn málsins hefur komið í ljós, að auk ofanritaðs verður að gera ráð fyrir ónákvæmni kortsins auk teiknióvissu í útsetningu punktsins F, sem nemur í heild ± 0.08 sml. Einnig kom í ljós, að fiskveiðimarkalínan er dregin 0.07 sml. of innarlega næst punktinum F. Sé ofangreind ónákvæmni og óvissa reiknuð togaranum í hag og miðað við hina réttu fiskveiðimarkalínu, er punkturinn F 0.24 sml. innan línunnar.

Við teljum, að önnur atriði, sem okkur er kunnugt um, að hafi komið fram í málinu, breyti ekki stað punktsins F í kortinu". Loks segja þeir í bréfi 26. janúar 1965: „Samkvæmt ósk yðar viljum við til frekari skýringar við bréf okkar til yðar, dags. 22. jan. 1965, taka fram, að á sjókorti nr. 33, dskj. nr. 3, táknar punkturinn A sennilegasta stað duflsins samkvæmt mælingum varðskipsins, eftir að leiðrétt hefur verið fyrir þeim skekkjum, sem fundust á mælitækjum þess, en staðurinn F táknar stað duflsins samkvæmt þessum sömu mælingum, eftir að þær hafa verið leiðréttar fyrir þeim skekkjum, sem fundust á mælitækjum skipsins, en auk þess leiðréttar fyrir hugsanlegum skekkjum í mælitækjum, sem viðurkenndar eru af framleiðendum tækjanna, togaranum í hag."

Enn er þess að geta, að hinir sérfróðu menn framkvæmdu dýpismælingar með bergmálsdýptarmæli varðskipsins 22. marz 1964 á þeim slóðum, sem hér skipta máli. Kom þá

í ljós, „að allgott samræmi er á milli dýpismælinga“ þeirra „og dýpismælinga v/s Þórs“. Verður af þessu ráðið, að meira dýpi sé á nefndum stöðum en sjóuppdrættir hafa gefið til kynna.

Eigi þykir með rökum verða vefengt, að varðskipsmenn hafi tekið mið af Álsey—Brandi við mælingar sínar hinn 18. apríl 1962. Rannsókn sérfræðinganna sýnir, svo sem getið hefur verið, að mæling til Álseyjar—Brands er í samræmi við mælingar til Geirfuglaskers og Surtseyjar. Þá hafa sérfræðingarnir og leitt í ljós, að staður dufls þess, sem varðskipið setti út í kjölfar togara ákærða kl. 0446 nefndan dag, þar sem hann var að togveiðum í áttina frá landi, var innan 6 sml. fiskiveiðimarkanna, þótt tillit sé tekið til allra atriða, er máli skipta, ákærða í hag.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður að telja sannað, að ákærði hafi hinn 18. apríl 1962 gerzt sekur um botnvörpuveiðar innan 6 sm fiskveiðimarkanna, og ber að refsa honum samkvæmt lagaboðum þeim, er í héraðsdómi greinir. Að þessu athuguðu og með tilliti til þess, að 1951.09 pappírskrónur jafngilda nú 100 gullkrónum, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 260.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 35.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Charles Alfred Grimmer, greiði kr. 260.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 35.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gísla. G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. apríl 1962.

Ár 1962, mánudaginn 23. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1879/1962: Ákæruvaldið gegn Charles Alfred Grimmer, sem tekið var til dóms 21. þ. m.

Ákærður er Charles Alfred Grimmer, skipstjóri á skozka togaranum Ben Lui, A 715, til heimilis í 594 Holburnstreet, Aberdeen á Skotlandi, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 og lög nr. 33 19. júní 1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvorpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að vera á botnvörpuveiðum á nefndum togara á Selvogsbanka milli kl. 0400 og 0500 miðvikudaginn 18. apríl 1962 innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961, og innan við svæði það milli sex og tólf sjómílna fiskveiðilögsögu, sem um ræðir í 3. gr., VI, í auglýsingu nr. 4 11. marz 1961, sbr. 6. gr. nefndrar reglugerðar nr. 3/1961.

Ákærist nefndur skipstjóri, Charles Alfred Grimmer, til að sæta refsingu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. október 1928 í Aberdeen á Skotlandi. Fyrr hefur hann ekki, svo að kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu hér á landi.

Samkvæmt skýrslu skipherra á varðskipinu Þór, Þórarins Björnssonar, eru málavextir þessir:

Miðvikudaginn 18. þ. m., er varðskipið var á austurleið á Selvogsbanka, sást skip, er virtist vera að ólöglegum veiðum. Reyndist skip þetta vera nefndur togari Ben Lui, A 715. Staðarákvarðanir voru gerðar af skipherra og I. stýrimanni, en III. stýrimaður skrifaði upp athuganirnar, sem gerðar voru. Klukkan 0422 miðaðist Álsey réttvísandi 093°, fjarlægð 27.0 sjómílur. Togarinn réttvísandi 139°, fjarlægð 4.3 sjómílur, sem gefur stað togarans 1.7 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 0429½ miðaðist Álsey réttvísandi 091°, fjarlægð 25.6 sjómílur. Togarinn réttvísandi 145°, fjarlægð 2.5 sjómílur, sem gefur stað togarans um 1.8 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Klukkan 0436 miðaðist Álsey réttvísandi 088.5°, fjarlægð 24.7 sjómílur. Skipið réttvísandi 147°, fjarlægð 0.9 sjómílur, en þetta gefur stað togarans 1.9 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Klukkan 0435 var stöðvunarflaggið K sett upp á varðskipinu.

Klukkan 0440 var skotið púðurskoti (lausu skoti) frá varðskipinu.

Klukkan 0443 var komið að togaranum, en þá var verið að ljúka við að kasta stjórnborðsvörpu hans, og sást, að verið var að „taka í blökkina".

Klukkan 0444 var enn skotið púðurskoti, þar eð togarinn var ekki stöðvaður, en það var gert klukkan 0446, og var þá sett út dufl í kjölfar hans. Miðaðist Álsey þá réttvísandi 085°, fjarlægð 24.5 sjómílur. Dýpi 160 metrar, en þetta gefur stað duflsins um 1.2 sjómílur innan fisveiðitakmarkanna.

Klukkan 0455 var varpa togarans tekin um borð.

Klukkan 0500 fór I. stýrimaður varðskipsins ásamt tveimur hásetum í gúmmíbát að togaranum, en var í fyrstu meinað að komast um borð í togarann, svo að stýrimaður tók upp skammbyssu sína og beindi henni að togaramönnum, sem þá létu afskiptalaust, að hásetarnir tveir af varðskipinu færu um borð í togarann, en er þangað var komið, urðu nokkrar stimpingar milli skipverja togarans og varðskipsmanna, er þeir tóku á móti fangalínu úr gúmmíbátnum.

Ákærði neitaði að koma um borð í varðskipið til viðræðna við skipherra þess, fyrr en H.M.S. Russell, er hann hafði kallað á, kæmi á vettvang.

Síðar var III. stýrimaður varðskipsins fluttur um borð í togarann vopnaður.

Klukkan 0613 kom H.M.S. Russell á vettvang, og fór siglingafræðingur herskipsins um borð í varðskipið. Voru honum sýndar mælingar varðskipsmanna. Gerði hann mælingar á dufli því, sem sett hafði verið út frá varðskipinu, og bar athugunum hans saman við mælingar þeirra. Skipherra H.M.S. Russells kom einnig um borð í varðskipið, og komu athuganir þær, sem hann gerði á duflinu, einnig heim við mælingar varðskipsmanna. Hins vegar virtist staður duflsins minna fyrir innan fiskveiðitakmörkin, væru athuganirnar settar út í sjókort, sem foringjar herskipsins höfðu meðferðis, heldur en í sjókorti varðskipsins.

Þá kom ákærði einnig um borð í varðskipið, og komu þær mælingar, sem hann gerði á duflinu, einnig heim við fyrri athuganir, og er þær voru settar út í sjókort, sem hann hafði meðferðis, virtist staðurinn mjög svipað innan línu fiskveiðitakmarkanna og eftir útreikningum varðskipsmanna.

Klukkan 0750 fór ákærði og foringjar herskipsins frá borði, og var haldið áleiðis til Reykjavíkur klukkan 0810.

Þess er og getið í skýrslu skipherra, Þórarins Björnssonar, að lausi fjarlægðarhringur varðskipsratsjárinnar, sem er af Sperrygerð, hafi verið samstilltur föstu fjarlægðarhringunum, áður en mælingar voru gerðar. Gyroáttaviti varðskipsins var einnig athugaður á leiðinni til Reykjavíkur í miðunum: Reykjanesvitar bera saman, stóri Reykjanesviti ber í Karlinn og Garðskagavitarnir bera saman. Engin skekkja reyndist á gyroáttavitanum.

Veður var SA-3 til 4, samsvarandi sjór.

Til Reykjavíkur var komið um klukkan 1600.

Báðir framangreindir stýrimenn varðskipsins hafa staðfest framanskráða skýrslu, eftir því sem þeir hafa getað borið, en skipherra vaðskipsins hefur lýst því yfir, að við mælingarnar hafi Álsey sézt greinilega í ratsjánni.

Hornamælingar voru ekki gerðar við duflið, enda sást ekki þaðan til lands. Aftur á móti segir skipherra varðskipsins, að gerð hafi verið staðarákvörðun með hornamælingum suður af Staðarbergi með því, að mæld voru hornin milli Eldeyjar, Reykjaness og Súlna, um leið og fjarlægðin í Staðarberg hafi verið mæld, og hafi þetta passað saman að öðru leyti en því, að fjarlægðin í ratsjánni hafi reynzt 1/10 hluta úr sjómílu meiri en hornamælingin sýndi. Mjög á sama veg ber I. stýrimaður varðskipsins, sem segir fjarlægðina hafa reynzt rétta, borið saman við sextantstað.

Skipherra varðskipsins kveður duflið hafa verið sett út frá

því í suðaustlæga átt. Þar hafi verið nokkur straumur, en duflið ekki hreyfzt úr stað. Varðskipið hafi aftur á móti rekið nokkuð undan vindi. Segir skipherra varðskipsins önnur kennileiti en Álsey ekki hafa sézt frá þeim stað, sem duflið var sett út, og Álsey vera greinilegasta kennileitið á þessum slóðum, en engin greinileg kennileiti að sjá í landi, sem byggjandi hafi verið á.

Á sjókorti varðskipsins er ekki að sjá, að mælzt hafi 160 metra dýpi á eða nærri þeim stað, sem duflið var sett út frá varðskipinu, en skipherra þess kveður 150 metra jafndýpislínu vera dregna rétt við duflstaðinn, eins og kortið beri með sér, og telur hann línuna ekki nákvæma, eins og hún er þar sýnd.

Ákærði segir það rétt vera, að hann hafi verið að veiðum á togaranum með stjórnborðsvörpu, þegar varðskipið kom að honum. Hann hafi þá verið milli toga, verið að kasta stjórnborðsvörpunni og haft 200 faðma af vírum úti, en átt eftir að gefa út um 75 faðma. Kveðst hann ekki hafa sett út dufl, er hann hóf veiðar, en hann hafi verið á togveiðum á þessum slóðum í 24 klukkustundir, áður en varðskipið kom að honum, þó ekki alltaf á sama stað. Í næsta togi, áður en varðskipið kom að togaranum, kveðst ákærði hafa togað í 2 klukkustundir og 45 mínútur í norðaustlæga átt, en togið, áður en hann var stöðvaður af varðskipinu, kveðst hann hafa byrjað 32 mílur frá Geitarhlíðarfjalli utan fiskveiðitakmarkanna.

Ákærði mótmælir mælingu varðskipsmannanna og heldur því fram, að hann hafi verið að veiðunum á undanþágusvæðinu utan 6 sjómílna markanna frá grunnlínu. Vefengir hann nákvæmni ratsjár varðskipsins og byggir þessar skoðanir sínar á því, að ratsjá togarans, sem er af Marconigerð, hafi verið rétt, og að samkvæmt mælingum, gerðum af henni, hafi togarinn verið fyrir utan fiskveiðitakmörkin. Kveður hann sér og ókunnugt um, að nokkurn tíma hafi mælzt 85 faðma dýpi á þeim stað, sem varðskipsmenn staðsetja duflið á sjókorti sínu (þ. e. varðskipsmanna), en hann segir 85 faðma dýpi hafa verið þar, sem varðskipið kom að honum. Sjókort ákærða var lagt fram í dóminum, en inn á það hafði hann markað stað þann, er hann telur togarann hafa verið á, er varðskipið kom að honum, og er staður þessi rétt utan við fiskveiðitakmörkin.

Stöðu togarans, eins og hún er sett út í sjókorti ákærða, kveðst hann hafa miðað út frá hæsta tindi Heimaeyjar og Geitarhlíðarfjalli á Reykjanesi ásamt stað nokkru austar og norðar frá Geitahlíðarfjalli, en staður þessi er merktur X á sjókorti

ákærða. Kveðst ákærði hafa fengið miklu betri svörun í ratsjá sinni frá vesturkanti Heimaeyjar en Álsey, sem hann hafi þó séð í ratsjá sinni, og getur hann þess, að hún hafi gefið slæma svörun í ratsjá varðskipsins.

Mælingar sínar kveðst ákærði hafa framkvæmt á þann hátt, að hann hafi miðað fjarlægðina frá togaranum í hæsta fjall á Heimaey 28.5 sjómílur og frá togaranum að Geitahlíðarfjalli 35.5 sjómílur, en tindurinn, sem hann hafi miðað við á Geitahlíðarfjalli sé 1281 fet á hæð, eins og sjókort hans ber með sér. Á sjókorti varðskipsins er Geitarhlíðarfjall talið 386 metrar á hæð. Ekki kveðst hann hafa gert ráð fyrir neinum mælingaskekkjum. Hann kveðst hafa mælt með færanlegum mælihring ratsjárinnar, er geti breytt sér, en hann hafi athugað hann hér um bil við hvert kast. Leiðarbók segist hann enga hafa fært.

Ákærði, sem var við stjórn togarans, þegar varðskipið kom að honum, kveður fiskiskipstjóra sinn eða ráðgjafa, John Holden, hafa aðstoðað sig við mælingarnar og borið saman með sér útreikninga sína.

Skýrir John Holden svo frá, að hann hafi verið sofandi, er varðskipið kom að togaranum, en ákærði hafi vakið hann, þegar fyrsta skotinu var hleypt af frá varðskipinu, og þeir farið saman upp í brúna, þar sem hann hafi staðfest staðarákvarðanir ákærða og talið togarann samkvæmt þessum útreikningum utan fiskveiðitakmarkanna. Kveður hann þá hafa staðsett togarann með mælingum, sem þeir hafi framkvæmt með ratsjánni. Þeir hafi miðað við Heimaey, enda fengið bezta svörun þaðan, þótt þeir hefðu séð önnur kennileiti, er hurfu, þegar skipið valt. Þá segir hann þá hafa miðað við Geitafell, sem er talsvert lengra uppi í landi en Geitarhlíðarfjall. Fjarlægðina frá togaranum að Heimaey kveður hann hafa verið 28.5 sjómílur og frá Geitafelli að togaranum 35.5 sjómílur, og segir hann togarann hafa verið á sama stað og ákærði hefur greint frá, er varðskipið kom að honum, en þar hafi verið 85 faðma dýpi.

Taldi John Holden í fyrstu öruggt, að þeir hefðu miðað við Geitafell, eftir því sem hann hefði bezt vitað, enda sagði hann ströndina þar fyrir sunnan ekki sjást í ratsjá.

Er John Holden var bent á, að ákærði hefði borið það, að miðað hefði verið við Geitarhlíðarfjall, kvað hann ákærða hafa gert miðanirnar, en sjálfur hefði hann skrifað þær upp eftir frásögn ákærða og staðfest þær.

Við samprófun hélt ákærði fast við það, að hann hefði miðað

við Geitarhlíðarfjall, enda hefði hann fengið góða svörun þaðan í ratsjánni sem línu eftir fjallinu, síðan eyðu og þá greinilegan tind. Kveður hann John Holden munu hafa skilið Geitarhlíðarfjall sem Geitafell, og segir John Holden þetta geta verið.

Ákærði segir það rétt vera, að hann hafi farið um borð í varðskipið og gert þar mælingar á duflinu, sem sett var út af varðskipsmönnum, og að þær hafi komið heim við fyrri athuganir varðskipsmanna. Þá kveður hann mælingar þessar hafa verið settar út í sjókort, sem hann hafði meðferðis, og þar virzt staður togarans mjög svipað innan fiskveiðitakmarkanna, eins og greinir í skýrslu skipherra varðskipsins.

Ákærði neitaði því, að hann hafi hindrað varðskipsmenn í því að komast um borð í togarann, en segir togaramenn hafa viljað gera sitt bezta og hann þá sagt þeim að huga að veiðarfærum. Sjálfur kveðst hann hafa neitað að fara um borð í gúmmíbátinn, en farið svo um borð í varðskipið, eftir að herskipið var komið á vettvang.

Samkvæmt eigin óskum komu fyrir dóminn og gáfu skýrslur skipherra herskipsins Russels, siglingafræðingur þess, stýrimaður þess og fjórði maðurinn, sem er siglingafræðingur að menntun.

Skýrir skipherra herskipsins svo frá, að klukkan 0450 greindan miðvikudag, er herskipið var beint suður af Vestmannaeyjum, hafi verið tilkynnt frá togaranum, að varðskip væri komið að honum, en staðarákvörðun verið gefin mjög lauslega upp um 25 sjómílur vestur af eyjunum. Hélt herskipið að togaranum, enda á þeirri leið. Bæði skipherra herskipsins og siglingafræðingur þess segja það rétt vera, að þeir hafi farið um borð í varðskipið og gert mælingar með tækjum þess á dufli því, sem sett var út frá varðskipinu, og hafi mælingar þeirra komið heim við mælingar varðskipsmanna. Getur skipherra herskipsins þess, að við duflið hafi mælzt 87 faðma dýpi og að dýptarmælir varðskipsins hafi sýnt þarna 160 metra dýpi, en rétt áður en herskipið kom að togaranum, kveður skipherra þess, að varðskipið hafi verið um 400 yards norðan við duflið. Álsey segir hann hafa sézt sæmilega vel í ratsjá varðskipsins. Með ratsjá herskipsins, sem er af Deccagerð 978, var reiknuð út staða varðskipsins og togarans, og ber skipstjóri herskipsins, eins og aðrir framangreindir skipverjar þess, að skip þessi hafi verið rétt fyrir utan fiskveiðitakmörkin. Klukkan 0455 kveður hann mælingu hafa verið framkvæmda af I. stýrimanni og aðstoðarmanni, og notazt hafi verið við gyroáttavita og ratsjá, en miðað hafi

verið við Stórhöfða og Geirfuglasker, sem verið hafi í 7.5 sjómílna fjarlægð frá herskipinu með réttvísandi stefnu 314 og Stórhöfði í réttvísandi stefnu 003, en um fjarlægðina í hann er ekki vitað. Siglingafræðingur herskipsins gerði 5 staðarákvarðanir með stuttu millibili, er herskipið var á leið sinni að togaranum. Voru staðarákvarðanir þessar, sem allar eru staðfestar af skipherra herskipsins og greindum skipverjum þess, skráðar í bækur herskipsins og merktar inn á sjókort þess, sem lagt var fram í dóminum með rómverskum tölum, I—V. Mælingarnar voru framkvæmdar með ratsjá, en hornamælingar ekki gerðar, og kveðst siglingafræðingurinn hafa miðað við Geirfuglasker, en ekki önnur kennileiti. Mælisvið ratsjárinnar segir skipherra herskipsins vera 12 sjómílur, þegar um skip er að ræða, en ella um 40 sjómílur, ef um hátt kennileiti sé að ræða. Er herskipið var komið að togaranum, segir hann, að ekki hafi verið unnt að gera staðarákvarðanir með ratsjá þess, þar sem Vestmannaeyjar hafi þá ekki sézt í henni. Athuganir þessar sem aðrar voru allar miðaðar við Greenwichmeðaltíma. Við fyrstu miðun kveðst siglingafræðingur herskipsins hafa séð Geirfuglasker með berum augum, en við hinar miðanirnar notazt við ratsjána, þótt Geirfuglasker kynni þá að hafa sézt með berum augum.

Verður nú nánar greint frá mælingum þessum, eins og þær voru skráðar í bækur herskipsins:

Við I. mælingu, klukkan 0522, var fjarlægðin milli herskipsins og Geirfuglaskers 4.3 sjómílur og réttvísandi stefna 040.

Við II. mælingu, klukkan 0530, var fjarlægðin í Geirfuglasker 7.5 sjómílur, réttvísandi stefna 070.

Við III. mælingu, klukkan 0540, var fjarlægðin í Geirfuglasker 10.5 sjómílur og réttvísandi stefna 082.

Við IV. mælingu, klukkan 0547, var fjarlægðin í Geirfuglasker 12.8 sjómílur og réttvísandi stefna 084. Kveðst siglingafræðingurinn hér hafa miðað togarann í réttvísandi stefnu 288.5, og hafi fjarlægðin milli herskipsins og togarans verið 7.8 sjómílur, en á siglingunni milli III. og IV. mælingar hafi fyrst sézt til togarans og varðskipsins og þau þá verið staðsett rétt fyrir utan fiskveiðitakmörkin, og segir skipherra herskipsins, að þá hafi mælzt 80 faðma dýpi með bergmálsdýptarmæli þess, en klukkan 0455 var varpa togarans tekin um borð í hann, eins og fyrr getur.

Við V. mælingu, klukkan 0553, var fjarlægðin í Geirfuglasker 15.5 sjómílur og réttvísandi stefna 087, en í framburði skipherra herskipsins er skráð í þingbókina eftir honum, að rétt-

vísandi stefna hafi hér verið 084. Miðaðist togarinn í réttvísandi stefnu 289, og mældist fjarlægðin að honum 5.4 sjómílur, en dýpi 81.5 faðmar. Kveðst siglingafræðingur herskipsins af nýju hafa hér reiknað út stöðu togarans og segir hann samkvæmt þessari mælingu hafa verið lítið eitt utar við fiskveiðitakmörkin en fyrr.

Klukkan 0600 greindan miðvikudagsmorgun kveðst siglingafræðingur herskipsins hafa athugað gyroáttavita þess og þá komizt að raun um, að hann sýndi 2° of lítið, og segist hann hafa tekið tillit til þessarar skekkju við útreikninga sína, en samkvæmt loggbók herskipsins sýndi áttavitinn sömu skekkju kl. 0527 þenna morgun.

Skipherra herskipsins kveðst, þar sem hann hafi vitað, að ratsjá þess væri rétt samkvæmt prófun í landsýn klukkan 0455, hafa beðið um, að reynt væri að athuga nákvæmni ratsjár skipanna þriggja á leið þeirra til Reykjavíkur með því að varðskipið mældi fjarlægðina að togaranum og herskipinu, herskipið fjarlægðina að togaranum og varðskipinu og togarinn fjarlægðina að varðskipinu og herskipinu. Hafi þetta verið reynt, herskipið hafi mælt fjarlægðina að togaranum og hann fjarlægðina að herskipinu, en varðskipsmenn hefðu tilkynnt, að þeir hefðu eingöngu mælt fjarlægðina að herskipinu. Við aðra tilraun í mælingum þessum kveðst skipherra herskipsins hafa mælt fjarlægðina að togaranum og varðskipinu og hefði ákærði sagzt hafa mælt fjarlægðina að herskipinu og varðskipinu, en frá því hefði verið tilkynnt, að þaðan hefði eingöngu verið mæld fjarlægðin að togaranum. Kveðst skipherra herskipsins hafa stungið upp á því, að þriðja tilraunin yrði gerð, en þá hefðu fleiri fiskiskip verið í nánd og varðskipsmenn átt erfitt með að greina herskipið frá þeim.

Niðurstöður þessara tilrauna kveður skipherra vera þessar:

Klukkan 0934 hefði fjarlægðin að varðskipinu verið 7.4 sjómílur og 5.8 sjómílur að togaranum. Við aðra tilraun klukkan 0942 hefði fjarlægðin að varðskipinu verið 8.25 sjómílur, og að togaranum 6.45 sjómílur.

Skipherra varðskipsins, Þórarinn Björnsson, kveður I. stýrimann þess hafa mælt fjarlægðina milli þess og herskipsins og nokkru síðar fjarlægðina milli varðskipsins og togarans. Nákvæmni ratsjár skipanna kveðst skipherra varðskipsins ekki hafa getað athugað, heldur aðeins getað gert á þeim samanburð.

Dóminum afhenti hann blað, sem þessar athuganir voru skráðar á, eins og hér segir:

„Fjarlægð í herskipið 7.5 sjóm.
Fjarlægð í togarann 1.8 sjóm.
Tekið af I. stýrimanni.
Fjarlægðirnar ekki teknar samtímis.
Eldey 44°57′
Reykjanesviti 34°57′
Súlur
Fjarlægð í Staðarberg eftir Sperry radar 6.1 sjóm.
Tekið af skipherra og I. stýrimanni."

Á leiðinni til Reykjavíkur kveðst ákærði hafa byrjað að gera tilraunir til að mæla fjarlægðina frá togaranum að varðskipinu og herskipinu, en þeim tilraunum hafi ekki orðið lokið, þar sem varðskipsmenn hefðu átt erfitt með að greina herskipið frá öðrum skipum. Kveðst hann hafa skrifað hjá sér á blað um athuganir þessar, en þar sem tilraununum varð ekki lokið, segist hann hafa eyðilagt blað þetta, og man hann ekki að greina frá neinum tölum í þessu sambandi.

Dómarinn kvaddi þrjá kunnáttumenn, þá Ríkharð Sigmundsson rafvirkjameistara, Ólaf Jónsson útvarpsvirkjameistara og Ingólf Þórðarson, skipstjóra og stýrimannaskólakennara, til að athuga ratsjár varðskipsins og togarans, einkum fjarlægðarhæfi þeirra. Er þeir höfðu unnið starf sitt, skýrðu þeir frá því, að þeir hefðu ekki séð í togaranum önnur miðunartæki en ratstjána. Seguláttaviti hefði einnig verið þar, en hann hafi ekki verið hægt að nota með nægilegri nákvæmni, þar sem ýmsir hlutir í landi hefðu getað haft áhrif á hann. Fer hér á eftir vottorð þeirra, sem þeir hafa staðfest með eiði, svo og tvær töflur, er því fylgdu:

„Við undirritaðir höfum athugað radartæki togarans Ben Lui, A 715, af Marconigerð, og varðskipsins Þórs af Sperrygerð. Skipin liggja hlið við hlið við Ingólfsgarð. Bæði tækin sýndu mjög greinilega mynd, og endurkast (signal) í 40 mílna fjarlægð kom álíka skýrt fram.

Fjarlægðarmælingum með tæki Þórs bar mjög vel saman, hvort sem mælt var með föstum eða færanlegum mælihring, en á tæki togarans kom fram nokkurt misræmi, eins og meðfylgjandi tafla sýnir. Á töflunni kemur einnig fram samanburður við mælingar í korti.

Fjarlægðar kvarði	Færanlegur hringur sm	Fastir hringir sm	Mismunur sm	Staðir	Fjarlægð á radar	Fjarlægð samkvæmt korti	Mismunur sm	Sjómannaskólinn		
								Réttm. á gyroáttavita	Réttm. samkvæmt korti	Mismunur
6 sm	2.0	2.0	0.0		4.3 sm	4.35 sm	0.05			
	4.0	4.0	0.0	Brimnes						
15 sm	5.0	5.0	0.0	Stytzta fjarlægð í ströndina undan hlíðum Akrafjalls	8.9 sm	8.9 sm	0.0	134¼°	133¼°	1°
	9.95	10.0	0.05							
	15.0	15.0	0.0							
40 sm	10.0	10.0	0.0							
	20.0	20.0	0.0							
	30.0	30.0	0.0							
2 sm				Engeyjarbauja	0.75 sm	0.77 sm	0.02			

S/t. Ben Lui, A715

Fjarlægðarkvarði	Færanlegur hringur	Fastir hringir	Mismunur	Staðir	Fjarlægð á radar	Fjarlægð samkvæmt korti	Mismunur
10 sm	1.7 sm	2.0 sm	0.3 sm	Brimnes			
	3.7 —	4.0 —	0.3 —				
	5.75 –	6.0 —	0.25 –		4.3 sm	4.35 sm	0.05 sm
	7.7 —	8.0 —	0.3 —				
	9.45 –	10.0 —	0.55 –				
20 sm	4.15 sm	5.0 sm	0.85 sm	Brimnes	3.8 sm	4.35 sm	0.45 sm
	9.35 —	10.0 —	0.65 —	Stytzta fjarlægð í ströndina undan hlíðum Akrafjalls			
	14.35 —	15.0 —	0.65 —				
	19.1 —	20.0 —	0.9 —		8.6 —	8.9 —	0.3 —
40 sm	9.1 sm	10.0 sm	0.9 sm				
	15.0 —	15.0 —	0.0 —				
	20.3 —	20.0 —	0.3 —				
	25.0 —	25.0 —	0.0 —				
	30.5 —	30.0 —	0.5 —				
	35.7 —	35.0 —	0.7 —				
3 sm				Engeyjarbauja	0.7 sm	0.77 sm	0.07 sm

Miðunarnákvæmni radarsins í Þór, sem er stilltur inn á gyroáttavita, miðað við kort, kemur einnig fram í töflunni. Um miðunarnákvæmni togarans er erfitt að dæma við þær ástæður, sem eru fyrir hendi."

Með framangreindum mælingum og skýrslum varðskipsmanna, sem þeir hafa staðfest með eiði, telur dómurinn sannað gegn staðhæfingu ákærða og þótt mælzt hafi 160 metra dýpi á þeim stað, sem duflið var sett út frá varðskipinu, að ákærði hafi umrætt skipti verið á þeim stöðum, er mælingarnar sýndu, og að botnvörpuveiðum var hann, svo sem hann hefur viðurkennt. Eru staðir þessir á því svæði fiskveiðilandhelginnar, sem um ræðir í ákæru samkvæmt framansögðu.

Varðar þessi verknaður við 2. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44/1948 og nr. 33/1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1959 um breytingu á þeim lögum.

Ber að ákveða refsingu ákærða samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948, og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 4. gr. laga nr. 5/1920 (áður 3. gr. sbr. lög nr. 6/1959) og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum. Samkvæmt þessum refsiákvæðum, með tilliti til stærðar togarans, 473.16 brúttólestir, og með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 250.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Ben Lui, A 715, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dóm þenna kveða upp Logi Einarsson yfirsakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Charles Alfred Grimmer, greiði 250.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Ben Lui, A 715, skulu verða upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudagur 10. febrúar 1965.

Nr. 94/1964. **Unnur Á. Jónsdóttir**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Magnúsi Thorlacius og gagnsök (sjálfur).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Kröfu, sem eigi var dómhæf, vísað frá dómstólum. Sýknað af vaxtakröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1964 og gert „þessar dómkröfur:

1) Að viðurkenndur verði réttur aðaláfrýjanda til að gera fjárnám til sölu við uppboð í eigin sýningarvíxli gagnáfrýjanda, er gefinn var út 13. júlí 1957, að fjárhæð kr. 100.000.00, til að nota andvirði víxilsins til greiðslu á málskostnaði, að upphæð kr. 100.000.00, samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 9. maí 1962 í hæstaréttarmálinu nr. 90/1961.
2) Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða 7% ársvexti af framangreindum málskostnaði, kr. 100.000.00, frá 1. ágúst 1962 til greiðsludags.
3) Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati Hæstaréttar".

Af hendi gagnáfrýjanda er málinu áfrýjað með stefnu 25. júní 1964. Hann krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur, að undanskildu ákvæði hans um málskostnað, og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Með bréfi til borgarfógetans í Reykjavík 10. júlí 1957 beiddist gagnáfrýjandi þess f. h. Ryszard Gorka, Varsjá, Póllandi, að kyrrsettar yrðu eignir eiginmanns aðaláfrýjanda, Finnboga Kjartanssonar stórkaupmanns, til tryggingar kröfu, að fjárhæð $ 44.000.00, auk vaxta og kostnaðar, og var kyrrsetning framkvæmd dagana 12. og 29. júlí 1957. Kyrrsettur var eignarhluti Finnboga í húsinu nr. 54 við Háteigsveg í Reykjavík og nokkur skrifstofugögn hans, eins og nánar er rakið í héraðsdómi. Til tryggingar tjónbótum vegna kyrrsetningarinnar, ef því yrði að skipta, afhenti gagnáfrýjandi fógetadómi Reykjavíkur hinn 13. júlí 1957 eiginvíxil sinn, útgefinn 10. s. m. til handa borgarfógeta til greiðslu við sýningu, að fjárhæð kr. 100.000.00. Með stefnum 18. og 30. júlí 1957 höfðaði gagnáfrýjandi f. h. Ryszard Gorka síðan mál til heimtu greindra fjárhæða og staðfestingar kyrrsetninargerðum gegn Finnboga Kjartanssyni, sem fyrir dómi samþykkti þær kröfur á hendur sér. Aðaláfrýjandi, sem gerðist meðalgönguaðili þess máls, krafðist þess hins vegar, að hrundið yrði öllum kröfum gagnáfrýjanda f. h. Ryszard Gorka. Lauk því máli með dómi Hæstaréttar 9. maí 1962. Var málinu í heild vísað frá dómstólum og gagnáfrýjanda f. h. Ryszard Gorka dæmt að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 100.000.00, og varða kröfur aðaláfrýjanda nú hér fyrir dómi þann málskostnað.

Um 1. kröfulið aðaláfrýjanda.

Fram er komið, að hvorki var tryggingarvíxill sá, sem um er að tefla, sýndur til greiðslu né neinar ráðstafanir gerðar til geymslu víxilréttarins. Eru allar kröfur samkvæmt víxlinum því fyrndar, sbr. 1. mgr. 34. gr., 1. mgr. 70. gr., 1. mgr. 77. gr. og 1. mgr. 78. gr. víxillaga nr. 93/1933. Heimild til fjárnáms í víxlinum og til ráðstöfunar

uppboðsandvirðis hans getur því ekki varðað hagsmuni aðaláfrýjanda að lögum. Að svo vöxnu verður kröfulið þessum vísað frá dómstólum.

Um 2. kröfulið aðaláfrýjanda.

Eigi eru efni til að dæma gagnáfrýjanda að greiða vexti af málskostnaðarskuld Ryszard Gorka, er hér um ræðir. Ber því að dæma gagnáfrýjanda sýknu af þessum kröfulið.

Eftir atvikum og málavöxtum þykir málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eiga að falla niður.

Dómsorð:

1. kröfulið aðaláfrýjanda, Unnar Á. Jónsdóttur, er vísað frá dómstólum.

Gagnáfrýjandi, Magnús Thorlacius, á að vera sýkn af 2. kröfulið aðaláfrýjanda.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. apríl 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. apríl 1964, hefur Unnur Á. Jónsdóttir, Hamrahlíð 27, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 1. ágúst 1962, gegn Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni, Reykjavík, f. h. Ryszard Gorka frá Varsjá í Póllandi, til vara Ryszard Gorka sjálfum, og skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. þrotabús Finnboga Kjartanssonar til greiðslu in solidum á kr. 100.000.00 í bætur vegna kyrrsetningar á eignum stefnanda og Finnboga Kjartanssonar, framkvæmdrar 13. og 29. júlí 1957, og eftirfarandi málssókna auk kr. 100.000.00 málskostnaðar samkvæmt hæstaréttardómi í málinu nr. 90/1961: Unnur Á. Jónsdóttir gegn Magnúsi Thorlacius f. h. Ryszard Gorka o. fl., og að Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður persónulega og f. h. Ryszard Gorka, til vara Ryszard Gorka persónulega, verði dæmdir in solidum til að viðurkenna rétt stefnanda til að gera fjárnám til sölu við uppboð á eigin sýningarvíxli Magnúsar Thorlacius, er gefinn var út hinn 13. júlí 1957, að fjárhæð kr. 100.000.00, til tryggingar afleiðingum kyrrsetningargerðar, framkvæmdrar af borgarfógetanum í Reykjavík í eignarhluta Finnboga Kjartanssonar í húseigninni nr. 54 við Háteigs-

veg hér í borg, og eftirfarandi málssókna, til að nota andvirði víxilsins til greiðslu á málskostnaði, að fjárhæð kr. 100.000.00, samkvæmt dómi Hæstaréttar í málinu nr. 90/1961: Unnur Á. Jónsdótttir gegn Magnúsi Thorlacius f. h. Ryszard Gorka svo og til greiðslu bótafjárskuldar þeirrar, sem stefnanda kann að verða ákveðin með dómi í þessu máli auk framangreinds málskostnaðar samkvæmt dómi Hæstaréttar, hvort tveggja auk vaxta og kostnaðar, allt að því leyti sem andvirði víxilsins kann að hrökkva til. Þá kveðst stefnandi munu krefjast þess, að stefndi Magnús Thorlacius f. h. Ryszard Gorka, til vara Ryszard Gorka sjálfur, og skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. þrotabús Finnboga Kjartanssonar verði dæmdir in solidum til að greiða 7% ársvexti af þeirri fjárhæð, sem dæmd kann að verða stefnanda með dómi í þessu máli, auk framangreinds kr. 100.000.00 málskostnaðar, og Magnús Thorlacius persónulega og aðrir framangreindir aðiljar verði dæmdir in solidum til að greiða sömu ársvexti af nefndum kr. 100.000.00 samkvæmt dómi Hæstaréttar, hvort tveggja frá stefnudegi til greiðsludags.

Loks krefst stefnandi Unnur Á. Jónsdóttir þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér málskostnað í máli þessu að mati réttarins.

Í greinargerð, sem lögð var fram 17. janúar 1963, krafðist stefndi Magnús Thorlacius þess aðallega, að máli þessu yrði vísað frá dómi, en *til vara*, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu, hvernig sem málið færi.

Af hálfu stefnanda var hins vegar krafizt, að frávísunarkröfu þessari yrði hrundið og honum dæmdur málskostnaður í þeim þætti málsins, en munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna 18. apríl 1963.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 9. maí 1963 var málinu vísað frá dómi ex officio, að því er Ryszard Gorka og Magnús Thorlacius varðaði. Var þeim dómi skotið til Hæstaréttar, og féll dómur þar 17. janúar s.l. á þá leið, að hinn kærði dómur bæjarþingsins var staðfestur, að því er Ryszard Gorka varðaði. Að öðru leyti var dómurinn úr gildi felldur og málinu vísað heim til efnisdóms um kröfur sóknaraðilja, Unnar Á. Jónsdóttur, á hendur Magnúsi Thorlacius persónulega.

Kom málið fyrir bæjarþing aftur 6. febrúar s.l., og æskti þá lögmaður stefnandi fjögurra mánaða frests til þess að stefna Ryszard Gorka inn í málið. Neitaði umboðsmaður stefnda í þing-

inu um frekari frest, og var málið tekið til úrskurðar um það efni. Með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 28. febrúar 1964, var synjað um hinn umbeðna frest.

Við munnlegan flutning málsins nú voru af hálfu stefnanda gerðar eftirgreindar dómkröfur: 1) Að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að gera fjárnám til sölu við uppboð í eigin sýningarvíxli Magnúsar Thorlacius, er gefinn var út 13. júlí 1957, að fjárhæð kr. 100.000.00, til að nota andvirði víxilsins til greiðslu málskostnaðar, að upphæð kr. 100.000.00, samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 9. maí 1962 í hæstaréttarmálinu nr. 90/1961, 2) að stefndu Magnús Thorlacius og skiptaráðandinn í Reykjavík vegna þrotabús Finnboga Kjartanssonar verði dæmdir in solidum til að greiða 7% ársvexti af framangreindum málskostnaði, kr. 100.000.00, frá stefnudegi 1. ágúst 1962 til greiðsludags og 3) að sömu aðiljar og greinir í 2. lið verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómarans.

Stefndi Magnús Thorlacius krefst þess nú, að máli þessu verði vísað frá dómi, að því er skiptaráðandann í Reykjavík f. h. þrotabús Finnboga Kjartanssonar varðar, en að hann sjálfur verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 22. þ. m. var máli þessu vísað frá dómi ex officio, að því er varðar skiptaráðandann í Reykjavík f. h. þrotabús Finnboga Kjartanssonar. Málsaðiljar hafa nú lýst yfir, að þeir muni ekki kæra framangreindan dóm til Hæstaréttar.

Liggur því málið nú fyrir til dómsúrlausnar um þá kröfu, að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að gera fjárnám til sölu við uppboð í eigin sýningarvíxli Magnúsar Thorlacius, er gefinn var út hinn 13. júlí 1957, að fjárhæð kr. 100.000.00, til tryggingar afleiðingum kyrrsetningargerðar, framkvæmdrar af borgarfógetanum í Reykjavík í eignarhluta Finnboga Kjartanssonar í húseigninni nr. 54 við Háteigsveg hér í borg, og eftirfarandi málsókna, til að nota andvirði víxilsins til greiðslu á málskostnaði, að fjárhæð kr. 100.000.00, samkvæmt dómi Hæstaréttar í málinu nr. 90/1961: Unnur Á. Jónsdóttir gegn Magnúsi Thorlacius f. h. Ryszard Gorka o. fl., svo og til dóms um aðrar kröfur á hendur Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni persónulega í máli þessu.

Stefnandi lýsir málavöxtum í stefnu sem hér segir:

„Stefnandi og Finnbogi Kjartansson, stórkaupm., hér í bæ,

sem höfðu gengið í hjónaband árið 1945, skildu að borði og sæng með leyfisbréfi borgardómarans í Reykjavík, dags. 30. júlí 1957.

Með bréfi til borgarfógetans í Reykjavík, dags. 10. s. m., hafði Magnús Thorlacius hrl., f. h. Ryszard Gorka frá Warszawa, beiðzt kyrrsetningar á eignum Finnboga Kjartanssonar til tryggingar skuld, að fjárhæð 44.000.00 Bandaríkjadollarar með 6% ársvöxtum frá 31. des. 1950, eins og nánar var greint í bréfi hæstaréttarlögmannsins og síðar í stefnum, til greiðsludags, auk alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og uppboð, ef til komi.

Kyrrsetning var síðan framkvæmd hinn 13. júlí 1957 í eignarhluta þeirra hjóna, stefnanda og Finnboga Kjartanssonar, í húseigninni nr. 54 við Háteigsveg hér í bæ. Hinn 29. s. m. var kyrrsetningunni haldið áfram og þá kyrrsettir nokkrir innanstokksmunir í skrifstofu Finnboga til tryggingar sömu skuld.

Við kyrrsetningu 13. júlí, sem framkvæmd var í húseign þeirra hjóna, var hvorugt þeirra hjóna mætt og enginn að þeirra tilstuðlan fyrir þeirra hönd, en að tilhlutan fógeta mætti Úrsúla Gunnþórsdóttir af þeirra hálfu. Aðspurð kvaðst hún eigi greiða fyrir gerðarþola og kvað sér ókunnugt um eignir hans.

Framhald kyrrsetningarinnar hinn 29. s. m. fór í fyrstu fram í skrifstofu Finnboga Kjartanssonar í húsinu nr. 12 við Austurstræti hér í bæ. Finnbogi Kjartansson var þar eigi staddur, en af hans hálfu mætti bróðir hans, Jóhann Kjartansson, og kvaðst eigi geta greitt skuldina, en vísaði á til kyrrsetningar nokkra innanstokksmuni í skrifstofunni, sem fógeti kyrrsetti. Því næst var rétturinn fluttur í skrifstofu fógeta, og mætti stefnandi þar og með henni Kristinn Gunnarsson, hrl. Mótmælti Kristinn löghaldskröfum sem röngum.

Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður höfðaði síðan mál til staðfestingar kyrrsetningargjörðinni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með tveimur stefnum, dags. 18. og 30. júlí 1957.

Mál þetta var tekið fyrir í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 3. sept. 1957. Við þá fyrirtekt málsins mætti Finnbogi Kjartansson ekki eða neinn af hans hálfu, en af hálfu frú Unnar mætti málflutningsmaður og beiddist frests í málinu. Er málið kom næst fyrir rétt hinn 27. sept., mætti Finnbogi sjálfur, viðurkenndi þá skuldina að fullu og kvað umboðsmann frú Unnar enga heimild hafa til að æskja frests í málinu á sínum vegum.

Stefnandi þessa máls hafði ritað skiptaráðandanum í Reykja-

vík bréf hinn 2. sept. 1957, þar sem hún beiddist þess, að bú þeirra hjóna yrði tekið til opinberra skipta.

Hinn 16. sept. 1957 var haldinn skiptafundur í búi þeirra hjóna. Þar mætti Kristinn Gunnarsson, hrl., fyrir frú Unni, en Finnbogi Kjartansson var sjálfur mættur. Upplýstu mættir þar og þá, að fyrir bæjarþingi Reykjavíkur væri rekið mál gegn Finnboga Kjartanssyni, að fjárhæð 44.000.00 dollarar. Umboðsmaður frúarinnar mótmælti kröfunni sem rangri, en Finnbogi kvað hana rétta. Sjálfsagt þótti að heimila konunni að ganga inn í málið og halda uppi vörnum í því, enda greiði hún þann aukakostnað, sem af andmælum hennar kynni að leiða.

Stefnanda þessa máls kom þessi skuld mjög á óvart. Hún taldi sig þekkja til manns þess, er taldi sig vera eiganda skuldarinnar, Ryszard Gorka í Warszawa. Hann hafði haft nokkur kynni af þeim hjónum á undanförnum árum, og hafði frúnni verið með öllu ókunnugt, að hann hefði nokkurn tíma talið til skuldar hjá Finnboga. Finnbogi hafði og aldrei talið skuld þessa fram á árlegum framtölum sínum til tekju- og eignarskatts. Frúin taldi því rétt að ganga inn í málið sem meðalgöngustefnandi til þess að koma fram vefengingum sínum gegn kröfunni. Höfðaði hún síðan meðalgöngumál á hendur skuldareiganda og eiginmanni sínum, Finnboga Kjartanssyni. Meðalgöngustefnan er dagsett 20. sept. 1957, en málið var tekið fyrir í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 24. s. m.

Stefndi krafðist frávísunar meðalgöngumálsins, en þeirri kröfu var hrundið með úrskurði bæjarþings, dags. 19. maí 1958, sem var staðfestur með dómi Hæstaréttar, dags. 23. júní s. á.

Frú Unnur gekk því inn í málið sem meðalgöngustefnandi og krafðist sýknu og málskostnaðar. Hinn 10. maí 1961 var kveðinn upp dómur í bæjarþingi Reykjavíkur í málinu á þá leið, að kyrrsetningargerðir stefnanda voru staðfestar og aðalstefndi, Finnbogi Kjartansson, dæmdur til að greiða aðalstefnanda fjárhæð þá, er hann hafði krafizt, ásamt vöxtum, eins og krafizt var, og krónur 48.000.00 í málskostnað. Kröfur meðalgöngustefnanda, frú Unnar Á. Jónsdóttur, voru ekki teknar til greina, en málskostnaður í meðalgöngusök felldur niður.

Frú Unnur áfrýjaði dómi þessum til Hæstaréttar með stefnu, dags. 10. maí 1961.

Honum var og gagnáfrýjað af hálfu aðalstefnanda.

Dómur Hæstaréttar var kveðinn upp hinn 9. maí þ. á., og féll hann á þá leið, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð ættu

að vera ómerk og málinu vísað frá héraðsdómi. Gagnáfrýjandi, Magnús Thorlacius f. h. Ryszard Gorka, skyldi greiða aðaláfrýjanda, Unni Á. Jónsdóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 100.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Frú Unnur Jónsdóttir telur sig hafa haft mjög mikil óþægindi, skapraun, fyrirhöfn, áhyggjur og fjártjón af framangreindum kyrrsetningum og málssókn. Vill frúin benda á í því sambandi m. a., að hún hafi verið neydd til að afla sér mjög dýrrar lögfræðilegrar aðstoðar úti í Póllandi, þar til Ryszard Gorka viðurkenndi eðli hinnar sérstæðu kröfugerðar hans á hendur Finnboga Kjartanssyni og frú Unni, konu hans.

Hún bendir enn fremur á, að hin risavaxna fjárkrafa, sem Magnús Thorlacius f. h. Ryszard Gorka gjörði á hendur eiginmanni hennar, hafi valdið algjörri ringulreið á fjármálum Finnboga og þar af leiðandi hennar. Lánardrottnar Finnboga urðu að sjálfsögðu varir við kyrrsetningargjörðina í húseign þeirra hjóna og hröðuðu þess vegna innheimtuframkvæmdum, þ. á m. lögtökum og fjárnámum í fasteigninni. Kom þar að lokum, að bú Finnboga var tekið til opinberra gjaldþrotaskipta hinn 20. nóv. 1961.

Vegna hins fjármálalega öngþveitis, er frúin telur, að skapazt hafi vegna kröfugerðar Ryszard Gorka, vanrækti Finnbogi greiðslur til frúarinnar, svo sem meðlög o. fl. Varð hún einnig á þann veg fyrir stórkostlegu fjártjóni.

Frúin bjó í húseign þeirra hjóna, og olli hin mikla óvissa í fjármálum henni miklum óþægindum, kvíða og andlegum þjáningum. Hún varð að lokum að hröklast úr húsinu, eftir að kaupandi þess á nauðungaruppboði, er fram fór á því haustið 1961, hafði beiðzt útburðar á henni úr íbúðinni. Frú Unnur mun gera nánari grein fyrir málavöxtum við rekstur máls þessa.

Frúin kveðst hafa vænzt þess, að sér yrði heimilað að leita fullnægju í tryggingu þeirri, er sett var fyrir afleiðingum kyrrsetningarinnar, fyrir þeim krónum 100.000.00, er henni voru dæmdar úr hendi gagnáfrýjanda af Hæstarétti.

Magnús Thorlacius hrl., er setti trygginguna að tilhlutan fógeta, hefur á hinn bóginn, að sögn borgarfógeta, neitað að samþykkja, að frúnni verði afhentur tryggingarvíxillinn eða að greiða hann, og kveður hún sér því nauðsyn að höfða mál til viðurkenningar á heimild sinni til að gera fjárnám í nefndum víxli til sölu við opinbert uppboð til greiðslu á málskostnaðarkröfu sinni og öðrum þeim fjárhæðum, er henni kunna að

verða dæmdar úr hendi réttra viðkomenda vegna þráttnefndrar kyrrsetningar og eftirfarandi málssóknar að því leyti, sem tryggingin hrekkur til. Hún geymir sér og allan rétt til að gjöra frekari kröfur til bóta samkvæmt almennum skaðabótareglum gegn öllum þeim, er kunna að hafa stutt að kröfugerð Ryszards Gorka og framkvæmd hennar á einn eða annan veg."

Stefnandi gerir í greinargerð svofellda grein fyrir þeirri kröfugerð sinni, sem hér liggur einkum fyrir til dómsúrlausnar:

„Svo má virðast, að beinast hafi legið við og eðlilegast hafi verið að gera fjárnám í fyrrgreindum tryggingarvíxli til tryggingar oftnefndum 100.000.00 króna málskostnaði samkv. dómi Hæstaréttar, þegar sá dómur lá fyrir, og jafnframt að öldungis hafi verið óþarft að leita viðurkenningar á þeim rétti með dómi í þessu máli.

Eftir atvikum þótti þó rétt og nauðsynlegt, til að gæta ýtrasta öryggis, að hafa uppi í málinu slíka kröfu. Komu og til tvær sérstakar ástæður, er að þessu stuðluðu. Annars vegar það, að vitað var fyrirfram, að Magnús Thorlacius myndi hafa uppi varnir gegn því, að leitað væri fullnægju í víxlinum fyrir málskostnaðinum, og gera mátti ráð fyrir, að nokkuð kynni að dragast, að endanleg úrlausn fengist um þennan ágreining. Á hinn bóginn var svo hitt, að ákveðin hafði verið höfðun bótamáls skv. 24. gr. laga nr. 18/1949. Frestur til höfðunar slíks máls er tímabundinn, og mjög hlaut að vera tvísýnt um það, að úrlausn um aðfararréttinn til víxilsins yrði fenginn, áður en fresturinn til höfðunar bótamálsins væri útrunninn.

Þótti því að öllu athuguðu rétt að fresta tilraun til fullnægju í víxlinum, en leita þess í stað viðurkenningar á rétti til hennar, samhliða heimtu skaðabóta.

Eru þessar ástæðurnar til þess, að mál þetta er rekið í þessu horfi."

Stefndi, Magnús Thorlacius, reisir sýknukröfu sína m. a. á því, að trygging við löghald sé ekki sett fyrir greiðslu málskostnaðar, heldur fyrir greiðslu bóta fyrir miska og fjártjón, þar með talin lánstraustsspjöll, *er telja má löghaldið hafa valdið.* Enn fremur kveður stefndi Magnús Thorlacius, að stefnandi hefði þurft að höfða meðalgöngusökina og reka það mál allt um það, þótt málssókn gegn Finnboga hefði ekki hafizt með löghaldi. Það sé á misskilningi byggt, að löghaldsþoli eigi að fá sinn málskostnað greiddan, ef löghaldið sé fellt niður, en löghaldið hafi fallið niður, um leið og Finnbogi varð gjaldþrota,

sbr. lög nr. 3/1878, 34. gr. En jafnvel þótt löghaldið hefði fallið niður af öðrum ástæðum, þá öðlist löghaldsþoli engan rétt til greiðslu málskostnaðar af tryggingarfénu. Stefnandi eigi því engan rétt til fjárnáms í víxlinum, hvorki fyrir miskabótum né málskostnaði.

Þá hélt stefndi, Magnús Thorlacius, því fram við munnlegan flutning málsins, að ef talið yrði, að trygging sú, er hann setti vegna löghaldsgerðarinnar, næði til málskostnaðar, þá bæri samt sem áður að sýkna hann af þeirri ástæðu, að mál þetta væri of seint höfðað. Bú Finnboga Kjartanssonar hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta 20. nóvember 1961, en við það hefði löghaldið fallið niður, svo sem fyrr greinir. Liti hann því svo á, að þriggja mánaða frestur sá, sem settur er samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga nr. 18/1949 til höfðunar sjálfstæðs bótamáls, hefði verið útrunninn, er mál þetta var höfðað með stefnu, útgefinni 1. ágúst 1962.

Ekki verður fallizt á þá röksemd stefnda, Magnúsar Thorlacius, að trygging við löghald nái eigi til málskostnaðar. Í 12. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 18/1949 segir, að fógeti skuli krefja þann, sem kyrrsetningar beiðist, hæfilegrar tryggingar fyrir greiðslu tjóns og miskabóta, sem gerðarþola kann að stafa af gerðinni o. s. frv., og í 24. gr. sömu laga er talað um, að gerðarbeiðanda beri að bæta gerðarþola þann miska og fjártjón, þar á meðal lánstraustsspjöll, er telja má hann hafa liðið sakir gerðarinnar.

Í báðum tilfellum er talað um tjón eða fjártjón, og þó að sjálfsögðu geti þar margt komið til greina fleira en málskostnaður, myndi hann þó í flestum tilfellum vera gleggsta og áþreifanlegasta dæmið um fjártjón undir slíkum kringumstæðum, og því beinlínis óeðlilegt, ef trygging við löghald næði ekki til hans. Að vísu er í framangreindum tilvitnunum í kyrrsetningarlögin talað um tjón eða fjártjón, sem gerðarþoli hafi liðið *sakir gerðarinnar*. En eftirfarandi staðfestingarmál verður að telja svo nátengt gerðinni sjálfri, að ekki sýnist vera ástæða til að greina þar á milli í þessu tilliti.

Hins vegar verður fallizt á þá röksemd stefnda, Magnúsar Thorlacius, að mál þetta sé of seint höfðað samkvæmt 24. gr. laga nr. 18/1949, með því að löngu var liðinn þriggja mánaða frestur sá, sem þar er settur til höfðunar sjálfstæðs bótamáls, er stefna var útgefin í málinu. En svo verður að líta á, að telja beri þriggja mánaða frestinn frá niðurfalli kyrrsetningarinnar,

er bú Finnboga Kjartanssonar var tekið til gjaldþrotaskipta 20. nóvember 1961, en stefna var út gefin 1. ágúst 1962.

Samkvæmt framanrituðu verður því niðurstaða málsins sú, að sýkna beri stefnda, Magnús Thorlacius, af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eins og máli þessu er háttað, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Thorlacius, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 10. febrúar 1965.

Nr. 28/1961. **Þórarinn Eyjólfsson**
og
Eiríkur Þórarinsson
(Gísli G. Ísleifsson hrl.).
gegn
Þorsteini Þorsteinssyni
og
Jónasi Guðjónssyni
(Magnúsi Thorlacius hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Lóðamörk.

Dómur Hæstaréttar.

Tómas Tómasson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, og samdómsmennirnir Þorsteinn Ingólfsson byggingarfulltrúi og Skúli H. Skúlason trésmíðameistari hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1961 og krafizt aðallega sýknu af kröfum stefndu „en til vara, að dæmt verði, að lóð stefndu sé 15.5 metrar meðfram Kirkjuvegi til norðurs frá suðvesturhorni lóðarinnar talið og síðan lína, samhliða suðurmörkum lóðarinnar, í austurmörk hennar". Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar af stefndu in solidum í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar hér fyrir dómi in solidum úr hendi áfrýjenda.

Nýr uppdráttur af þrætusvæðinu hefur verið lagður fyrir Hæstarétt. Nokkurra skýrslna hefur og verið aflað, eftir að málinu var áfrýjað.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði in solidum stefndu málskostnað hér fyrir dómi, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Þórarinn Eyjólfsson og Eiríkur Þórarinsson, greiði in solidum stefndu, Þorsteini Þorsteinssyni og Jónasi Guðjónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 19. nóvember 1960.

Mál þetta, sem, að undangengnum munnlegum málflutningi, var tekið til dóms hinn 22. október s.l., hafa stefnendur, Þorsteinn Þorsteinsson og Jónas Guðjónsson, báðir í Keflavík, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. janúar 1960, til viðurkenningar á eignarrétti sínum að lóðinni nr. 18 við Kirkjuveg í Keflavík innan girðingar, sem mörkuð er með rauðum strikum milli hornanna a-b-c-d á uppdrátt byggingarfulltrúa Keflavíkur, gerðan í júlí 1959, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu, ef því er að skipta.

Stefnendur kveða tildrög málsins vera þau, að þeir hafi með afsölum, dags. 16. júní 1950 og 1. nóvember 1953, keypt hús-

eignina nr. 18 við Kirkjuveg ásamt meðfylgjandi eignarlóð, 465 fermetrar að stærð, en vefengdur hafi verið eignarréttur þeirra að lóðinni innan girðingarinnar, sem staðið hafi, þegar þeir keyptu, og standi enn, að því fráteknu, að hún hafi verið rifin niður á kafla. Hinn 12. október 1949 hafi Elínrós Benediktsdóttir selt Ingveldi Pálsdóttur efri hæð nefndrar húseignar með eignarlóð að hálfu. Lóðin var í óskiptri sameign, og var tekið fram í afsali, að lóðin öll væri 465 fermetrar. Ingveldur selur síðar öðrum stefnanda þessa máls, Jónasi Guðjónssyni, sinn hluta húseignarinnar með meðfylgjandi eignarlóð, en í afsali er hvorki greind stærð né um sameign. Hinn 1. nóvember 1953 selur Einar Þorsteinsson hinum stefnanda málsins, Þorsteini Þorsteinssyni, neðri hæð hússins með meðfylgjandi eignarlóð að hálfu. Tekið er fram, að lóðin sé í óskiptri sameign beggja eigenda hússins og að hún sé öll 465 fermetrar. Þegar stefnendur keyptu húseignina, var girðing utanum lóðina, svo sem markað er á uppdrátt þann, er að framan getur og lagður hefur verið fram í málinu. Mun sú girðing hafa staðið lengi. Segja stefnendur, að ekkert hafi verið minnzt á það við kaupin, að eitthvað innan girðingarinnar fylgdi ekki með í kaupunum, og hafi því verið réttmætt, að hjá þeim vaknaði eftirvænting þess, að þeir væru að kaupa lóðina innan girðingarinnar, enda virtist hún ekki hafa annan tilgang en að vera vörzlugarður um lóð húseignarinnar, og stærð lóðarinnar innan girðingarinnar muni vera nærri 465 fermetrar. Segjast þeir hafa verið í góðri trú um, að þeir væru að kaupa margnefnda lóðarspildu.

Þórarinn Eyjólfsson og Eiríkur Þórarinsson, eigendur verkstæðisins á lóð að baki þeirrar, sem um er deilt, hafa mótmælt því, að viðurkenndur verði eignarréttur þeirra stefnenda að framangreindri lóðarspildu. Þeir gera þá dómkröfu, að mörk lóðar stefnenda sé 15.5 m meðfram Kirkjuvegi til norðurs frá suðvesturhorni lóðarinnar talið og síðan lína, samhliða suðurmörkum lóðarinnar í austurmörk hennar. Þá krefjast þeir og málskostnaðar að mati dómsins. Þeir segja, að hinn 14. nóvember 1928 hafi Elinmundur Ólafs selt Elínrósu Benediktsdóttur, sem er eiginkona Þórarins, lóð nr. 18 við Kirkjuveg; var lóðarstærðin ákveðin 48 álnir meðfram Kirkjuvegi og 48 álnir út frá götu, eða alls 2304 ferálnir. Elínrós selur svo fyrst Guðmundi Sigurgeirssyni neðri hæð hússins og tilheyrandi eignarlóð að hálfu, og tekið er fram, að öll lóðin skuli vera 465 fermetrar. Þetta er sá eignarhluti, sem stefnandi Þorsteinn eignast síðast.

Ekki eru hins vegar nein skjalgögn fyrir því, hvar mörk þessarar lóðar skuli vera. Á árinu 1954 afsalaði Elínrós til Þórarins Eyjólfssonar geymsluhúsi og þeim hluta lóðarinnar, sem eigi átti að vera undir íbúðarhúsinu, og hefur Þórarinn síðar selt syni sínum Eiríki þetta að hálfu á móti sér. Þeir Þórarinn og Eiríkur halda því fram, að í framkvæmd hafi lóðin verið óskipt. Það geti verið, að girðing sú, sem áður er getið um, hafi verið á svipuðum slóðum og stefnendur telja nú austurmörk lóðarinnar, er þeir keyptu hana, en hér hafi ekki verið um neina merkjagirðingu að ræða, enda öllum mátt ljóst vera, að lóðarhluti þeirra hlyti að hafa einhvern aðgang að götu. Þá telja þeir lóðina innan girðingar allmiklu stærri en 465 fermetra. Þeir telja, að mörk lóðar þeirrar, er stefnendur eiga, hafi verið 15,5 m meðfram Kirkjuvegi og síðar lína frá þeim punkti þvert yfir lóðina í austurmörk hennar. Þannig komi fram stærðin 465 fermetrar, en þó hafi það eigi verið athugað, að 48 álnir eru eigi alveg 30 metrar.

Eins og nú hefur verið rakið, þá er hvergi að finna ákvæði í afsölum eða öðrum skjalgögnum um það, á hvern veg nefnd lóðarstærð, 465 fermetrar, sem húsinu eiga að fylgja, skuli vera afmörkuð.

Þórarinn Eyjólfsson kveðst skömmu eftir Þorláksmessu 1925 hafa sett girðingu þvert yfir lóðina bak við húsið til þess að verja kálgarð ágangi búfjár. Þessa girðingu hafi hann aldrei hugsað sem neina markagirðingu og hún sett af handahófi. Á árinu 1926 hafi hann svo girt alla lóðina. Hann kveðst aldrei hafa látið sér þetta í hug að selja þannig lóðarspildu að útiloka hinn hluta lóðarinnar frá götu.

Þorsteinn Þorsteinsson stefnandi kveðst alls ekki hafa skilið annað en að um væri að ræða þá lóð, sem innan girðingar er og er í kringum húsið og sú sama sem í stefnu greinir, er hann keypti hluta hússins, og sér hafi einnig skilizt, að Einar Þorsteinsson, sá er seldi honum, hafi einnig átt við sömu lóð, og Einar hafi sagt honum, að Þórarinn Eyjólfsson ætti baklóðina. Hann kveðst enga hugmynd hafa haft um það, að afstaða lóðar Þórarins væri slík, að hún væri útilokuð frá götu, og ekkert um það hugsað, en hann hafi séð, að farið var að verkstæði Þórarins fyrir vestan (málvenja hér, en er norðan) húslóðina. Jónas Guðjónsson stefnandi segir, að þegar hann keypti, þá hafi Ingveldur Pálsdóttir sagt það, að lóðin innan girðingarinnar fylgdi í kaupunum að hálfu, en sá hluti, sem verkstæðið og kálgarður-

inn eru á, hefði verið tekinn undan. Hann kveðst ekki minnast þess, að menn, sem ættu erindi á verkstæði Þórarins, legðu leið sína yfir þá lóð, sem hann telur fylgja húsinu, heldur hafi þeir farið fyrir vestan (þ. e. norðan) lóðina.

Vottorð hefur verið lagt fram í réttinum frá Guðmundi Sigurgeirssyni, þar sem hann segist ekki muna betur en að Þórarinn Eyjólfsson og Jón sonur hans, sem önnuðust sölu íbúðarinnar fyrir hönd Elínrósar, hafi sagt sér, að lóðin væri meðfram götu, enda hafi Þórarinn girt lóðina af, stuttu eftir að hann flutti, og kveðst hann hafa talið það vera merkjagirðingu. Þau hjón, Þórarinn og Elínrós, hafi nýtt alla baklóðina til matjurtaræktar allan tímann, sem hann bjó í húsinu. Hafi hann engin önnur afnot þeirrar lóðar haft en aðgang að þvottahússkúr, sem stóð samkvæmt samningi á baklóð þeirra hjóna. Í afsalinu til Guðmundar Sigurgeirssonar er honum afsalað útihúsi; „og má það standa á lóðinni leigufrítt af minni (þ. e. Elínrósar) hálfu í næstu 10 ár".

Vottorð frá Einari Þorsteinssyni hefur og verið lagt fram í réttinum. Hann segist þar muna það greinilega, að Guðmundur Sigurgeirsson hafi sýnt sér lóðina innan girðingarinnar og sagt hana fylgja húsinu, en baklóðin væri séreign Elínrósar og Þórarins. Hann kveðst engin afnot né aðgang hafa haft af baklóðinni önnur en aðgang að þvottahússkúr. Fyrir réttinum sagði Einar, er hann staðfesti vottorð sitt, að bæði Þórarinn og kona hans Elínrós hafi oft talað um baklóðina við sig sem þeirra lóð, enda væri matjurtagarður þeirra á henni, og kveðst hann hafa talið, að girðing sú, sem afmarkaði baklóðina, væri merkjagirðing milli lóða þeirra. Ekki kveðst hann þó beinlínis minnast þess, að Þórarinn talaði um girðinguna sem sérstaka merkjagirðingu.

Vottorð hefur verið lagt fram frá Ingveldi Pálsdóttur, og hún hefur komið fyrir rétt og staðfest það. Hún segir, að Þórarinn Eyjólfsson hafi sýnt sér lóðina, sem fylgja átti húsinu, og sagði hann hana vera afmarkaða með girðingu frá lóð þeirri, sem er baklóð við húsið, og væri hún (þ. e. baklóðin) séreign og fylgdi ekki húsinu. Kveðst hún hafa farið þess á leit við Þórarin, að fá með íbúðarhæðinni lóð á baklóð hans að einhverjum hluta, en hann hafi talið það útilokað; lóð hússins væri afmörkuð með girðingu og yrði því ekki breytt. Hún segist muna þetta mjög vel og tilfærir bæði stað og stund. Þórarinn hefur mótmælt þessu.

Vottorð hefur verið lagt fram frá Ólafi Helgasyni, og hefur hann staðfest það fyrir rétti. Hann segir, að Þórarinn Eyjólfsson hafi skipt sér af því, hve nærri lóðarmörkum að baklóðinni hann byggði hús sitt, en hins vegar ekki eigendur hússins.

„Kopía" af uppdrætti byggingarfulltrúa frá því í júlí 1959 hefur verið lögð fram í málinu, og kemur fram, að flatarmál innan girðingar er 461.6 m^2, en skúr stendur í norðausturhorni lóðarinnar, og stendur norðurhlið hans ekki alveg í girðingarlínu, og sneiðist þar þá af spilda, ca. 2.5 m^2. Dómendur fóru á staðinn og skoðuðu allar aðstæður.

Eins og málavöxtum hefur nú verið lýst og framburðir aðilja og vitna raktir, er ljóst, að þeir aðiljar, sem eignazt hafa húseignina Kirkjuveg 18 eða hluta hennar, hafa talið, að lóð sú, sem um er deilt, hafi fylgt húsinu; ber í þessu sambandi sérstaklega að hafa í huga framburð Ingveldar Pálsdóttur, sem er, hvað þetta snertir, studdur framburðum annarra vitna, og dómurinn verður að telja, að þeir, er húseignina hafa keypt, hafi um þetta verið í góðri trú, enda var það Þórarinn Eyjólfsson, sem sjálfur girti af þessa lóð, sem í kringum húsið liggur, og ekkert var í fyrstu afsölum tekið fram um það, að einmitt lóðin, sem er í kringum húsið, skyldi ekki öll fylgja húsinu, en hún er einmitt mjög nálægt því að vera af stærðinni 465 fermetrar, svo sem talað er um, og lítur dómurinn því svo á, að kaupendur hússins hafi mátt gera sér þá von, að umrædd húslóð væri einmitt sú, er innan girðingarinnar var, þar sem henni voru engin önnur mörk sett. Þau hjón, Þórarinn Eyjólfsson og kona hans, virðast og svo til eingöngu hafa nytjað baklóðina. Núverandi eigendur hússins, stefnendur þessa máls, kváðust heldur eigi hafa haft hugmynd um, hver afstaða baklóðarinnar var, og öll umferð að verkstæðisskúr þeirra Þórarins og Eiríks sonar hans hafi verið vestanvert (málvenja hér, en er raunverulega norðurátt) við húslóðina. Þá hefur heldur ekkert komið fram, hvorki í skjölum málsins né vitnaleiðslum, sem grundvöllur geti orðið að dómkröfu þeirra Þórarins Eyjólfssonar og Eiríks Þórarinssonar, og verður því eigi unnt að taka hana til greina.

Dómurinn lítur því svo á, samkvæmt ofansögðu og öðru, sem fram er komið í málinu, að taka beri stefnukröfu þeirra stefnenda til greina og viðurkenna beri eignarrétt þeirra að lóðinni nr. 18 við Kirkjuveg í Keflavík innan girðingar, sem mörkuð er með rauðum strikum milli hornanna a-b-c-d á uppdrátt byggingarfulltrúa Keflavíkur, gerðan í júlí 1959.

Þá ber og samkvæmt framanrituðu að dæma þeim stefnendum málskostnað úr hendi þeirra Þórarins Eyjólfssonar og Eiríks Þórarinssonar in solidum, og þykir hann með hliðsjón af öllum málavöxtum hæfilega ákveðinn kr. 2.500.00.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur þeirra stefnenda, Þorsteins Þorsteinssonar og Jónasar Guðjónssonar, að lóðinni nr. 18 við Kirkjuveg í Keflavík innan girðingar, sem mörkuð er með rauðum strikum milli hornanna a-b-c-d á uppdrátt byggingarfulltrúans í Keflavík, gerðan í júlí 1959.

Þá ber og að dæma þá Þórarin Eyjólfsson og Eirík Þórarinsson, Keflavík, til þess að greiða stefnendum in solidum málskostnað, kr. 2.500.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. febrúar 1965.

Nr. 157/1964. **Samvinnutryggingar**
(Hafsteinn Sigurðsson hdl.)
gegn
Sigurði Jónssyni og gagnsök
(Ragnar Steinbergsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Húftrygging bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. október 1964. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar bótafjárhæðar samkvæmt héraðsdómi, og svo málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 8. febrú-

ar 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m., og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 80.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 23. júní 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Vátryggingarskilmála aðaláfrýjanda, þá er í málinu greinir og að skiptum aðilja lúta, ber að meta og skýra í samræmi við 18. og 20. gr. sbr. 3. mgr. 2. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/ 1954. Lán gagnáfrýjanda á bifreiðinni til dóttur sinnar, sem hafði bifreiðarstjóraréttindi, verður eigi metið gagnáfrýjanda til neinnar sakar, og enga ábyrgð, er hér skiptir máli, ber hann á akstri bifreiðarinnar né slysi því, sem mál þetta er af risið. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms á aðaláfrýjandi að greiða gagnáfrýjanda fullar húftryggingarbætur.

Gagnáfrýjanda var eigi veittur þess kostur að gæta hagsmuna sinna í sambandi við framkvæmd mats þess, er í héraðsdómi getur, sbr. 1. mgr. 140. gr. laga nr. 85/1936. En þar sem matið hefur engum rökstuddum andmælum sætt, að því er fjárhæðir varðar, þykir mega leggja niðurstöðu þess til grundvallar um tjón gagnáfrýjanda. Verður aðaláfrýjanda því dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 59.995.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. júní 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Samvinnutryggingar, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Jónssyni, kr. 59.995.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. júní 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 10. júlí 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 30. f. m., hefur stefnandi, Sigurður Jónsson, Sólvöllum 11, Akureyri, höfðað fyrir

bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. apríl s.l., á hendur Samvinnutryggingum, Akureyri, og gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða vátryggingarfé, kr. 80.000.00, auk 8% ársvaxta frá 23. júní 1963 til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi eða mati dómara. Til vara krefst stefnandi bóta eftir mati dómara auk vaxta og málskostnaðar.

Af hálfu stefnda er aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Til vara er þess krafizt, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður verði látinn falla niður.

Tildrög málsins eru þau, að árla nætur hinn 23. júní 1963 ók dóttir stefnanda, Sigrún Sigurðardóttir, bifreið hans, A 1870, sem er Volkswagenbifreið, árgerð 1957, um bæinn og norður fyrir hann, en á heimleið valt bifreiðin margar veltur á Hörgárbraut norðarlega í Glerárhverfi og lenti að lokum út fyrir brautina. Fólk, sem í bifreiðinni var, þar með nefnd Sigrún, sem ók henni, slasaðist, og bifreiðin stórskemmdist, svo að talið er, að vafasamt sé, hvort svari kostnaði að gera við hana. Bifreiðin var húftryggð hjá stefnda fyrir kr. 80.000.00, en stefndi hefur synjað að greiða bætur fyrir tjónið. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu húftryggingarbótanna.

Nánari atvik slyssins eru þau, að nefnd Sigrún Sigurðardóttir, 20 ára gömul, var ásamt stöllu sinni, Jónu Jónatansdóttur, í kvikmyndahúsi um kvöldið, en að því loknu fóru þær ökuferð um bæinn í bifreið stefnanda. Þær komu til bróður Jónu, Magnúsar Jónatanssonar, og tóku hann með í bifreiðina. Nokkru síðar óku þau norður fyrir bæinn að Lónsbrú, en sneru þar við. Þau systkinin hafa bæði skýrt frá því fyrir dómi, að ekið hafi verið rólega um bæinn, og Sigrún var undir stýri. Er þau höfðu snúið við, var ekið hratt, og óku þau fram úr tveimur bifreiðum norðan við hæðina við Sjónarhól nyrzt í Glerárhverfi. Vitnið Magnús Jónatansson hefur skýrt svo frá, að er þau komu upp á hæðina, hafi komið bifreið á móti. Sigrún hafi ekið á miðjum vegi og haft ruðning eftir veghefil milli hjólanna. Telur hann, að þau hafi þá verið komin 100 m fram fyrir bifreiðina, sem þau óku fram úr. Vitninu fannst vera mjög stutt að bifreið þeirri, er á móti kom, og beygði Sigrún til vinstri. Kastaðist vagninn þá til, er hjólið fór yfir ruðninginn, og lenti utarlega á vinstra kanti, en Sigrún reyndi að koma honum inn á veginn til hægri, en vagninn lenti þá aftur í röstinni og valt á hliðina, valt eða rann út af veginum og stöðvaðist utan vegar, hægra (vestan) megin, og sneri afturenda að veginum. Stóð hann þar

á hjólunum. Vitnið fékk högg í höfuð og herðar, en hann sat í aftursæti. Systir hans hafði setið í framsæti við hlið ökumanns, en hafði kastazt aftur í bifreiðina og lá ofan á vitninu, er bifreiðin nam staðar. Þau komust út án hjálpar og sáu þá Sigrúnu liggja meðvitundarlausa á vestari vegarbrún. Fólk bar þarna að strax, og náð var í lögreglumenn og sjúkrabifreið, sem flutti hið slasaða fólk í sjúkrahús. Sigrún slasaðist mest, höfuðkúpubrotnaði og skrámaðist á andliti og útlimum. Jóna Jónatansdóttir skrámaðist á útlimum, og standur brotnaði á öðrum hálslið. Báðar dvöldust í sjúkrahúsi um skeið; Jóna til 12. júlí, en Sigrún til 8. ágúst, en vinnu gátu þær ekki hafið fyrr en seint í september. Magnús slapp tiltölulega vel; skrámaðist og marðist, en gat stundað vinnu sína eftir sem áður að mestu. Magnús áætlaði ökuhraða Sigrúnar, um það bil er slysið varð, um 70 km á klst. Jóna áætlaði hraðann 60—80 km á klst. eða jafnvel 60—70 km. Hún mundi einnig, að þau óku fram úr tveimur bifreiðum og skýrði að öðru leyti svipað frá atvikum og Magnús.

Ökumaður bifreiðar þeirrar, A 54, er á móti kom, Ellert Kárason leigubifreiðarstjóri, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekið með þrjá farþega í bifreið sinni norður Hörgárbraut. Þegar hann nálgaðist Sjónarhól, sá hann A 1870 koma yfir hæðina framundan, og var hún þá nálægt hægri kanti sínum, en var að beygja til vinstri og fór næstum út af þeim kanti, en beygði síðan inn á veginn aftur og valt þar. Var A 54 þá nýsloppin fram hjá, og sá ökumaðurinn veltuna í speglinum og var búinn að sjá bifreiðina skrika til, áður en hún valt. Honum virtist A 1870 vera á allmikilli ferð, og þegar A 1870 var komin úr braut hans bifreiðar, taldi hann, að 2—3 bíllengdir hafi verið milli bílanna. Hann veitti ekki athygli röst eftir veghefil á veginum, en yfirborð vegarins hafi verið laust, aðallega þó við kantana.

Vitnið Bergur Erlingsson, sem var farþegi í A 54, skýrði frá atvikum á sama hátt. Hann áætlaði hraða A 1870 70—80 km á klukkustund, og hann taldi, að töluvert há röst eftir veghefil hafi verið á veginum.

Þorvaldur Nikulásson símvirki ók í átt til bæjarins í bifreið þeirri, er A 1870 ók fyrr fram úr. Hann kveðst hafa haft orð á því við konu sína, sem með honum var, að varhugavert væri að aka þannig fram úr með blindhæð framundan. Hann sá einnig, er bifreiðinni var ekið fram úr bifreið, sem var spöl-

korn á undan, S 555, og voru þær bifreiðar þá rétt að komast á háhæðina. Hann áætlaði ökuhraða A 1870 70—80 km á klukkustund.

Guðmundur Þórðarson, kennari á Seyðisfirði, ók bifreiðinni S 555. Hann skýrði lögreglunni svo frá, að er hann var að aka yfir hæðina, vissi hann ekki fyrr til en A 1870 var ekið með ofsahraða fram hjá, og síðan valt bifreiðin margar veltur á veginum, áður en hún nam staðar utan hans.

Stefnandi tilkynnti stefnda um slysið, og nokkrum dögum síðar óskaði stefndi, að bifreiðin yrði flutt til Reykjavíkur, og heimilaði stefnandi það. Stefnandi skýrir svo frá, að umboðsmaður stefnda hafi tjáð sér, að flutningurinn yrði honum algerlega að kostnaðarlausu og meira fengist fyrir bifreiðarflakið í Reykjavík en hér. Hann kveðst af þessu hafa ályktað, að stefndi samþykkti að greiða tjónið á bifreiðinni að fullu, að öðrum kosti kveðst hann ekki mundu hafa samþykkt flutning bifreiðarinnar suður. Bifreiðin var tekin til flutnings til Reykjavíkur hinn 27. júní, 4 dögum eftir slysið.

Hinn 27. ágúst s.l., röskum tveim mánuðum eftir slysið, var stefnanda tilkynnt, að stefndi synjaði bótagreiðslu fyrir tjónið. Hinn 8. október næstan á eftir fékk stefndi dómkvadda menn til að meta viðgerðarkostnað A 1870 og einnig verðmæti bifreiðarinnar fyrir tjónið. Verðmæti bifreiðarinnar fyrir tjónið var metið kr. 60.000.00, en viðgerðarkostnaður kr. 59.995.00.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi beri alla ábyrgð á bifreiðarflakinu, eftir að hann tók það í sínar vörzlur, og hafi í verki viðurkennt, að tjónið væri bótaskylt með brottflutningi bifreiðarflaksins. Hann bendir einnig á, að hann hafi sjálfur ekki valdið tjóninu, heldur dóttir hans, þannig a.m.k. sé ekki um óvarkárni að ræða af hans hendi.

Af hálfu stefnda er á það bent, að ökumaður bifreiðarinnar, sem hafði umráð hennar samkvæmt heimild frá stefnanda, hafi valdið tjóninu með því að aka fram úr bifreiðum án þess að gefa merki, með blindhæð fram undan, enda mátti engu muna, að hann rækist á bifreiðina A 54, sem á móti kom. Samkvæmt 10. gr., a-lið, vátryggingarskilyrðanna eru undanskildar ábyrgð stefnda skemmdir af ásettu ráði eða sakir stórkostlegrar óvarkárni. Byggir hann sýknukröfu sína á þessu atriði. Varakröfuna byggir hann á því, að gáleysi ökumanns hafi verið a.m.k. slíkt, að varða eigi stórfelldri lækkun bótakröfu stefnanda samkvæmt 12. gr. vátryggingarskilmálanna, sem mæla svo fyrir, að hafi vátryggði valdið tjóninu af óvarkárni, sem þó ekki má telja

stórkostlegt, megi stefndi draga allt að 25% frá skaðabótum. Bendir hann einnig á 18. gr. laga nr. 20/1954 um þetta efni.

Stefndi mótmælir því, að hann hafi fellt á sig bótaskyldu með flutningi bifreiðarinnar til Reykjavíkur. Á þeim tíma hafi ekki verið unnt að gera sér grein fyrir, hvort tjónið yrði bætt, þar sem sakadómsrannsókn hafi verið skammt á veg komin, enda hafi flutningurinn verið til þess fallinn að draga úr tjóninu vegna betri skilyrða til viðgerðar í Reykjavík.

Eins og fyrr greinir, skulu „skemmdir af ásettu ráði eða sakir stórkostlegrar óvarkárni" vera undanskildar ábyrgð stefnda samkvæmt a-lið 10. gr. húftryggingarskilmálanna. Ákvæði þetta ber að túlka á þann veg, að vátryggingartaki, sem valdur er að tjóni með þessum hætti, hafi firrt sig bótarétti, en bótarétt missir hann ekki, þegar annar veldur tjóninu, eins og átti sér stað um tilfelli það, er hér ræðir um. Hér bætist við það, að stefndi tók bifreiðina í sínar vörzlur fáum dögum eftir slysið og lét flytja hana til Reykjavíkur og greiddi kostnað við flutninginn. Í 11. gr. húftryggingarskilmálanna segir, að stefndi velji þann viðgerðarmann, er gera skuli við bifreiðina, og greiði kostnað af flutningi hennar til viðgerðarmanns, ef stefndi hafi samþykkt viðgerð. Miðað við þetta ákvæði, var flutningur bifreiðarinnar eðlilegur.

Með flutningi bifreiðarinnar og með því að halda bifreiðarflakinu í tvo mánuði án þess að láta til sín heyra hefur stefndi vakið traust stefnanda á því, að hann ætlaði að bæta tjónið, þannig að telja má það jafngilda loforði. Verður sýknukrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Samkvæmt 11. gr. vátryggingarskilyrðanna telst tjónið sú upphæð, sem kosta mun að gera við bifreiðina, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og hún var, rétt áður en tjónið varð. Um þetta þykir mega leggja til grundvallar fyrrgreint mat, enda hefur því ekki verið sérstaklega mótmælt.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt þessu sú, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 59.995.00 auk 7% ársvaxta frá 23. júní 1963 til greiðsludags og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.800.00.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar, greiði stefnanda, Sigurði Jónssyni, kr. 59.995.00 auk 7% ársvaxta frá 23. júní 1963

til greiðsludags og kr. 8.800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. febrúar 1965.

Nr. 85/1963. **Steindór Bjarnfreðsson**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Bæjarútgerð Reykjavíkur
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júní 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. sama mánaðar. Hann hefur og hinn 10. febrúar 1965 fengið gjafsóknarleyfi, takmarkað við, að kostnaður ríkissjóðs fari ekki fram úr kr. 10.000.00. Krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 350.175.35 ásamt 9% ársvöxtum frá 5. janúar 1960 til 29. desember sama ár og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi. Þá krefst áfrýjandi, að viðurkenndur verði sjóveðréttur honum til handa fyrir dæmdum fjárhæðum í b/v Þórkatli mána, RE 205.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Ekki er leitt í ljós, að slys það, sem mál þetta er af risið, verði rakið til vanbúnaðar skips, handvammar skipverja eða annarrar áhættu, sem stefndi ber ábyrgð á. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, en að laun lögmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, og greiðist laun lögmanns áfrýjanda, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00 úr ríkissjóði.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 11. janúar 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Steindór Bjarnfreðsson, Víghólastíg 3, Kópavogi, höfðað fyrir sjó og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 2. júní 1961, gegn Bæjarútgerð Reykjavíkur.

Eru dómkröfur stefnanda nú þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur, að fjárhæð kr. 350.175.35, en til vara lægri fjárhæð ásamt 9% ársvöxtum frá 5. janúar 1960 til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Einnig að viðurkenndur verði sjóveðréttur í b/v Þorkatli mána, RE 205, fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst *aðallega* sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins, en *til vara* krefst hann lækkunar á kröfum stefnanda, enda verði málskostnaður þá látinn falla niður.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til að gæta réttar síns í málinu. Ekki eru gerðar kröfur á hendur réttargæzlustefnda, og réttargæzlustefndi hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 5. janúar 1960 var b/v Þorkell máni að veiðum á svokölluðu Nesdýpi út af Vestfjörðum. Var hann með stjórnborðsvörpuna úti, og var búið að kasta henni nokkrum sinnum. Um kl. 2030 var verið að lyfta pokanum inn fyrir bakreipið, þar sem skipta átti yfir og kasta bakborðsvörpunni. Stefnandi, sem var háseti á togaranum, var við „gilsinn". Stóð hann við spilkoppinn bakborðsmegin. Þegar búið var að hífa pokann upp fyrir bakreipið, ætlaði stefnandi að slaka á vírnum. Slóst þá

bragð af vírnum um fætur honum og kippti honum á loft og fram í fiskkassa með þeim afleiðingum, að hann fótbrotnaði.

Sjóferðapróf út af slysi þessu hófust 27. maí 1960. Stefnandi kom þá fyrir dóm og gaf skýrslu. Hann kveðst muna greinilega, að áður en slysið skeði, hafi hann ætlað að fækka um eitt bragð á spilkoppnum, en í sama bili hafi hann runnið til og þá misst vald á vírnum. Orsökin til þess, að hann rann til, telur hann bæði velting skipsins svo og það, að þarna sem hann stóð hafi allt verið útatað í olíu og því mjög hált. Við olíudælingu hafi olía oft komið út um loftrör olíugeymanna og þá runnið út af reisninni og niður á víra og þilfar. Fullyrðir stefnandi, að hann hafi ekki staðið inni í bugt af vírnum, þegar hann ætlaði að fækka brögðum. Eftir að hann rann til og féll, kveðst hann ekki muna frekar um það, hvernig slysið bar að höndum. Oft hafi komið fyrir áður, að slíkt olíurennsli, sem að framan getur, hafi átt sér stað, og kveðst hann aðallega hafa talað um það við vélstjórana, en einnig stundum kallað upp á stjórnpall og sagt frá því.

Vitnið Steingrímur Benediktsson kom einnig fyrir dóm 27. maí 1960 og gaf skýrslu. Kveðst vitnið hafa verið háseti á b/v Þorkatli mána, þegar slysið varð, og séð, hvernig það bar að höndum. Kveðst vitnið hafa verið við það að leysa frá pokanum, búið hafi verið að því, síðan hafi átt að hífa pokann hærra til þess að ná honum inn fyrir bakreipið. Þegar stefndi hafi verið í þann veginn að gera sig kláran til þess að láta pokann detta niður á þilfarið, hafi hann runnið til og misst hönd af vírnum, en við það hafi brögð slegizt af spilkoppnum og hafi bragð af vírnum slegizt um fót stefnanda, kippt honum á loft og fram í kassa. Vitnið kveðst ekki beinlínis hafa séð, hvort stefnandi stóð inni í bugt af vírnum eða ekki, áður en hann féll, en það er ákveðið álit þess, að svo hafi ekki verið. Ef svo hefði verið, þá myndi fóturinn hafa borizt að koppnum og ef til vill snúizt upp á hann. Vitnið kveðst þegar í stað hafa hlaupið til stefnanda og jafnframt kallað á hjálp, og þegar það kom að stefnanda, sá það, að hnakkabragð af vírnum hafði slegizt um vinstri fót hans og hert að. Ekki hafi tekið nema stutta stund að losa bragðið af fæti stefnanda, og strax hafi skipinu verið siglt áleiðis til Flateyrar. Vitnið segir, að oft eftir að olía er tekin í höfn, þá hafi þilfarið verið löðrandi í olíu, en hún hafi ekki verið sérstaklega hreinsuð af því. Í umrætt skipti hafi skipið nýlega verið byrjað veiðiför, og nokkru af olíu hafi verið skolað

af þilfarinu af ágjöf, en þegar slysið skeði, hafi enn verið hált á þilfarinu vegna olíunnar. Vitnið kveður það koma fyrir úti í sjó, að olía komi út um loftrörin, en telur mjög lítil brögð að því.

Skipstjórinn á Þorkatli mána, Hannes Ragnar Franzson, kom fyrir dóm 3. ágúst 1960 og skýrði svo frá, að hann hefði ekki séð, er slysið varð, enda hafi það skeð snögglega. Kveðst skipstjórinn ekki hafa veitt stefnanda athygli, fyrr en hann var kominn fram í kassa.

Í dagbók skipsins bókaði skipstjórinn meðal annars þetta um slysið: „Orsökin var sú, að Steindór var að slaka niður pokanum, sem hékk í talíunni. Missti Steindór brögðin af koppnum og stóð inni í bugt af hlauparanum, sem lenti utan um fótinn á honum. Steindór hafði verið við þetta starf í meira en eitt ár og alla tíð reynzt góður gilsmaður. Var þegar sett á fulla ferð og haldið í átt til Flateyrar. Þegar þetta skeði, var veður SSV-3 og talsverður sjór."

Skipstjórinn kveður, að það, sem í dagbókinni segir, sé ályktun sín og geti hann ekki sagt, hvort það, sem stefnandi og Steingrímur segja, sé rétt eða rangt.

Ekki kveðst skipstjórinn muna, hvort olía var á þilfarinu, er slysið varð. Hann segir, að þegar dælt sé olíu í skipið, renni hún um vélarreisn um 6 metrum aftan við spilkoppinn, og komi því ekki til, að olía hafi þá farið á þilfarið, þar sem stefnandi stóð. Iðulega komi það fyrir, að olía renni út um loftrör, þegar dælt sé upp á hæðartank, en loftrör þetta sé á að gizka 3—4 metra frá spilkoppnum. Hann kveður þunna dieselolíu notaða á Þorkatli mána, og verið geti, að sleipt verði af henni. Skipsmenn kveður hann iðulega hafa kallað upp í stjórnpall, þegar olía spýtist úr loftrörunum, og sé þá vélstjóranum tilkynnt um þetta. Hann kveður skipið hafa farið frá Reykjavík 4. janúar, kl. 1320, og hafi olía verið tekin í Reykjavík. Olíuna kveður hann skolast fljótlega af þilfarinu, ef sjór gengur yfir það. Hins vegar kveðst hann ekki muna, hvort svo hafi verið í þetta skipti, en skipið hafi verið létt hlaðið.

Vitnið Sigurður Breiðfjörð Þorsteinsson háseti kom fyrir dóm 5. ágúst 1960. Kveðst vitnið hafa séð, þegar stefnandi slasaðist, þar sem það hafi þá verið að vinna á stjórnborðssíðunni. Vitnið kveðst hafa orðið vart við, að hætt var að hífa, og farið að aðgæta, af hverju það stafaði. Hafi það þá séð stefnanda liggja í afturkassanum. Ekki kveðst vitnið muna, hvort hált hafi verið

á þilfarinu þenna dag, en kveður oft vera sleipt á þilförum þessa togara og annarra, sem það hefur verið á, af olíu. Sleipt hafi verið þenna túr af dieselolíu, sem berist um allt, þegar gengið sé um þilfarið. Sjálft kveðst vitnið oft hafa dottið um borð í b/v Þorkatli mána. Sé aðalhættusvæðið að þessu leyti frá hálfdekki aftur að afturgálga.

Vitnið Karl Adólfsson kom fyrir dóm 30. ágúst 1960 og gaf skýrslu. Vitnið, sem var bátsmaður á Þorkatli mána, þegar slysið skeði, kveðst hafa staðið á grindinni stjórnborðsmegin um það leyti. Hafi það fyrst séð Steindór, þegar hann hafi dregizt fram að kassanum. Vitnið telur ólíklegt, að stefnandi hafi staðið með fótinn í bugt af vírnum, þar sem hann hafi verið vanur gilsmaður. Telur vitnið, að stefnandi hafi runnið á þilfarinu, en það hafi verið atað í olíu. Sé svo oftast nær, þegar farið sé af stað. Stafi þetta af því, að olíugeymar séu yfirfylltir og olían renni út um loftrör, sem séu áföst við „keisinn". Vilji olían þannig renna út um allan ganginn frá togvindu og aftur úr. Kveður vitnið, að oft hafi verið minnzt á þetta bæði við vélstjóra og skipstjóra, en engin breyting orðið á þessu. Þegar vitnið sá, hvar stefnandi dróst fram að kassanum, kveðst það hafa farið til hans og hafi þá verið brögð af vírnum um báða fætur hans. Hafi stefnandi verið losaður og farið með hann aftur í skipið. Vitnið segir, að olían, sem sé í ganginum, skolist fljótt burtu, þegar um ágjöf sé að ræða. Í þessu tilviki hafi slíku hins vegar ekki verið til að dreifa, þar sem veður hafi verið sæmilegt og skipið létt á útleiðinni, en slysið hafi orðið snemma í túrnum. Oft komi fyrir, að menn renni þarna í göngunum, og yfir því hafi verið kvartað, en ekki man vitnið þó eftir því, að slys hafi af hlotizt áður um borð í Þorkatli mána. Olíurennsli sem þetta kveður vitnið hafa átt sér stað á öðrum togurum, sem vitnið hefur verið á, en meira hafi þó kveðið að því á Þorkatli mána.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að slys það, sem um ræðir, hafi orðið með þeim atvikum, að stefndi, eigandi Þorkels mána, beri óskipta ábyrgð á tjóni, sem stefnandi varð fyrir vegna slyssins. Stefnandi kveðst hafa verið að skyldustörfum sínum um borð í skipinu og starfað þar að fyrirmælum skipstjórnarmanna. Hann hafi unnið verk sín á venjulegan hátt, og sé ekki unnt á neinn hátt að kenna honum um, hvernig þarna fór. Hins vegar hagi svo til um borð í skipi þessu, að ávallt, þegar komið sé úr höfn og oft endranær, sé sleipt af olíu á þeim stað, er stefnandi var við vinnu sína, og sé aðaláhættu-

svæðið að þessu leyti frá hálfdekki aftur að afturgálga. Sannað sé í málinu, að hált hafi verið af olíu á þeim stað, er stefnandi var að vinna, enda hafi slysið orðið fyrst í túrnum, skipið létt á útleiðinni og stjórnborðsvarpan notuð fyrir slysið, svo að olían hafi ekki skolazt burtu. Auk þess sé oft hált á þessum stað af olíu eða feiti, sem komi frá spilinu sjálfu. Telur stefnandi, að stefndi beri ábyrgð á þessum göllum og vanköntum á ástandi skipsins, sem óumdeilanlega hafi valdið slysi hans. Mikill veltingur hafi verið á skipinu, er þetta skeði, enda keyrt áfram, og hafi starf stefnanda verið mjög hættulegt, ekki sízt, eins og á stóð, við þær kringumstæður, er þarna voru. Það hafi verið handvömm skipstjórnarmanna að láta ekki hreinsa olíuna af dekkinu, áður en vinna hófst, svo og að keyra skipið, á meðan á slíkri vinnu stóð. Í því sambandi hefur stefnandi vitnað til ákvæða 2. mgr. 56. gr. sjómannalaganna nr. 41/1930, 31. gr., 2. mgr., siglingalaganna nr. 56/1914 og 5. og 13. gr. laga nr. 23 frá 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Þá telur stefnandi eðlilegra, að atvinnurekendur beri tjón það, er starfsmenn verði fyrir við störf í þeirra þágu, þar sem þeir eigi hægara um vik að tryggja sig fyrir slíkum skakkaföllum og hafi hagnaðinn af rekstrinum og megi reikna með slíkum áföllum.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Vinnutap og örorkutjón	kr.	370.003.03
2.	Bætur fyrir sársauka, þjáningar, óþægindi, lýti og röskun á stöðu og högum	—	75.000.00
3.	Kostnaður við örorkumat	—	750.00
4.	Tjónútreikningur	—	600.00
5.	Nýr tjónútreikningur	—	600.00
		Kr.	446.953.00

Frá dragast greiðslur frá:			
Brunabótafélagi Íslands	kr.	40.000.00	
Tryggingastofnun ríkisins	—	52.552.00	
Bæjarútgerð Reykjavíkur	—	4.225.65	kr. 96.777.65
		Skuld kr	350.175.35

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að ekki hafi verið nein olía á þilfarinu, þar sem stefnandi var að vinna, og frásagnir skipverja um olíu á þilfari séu greinilega rangar, enda verði að hafa það í huga, að þó einhver olía hafi komið á þilfarið,

þegar olía var tekin í skipið í höfn, þá hljóti hún að hafa skolazt af, áður en slysið vildi til, þar sem skipið hafi siglt langa leið og hafi togað nokkrum sinnum. Hitt sé annað mál, að óhjákvæmilega sé nokkuð hált á þilfari togara, er þeir séu á veiðum. Komi þar bæði til sjórinn, sem alltaf sé á þilfarinu, og auk þess slor og fiskúrgangur og önnur sleip efni frá fiskinum, er á þilfarið hljóta að koma. Ekki verði talið, að starf það, sem stefnandi hafði með höndum, sé mjög hættulegt, og ekki hafi verið neinn veltingur að ráði á skipinu, er slysið varð. Því sé algerlega mótmælt, að slys þetta hafi á nokkurn hátt orðið fyrir handvömm skipstjórnarmanna eða nokkra bilun á tækjum eða búnaði. Slysið virðist einungis hafa orðið fyrir ógætni stefnanda sjálfs og óheppni og ekki unnt á neinn hátt að kenna skipstjórnarmönnum um það. Því sé einnig algerlega mótmælt, að það sé rétt regla, að leggja beri fébótaábyrgð á tjónum sem þessum á atvinnurekendur, þar sem þeir eigi hægara með að tryggja sig fyrir slíkum skakkaföllum en verkamaðurinn. Í því sambandi bendir stefndi á, að hann hafi bæði keypt hina lögboðnu slysatryggingu stefnanda svo og samningsbundna tryggingu samkvæmt kjarasamningi Sjómannafélags Reykjavíkur og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Að því er varakröfuna varðar, þá er því haldið fram af stefnda, að stefnandi hafi sjálfur átt nokkra sök á, hvernig fór, með ógætni sinni, þar sem hann hafi ekki staðið rétt við verk sitt.

Þann 5. þ. m. fóru dómendur um borð í togarann Þorkel mána, þar sem hann lá í Reykjavíkurhöfn, og kynntu sér aðstæður á slysstað.

Um það, hvernig slysið bar að, eru engir sjónarvottar. Er stefnandi því einn til frásagnar um það. Skýrsla stefnanda og vætti vitna gefa til kynna, að einhver olía hafi verið á þilfarinu, er slysið varð. Hins vegar hefur stefnandi hvorki leitt í ljós, að olían skapaði meiri hálku en oft vill verða á þilförum togskipa af sjó, slori og öðrum fiskúrgangi, á meðan á veiðum stendur, né að hann hafi einmitt runnið til í olíunni. Það er heldur ekki sannað, að sjór hafi verið svo ókyrr, að óvarlegt hafi verið af skipstjórnarmönnum að láta vinna það starf, sem stefnandi var að framkvæma, þegar slysið varð. Þá verður slysið heldur ekki talið þess eðlis, að reglum skaðabótaréttar um hættulegan atvinnurekstur verði beitt. Telja verður því, að slysið hafi orðið fyrir óhappatilvik, sem hvorki verður rakið til vanbúnaðar skipsins, handvammar skipverja eða annarrar áhættu, sem stefn-

andi ber ábyrgð á. Verður krafa stefnda um sýknu því tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendunum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Jóni Ármannssyni sjómanni.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Steindórs Bjarnfreðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 19. febrúar 1965.

Nr. 166/1964. **Alexander Guðmundsson** (Örn Þór hdl.)
gegn
Sölva Þ. Valdimarssyni, Sveini Hannessyni, Framkvæmdum h/f (Árni Halldórsson hdl.)
og
Guðgeiri Guðmundssyni
(Sveinn Snorrason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Kaup og sala. Fasteignaviðskipti. Forkaupsréttur. Riftunarkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1964. Eru kröfur hans þessar:

„Að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að stefndu Sölva Þ. Valdimarssyni, Sveini Hannessyni og Framkvæmdum h/f verði dæmt skylt að selja og afsala áfrýjanda fjög-

urra herbergja íbúð á IV. hæð sambýlishússins Laugarnesvegur 76 ásamt sérgeymslu í kjallara og hlutdeild í stigagöngum hússins, þvotta- og strauherbergi, kyndiklefa, barnavagnageymslu, sorpgeymslum, sameiginlegum kjallaragöngum og öllu öðru sameiginlegu í húsinu, allt samkvæmt samþykktri teikningu og í hlutfalli við eignarhluta íbúðarinnar í húsinu, enn fremur hlutdeild í eignar- og leigulóð hússins í sömu hlutföllum, gegn því að áfrýjandi greiði stefndu í peningum kr. 180.000.00 og með ríkistryggðum skuldabréfum, er greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 15 árum ásamt 7% ársvöxtum, tryggðum með 1. veðrétti í hinni seldu eign, og skal árlegur gjalddagi miðast við afhendingardag íbúðarinnar, en bréfin séu að nafnverði kr. 200.000.00. Þá er þess og krafizt, að stefndu Sölvi Þ. Valdimarsson, Sveinn Hannesson og Framkvæmdir h/f greiði áfrýjanda in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Á hendur stefnda Guðgeiri gerir áfrýjandi þær dómkröfur, að honum verði dæmt skylt að þola riftun á svonefndum kaupum hans að nefndri íbúð, en ekki eru gerðar málskostnaðarkröfur á hendur stefnda Guðgeiri."

Stefndu krefjast sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa áfrýjandi og hinir stefndu Sveinn Hannesson og Guðgeir Guðmundsson komið fyrir dóm og gefið skýrslur um tiltekin atriði málsins. Auk aðiljaskýrslna þessara hafa nokkur önnur ný gögn verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með samningi, dags. 17. október 1962, keyptu hinir stefndu Sölvi Þ. Valdimarsson og Sveinn Hannesson eignarhluta áfrýjanda og tveggja sameigenda hans í lóðinni nr. 76 við Laugarnesveg í Reykjavík. Sama dag gáfu þeir Sölvi og Sveinn áfrýjanda skriflega yfirlýsingu um, að þeir skuldbindu sig til að selja honum, ef hann æskti þess, fjögurra herbergja íbúð á IV. hæð í vesturhorni íbúðarhúss, er þeir hugðust reisa á lóðinni. Skyldi íbúðin og það, sem henni fylgdi sameiginlega í húsinu, seld áfrýjanda í sama ástandi

og á sama verði og hliðstæðar íbúðir í húsinu yrðu seldar öðrum. Ef áfrýjandi hefði ekki neytt kaupréttarins með skriflegum samningi, „áður en nefnd húseign er komin í fokhelt ástand", skyldi litið svo á, að um höfnun á kaupréttinum væri að ræða, og væri þá heimilt að selja umrædda íbúð hverjum þeim öðrum, sem kaupa vildi. Um efni yfirlýsingarinnar vísast að öðru leyti til héraðsdóms, þar sem hún er orðrétt upp tekin.

Seint á árinu 1962 gengust hinir stefndu Sölvi og Sveinn fyrir stofnun hlutafélags, sem hlaut nafnið Framkvæmdir h/f. Var Sveinn kjörinn formaður þess og Sölvi ritari og framkvæmdastjóri með prókúruumboði. Eru samþykktir félagsins dagsettar hinn 15. nóvember 1962, en skrásett er það hinn 5. marz 1963. Var félaginu ætlað að reisa hús það á lóðinni nr. 76 við Laugarnesveg, sem áður er getið. Af því tilefni var sú ráðstöfun gerð, að áfrýjandi og samaðiljar hans að lóðarsölunni frá 17. október 1962 afsöluðu Framkvæmdum h/f umræddum eignarlóðarhluta með afsalsbréfi, dags. 7. janúar 1963. Ekki lét félagið áfrýjanda í té yfirlýsingu um kauprétt að íbúð í húsinu, samsvarandi þeirri yfirlýsingu, sem hann hafði áður fengið úr höndum hinna stefndu Sölva og Sveins.

Eftir þetta stóðu Framkvæmdir h/f að byggingu íbúðarhússins, og á öndverðu ári 1963 var félagið tekið að selja ófullgerðar íbúðir í því. Í aprílmánuði 1963 afhenti félagið áfrýjanda uppkast að kaupsamningi um þá fjögurra herbergja íbúð á IV. hæð hússins, sem hann hafði fengið kauprétt að með fyrrgreindri yfirlýsingu hinna stefndu Sölva og Sveins. Sýndi félagið með því, að það vildi vera við þessa yfirlýsingu bundið. Samkvæmt samningsuppkasti þessu, sem tekið er upp í héraðsdóm, skyldi kaupverð íbúðarinnar, tilbúinnar undir tréverk og málningu og að öðru leyti í því ástandi, sem í uppkastinu greinir, vera kr. 380.000.00. Af hálfu áfrýjanda hefur því ekki verið hreyft, að aðrar íbúðir í húsinu hafi verið seldar við hagkvæmara verði fyrir kaupendur, þegar miðað er við gæði, legu og ástand íbúðanna. Þess er og að geta, að samkvæmt samningsuppkastinu

skyldi áfrýjandi, í samræmi við yfirlýsinguna frá 17. október 1962, greiða kr. 200.000.00 af kaupverðinu með ríkistryggðum skuldabréfum, er greiðast skyldu með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 15 árum ásamt 7% ársvöxtum, og eru þetta að mun hagkvæmari greiðsluskilmálar en kaupandi annarrar íbúðar á IV. hæð hússins varð að hlíta.

Eftir að áfrýjandi fékk samningsuppkastið í hendur, sinnti hann ekki máli þessu fyrst um sinn. En í júlímánuði 1963 kvöddu stefndu Sölvi og Sveinn og fasteignasali, sem fór með umboð Framkvæmda h/f, áfrýjanda á sinn fund. Var þá farið fram á af hálfu félagsins, að söluverð íbúðarinnar yrði hækkað upp í kr. 460.000.00, en áfrýjandi neitaði að samþykkja það. Lá málið svo niðri þar til í september 1963. Hófust þá aftur umræður með aðiljum að tilhlutan fyrrgreinds fasteignasala. Seint í septembermánuði var áfrýjanda boðið af hálfu Framkvæmda h/f, að gerður yrði og undirritaður kaupsamningur, að öllu leyti eins og samningsuppkastið frá apríl 1963 sagði til um, þar á meðal að kaupverð yrði kr. 380.000.00 og greiðsluskilmálar óbreyttir. Ekki vildi áfrýjandi samþykkja þetta, heldur fór fram á, að íbúðin yrði afhent skemmra á veg komin en ráð var gert fyrir í uppkastinu, og að kaupverð yrði lækkað í kr. 300.000.00. Af hálfu Framkvæmda h/f var ekki á þetta fallizt, og féllu þá umræður um málið niður. Hinn 12. október 1963 seldu svo Framkvæmdir h/f stefnda Guðgeiri Guðmundssyni umrædda íbúð, eins og nánar greinir í héraðsdómi.

Næst gerðist það, að lögmaður áfrýjanda ritaði stefnda Sveini bréf, dags. 22. október 1963, þar sem svo segir m. a.:

„Hr. Alexander Guðmundsson, Bogahlíð 11 í Reykjavík, hefur falið mér að tilkynna yður, að hann með tilvísun til yfirlýsingar ykkar Sölva Þ. Valdimarssonar og yðar, dags. 17. okt. 1962, hafi ákveðið að neyta nú þegar forkaupsréttar að 4ra herbergja íbúð á IV. hæð í vesturhorni hússins Laugarnesvegur 76 í Reykjavík með þeim skilmálum, er í nefndri yfirlýsingu ykkar greinir og í sam-

ræmi við uppkast það að kaupsamningi, er þið hafið látið gera og afhent umbjóðanda mínum.

Krefst hann þess, að gengið verði tafarlaust frá undirritun kaupsamningsins, enda er hann reiðubúinn að uppfylla greiðsluskyldur sínar samkvæmt kaupsamningsuppkastinu og að undirrita hann fyrir sitt leyti. Í allra síðasta lagi óskar hann, að gengið verði frá samningsgerð innan þriggja daga, ella mun hann neyðast til að fá kauprétt sinn staðfestan með dómi."

Eftir að Framkvæmdir h/f höfðu svarað framangreindu bréfi og neitað samningsgerð, höfðaði áfrýjandi mál það á hendur stefndu, sem hér liggur fyrir.

Svo sem að framan er greint, hafnaði áfrýjandi seint í septembermánuði 1963 boði Framkvæmda h/f um, að gerður yrði og undirritaður kaupsamningur í samræmi við samningsuppkast það, sem áfrýjandi hafði fengið í hendur. Var því réttur hans til að fá slíkan samning gerðan, þ. e. eins og uppkastið sagði til um, niður fallinn, þegar salan til stefnda Guðgeirs fór fram hinn 12. október 1963. Var og húsið nr. 76 við Laugarnesveg orðið fokhelt þegar hinn 25. september 1963, samkvæmt því er hermir í vottorði frá skrifstofu byggingarfulltrúans í Reykjavík, dags. 26. október 1963. Framkvæmdum h/f var því óskylt að verða við kröfum áfrýjanda í bréfinu frá 22. október 1963. Ber samkvæmt þessu að sýkna stefndu Sölva, Svein og Framkvæmdir h/f af kröfu áfrýjanda í máli þessu um samningsgerð svo og sömu aðilja og stefnda Guðgeir af riftunarkröfunni. Eftir þessari niðurstöðu og þar sem fallast má á málskostnaðarákvæði héraðsdóms, ber að staðfesta hann að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 23. f. m., hefur Alexander Guðmundsson, Bogahlíð 11, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 14. desember 1963, gegn þeim Sölva Þ. Valdimarssyni, Birkihvammi 6, Kópavogi, Sveini Hannessyni, Laufásvegi 20, og Framkvæmdum h/f, hér í borg, og gert á hendur þeim eftirfarandi dómkröfur: „að honum verði tildæmdur kaupréttur að, þ. e. að stefndu sé dæmt skylt að selja honum, 4ra herbergja íbúð á IV. hæð í vesturhorni sambýlishússins Laugarnesvegur 76, sem nú er í smíðum hér í Reykjavík, ásamt sérgeymslu nr. 5 (fimmta í röðinni frá stigagangi Laugarnesvegarmegin) í kjallara, þá fylgir og íbúðinni hlutdeild í stigagöngum hússins, þvotta- og strauherbergi, kyndiklefa, barnavagnageymslu, sorpgeymslu, sameiginlegum kjallaragöngum og öllu öðru sameiginlegu í húsinu, allt samkvæmt samþykktri teikningu og í hlutfalli við eignarhluta íbúðarinnar í húsinu, enn fremur hlutdeild í eignar- og leigulóð hússins í sömu hlutföllum. Skal eignin seljast í því ástandi, er nú skal greina: Íbúðin og allt sameiginlegt innanhúss skal vera tilbúið undir tréverk og málningu. Þá skal húsið fullfrágengið að utan, múrhúðað og málað með rennum og niðurföllum, handriði á svölum og ísettum og frágengnum svalahurðum og útihurð hússins, svalahurð úr organpine og útihurð úr teak, tvöfalt samlímt verksmiðjugler í gluggum, nema í opnanlegum gluggum verður tvöfalt gler með listum á milli, svo og með krækjum og stormjárnum, stigahandrið með plastlistum komið á stiga, sér hitastilling (sér hitalögn) fyrir íbúðina, ofnar uppsettir og hiti kominn á. Kaupréttur stefnanda sé því skilyrði bundinn, að hann greiði stefndu kaupverðið þannig:

a) Við birtingu dóms um kauprétt hans, enda sé húsið þá sannanlega í fokheldu ástandi, .. kr. 90.000.00
b) Við útgáfu afsals fyrir eigninni, er fram skal fara, er íbúðin er tilbúin undir tréverk .. — 70.000.00
c) Með ríkistryggðum skuldabréfum, sem greiðast skulu með jöfnum, árlegum afborgunum á næstu 15 árum ásamt 7% ársvöxtum, tryggð með 1. veðrétti í hinni seldu eign, og skal árlegur gjalddagi miðast við afhendingardag íbúðarinnar. Bréfin séu afhent stefndum við afsalið ..... — 200.000.00

d) Eftirstöðvar kaupverðsins greiði kaupandi, er seljandi hefur lokið frágangi hinnar seldu eignar í samræmi við ofangreinda lýsingu .. kr. 20.000.00

Alls kr. 380.000.00

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum."

Þá hefur stefnandi og stefnt Guðgeiri Guðmundssyni, Álfheimum 72, hér í borg, „til réttargæzlu í málinu og til að þola dóm í samræmi við gerðar kröfur, að svo miklu leyti er málið kann að snerta hann". Ekki er gerð málskostnaðarkrafa á hendur stefnda Guðgeiri.

Stefndu Sveinn, Sölvi og Framkvæmdir h/f hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Af hálfu stefnda Guðgeirs eru þær kröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, að svo miklu leyti sem honum er stefnt í málinu, svo og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Stefnandi kveður málavexti þá, að samkvæmt kaupsamningi, dags. hinn 17. október 1962, hafi stefndu Sveinn og Sölvi lofað að kaupa hluta lóðarinnar nr. 76 við Laugarnesveg hér í borg, en hann hafi sjálfur verið einn af þremur seljendum lóðarinnar. Í sambandi við kaup þessi á lóðarhlutanum hafi þeir stefndu Sveinn og Sölvi skuldbundið sig til þess með yfirlýsingu, undirritaðri samtímis kaupsamningnum, að selja honum 4ra herbergja íbúð á 4. hæð í vesturhorni væntanlegs húss á lóðinni. Skyldi íbúðin seljast í sama ástandi og á sama verði og aðrar hliðstæðar íbúðir yrðu seldar öðrum. Jafnframt hafi það skilyrði fylgt, að hann mætti greiða kr. 200.000.00 af kaupverði íbúðarinnar með ríkistryggðum skuldabréfum, er bæru 7% ársvexti og skyldu greiðast með árlegum jöfnum afborgunum á næstu 15 árum. Í aprílmánuði 1963 kveður stefnandi Þórð Halldórsson fasteignasala hafa afhent sér í umboði stefndu Sveins og Sölva afrit af kaupsamningi um greinda íbúð. Þeir stefndu hafi þá verið búnir að stofna félag um lóðina og húsbygginguna undir nafninu Framkvæmdir h/f, og hafi það félag verið seljandi samkvæmt kaupsamningnum. Í júlímánuði kveður stefnandi Þórð hafa viljað láta aðilja undirrita kaupsamninginn. Ekki kveðst stefnandi hafa gert athugasemdir við kaupsamninginn, en hann kveð-

ur stefndu Svein og Sölva hafa viljað láta sig greiða fyrir íbúðina kr. 80.000.00 umfram það, sem samningsuppkastið sagði til um, og hafi þá ekki orðið af undirskriftum. Stefnandi kveður það svo hafa verið í septembermánuði, að þeir Sveinn og Sölvi hafi komið til sín og gert aðra tilraun til að fá sig til að greiða fyrir íbúðina kr. 80.000.00 umfram umsamið kaupverð, en þessu kveðst stefnandi hafa neitað. Stefnandi kveður Þórð Halldórsson hafa hringt til sín nokkru síðar og sagt sér, að hjá sér væru þeir Sveinn og Sölvi og væru þeir horfnir frá því að krefjast aukagreiðslunnar, kr. 80.000.00, og skyldi því íbúðarverðið vera hið sama og fram komi í samningsuppkastinu, kr. 380.000.00. Kveður stefnandi Þórð hafa spurt sig að því, hvort hann gæti komið þá þegar til að undirrita samninginn. Stefnandi kveður þannig hafa staðið á hjá sér, að hann hafi ekki getað farið, en kveðst hafa tjáð Þórði, að hann gæti komið næsta dag. Jafnframt kveðst hann hafa beðið Þórð um að skila því til Sveins, hvort hann gæti komið til sín þá um kvöldið til frekari viðræðna. Stefnandi kveður Svein hafa komið til sín um kvöldið og kveðst þá hafa farið fram á það við hann, vegna þess hve fáliðaðir þeir stefndu voru og þegar komið fram yfir tilskilinn skilatíma íbúðanna og íbúð hans, þ. e. stefnanda, skemmst á veg komin, að þeir settu gler í gluggana, svo að íbúðin væri í venjulegu fokheldu ástandi og þá á lægra verði en tilskilið var, miðað við að íbúðin væri tilbúin undir tréverk. Stefnandi kveður Svein ekki hafa tekið þessu ólíklega, og kveður hann hafa beðið sig um að nefna verð á íbúðinni, þannig frágenginni. Kveðst stefnandi þá hafa nefnt kr. 300.000.00, en það hafi Sveinn talið varla nægilega mikið og hafi hann sagt, að þeir stefndu vildu helzt fá að ljúka við frágang íbúðarinnar og skila henni í sama ástandi og öðrum íbúðum hússins. Stefnandi kveðst nú hafa nefnt til samkomulags, að þeir kæmu sér saman um að láta meta íbúðina, en Sveinn hafi talið á því öll tormerki, og hafi hann farið við svo búið. Síðari hluta októbermánaðar kveður stefnandi stefnuvotta Reykjavíkur hafa afhent sér bréf frá stefndu, dags. hinn 17. þ. m., ásamt innleggsávísun í Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 132.777.75, sem greiðslu á skuldabréfi hans. Í bréfinu hafi stefndu skorað á sig að sækja peninga þessa og skila jafnframt skuldabréfinu. Stefnandi kveðst nú hafa leitað aðstoðar lögmanns, sem ritað hafi stefndu Sveini og Sölva bréf og krafizt þess, að staðið yrði við gerða samninga og tafarlaust gengið frá undirskrift samningsins. Í svari því,

sem borizt hafi, kveður stefnandi því hafa verið lýst yfir, að tilskilinn frestur til að neyta forkaupsréttar væri fyrir löngu liðinn og íbúðin seld öðrum. Stefnandi kveður þessu hafa verið mótmælt af lögmanni sínum, er jafnframt hafi gert fyrirspurn um, hver kaupandinn væri. Með bréfi, dags. hinn 5. nóvember 1963, hafi svo borizt svar þess efnis, að íbúðin hefði orðið fokheld hinn 25. september og kaupandi íbúðarinnar væri Guðgeir Guðmundsson, Álfheimum 72, einn stefndu í máli þessu. Stefnandi kveður þessari sölu hafa verið mótmælt sem markleysu með bréfi, dags. hinn 11. nóvember, og hafi verið hótað málsókn, ef samningar tækjust ekki innan tilskilins frests, en afrit af bréfi þessu hafi verið sent stefnda Guðgeiri. Stefnandi kveður frestinn svo hafa liðið, án þess að stefndu Sveinn og Sölvi hæfust handa um efndir og án þess að stefndi Guðgeir léti nokkuð frá sér heyra.

Stefndu Sveinn og Sölvi hafa skýrt svo frá, að Framkvæmdir h/f hafi yfirtekið lóð þá, sem þeir hafi keypt af stefnanda og sameigendum hans, og fengið afsal fyrir henni, án þess að félagið gengist undir nokkrar skyldur um sölu íbúðar til stefnanda. Síðan hafi félagið reist fjölbýlishús á lóðinni og hafi bygging þess hafizt um áramótin 1962—1963. Síðan hafi sala einstakra íbúða hafizt, þegar húsið var nokkuð komið á veg, og hafi flestar íbúðirnar verið seldar á tímabilinu febrúar—maí 1963. Stefndu Sveinn og Sölvi kveðast hafa ætlað sér að standa við gefin heit um sölu á íbúð til stefnanda, og hafi þeir því í júlímánuði 1963 falið Þórði G. Halldórssyni fasteignasala að ganga frá kaupsamningi milli félagsins og stefnanda um íbúð á 4. hæð í vesturhorni hússins, en sú íbúð hafi verið einhver eftirsóttasta íbúð hússins. Jafnframt þessu kveðast þeir hafa óskað eftir því við Þórð Halldórsson, að hann vekti máls á því við stefnanda, að hann greiddi hærra verð fyrir þessa íbúð en verð annarra íbúða sambærilegrar stærðar. Kveðast þeir hafa byggt þessi tilmæli sín á því, að íbúð þessi væri verðmætari en aðrar íbúðir í húsinu vegna útsýnis úr henni og vegna þess að kaupandi fengi að greiða meiri hluta íbúðarverðsins með 15 ára skuldabréfum, auk þess sem þá hafi verið orðnar verulegar hækkanir á öllum byggingarkostnaði. Þeir kveðast í þessu sambandi hafa nefnt kr. 80.000.00, en stefnanda hafi mátt vera ljóst, að hér hafi aðeins verið um sanngirniskröfu að ræða, en ekki skilmála af þeirra hálfu, enda hafi þeir fallið frá henni, þegar sýnt var, að stefnandi vildi ekki ganga að þessu. Stefndu Sveinn og Sölvi

kveðast síðan hafa falið Þórði að kveðja stefnanda til fundar við sig í skrifstofu Þórðar til þess að ganga frá undirskrift og greiðslum samkvæmt samningsuppkasti því, sem fram hafi verið komið, en þá hafi byggingafulltrúinn hér í borg verið búinn að taka húsið út sem fokhelt og því útrunninn frestur sá, sem settur var í forkaupsréttaryfirlýsingu þeirri til handa stefnanda, sem gerð var við kaup þeirra á lóðinni. Þeir kveða stefnanda hafa neitað að koma til fundar við þá, en hins vegar hafi hann óskað eftir því, að Sveinn hitti hann að máli, og það hafi Sveinn gert þá þegar um kvöldið. Stefndi Sveinn kveður stefnanda í samtali þessu hafa krafizt þess að fá íbúðina afhenta fyrir kr. 300.000.00 í stað kr. 380.000.00 í því ástandi, sem hún þá var í, og þar að auki glerjaða með tvöföldu gleri. Kveðst Sveinn hafa neitað þessu boði stefnanda, enda hafi þá verið langt komið að múrhúða íbúðina, og hafi ekki verið nema 4—5 daga verk að ljúka múrhúðuninni, og kæmi því 80.000.00 króna afsláttur ekki til greina. Sveinn kveður stefnanda þá hafa tjáð sér, að þetta tilboð væri sitt síðasta orð í málinu. Telur stefndi Sveinn, að samtal þetta hafi farið fram um mánaðamótin september—október. Stefndu Sveinn og Sölvi kveðast nú hafa litið svo á, að stefnandi væri hættur við kaupin, og þar sem hann hafi ekki látið frekar frá sér heyra næstu daga, hafi þeir talið, að slitnað hefði upp úr samningum um kaupin, og hafi þeir því selt íbúðina. Stefndi Sveinn kveður múrhúðun íbúðarinnar hafa verið lokið síðari hluta októbermánaðar. Hann kveður gluggum íbúðarinnar hafa verið lokað með plastdúk um mánaðamótin ágúst—september, en tvöfalt gler kveður hann hafa verið sett í gluggana í desembermánuði, og hafi það verið það síðasta, sem gert var við íbúðina, til þess að hún kæmist í það ástand, sem gert hafi verið ráð fyrir, að hún væri í samkvæmt uppkasti því að kaupsamningi, sem stefnanda hafi verið afhent, þó að því undanskildu, að ekki hafi verið lokið frágangi hússins að utan. Er Sveinn kom fyrir dóm hinn 16. marz 1964, kvað hann enn eftir að múrhúða húsið að utan að nokkru leyti svo og að ganga frá svalahandriðum og niðurföllum á framhlið hússins. Að öðru leyti taldi hann, að þá væri fullnægt ákvæðum um ástand íbúðarinnar samkvæmt samningsuppkastinu. Ekki kveður stefndi Sveinn stefnanda hafa verið tilkynnt, er íbúðin var komin í fokhelt ástand, og ekki minnist hann þess, að það hafi borizt í tal með þeim aðiljunum, að íbúðin væri komin í fokhelt ástand. Stefndi Sölvi kveðst aldrei hafa rætt þessi mál einn við stefn-

anda. Hann kveður tvöfalt gler hafa verið sett í glugga íbúðarinnar rétt fyrir jól 1963. Áður kveður hann plast hafa verið fyrir gluggunum, og hafi það verið sett fyrir sumarið áður. Ekki kveðst hann muna, í hvaða mánuði það var, en það hafi verið, áður en húsið var tekið út sem fokhelt. Hann kveður sig og Svein ekki hafa talið sig þurfa að tilkynna stefnanda, er íbúðin hefði náð fokheldu ástandi, þar sem vinnustaður stefnanda hafi verið hinum megin við götu þá, sem húsið stendur við. Stefndi Sölvi kveður það hafa verið, eftir að húsið var tekið út sem fokhelt, að þeir hafi talið, að slitnað hefði upp úr samningum við stefnanda. Er stefndi Sölvi kom fyrir dóm hinn 16. marz 1964, kvað hann enn eftir að múrhúða suðurhlið hússins, ganga frá millihandriði á svölum, ganga frá niðurföllum og smávegis að gera við útbyggingu hússins. Stefndu Sveinn og Sölvi kveða Guðgeir Guðmundsson hafa keypt umrædda íbúð. Hafi kaupsamningur verið gerður, en afsal ekki enn gefið út. Þeir kveða Guðgeiri hafa verið kunnugt um forkaupsréttaryfirlýsingu þeirra til handa stefnanda, áður en hannn festi kaup á íbúðinni.

Vitnið Þórður Halldórsson fasteignasali hefur skýrt svo frá, að það muni hafa verið í aprílmánuði 1963, sem það hafi samið uppkast að kaupsamningi um umrædda íbúð að tilhlutan stefndu Sveins og Sölva og farið með það til stefnanda, en ekki hafi þá verið minnzt á frekari greiðslur fyrir íbúðina en komið hafi fram í kaupsamningnum. Vitnið kveður það svo ekki hafa verið fyrr en eftir þetta, sem þeir stefndu Sveinn og Sölvi hafi farið að tala um það, að það væri ekki sanngjarnt, að stefnandi greiddi ekki meira fyrir íbúðina eftir allan þenna tíma, þar sem allur kostnaður við bygginguna hefði aukizt. Kveðst vitnið hafa sagt þeim, að þeir skyldu tala um þetta við stefnanda. Vitnið kveður stefnanda og þá Svein og Sölva síðan hafa mætt á skrifstofu sinni í júlímánuði, og hafi þeir síðarnefndu þá farið fram á að fá greiddar kr. 80.000.00 umfram það, sem fram kemur í kaupsamningnum. Vitnið kveður stefndu Svein og Sölva hafa komið til sín nokkuð löngu seinna og beðið sig um að ítreka þetta við stefnanda. Það kveðst nú hafa hringt í stefnanda, en hann hafi ekki getað komið til fundar um málið. Hins vegar kveður það stefnanda hafa beðið sig um að skila því til stefnda Sveins, að hann kæmi og talaði við hann, þ. e. stefnanda. Vitnið kveðst hafa spurt stefnanda að því, hvort hann gæti þá ekki komið daginn eftir, en stefnandi hafi þá sagt, að hann gæti ekkert um

það sagt. Vitnið kveðst ekki hafa skilið þetta þannig, að stefnandi væri orðinn afhuga kaupunum.

Kaupsamningur stefnda Guðgeirs um umrædda íbúð er dagsettur hinn 12. október 1963 og undirritaður af stefndu Sveini og Sölva fyrir hönd Framkvæmda h/f. Er kaupverð íbúðarinnar þar ákveðið kr. 430.000.00. Skyldi afhending íbúðarinnar fara fram hinn 15. janúar 1964 og íbúðin þá vera í umsömdu ástandi, en frágangi utanhúss lokið hinn 15. júní 1964.

Stefndi Guðgeir hefur skýrt svo frá, að það hafi verið fyrst um mánaðamót september—október 1963, sem það hafi borizt í tal, að hann keypti umræddda íbúð. Kveður hann seljendur hafa talið, að stefnandi væri fallinn frá að kaupa íbúðina, en þeir hafi þó ætlað að bíða í um hálfan mánuð. Guðgeir kveðst hafa vitað um forkaupsréttaryfirlýsingu stefndu Sveins og Sölva til handa stefnanda, er hann gerði kaupin um íbúðina. Þá kveðst Guðgeir hafa séð hjá seljendum yfirlýsingu byggingarfulltrúans í Reykjavík þess efnis, að íbúðin væri komin í fokhelt ástand. Guðgeir kveðst hafa greitt kr. 100.000.00 af kaupverði íbúðarinnar við undirskrift kaupsamningsins. Einnig kveðst hann hafa greitt kr. 50.000.00 um síðustu áramót og sé þetta það eina, sem hann hafi greitt upp í kaupverð íbúðarinnar. Hann kveður það hafa orðið að samkomulagi með sér og seljendum að láta frekari greiðslur bíða, þar til séð verði, hvernig rætist úr máli því, sem hér er til úrlausnar.

Yfirlýsing sú, sem stefndu Sveinn og Sölvi gáfu stefnanda hinn 17. október 1962, er gengið var frá kaupum þeirra á lóðinni nr. 76 við Laugarnesveg, er svohljóðandi:

„Við undirritaðir, Sölvi Þ. Valdimarsson, Birkihvammi 6, Kópavogi, og Sveinn Hannesson, Laufásvegi 20, Reykjavík, lýsum því hér með yfir, að við skuldbindum okkur til að selja Alexander Guðmundssyni, Bogahlíð, Reykjavík, 4ra herbergja íbúð á IV. hæð í vesturhorni væntanlegs húss, teiknað af Magnúsi Guðmundssyni iðnfræðingi, á lóðinni nr. 76 við Laugarnesveg í Reykjavík, ef hann, Alexander, æskir kaupa á nefndri íbúð. Íbúðin og það sameiginlega í húsinu, sem henni fylgir, skal honum selt í sama ástandi og á sama verði og hliðstæðar íbúðir í nefndu húsi verða seldar öðrum.

Jafnframt ofangreindum forkaupsrétti gefum við Alexander heimild til að greiða upp í kaupverð nefndrar íbúðar með ríkistryggðum skuldabréfum, að nafnverði allt að kr. 200.000.00, er beri 7% vexti og greiðist með jöfnum greiðslum vaxta og af-

borgana á 15 árum. Eftirstöðvar kaupverðs skal miðast við greiðsluskilmála annarra íbúða í húsinu eða eftir nánara samkomulagi.

Hafi Alexander ekki neytt ofangreinds forkaupsréttar með skriflegum kaupsamningi, áður en nefnd húseign er komin í fokhelt ástand, lítum vér svo á, að um höfnun á forkaupsrétti sé að ræða, og teljum við þá okkur heimilt að selja umrædda íbúð hverjum þeim öðrum, sem kaupa vill."

Hvorki er yfirlýsingar þessarar né forkaupsréttar stefnanda getið í kaupsamningi þeim, sem gerður var um lóðina. Ekki var yfirlýsingu þessari þinglýst fyrr en hinn 23. október 1963. Kemur þá fram, að Framkvæmdir h/f hefur verið þinglýstur eigandi. Það er ágreiningslaust, að á fyrri hluta ársins 1963 hafi stefnanda verið afhent afrit eða uppkast að samningi, sem stefndu Sveinn og Sölvi hugðust gera við stefnanda til að fullnægja forkaupsréttaryfirlýsingunni. Er meginmál afrits þessa svohljóðandi:

„Seljandi skuldbindur sig til að selja og kaupandi skuldbindur sig til að kaupa 4ra herbergja íbúð seljanda á fjórðu hæð (horníbúð) í húsinu nr. 76 við Laugarnesveg, hér í borg, ásamt sér geymslu nr. 5 (fimmta í röðinni frá stigagangi Laugarnesvegarmegin) í kjallara. Þá fylgir hlutdeild í stigagöngum hússins, þvotta- og strauherbergi, kyndiklefa, barnavagnageymslu, sorpgeymslum, sameiginlegum kjallaragöngum og öllu öðru sameiginlegu í húsinu, allt í hlutfalli við eignarhluta íbúðarinnar í húsinu. Enn fremur fylgir í sömu hlutföllum hlutdeild í eignar- og leigulóð hússins.

Eignin selst í því ástandi, sem nú skal greina: Íbúðin og allt sameiginlegt innanhúss skal vera tilbúið undir tréverk og málningu. Þá skal húsið fullfrágengið að utan, múrhúðað og málað með rennum og niðurföllum, handriði á svölum og ísettum og frágengnum svalarhurðum og útihurð hússins, svalarhurðir úr organpine og útihurð úr teak, tvöfalt verksmiðjugler (samlímt) í gluggum, nema í lausum fögum verður tvöfalt gler með listum á milli, svo og með krækjum og stormjárnum, stigahandrið með plastlistum komið, sér hitastilling (sérhitalögn) fyrir íbúðina, uppsettir ofnar og hiti kominn á.

Innifalið í kaupverði íbúðarinnar er heimtaugargjald fyrir rafmagn og hitaveitu, en kaupandi tekur að sér að greiða skipulagsgjald og skatta og skyldur að þeim hluta, sem tilheyrir hinni seldu eign.

Kaupanda er kunnugt um, að tvær íbúðir verða í kjallara hússins, önnur í austurenda kjallarans og hin í vesturhorni kjallarans, og reiknast þeim íbúðum hlutdeild í öllu hinu sameiginlega í hlutfalli við eignarhluta þeirra í húsinu og tilheyrandi lóð hússins.

Kaupverðið kr. 380.000.00 — þrjú hundruð og áttatíu þúsund krónur —, greiðir kaupandi þannig:

a.	Við undirskrift þessa kaupsamnings	kr.	25.000.00
b.	Þegar húsið er komið í fokhelt ástand	—	65.000.00
c.	Við útgáfu afsals fyrir eigninni, sem fram skal fara, er íbúðin er tilbúin undir tréverk	—	70.000.00
d.	Með ríkistryggðum skuldabréfum, sem greiðast skulu með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 15 árum ásamt 7% vöxtum og tryggð skulu með 1. veðrétti í hinni seldu eign, og skal gjalddagi miðast við afhendingardag íbúðarinnar	—	200.000.00
e.	Eftirstöðvar kaupverðsins greiðir kaupandi, er seljandi hefur lokið frágangi hinnar seldu eignar í ofangreindu umsömdu ástandi	—	20.000.00
		Samtals kr.	380.000.00

Kaupandi afhendir seljanda ofangreind ríkistryggð veðbréf við útgáfu afsalsins fyrir eigninni.

Afhending á íbúðinni skal fara fram 20. ágúst n.k. í ofangreindu umsömdu ástandi, en umsömdum frágangi í stigagangi og í kjallara hússins skal vera lokið 15. október n.k. Þá skal frágangi hússins að utan vera lokið 15. nóvember 1963, enn fremur sem lóð hússins skal sléttuð með jarðýtu.

Eigninni skal afsalað til kaupanda veðbanda og kvaðalausri að öðru leyti en því, sem Reykjavíkurborg kann að setja í lóðarsamninginn, viðvíkjandi bílastæðum o. þ. h.“

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að hann hafi aldrei fallið frá forkaupsrétti sínum að umræddri íbúð. Stefndu Sveinn og Sölvi hafi sett óréttmæt skilyrði fyrir því, að gengið yrði frá kaupsamningi, og hafi undirskrift aðeins strandað á því. Þá er því haldið fram, að þessir stefndu hafi aldrei gert stefnanda viðvart um það, að íbúðin væri að komast í eða væri komin í fokhelt ástand, eins og þeim hafi þó borið skylda til. Í þessu

sambandi hefur vottorði byggingarfulltrúans í Reykjavík, þess efnis, að húsið nr. 76 við Laugarnesveg hafi verið fokhelt hinn 25. september 1963, verið mótmælt. Þá er því og haldið fram, að í septembermánuði 1963 hafi verið útilokað, að stefnandi fengi íbúðina í umsömdu ástandi á umsömdum tíma. Að því er varðar stefnda Guðgeir, þá er því haldið fram, að hann hafi ekki verið grandlaus, er hann gerði kaupsamninginn um íbúðina. Hann hafi vitað um forkaupsréttaryfirlýsinguna til handa stefnanda og hafi honum borið að tryggja sér sönnun fyrir því, að fallið hafi verið frá forkaupsrétti. Er því haldið fram, að kaupsamningur stefnda Guðgeirs um eignina sé málamyndagerningur.

Af hálfu stefndu Sveins, Sölva og Framkvæmda h/f er því haldið fram, að þeir eigi enga sök á því, að ekki varð af kaupum stefnanda á íbúðinni. Stefnandi hafi látið líða frest þann, sem honum var veittur, án þess að ganga frá kaupsamningi. Tilmæli um, að stefnandi greiddi hærra verð fyrir íbúðina en fram hafi komið í uppkasti að kaupsamningi, hafi verið réttmæt, þar sem hann hafi átt að fá verðmeiri íbúð en aðrar íbúðir hússins. Er því haldið fram, að hér hafi ekki verið um skilyrði að ræða, enda hafi verið fallið frá þessum tilmælum, er stefnandi hafi ekki fallizt á þau. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi sjálfur átt að fylgjast með smíði íbúðarinnar, enda hafi það verið hægur vandi, þar sem hann hafi daglega átt leið fram hjá húsinu. Varðandi þau mótmæli stefnanda, að húsið hafi ekki verið fokhelt hinn 25. september, þá er á það bent, að um langt árabil hafi það tíðkazt, að tvöfalt gler sé ekki sett í glugga, fyrr en múrhúðun sé að fullu lokið.

Sýknukrafa stefnda Guðgeirs er á því byggð, að ekkert réttarsamband sé milli hans og stefnanda. Stefndu Sveinn, Sölvi og Framkvæmdir h/f séu ekki lengur eigendur íbúðarinnar. Geri stefnandi því raunverulega kröfu til, að stefndi Guðgeir selji honum íbúðina, en sú krafa fái ekki staðizt.

Við úrlausn máls þessa þykir verða að leggja til grundvallar yfirlýsingu byggingarfulltrúans í Reykjavík um það, að húsið nr. 76 við Laugarnesveg hafi verið fokhelt hinn 25. september 1963, enda hefur það tíðkazt nokkur undanfarin ár, að hús teljist fokheld, þótt gler sé ekki komið í glugga, en þeir byrgðir á annan hátt, t. d. með plasti.

Við umræður um gerð samnings milli stefnanda og stefndu Sveins og Sölva sumarið 1963 kom fram, að þessir stefndu fóru

fram á, að stefnandi greiddi kr. 80.000.00 meira fyrir íbúðina en fram kom í samningsuppkasti því, sem þeir höfðu látið stefnanda í té. Þessu hafnaði stefnandi. Það er fram komið, að stefnandi átti kost á því síðari hluta septembermánaðar að gera kaupsamning um íbúðina, er hann var boðaður í skrifstofu Þórðar Halldórssonar fasteignasala, en fram er komið, að stefndu Sveinn og Sölvi voru þá fallnir frá tilmælum sínum um hærra verð fyrir íbúðina. Virðist það hafa verið um það bil, er íbúðin var að verða fokheld eða var orðin það. Stefnandi taldi sig ekki geta mætt þá til undirskriftar kaupsamningsins, en ekki gerði hann reka að því næstu daga, að gengið væri frá samningsgerðinni. Þegar hins vegar er á það litið, að á þessum tíma var afhendingartími íbúðarinnar liðinn samkvæmt samningsuppkasti því, sem stefnanda hafði verið látið í té, en hún ekki komin í það ástand, er hún skyldi þá vera í, þá verður að telja, að stefnanda hafi verið rétt gagnvart stefndu Sveini, Sölva og Framkvæmdum h/f að synja fyrirvaralausri gerð kaupsamnings á grundvelli áðurgreinds samningsuppkasts. Þegar virt er kröfugerð stefnanda á hendur stefnda Guðgeiri, þá þykir hún eigi verða skilin á annan hátt en þann, að rifta beri kaupsamningi hans um umrædda íbúð. Stefnandi þinglýsti að vísu ekki forkaupsréttarheimild sinni fyrr en hinn 23. október 1963. Stefndi Guðgeir hefur á hinn bóginn viðurkennt, að sér hafi verið kunnugt um forkaupsréttaryfirlýsinguna til handa stefnanda, er hann gerði kaupsamning sinn. Það verður að telja, að er stefndi Guðgeir hafi gert kaupsamning sinn um íbúðina, hafi hann mátt byggja á vitneskju sinni um það, að íbúðin væri komin í fokhelt ástand að áliti byggingarfulltrúans í Reykjavík. Verður að telja, að stefndi Guðgeir hafi þá mátt ætla, að stefnandi væri fallinn frá forkaupsrétti sínum, og ósannað annað en að hann, þ. e. stefndi Guðgeir, hafi verið í góðri trú um heimild sína til þess. Verður jafnframt að telja ósannað, að hér hafi verið um neinn málamyndagerning að ræða. Af þessum sökum þykir samningi stefnda Guðgeirs um íbúðina ekki verða rift, og verður því af þeim sökum ekki unnt að taka kröfur stefnanda í máli þessu til greina.

Samkvæmt þessu verða stefndu sýknaðir af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Einari B. Kristjánssyni húsasmíðameistara og Einari Sveinssyni múrarameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Sölvi Þ. Valdimarsson, Sveinn Hannesson, Framkvæmdir h/f og Guðgeir Guðmundsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Alexanders Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 22. febrúar 1965.

Nr. 221/1960. **Vigfús Helgason** (Þorvaldur Ari Arason hrl.)
gegn
Menntamálaráðherra f. h. ráðuneytisins,
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs,
Sýslumanni Skagafjarðarsýslu f. h. sýslusjóðs,
Formanni Varmahlíðarfélagsins f. h. félagsins
og skólanefnd héraðsskólans í Varmahlíð
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
og svo til réttargæzlu
Páli Sigurðssyni, Volker Lindemann, Sigurði Jónassyni, Skógrækt ríkisins, Sparisjóði Sauðárkróks og Markúsi Sigurjónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaup og sala. Samningar. Áður en eignarnám jarðar til skólahalds samkvæmt lagaheimild og ákvörðun ríkisstjórnarinnar kom til framkvæmda, seldi eigandi jarðarinnar hana ríkissjóði með sölugerningi, sem var í hvívetna skuldbindandi fyrir seljanda.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1960. Hann hafði gjafsókn í héraði og fékk gjafsóknarleyfi hér fyrir dómi 29. marz 1963. Dómkröfur hans eru þær, að stefndu menntamálaráðherra f. h. ráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs „verði dæmdir til að þola eftirfarandi ógildingar:

Aðalkröfur:

„A. *Til ógildingar* þvinguðum og ólöglegum samningi um verð og afsal jarðarinnar Varmahlíðar í Skagafirði, sem gjörður var skv. eignarnámslögum nr. 29 frá 12. júní 1939 á Sauðárkróki 9. janúar 1940 af hr. Sigurði Þórðarsyni í umboði Kennslumálaráðuneytisins skv. umboði hans frá 25. júlí 1939 og áfrýjanda, Vigfúsi, og þar með til viðurkenningar eignarrétti áfrýjanda á nefndri jörð."

„B. *Til ógildingar* ólögmætum ráðstöfunum, sem gjörðar hafa verið með og á jörðinni, síðan áðurnefndur eignarnámslagasamningur var gjörður:

1. Afsali ríkisstjórnar Íslands til „Varmahlíðarfélagsins í Skagafirði", gjörðu 7. nóv. 1941.
2. Samningi um landleigu og fleira, gjörðum milli „formanns" skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð og skógræktarstjóra, undirrituðum 15. maí og 23. ágúst '50.
3. Samningi um lóðarleigu, landnytjar o. fl., gjörðum milli „formanns" skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð og skógræktarstjóra, undirrituðum 15. maí og 23. ág. 1950.
4. Samningi um lóðarleigu, gjörðum milli „formanns" skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð og Volkers Lindemanns frá 12. sept. 1955.
5. Heimild þeirri, sem Volker Lindemann hefur fengið til þess að reisa verzlunarskála og reka verzlun og benzínafgreiðslu í landi Varmahlíðar.
6. Leigusamningi á íbúðar- og veitingahúsi, upphaflega við hr. Pál Sigurðsson veitingamann í Varmahlíð. Samningur þessi hefur nú verið framseldur eða gerður að nýju við annan veitingamann.
7. Veðsetningum fasteigna, gjörðum eftir 9. janúar 1940, þar á meðal veðsetningu til Sparisjóðs Sauðárkróks, kr. 200.000.00, gerðri 11. nóvember 1957, útgefinni af hr. Bessa Gíslasyni.

8. Ósamþykktum tillöguuppdrætti Skipulags ríkisins frá febrúar 1946.
9. Skipulagsskrám fyrir Menningarsetur Skagfirðinga í Varmahlíð, sem samþykkt var á aðalfundi sýslunefndar Skagafjarðarsýslu 1958.
10. Ábúðar- og byggingarsamningi á landi Varmahlíðar austan Skagfirðingabrautar, gjörðum milli Halldórs Benediktssonar og Gunnars Gíslasonar fyrir hönd „skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð" og bræðranna Vigfúsar og Markúsar Sigurjónssona á Reykjarhóli, sem nú er yfirtekinn af Markúsi einum.

Varakrafa:

Verði eignarheimild ríkissjóðs Íslands frá 1940 á jörðinni Varmahlíð og aðrar eignarheimildir af henni leiddar ekki dæmdar ógildar, þá krefst áfrýjandi til vara, að „kaupverðsákvæði" eignarnámslagasamningsins frá 9. janúar 1940, „Samtals krónur 28.000.00", verði dæmt ógilt og stefndu dæmdir skaðabótaskyldir til áfrýjanda og þær skaðabætur miðist við sannvirði eignarinnar í ársbyrjun 1940 ásamt tilheyrandi hitaréttindum, verðmætum rekstrarmöguleikum, hlunnindum, tekjumöguleikum af leigu húsa, lóða og annarra verðmæta jarðarinnar, umreiknað með 6% vöxtum og vaxtavöxtum til núverandi verðgildis íslenzku krónunnar".

Áfrýjandi hefur gert þær dómkröfur á hendur sýslumanni Skagafjarðarsýslu f. h. sýslusjóðs, formanni Varmahlíðarfélagsins f. h. félagsins og skólanefnd héraðsskólans í Varmahlíð, að þeim „verði dæmt að þola ógildingu á ólögmætum ráðstöfunum, sem gjörðar hafa verið með og á eigninni, samanber liði A og B í aðalkröfu". Er þeim og stefnt „til réttargæzlu í sambandi við skaðabótaskyldu í varakröfu, eftir því sem við á".

Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi allra hinna stefndu in solidum, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en engar kröfur gerir hann á hendur réttargæzlustefndu.

Stefndu menntamálaráðherra f. h. ráðuneytisins og fjár-

málaráðherra f. h. ríkissjóðs krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndu sýslusjóður Skagafjarðarsýslu, Varmahlíðarfélagið og skólanefnd héraðsskólans í Varmahlíð höfðu gjafvörn í héraði og fengu gjafvarnarleyfi hér fyrir dómi 16. apríl 1963. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Réttargæzlustefndu, Páll Sigurðsson, Volker Lindemann, Sigurður Jónasson, Skógrækt ríkisins, Sparisjóður Sauðárkróks og Markús Sigurjónsson, krefjast málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Atvikum máls þessa er rækilega lýst í héraðsdómi. Áfrýjandi seldi ríkissjóði jörð sína með afsalinu 9. janúar 1940. Engir gallar eru á þeim löggerningi, sem valda eiga ógildingu hans. Er hann því að öllu leyti skuldbindandi fyrir áfrýjanda. Með þessari athugasemd og að öðru með skírskotun til forsendna héraðsdóms, ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hans fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 30.000.00.

Gjafvarnarkostnaður stefndu sýslusjóðs Skagafjarðarsýslu, Varmahlíðarfélagsins og skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð í héraði og hér fyrir dómi greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Vigfúsar Helgasonar, í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði,

þar með talin laun talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Þorvalds Ara Arasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00.

Gjafvarnarkostnaður stefndu sýslusjóðs Skagafjarðarsýslu, Varmahlíðarfélagsins og skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dómur aukadóms Skagafjarðarsýslu 14. desember 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af Vigfúsi kennara Helgasyni á Hólum í Hjaltadal með stefnu, dags. 7. nóvember 1958, og framhaldsstefnu 21. júní 1959 gegn fjármálaráðherra og menntamálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sýslumanni Skagafjarðarsýslu f. h. sýslusjóðs, síra Gunnari Gíslasyni vegna Varmahlíðarfélagsins í Skagafirði, Halldóri Benediktssyni, Sigurði Sigurðssyni, Jóni Jónssyni, Bessa Gíslasyni og síra Gunnari Gíslasyni, öllum vegna skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til þess að þola eftirfarandi ógildingar og greiðslu síðargreindra fjárhæða:

Aðalkröfur:

A. Til ógildingar þvinguðum og ólöglegum samningi um verð og afsal jarðarinnar Varmahlíðar í Skagafirði, sem gjörður var skv. eignarnámslögum nr. 29 frá 12. júní 1939 á Sauðárkróki 9. janúar 1940 af hr. Sigurði Þórðarsyni í umboði kennslumálaráðuneytisins skv. umboði hans frá 25. júlí 1939 og stefnandanum Vigfúsi, og þar með til viðurkenningar eignarrétti stefnanda á nefndri jörð.

B. Til ógildingar ólögmætum ráðstöfunum, sem gjörðar hafa verið með og á jörðinni, síðan áðurnefndur eignarnámssamningur var gjörður:

1. Afsali ríkisstjórnar Íslands til Varmahlíðarfélagsins í Skagafirði, gjörðu 7. nóvember 1941.
2. Samningi um landleigu og fleira, gjörðum milli „formanns“ skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð og skóg-

ræktarstjóra, undirrituðum 15. maí og 23. ágúst 1950.

3. Samningi um lóðarleigu, landnytjar o. fl., gjörðum milli „formanns" skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð og skógræktarstjóra, undirrituðum 15. maí og 23. ágúst 1950.
4. Samningi um lóðarleigu, gjörðum milli „formanns" skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð og Volkers Lindemanns frá 12. sept. 1955.
5. Heimild þeirri, sem Volker Lindemann hefir fengið til þess að reisa verzlunarskála og reka verzlun og benzínafgreiðslu í landi Varmahlíðar.
6. Leigusamningi á íbúðar- og veitingahúsi við hr. Pál Sigurðson, veitingamann í Varmahlíð.
7. Veðsetningum fasteigna, gjörðum eftir 9. janúar 1940, þar á meðal veðsetningu til Sparisjóðs Sauðárkróks, kr. 200.000.00, gjörðri 11. nóvember 1957, útgefinni af hr. Bessa Gíslasyni.
8. Ósamþykktum tillöguuppdrætti Skipulags ríkisins frá í febr. 1946.
9. Skipulagsskrá fyrir Menningarsetur Skagfirðinga í Varmahlíð, sem samþykkt var á aðalfundi sýslunefndar Skagafjarðarsýslu 1958.
10. Ábúðar- og byggingarsamningi á landi Varmahlíðar, austan Skagfirðingabrautar, gjörðum, dagsetningar og ártals ekki getið, milli Halldórs Benediktssonar og Gunnars Gíslasonar fyrir hönd skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð og bræðranna Vigfúsar og Markúsar Sigurjónssona á Reykjarhóli, sem nú sé yfirtekinn af Markúsi einum.

C. Til greiðslu þessara neðangreindu fjárhæða:

1. Fyrir misstan arð og hagnað af jörðinni, sem sundurliðast þannig:
   a. Misstar leigutekjur veitingahúsnæðis .. kr. 300.000.00
   b. Misstir möguleikar á nýtingu heits vatns til gróðurhúsaræktunar og almennrar upphitunar svo og missir nýtingar rafstöðvar til suðu, ljósa m. fl., samtals .. — 250.000.00
   c. Misstur nettóarður og hagnaður af búskap á jörðinni með 100 kindur, 3 kýr, garðrækt og ávaxtasölu ásamt bótum fyrir missi íbúðar, þ. e. tekjur fyrir eigin húsaleigu, þegar greidd hafa verið öll framleiðslulaun, afskriftir, vext-

ir og viðhald, tilheyrandi búskapnum, þar með taldar launagreiðslur vegna aukastarfa, benzínsölu að öllu leyti og fyrir símavörzlu að mestu leyti, samtals kr. 215.000.00

d. Misst nettóþóknun fyrir símavörzlu, sbr. c, jafnvel þótt helmingur greiddrar þóknunar sé endurgreiddur í laun, samtals — 180.000.00

e. Misst þóknun, sbr. c, fyrir benzín og olíusölu svo og leigu fyrir benzíngeymi, samt. — 90.000.00

f. Misstur hagnaður af ýmsum leigurétti fyrir útisamkomur m. fl. svo og missir hagnaðar af verzlun með öl og sælgæti o.þ.h. vörur, samtals ..... — 90.000.00

Alls kr. 1.125.000.00

2. Skaðabætur fyrir spjöll á jörðinni, sem undurliðast þannig:

a. Bætur fyrir niðurrif safnþróar, allrar úr steinsteypu, 10 m × 10 m × hæð 6 m, með viðbyggðu haughúsi úr steinsteypu, 5 m × 10 m × hæð 3 m, með sérstöku tilliti til þess, að grafið var fyrir nær allri byggingunni í moldarmel ..... kr. 140.000.00

b. Bætur fyrir niðurrif fjárhúss, steinsteypts og þiljaðs með tré, tveggja risa, fyrir 100 fjár ..... — 35.000.00

c. Bætur fyrir niðurrif steinsteyptrar hlöðu að hálfu leyti og bárujárnklæddrar að hálfu, 300 teningsmetrar ..... — 25.000.00

d. Bætur fyrir skemmdir og niðurrif á ca. 1000 metra langri gaddavírsgirðingu, fjórþættri ..... — 9.000.00

e. Bætur fyrir niðurrif kartöflujarðhúss með steyptum veggjum, ca. 3 m × 3 m × 4 m hæð ..... — 8.000.00

f. Bætur fyrir niðurrif súrheysgeymslu, allrar steinsteyptrar, 4 m × 4 m × hæð 3 m — 8.000.00

g. Bætur fyrir niðurrif á fjósi úr torfi fyrir 6 kýr ..... — 6.000.00

h. Bætur fyrir jarðarspjöll vegna grunns „héraðsskólans“ og eyðileggingar grunna

gróðurhúsa ..... kr. 5.000.00

i. Bætur fyrir niðurrif á hesthúsi úr torfi fyrir 4 hesta ..... — 4.000.00

j. Bætur fyrir staðsetningu og lóð undir húsinu „Sjónarhóll“ ásamt bótum fyrir umferðarrétt að húsinu, framtíðarleigurréttur lóðar og umferðarréttur þó undanskilinn ..... — 25.000.00

k. Bætur fyrir staðsetningu og lóð undir húsinu „Laugabrekka“ ásamt bótum fyrir umferðarrétt að húsinu, framtíðarleigurréttur lóðar og umferðarréttur þó undanskilinn ..... — 20.000.00

l. Bætur fyrir staðsetningu og lóð undir suðurhluta búningsklefa sundlaugar ásamt bótum fyrir óhjákvæmilegan umferðarrétt að inngangi ..... — 20.000.00

m. Bætur fyrir staðsetningu og lóð undir suðausturhorn sundlaugar án nokkurs framtíðarumferðarréttar ..... — 10.000.00

n. Bóta fyrir staðsetningu og lóðir undir benzíntanka og söluskála V. Lindemanns verður ekki krafizt í þessu máli, þar eð ef leigusamningur hans verður dæmdur ógildur, þá verður í sérstöku máli krafizt niðurrifs eða brottflutnings þeirra mannvirkja ásamt réttmætum bótum. Ofangreindar skaðabætur miðast við 10. nóvember 1958, aðrar en bætur samkvæmt undirliðum l og m, sem eru taldar bætur í eitt skipti fyrir öll. Því er summa þessa kröfuliðar samtals ..... — 315.000.00

3. Til greiðslu miskabóta fyrir óþægindi og röskun á aðstöðu stefnanda, þar með talin endurgreiðsla á kostnaði við flutning verðmæta frá Varmahlíð, samtals ..... — 60.000.00

Samtals til greiðslu bóta samkvæmt þessum C-liðum fjárhæð *kr. 1.500.000.00 — ein milljón og fimm hundruð þúsund* — 00/100 eða aðra fjárhæð eftir mati dómsins með 6% ársvöxtum frá 10. nóvember 1958 til greiðsludags gegn endurgreiðslum frá stefnanda á kaupverði jarðarinnar með eða án

skuldajafnaðar. Þar eð síðar undir rekstri málsins kunni að verða framkvæmd möt um einstaka liði kröfufjárhæðarinnar, þá áskilur stefnandi sér rétt til að hækka eða lækka þá liði í samræmi við þau möt.

Varakrafa:

D. Verði eignarheimild ríkissjóðs Íslands frá 1940 á jörðinni Varmahlíð og aðrar eignarheimildir, af henni leiddar, ekki dæmdar ógildar, þá gerir stefnandi þá kröfu *til vara,* að „kaupverðsákvæði" eignarnámslagasamningsins frá 9. janúar 1940, „Samtals krónur 28.000.00", verði dæmt ógilt og honum dæmdar bætur, sem miðast við sannvirði eignarinnar í ársbyrjun 1940 ásamt tilheyrandi hitaréttindum, verðmætum rekstrarmöguleikum, hlunnindum, tekjumöguleikum af leigu húsa og lóða og öðrum verðmætum jarðarinnar, umreiknuðum með 6% vöxtum og vaxtavöxtum til núgildandi verðgildis íslenzku krónunnar, og það ekki lægri fjárhæð en

kr. 2.000.000.00 — krónur tvær milljónir 00/100 —

með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 25. júní 1959 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann hefur hinn 17. maí 1958 fengið gjafsókn og sér skipaðan málflutningsmann. Krefst hann málflutningslauna sér til handa, hvernig sem málið fer.

Til réttargæzlu hefur stefnandi stefnt eftirtöldum aðiljum án þess að gera nokkrar kröfur á hendur þeim: Páli Sigurðssyni veitingamanni, Varmahlíð, Volker Lindemann kaupmanni, Varmahlíð, Sigurði Jónassyni skógarverði, Laugabrekku við Varmahlíð, skógræktarstjóra Hákoni Bjarnasyni vegna Skógræktar ríkisins, Ragnari Pálssyni sparisjóðsformanni vegna Sparisjóðs Sauðárkróks og Markúsi Sigurjónssyni, Reykjarhóli.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en með leyfi, dags. 12. janúar 1959, hafa stefndu sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, Varmahlíðarfélagið og skólanefnd héraðsskólans í Varmahlíð fengið gjafvörn í málinu og þeim verið skipaður málflutningsmaður. Krefst hann málflutningslauna sér til handa eftir mati dómarans. Af hálfu réttargæzlustefndu eru engar kröfur gerðar.

Dómarinn leitaði sátta með aðiljum, en án árangurs.

Samkvæmt ósk málsaðilja og með heimild í 71. gr. laga nr. 85/1936 hefur sakarefni verið skipt þannig, að nú verður aðeins fjallað um A og B liði í dómkröfum stefnanda.

Tildrög málsins og málavextir eru á þessa leið:

I.

Stefnandi máls þessa er fæddur árið 1893. Hann stundaði búfræðinám í Noregi, Danmörku og Skotlandi árin 1916 til 1921, en það ár var hann skipaður kennari við búnaðarskólann á Hólum. Hefur hann síðan haft þann starfa á hendi. Árin 1928 til 1930 var hann við framhaldsnám í búvísindum í Þýzkalandi, sérstaklega ylrækt og garðrækt. Að þessu námi loknu, mun stefnandi hafa haft hug á að stofna til garðræktar samfara kennslustarfinu og hagnýta jarðhita til þeirrar ræktunar. Með bréfi, dags. 18. apríl 1931, fer hann þess á leit við ríkisstjórnina, að hann fái á leigu til garðræktar og kennslu í garðrækt svonefndan Reykjarhólsgarð í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, en eign þessi var 7.7 ha stórt landsvæði úr landi jarðarinnar Reykjarhóls. Hafði ríkissjóður fengið kauprétt á landsvæði þessu með kaupsamningi, dags. 26. október 1930, en í spildu þessari voru allar heitar uppsprettur í landi Reykjarhóls. Afsal fyrir Reykjarhólsgarði fékk ríkissjóður svo 23. september 1932. Þessi málaleitan stefnanda bar þó ekki árangur að sinni, því nefnt landsvæði hafði þá þegar verið selt Kaupfélagi Skagfirðinga á leigu til 10 ára með leigusamningi, dags. 13. apríl 1931. Hins vegar framleigði kaupfélagið stefnanda land þetta, Reykjarhólsgarð, hinn 28. marz 1932. Er svo að sjá, að hann hafi haft eign þessa á leigu til ársloka 1939 og rekið þar garðrækt. En auk þess að taka á leigu Reykjarhólsgarð festi stefnandi hinn 29. júlí 1934 kaup á nýbýlinu Varmahlíð í Seyluhreppi fyrir kr. 13.500.00, en býli þetta, sem stofnað var árið 1930 úr landi jarðarinnar Reykjarhóls, liggur sunnan að Reykjarhólsgarði og er talið ca. 20 ha að flatarmáli.

Stefnandi hóf þegar framkvæmdir og búrekstur á jörð sinni Varmahlíð. Reisti hann þar ýmsar byggingar og hóf þar m. a. veitingarekstur árið 1935. Kveðst hann hafa stundað búreksturinn í Varmahlíð þann tíma árs, sem skólinn á Hólum starfaði ekki, en haft þar ráðsmann að vetrinum, meðan hann sjálfur var bundinn við skólastörf. Kveður stefnandi, að það hafi fyrir sér vakað, að þarna yrði framtíðarheimili sitt, að svo miklu leyti sem hann væri eigi bundinn við kennslustörfin á Hólum. Með

leigusamningi, dags. 11. apríl 1936, leigði stefnandi Ingibjörgu Jóhannsdóttur hluta af húsum og jarðarafnotum, og rak hún þarna skóla og veitingarekstur til vorsins 1941.

II.

Árið 1936 var vaknaður mikill áhugi í Skagafirði fyrir stofnun alþýðuskóla, og hinn 30. ágúst það ár var efnt til fundar í Varmahlíð. Má ráða af bréfi til Menntamálaráðuneytisins, sem dags. er 6. september s. á og undirritað er af tveimur mönnum, sem tjá sig vera formann og ritara nýstofnaðs félags, að stofnað hafi verið 30. ágúst í Varmahlíð félag með því markmiði m. a. „að taka á leigu hjá ríkisstjórninni Reykjarhólseignirnar í því skyni, að þar verði í framtíðinni rekinn margs konar almenn starfsemi til hagsbóta og menningar fyrir héraðið". Í bréfi þessu spyrjast þessir tveir stjórnarnefndarmenn fyrst fyrir um það, hvort félagið geti eigi fengið umráðarétt yfir hinu heita landi við Reykjarhól, en þar mun vera átt við Reykjarhólsgarð, sem ríkisstjórnin hafi keypt nokkrum árum áður með tilliti til þess, að þar risi upp menningarstofnun fyrir héraðið. Hafi það verið álit fundarmanna, segir í bréfinu, að þar væri bezti skólastaðurinn. Þessari málaleitan svarar ráðuneytið á þá lund hinn 10. desember 1936, að það gefur félaginu kost á umræddu landi til 5 ára með ýmsum skilyrðum, m. a. að landið verði notað „til byggingar skólahúss og annarra hluta og mannvirkja, sem nauðsynleg verða fyrir rekstur skólans og starfsemi hans, enda sé aðalundirbúningi að skólastofnun lokið og framkvæmdir byrjaðar innan 5 ára frá 1. janúar 1937".

Stefnandi kveðst eigi hafa tekið þátt í stofnun þessa félags, þótt hann væri annars fylgjandi hugmyndinni um héraðsskóla í Skagafirði, og segist hann þegar eindregið hafa mótmælt því, að félagið væri kennt við býli hans Varmahlíð, en sú hafi verið ráðagerð stofnendanna. Hafi þessi mótmæli sín leitt til þess, að félagið sé hvorki nafngreint í áðurgreindu bréfi frá 6. september 1936 né heldur vonarbréfi Dómsmálaráðuneytisins frá 10. desember 1936.

Eigi verður með vissu séð, hvernig sú hugmynd verður til, að býli stefnanda, Varmahlíð, sé ákjósanlegur staður fyrir héraðsskóla, því upphaflega virðast forgöngumenn skólamálsins í Skagafirði fyrst og fremst hafa haft augastað á Reykjarhólsgarði. En svo er að sjá, að þessi hugmynd sé komin á flot snemma á árinu 1937, og er því haldið fram af stefnanda, að í febrúarmánuði

það ár hafi fulltrúafundur í hinu áðurnefnda nafnlausa félagi samþykkt lög fyrir félagið. Hefur hann því til sönnunar lagt fram fjölritað, óundirritað skjal, sem heitir „Tillögur um lög fyrir félagið Varmahlíð". Samkvæmt 1. gr. þeirra á félagið að heita Varmahlíð og heimili þess og varnarþing að vera í Varmahlíð. Tilgangur félagsins er að efla andlega og líkamlega menningu í Skagafirði (2. gr.), og hyggst félagið ná honum með því að koma upp við jarðhitann í Varmahlíð fullkomnum héraðsskóla. Í 4. gr. samþykkta þessara segir, að félagið hyggist afla fjár með því m. a. að halda um Jónsmessuleytið ár hvert vorsamkomu í Varmahlíð og að starfrækja í Varmahlíð sumargistihús. Þá var Varmahlíð í Skagafirði einnig í júní þetta sama sumar tekin í lög sem héraðsskólasetur, sbr. lög nr. 28/1937, en vel má vera, að í lögum þessum sé raunverulega átt við Reykjarhólsgarð, þrátt fyrir nafnið Varmahlíð.

Næst er þess að geta, að á árinu 1938 hefst Varmahlíðarfélagið svonefnda handa um sundlaugarbyggingu í landi því, sem nefnt hefur verið Reykjarhólsgarður. Var sundlaugin staðsett þétt að mörkum býlis stefnanda, Varmahlíð, og er því haldið fram af hans hálfu, að hluti hennar eða a.m.k. hluti búningsklefa hennar hafi náð inn í land stefnanda. Hafi og mestallur uppgröftur úr grunni laugarinnar verið settur inn á land hans. Stefnandi kvaðst þegar hafa kvartað yfir þessu, en mótmælum hans ekki verið sinnt og ekki heldur tilraunum hans til þess að komast að samkomulagi um staðsetningu laugarinnar. Einnig kveðst hann hafa sent þáverandi kennslumálaráðherra skrifleg mótmæli út af þessu jarðraski á landi Varmahlíðar, en það bréf hefur ekki komið í leitirnar. Loks má geta þess hér, að í októbermánuði 1938 keypti ríkissjóður jörðina Reykjarhól, og átti ríkissjóður þá alla Reykjarhólstorfuna, að undanskilinni Varmahlíð, býli stefnanda.

III.

Samkvæmt óvefengdri skýrslu stefnanda átti annar af þingmönnum Skagfirðinga, Steingrímur Steinþórsson, símtal við hann hinn 4. apríl 1939 og tjáði honum, að lagt mundi verða fram á Alþingi frumvarp til laga um eignarnám eða leigunám á býli hans Varmahlíð til afnota fyrir héraðsskóla Skagfirðinga, sem reisa ætti við Reykjarhól, þar sem vitað væri, að hann vildi ekki semja um sölu jarðarinnar. Stefnandi kveðst hafa orðið mjög undrandi, er hann fékk þessa fregn, því til þess tíma hefði enginn leitað eftir samningum við sig um kaup á Varmahlíð, og

segist hann hafa svarað alþingismanninum því einu, að hann, stefnandi, réði eigi gerðum Alþingis. Frumvarpi þessa efnis mun svo hafa verið útbýtt á Alþingi sama dag, og þegar stefnandi heyrði frá því sagt í þingfréttum litlu síðar, sendi hann Alþingi símskeyti hinn 15. apríl sama ár, og segir þar m. a.:

„Mótmæli réttmæti eignarnámstöku nýbýlisins Varmahlíðar og lögbýlisafnámi. Afhendi fúslega skólanum nauðsynlegt land að dómi óvilhallra sérfræðinga. Teljist nauðsynlegt, seljast byggingar gegn vissum skilyrðum. Mótmæli þörf skólans á auknu heitu vatnsmagni, þar sem hann nýtur vatnsréttinda ríkislandsins, er fullnægir þörf tvö þúsund manns ....“

Þessi mótmæli komu þó ekki að haldi, og varð frumvarpið að lögum nr. 29 frá 12. júní 1939, en með lögum þessum var ríkisstjórninni heimilað að taka eignar- eða leigunámi jörðina Varmahlíð í Seyluhreppi til afnota fyrir héraðsskóla Skagfirðinga.

Eftir gildistöku nefndra laga fóru fram samkomulagsumleitanir milli stefnanda og umboðsmanns ríkisstjórnarinnar um kaup á jörðinni Varmahlíð, en þær báru ekki árangur. Reyndi stefnandi í lengstu lög að halda einhverjum hluta Varmahlíðar, og með bréfi, dags. 17. nóvember 1939, fer hann þess á leit við ríkisstjórnina, að hann fái að halda til eignar og umráða 8 ha spildu austan Skagfirðingabrautar ásamt afnotarétti af heitu vatni úr 1 tommu pípu úr Háahver. Eigi var þessari beiðni sinnt, og nokkrum dögum síðar, eða 4. desember 1939, óskaði Dóms- og kirkjumálaráðuneytið þess, að sýslumaður Skagafjarðarsýslu útnefndi tvo óvilhalla menn til þess að framkvæma mat á Varmahlíð með öllum mannvirkjum, að engu undanskildu, þar sem ákveðið hefði verið að taka jörðina eignarnámi samkvæmt heimild í lögum nr. 29 frá 1939. Fór útnefning matsmanna fram hinn 4. janúar 1940.

Þegar svo var komið, kveður stefnandi, að hann hafi séð sig tilneyddan til þess að láta jörð sína af hendi, og seldi hann ríkissjóði hana með afsali, dags. 9. janúar 1940, fyrir kr. 28.000.00. Var jörðin seld með mannvirkjum öllum, gögnum og gæðum, að engu undanskildu og án þess, að nokkurra skilyrða af hendi stefnanda um framtíðarnotkun hennar væri getið í afsalinu, en salan var miðuð við næstu fardaga vorið 1940. Greiðsla fór fram með þeim hætti, að kaupandi greiddi við undirskrift kr. 7.500.00, tók að sér áhvílandi lán, en afganginn, kr. 7.961.53, skyldi hann greiða á næstu tveimur árum með 5% ársvöxtum,

og verður ekki annað séð en sú greiðsla hafi farið fram með þeim hætti, sem kaupsamningurinn kvað á um.

IV.

Eigi verður annað ráðið af gögnum málsins en að fyrirsvarsmenn Varmahlíðarfélagsins hafi haft fullan hug á því, að héraðsskóli yrði reistur í Varmahlíð, og með bréfi, dags. 10. janúar 1941, fara umboðsmenn þess fram á það við ríkisstjórnina, að félagið fari með umboð á þeim eignum, sem keyptar hafi verið handa hinum væntanlega héraðsskóla. Varð endir þeirrar umleitunar sá, að með lögum nr. 66/1941 var ríkisstjórninni heimilað að selja Varmahlíðarfélaginu jörðina Reykjarhól ásamt nýbýlinu Varmahlíð með því skilyrði, að þar yrði reistur héraðsskóli, og hinn 7. nóvember 1941 selur og afsalar ríkisstjórnin „til Varmahlíðarfélagsins í Skagafirði, vegna héraðsskóla Skagfirðinga, jörðinni Reykjarhóli í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu ásamt nýbýlinu Varmahlíð með öllum húsum og mannvirkjum, gögnum og gæðum ..... fyrir kr. 30.000.00 .....". Var afsal þetta móttekið til þinglýsingar í Seyluhreppi 17. desember 1941 og skráð í afsals- og veðmálabækur Skagafjarðarsýslu. Eigi voru kaupanda í afsali þessu sett nein skilyrði um notkun hins selda eða byggingu héraðsskóla þar. En fyrr á árinu hafði sýslunefnd Skagafjarðarsýslu látið málið til sín taka og samþykkt samvinnu við Varmahlíðarfélagið um stofnun og rekstur héraðsskóla í Varmahlíð, og veitti sýslusjóður nokkurt fé í því skyni. Jafnframt var samþykkt, að sýslunefnd kysi tvo menn í skólanefnd, en ráð fyrir því gert, að Varmahlíðarfélagið kjósi aðra tvo. Þá skipaði fræðslumálastjórnin skólanefndarformann hinn 16. apríl 1941, og er talið, að hann hafi haldið þeim starfa til 16. febrúar 1944. Framkvæmdir virðast þá hafa verið hægfara, og það er ekki fyrr en árið 1945, að fyrir hendi er fullgerður uppdráttur af fyrirhuguðu skólahúsi, en í febrúarmánuði næsta ár, 1946, lýkur skipulagsstjóri við yfirgripsmikinn uppdrátt að skipulagi í Varmahlíð. Gerir uppdráttur þessi ráð fyrir margháttaðri skólastarfsemi þar. Um skólastarfsemina í Varmahlíð á þessum árum er það annars fram komið, að eitthvert skólahald var þar í gamla húsinu árin 1944—1946. Um þetta leyti, líklega árið 1945, var byrjað á byggingu skólahúss í Varmahlíð. Var grafið fyrir grunni þess og hann steyptur, og hefur ríkissjóður samkvæmt vottorði ríkisbókhaldsins greitt eftirtaldar fjárhæðir í stofnkostnað til Varmahlíðarfélagsins og héraðsskólans í Varmahlíð:

Árið 1945 kr. 36.012.45, árið 1946 kr. 98.551.08, árið 1947 kr. 90.000.00 og árið 1948 kr. 30.000.00. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu lét málið einnig enn til sín taka, því árið 1946 ábyrgist sýslusjóður allt að 115 þús. króna lán til skólabyggingar í Varmahlíð, og árið eftir, 1947, var ábyrgðarheimildin hækkuð upp í kr. 500.000.00. Skólinn reis þó ekki af grunni, og stendur svo enn, að byggingunni hefur ekki verið haldið áfram, og markar nú aðeins fyrir grunni þeim, sem gerður var.

Með lögum nr. 22 frá 1946 og fleiri lögum frá því ári, svo sem lögum nr. 48 7. maí 1946 um gagnfræðanám, voru gerðar miklar breytingar á skólakerfi landsins. Leiddi sú breyting til þess, að hinir fornu héraðsskólar féllu inn í hið almenna skólakerfi ríkisins. Náði þetta að sjálfsögðu einnig til hins fyrirhugaða héraðsskóla í Varmahlíð. Var kjörin skólanefnd fyrir skólann og skólanefndarformaður skipaður samkvæmt 9. gr. laga nr. 48/1946. Fór sú skipun fram 21. október 1946, og er talið, að við þá skipun hafi staðið síðan, en eigi verið fylgt fyrirmælum 9. gr. laga nr. 48/1946 um skipun formanns skólanefndar, að liðnu því kjörtímabili, er þar greinir. Er svo að sjá, að breytingar þær, sem nefnd löggjöf gerði á skólakerfinu almennt, hafi orkað slævandi á héraðsskólamál Varmahlíðarfélagsins, og virðast allar framkvæmdir af þess hálfu í þá átt að halda áfram byggingu héraðsskólans fyrirhugaða hafa fallið í dá árið 1947, og er því reyndar haldið fram af stefnanda, að félagið hafi í raun og veru lognazt út af árið 1946, en sýslunefnd Skagafjarðarsýslu og „skólanefnd héraðsskólans" farið með málefni Varmahlíðar. En hvað sem um það er, þá verður ekki ráðið af gögnum málsins, að neinar framkvæmdir hafi átt sér stað í héraðsskólamálinu, að liðnu árinu 1947, og er reyndar ekki glöggt, hvort nokkuð hefur verið aðhafzt á því ári, þótt 90.-000.00 króna framlag úr ríkissjóði bendi reyndar til þess. Er það ekki fyrr en á árinu 1956, að skólamálinu skýtur upp aftur, en þá gerist það, að mál Varmahlíðar eru tekin til umræðu á aukafundi í sýslunefnd Skagafjarðarsýslu dagana 27. og 28. nóvember það ár. Er þá tekin til umræðu álitsgerð, „er skólanefnd héraðsskólans í Varmahlíð hafði samþykkt á fundi sínum í Varmahlíð 23. nóvember 1956, til sýslunefndar Skagafjarðarsýslu". Varð niðurstaða þessa máls á sýslufundinum sú, að samþykkt var svofelld ályktun:

„1. Með hliðsjón af breyttum viðhorfum í skólamálum í landinu, síðan héraðsskólalögin voru sett, og að gefnu tilefni, telur

sýslunefndin, að eins og sakir standa, sé ekki grundvöllur fyrir byggingu héraðsskóla í Varmahlíð.

2. Sýslunefndin ályktar að kjósa tvo menn til að semja við fræðslumálastjóra og ríkisstjórn um sameiginlegar fjárreiður sýslu og ríkis í Varmahlíð og framtíðarskipun mála þar. Enn fremur semji sömu menn við póst- og símamálastjórnina og umferðarmálastjórnina um greiðslur fyrir afnot húsa og mannvirkja á staðnum.
3. Sýslunefndin telur æskilegt, að sem flest skólahverfi sýslunnar taki höndum saman um að reisa heimavistarbarnaskóla í Varmahlíð" .... Í 4. til 8. lið ályktunarinnar er því svo lýst, að æskilegt sé, að upp komi félagsheimili í Varmahlíð og ákvörðun tekin um að endurbæta og leigja til veitingareksturs húsakynni þau, sem á þessum stað voru, og lántökur heimilaðar í því skyni.

Hér hefur nú verið rakið það, sem fram er komið í málinu um framkvæmdir í þá átt að reisa héraðsskóla í Varmahlíð, og skal þá vikið að öðrum framkvæmdum þeirra aðilja, sem ríkjum réðu í Varmahlíð, eftir að stefnandi lét þessa eign sína af hendi árið 1940.

V.

Svo sem áður er rakið, hóf stefnandi veitingarekstur í Varmahlíð árið 1935, en vorið 1936 seldi hann Ingibjörgu Jóhannsdóttur á leigu húsnæði þar til skólahalds og veitingareksturs, og hélt hún þeirri aðstöðu til vors 1941. Þegar svo Varmahlíðarfélagið fékk umráð Reykjarhólseignarinnar og Varmahlíðar síðla árs 1941, svo sem áður er getið, hélt það áfram veitingastarfseminni, og eftir að Halldór Benediktsson hafði verið skipaður skólanefndarformaður 1946, mun hann í samráði við skólanefnd hafa haft á hendi umsjá og rekstur þessara eigna, gert leigusamninga um lóðarspildur úr Reykjarhólseignum og Varmahlíðar, en þær ráðstafanir verða hér aðeins raktar, að því er Varmahlíð varðar. Á þá jörð hafa samkvæmt gögnum málsins verið lagðar eftirtaldar þinglesnar kvaðir og eignarhöft, eftir að stefnandi lét hana af hendi við ríkissjóð 1940.

1. Hinn 15. maí og 23. ágúst 1950 lætur formaður skólanefndarinnar f. h. nefndarinnar og með samþykki fræðslumálastjóra Skógrækt ríkisins í té landspildu, sem að hluta er í landi Varmahlíðar, til skógræktar og lóð undir íbúðarhús ásamt 2 ha

landi til afnota fyrir skógarvörð ásamt beitarafnotum fyrir þrjá stórgripi, og hafði íbúðarhús skógarvarðar þá þegar verið reist á lóð þessari. Eru heimildarbréf þessi afhent til þinglesturs 6. nóvember s. á.

2. Hinn 12. september 1955 fær Volker Lindemann á leigu lóð undir íbúðarhús ásamt vatnsréttindum, og er þessi samningur afhentur til þinglýsingar sama dag. Hefur íbúðarhús einnig verið reist á þessari lóð.

Auk þess hefur Markúsi og Vigfúsi Sigurjónssonum verið leigt til 5 ára „engi nýbýlisins Varmahlíðar", en eigi er upp komið, hvenær sá samningur er gerður, og eigi virðist hann hafa verið þinglesinn. Sama máli gegnir um heimild til Volkers Lindemanns til þess að reisa verzlunarskála og reka verzlun og benzínsölu þá í landi Varmahlíðar, sem nú á sér stað þar. Þá var Páli Sigurðssyni leigt íbúðar- og veitingahúsið í Varmahlíð til gistihúss og veitingareksturs, að lokinni gagngerðri viðgerð, sem fram fór fyrri hluta árs 1957 samkvæmt ákvörðun aukasýslufundarins, sem haldinn var 27. og 28. nóvember 1956 og áður hefur verið getið um. Situr Páll enn í þeirri leigu, en eigi liggur fyrir skriflegur samningur um þessi afnot hans.

Loks er rétt að geta þess hér, að hinn 11. nóvember 1957 veðsetur „skólanefnd héraðsskólans, Varmahlíð" Sparisjóði Sauðárkróks jörðina Varmahlíð til tryggingar kr. 200.000.00 láni. Er sú veðsetning afhent til þinglýsingar sama dag.

VI.

Þá þykir rétt að rekja hér sérstaklega viðbrögð stefnanda við umsýslu og athöfnum þeirra aðilja, sem fengu umráð Varmahlíðar, eftir að hann afsalaði jörðinni 9. janúar 1940, og er þá farið eftir sögusögn hans og skjallegum gögnum málsins, að svo miklu leyti sem þau eru fyrir hendi.

Stefnandi kveðst þrátt fyrir ofangreint afsal, sem hann hafi verið þvingaður til að láta í té, stöðugt hafa verið þeirrar skoðunar, að hann ætti rétt og kröfu til þess að fá jörð sína, Varmahlíð, aftur til eignar og umráða, ef hún yrði eigi tekin til þeirra nota, sem eignarnámsheimild laga nr. 29/1939 gerði ráð fyrir, þ. e. undir héraðsskóla. Hafi hann því haft vakandi auga með því, hvað framkvæmdum liði og hversu skólamálinu miðaði áfram, og ávallt frá upphafi verið ákveðinn í því að halda fram mögulegum rétti sínum til þess að fá jörðina aftur. Þess vegna

hafi hann t. d. þegar hinn 11. maí 1942, er hann fékk vitneskju um áðurnefnt afsal ríkissjóðs til Varmahlíðarfélagsins frá 7. nóvember 1941, lýst því yfir við sýslumann Skagfirðinga, að hann teldi þá eignaryfirfærslu óréttmæta og að hann mundi krefjast riftunar á afsali sínu frá 9. janúar 1940 og skaðabóta, jafnskjótt og séð væri, að héraðsskóli yrði eigi reistur í Varmahlíð. Þá segist stefnandi og hafa hreyft þessu máli við Vilhjálm Þór í ráðherratíð hans, líklega árið 1943, og beðið hann að taka málið upp í ríkisstjórninni, þ. e. að hann fengi Varmahlíð aftur. Síðan kveðst stefnandi af og til allt fram á árið 1956 hafa borið fram mótmæli við sýslumann Skagfirðinga út af misnotkun jarðarinnar og spurzt fyrir um það hjá honum, hvort eigi væri kominn tími til þess að krefjast riftunar og skaðabóta, en sýslumaður svaraði því einu til, að enn væri eigi útséð um það, hvort skólinn yrði reistur, og að eigi skipti máli fyrir hann, hvort hann hæfist handa strax eða síðar. Eigi liggur þó fyrir skýrsla sýslumanns um þessi viðtöl, og stefnandi hefur eigi tilgreint stund eða stað, að fráskildum 11. maí 1942, og ekki kemur fram, að stefnandi hafi nokkurn tíma fylgt þessum munnlegu kvörtunum eftir með skjallegri staðfestingu á þeim. Þá segist stefnandi einnig á árinu 1946 hafa beðið hæstaréttarlögmann í Reykjavík að höfða riftunarmál, en hann ekki talið það tímabært þá, eins og á stóð. Loks kveðst stefnandi öll árin 1942 til 1956 margoft hafa munnlega mótmælt notkun jarðarinnar Varmahlíðar við framámenn Varmahlíðarfélagsins og héraðsskólamálsins, en jafnan fengið þau svör, að þetta kæmi honum ekkert við. Hann hefði selt jörðina af fúsum vilja og skólinn yrði reistur.

Af hálfu stefndu er því algerlega mótmælt, að stefnandi hafi nokkru sinni á framannefndu tímabili hreyft kvörtunum um það, að hann væri óánægður með söluna á Varmahlíð eða að hann mundi gera kröfu til þess að fá jörðina aftur fyrr en hinn 13. júlí 1957, en þann dag ritar stefnandi menntamálaráðherra bréf og krefst þess, að jörðin Varmahlíð ásamt öllum gögnum og gæðum verði viðurkennd réttmæt eign hans, þar sem hún sé og hafi verið nytjuð á allt annan hátt en eignarnámslögin nr. 29 frá 1939 hafi gert ráð fyrir og heimili. Mun tilefni þessa bréfs vera samþykkt aukasýslufundarins í nóvember 1956, sem áður er getið. Menntamálaráðuneytið vísaði kröfu þessari á bug með bréfi, dags. 27. maí 1958, og höfðaði stefnandi þá mál þetta, svo sem áður er greint.

VII.

Hér að framan hefur verið lýst aðdraganda málsins og þeim atvikum, sem til álita koma við úrlausn þess, svo og afstöðu stefnanda samkvæmt skýrslu hans og athöfnum hans í þá átt að varðveita þann rétt, sem hann telur sig eiga til jarðarinnar Varmahlíðar. Er þá næst fyrir hendi að gera grein fyrir þeim rökum, sem hann byggir þær kröfur sínar á, sem um er fjallað í þessum þætti málsins.

Í fyrsta lagi er því haldið fram af hans hálfu, að eigi hafi að stjórnskipunarlögum verið skilyrði til þess, að margnefnd eign hans yrði tekin eignarnámi, þar sem eigi hafi verið um almenningsþörf að ræða. Land það, sem völ hafi verið á til skólaseturs, þ. e. Reykjarhólsgarður, þegar jörðin Varmahlíð var lögtekin sem skólasetur árið 1937 og þegar eignarnámið var samþykkt á Alþingi 1939, hafi í alla staði verið fullnægjandi fyrir skólasetur og þær byggingar, sem af því hlaut að leiða, og í því landi hafi einmitt verið allur sá jarðhiti, sem þá var vitað um á þessum slóðum. Hafi það því verið fjarri öllu lagi að taka alla jörð sína, jafnvel þótt athugun hefði leitt í ljós, að nauðsynlegt væri að taka einhvern hluta hennar, því óheimilt sé að taka eignarnámi meira en brýnasta nauðsyn krefur. Beri af þessum sökum að meta lög nr. 29/1939 ógild, en það sé einmitt á valdi dómstóla að meta það, hvort almenningsþörf sé fyrir hendi, þegar um eignarnám sé að ræða.

Þá færir hann í öðru lagi fram þau rök fyrir máli sínu, að eignarnámslögin nr. 29/1939 hafi orðið til þess, að hann hafi neyðzt til þess að afsala eign sinni, Varmahlíð, í janúar 1940, er eignarnámssverðið hafi hangið yfir höfði sér. Hann hafi undirritað afsalið nauðugur og þvingaður af fortölum og ótta um það, að hann mundi bera enn skarðari hlut frá borði, ef jörðin yrði metin. Hafi hér í reynd alls ekki verið um frjálsa sölu að ræða af hans hendi og eigi annað falizt í afsalinu en ákvörðun um það, hvaða verði hann yrði að hlíta. Geti því eigi skipt máli, þótt það hafi verið látið undir höfuð leggjast að geta þess í afsalinu, að afhending jarðarinnar væri því skilyrði bundin af hans hálfu, að héraðsskóli yrði reistur á eigninni, en það hafi verið alveg fortakslaus forsenda af hans hendi. Bendir stefnandi í þessu sambandi á það, að talið hafi verið óþarft að fylgja ákvæðum laga um forkaupsrétt að jörðum, þar sem hér væri um að ræða eignaryfirfærslu samkvæmt eignar-

námsheimild. Þá hefur því og verið haldið fram af hálfu stefnanda, að hugarástand hans hafi verið þannig við samningsgerðina eftir það allt, sem á undan var gengið, að samningur sá um kaupverðið, sem í afsalinu felist, hljóti að vera ógildur vegna ákvæða 7. gr. laga nr. 73/1933, enda hafi afsalið verið samið af umboðsmanni ríkissjóðs og stefnandi ekki fengið að koma að neinum athugasemdum. Sé af þessu öllu ljóst, að atvik og aðdragandi að samningsgerðinni hafi verið með þeim hætti, að varða eigi ógildingu afsals þess, er hann undirritaði umræddan dag.

Í þriðja lagi heldur stefnandi því fram, að enda þótt að eigi yrðu talin skilyrði til þess að rifta afsalinu fyrir Varmahlíð af þeim ástæðum, sem nú hefur verið getið, þá hafi atburðarás næstu ára orðið sú, að brostið hafi allar þær forsendur, sem byggt hafi verið á, bæði í eignarnámslögunum og við afhendingu hans á jörðinni í hendur ríkissjóðs. Reyndin hafi orðið sú, að héraðsskóli hafi ekki enn verið reistur í Varmahlíð, og með framangreindri ályktun sýslufundar Skagafjarðarsýslu 1956 hafi það mál endanlega verið lagt á hilluna. Það hafi líka lengst af verið svo, að sú litla viðleitni, sem sýnd hafi verið í þá átt að byggja skóla þar, hafi mótazt af ótta við aðgerðir af hans hálfu, því venjulega hafi það verið svo, að einhverjar sýndarathafnir hafi verið framkvæmdar, þegar hann hafi borið fram mótmæli og gert sig líklegan til þess að ganga eftir rétti sínum. Svo hafi farið, þegar hann árið 1942 hafi mótmælt afsali ríkissjóðs til Varmahlíðarfélagsins, og af sömu rótum sé t. d. runnið unglingaskólahald í Varmahlíð 1944 til 1946. Stefnandi kveðst þó í lengstu lög hafa skirrzt við að efna til málssóknar og leita réttar síns með þeim hætti, en hann hafi þrátt fyrir það á engan hátt fyrirgert rétti sínum og haldið honum fram við rétta aðilja, og er skýrslum stefnanda um það lýst í VI hér að framan. Hins vegar hafi hann ekki beðið boðanna lengur, er sýslunefndin tók endanlega afstöðu til skólamálsins 1956 og ótvírætt var orðið, að skólinn yrði ekki byggður og að Varmahlíð mundi eigi tekin til þeirrar notkunar, sem eignarnámsheimildin byggðist á. Neitar hann því eindregið, að hann hafi á nokkurn hátt fyrirgert rétti sínum til að fá aftur margnefnda jörð, þótt hann hafi eigi hafizt handa um málssókn, fyrr en hann gerði.

Stefndu hafa eindregið mótmælt kröfum stefnanda og framangreindum rökstuðningi hans. Kveða þeir, að full þörf hafi verið fyrir Varmahlíð sem skólastað í Skagafirði á þeim tíma, er lög

nr. 29/1939 voru sett, enda hafi þar af mörgum ástæðum verið bezti staðurinn fyrir héraðsskóla. Alþingi hafi með nefndum lögum fallizt á og metið, að um almenningsþörf væri að ræða. Og þar sem það atriði sé háð mati löggjafans, verði stjórnskipulegt gildi laganna hvorki vefengt né þau felld úr gildi af dómstólum. Þetta skipti þó eigi máli í þessu sambandi, þar sem eignarnám hafi eigi farið fram og verið óþarft, því stefnandi hafi selt ríkissjóði jörð sína Varmahlíð frjálsri sölu með afsalinu 9. janúar 1940. Hann hafi sjálfur og af frjálsum vilja tekið þann kost að semja um sölu á jörðinni í stað þess að láta meta hana til verðs samkvæmt ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms, og hafi sú ákvörðun stefnanda ugglaust verið byggð á því, að hann hafi talið sig fá hærra verð með því móti. Hins vegar hafi hann ekki átt neitt á hættu, þótt mat færi fram, og sá kostur við höndina að skjóta undirmati til sérstaks yfirmats, ef hann hefði talið sinn hlut fyrir borð borinn við undirmatið.

Þá mótmæla stefndu því alfarið, að umboðsmaður ríkissjóðs hafi beitt stefnanda nokkurri þvingun við samningsgerðina 9. janúar 1940, og komi því ekki til álita, að um nokkrar þær ástæður sé að ræða, er varða eigi ógildingu afsals stefnanda fyrir Varmahlíð, hvorki vegna beinnar né óbeinnar nauðungar fyrr né síðar. Eigi hafi heldur á nokkurn hátt verið beitt óleyfilegum fortölum né brotið gegn ákvæðum 3. kafla laga nr. 7/1936 eða ákvæðum laga nr. 73/1933. Þá halda stefndu því fram, að það sé fjarri öllu lagi að bera fram slíkar mótbárur, fullum 17 árum eftir að afsalsgerningurinn var gerður, og er því algerlega mótmælt af stefndu, að stefnandi hafi nokkurn tíma fyrr en í bréfi sínu til menntamálaráðherra 13. júlí 1957 hreyft því, að hann hefði verið beittur þvingun til að selja Varmahlíð eða að hann væri óánægður með það verð, er hann fékk fyrir jörðina.

Á sama hátt er því andmælt af hálfu stefndu, að sala ríkissjóðs til Varmahlíðarfélagsins 7. nóvember 1941 og meðferð og notkun nefnds félags á Varmahlíð hafi verið með þeim hætti, að stefnandi geti reist ógildingu afsals síns og endurheimt jarðarinnar á þeim forsendum. Varmahlíðarfélagið hafi fengið jörðina með því skilyrði, að þar yrði reistur skóli, og að því marki hafi félagið beint starfsemi sinni. Þar hafi verið unnið að undirbúningi héraðsskólabyggingar og þar hafi verið haldinn skóli. Hins vegar hafi orðið allmikil breyting á viðhorfum til héraðsskólahalds almennt með fræðslulöggjöf þeirri, sem sett var árið 1946, og þeim breytingum, sem þá voru gerðar á skólakerfi

landsins. Hafi héraðsskólamálið tafizt af þeim sökum, en það sé enn vilji héraðsbúa að reisa skóla í Varmahlíð og að því unnið, svo sem fram komi af tillögu að skipulagsskrá, sem samþykkt hafi verið á sýslufundi Skagafjarðarsýslu árið 1958, en samkvæmt henni sé gert ráð fyrir, að Varmahlíð falli til sjálfseignarstofnunar, sem m. a. hafi það á stefnuskrá sinni að reisa héraðsskóla, barnaskóla og félagsheimili í Varmahlíð, samfara annarri menningarstarfsemi þar og veitinga- og gistihúsarekstri. Það sé því síður en svo, að Varmahlíðarfélagið, skólanefnd héraðsskólans eða sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hafi nokkuð af sér brotið gagnvart stefnanda, jafnvel þótt svo yrði litið á, að það hefði verið forsenda fyrir afsalsgerningi hans hinn 9. janúar 1940, að héraðsskóli yrði reistur í Varmahlíð. Athafnaleysi eða frávarf í þeim efnum gæti í hæsta lagi leitt til þess, að ríkissjóður geti rift sölunni á Varmahlíð til Varmahlíðarfélagsins, en gefi stefnanda hins vegar engan rétt, enda hefði hann einnig að þessu leyti fyrirgert öllum þeim rétti, sem hann kynni að hafa haft til mótmæla eða mögulegrar riftunar, með aðgerðarleysi sínu öll þessi ár, svo sem fram komi af gögnum málsins.

VIII.

Með samþykkt laga nr. 29/1939 heimilaði Alþingi, að jörðin Varmahlíð yrði tekin eignarnámi til þess að reisa þar héraðsskóla, og kvað þannig á um, að almenningsþörf væri fyrir því að fá þenna stað til umræddra nota. Þessu mati löggjafans verða dómstólar að hlíta, og verður stjórnskipulegu gildi nefndra laga þegar af þeirri ástæðu ekki haggað.

Koma þá til álita þær staðhæfingar stefnanda, að atvik og aðdragandi að samningsgerðinni 9. janúar 1940 hafi verið með þeim hætti, að honum sé heimil riftun á afsali því, er hann undirritaði nefndan dag fyrir jörðinni Varmahlíð, og að hann geti heimt hana sér til eignar á nýjan leik.

Af gögnum málsins um aðdraganda að setningu laga nr. 29/1939 og viðbrögð stefnanda við samningaumleitunum þeim, er áttu sér stað um kaup á oftnefndri jörð, eftir að eignarnámsheimildin var samþykkt, þykir nægilega í ljós leitt, að stefnanda hafi verið það alveg þvert um geð að láta Varmahlíð með öllu af hendi og þá aðstöðu, sem hann hafði þar til að hagnýta sér jarðhita til ræktunar, þótt hann virðist hins vegar hafa verið tilleiðanlegur til samkomulags að afhenda hluta af jörð-

inni undir héraðsskóla. Verður dómurinn að líta svo á, að með afsalinu 9. janúar 1940 hafi stefnandi aðeins samið um það, hvaða verð hann ætti að fá fyrir eignina, en afsalið að öðru leyti ákvarðazt af lögbundinni ákvörðun ríkisvaldsins um að taka eignarráðin úr höndum hans. Verður því eigi talið, að stefnandi hafi með afsali þessu firrt sig rétti til þess að bera fram kröfur um það að fá jörðina aftur til eignar, ef talið yrði, að meðferð hennar og notkun væri svo andstæð þeim tilgangi, sem eignarnámsheimildin byggðist á, að hann af þeim sökum ætti lögvarinn rétt til þess að fá jörðina aftur til eignar. Skiptir því eigi máli, þótt fyrirvari þess efnis væri eigi ritaður í afsalið. Hins vegar verður eigi talið, að komið hafi fram í máli þessu sannanir fyrir því, að stefnandi hafi við samningsgerðina verið beittur nokkurri þess konar þvingun, nauðung eða fortölum, að valdið geti ógildingu þessa samnings, sem fólst í afsalinu frá 9. janúar 1940. Er fráleitt, þegar litið er til menntunar og þjóðfélagsstöðu stefnanda, að umrædd samningsgerð verði á nokkurn hátt heimfærð undir ákvæði 7. gr. laga nr. 73/1933, og ekki hafa komið fram nein gögn, sem bendi til þess, að ákvæði 3. kafla laga nr. 7/1936 geti átt við um lögskipti aðilja, að því er varðar oftnefnda jörð. Þá hefur ekki heldur verið sýnt fram á, að umsamið kaupverð hafi verið ósanngjarnt, og þar átti stefnandi valið, hvort hann vildi semja eða hlíta mati, og honum átti að vera ljóst, að hann gat skotið undirmati til yfirmats, ef hann kaus þá leið, jafnvel þótt hann óttaðist, að undirmatið mundi verða framkvæmt við óhagstæð skilyrði og hlutur hans þar borinn fyrir borð, en engar líkur hafa verið færðar fyrir því, að hinir dómkvöddu matsmenn, sem höfðu verið útnefndir, mundu í nokkru bregðast skyldu sinni.

Þá kemur til athugunar sú málsástæða stefnanda, að atburðarásin, eftir að hann lét Varmahlíð af hendi, hafi orðið sú, að brostið hafi þær forsendur, sem eignarnámsheimildin og eignayfirfærslan byggðust á.

Eigi verður talið, að stefnandi geti, eins og á stóð, byggt neinn rétt á því, þótt Varmahlíðarfélagið fengi eignarráð yfir Varmahlíð 1941. Skipti ekki máli fyrir hann, hvort það var ríkissjóður eða Varmahlíðarfélagið, sem taldist eiga jörðina, því bæði var það, að jörðin stóð áfram til þeirra nota, sem eignarnámsheimildin gerði ráð fyrir, og svo var það einmitt nefnt félag, sem beitti sér fyrir því, að héraðsskóli yrði reistur. Þá er og á það

að líta, að enda þótt stefnanda væri kunnugt um þessa eignayfirfærslu eigi síðar en 11. maí 1942, lét hann þá undir höfuð leggjast að gera nokkrar virkar ráðstafanir til að brigða hana, þar til hann höfðaði mál þetta fullum 17 árum síðar.

Því er þegar lýst, að lögmæt heimild til eignarnáms hafi verið fyrir hendi, þegar ríkissjóður fékk afsal fyrir Varmahlíð árið 1940. Það kemur einnig fram af atriðum þeim, sem rakin eru í IV. kafla dóms þessa, að þeir aðiljar, sem fóru með yfirráð jarðarinnar og héraðsskólamálsins, höfðu á þeim tíma fullan hug á því að koma skólamálinu í höfn og að unnið var að framgangi þess fyrstu árin, þótt hægt miðaði. Verður þannig eigi annað séð en að eignarnámslögin, afsalið fyrir jörðinni og eftirfarandi framkvæmdir hafi í reynd verið raunhæfir áfangar að því marki, sem að var stefnt með samþykkt eignarnámsheimildarinnar. Og þótt síðar komi ládeyða um nokkurra ára skeið og héraðsskólamálið virtist úr sögunni með samþykkt sýslunefndar Skagafjarðarsýslu í nóvember 1956, þá hefur jörðin Varmahlíð eigi enn verið tekin til slíkra afnota, að ósamrímanlegt sé byggingu skólaseturs þar, enda hefur skólamálið nú verið tekið upp aftur í sýslunefndinni og þar samþykkt tillaga að skipulagsskrá, sem gerir ráð fyrir Varmahlíð sem skóla- og menningarsetri héraðsins. Þegar þessi atriði eru höfð í huga annars vegar, en hins vegar litið til þess, að stefnandi hefur eigi öll þessi ár, svo sannað sé, gert neinar raunhæfar eða virkar ráðstafanir til þess að halda fram til laga þeim rétti, sem hann taldi sér, þá verður ekki talið, að hann geti nú fengið rift þeim löggerningum, sem hann gerir kröfu til í máli þessu og gerðir hafa verið, varðandi Varmahlíð.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í þessum hluta málsins, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Laun talsmanns stefnanda, er þykja hæfilega ákveðin kr. 18.000.00, greiðist úr ríkissjóði og einnig laun talsmanns stefndu, sýslusjóðs Skagafjarðarsýslu, Varmahlíðarfélagsins og skólanefndar héraðsskóla Skagfirðinga, er ákveðast kr. 9.000.00.

Hákon Guðmundsson kvað upp dóm þenna sem setudómari samkvæmt umboðsskjali, dagsettu 12. janúar f. á., en hinn reglulegi dómari, Jóhann Salberg Guðmundsson, sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, hafði með úrskurði, uppkveðnum 16. desember 1958, vikið sæti í málinu.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra og menntamálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sýslumaður Skagafjarðarsýslu vegna sýslusjóðs, Gunnar Gíslason vegna Varmahlíðarfélagsins og Halldór Benediktsson, Sigurður Sigurðsson, Jón Jónsson, Bessi Gíslason og Gunnar Gíslason f. h. skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Vigfúsar Helgasonar, í þessum hluta málsins.

Málskostnaður fellur niður.

Málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefnanda, héraðsdómslögmanns Þorvalds Ara Arasonar, kr. 18.000.00, og málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefndu, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 9.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1965.

Nr. 34/1965. **Helgi Hóseasson**
gegn
Biskupi Íslands.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómhæfi. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Sóknaraðili hefur með kæru, dags. 28. desember 1964 og hingað kominni 13. þ. m., skotið til Hæstaréttar frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1964. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur.

Lög og landsréttur taka ekki til sakarefnis þess, sem hér liggur fyrir. Ber því með skírskotun til 66. gr. laga nr. 85/1936 að staðfesta héraðsdóminn.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Helgi Hóseasson trésmíðameistari, Skipasundi 48, Reykjavík, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, höfðað fyrir bæjarþinginu gegn biskupnum yfir Íslandi, herra Sigurbirni Einarssyni, Tómasarhaga 15, Reykjavík.

Stefnandi gerir þessar dómkröfur í málinu: „að herra biskupinn hlutist til um, svo fljótt sem kostur er á, að sáttmála þeim, er gerður var við skírn mína og fermingu, verði rift, þannig að ljóst sé, að um fullkomna afturköllun sé að ræða á því heiti, sem ég var á sínum tíma látinn vinna við skírn mína og síðar fermingu, og um grun sé gert, að nafn mitt sé ekki tengt Jehóva lengur.

Þar sem ég tel mig skipta þetta miklu máli, en mér hefur verið synjað um alla leiðréttingu, þetta varðandi, tel ég mig tilneyddan að fara þessa leið til að ná þeim rétti, sem ég tel mig ótvírætt eiga samkvæmt stjórnarskrá vorri.

Þá geri ég kröfu um málskostnað að skaðlausu."

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing í máli þessu.

Sakarefni þetta er þess eðlis, að það heyrir ekki undir lögsögu dómstóla. Ber því að vísa máli þessu frá dómi ex officio samkvæmt 66. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Eigi þykja efni til, eins og máli þessu er háttað, að dæma málskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Mánudaginn 1. marz 1965.

Nr. 160/1964. **Halldór Guðlaugsson**
(Einar Gunnar Einarsson hdl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
og gagnsök (Björn Hermannsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótakrafa vegna gæzluvarðhalds og geðrannsóknar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. október 1964, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. október s. á. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 563.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. desember 1960 til greiðsludags og málskostnað hér fyrir dómi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 13. október 1964. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar stefnukröfunnar, og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Með bréfi, dags. 30. ágúst 1961, til sýslumannsins í Árnessýslu tilkynnti saksóknari ríkisins, að af hálfu ákæruvalds væru eigi fyrirskipaðar frekari aðgerðir vegna sakadómsrannsóknar þeirrar, sem fram fór í tilefni af kæru Barnaverndarráðs Íslands á hendur aðaláfrýjanda og rakin er í héraðsdómi. Bæjarþingsstefna í máli því, sem hér er til úrlausnar, var gefin út 9. janúar 1962 og birt 11. s. m.

Allmörg ný gögn hafa verið lögð fram í máli þessu hér fyrir dómi.

Með skírskotun til málavaxta, eins og þeir eru raktir í héraðsdómi, þykir bæði samkvæmt almennum lagareglum svo og samkvæmt 2. tl. 150. gr. og 2. tl. 151. gr. laga nr.

82/1961 bresta skilyrði til þess að dæma aðaláfrýjanda bætur fyrir gæzluvarðhaldsvist hans og geðheilbrigðisrannsókn þá, sem hann varð að þola. Ber því að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en greiða ber úr ríkissjóði málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast kr. 23.000.00, og málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, Einars Gunnars Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 23.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Halldórs Guðlaugssonar, í máli þessu.

Hvor aðilja ber sinn kostnað af sökinni bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 23.000.00, og málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, Einars Gunnars Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 23.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. júní 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Halldór Guðlaugsson, bóndi að Öndverðarnesi, Grímsnesi í Árnessýslu, að fengnu gjafsóknarleyfi Dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 23. október 1961, með stefnu, útgefinni 9. janúar 1962, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 610.000.00, ásamt 10% ársvöxtum frá 15. desember 1960 til 29. desember s. á. og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Jafnframt var saksóknara ríkisins f. h. ríkisvaldsins og sýslumanninum í Árnessýslu stefnt til réttargæzlu. Engar sjálfstæð-

ar kröfur hafa verið gerðar á hendur þeim aðiljum, og þeir hafa engar kröfur gert í málinu.

Við hinn munnlega flutning málsins lækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 563.000.00 og krafðist 7% ársvaxta af fjárhæðinni. Að öðru leyti hélt hann við gerðar kröfur í stefnu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans, en *til vara* verulegrar lækkunar þeirra og að málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Atvik málsins eru þessi:

Með bréfi til Barnaverndarráðs Íslands, dags. 13. desember 1960, óskaði Guðbjörn Guðmundsson, til heimilis í Reykjavík, bróðir eiginkonu stefnanda, þess, að barnaverndarráðið léti til sín taka heimili stefnanda að Öndverðarnesi vegna framkomu og samskipta stefnanda við börn sín, sem bréfritarinn taldi eftir upplýsingum frá skyldum og vandalausum, að við svo búið mætti ekki lengur standa. Var þess og getið í bréfinu, að eiginkona stefnanda hafi tekið það ráð að senda son hjónanna, A, til Reykjavíkur vegna þeirra annmarka, sem á sambúð feðganna væri. Barnaverndarráðið hélt fund af þessu tilefni hinn 14. desember og boðaði til sín drenginn A, þá 12 ára að aldri. Samkvæmt bókun barnaverndarráðs kvað drengurinn föður sinn oft hafa barið sig ógætilega, þá nýlega fleygt sér niður og sparkað í sig. Systur sína, B, hafi stefnandi barið ógætilega fyrir ca. 3 árum, traðkað á höfði hennar og síðan barið hana með vatnsrörum í fæturna. Drengurinn kvað föður sinn vera mjög vondan við eldri börn sín, vera skömmóttan og erfiðan á heimili, en þó góðan á milli. Barnaverndarráðið samþykkti að láta málið til sín taka og fara austur þangað við fyrsta tækifæri. Daginn eftir fóru 3 ráðsmenn austur í Grímsnes. Fóru þeir fyrst til Guðmundar Guðmundssonar, formanns skólanefndar staðarins, og með honum svo og skólastjóra barnaskólans að Öndverðarnesi. Áttu þeir tal við eiginkonu stefnanda, X, sem kvað skapofsa stefnanda við börnin (þau eldri) vera yfirgengilegan. Hafi stefnandi misþyrmt þeim hvað eftir annað, og kvaðst hún vera hætt að hafa tölu á þeim tilfellum. Hann hafi hent þeim niður, tekið þau kverkataki, sparkað í þau, hvar sem var, svo sem höfuð, barið þau með spýtum og öðrum bareflum, svo að á þeim hafi séð meira og minna. Kvaðst hún vera hrædd og ekki þora að taka neina ábyrgð á því, sem fyrir kynni að koma. Kvaðst hún vera fullráðin í því að skilja við stefnanda. Ráðsmenn töluðu

við tvær dætur hjónanna, C, 18 ára, og D, 14 ára, og er bókað, að framburður þeirra sé mjög á sama veg og móður þeirra. Þá er þess getið í bókun barnaverndarráðs, að einnig hafi lítillega verið talað við stefnanda. Að svo búnu fóru barnaverndarráðsmenn að Selfossi og ræddu við sýslumann. Óskuðu þeir þess við hann, að hann úrskurðaði, að stefnandi væri tekinn af heimilinu og færður í gæzlu og síðan komið til geðrannsóknar. Varð sýslumaður við þessum óskum, fór að Öndverðarnesi og lét flytja stefnanda að Litla-Hrauni án hans samþykkis.

Daginn eftir, hinn 16. desember 1960, setti fulltrúi sýslumanns sakadóm Árnessýslu að Öndverðarnesi. Komu þar fyrir dóm eiginkona stefnanda, dætur hans tvær, C og D, og Guðmundur Guðmundsson.

Eiginkonan X kvað á því hafa farið að bera, eftir að börnin hafi farið að stækka, að stefnandi léki þau illa, er honum hafi sinnazt við þau, sem oftast hafi verið af litlu eða engu tilefni. Hafi hann um nokkurt skeið misþyrmt eldri börnunum, þannig að á þeim hafi séð, og beri þau ör eftir. Elztu dótturina, C, hafi stefnandi rekið að heiman, er hún var 15 ára. Kvaðst konan hafa séð stefnanda snúa hana niður á hárinu, og einu sinni hafi hann lúbarið hana í fjósinu með hafti, þannig að á henni hafi séð. Stefnandi hafi þó verið öllu verri við næstelztu dótturina, B, og hafi hún farið af heimilinu þá um haustið. Hafi stefnandi oft barið hana, og kvaðst hún hafa horft á hann berja hana með járnröri. Í eitt skipti hafi B komið frá fjárhúsum með föður sínum og verið illa út leikin í andliti. Hafi telpan kveðið kind hafa stokkið á sig, en seinna kvaðst konan hafa frétt, að stefnandi hafi slegið hana með spýtu, er honum hafi sinnazt við hana. Konan kvað telpuna B hafa ætlað að strjúka að heiman þá um haustið, en hún hafi fengið hana ofan af því. Telpan hafi skrifað stefnanda bréf, er hún hugðist skilja eftir, og kvaðst konan hafa lesið það. Þar hafi telpan tjáð stefnanda, að hún gæti ekki hugsað sér að vera lengur hjá honum. Kvaðst hún vera hrædd við hann og óttaðist, að hann myndi drepa hana fyrr eða síðar. Þá kvað konan stefnanda eitt sinn hafa hrint telpunni B á gaddavírsgirðingu, þannig að hún hafi rifið sig mikið á fótunum. Sé hún með þrjú löng ör eftir það. Þá kvað konan stefnanda hafa verið afleitan við soninn A og oft misþyrmt honum. Þá skömmu áður hafi hún heyrt hávaða úti fyrir, og er hún hafi að gætt, hafi hún séð, að stefnandi hafi verið búinn að skella drengnum niður, og hafi hann gengið ofan

á honum og sparkað í hann. Er drengurinn hafi í bræði sinni rokið í stefnanda, hafi stefnandi slegið drenginn niður. Er konan hafi skorizt í leikinn, hafi stefnandi farið inn í bæ, þar sem hann hafi gripið til dóttur sinnar, E, og fleygt henni langt fram á gólf. Kvað konan börnin í óteljandi skipti hafa komið inn með blóðnasir eftir stefnanda, þó þau hafi ekki frá því sagt, hver valdur væri að. Konan kvaðst hafa komið drengnum A fyrir í Reykjavík eftir síðustu sennu þeirra feðga, þar eð hún taldi ekki hægt að hafa hann heima. Hafi drengurinn verið farinn að bila á taugum, eins og reyndar öll eldri börnin, þar sem þau væru öll hrædd við stefnanda og erfitt að sjá fyrir, hverju hann tæki upp á, þegar hann reiddist. Kvað konan skapofsa stefnanda einnig oft koma fram gagnvart skepnum, og fari hann þá mjög fantalega að þeim. Hafi hann til dæmis barið kýrnar með spýtum, þar til þær hafi fallið um. Þá um veturinn hafi stefnandi oft, er honum sinnaðist við nautgripina í fjósinu, snúið upp á hálsinn á þeim, þar til granirnar vísuðu beint upp, og síðan bitið í granirnar af öllu afli. Kvað konan börnin hafa sagt sér þetta, en sjálf hafi hún séð bitsárin á gripunum.

Dóttirin C, þá 18 ára, kvaðst minnast þess, að í þrjú skipti hefði stefnandi tekið harkalega í hana, í eitt skipti barið hana með hafti, í annað skipti snúið hana niður á hárinu og í þriðja skiptið hefði hann barið öll börnin og móðurina, er hann hafi orðið óður af bræði. Hún kvaðst þó í það skipti hafa verið svo hrædd, að hún hafi lítið fundið fyrir meiðslunum. C kvaðst hafa farið að heiman, er hún var 15 ára. Hafi stefnandi þá rekið hana að heiman. Honum hafi sinnazt við hana út af smáatviki í fjósinu. Hún hafi þó komið heim aftur og verið smátíma annað slagið. Hún kvaðst hafa verið áhorfandi, er stefnandi hafi misþyrmt A þá skömmu áður. Hafi hún séð það út um eldhúsgluggann. Stefnandi hafi margsinnis slegið drenginn niður og traðkað á honum. Þá hafi stefnandi tekið fyrir kverkar honum og manað hann í sig, en slegið hann jafnharðan niður aftur. Svipaðar aðfarir kvaðst hún oft hafa séð hjá stefnanda við systkinin, einkum B og A, en þau hafi helzt orðið fyrir barðinu á stefnanda. Hún kvaðst trúa stefnanda til alls, þegar hann fái reiðiköstin, og kvaðst telja það heppni, að ekki skuli hafa hlotizt stórslys af. Kvað hún stefnanda hafa hótað sér því að drepa hana. Einnig kvaðst hún hafa heyrt hann hóta A og B því, og systir hennar D hafi sagt hann einnig hafa hótað henni því. C kvað stefnanda oft misþyrma skepnunum og sé óskaplegt að sjá þær aðfarir.

Hann lemji þá gjarna kýr með höftum, keðjum eða áhöldum, skóflum og fleiru. Eitt sinn hafi hann barið hund svo, að hann hafi fallið í dá. Þá hafi hann eitt sinn sparkað svo í júgrið á kú, að hún hafi verið með bólguhnúð í 1 til 2 ár á eftir. Hún kvað stefnanda alltaf vera að rífast og skammast við þau systkinin og kalli þau þá slíkum óþverranöfnum, að ekki sé hægt að hafa þau eftir. Þá kvaðst hún hafa séð til stefnanda daginn áður, er hann hafi tekið skot frammi í herbergi þar, en hann hafi þá verið að fara í fjósið. Ekki kvaðst hún vita, hvað hann hafi með þau ætlað, en gat þess, að stefnandi hafi oft hótað því að fyrirfara sér. Hún kvað stefnanda verða alveg trylltan, er hann fái köstin. Yfirleitt sé hann í slæmu skapi og hafi allt á hornum sér, en þó geti hann verið almennilegur á milli. Sé því líkast, að hann sé tvær persónur.

Dóttirin F, þá 14 ára, kvað stefnanda margsinnis hafa tekið í sig og barið sig þannig, að á sér hafi séð, en ekki kvaðst hún hafa nein ör eftir. Eitt sinn hafi stefnandi slegið hana svo utan undir inni í eldhúsi, að hún hafi verið bólgin í lengri tíma. Hafi hún þá ekki annað gert af sér en kíkja fram úr borðkróknum fram í eldhúsið. Þá um haustið hafi stefnandi barið hana svo utan undir úti við fjósið, að hún hafi fengið fossandi blóðnasir. Hún kvaðst hafa séð, er stefnandi hafi lumbrað á drengnum A þá nokkru áður, en hún hafi verið þar viðstödd. Kvaðst hún hafa margbeðið stefnanda að hætta, en hann hafi hrint henni frá. Kvað hún stefnanda hafa margslegið drenginn niður og tekið fyrir kverkar honum. Tilefnið hafi verið það, að stefnandi hafi sakað drenginn um að hafa sigað hundi á fé, en það hafi verið rangt. Drengurinn, sem hafi verið orðinn leiður á jaginu í stefnanda, hafi undir það tekið að hafa sigað á féð, og hafi stefnandi þá tryllzt. Eitt sinn hafi stefnandi kastað stærðarrauðamölshnullungi í átt að A. A hafi beygt sig undan steininum, sem hafi flogið inn um glugga. Í annað sinn hafi A misst niður mjölílát í fóðurgangi. Við það hafi kýr, sem stefnandi hafi verið að mjólka, fælzt. Drengurinn hafi beðið stefnanda fyrirgefningar, en hann hafi ekki sinnt því, heldur náð í drenginn, hrint honum og dustað hann til. Eftir þetta atvik hafi A strokið til Hveragerðis. Telpan kvað stefnanda tvívegis hafa hótað að drepa hana, og í annað skiptið hafi hann tekið fyrir kverkar henni, meðan hann hafi haft í heitingum við hana. Hún kvað stefnanda hafa verið verstan við A og B. Hann sé yfirleitt í vondu skapi og ekki góður við þau systkinin, sem séu orðin

þreytt á látunum í stefnanda. Þá kvað telpan stefnanda oft fara illa með skepnurnar, og þurfi ekki annað til en að þær séu eitthvað órólegar. Eitt sinn hafi hann barið eina kúna með keðju, þannig að hún hafi verið öll í sárum.

Guðmundur Guðmundsson kvaðst ekki hafa heyrt neitt um ástandið að Öndverðarnesi fyrr en þá um sumarið, en þá hafi barnaverndarmaður einn í Reykjavík beðið hann að tala við sig, er hann kæmi til Reykjavíkur. Hafi það dregizt fram í október, en þá hafi maður þessi tjáð, að ekki myndi allt í lagi með meðferð á börnunum að Öndverðarnesi. Hafi barnaverndarráðsmaður þessi beðið hann að aðvara stefnanda út af meðferð á börnunum. Guðmundur kvaðst hafa boðað skólanefndarfund þá daginn eftir (17. desember) og ætlað að fá stefnanda þangað til viðtals. Hann kvaðst hafa verið í vafa um, hvernig bezt væri að snúa sér í þessu, hafi verið í aðra röndina hræddur um, að stefnandi léti það bitna á konu og börnum, að máli þessu væri hreyft, en stefnandi sé þekktur að því að vera skapmikill. Að beiðni barnaverndarnefndarmannanna hafi hann farið með þeim að Öndverðarnesi og dvalið þar, meðan þeir fóru að Selfossi. Guðmundur kvaðst hafa séð, er stefnandi hafi daginn áður farið upp á stól og teygt sig eftir einhverju uppi á skáp. Kvaðst hann ekki hafa veitt þessu frekari athygli, en um leið og stefnandi var farinn, hafi eiginkonan sagt honum, að stefnandi hefði tekið skot uppi á skápnum. Hafi hann þá ásamt Böðvari Stefánssyni, skólastjóra barnaskólans, farið á eftir stefnanda, sem þá var búinn að ná í byssu. Er þeir hafi innt stefnanda eftir því, hvað hann ætlaði með byssuna, hafi hann svarað, að hann hyggðist skjóta hund. Eftir nokkrar fortölur hafi stefnandi afhent þeim byssuna. Guðmundur kvað stefnanda, er hann ræddi við hann þá um daginn, hafa í öðru orðinu talað um, að hann væri að vinna verkin þar á staðnum í síðasta skipti, en í hinu orðinu hafi hann talað um framtíðaráætlanir á jörðinni. Hafi engu líkara verið en að þar væri um tvær persónur að ræða.

Að þessum yfirheyrslum loknum, var stefnandi úrskurðaður til að sæta varðhaldi í 90 daga og jafnframt skyldaður til að hlíta geðrannsókn.

Hinn 20. desember 1960 var stefnandi yfirheyrður. Hann kannaðist ekki við að hafa misþyrmt börnum sínum, eftir því sem hann lagði skilning í það orð. Hins vegar kvaðst hann hafa hrist þau til, þegar þau hafi svarað skætingi, er þau hafi verið beðin að gera eitthvað. Hann kannaðist heldur ekki við að hafa tekið

þannig í börn sín, að á þeim hafi séð. Sagðist hann ekki hafa gert það viljandi, en í eitt skipti hafi kringumstæður orðið þess valdandi, að stúlka meiddist. Hafi hún þá staðið við gaddavírsflækju, er hann hafi við henni stjakað, svo hún hafi dottið á vírinn og rifið sig á fótunum, en hún hafi verið berfætt. Kvað hann þetta hafa verið óviljaverk. Að því er varðaði ástæðuna til þess, að drengurinn A hafi farið til Reykjavíkur, kvað stefnandi drenginn hafa verið óvenjulegan allt haustið og ekki fengizt til að vinna annað en vera í eldhúsi og hjálpa móður sinni. Einnig hafi drengnum og systur hans F komið illa saman. Stefnandi kannaðist við að hafa sinnazt við drenginn dag nokkurn skömmu áður. Hafi hann beðið drenginn að hjálpa systur sinni við að elta kindur. Drengurinn hafi svarað illu til og sýnt stefnanda mjög mikla óvirðingu. Hafi stefnandi þá tekið hann og hrist hann til, en neitaði að hafa slegið hann. Kvaðst stefnandi þá hafa gefizt upp við að eiga við drenginn til vinnu. Stefnandi taldi börn sín ekki hlýða sér og vinna ekki eins og til er ætlazt. Kvað hann ástandið hafa versnað, þegar elzta dóttirin hafi komið heim þá um haustið. Taldi hann vera samblástur hjá eldri börnunum gegn honum og leti til vinnu. Hann kvaðst hafa sagt elztu dætrunum að fara í burtu, er þær hafi ekki getað sætt sig við að vinna þá vinnu heima, sem þeim hafi verið ætluð. Þær hafi kvartað undan mikilli vinnu og engu kaupi. Kvaðst hann hafa sagt þeim að fara þangað, sem þær fengju vinnu við sitt hæfi.

Í beinu framhaldi af ofangreindu voru teknar skýrslur af drengnum A, dótturinni B og Árna Gunnari Pálssyni.

Drengurinn A kvað stefnanda oft hafa lagt á hann hendur og beitt hann þyngri refsingu heldur en tilefni hafi verið til. Skýrði hann frá því, að stefnandi hafi, er drengurinn var 7 eða 8 ára, slegið hann með spýtu mörg högg, eða þar til spýtan brotnaði. Kvaðst hann enn bera ör eftir þetta á lærinu. Þá lýsti hann atvikum að því, er hann hafi flúið að heiman vorið áður. Hafi hann þá misst fóðurkassa á höfuð kýr þeirrar, sem stefnandi hafi verið að mjólka. Hafi stefnandi þá rokið á hann og barið mörg högg. Kvaðst hann þá hafa farið rakleiðis út úr fjósinu og gengið til Hveragerðis. Þá skýrði A frá því, að hann hafi verið með ör á kinninni. Þá skömmu áður hafi stefnandi slegið hann utan undir, er honum hafi sinnazt við hann fyrir að hafa misst kindur, er hann hafi átt að ná í, og við það hafi þykkildið hlaupið upp. Í þetta sama skipti hafi stefnandi tvívegis kastað

honum niður í götuna og sparkað í hann. Drengurinn skýrði einnig frá því, að stefnandi hefði eitt sinn barið telpuna B með járnröri yfir fæturna, og hafi hún fengið mikið af marblettum á báða fætur, en af því tilefni hafi hún farið að heiman. Þá hafi stefnandi eitt sinn orðið svo reiður við kú, að hann hafi tekið rafmagnskapal og farið að berja kúna. Systurnar C og B hafi verið þar til staðar, og hafi þær farið að hæðast að stefnanda fyrir að sýna lítilmennsku við kúna. Við það hafi stefnandi beint reiði sinni að B, skellt henni niður í fóðurganginn, sparkað í hana og stigið ofan á höfuð hennar.

Telpan B, þá 16 ára, kvaðst hafa farið að heiman um haustið 1959. Hafi tilefnið verið það, að stefnandi hafi slegið hana með járnröri, svo að hún marðist mikið á fótum. Hafi hún þá verið að hjálpa föður sínum við að koma upp girðingu, en óvart rekið rör í hann. Þá skýrði telpan frá því, að stefnandi hefði eitt sinn hrint henni á gaddavírsgirðingu, er honum hafi sinnazt við hana, og hafi hún rifið sig á göddum girðingarinnar svo, að hún beri ör eftir. Einnig lýsti hún því, er stefnandi hafi skellt henni niður í fóðurganginn í fjósinu og þjarmað að henni. Hafi hún þá látið orð falla til stefnanda, er hann hafi misþyrmt kú einni, að menn, sem þannig höguðu sér, ættu ekki að hafa skepnur undir höndum. Hafi stefnandi þá beint reiði sinni til hennar. Eitt sinn hafi stefnandi barið kú svo í júgrið, að hún hafi bólgnað mikið. Annars kvað telpan stefnanda oft hafa verið mjög góðan við kýrnar, og kúnum hafi auðsýnilega þótt vænt um hann. Þá kvað hún stefnanda eitt sinn hafa barið hana í andlitið með hnefanum, en hún kvaðst hafa sagt móður sinni, að kind hafi stokkið á sig. Hún kvaðst oft hafa séð stefnanda misþyrma systkinum hennar, sérstaklega A, oft barið hann og sparkað í hann.

Árni Gunnar Pálsson kvaðst hafa stundað veiði fyrir stefnanda sumurin 1955—1956, 1957 og 1960 og hélt þá til að Öndverðarnesi. Hann kvaðst fljótt hafa veitt því athygli, að stefnandi hafi ekki verið sem skyldi við börnin. Hafi hann verið harkalegur við þau, tekið á þeim og ætlað þeim allt of mikla vinnu. Hann kvaðst hafa séð stefnanda misþyrma börnunum. Í eitt skipti, er telpan F hafi átt að sækja hest og verið með taumbeizli með járnmélum í hendinni, hafi stefnanda eitthvað sinnazt við hana. Kvaðst Árni Gunnar hafa séð, er stefnandi hafi þrifið af telpunni beizlið og reitt það til höggs. Hafi stefn-

andi verið ofsareiður, og kvaðst Árni Gunnar hafa verið sannfærður um, að stefnandi hafi ætlað að keyra beizlið í höfuð telpunni, en hann kvaðst hafa getað hindrað það. Í annað skipti hafi A misst niður lykkjur úr pakka, er hann hafi verið að færa stefnanda hann. Er drengurinn hafi komið til stefnanda, hafi stefnandi þrifið í herðar drengsins og hrist hann svo ofsalega til, að Árna Gunnari hafi virzt sem höfuðið myndi af drengnum. Að því búnu hafi stefnandi kastað drengnum frá sér, og endastakkst hann eftir túninu. Hafi stefnandi síðan tekið hamar og þeytt honum á eftir drengnum. Þessu næst hafi stefnandi tekið telpuna B og meðhöndlað hana á sama hátt og drenginn. Eitt sinn kvaðst Árni hafa heyrt hávaða úti fyrir, en hann hafi þá verið staddur innan dyra. Er hann hafi að gætt, höfðu kýrnar sloppið inn á hlaðið, og stóð stefnandi þá í miðjum hópnum með staur í höndum, sem hann hafi látið ganga á kúnum. Hafi stefnandi verið öskrandi af bræði, og hafi hann verið froðufellandi og augun tryllingsleg, er Árni hafi að honum komið. Kvaðst Árni Gunnar sérstaklega í þetta sinn hafa verið sannfærður um það, að stefnandi væri ekki heill á geðsmunum, og þó reyndar í fleiri skipti. Kvaðst hann mikið hafa umgengizt geðbilaðan mann og viðbrögð stefnanda, er hann reiddist, hafi mikið minnt sig á þann mann. Árni Gunnar kvað börnin hafa farið að bera sig upp við hann vegna meðferðar stefnanda á þeim, og hafi þau sagt mörg dæmi og sýnt ör eftir meiðsli af hans völdum. Hann kvað meðferðina á börnunum hafa verið drepandi, bæði til sálar og líkama; sálarlega fyrir enga föðurlega hlýju og sífelldar skammir og brigslyrði, en líkamlega vegna allt of mikillar vinnu og barsmíða. Árni Gunnar kvaðst hafa tekið mikið út af að horfa á meðferðina á börnunum og kvaðst oft hafa verið kominn á fremsta hlunn með að kæra stefnanda, en aldrei látið af verða.

Stefnandi var í gæzlu að Litla-Hrauni til 12. janúar 1961, en þá var hann fluttur til geðrannsóknar að sjúkrahúsinu Kleppi, þar sem hann dvaldi til 3. marz s. á., og þaðan var hann aftur fluttur í gæzlu að Litla-Hrauni. Hinn 6. marz var tekin skýrsla af stefnanda í sakadómi Árnessýslu. Þar mótmælir hann réttmæti þeirra framburða, sem komið höfðu fram, og kvaðst ýmislegt hafa við þá að athuga. Kvað hann meginefni framburðanna vera rakalausan þvætting, í sumum tilfellum væri ruglað saman atburðum, sem í raun og veru hefðu átt sér stað, ýktir þannig og færðir þannig í búning, að þeir væru lítt þekkjanlegir.

Óskaði stefnandi eftir að fá að gera skriflegar athugasemdir við framburðina.

Að loknu þinghaldi þessu, var stefnandi látinn laus úr varðhaldinu og málið sent til fyrirsagnar í Dómsmálaráðuneytið.

Lá þá fyrir skýrsla Þórðar læknis Möllers um rannsókn á geðheilbrigði stefnanda, dags. 24. marz 1961. Skýrslan byrjar með því að rekja æviferil stefnanda, en síðan lýsir læknirinn þeim prófunum, sem gerðar voru á stefnanda. Í lok skýrslunnar er niðurstaða læknisins, og segir þar svo: „Hér er hvorki um að ræða fávita né geðveikan mann og varla geðveilan (psychopat) í venjulegustu merkingu þess orðs eða á mörkum þess, heldur tilfinningaheitan skapofsamann, sem í gegnum langvinnt basl og erfiðleika, bæði í afkomu og á heimili, er orðinn harðlyndur og óvæginn, svo allt verður undan að láta.

Eftir skýrgreiningu Schneiders á geðveilu (Schneider: Die Psychopathischen Persönlichkeiten, 9. útg., Wien 1950) myndi maður þessi þó að yfirgnæfandi líkum teljast í þeim hópi, en þar segir: Geðveil persónugerð er slík afbrigðileg persónugerð þeirra manna, sem þjáist undan afbrigðileika sínum, eða/og samfélagið líður undan afbrigðileika þeirra.

Nánar tiltekið myndi þetta helzt kallast að þessum skilningi Psychopathia Explosiva, en svo er nefnt það afbrigði, sem hættir til ofsareiði við lítið tilefni, líkt og sprenging væri, og jafnvel áður en þeir hafa að fullu áttað sig á því, sem orsakar sprenginguna“.

Að fyrirlagi Dómsmálaráðuneytisins fór fram læknisskoðun á börnunum A og B. Í vottorði Gríms læknis Jónssonar, dags. 23. júní 1961, er skoðaði drenginn, segir, að „á hægri vanga er herzli í húðinni, 3 cm langt, 1 cm breitt, upphafið u.þ.b. ½ cm frá yfirborði húðarinnar. Það er rauðblátt, og nær litabreytingin dálítið út yfir takmörk þess. Þetta liggur u.þ.b. 2 cm frá munnvikinu og liggur stefna þess þvert á stefnu munnsins. Þetta er áberandi andlitslýti. Utanvert á hægra læri, dálítið skáhallt á stefnu lærleggsins, er ör, 5 cm langt, ½ cm breitt, þar sem það er breiðast.“

Í vottorði Kjartans læknis Magnússonar, dags. 6. júlí 1961, segir um telpuna: „Leiddi skoðun í ljós tvö ör á vinstri fótlegg. Hið stærra er ca. 5 cm langt og liggur utan á fótleggnum, um 5—6 cm ofan við öklaliðinn. Hitt örið, 2½ cm að lengd, er rétt neðan og innan við vinstra hné.“

Dómsrannsóknin var á þessu stigi send saksóknara ríkisins til

fyrirsagnar, en með bréfi, dags. 30. ágúst 1961, tilkynnti saksóknari þá ákvörðun sína, að eigi væru fyrirskipaðar frekari aðgerðir í málinu af ákæruvaldsins hálfu.

Hér fyrir dóm hafa allmörg vitni komið. Verða framburðir þeirra nú raktir, að því leyti sem máli þykir skipta.

Vitnin Gunnlaugur Þórðarson, Símon Jóh. Ágústsson og Gunnar Árnason, þeir þrír barnaverndarráðsmenn, er fóru að Öndverðarnesi, hafa borið, að stefnandi hafi viðurkennt í samtali við þá, að hann gæti ekki stjórnað skapi sínu og að hafa lagt hendur á börn sín. Vitnið Gunnlaugur kvað stefnanda hafa meint, að hann gæti reiðzt svo illa, að hann gæti þá ekki stjórnað gerðum sínum. Gunnlaugur kvað stefnanda ekki hafa viðurkennt að hafa misþyrmt börnunum, en hins vegar að hafa danglað í þau. Kvað Gunnlaugur sér hafa fundizt liggja í þeim orðum, að stefnandi hafi verið of harðleikinn við börnin. Gunnlaugur kvað hringt hafa verið til formanns skólanefndar í Grímsneshreppi, áður en þeir nefndarmenn hafi farið austur, en ekki hafi verið gerðar frekari undirbúningsaðgerðir, vegna þess hve þeir hafi talið málið aðkallandi. Vitnið Símon Jóhannes kvaðst ekki muna, hvaða orðalag stefnandi hafi notað í umræddu samtali, en hann hafi talað um að hafa lagt hendur á börnin, en minnti, að stefnandi hafi frekar talað um það sem föðurlega hirtingu. Símon Jóhannes kvaðst hafa skilið stefnanda svo, að skapstjórn hans væri stundum svo ábótavant, að bæði konu og börnum gæti stafað hætta af.

Árni Gunnar Pálsson kom fyrir dóm. Kvaðst hann ekki hafa ýkt eða missagt neitt í framburði sínum fyrir sakadómi Árnessýslu. Vitnið kvað ástæðuna fyrir því að hafa ekki kært stefnanda hafa verið þá, að hann hafi haft samúð með stefnanda og vonað, að hann myndi bæta ráð sitt. Einnig hafi hann ekki vitað, hvort eiginkona stefnanda hafi viljað, að það yrði gert. Hann kvaðst hafa beðið Gísla Sigurðsson kennara að kæra ekki stefnanda, en Gísli hafi sagzt ætla að gera það, og jafnframt sagt, að framkoma stefnanda við börnin ætti engan sinn líka hér á landi.

Vitnið Guðbjörn Guðmundsson kvaðst hafa verið mjög lítið kunnugur heimilisháttum hjá stefnanda og konu hans og sjaldan komið á heimilið. Hins vegar kvaðst hann hafa heyrt sögur þess efnis, að stefnandi væri vondur við börnin og skepnur, en hann kvaðst ekki hafa tekið mark á þeim sögum, fyrr en móðir hans, sem búsett er í Laugardal, hafi komið til bæjarins og staðfest

þær. Guðbjörn kvaðst hafa skrifað bréfið til barnaverndarráðsins í samráði við fósturföður stefnanda og konu hans í tilefni af bréfi, sem hún hafi fengið frá konu stefnanda.

Vitnin Hörður Guðmundsson og Lilja Guðmundsdóttir, systkini eiginkonu stefnanda, kváðust oft hafa komið á heimili stefnanda. Þau kváðust aldrei hafa séð stefnanda veita börnunum líkamlega hirtingu, en hann hafi verið orðljótur og skömmóttur við þau. Þau kváðu börnin hafa sagt þeim, að stefnandi væri vondur við þau. Vitnið Lilja kvaðst eitt sinn hafa séð stefnanda kasta steini að drengnum A, er honum hafi mislíkað við hann, en steinninn hafi þó ekki hæft drenginn.

Vitnið Gunnar Haraldsson kvaðst hafa verið vinnumaður hjá stefnanda einn mánuð sumar nokkurt, og eftir það hafi hann komið til stefnanda nokkrum sinnum. Hann kvað heimilisbrag hafa verið góðan, en því væri ekki að neita, að stefnandi hafi verið nokkuð bráður. Vitnið kvaðst aldrei hafa heyrt stefnanda atyrða börnin, að undanteknu einu skipti, að hann hafi verið höstugur við dóttur sína.

Vitnið Anton Eyþór Hjörleifsson kvaðst hafa verið um sumartíma árið 1958 á heimili stefnanda sem snúningapiltur. Hann kvað samkomulag milli stefnanda og barna hans ekki hafa verið gott, en stefnandi hafi verið höstugur og harður við þau, en ekki beinlínis vondur. Hann kvaðst aldrei hafa séð stefnanda beita börnin líkamlegri harðneskju, að undanteknu einu skipti, er hann hafi slegið dótturina B kinnhest. Hann kvaðst eitt sinn hafa séð stefnanda stinga kú með hnífi í bóginn. Kýrin hafi verið óþekk, er stefnandi hafi verið að mjólka hana, og því hafi hann gripið til þessa ráðs. Vitnið kvaðst hafa skoðað sárið á eftir. Úr því hafi blætt, en það hafi ekki verið djúpt. Hann kvað stefnanda annars hafa yfirleitt farið vel með kýrnar.

Vitnin Soffías Ingimundur Þorkelsson og kona hans, Elín Sigurðardóttir, kváðust vera mjög kunn hjónunum að Öndverðarnesi og heimsótt þau þangað öðru hvoru. Þau kváðu framkomu stefnanda við börn sín hafa verið óaðfinnanlega, að því leyti sem þau sáu til. Elín kvaðst eitt sinn hafa séð stefnanda slá dótturina D kinnhest, en það hafi verið vegna þess, að hún hafi brúkað munn við stefnanda, og taldi vitnið þau viðbrögð stefnanda eðlileg, eins og á stóð. Bæði vitnin kváðu þó eiginkonu stefnanda hafa orðað það, að stefnandi væri vondur við börnin, og einnig hafi Árni Gunnar Pálsson talað um það.

Vitnið Gísli Sigurðsson kennari kvaðst eiga sumarbústað við

Álftavatn, þar sem hann hafi dvalið á sumrin. Hafi hann oft komið að Öndverðarnesi til að afla matfanga, mjólkur eða fisks. Hann kvaðst aldrei hafa séð neitt athugavert við fjölskyldulíf þar, enda hafi hann ekki kynnzt heimilisháttum náið. Vitnið mótmælti því að hafa haft orð á því við Árna Gunnar Pálsson, að hann hyggðist kæra stefnanda, enda hafi hann og enga ástæðu haft til slíks. Hins vegar hafi Árni Gunnar stundum vakið máls á því, að slæmt ástand væri á heimilinu, að því er varðaði samskipti stefnanda og barnanna, en vitnið kvaðst enga skoðun hafa myndað sér um það atriði.

Vitnið Sveinbjörn Jónsson, næsti nágranni stefnanda, kvað stefnanda hafa komið sér fyrir sjónir sem myndarlegur maður, en ákaflega skapbráður, hvað lítið sem út af hafi borið. Vitnið kvaðst hafa séð stefnanda eitt sinn slá dótturina D í andlitið. Hafi vitnið þá verið að hjálpa stefnanda við að bólusetja fé. Telpan hafi farið með þeim til fjárhúss, og hafi hún borið ýmislegt dót. Er á staðinn hafi komið, hafi inngjafarpípa ekki fundizt, sem þar á meðal hafi átt að vera. Leitað hafi verið mikið án árangurs. Hafi stefnandi þá veitt telpunni höggið. Við nánari leit hafi pípan fundizt í dóti, er stefnandi hafi borið. Vitnið kvaðst ekki í önnur skipti hafa séð til slíkra athafna stefnanda.

Vitnið Böðvar Stefánsson skólastjóri kvað börn stefnanda hafa verið í skóla hjá honum. Hafi hann sótt börnin í skólann og farið með þau heim aftur, en skólinn er heimavistarskóli. Kvaðst vitnið ekki hafa séð annað en að ástríki hafi verið milli stefnanda og barnanna. Þá kvaðst vitnið aldrei hafa séð áverka á börnunum, og ekki kvað vitnið börnin hafa í nokkurt skipti kvartað undan stefnanda. Vitnið kvaðst hafa þá skoðun, að stefnandi hafi verið fremur einstrengingslegur við börnin, og byggt þá skoðun á því, að hann hafi ekki viljað leyfa þeim að ganga í ungmennafélag sveitarinnar, eins og önnur börn gerðu. Vitnið kvaðst hafa farið að Öndverðarnesi með barnaverndarráðsmönnum að þeirra beiðni. Hafi Gunnlaugur Þórðarson haft orð fyrir þeim, og er stefnandi hafi spurt þá erindis, hafi Gunnlaugur svarað, að fyrir lægi kæra um slæma meðferð á börnunum. Hafi stefnandi þá spurt, hverjir hefðu sent þá, en svarað sér síðan sjálfur á þá leið, að þetta væri frá eiginkonu sinni komið eða hennar fólki. Hafi ekki orðið af frekari viðræðum við stefnanda, en barnaverndarráðsmenn farið og ætlað að ræða við eiginkonuna. Kvaðst vitnið hafa orðið eftir hjá stefnanda, og hafi þeir rabbað saman almennt, mestmegnis þó um búskapinn. Er stefn-

anda hafi verið farið að lengja eftir barnaverndarráðsmönnum, þar eð hann hafi talið sig hafa annir, hafi þeir komizt að raun um, að þeir voru farnir. Er þeir hafi komið til baka, hafi sýslumaður Árnesinga verið í för með þeim. Stefnandi hafi þá verið inntur eftir því, hvort hann vildi fara með þeim af frjálsum vilja, og minnti vitnið, að spurt hafi verið, hvort hann vildi koma til geðrannsóknar. Því hafi stefnandi neitað, en þá hafi sýslumaður lesið upp úrskurð um handtöku fyrir stefnanda, og hafi þeir farið með hann brott.

Í málinu liggur fyrir vottorð Braga Ólafssonar, héraðslæknis að Eyrarbakka, dags. 31. marz 1962, þar sem segir, að hann hafi að beiðni sýslumannsins í Árnessýslu hinn 19. desember 1961 skoðað stefnanda að Litla-Hrauni. Segir læknirinn, að ekkert hafi komið fram í viðtalinu, sem bent hafi til þess, að stefnandi væri geðveill. Hins vegar hafi lækninum virzt tal hans og framkoma geta bent til nokkurrar skaphörku. Taldi læknirinn eigi að síður vegna þeirra ummæla, sem stefnanda hafi fylgt, og vegna þess, að hann væri ekki sérfróður í geðsjúkdómum, að sjálfsagt væri, að stefnandi gengi undir geðrannsókn, og hafi hann tjáð sýslumanni það álit sitt munnlega.

Í vottorði Þórðar læknis Möllers, dags. 18. apríl 1963, segir m. a., að stefnandi hafi verið hafður á lokaðri deild í Klepps-spítalanum og þá með geðsjúklingum á ýmsum stigum, en yfirleitt rólegum. Á deild þessari sé sambýli, og hafi stefnandi því sjálfsagt orðið fyrir einhverju ónæði af sambýlinu, en hjá því hafi ekki verið komizt, eins og húsaskipan er háttað á spítalanum. Þó taldi læknirinn fráleitt, að stefnanda hafi stafað nokkur háski af sambýlinu.

Þá liggur einnig fyrir í málinu vottorð þriggja forðagæzlumanna í Grímsneshreppi, dags. 17. desember 1960, en þeir skoðuðu þann sama dag búið að Öndverðarnesi. Í vottorði þessu segir m. a.: „Fénaður er allur í ágætu lagi, hvað fóðrun snertir, en við viljum benda á, að í fjósi eru allt of margir gripir, þar sem sumt af kálfunum hefur ekki annað pláss en flórinn í fjósinu. Þrátt fyrir þessi þrengsli, teljum við hirðingu á gripunum til fyrirmyndar, miðað við aðstæður."

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að hin fyrirvaralausa handtaka, úrskurður í gæzluvarðhald, dvalir í fangahúsi og vistun á geðveikrahæli hafi verið ólögmætar aðgerðir, vítaverðar, særandi, móðgandi og allsendis óþarfar. Barnaverndarráð hafi ekkert haft fyrir sér annað en órökstuddar sögusagnir

bróður eiginkonu stefnanda og síðan eingöngu stuðzt við framburði tveggja barna hans og eiginkonu. Engra upplýsinga hafi verið leitað frá vandalausum, presti, lækni eða fyrirsvarsmanni skóla á staðnum. Úrskurður um gæzluvarðhald hafi og eingöngu verið studdur sömu órökstuddum framburðum. Stefnanda var og eigi gefinn kostur á að tjá sig um handtökuna, og engin læknisskoðun hafi verið látin fara fram, áður en gæzluvarðhaldsúrskurðurinn hafi verið uppkveðinn. Stefnandi hafi verið látinn dvelja í varðhaldi í um mánaðartíma, áður en hann var fluttur í geðveikraspítalann, og þar hafi hann verið látinn dvelja innan um geðsjúka menn í tæpa tvo mánuði. Telur stefnandi allar þessar aðgerðir gagnvart sér hafa verið ástæðulausar, enda hafi og engar aðgerðir verið fyrirskipaðar af hálfu ákæruvaldsins vegna kæru barnaverndarráðsins, svo og hafi geðrannsóknin leitt í ljós heilbrigði hans. Hér hafi því verið um að ræða fljótfærnisleg mistök af hálfu þeirra aðilja, sem að framangreindum aðgerðum stóðu, en á þeim beri stefndi fébótaábyrgð. Vitnar stefnandi til ákvæða 151. gr. og 152. gr. sbr. 150. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála til stuðnings bótakröfu sinni.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að skilyrði bresti til skaðabótagreiðslu til stefnanda samkvæmt XVIII. kafla laga nr. 82/1961, og heldur sé ekki um að ræða bótaábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum. Allmörg vitni hafa borið um slíka hegðun af hálfu stefnanda, að ástæða hafi verið til að efast um geðheilbrigði hans, enda hafi rannsókn leitt í ljós, að hann hafi verið á mörkum þess að vera geðheill. Telur stefndi, að næg rök hafi verið fyrir hendi til að úrskurða stefnanda í gæzluvarðhald og til geðrannsóknar. Breyti þar eigi, þótt ákæruvaldið hafi ekki fyrirskipað frekari aðgerðir af sinni hálfu vegna kærumálsins á hendur stefnanda.

Af öllu því, sem hér að framan er rakið, þykir í ljós leitt, að stefnandi hafi verið haldinn nokkrum skapbrestum og hann af þeim sökum verið harðleiknari við börn sín en eðlilegt mátti telja. Hins vegar verður að telja ósannað, að hann hafi verið svo hættulegur umhverfi sínu, að nauðsyn hafi borið til svo róttækra og langvarandi aðgerða gagnvart honum, sem raun varð á. Á stefnandi því rétt til bóta af þeim sökum samkvæmt 2. tölulið 151. gr. laga nr. 82/1961, en á greiðslu þeirra bóta ber stefndi ábyrgð.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

A.	Beint tjón: 1. Vinnutjón stefnanda	kr.	35.500.00
	2. Kaupgreiðslur	—	27.500.00
B.	Óbeint tjón: Vegna líkamlegra og andlegra þjáninga, hneisu, ólöglegra og óforsvaranlegra aðfara og framkvæmda yfirvalda ríkisins, traustspjalla og röskunar á stöðu og högum	—	500.000.00
	Samtals	kr.	563.000.00

Um A. Beint tjón.

Liður 2 er kaupgreiðsla til ráðsmanns þess, er fenginn var til að annast um bú stefnanda í fjarveru hans, og aðrar launagreiðslur.

Stefndi hefur mótmælt því, að stefnandi eigi rétt til bóta fyrir eigið atvinnutjón og bóta vegna kaupgreiðslna til ráðsmanns. Hins vegar hefur hann eigi mótmælt því, að stefnandi hafi orðið að greiða þá fjárhæð, sem tilgreind er í tölulið 2. Ber því að taka þenna kröfulið til greina með þeirri fjárhæð, enda eru eigi rök til að bæta stefnanda eigið atvinnutjón jafnframt.

Um B. Óbeint tjón.

Þegar allt það er virt, sem hér að framan er rakið um aðgerðir gagnvart stefndanda, meðferð á honum svo og annað það, er máli þykir skipta, þykja bætur til handa honum samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00.

Niðurstaða máls þessa verður því sú samkvæmt framansögðu, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda samtals kr. 87.500.00 (27.500.00 + 60.000.00) með vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns hans, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 14.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Halldóri Guðlaugssyni, kr. 87.500.00 með 7% ársvöxtum frá 15. desember 1960 til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns stefnanda, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 14.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. marz 1965.

Nr. 77/1962. **Klappareignin h/f** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og borgardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Emil Ágústsson.

Lögtaksmál. Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Halldór S. Rafnar, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. maí 1962. Eru kröfur hans þessar:

Aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og að málinu verði vísað frá fógetadómi.

Til vara, að úrskurðurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar af nýju.

Til þrautavara, að synjað verði um framkvæmd lögtaksgerðar.

Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi áfrýjanda.

Athugun á meðferð máls þessa í héraði hefur leitt í ljós það, sem hér segir:

1. Hinn 5. ágúst 1960 var tekið fyrir í fógetadómi Reykjavíkur eftir beiðni stefnda að framkvæma lögtak hjá áfrýjanda, Klappareigninni h/f, til tryggingar greiðslu á stóreignaskatti vegna hluthafa félagsins. Samkvæmt skattreikningi, sem stefndi lagði þá fram, héraðsdómsskjal nr. 2, nam skattskuld áfrýjanda kr. 409.514.00. Í þinghaldinu kom fram, að áfrýjandi mundi taka til varnar, og var honum veittur frestur til greinargerðar.

Í þinghaldi 15. desember 1960 lagði stefndi fram greinargerð af sinni hálfu. Krefst hann lögtaks fyrir kr. 409.514.00, enda þótt skattayfirvöld hefðu þegar hinn 15. nóvember 1960 lækkað umræddan skatt í kr. 145.967.00. Í þinghaldi þessu hefur fógeti bókað: „Stóreignask .... kr. 409.514.00. 15/11. R. Lækkun kr. 263.547.00. Samtals kr. 145.967.00". Sams konar tilgreining um lækkun skattsins er einnig skráð á fyrrgreindan skattreikning, héraðsdómsskjal nr. 2, enda þótt hann beri á sér áritun fógeta um framlagningu hinn 5. ágúst 1960. Ekki er sýnilegt, að greind bókun fógeta og áritun á skattreikninginn styðjist við nein gögn, sem aðiljar höfðu lagt fram á þessum tíma, og hér fyrir dómi hafa lögmenn aðilja lýst því, að þeim hafi í þinghaldinu 15. desember 1960 ekki verið kunnugt um umrædda lækkun skattsins. Í greinargerð stefnda er því lýst, að áfrýjanda hafi verið „tilkynnt um skatt þennan 15. febrúar 1958". Einnig segir í greinargerðinni: „Fjárhæð skatts gerðarþola hefur verið úrskurðuð af skattyfirvöldum lögum samkvæmt, og þar tekið tillit til dóma þeirra, er gengið hafa um skatt þennan". Að öðru leyti veitir greinargerðin enga fræðslu um álagningu skattsins, hvorki um fjárhæð þá, sem áfrýjanda var í öndverðu gert að greiða, né um síðari lækkanir skattayfirvalda á þeirri fjárhæð.

Af hálfu áfrýjanda var lögð fram greinargerð í þinghaldi 24. apríl 1961. Þess var krafizt, að synjað yrði um framkvæmd lögtaks. Í greinargerðinni telur áfrýjandi fjárhæð lögtakskröfunnar vera kr. 409.514.00, enda hefur lögmaður áfrýjanda lýst því, að honum hafi þá enn verið ókunnugt um áðurgreinda lækkun skattayfirvalda á skattkröfunni. Það er ekki fyrr en í þinghaldi 15. maí 1961, að stefndi leggur fram skjal (héraðsdómsskjal nr. 5), sem sýnir lækkun lögtakskröfunnar úr kr. 409.514.00 í kr. 145.-967.00. Fullnægir þessi málatilbúnaður ekki fyrirmælum 105. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir þetta veitti dómari aðiljum sameiginlegan frest til gagnaöflunar og síðar framhaldsfresti í sama skyni, en ekki kvað hann þá á um það, eins og fyrir er mælt í 109. gr.

sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936, hvort flytja skyldi málið munnlega eða skriflega.

2. Eins og fyrr var getið, var af hálfu áfrýjanda lögð fram greinargerð í fógetadómi hinn 24. apríl 1961. Í greinargerðinni, sem er 39 vélritaðar síður í dómsgerðaágripinu, setur áfrýjandi fram málsástæður fyrir kröfu sinni um synjun lögtaksgerðar og reifar þær. En langmestur hluti greinargerðarinnar hefur að geyma skriflegan málflutning, eins og tíðkaðist, áður en sett voru lög nr. 85/1936. Þar er einnig á nokkrum stöðum vísað til ummæla, sem umboðsmanni stefnda eru eignuð, og þau gagnrýnd, en slík ummæli hafa ekki komið fram frá hans hendi í þessu máli.

Í þinghaldi 11. október 1961 lýstu lögmenn aðilja yfir því, að gagnasöfnun væri lokið. Höfðu þá alls verið lögð fram 15 skjöl. Fógeti lét þess getið, að dagur til munnlegs málflutnings yrði ákveðinn síðar. Fór munnlegur flutningur fram hinn 12. marz 1962. Í því þinghaldi lagði lögmaður áfrýjanda fram 36 skjöl (nr. 16—51). Sum þessara skjala voru sönnunargögn í merkingu X. kafla laga nr. 85/1936, en mörg þeirra hafa aðeins að geyma skriflegan málflutning, að því leyti sem efni þeirra kemur máli þessu við. Hafði lögmaður áfrýjanda vísað til þessa skriflega málflutnings í skjölum, sem aðrir voru höfundar að, en nú voru lögð fram. Eitt hinna framlögðu gagna, héraðsdómsskjal nr. 29, er safn sjálfstæðra dómsskjala, 35 að tölu, sem sögð eru vera úr tilteknu bæjarþingsmáli, sem áfrýjandi stóð ekki að. Úr safni þessu (nr. 29) eru 110 vélritaðar síður teknar upp í dómsgerðaágrip í Hæstarétti.

Samkvæmt 111. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. þeirra, ber aðiljum að leggja fyrir dómara frumrit eða eftirrit þeirra gagna, sem aflað hefur verið, svo fljótt sem verða má, áður en munnlegur málflutningur hefst. Lögmaður áfrýjanda gætti ekki þessara fyrirmæla um sönnunargögn þau, sem hér ræðir um og að máttu komast í málinu. Að því er varðar gögn þau, sem einungis hafa að geyma skriflegan málflutning eða eru málinu óviðkomandi, þá er fram-

lagning þeirra brýnt og mjög vítavert brot á ákvæðum 106. gr. sbr. 105. gr. og 223. gr. laga nr. 85/1936. Það er og ámælisvert, að fógeti skyldi veita skjali nr. 29 viðtöku, eins og það var úr garði gert.

3. Um úrlausn héraðsdómara á sakarefninu er það athugavert, að ekki verður séð, að hann hafi kannað, hvort ákvæði um málskotsfrest í 10. gr. laga nr. 44/1957, sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 95/1957, kynnu að standa kröfum aðilja í vegi.

4. Þar sem meðferð málsins er svo áfátt, sem að framan er lýst, verður að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og meðferð málsins frá og með þinghaldi 15. desember 1960 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður og meðferð málsins frá og með þinghaldi 15. desember 1960 eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 2. apríl 1962.

Í máli þessu krefst gerðarbeiðandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, þess, að hið umbeðna lögtak verði látið fara fram hjá gerðarþola, Klappareigninni h/f, til tryggingar vangoldnum stóreignaskatti, samtals að upphæð kr. 145.967.00, auk dráttarvaxta, 6% p.a. frá 16. ágúst 1958 til 31. janúar 1959 og 12% p.a. frá þeim degi til greiðsludags, svo og öllum kostnaði við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Þá krefst hann þess enn fremur, að sér verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarþola að mati réttarins.

Gerðarþoli gerir hins vegar þær réttarkröfur, *aðallega* að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, *en til vara,* að lögtak verði aðeins leyft fyrir kr. 129.021.00.

Hversu sem málið fer, krefst hann þess, að gerðarbeiðanda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, verði gert að greiða sér kostnað sakarinnar að mati réttarins.

Málið var þingfest hinn 5. ágúst 1960 og hefur síðan verið sótt og varið hér fyrir réttinum, og var tekið til úrskurðar hinn 12. marz, að afloknum munnlegum málflutningi.

Almennur lögtaksúrskurður fyrir stóreignaskatti í Reykjavík var kveðinn upp hinn 28. apríl 1959 og birtur í dagblöðum bæjarins.

Í byrjun ágústmánaðar 1960 krafðist tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs lögtaks hjá öllum þeim gjaldendum, bæði einstaklingum og félögum, er vangoldinn áttu skatt á stóreignir samkvæmt lögum 44/1957, og voru þá þingfest 286 slík mál hér fyrir fógetaréttinum. Veittur var frestur í öllum þessum málum með fullu samþykki gerðarbeiðanda, aðallega þar sem hvergi nærri var svo komið málum, að endanlegar tölur um skattfjárhæðir greiðenda lægju fyrir af hendi skattstofunnar í Reykjavík, enda hefur orðið að endurreikna skatt þenna oftsinnis, aðallega vegna úrskurða þeirra og dóma, er um hann hafa gengið. Mál þessi höfðu flest samflot í fyrstu, en skiptust síðan í flokka með nokkurri sérstöðu. Hefur nú öllum þessum málum verið lokið með sætt (greiðslu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44/1957) eða lögtaki hjá gerðarþola, nema tveimur, sem krafizt er úrskurðar í, og er mál þetta annað þeirra. Skýrir ofanritað, ef til vill, að nokkru, hversu háttað er um frest í máli þessu.

Við álagningu skatts samkvæmt lögum um skatt á stóreignir nr. 44/1957 var gerðarþola í máli þessu, Klappareigninni h/f, gert að greiða samtals kr. 1.379.050.00 vegna hluthafanna.

Gerðarþoli vildi ekki una þessari skattálagningu og fékk hana með kærum færða fyrst niður í kr. 1.378.747.00 og síðar kr. 1.248.082.00 og loks í kr. 409.514.00, og er það sú upphæð, sem krafizt er lögtaks fyrir, er tollstjórinn hefst handa um innheimtu skattsins.

Síðan (15.11. 1960) er gerðarþola tilkynnt, að skattur á stóreignir, sem honum sé gert að greiða vegna hluthafa, lækki í kr. 145.967.00, og við það stendur enn, er mál þetta er tekið til úrskurðar.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælir því, að í lögtaksmáli sé hægt að koma fram öllum þeim miklu efnisvörnum, sem fram séu komnar í máli þessu, og vísar til 12. og 13. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og 8. og 11. gr. sömu laga. Sé um efnis-

varnir að ræða í lögtaksmáli, þá skal bera þær undir hina almennu dómstóla, að lögtaksmáli loknu, enda sé sérstök ástæða til þess að koma í veg fyrir málþóf og tafir í slíkum lögtaksmálum sem skattainnheimtumálum. Með lögunum sé verið að veita lögtaksbeiðanda greiða og auðvelda leið til þess að tryggja kröfu sína. Mótmælum gegn framgangi lögtaksgerðarinnar verði ekki komið að, meðan á gerð standi, nema um lögtaksaðferðina og heimild til lögtaksheimtu. Þetta staðfesti enn fremur ákvæði 10. gr. laga nr. 44/1957, sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 95/1957 um heimild skattgreiðanda og fjármálaráðherra til þess að skjóta til dómstólanna úrskurði Ríkisskattanefndar um deiluatriði vegna álagðs skatts á stóreignir, í ennþá ríkara mæli, að efnisvörnum verði ekki við komið í máli þessu.

Til vara kveðst hann þó muni ræða efnisvarnir gerðarþola. Lög nr. 44/1957 um skatt á stóreignir séu sett á formlega stjórnskipulegan hátt og brjóti í heild ekki í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 né neinar aðrar greinar hennar. Um heildarlagagildi þeirra sé enginn vafi, enda hafi Hæstiréttur dæmt eftir lögunum. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948 hafi ekkert lagagildi á Íslandi og geti engu áorkað um lögmæti íslenzkra laga, þótt íslenzka ríkið gæti ef til vill orðið brotlegt við hana sem samningsaðili með setningu slíkra laga. Þá hefur deilan um lögmæti laganna verið lögð fyrir nefnd þá, sem ákveði, hvaða mál skuli tekin til dóms hjá Mannréttindadómstól Evrópu, en hún hafi úrskurðað hinn 20/12 1960, að hvert ríki skyldi frjálst um tilhögun skattheimtu sinnar og deilan um lögmæti laga nr. 44/1957 því ekki tekin fyrir. Það breyti engu um lagagildi skatts á stóreignir, þótt hann sé ekki færður á fjárlög. Fjárlögin séu að ýmsu leyti ófullkomin og mikið fé, sem ríkið ráðstafar, sé aldrei á þau fært. Ef um galla sé að ræða á ríkisbókhaldi, gæti það talizt brot af hálfu ráðherra, en aldrei valdið ógildi laganna. Þá hafi Hæstiréttur þegar staðfest, að hér sé ekki um eignaupptöku, heldur venjulega skattaálagningu að ræða. Þau ákvæði 9. gr. laga nr. 44/1957, að skattur á stóreignir skuli renna að ⅓ hluta til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og að ⅔ hlutum til Byggingarsjóðs ríkisins, valdi í engu ógildi skattálagningarinnar — hér sé um tvær ríkisstofnanir að ræða. Ríkisvaldið leggi skattinn á, innheimti hann og verji honum fyrirfram til ákveðinna þarfa, þarna sé aðeins verið að binda ráðstöfunarrétt framkvæmdavaldsins um ráðstöfun skattfjár. Þá hefur Hæstiréttur staðfest lögmæti 9. gr. laga nr. 44/

1957 með dómi sínum frá 29. nóvember 1958 og fleiri dómum. Þá hafi Hæstiréttur enn fremur (29. nóvember 1958) ekki talið þá mismunun félagsforma, sem í lögunum felst, geta valdið ógildi þeirra. Reglur þær, sem notaðar hafi verið til að finna sannvirði hlutabréfa, séu aðeins verklagsreglur Ríkisskattanefndar, en gætu á engan hátt valdið ógildi laganna. Hann telur ekkert fram komið í máli þessu, sem valdi ógildi laganna í heild né skattálagningar samkvæmt þeim. Þá mótmælir umboðsmaður gerðarbeiðanda öllum framkomnum fasteignamötum, bréfum húsaleigunefnda og öðrum skjölum og útreikningum, viðvíkjandi verðmæti fasteigna, sem máli þessu algerlega óviðkomandi. Sér í lagi mótmælir hann álitsgerð um lóðaverð í Reykjavík (rskj. 31), þar sé einungis um fullyrðingar semjanda að ræða, en ekki óyggjandi rök, enda segir semjandi sjálfur á bls. 1, að gagnaöflun um það mál sé mjög erfið og að hér sé ekki um endanlega afgreiðslu málsins af hans hálfu að ræða. Auk þess sé um engar lóðir í eigu gerðarþola að ræða, sem sérstaklega hafa verið hækkaðar í verði af matsnefndum. Enn fremur sé þess að geta, að mat fasteigna hér á landi hafi alltaf verið miðað við söluverðmæti, en aldrei við tekjuöflunarmöguleika (rentabilitet) þeirra. Húsaleigulög hér á landi séu úrelt og óraunhæf, enda hafi þau engin áhrif á verð fasteigna. Skattalækkun Fjármálaráðuneytisins vegna íþróttahúss Jóns Þorsteinssonar sé skattaeftirgjöf ráðherra vegna einstaks afbrigðilegs tilfellis, en þar sé ekki um neinar breytingar á almennum mats- og álagningarreglum laganna að ræða. Þá heldur hann því fram, að Hæstiréttur hafi í dómum sínum gengið út frá því, að ákvæði 7. gr. laga nr. 44/1957 um greiðsluskyldu félaga hefðu fullt lagagildi.

Þá lýsti hann öll gögn þau, er vörðuðu hlutabréfaeign gerðarþola í Samkomuhúsi Vestmannaeyja h/f, máli þessu óviðkomandi, þar sem að í máli þessu sé ekki krafizt lögtaks fyrir stóreignaskatti vegna þeirrar hlutabréfaeignar.

Umboðsmaður gerðarþola mótmælir því eindregið sem rangtúlkun á lögum nr. 29/1885, að ekki verði öllum þeim efnisvörnum, sem hann hafi fram sett í málinu, við komið. Það sé um tvær leiðir að ræða til að skjóta úrskurðum Ríkisskattanefndar til dómstólanna, sem báðar leiði til lokadóms Hæstaréttar. Þá sé mjög vafasamt, að málskotsfrestur sá, sem um ræðir í 10. gr. laga nr. 44/1957, sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 95/1957, sé ennþá liðinn, þar sem fjölmörg „stóreignaskattsmál“

séu ennþá fyrir dómstólunum óútkljáð, og geti úrslit þeirra valdið ennþá einum umreikningi skattsins, sbr. nú síðast dóm bæjarþings Reykjavíkur frá 8. febrúar s.l. um stórfellda lækkun á matsverði hlutabréfa í Eimskipafélagi Íslands h/f. Þá hafi það ekki í för með sér missi réttar til þess að bera fram efnisvarnir í málum samkvæmt 10. gr. laga nr. 44/1957, þótt málið sé ekki hafið, áður en umræddur 3 mánaða frestur sé útrunninn.

Ekki geti talizt vafi á því, að lög um skatt á stóreignir nr. 44/1957 brjóti í bága við stjórnarskrána svo og mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1958 og loks við mannréttindasáttmála Evrópuráðsins frá 4. nóvember 1950 og lokabókun við hann frá 20. marz 1952, sbr. auglýsingu nr. 11 9. febrúar 1954. Hæstiréttur hafi ógilt með dómum sínum 29. nóvember 1958 og 7. desember 1959 mjög þýðingarmikil ákvæði í lögum nr. 44/1957, enda þótt hann afnæmi ekki lögin í heild. Umboðsmaður gerðarþola hélt því fram, að enda þótt segja mætti, að lög nr. 44/1957 hafi verið sett á stjórnskipulegan hátt samkvæmt 44. og 45. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þá hafi samt meðferð frumvarpsins á Alþingi brotið í bága við 1. mgr. 27. gr. laga nr. 115/1936 um þingsköp Alþingis. Frumvarpið hafi raunverulega falið í sér breytingar á stjórnarskránni, án þess að þeirra væri getið í heiti frumvarpsins. Hafi því forseta þingdeildar, sem um það fjallaði, borið að vísa því frá. Þetta hafi ekki verið gert, og ekki hafi heldur verið rofið þing og efnt til nýrra kosninga samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar og lögin síðan lögð fyrir Alþingi á ný. Séu lög nr. 44/1957 því eigi gild og skattálagning samkvæmt þeim markleysa. Hann heldur því fram, að skattstigi laga nr. 44/1957 sé svo hár, að eigi verði talið, að um skatt sé að ræða, heldur sé hér verið að framkvæma upptöku á eignum skattþegna þeirra, sem skattskyldir séu taldir samkvæmt lögunum. Þetta verði augljóst, þegar þess sé gætt, að samkvæmt 5. gr. laganna geti skatturinn numið allt að 25% af þeim eignum skattþegns, sem honum er gert að greiða skatt af. Með þessu fari löggjafinn út fyrir öll mörk þess, að um skatt geti verið að ræða, en skattar megi ekki verða hærri en svo, að þeir verði greiddir af tekjum skattþegnsins á einu ári. Ella sé ekki um skatt að ræða. Þetta verði enn ljósara, þegar haft sé í huga, að lagður hafi verið stóreignaskattur svokallaður á eignir manna með lögum nr. 22/1950, og hafi margir þeirra gjaldenda, sem skattlagðir séu samkvæmt lögum nr. 44/1957 og einnig voru skattlagðir 1950 aðeins lokið

greiðslu á þriðjungi þess skatts. Þessi svokallaða skattálagning samkvæmt lögum nr. 44/1957 sé því hrein eignaupptaka, sem brjóti algerlega í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins og sé reyndar líka andstæð 69. gr. hennar, þar sem segja megi, að hún feli einnig í sér ólögmæt höft á atvinnufrelsi manna. Eignaupptaka sem þessi verði ekki heldur réttlætt samkvæmt þeim réttarreglum, sem almennt gildi um upptöku eigna og sem byggðar séu á því, að brot hafi verið framið, þar sem ekkert slíkt hafi átt sér stað af hálfu gerðarþola. Þegar nú þannig sé ástatt, að álögur þær eða nefndur skattur, sem lög nr. 44/1957 geri ráð fyrir, geti hvorki talizt skattur né lögmæt upptaka eigna (confiscatio), hljóti skattálagning samkvæmt nefndum lögum að dæmast markleysa ein.

Umboðsmaður gerðarþola benti enn á það máli sínu til stuðnings, að samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar skuli leggja fyrir Alþingi frumvarp til fjárlaga, sem feli í sér greinargerð um tekjur og gjöld ríkisins, enda megi ekki samkvæmt 41. gr. stjórnarskrárinnar greiða neitt gjald úr ríkissjóði, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Nú verði eigi séð, að skattur af stóreignum samkvæmt lögum nr. 44/1957 sé talinn til tekna á fjárlögum, né heldur séu greiðslur til þeirra aðilja, veðdeildar Búnaðarbankans og Byggingarsjóðs ríkisins, sem skatturinn rennur til samkvæmt 9. gr. laganna, færðar til gjalda á fjár- eða fjáraukalögum. Þetta sé ágalli af löggjafans hálfu og sýni það eitt með öðru, að ekki sé í reynd um lögmætan skatt að ræða, sem stjórnarvöld afli ríkissjóði til úrbóta á fjárhagskerfi ríkisins, enda eigi þetta gjald, svo sem nefnd 9. gr. mæli fyrir um, að renna til ákveðinna stofnana, en ekki í ríkissjóð. Komi þar enn í ljós, að gjaldið geti ekki verið skattur í þess orðs réttu merkingu, því skattur sé almennt gjald til ríkisins til þess að standa straum af stjórn landsins og kosta það skipulag, sem halda verði uppi í því skyni.

Umboðsmaður gerðarþola kvað það enn fremur stuðla að ógildi laganna, að skattþegnum landsins sé stórlega mismunað með ákvæðum laganna. Þetta komi fram í því, að margir stærstu skattþegnar landsins séu alveg undanþegnir skatti, þar sem skattgjaldið sé einungis lagt á einstaklinga, en ekki félög, sem eigi þó mörg miklu meiri eignir en nokkur einstakur maður hérlendur. Upphaflega hafi skatturinn verið lagður á 609 einstaklinga, þar af 94 konur, flestar ekkjur, en vegna allra þeirra miklu breytinga, sem orðið hafa, er dómstólar hafi ógilt ákvæði lag-

anna eitt af öðru, hafi skattskyldir stóreignaskattsgreiðendur aðeins verið orðnir 303 í desember s.l., og allar líkur bendi til þess, að þeim komi enn til með að fækka. Við fyrstu álagningu hafi skatturinn numið réttum 136 miljónum króna, en sé nú nálægt 66 miljónum króna.

Auk þessara atriða bendir hann sérstaklega á ákvæði 7. gr. laganna, sem leggi á félög ábyrgð á greiðslu þess skatts, sem einstökum félagsmönnum sé gert að greiða vegna eignar sinnar í félögum. Með þessu ákvæði sé lögð á einn aðilja ábyrgð á skatti annars aðilja, án þess þau tengsl séu milli þeirra, sem réttlæti slíka reglu, og verði þetta þeim mun fráleitara sem félögin séu ekki skattskyld sjálf eða beri sjálfstæða skattskyldu samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

Umboðsmaður gerðarþola telur höfuðgalla á lögum nr. 44/1957, að eignarmatsreglur 2. gr. laganna geti auðveldlega leitt til þess, að eignir verði ofmetnar til skatts, auk þess sem gjaldendum sé mjög mismunað með ákvæði 1. töluliðs 2. gr. um 20% frádrátt frá matsverði húsa þeirra, sem þar séu nefnd. Hér verði allir skattþegnar að eiga sama rétt. Þá hafi einn stóreignaskattsgreiðandi fengið 60% lækkun á matshækkun fasteignarinnar, er hún skyldi reiknuð til stóreignaskatts. Krafðist hann hins sama til handa gerðarþola um lækkun á matsverði fasteignar hans. Umboðsmaður gerðarþola hélt því fram, að matsreglur 2. gr. laga nr. 44/1957 sköpuðu svo mikið misrétti og misræmi, að það eitt væri nægilegt til þess að valda ólögmæti allrar skattálagningarinnar. Fyrst og fremst séu það reglurnar um mat á fasteignum, en fasteignir skyldu til skattálagningar metnar samkvæmt lögum nr. 33/1955, er gengu í gildi hinn 1. maí 1957 og virkuðu því aftur fyrir sig, er farið skyldi eftir þeim um skattmat fasteigna hinn 31. desember 1956. Skattmat til stóreignaskatts ætti að byggjast á lögum um fasteignamat nr. 70/1945. Þá taldi hann algers handahófs gæta um lóðamat og einkum um hækkanir lóðamatsnefnda. Vísaði hann máli sínu til stuðnings til álitsgerðar um, „Hvort fullkomið samræmi sé í lóðaverði í Reykjavík, eins og það er eftir hækkanir landsnefndar, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 33/1955, og úrskurði yfirmatsnefndar á kærum vegna þeirra hækkana“, sbr. rskj. 31 og meðfylgjandi uppdrátt, rskj. 52. Kvað hann álitsgerð þessa samda af þeim manni, sem nú væri allra manna kunnugastur um verð lóða og fasteigna í Reykjavík, og taldi hann sanna, að algers handhófs hefði gætt um lóðamatið. Þá kvaðst hann ekki hafa

haft aðgang að gerðarbókum eða öðrum gögnum matsnefndanna og því ekki getað nánar skýrt, hvernig þeir hefðu fengið þessar niðurstöður sínar. Taldi hann sig sanna það með framlagningu fyrrnefndrar álitsgerðar og öðrum skjölum, varðandi fasteignamat, að þar gætti slíks misræmis og handahófs, að ónýta beri allar þær matsgerðir, sem lagðar væru til grundvallar um verðmæti fasteigna stóreignaskattsgreiðenda í Reykjavík, og þar með lögin sjálf og alla skattálagninguna. Hæstiréttur gæti breytt sínum dómpraksis um gildi laga nr. 44/1957 um skatt á stóreignir, ef hann yrði sannfærður um hið gagnstæða.

Með lögum nr. 44/1957 um skatt á stóreignir, var ákveðið að leggja sérstakan skatt á ýmsa gjaldendur, sem féllu undir viss ákvæði laganna. Allir þeir einstaklingar, sem áttu meira en eina miljón króna í hreinni eign, skyldu greiða skatt þenna, og geyma lögin ýmis fyrirmæli um það, hvernig sá skattstofn skuli fundinn. Samkvæmt 7. gr. laganna skyldu félög annast greiðslur á þeim hluta skatts, sem lagður er á félagsmenn þeirra eða hlut hafa vegna eignar í félögunum, og skal sá hluti skattsins innheimtur hjá félögunum. Eitt af þeim félögum, sem gert var að greiða skatt þenna, var gerðarþoli í máli þessu, Klappareignin h/f, hér í bæ, og var henni upphaflega gert að greiða kr. 1.379.050.00. Er fram komið í máli þessu, að reynt hefur verið á ýmsan hátt að hnekkja skattálagningu þessari með kærum til skattstjórans í Reykjavík og síðan með kærum til Ríkisskattanefndar. Hefur skattálagning félagsins tekið miklum breytingum til lækkunar, en nemur nú, er úrskurður þessi er upp kveðinn, kr. 145.967.00, en ekki er fram komið í málinu, hvernig sú upphæð skiptist á hluthafa.

Gerðarþoli neytir ekki þess réttar síns samkvæmt 10. gr., 1. mgr., laga nr. 44/1957, sbr. 23. gr., 3. mgr., reglugerðar nr. 95/1957, að skjóta úrskurði Ríkisskattanefndar til dómstólanna innan þriggja mánaða frá uppkvaðningu úrskurðar Ríkisskattanefndar.

Ekki fær rétturinn séð, að við það hafi hann misst neinn rétt til þess að bera fyrir sig varnir um lögmæti skattaálagningarinnar, enda ekki allir úrskurðir Ríkisskattanefndar gengnir, þegar tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs hefst handa um innheimtu skattsins með kröfu sinni um lögtaksgerð fógetaréttarins.

Gildi laga nr. 44/1957 varð þegar frá setningu þeirra mjög umdeilt, bæði einstök ákvæði laganna og lögin í heild. Hafa

þegar gengið dómar í nokkrum málum um þessi atriði. Hæstiréttur hefur ógilt ýmis ákvæði laganna, en ekki talið ástæðu til að ógilda þau í heild, og ákvæðum 7. gr. hefur hann ekki haggað. Ekki fær rétturinn séð, að neitt það hafi komið fram í máli þessu, sem ótvírætt geti valdið ógildi laganna og þar með skattálagningar samkvæmt þeim. Verður aðalkrafa gerðarþola því ekki tekin til greina.

Mat lóða og fasteigna.

Þótt því hafi verið haldið fram í málinu, að misræmis gæti um lóðamat í Reykjavík, liggur ekkert fyrir um það, hvernig matsnefndir hafi komizt að niðurstöðum sínum um matsfjárhæðir.

Rétturinn fær ekki séð, að neitt hafi komið fram í málinu, sem ótvírætt valdi ógildi fasteigna- og lóðamats samkvæmt reglum laga nr. 44/1957 og þar með skattálagningar samkvæmt þeim. Útreikningur skattsins, byggður á öðrum reglum um mat en í lögum nr. 44/1957 er fyrir mælt, hefur enga stoð í lögum.

Varakrafa gerðarþola verður því ekki tekin til greina.

Þar sem ekki verður annað séð en skattálagningin sé lögum samkvæm, verður niðurstaða réttarins sú, að rétt þykir að láta umbeðið lögtak fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 5. marz 1965.

Nr. 141/1964. **Ragnar Jónsson og Sigrún Arthúrsdóttir**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Brandi Brynjólfssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjármál hjóna. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Óskarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1964. Þeim var hinn 20. nóvember 1964 veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti. Gera þau þær kröfur, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að fjárnámsgerðin verði staðfest og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum hinn 10. apríl 1964, var áfrýjandi Sigrún Arthúrsdóttir, sem gifzt hafði áfrýjanda Ragnari Jónssyni 21. september 1963, dæmd ásamt tveimur mönnum, Einari Ólafssyni og Gretti Pálssyni, til að greiða stefnda óskipt kr. 57.551.64 með 6% ársvöxtum frá 4. ágúst 1959 til greiðsludags og kr. 7.500.00 í málskostnað. Með bréfi 28. júlí s. á. gerði stefndi þá kröfu, að bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum framkvæmdi fjárnám í eignum dómþolandans Sigrúnar Arthúrsdóttur til tryggingar dómskuldinni og svo til tryggingar kostnaði af birtingu, kr. 171.00, kostnaði af endurriti, kr. 172.50, og öðrum kostnaði af innheimtunni. Málið var tekið til meðferðar í fógetadómi Vestmannaeyja hinn 30. júlí 1964. Af hendi gerðarþolanda kom fyrir fógetadóminn Ragnar Jónsson, eiginmaður hennar. „Aðspurður af fógeta“ kvaðst „mættur

fyrir gerðarþola ekki geta greitt kröfurnar. Að áskorun fógeta benti mættur fyrir gerðarþola á húseign þeirra gerðarþola til fjárnáms". Húseign sú, sem í þessari bókun fógeta greinir, er kjallari hússins nr. 1 við Fjólugötu í Vestmannaeyjum, en hann er samkvæmt veðbókarvottorði 2. september 1964 „þinglesin eign Ragnars Jónssonar samkvæmt afsalsbréfi, lóðarleigusamningi, dags. 17/9 '63". Í vottorðinu segir og: „Lóðarleigusamningur, dags. 4/1 '57, er þinglesinn". Samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna, ber áfrýjandi Ragnar Jónsson eigi ábyrgð á dómskuld áfrýjanda Sigrúnar Arthúrsdóttur, þeirri sem leitað er fjárnáms fyrir í máli þessu. Áfrýjandi Ragnar Jónsson er ólögfróður maður. Fógeta bar því eftir 114. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 að leiðbeina honum um, að hann væri eigi ábyrgur fyrir dómskuldinni og að honum væri óskylt að benda til fjárnáms á nefndan húskjallara, sem er samkvæmt gögnum málsins hjúskapareign hans sjálfs. Bókun fógeta í fógetabók bendir til, að hann hafi eigi leiðbeint áfrýjanda Ragnari, og eigi er sannað með öðrum hætti, að fógeti hafi fullnægt leiðbeiningarskyldu sinni. Er áfrýjandi Ragnar Jónsson því eigi bundinn af fjárnámsgerðinni. Leiðir það til þeirra úrslita máls þessa, að fella ber hið áfrýjaða fjárnám úr gildi.

Eftir þessari niðurstöðu er rétt, að stefndi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 11.423.00. Af þeirri fjárhæð hljóti ríkissjóður kr. 3.423.00, en talsmaður áfrýjenda fyrir Hæstarétti kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Brandur Brynjólfsson, greiði kr. 11.423.00, málskostnað fyrir Hæstarétti, og hljóti ríkissjóður kr. 3.423.00 af þeirri fjárhæð, en skipaður talsmaður áfrýjenda fyrir Hæstarétti, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Vestmannaeyja 30. júlí 1964.

Ár 1964, fimmtudaginn 30. júlí, kl. 1540, var fógetaréttur Vestmannaeyja settur og haldinn í dómsal embættisins af Jóni Óskarssyni, fulltrúa bæjarfógeta, við undirritaða votta.

Fyrir var tekið:

Að gera fjárnám hjá Sigrúnu Arthúrsdóttur, Fjólugötu 1, hér í bæ, að kröfu Brands Brynjólfssonar samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 10. apríl 1964, til tryggingar dómskuldinni, kr. 57.551.64, með 6% ársvöxtum frá 4. ágúst 1959 til greiðsludags, kr. 7.500.00 í málskostnað, kr. 171.00 í birtingu, kr. 172.50 fyrir endurrit og kostnað við fjárnámið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fógeti lagði fram:

Nr. 1. Gerðarbeiðni.

Nr. 2. Dómsendurrit.

Gerðarbeiðandi er mættur og krefst þess, að gerðin fari fram.

Einnig er mættur fyrir gerðarþola Ragnar Jónsson, eiginmaður gerðarþola, og samþykkir hann, að gerðin fari fram og verði lokið hér í dómsalnum.

Aðspurður af fógeta kveðst mættur fyrir gerðarþola ekki geta greitt kröfurnar.

Að áskorun fógeta benti mættur fyrir gerðarþola á húseign þeirra gerðarþola til fjárnáms.

Lýsti fógeti yfir, að hann gerði fjárnám í húseigninni, sem er kjallari hússins nr. 1 við Fjólugötu, hér í bæ, til tryggingar framangreindum kröfum gerðarbeiðanda.

Fógeti brýndi þýðingu gerðarinnar fyrir mættum fyrir gerðarþola.

Föstudaginn 5. marz 1965.

Nr. 132/1964. **Ingimundur Sæmundsson**
(Tómas Árnason hrl.)
gegn
Guðmundi Á. Auðbjörnssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skuldamál. Verkkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1964. Hann krefst þess *aðallega*, að málsmeðferð og dómur í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en *til vara*, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Engin efni eru til að sinna aðalkröfu áfrýjanda, sbr. 82. gr. laga nr. 85/1936 og lög nr. 46/1950.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um greiðslu, kr. 8.210.90, fyrir efni og vinnu við málun íbúðarherbergja áfrýjanda í húsinu Hlíð, Eskifirði, sumarið 1963. Stefndi hóf verk þetta að beiðni áfrýjanda. En vegna ósættis við húseiganda hvarf stefndi frá verki sínu ófullgerðu án þess að gera áfrýjanda viðvart. Áfrýjandi hefur neitað greiðslu og borið það fyrir sig, að stefndi hafi annars vegar eigi lokið verki því, sem hann var ráðinn til, en hins vegar hafi stefndi málað annað og meira í íbúðinni en til var ætlazt og honum falið. Af þessu efni voru að tilhlutan Hæstaréttar dómkvaddir tveir sérfróðir menn „til að meta, hvað hæfilegt sé, að greitt sé“ stefnda „fyrir vinnu og efni og þá tekið til greina, að hve miklu leyti verkið hafi komið að fullum notum, miðað við að því hafi ekki verið lokið, er

hætt var við það". Áfrýjandi brást svo við þessu, að hann afhenti matsmönnum skrifleg mótmæli gegn matinu, sem hann taldi óframkvæmanlegt vegna málunar íbúðarinnar, eftir að stefndi vann verk sitt. Matsmenn féllust á mótmæli áfrýjanda, og varð eigi úr framkvæmd matsins. Að svo vöxnu þykir verða við það að miða, að verk stefnda hafi nýtzt áfrýjanda, sem því verður dæmt að greiða stefnda greinda fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 18. marz 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, sem eftir atvikum og málavöxtum ákveðst samtals kr. 3.500.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ingimundur Sæmundsson, greiði stefnda, Guðmundi Á. Auðbjörnssyni, kr. 8.210.90 ásamt 7% ársvöxtum frá 18. marz 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3.500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadóms Suður-Múlasýslu 28. maí 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 21. þ. m., hefur stefnandi, Guðmundur Á. Auðbjörnsson málarameistari, Eskifirði, höfðað fyrir aukadóminum með stefnu, birtri þann 18. marz 1964, gegn stefnda, Ingimundi Sæmundssyni vélsmið, Hlíð, Eskifirði, til greiðslu skuldar fyrir málningarvinnu og efni, að fjárhæð kr. 8.210.90, ásamt 9% ársvöxtum frá 30. júní 1963 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi krefst í fyrsta lagi frávísunar málsins vegna rangrar sáttameðferðar og til vara sýknu af kröfum stefnanda.

Stefndi mótmælir aðild að málinu í einu herbergi íbúðarinnar. Og loks síðan í rekstri málsins krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Skal fyrst fjallað um frávísunarkröfu stefnda, sem fram kemur í öðru þinghaldi í málinu eftir framlagningu greinargerðar stefnda og eftir að búið er að leiða tvö vitni í málinu. E.t.v. má finna að því, að krafa þessi var ekki úrskurðuð eða dæmd

fyrr, en verjandi lýsti því yfir aðspurður við þingfestingu, að útilokað væri, að sátt kæmist á í málinu, hvort heldur væri fyrir dómi eða sáttanefnd.

Síðar í málinu staðfesti sækjandi þann skilning sinn á þessu atriði, að yfirlýsing stefnda fyrir dóminum við þingfestingu jafngilti samþykki fyrir því, að gengið yrði fram hjá sáttamönnum í máli þessu.

Dómari leitaði sátta í málinu.

Með því að ljóst var við þingfestingu máls af yfirlýsingu stefnda, að sátt fyrir sáttamönnum var útilokuð og að meginhluti stefnukröfunnar er fyrir andvirði vinnu, en slíkar kröfur sæta sáttatilraun dómara, telur dómurinn ekki hægt að taka frávísunarkröfuna til greina, enda krafan fram komin síðar en skyldi og gagnstæð yfirlýsingu stefnda sjálfs við þingfestingu.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt greinargerð stefnanda og í samræmi við vitnisburði og málflutning stefnda biður Magnús Bjarnason, fulltrúi Hraðfrystihúss Eskifjarðar h/f, stefnanda í júnímánuði 1963 um að mála fyrir stefnda herbergi í íbúð, sem stefndi fái á leigu í húsi Leifs Helgasonar, Hlíð á Eskifirði. Aðiljum ber saman um, að um hafi verið að ræða 2 herbergi, en síðan því þriðja bætt við. Um að stefnandi málaði ofn og kringum hurð og glugga í fjórða herberginu ber ekki saman.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi verið um það beðinn. Stefndi hinu gagnstæða. Vætti vitna hafa ekki skýrt þetta til fulls, en með því að gífurlegt annríki var hjá stefnanda um þessar mundir, sem alkunnugt var á staðnum, svo að hann sá varla út yfir það, verður að telja ósennilegt, að hann hafi farið að auka verk sitt fyrir stefnda óbeðið eða jafnvel í óþökk hans. Verður því að taka ummæli hans í þessu efni trúanleg, enda þessi hluti verksins einnig óverulegur í samanburði við verkið allt.

Áður en verkinu lauk, en þá hafði þetta verið framkvæmt: 4 gluggar málaðir undir lökkun, 4 hurðarkarmar sömuleiðis, 4 miðstöðvarofnar ryðhreinsaðir og bronzaðir, 2 loft yfirmáluð tvisvar, 1 loft yfirmálað einu sinni, veggir í 2 herbergjum yfirmálaðar 3var, í einu tvisvar og einu einu sinni, þurfti stefnandi að hverfa frá verkinu til að mála síldarstokka hjá síldarsöltunarstöð Jóns Kjartanssonar h/f, en Magnús Bjarnason, sem kom viðskiptum aðilja á, er einnig tengdur því fyrirtæki.

Þegar þetta hlé hafði staðið í 2 daga, kom eigandi hússins

Hlíðar, Leifur Helgason, að máli við stefnanda og viðhafði ókvæðisorð við hann og sagði honum að hypja sig burt úr húsi sínu, ef hann ekki lyki verkinu strax, enda hefði hann eyðilagt nóg fyrir sér. Þetta atriði er í samræmi við vætti Bjarna Kristjánssonar og viðurkennt af Leifi Helgasyni að öðru leyti en því, að hann telur sig ekki hafa rekið stefnanda burtu. Í framhaldi af þessu varð árekstur milli Leifs og stefnanda í íbúðinni, sem málað var í, og var framkoma Leifs þar ógnandi og ósæmileg gagnvart stefnanda. Hefur Leifur viðurkennt það, en telur sig hafa komið þangað á eftir stefnanda, en ekki á undan, eins og stefnandi heldur fram.

Auk vitnisins Bjarna Kristjánssonar minntist vitnið Guðni Magnús Sveinsson orðaskipta Leifs Helgasonar og stefnanda og óviðurkvæmilegra orðatiltækja Leifs.

Af stefnda hálfu er í málflutningi talið, að árekstrar húseiganda og sækjanda hafi aldrei verið ágreiningsatriði.

Af framansögðu er ljóst, að stefnandi hafði nægar ástæður til þess að hætta við verk sitt á þessu stigi, sem það var þarna.

Varðandi það atriði, að stefnandi málaði loft einu sinni og lagaði málningu á veggjum í þessu fjórða herbergi, hefur hann gefið þá skýringu frá fagmannssjónarmiði, að útilokað sé að ganga ekki svo frá, er hurðarkarmar, gluggaumbúnaður og ofn séu máluð og bronzuð; það rjúki ryk bæði við undirbúning bronzunar á ofni og málunar hinna hlutanna.

Að áskorun stefnda skoðaði dómari þetta fjórða herbergi. Varð ekki séð, að nein eyðilegging hefði átt sér stað þar, en frágangi eftir málun lofts var ekki lokið, þ. e. ekki búið að rétta litaskilin milli veggja og lofts. Dómari getur þessa út frá sínu leikmannssjónarmiði, en hvorugur aðili óskaði mats né skoðunar á verkinu, enda þótt þeim væri á hugsanlega nauðsyn þess bent.

Ekki hefur verið með neinum rökum mótmælt fjárhæð hinnar umstefndu kröfu.

Með vætti Magnúsar Bjarnasonar er ljóst, að viðskipti tókust með aðiljum málsins, og var stefnanda því rétt að krefja inneign sína hjá stefnda. Með sama vætti er sannað, að stefnandi krafði stefnda um hana fyrir milligöngu nefnds Magnúsar, sem hafði milligöngu um, að viðskiptin tókust. Þegar hann fékk ekki kröfu sína greidda, var honum nauðsynlegt að höfða mál þetta.

Ekki er ástæða til að rekja málflutning aðilja, sem var skrif-

legur vegna þess, að báðir aðiljar og umboðsmaður stefnda eru ólöglærð, frekar en fléttazt hefur inn í atvikalýsingu hér að framan.

Af framansögðu telur dómurinn rétt að taka aðalstefnukröfu stefnanda til greina.

Vextir eru rétt ákveðnir 8% p.a., og eftir atvikum þykir rétt að telja þá frá stefnubirtingardegi þann 18. marz 1964 til greiðsludags.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 2.000.00 krónur.

Dóm þenna kvað upp Axel V. Tulinius sýslumaður.

Dómsorð:

Stefndi, Ingimundur Sæmundsson, Hlíð, Eskifirði, greiði stefnanda, Guðmundi Á. Auðbjörnssyni, Eskifirði, kr. 8.210.90 með 8% ársvöxtum frá 18. marz 1964 að telja til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. marz 1965.

Nr. 149/1963. **Ragnheiður Helgadóttir**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Óskari Breiðfjörð Jónssyni og gagnsök
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnulaun. Kyrrsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Finnsson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1963 og fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 374.800.00 eða aðra lægri fjárhæð ásamt

7% ársvöxtum frá 1. október 1961 til 1. janúar 1965 og með 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Loks krefst aðaláfrýjandi þess, að staðfest verði löghaldsgerðin frá 28. júní 1963 til tryggingar kr. 170.000.00 af dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 5. marz 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess aðallega, að honum verði dæmd sýkna af kröfum aðaláfrýjanda, að löghaldsgerðin frá 28. júní 1963 verði felld úr gildi og að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst gagnáfrýjandi þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 18.500.00 án málskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um kr. 60.000.00 greiðslu úr hendi gagnáfrýjanda til aðaláfrýjanda og um staðfestingu löghaldsgerðar. Í héraðsstefnu krafðist aðaláfrýjandi 8% ársvaxta af dæmdri fjárhæð frá 1. október 1961 til greiðsludags, en við munnlegan málflutning í héraði krafðist hann 7% ársvaxta um sama tíma. Verða honum nú dæmdir vextir samkvæmt kröfu hans hér fyrir dómi.

Málskostnaður í héraði til handa aðaláfrýjanda þykir hæfilega ákveðinn í héraðsdómi kr. 7.900.00, og skulu kr. 7.000.00 af þeirri fjárhæð renna til skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda. Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, og greiðist málflutningsþóknun talsmanns aðaláfrýjanda hér fyrir dómi, kr. 6.000.00, úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Óskar Breiðfjörð Jónsson, greiði aðaláfrýjanda, Ragnheiði Helgadóttur, kr. 60.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. október 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo

greiði gagnáfrýjandi og aðaláfrýjanda málskostnað í héraði, kr. 7.900.00, þar af kr. 7.000.00 til skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns. Staðfestist löghaldsgerðin frá 28. júní 1963 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en málflutningsþóknun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 19. október 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 4. þ. m., hefur Ragnheiður Helgadóttir, Álfaskeiði 29, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 1. nóvember 1962, gegn Óskari Breiðfjörð Jónssyni, starfsmanni á Elliheimilinu Grund, Reykjavík, til greiðslu á ráðskonukaupi, að fjárhæð kr. 460.000.00, með 6% ársvöxtum frá 1. október 1961 og málskostnaði að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi fékk gjafsókn í héraði 25. október 1962.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfu sinni þannig, að hún krefst nú greiðslu á kr. 374.400.00 með 7% ársvöxtum, frá sama tíma og áður greinir. Til vara krefst hún annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar.

Til vara, að stefnandi fái tildæmd laun í 2½ ár, miðað við 24.000.00 kr. árslaun, en að frádregnum 75% vegna örorku, og málskostnaður verði látinn niður falla. Til þrautavara, að stefnandi fái tildæmdar kr. 60.000.00 eða í mesta lagi helming skuldlausra eigna, og málskostnaður falli niður.

Hinn 28. júní 1963 lét stefnandi leggja löghald á efri hæð húseignarinnar nr. 29 við Álfaskeið til tryggingar kr. 170.000.00 af framangreindri dómkröfu sinni.

Með stefnu, útgefinni 1. júlí 1963, höfðaði hún síðan mál gegn stefnda, Óskari Breiðfjörð, krafðist staðfestingar löghalds-

ins og að stefnda yrði gert að greiða henni málskostnað að skaðlausu þar með talinn löghaldskostnað.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og að löghaldsgerðin verði felld niður. Þá krefst stefndi þess, að stefnandi verði dæmd til þess að greiða honum bætur vegna fjártjóns, kr. 40.000.00, og málskostnaðar að mati dómsins.

Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga nr. 18/1949 sameinaði dómarinn málin, og voru þau flutt í einu lagi.

Málavextir:

Stefnandi kveðst vera fædd 27. febrúar árið 1900. Árið 1924 giftist hún, en skildi við mann sinn eftir 3½ ár. Eftir skilnaðinn kveðst hún hafa flutzt til Hafnarfjarðar ásamt dóttur sinni, sem er fædd árið 1925. Kveðst hún hafa haft dóttur sína hjá sér til 8 ára aldurs og stundað fiskvinnu. Seint á árinu 1937 kynntist hún stefnda. Bjó stefnandi þá í lítilli íbúð, 1 herbergi og eldhúsi á Lækjargötu 24. Kynni aðilja leiddu til þess, að stefnandi varð barnshafandi og ól son 26. september 1938. Um næstu áramót kveður hún stefnanda hafa flutt til sín í íbúðina. Hann hafi fyrst í stað stundað vinnu utan bæjar, á Seltjarnarnesi, en síðan á Bessastöðum, hjá Björgúlfi lækni. Hann hafi þó jafnan komið heim um helgar. Síðar hafi stefndi fengið vinnu í Raftækjaverksmiðjunni h/f, hér í bæ, og þá flutzt algerlega til stefnanda. Bjuggu þau saman að Lækjargötu 24 í átta ár, að sögn stefnanda, og greiddu enga húsaleigu, en húsnæði þetta var eign bæjarsjóðs.

Stefnandi skýrir svo frá, að þau hafi fengið nýja íbúð að Álfaskeiði 29 hjá Byggingarfélagi alþýðu árið 1947. Þau hafi ekki átt neina peninga sjálf til íbúðarkaupa, en fengið þá hjá bæjarsjóði og Sparisjóði Hafnarfjarðar með ábyrgð bróður stefnanda. Íbúðin hafi verið skráð á nafn stefnda, en hún sé sameign þeirra beggja.

Sambúð stefnanda og stefnda lauk í september 1961, en þá flutti stefndi að heiman. Telur stefnandi, að sambúðarslitin hafi algerlega verið stefnda sök.

Öll þau ár, sem aðiljar bjuggu saman, kveðst stefnandi hafa unnið öll venjuleg húsmóðurstörf. Hún hafi þvegið alla þvotta þar til fyrir 10 árum, er hún varð að ganga undir stóra skurðaðgerð á brjósti. Eftir það hafi stefndi og sonur þeirra aðstoðað við þvottana. Eftir skurðaðgerðina var stefnandi metin 75% öryrki. Þrátt fyrir þetta kveðst stefnandi hafa stundað heimilisstörfin, eins og áður, og hafi stefndi aldrei þurft að kaupa

heimilishjálp. Komi því eigi til greina að lækka kröfur sínar vegna örorkunnar, enda hafi örorkulífeyririnn einatt runnið óskiptur til heimilisþarfa.

Stefnandi hefur lagt fram vottorð frá Sigurrós Sveinsdóttur, formanni Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar í Hafnarfirði, um ráðskonukaup. Segir þar m. a., að barnlausar ráðskonur á heimilum hafi á árunum 1937—1942 haft um kr. 250—350 á mánuði auk fæðis og húsnæðis. Á tímabilinu 1942—1950 hafi þessar ráðskonur haft um 1000—1500 kr. á mánuði, en eftir það kr. 1500—2500, auk fæðis og húsnæðis.

Vottorðið hefur verið tekið gilt sem staðfest.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína um ráðskonukaup þannig:

1939—1942, kr.	300.00 á mánuði í 4 ár	kr.	14.400.00
1943—1950, kr.	1000.00 á mánuði í 8 ár	—	96.000.00
1951—1961, kr.	2000.00 á mánuði í 11 ár	—	264.000.00
		Alls kr.	374.400.00

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi eigi gengið heil til skógar undanfarna áratugi. Hún sé mjög „ójafnvæg andlega" og lítt fær til starfa innan heimilis sem utan, enda hafi tilgreindur geð- og taugalæknir stundað hana áratugum saman.

Ójafnvægi hennar komi m. a. fram í því, að stundum hafi hún viljað sættast við stefnda og undirritað yfirlýsingu um það, en stefndi hafi jafnan viljað fara sáttaleiðina af vorkunnsemi og vinsemd við stefnanda, enda þótt hann telji sig ekki skuldbundinn til þess. Hefur stefndi lagt fram vottfesta yfirlýsingu, dags. 24/11 1962, undirritaða af aðiljum þess efnis, að þau hafi komið sér saman um deiluatriði og að láta mál þetta niður falla. Með yfirlýsingu, dags. 3. desember 1962, afturkallaði stefnandi fyrri yfirlýsingu og fól lögmanni sínum að halda málssókninni áfram.

Þá heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi vegna örorku sinnar lítið sem ekkert getað sinnt heimilisstörfum, og hafi hann orðið að taka verulegan hluta á sínar herðar og jafnframt miða starf sitt við það, að hann þyrfti ekki að fá mat heima. Þannig hafi hann verið í algjöru fæði og þjónustu hjá Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund s.l. tæp 7 ár. Þar áður, meðan hann vann hjá Rafha, hafi hann einnig verið í föstu fæði hjá fyrirtækinu.

Heldur stefndi því fram, að hann hafi þó jafnan lagt heimilinu til nægilegt fé, og hafi stefnandi haft örorkubætur sínar algerlega sem eigið eyðslufé. Áður en þau tóku upp sambúð, hafi stefnandi árum saman þegið framfærslustyrk frá Hafnarfjarðarbæ og verið einn þyngsti ómagi bæjarins.

Íbúðina að Álfaskeiði 29 kveðst stefndi hafa fengið úthlutaða að eigin frumkvæði, og hafi stefnandi engan þátt átt í því né lagt neitt af mörkum. Með tilliti til þess, að hann hafi tekið að sér framfærslu stefnanda og greitt fyrir hana rafmagn og hitakostnað, eftir að hann flutti af heimilinu, sé ósanngjarnt, að honum verði gert að greiða stefnanda ráðskonukaup.

Aðalkröfu sína reisir stefndi á framangreindum ástæðum. Varakrafa stefnda, sem hann setti fram við munnlegan flutning málsins, og stefndi byggir á fyrningu, er ekki á rökum reist, þar sem sambúð aðilja var óslitin frá byrjun, unz henni lauk að fullu. Þrautavarakrafa stefnda er á því byggð, að ekki komi til greina, að stefnandi verði betur sett en ef hún hefði gifzt stefnda.

Lagt hefur verið fram vottorð um örorkulífeyrisgreiðslur stefnanda s.l. 4 ár, sem hér segir: 1958 kr. 9.211.00, 1959 kr. 10.031.00, 1960 kr. 14.030.00, 1961 kr. 15.394.00.

Samkvæmt vottorði Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, dags. 8. marz 1963, hefur stefndi verið í fæði að öllu leyti hjá stofnuninni s.l. 6½ ár. Í vottorðinu segir enn fremur, að allir þvottar fyrir heimili hans hafi verið þvegnir í stofnuninni.

Aðiljar eru sammála um það, að sambúð þeirra hafi byrjað um áramót 1938—9. Stefnandi málsins hafði þá um skeið aðeins haft fyrir sjálfri sér að sjá, en ekki reynzt þess megnug að sjá sér farborða, og varð bæjarfélagið m. a. að leggja henni til íbúð að kostnaðarlausu. Virðast aðiljar hafa búið saman leigulaust í fyrrgreindri íbúð í 8 ár, en ekki notið framfærslustyrks að öðru leyti.

Stefnandi hefur haldið því fram, að hún hafi átt íbúðina á Álfaskeiði 29 að hálfu, en ekki sannað eða gert sennilegt, að svo hafi verið. Er eigi annað fram komið en stefndi hafi einn keypt umrædda íbúð og greitt hana.

Árið 1952 var stefnandi úrskurðuð 75% öryrki, eins og að framan greinir. Atvinnu stefnda virðist hafa verið þannig háttað, að hann hafi að verulegu leyti verið í fæði utan heimilisins, og einnig er fram komið, að stefnandi hafi ekki getað unnið erfiðari heimilisstörf, svo sem þvotta, eftir að hún gekk undir

læknisaðgerð þá, sem áður getur. Enda þótt heimilishald aðilja hafi þannig ekki verið umfangsmikið, verður þó að gera ráð fyrir, að stefnandi hafi unnið ýmis störf fyrir heimilið, eftir því sem heilsa hennar og geta leyfði. Þykir hún eiga nokkurn rétt til launa fyrir það. Við ákvörðun launa til handa stefnanda ber að hafa í huga, að hún var að mestu eða öllu leyti á opinberu framfæri, þegar hún var enn á bezta aldri og starfsorka hennar óskert, svo og starfsorkuskerðingu hennar síðustu 10 árin, sem aðiljar bjuggu saman.

Að öllu því athuguðu, sem að framan greinir, þykja laun stefnanda hæfilega ákveðin kr. 60.000.00.

Eins og áður greinir, lét stefnandi leggja löghald á efri hæð hússins nr. 29 við Álfaskeið 28. júní s.l. Var löghald gert til tryggingar allt að 170.000.00 kr. af kröfum stefnanda, en sú fjárhæð er nettósöluverð umræddrar íbúðar. Taldi stefnandi nauðsynlegt að tryggja kröfu sína vegna sölu stefnda á íbúðinni og hættu á því, að hann skyti eignum sínum undan, áður en dómur félli í málinu, sem hún hafði höfðað út af ráðskonukaupinu.

Stefndi krefst niðurfellingar löghaldsins og bóta fyrir fjártjón, kr. 40.000.00. Bótakrafa þessi er engum gögnum studd.

Þar sem stefnandi hafði réttmæta ástæðu til þess að leggja löghaldið á til tryggingar kröfum sínum, ber að staðfesta löghaldsgerðina, að því er tildæmdar kröfur varðar.

Úrslit málsins verða þá þau, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 60.000.00 með 6% ársvöxtum, eins og krafizt er í stefnu, frá 1. október 1961 til greiðsludags og kr. 7.900.00 í málskostnað.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa, sem stafar af miklum embættisönnum.

Því dæmist rétt vera:

Löghaldsgerð frá 28. júní 1963 staðfestist til tryggingar öllum tildæmdum kröfum.

Stefndi, Óskar Breiðfjörð Jónsson, greiði stefnanda, Ragnheiði Helgadóttur, kr. 60.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1961 til greiðsludags og kr. 7.900.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Löghaldsgerð fógetadóms Hafnarfjarðar 28. júní 1963.

Ár 1963, föstudaginn 28. júní, kl. 1500, var fógetadómur Hafnarfjarðar settur að Álfaskeiði 29 og haldinn af Hermanni G. Jónssyni fulltrúa með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetadómsmálið Ragnheiður Helgadóttir gegn Óskari Breiðfjörð Jónssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 beiðni um löghald.

Af hálfu gerðarbeiðanda er mættur Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, og krefst hann þess, að gerðin fari fram til tryggingar kr. 170.000.00. Ragnheiður Helgadóttir er einnig mætt í dóminum.

Enginn er mættur af hálfu gerðarþola, og fógeti náði í engan til að gæta réttar hans.

Fógeti lýsti því þá yfir eftir kröfu gerðarbeiðanda, að löghald sé lagt á efri hæð húseignarinnar Álfaskeið 29 til tryggingar kr. 170.000.00.

Fógeti ákvað, að gerðarbeiðandi setti tryggingu, að fjárhæð kr. 60.000.00.

Þriðjudaginn 9. marz 1965.

Nr. 40/1965. **María Kristmundsdóttir**
gegn
Sigmundi M. Andréssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal

Kærumál. Frestur veittur til öflunar málsgagna.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. febrúar 1965, sem Hæstarétti barst 22. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Kæra máls þessa er heimil samkvæmt 21. gr., 1. j, laga nr. 57/1962.

Í máli þessu krefst sóknaraðili lögtaks hjá varnaraðilja fyrir ógreiddum framfærslueyri til hennar, að fjárhæð samtals kr. 34.766.67, samkvæmt úrskurði fulltrúa yfirsakadómarans í Reykjavík, uppkveðnum 30. desember 1963, og leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng milli málsaðilja, útgefnu 22. september 1964. Varnaraðili telur yfirvöld eigi hafa farið að lögum, er þau úrskurðuðu meðlagseyri úr hendi hans til sóknaraðilja. Kveðst hann þurfa frest til að afla gagna og leiða vitni til sönnunar tilvikum, er styrki málsstað sinn.

Fulltrúi yfirsakadómara hefur sem handhafi valdstjórnar ákveðið sóknaraðilja framfærslueyri úr hendi varnaraðilja samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1947 og 15. gr. laga nr. 57/1921. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur sömuleiðis sem handhafi valdstjórnar úrskurðað sóknaraðilja framfærslueyri úr hendi varnaraðilja frá útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar að borði og sæng. Dómendur, þar á meðal fógeti, eiga samkvæmt 60. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 dóm um embættistakmörk yfirvalda, þ. e. hvort yfirvöld hafa gætt lagasjónarmiða og lagaskilyrða í starfi sínu.

Fógeta var því rétt að veita varnaraðilja færi á að bera fram samkvæmt framanskráðu varnir gegn úrskurði þeim, er í málinu greinir. Átti fógeti þannig að veita sóknaraðilja tiltekinn frest til öflunar gagna og undirbúnings málflutningi. Fógeti veitti varnaraðilja ótiltekinn frest með úrskurði sínum 9. febrúar 1965. Rétt þykir að staðfesta úrskurð fógeta að því leyti, að varnaraðili fái þriggja vikna frest í málinu frá birtingu dóms þessa.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Varnaraðili, Sigmundur M. Andrésson, skal hafa þriggja vikna frest í málinu frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 9. febrúar 1965.

Gerðarbeiðandi, María Kristmundsdóttir, Rauðagerði 10, hefur krafizt þess, að fram fari lögtak í eignum gerðarþola, Sigmundar Magnúsar Andréssonar, Gnoðarvogi 36, fyrir ógreiddri meðlagsskuld, að upphæð samtals kr. 34.766.67, auk alls kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi innheimtuaðgerðir, þar á meðal þóknun fyrir lögfræðilega aðstoð.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að lögtaksgerðin nái framgangi, og hann hefur krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var, að undangengnum venjulegum lögtaksúrskurðum fógeta, uppkveðnum 31. júlí 1964 og 16. desember s. á., birtum af stefnuvottum, tekið fyrir hinn 8. janúar s.l. Var framgangi lögtaks þá mótmælt, og lagði umboðsmaður gerðarþola fram greinargerð sína hinn 18. janúar. Aðiljar hafa hvor um sig skilað aðiljaskýrslum í máli þessu.

Í réttarhaldi hinn 5. þ. m. mætti Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður af hálfu gerðarbeiðanda og lét bóka, að hann krefðist þess, að gagnaöflun yrði talið lokið og að málið yrði tekið undir úrskurð þegar í stað.

Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, umboðsmaður gerðarþola, lét þá bóka, að hann mótmælti því, að gagnaöflun yrði talið lokið, og krafðist þess, að fá að leiða vitni þau, sem vikið var að í aðiljaskýrslu gerðarþola, og mótmælti því, að málið yrði tekið til munnlegs flutnings.

Samkomulag náðist ekki um atriði þetta, og var það lagt undir úrskurð.

Fyrir liggur í máli þessu sem rskj. 3 úrskurður sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn 30. desember 1963. Þar segir, að hjónin María Kristmundsdóttir og Sigmundur Magnús Andrésson hafi slitið samvistir hinn 3. ágúst 1963 og að þau hafi átt saman 2 börn, fædd 6. apríl 1959 og 1. apríl 1963, og að börnin hafi verið á framfæri konunnar frá samvistaslitum. Samkvæmt kröfu konunnar og með tilvísun til 3. gr. laga nr. 80/1947 og 14. gr. laga nr. 57/1921 er henni úrskurðað meðlag með börnunum, jafnt meðalmeðlagi með óskilgetnum börnum, eins og það er á hverjum tíma, og skulu meðlögin greiðast mánaðarlega fyrirfram 3. hvers mánaðar frá 3. janúar 1964 að telja, en meðlög frá 3. ágúst 1963 þegar fallin í gjalddaga. Þá er konunni úrskurðaður framfærslueyrir frá samvistaslitum samkvæmt 2. gr.

laga nr. 80/1947 og 15. gr. laga nr. 57/1921, kr. 2000.00 á mánuði, og skal hann greiðast fyrirfram mánaðarlega 3. hvers mánaðar frá 3. janúar 1964, en framfærslueyrir frá samvistaslitum er þegar fallinn í gjalddaga. Um innheimtu fer svo sem um innheimtu meðlags með óskilgetnum börnum, og loks er tekið fram, að maðurinn hafi þegar borgað kr. 3.700.00 upp í framangreindar greiðslur.

Þá liggur fyrir leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng, útgefið af dómsmálaráðherra 22. september 1964, sjá rskj. nr. 4. Þar er svo ákveðið, að konan skuli hafa forræði beggja barnanna og maðurinn skuli greiða henni meðalmeðlag með þeim frá og með 1. október 1963 að telja og skuli hann greiða henni kr. 2.500.00 í lífeyri frá útgáfu leyfisbréfsins, meðan skilnaður að borði og sæng vari. Meðlög skulu greiðast fyrirfram 1. hvers mánaðar, en áfallin meðlög þegar í stað.

Hefur konan nú krafizt þess, að lögtök fari fram samkvæmt þessum heimildum báðum, samtals fyrir kr. 34.766.67.

Gerðarþoli bendir á það, að konan hafi yfirgefið heimili þeirra 3. ágúst 1963 án hans vitundar og vilja og tekið börnin með sér. Hann segir, að hún hafi átt alla sök á því, að slitnaði upp úr hjónabandinu, svo og foreldrar hennar. Þá skýrir gerðarþoli svo frá, að sér hafi ekki verið gefinn kostur á því að skýra frá málavöxtum af sinni hálfu, áður en úrskurður gekk í sakadómi, aðeins verið tilkvaddur, til þess að honum yrði birtur úrskurðurinn, og þá kveðst hann hafa mótmælt honum sem röngum með vísan til 15. gr. laga nr. 57/1921. Samkvæmt þeirri grein laga hafi gerðarbeiðandi ekki átt rétt á lífeyrisgreiðslum af hans hálfu, og sé úrskurðurinn gerður á röngum forsendum og að engu hafandi. Sama sé að segja um ákvæði leyfisbréfsins um lífeyrisgreiðslur til gerðarbeiðanda, og sé þar brotið gegn 55. grein laga nr. 39 frá 1921.

Gerðarbeiðandi hefur skýrt svo frá, að hún hafi gengið af heimili þeirra aðiljanna allsendis tilneydd sökum tillitsleysis og geðofsa gerðarþola og ruddaskapar, sem hann hafi sýnt henni.

Þessum staðhæfingum gerðarbeiðanda mótmælir gerðarþoli og staðhæfir, að engin ástæða hafi verið fyrir hana að hverfa af heimilinu. Færir hann fram ýmsar ástæður fyrir staðhæfingu sinni og rekur ýmis atvik og atburði. Hann segist telja nauðsynlegt, að einstakir meðlimir barnaverndarnefndar, sem afskipti hafi haft af deiluefnum þeirra aðiljanna, mæti fyrir rétti sem vitni, ekki hvað sízt vegna þess að lögmaður gerðarbeiðanda

hafi vitnað til þeirra afskipta. Enn fremur vill hann leiða vitni ýmsa þá, sem borið geti um sambúð þeirra og skilnaðarástæður. Hann hefur loks óskað þess við fógetaréttinn, að aflað verði gagna þeirra, sem legið hafi fyrir sakadómi í sambandi við úrskurðinn á rskj. 3, en sjálfur segist hann ekki hafa getað náð þessum gögnum.

Eins og áður segir, hefur gerðarþoli mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar af þeirri ástæðu, að gerðarbeiðandi hafi algerlega að ástæðulausu gengið af heimili aðiljanna, og eigi hún því ekki heimtingu á neinum greiðslum með sjálfri sér úr hendi hans. Þannig séu ákvæði úrskurðar sakadóms og leyfisbréfs um þessar greiðslur alveg óréttmæt, og megi lögtak ekki fara fram. Gerðarþoli hefur lýst því yfir, að hann vilji leiða vitni, sem kunn hafi verið heimili þeirra aðiljanna, svo og hefur hann viljað fá nánari vitneskju um þau gögn, sem lágu til grundvallar úrskurðum um greiðslur af hans hálfu til gerðarbeiðanda.

Ekki er útilokað, að þessi atriði skipti verulegu máli um úrslit lögtaksmáls þessa. Þykir ekki rétt að meina umboðsmanni gerðarþola að koma gögnum af þessu tagi að í málinu, og verður ofangreinum kröfum umboðsmanns gerðarbeiðanda hrundið.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp þenna úrskurð.

Því úrskurðast:

Hafnað er, að svo komnu, kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda um, að mál þetta verði tekið til úrskurðar.

Föstudaginn 12. marz 1965.

Nr. 123/1964. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Guðna Ernst Langer
(Agnar Gústafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 2.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og að svipta ákærða ökuleyfi 3 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 4.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Ernst Langer, greiði 2.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er og sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 4.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. marz 1964.

Árið 1964, fimmtudaginn 12. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli kr. 1673/1964: Ákæruvaldið gegn Guðna Ernst Langer, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 11. febrúar 1964, höfðað gegn ákærða, Guðna Ernst Langer sjómanni, Rauðalæk 3, Reykjavík, fyrir að aka undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 14510 laugardagsnóttina 11. janúar 1964 frá Þjóðleikhúsinu að Laufásvegi 73, hér í borg, en þar kom lögreglan að bifreiðinni um kl. 0345.

Telst þetta varða við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 9. október 1940 í Reykjavík. Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur hann hvorki hlotið ákæru né refsingu.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt laugardagsins 11. janúar 1964, klukkan tæplega 0400, handtóku lögreglumenn ákærða við stýri bifreiðarinnar R 14510, þar sem hún stóð við hús nr. 73 við Laufásveg.

Lögreglu virtist ákærði bera þess merki, að hann hefði neytt áfengis, og í öndunarsýni hans fannst jákvæð samsvörun alkóhóls, 2.—3. stigs.

Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa ekið bifreiðinni R 14510 um götur borgarinnar greint sinn, enda þótt hann hefði áður neytt áfengis og fyndi til áhrifa þess við aksturinn. Ákærði sagðist ekki hafa bragðað áfengi, að akstri loknum, og var sú frásögn hans staðfest af vitni, sem í bifreiðinni var.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, er sýndi reducerandi efni, er samsvara 0.80‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsiákvæða.

Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 1.500.00

króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafizt er í ákæruskjali, og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 2 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Ernst Langer, greiði 1.500.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 2 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. marz 1965.

Nr. 179/1964. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
William Spearpoint (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðabrot. Alþjóðalög. Ómerking og frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Gunnar Ólafsson, bæjarfógeti á Ísafirði, og meðdómendurnir Rögnvaldur Jónsson og Kristján H. Jónsson hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staði togara ákærða, Wyre Vanguard, FD 36, kl. 2359 hinn 20. september 1964 og kl. 0005 21. s. m. Markaði hann þessa staði togarans samkvæmt mælingum varðskipsmanna, en reikn-

aði „með 1½% fjarlægðarskekkju, miðað við 12 sml. fjarlægðarkvarða, ákærða í vil". Í álitsgerð skólastjórans, sem er dags. 18. desember 1964, segir enn fremur svo: „Skekkja sú, sem hér er reiknað með, er miðuð við fjarlægðarnákvæmni, sem framleiðendur ratsjártækis þess, er mælingarnar voru gerðar á, gefa upp fyrir föstu fjarlægðarhringana, en samkvæmt framburði skipherra Óðins var færanlegi fjarlægðarhringurinn nákvæmlega samstilltur þeim föstu, áður en mælingar voru gerðar". Staður togarans kl. 2359 mældist samkvæmt reikningi skólastjórans vera 0.3 sm innan fiskveiðimarkanna, en kl. 0005 um 0.1 sm utan þeirra.

Varðskipsmenn sendu togara ákærða stöðvunarmerkið K með ljósmorsi kl. 0002, en staðarákvörðun togarans var þá ekki gerð. Næsta staðarákvörðun var gerð kl. 0005, en þá var staður togarans samkvæmt framangreindri mörkun skólastjórans fyrir utan fiskveiðimörkin. Þykir vera slík óvissa um stað togarans kl. 0002, að eigi sé sannað, að hann hafi þá verið innan fiskveiðimarka. Taka togarans utan fiskveiðimarka veitir eigi, að svo búnu, að þjóðarétti íslenzkum dómstólum dómsöguvald í máli ákærða. Samkvæmt þessu verður að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu frá dómstólum.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá dómstólum.

Allur kostnaður af sökinni greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 23. september 1964.

Ákærður er William Spearpoint, skipstjóri á brezka togaranum Wyre Vanguard, FD 36, frá Fleetwood, til heimilis að 44 Cambridge Road, Fleetwood, Englandi, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961, um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 og lög nr. 33 19. júní 1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að vera að botnvörpuveiðum á nefndum togara úti af Barða aðfaranótt mánudagsins 21. september 1964 innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961.

Í ákæruskjali er þess krafizt, að ákærði sæti refsingu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, William Spearpoint, er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 14. júlí 1938 í Fleetwood, hefur hvorki sætt ákæru né refsingu hér á landi.

Verjandi krafðist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins og sér yrðu dæmd hæfileg málsvarnarlaun, hvernig sem málið færi.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 20. september 1964, er varðskipið Óðinn var á útleið í Önundarfirði til gæzlustarfa, sáust tvö skip í ratsjánni, er virtust vera grunsamlega nærri landi. Reyndist síðar annað þeirra vera brezki togarinn Wyre Vanguard, FD 36, frá Fleetwood, og voru þessar staðarákvarðanir gerðar á skipinu:

1. Kl. 2343: Kantur Hrafnaskálarnúps, fjarlægð 2.25 sm
   Stytzt í landið að N-verðu — 1.5 —
   Togari r/v 306° — 10.3 —

Gefur þessi mæling stað togarans um 1.8 sm innan fiskveiðitakmarkanna.

2. Kl. 2347: Göltur fjarlægð 4.4 sm
   Barði, N-kantur — 2.25 —
   Togari r/v 306° — — 9.4 —

Gefur þessi mæling stað togarans 1.4 sjómílur innan fiskveiðimarkanna.

3. Kl. 2353: Göltur, fjarlægð 5.5 sm
Barði, N-kantur — 3.4 —
Togari r/v 307.5° — 8.0 —

Þessi mæling gefur stað togarans um 1.1 sm innan fiskveiðimarkanna.

Kl. 2356 var dregið upp flaggstöðvunarmerkið „K".

4. Kl. 2359: Göltur, fjarlægð 6.9 sm
Barði, N-kantur — 5.0 —
Togari r/v 310° — 6.6 —

Samkvæmt þessari mælingu var togarinn um 0.7 sm innan fiskveiðimarkanna.

Mánudaginn 21. september kl. 0002 var gefið stöðvunarmerkið „K" með ljósmorsi.

5. Kl. 0005 var þessi staðarákvörðun:
Göltur, fjarlægð 8.4 sm
Barði, N-kantur — 6.6 —
Togari r/v 313° — 5.25 –

Þessi mæling gefur stað togarans um 0.3 sm innan fiskveiðitakmarkanna.

Um leið var skotið púðurskoti í átt til togarans.

Kl. 0015 var aftur skotið lausaskoti.

6. Kl. 0019 var þessi staðarákvörðun:
Barði, N-kantur, fjarlægð 10.7 sm
Stigi — 14.5 —
Togari r/v 314° — 2.0 —

Þessi mæling gefur stað togarans um 0.5 sm utan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 0026 var enn skotið lausu skoti, og um svipað leyti sást, að togarinn var Wyre Vanguard, FD 36, og að hann var að toga með stjórnborðsvörpu.

7. Kl. 0029.5 var þessi staðarákvörðun gerð við hlið togarans:
Stigi, fjarlægð 16.7 sm
Barði, — 13.4 —
Dýpi 80 metrar.

Þessi mæling gefur stað togarans um 1.3 sm utan fiskveiðitakmarkanna.

Var nú kallað yfir í togarann og honum skipað að nema staðar og draga inn vörpuna. Kvaðst skipstjóri skyldi gera það, en hélt samt áfram að toga.

Kl. 0033 var bátur varðskipsins settur á flot, og var 2. stýrimaður og háseti fluttir um borð í togarann. Voru skipstjóra

gefin fyrirmæli um að bíða á staðnum, þangað til varðskipið skipaði honum að sigla í landvar. Báturinn varð að leggja að togaranum, meðan hann var enn á ferð. Var hann þá að byrja að draga inn vörpuna.

Kl. 0044 kom báturinn aftur að varðskipinu.

Kl. 0123 voru ákærða gefin fyrirmæli um að halda inn í mynni Önundarfjarðar með varðskipinu, og var þá þegar haldið af stað.

Kl. 0230 var numið staðar í Önundarfirði og ákærði sóttur. Var honum tilkynnt, að hann væri kærður fyrir meintar ólöglegar veiðar innan 12 sm fiskveiðimarkanna. Viðurkenndi hann, að hann hefði verið fyrir innan fiskveiðitakmörkin vegna vélarbilunar, en hann hefði kastað vörpunni kl. 0110 eftir brezkum sumartíma í 12.8 sm fjarlægð frá Barða.

Var nú ákærða tilkynnt, að hann yrði að koma með varðskipinu til Ísafjarðar til nánari rannsóknar. Kl. 0400 var haldið áleiðis til Ísafjarðar og komið þangað kl. 0633.

Veður var: A — 5, sjór A — 5, skýjað.

Staðarákvarðanir voru gerðar af 1., 2. og 3. stýrimanni undir umsjón skipherra.

Mælingar voru gerðar með Kelvin Hughes ratsjá og Sperry-Gýró áttavita.

Í dómi eiðfestu yfirmenn varðskipsins vætti sitt.

Í dómi báru þeir og vitni um, að þeir hefðu ekki séð togarann að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, en höfðu talið, að svo væri, sökum þess að mælingarnar sýndu, að hann var á togferð. Einnig kvaðst 2. stýrimaður hafa veitt því athygli, að togarinn hafði togljós uppi. Jafnframt skýrði hann frá því, að um 12 körfur af fiski hefðu verið í vörpunni, þegar hún var dregin inn. Fyrsti stýrimaður varðskipsins skýrði frá því, að toghraði væri 3—4 sm eftir aðstæðum og vélarorku. Skipstjóri bar í dómi, að klukkur varðskipsins og togarans hefðu ekki verið bornar saman.

Ákærði skýrði frá því fyrir dómi, að vélarbilunar hefði orðið fyrst vart kl. 11 og hafi hann þá siglt inn fyrir fiskveiðitakmörkin, en búlkað veiðarfærin áður. Hafi hann verið að hugsa um að fara til Ísafjarðar til viðgerðar. Hann kveðst ekki hafa haft uppi nein merki, sem hefðu sýnt vélarbilun, og kemur það heim við vætti varðskipsmanna. Klukkan um 25 mínútum fyrir eitt eftir brezkum sumartíma, kvaðst hann hafa siglt út með hægri ferð, á um 4—5 sm hraða vegna vélarbilunarinnar. Þó kvaðst hann mundu hafa getað farið hraðar, en ekki á fullri ferð.

Ákærði kvaðst hafa kastað vörpunni kl. 0110 eftir brezkum sumartíma og hefði hann þá verið í 12.8 sm fjarlægð frá Barða í misvísandi NNV og hefði hann þá verið 0.8 sm utan fiskveiðimarkanna. Ákærði kvaðst hafa numið staðar í 10—12 mínútur, þegar hann kastaði vörpunni, en kvaðst síðan hafa siglt í sömu stefnu og áður, þar sem ekki var þörf á að breyta um stefnu, sökum þess að vindur stóð þvert á skipið. Síðan tók hann fram til frekari skýringar, að á þeim tíu til tólf mínútum, sem hann nam staðar, hefði hann losað veiðarfærin úr búlkum, kastað vörpunni og hún sokkið til botns. Ákærði skýrði frá því, að toghraði skips hans væri um 3 sm og gæti ekki náð 4 sm. Hann kvaðst hafa séð stöðvunarmerki Óðins og heyrt skotin, en ekki talið ástæðu til að nema staðar, þar sem hann hafi verið utan fiskveiðitakmarkanna. Ákærði kvaðst ekki hafa borið saman klukkur togarans og varðskipsins.

Bátsmaður togarans, Alexander Taylor, kom í dóm, og var vætti hans á þá lund, að hann hafi verið á verði, er vörpunni hefði verið kastað. Þegar klukkan var 10—15 mínútur yfir eitt eftir brezkum sumartíma, kvaðst hann hafa verið kominn úr hlífðarfötunum og upp á stjórnpall, en vera kynni þó, að hún hefði verið orðin 15—20 mínútur yfir eitt. Sagði hann, að ekki hefði verið breytt um stefnu, þegar vörpunni var kastað. Taldi hann, að skipið mundi hafa legið um kyrrt í 10—13 mínútur, meðan verið var að kasta vörpunni, en ekki kvaðst hann vita, hve lengi var togað. Toghraða skipsins taldi hann vera 2—2½ sm, en kvaðst þó ekki vita það með nákvæmni. Hann skýrði frá því, að veiðarfæri hefðu verið búlkuð og hlerar innanborðs, á meðan skipið var innan fiskveiðimarkanna vegna vélarbilunarinnar.

Vitnið eiðfesti vætti sitt.

Fyrsti vélstjóri togarans, Thomas Snape, kom í dóm.

Kvaðst hann fyrst hafa orðið var við bilun á vél rétt fyrir kl. 11. Kvaðst hann hafa komizt að raun um, að bilunin hafi verið í ventli, sem var fastur vegna sótunar. Taldi hann, að tekið hefði um 1—1½ klukkustund að gera við bilunina, en tímaákvörðunin sé samt ágizkun. Vitnið skýrði frá því, að vörpunni hefði verið kastað um 10 mínútum yfir klukkan 0100 eftir brezkum sumartíma, og hefði þá verið lokið viðgerð á ventlinum. Vitnið kvaðst halda, að toghraði skipsins væri um 4 sm, en hann væri ekki viss um það.

Vitnið eiðfesti vætti sitt.

Varðskipið gaf ákærða kl. 0002 ljósmerkið K um að nema staðar. Kl. 0005 var togarinn samkvæmt staðarákvörðun varðskipsins 0.3 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Ef tekið er tillit til hugsanlegrar skekkju á ratsjá varðskipsins, sem viðurkennd er af framleiðendum slíkra tækja, verður að telja sannað, að togarinn hafi verið innan fiskveiðitakmarkanna, þegar honum var gefið merki um að nema staðar, og þannig hafi verið gætt alþjóðareglu um eftirför eftir erlendum skipum úr fiskveiðilandhelgi út á úthafið.

Í máli þessu verða staðarákvarðanir varðskipsins lagðar til grundvallar.

Skýrsla ákærða um það, að hann hafi kastað vörpunni um 0.8 sm utan fiskveiðitakmarkanna um kl. 0110 eða um kl. 0010—0020 samkvæmt íslenzkum tíma, virðist röng, þegar hún er borin saman við vætti yfirmanna varðskipsins. Dómurinn verður að telja, að svo miklar líkur séu fyrir því, að ákærði hafi verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, að telja verði nægilega sannað, að hann hafi verið að ólöglegum veiðum á þeim slóðum og tíma, sem greinir í skýrslu yfirmanna varðskipsins.

Verður því niðurstaða dómsins sú, að sakfella beri ákærða.

Varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem greind eru í ákæru.

Samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem talin eru í ákæru, og með tilliti til stærðar togarans, 337.86 brúttósmálestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 260.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Wyre Vanguard, FD 36, vera upptæk handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, William Spearpoint, greiði 260.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, tog-

arans Wyre Vanguard, FD 36, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. marz 1965.

Nr. 48/1965. **Ásmundur S. Jóhannsson**
gegn
Híbýlaprýði h/f, Emil Hjartarsyni og Jóni Bjarnasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. febrúar 1965 og krafizt þess, að dómi héraðsdóms verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borizt kröfur né greinargerðir.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. febrúar 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. janúar 1965, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 4. janúar 1965, af Ásmundi S. Jóhannssyni, Vatnabyggð 5 á Akureyri, gegn Emil Hjartarsyni persónulega og f. h. Híbýlaprýði h/f, Hallarmúla, Reykjavík, og Jóni Bjarnasyni, Hringbraut 91, Reykjavík, til greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 31.255.00, útgefins 16. nóvember 1964 af Valbjörk h/f og samþykkts af stefnda Híbýlaprýði h/f til greiðslu í Landsbanka Íslands, hér í bæ, 15. nóvember 1964, en á víxli þessum, sem var afsagður sökum greiðslufalls 17. nóvember 1964, eru stefndu, Emil og Jón, og Valbjörk h/f ábekingar.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 31.255.00, með 9% ársvöxtum frá gjalddaga hans, 17. nóvember 1964, til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun og málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Útgáfudagur víxilsins er 16. nóvember 1964. Dagur sá, sem nefndur er gjalddagi, var því þegar liðinn, og er víxillinn af þeim sökum ógildur, sbr. 1. gr. laga nr. 93/1933. Ber því að vísa máli þessu ex officio frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi.

Mánudaginn 15. marz 1965.

Nr. 206/1964. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Guðjóni Ólafssyni (Tómas Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, stöðvuðu lögreglumenn bifreið ákærða aðfaranótt 16. apríl 1964 og færðu hann á lögreglustöðina í Reykjavík, þar sem framkvæmd var athugun á málavöxtum. Rituðu lögreglumenn þegar skýrslur um þessar aðgerðir. Sigurður Þórhallsson lögregluþjónn, sem ásamt öðrum lögregluþjóni stöðvaði bifreið ákærða, segir í skýrslu sinni, að nokkurn áfengisþef hafi lagt úr bifreiðinni, í henni hafi fundizt tvær hálfs lítra flöskur án merkis Áfengisverzlunar ríkisins, önnur full, en hin með slatta af vodka, ákærði hafi neitað áfengisneyzlu, niðurstaða öndunarprófs ákærða hafi verið þriðja stigs og honum hafi verið tekið blóð til rannsóknar, en ekkert segir í skýrslu þessari um álit lögregluþjónanna á því, hvort ákærði hefði verið með áfengisáhrifum eða ekki. Í skýrslu Guðmundar Kristjáns Hermannssonar lögregluvarðstjóra, sem prófaði ákærða á lögreglustöðinni, segir m. a., að ákærði synji fyrir að hafa neytt áfengis og að hafa verið með áhrifum áfengis við akstur bifreiðar sinnar, að niðurstaða öndunarprófs ákærða hafi verið þriðja stigs, jafnvægi hans stöðugt, súrlykt hafi verið af vitum hans, hann hafi verið voteygur og rauðeygur, greinargóður í frásögn, skýr í málfari, kurteis, en þrætugjarn. Héðinn Skúlason lögregluþjónn ritaði á skýrslu varðstjórans sem vottur. Samkvæmt skýrslu rannsóknarstofu Jóns prófessors Steffensens, dags. 16. apríl 1964, reyndist áfengismagn í blóði ákærða 1.03‰.

Héraðsdómari tók mál þetta til meðferðar í sakadómi hinn 3. júní 1964 og lagði þá fram greindar skýrslur. Kom

þá fyrir sakadóminn einungis ákærði, sem játaði að eiga áfengi það, er í bifreiðinni hafði fundizt, og kvaðst hann hafa flutt það „inn samkvæmt þeirri reglu, að flug- og farmenn hafi með sér flösku". Ákærði kvaðst hafa dvalið á heimili Gunnars Arthurssonar að Efstasundi 12 í Reykjavík frá því um klukkan 1030 að kvöldi hinn 15. apríl 1964 og fram yfir miðnætti, drukkið þar þrjár til fjórar flöskur af áfengu öli, eigi fundið á sér við akstur þaðan, en lítils háttar til áfengisáhrifa, er hann kom á lögreglustöðina í Reykjavík. Eigi var málið prófað frekar, áður en ákæra var gefin út og héraðsdómur upp kveðinn.

Að tilhlutan saksóknara ríkisins hefur framhaldsrannsókn verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms og nokkurra gagna verið aflað.

Hinn 6. janúar 1965 komu lögreglumenn, er í hlut áttu, fyrir dóm og báru vætti samkvæmt eiði sínum. Guðmundur Kristján Hermannsson lögregluvarðstjóri staðfesti skýrslu sína, þá er áður greinir, og kvaðst eigi muna önnur einkenni áfengisáhrifa í fari ákærða en þar er lýst. Sigurður Þórhallsson lögregluþjónn staðfesti og skýrslu sína, sem hann kvað „geyma allar þær upplýsingar, sem" hann gæti „veitt um málið". Hann kvaðst muna það eitt, er bent gæti til þess, að ákærði hefði verið með áhrifum áfengis, að augu hans „voru vot og rauð". Héðinn Skúlason lögregluþjónn staðfesti, að hann hefði ritað nafn sitt sem vottur á skýrslu lögregluvarðstjórans. Hins vegar kvaðst hann „ekki geta komið máli þessu fyrir sig nú, þannig að" hann „gæti veitt neinar frekari upplýsingar". Hinn 8. janúar 1965 kom fyrir dóminn Gunnar Arthursson flugmaður, Efstasundi 12, Reykjavík. Kvað hann ákærða hafa komið heim til sín kl. 9.30 til 10 að kvöldi hinn 15. apríl 1965 og staðið við þar til um miðnætti. Á þessu tímabili neyttu þeir að sögn hans áfengs öls, í álíka mæli og í framburði ákærða greinir.

Samkvæmt bréfi Flugfélags Íslands h/f, dags. 7. janúar 1965, kom ákærði sem flugmaður á vegum félagsins frá útlöndum dagana 4., 9. og 12. apríl 1964. Tollstjórinn í

Reykjavík hefur hinn 25. janúar 1965 vottað, „að samkvæmt starfsfyrirmælum, sem tollvörðum voru gefin í bréfi, dags. 11. nóvember 1959, var svo ákveðið, að við komu frá útlöndum mætti hver maður úr áhöfninni hafa allt að 1 flösku (¾ lítra) af sterku áfengi til eigin nota, en þó aldrei umfram 4 flöskur á mánuði".

Með hliðsjón af því, sem rakið var um ferðir ákærða til útlanda og leyfð vínföng á vegum farmanna, þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu ákærða af ákæru um brot gegn 17. sbr. 33. gr. laga nr. 58/1954. Samkvæmt niðurstöðu áfengisrannsóknar á blóði ákærða og því, sem í ljós er leitt um áfengisneyzlu hans, áður en hann hóf bifreiðarakstur þann, sem mál þetta er af risið, þykir ákærði hins vegar sannur að sök um brot gegn 2. og 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. og 81. gr. laga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. laga nr. 58/1954. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi kr. 3.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber að svipta ákærða leyfi til bifreiðarstjórnar 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Ólafsson, greiði kr. 3.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 10 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, Tómasar Árnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnæggja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 31. október 1964.

Ár 1964, laugardaginn 31. október, var í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sigurgeiri Jónssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 42/1964: Ákæruvaldið gegn Guðjóni Ólafssyni.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dags. 24. júní 1964, gegn Guðjóni Ólafssyni flugmanni, Kópavogsbraut 45 (áður 23) í Kópavogi, fæddum 22. júní 1939, fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 16. apríl 1964 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Y 939 frá Efstasundi 12 í Reykjavík að veitingahúsinu Þórscafé og þaðan eftir nokkra viðstöðu áleiðis heim til sín í Kópavog, unz lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Laugavegi við Laugarnesveg. Í bifreið ákærða fannst ein og hálf flaska af ótollafgreiddu áfengi.

Í ákæruskjali telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 17. gr. og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, til að sæta upptöku á framangreindu áfengi samkvæmt 33. gr. i.f. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Guðjón Ólafsson, er fæddur í Reykjavík 22. júní 1939. Hann hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1957 9/9 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot gegn 27. og 28. gr. bifreiðarlaga.
1959 27/11 í Kópav.: Sátt, 50 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1960 27/12 í Kópav.: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1962 23/5 í Kópav.: Áminning fyrir umferðarlagabrot.

Málavextir eru þeir, að kvöldið 15. apríl 1964 sat ákærði, Guðjón Ólafsson, hjá kunningja sínum, Gunnari Arthurssyni, Efstasundi 12 í Reykjavík, á tímabilinu kl. 10:30 til 12:30 eða eitt. Þar kvaðst ákærði hafa drukkið úr 3—4 dönskum pilsnerflöskum á ca. 2 klukkustundum. Taldi ákærði þetta óhætt, en hann kveðst neyta áfengis bæði lítið og sjaldan. Ákærði ók síðan áleiðis heim til sín í Kópavog, en kom aðeins við hjá Þórscafé „til að sjá, hvað út kæmi, er lokað væri", eins og hann orðaði það. Hann kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa á leiðinni, en viðurkenndi að hafa fundið til lítils háttar áfengisáhrifa, er hann var kominn á lögreglustöðina eftir handtöku. Stuttu eftir að ákærði var farinn frá Þórscafé, var hann stöðv-

aður af lögreglunni í Reykjavík, sem var í eftirlitsferð nálægt Þórscafé, um kl. 0130 aðfaranótt 16. apríl. Við handtöku neitaði ákærði áfengisneyzlu, en blóð var tekið úr honum, og reyndist það við rannsókn innihalda 1.03‰ vínanda. Við handtöku fundust 2 ½-líters flöskur í bifreið ákærða; önnur full af áfengi, en hin með slatta í. Hvorug flaskan var með merkjum Áfengisverzlunar ríkisins. Ákærði, sem er flugmaður í millilandaflugi, gerir þá grein fyrir hinum ótollafgreiddu áfengisflöskum, að hann fái sem flugmaður leyfi tollgæzlumanna til að taka með sér í land úr hverri utanlandsferð flösku af áfengi. Séu því áfengisflöskurnar á allan hátt löglegar. Ákærði kveður áfengislykt hafa verið í bifreið sinni, er hann var handtekinn. Kveður hann það stafa af því, að hann aki stundum félögum sínum, þegar þeir séu að skemmta sér, og sé því stundum neytt áfengis í bifreiðinni, þótt hann geri það aldrei sjálfur. Hafi hann nýlega trakterað kunningja sína á áfengi í bifreiðinni og af því hafi vínlyktin stafað aðallega, og þess vegna hafi flöskurnar verið þar. Ákærði færir sér til sérstakra málsbóta, að hann hafi ekki fundið til áfengisáhrifa, er hann hóf aksturinn, að hann neyti sjaldan og lítið áfengis og að hann hafi haldið, að magn það, sem hann neytti af léttum dönskum pilsner á 2 klukkustunda tímabili, myndi ekki gera hann vanhæfan til bifreiðaraksturs eða valda ólögmætu vínandamagni í blóði hans.

Með eigin játningu ákærða um neyzlu áfengs öls og niðurstöðu blóðrannsóknar er sannað, að hann gat ekki stjórnað ökutæki örugglega samkvæmt skilningi 2. og 3. mgr. 25. gr. laga nr. 26/1958. Gegn neitun ákærða er hins vegar ekki sannað, að hann hafi verið með áfengisáhrifum við aksturinn. Þar sem niðurstaða blóðrannsóknar sker úr um refsinæmi verknaðar ákærða, hefur ekki þótt ástæða til að freista þess að fá úr því skorið með frekari rannsókn, hvort hann hafi verið með áfengisáhrifum við aksturinn, þótt í ákæruskjali sé hann talinn hafa verið það.

Ákærði er flugmaður að atvinnu og stundar utanlandsflug. Alkunna er, að samkvæmt starfsreglum tollgæzlunnar fá flug- og farmenn að taka með sér flösku af sterkum drykkjum og 10 vindlingapakka heim úr hverri utanlandsferð, ef þeir óska þess. Samkvæmt þeirri reglu og vitneskju um starf ákærða þykir verða að taka trúanlegar upplýsingar hans um, hvernig áfengisflöskur þær, sem hann hafði í bifreið sinni, séu fengnar. Er því ekki uppfyllt það skilyrði 17. gr. áfengislaga, — að ætla megi,

að sé ólöglegt —, til að grundvöllur sé fyrir því að skylda ákærða til að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið áfengið. Ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot gegn 17. gr. áfengislaga nr. 58 frá 1954. Eins og að framan greinir, er sannað með niðurstöðu blóðrannsóknar, að ákærði hefur brotið ákvæði 2. og 3. mgr. 25. gr. laga nr. 26/1958. Hins vegar er ekki sannað, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar. Bendir skýrsla lögregluvarðstjóra til hins gagnstæða: Framburður greinargóður, málfar skýrt, jafnvægi stöðugt, framkoma kurteis. Ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot á 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Refsing ákærða fyrir framangreint umferðarlagabrot þykir hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til ríkissjóðs, en til vara varðhald í 10 daga.

Þá er ákærði ákærður til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til að sæta upptöku á áfengi samkvæmt 33. gr. i.f. áfengislaga. Samkvæmt framangreindu ber að sýkna hann af ökuleyfis- og upptökukröfu samkvæmt áfengislögum. Kemur þá til álita krafa um ökuleyfissviptingu samkvæmt 81. gr. umferðarlaga. Ákærði hefur ekki áður gerzt sekur um sams konar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðarstjóri. Málsbætur þær, sem hann færir fram sér til afsökunar og dómaranum er kunnugt, að eru réttar, að því er almenna hegðun varðar, þykja þess eðlis sem 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga á við, er heimild er veitt til að sleppa sviptingu vegna brota á 1. og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. Þykir því mega sýkna hann af kröfu um ökuleyfissviptingu einnig samkvæmt umferðarlögum.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Ólafsson, Kópavogsbraut 45, sæti 3000 króna sekt til ríkissjóðs, en sektin afplánist með 10 daga varðhaldi, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Hann greiði og allan sakarkostnað. Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. marz 1965.

Nr. 30/1964. **Skipaútgerð ríkisins**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík og gagnsök
(Björn Hermannsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Samkvæmt siglingalögum og lögum um tollheimtu naut krafa ríkissjóðs um greiðslu aðflutningsgjalda af uppboðsandvirði innfluttrar vöru forgangsréttar gegnt kröfu farmflytjanda um flutningsgjald o. fl. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1964 og krafizt þess, að honum verði dæmdur forgangsréttur til uppboðsandvirðis eldavéla, sem seldar voru á uppboði 28. marz 1962, fyrir kr. 62.834.00 ásamt 8% ársvöxtum af dæmdri fjárhæð frá 28. marz 1962 til greiðsludags og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir uppboðsdómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. marz 1965, áfrýjað málinu með stefnu sama dag. Gerir hann þessar kröfur:

Aðalkrafa: Að allt uppboðsandvirði eldavéla þeirra, sem í málinu greinir, kr. 202.912.50, að frádregnum uppboðskostnaði, kr. 144.44, þ. e. kr. 202.768.08, gangi til lúkningar aðflutningsgjöldum af eldavélunum, kr. 254.023.00, og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir uppboðsdómi og Hæstarétti.

Varakrafa: Að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn 12. marz 1965, þá er Dómsmálaráðuneytið veitti leyfi til gagnáfrýjunar máls þessa, voru meira en þrír mánuðir liðnir frá uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar. Brast

ráðuneytið því lagaheimild til að veita áfrýjunarleyfið, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1949 og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962. Verður því sjálfkrafa að vísa aðalkröfu gagnáfrýjanda frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi krafðist sem farmflytjandi og vörzluhafi samkvæmt 160. gr. laga nr. 56/1914 uppboðs á eldavélum þeim, sem í máli þessu greinir. Ákvæði 160., 235. og 244. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og 28. gr. og 29. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit þykir eiga að skýra þannig, að krafa ríkissjóðs um aðflutningsgjöld njóti á eftir kostnaði af uppboðinu sjálfu forgangsréttar til uppboðsandvirðis á uppboði sem því, er að framan greinir, enda leiða lagarök eigi til þess, að haldsréttur sá, sem farmflytjandi og vörzluhafi slíkra vara hefur í þeim gegnt eiganda þeirra eða tilkallsaðilja, geti haggað rétti ríkissjóðs samkvæmt framanskráðum lögum. Samkvæmt því, er nú var sagt, ber að staðfesta úrskurð uppboðshaldara, sem eigi hefur verið gagnáfrýjað réttilega.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnsök máls þessa er vísað frá Hæstarétti.

Hinum áfrýjaða úrskurði á að vera óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 21. janúar 1964.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 20. janúar s.l., hefur sóknaraðili, Skipaútgerð ríkisins, krafizt þess, að honum verði úrskurðaður forgangsréttur til uppboðsandvirðis eldavéla, er seldar voru á uppboði 28. marz 1962, fyrir kr. 62.834.06 ásamt 8% ársvöxtum frá 28. marz 1962 til greiðsludags svo og málskostnaður að mati réttarins.

Varnaraðili, tollstjórinn í Reykjavík, gerir hins vegar þær réttarkröfur, að allt uppboðsandvirði eldavéla, sem seldar voru á uppboði 28. marz 1962, gangi með forgangsrétti næst á eftir uppboðskostnaði til lúkningar aðflutningsgjöldum af vélunum,

kr. 254.023.00, með 8% ársvöxtum frá 28. marz 1962 til greiðsludags svo og málskostnaði eftir mati réttarins og að upphæðir þessar verði að öllu leyti greiddar á undan kröfum sóknaraðilja.

Með bréfi, dags. 1. marz 1962, óskaði sóknaraðili, Skipaútgerð ríkisins, opinbers uppboðs á ofangreindum eldavélum til lúkningar kröfum, að fjárhæð kr. 59.049.37. Kröfur þessar sundurliðaði hann þannig:

Flutningsgjald, uppskipunar- og hafnargjöld fyrir 122 cl. rafmagnseldavélar	kr.	19.531.10
Vextir í 510 daga (10% p. a.)	—	2.766.91
Geymslugjald fyrir þann hluta sendingarinnar (62 cl., samt. 922 tenf.), sem geymdur er í vöruskemmu Skipaútgerðar ríkisins, frá 1/10 1960 til 1/3 1962	—	18.359.91
Geymslugjald fyrir þann hluta sendingarinnar (60 cl., samt. 900 tenf.), sem geymdur er í húsi Ungmennafélags Íslands við Holtaveg frá 1/10 '60 til 1/3 '62	—	17.892.00
Umsjón með geymslunni við Holtaveg	—	500.00
Samtals	kr.	59.049.37

Undir rekstri málsins breytti sóknaraðili kröfum sínum til hækkunar í kr. 62.824.06. Kemur sundurliðun þeirra eftir breytinguna fram í rskj. 8 og 9 og er þannig:

Flutningsgjald fyrir 122 cl. rafmagnseldavélar, sem fluttar voru með m/s Heklu frá Bergen til Reykjavíkur í september 1960. Farmbréf nr. 17. Komudagur til Reykjavíkur 14/9 1960, 1822 rúmfet á 3/3 shillings á kr. 3.173.00 ..	18.788.90	
Uppskipun á 1.35 hvert rúmfet	2.459.70	
Hafnargjöld	148.50	kr. 21.397.10
Vextir í 554 daga (10% p. a.)	—	3.005.88
Geymslugjald fyrir þann hluta sendingarinnar (62 cl., samt. 922 tenf.), sem geymdur var í vöruskemmu Skipaútgerðar ríkisins frá 1/10 1960 til 28/3 1962 incl., samkvæmt gjaldskrá kr. 0.28 hvert tenf. per viku (fyrstu tvær vikurnar þó aðeins ½ þessi taxti)	—	19.362.00

Geymslugjald fyrir þann hluta sendingarinnar (60 cl., samt. 900 tenf.), sem geymdur var í húsi Ungmennafélags Reykjavíkur við Holtaveg frá 22/10 '60 til 1/3 '62, skv. ofangr. taxta ÷ fyrir sérstaka umhirðu, ...	17.388.00		
af því að húsið var með grunnleka ..	500.00	—	16.888.00
Umhirðugjald til Sigríðar Ingimundard.		—	500.00
Geymslugjald fyrir þær vélar, sem voru í Ungmennafélagshúsinu þann tíma, sem þær voru í vörugeymslu Skipaútgerðarinnar, eða frá 1/10 til 22/10 '60 og frá 1/3 til 28/3 '62		—	1.536.64
		Samtals kr.	62.689.62

Kaupgreiðslur til tveggja manna vegna aðstoðar við nauðungaruppboð á 122 cl. eldavélum hinn 28/3 1962, frá kl. 1300 til kl. 1600. Samtals 6 klst. á 22.74 ..		—	136.44
Orlof 6%		—	8.00
		Samtals kr.	144.44

Varnaraðili, tollstjórinn í Reykjavík, beiddist opinbers uppboðs á nefndum eldavélum með bréfi, dags. 19. marz 1962, til lúkningar aðflutningsgjöldum auk alls kostnaðar við uppboð samkvæmt heimild í 28. gr. laga nr. 68/1956.

Kröfu sína sundurliðaði hann þannig í upphafi:

Vörumagnstollur	kr.	577.00
Verðtollur	—	40.157.00
Rafmagnseftirlitsgjald	—	1.920.00
Tollstöðva- og byggingasjóðsgjald	—	853.00
Innflutningssöluskattur	—	53.052.00
Innflutningsgjald	—	141.471.00
Viðskiptasöluskattur	—	17.058.00
	Samtals kr.	255.088.00

Við endurupptöku málsins 20. janúar s.l. breytti hann þessari

kröfu sinni til lækkunar í kr. 254.023.00, og sundurliðast hún að orðinni þessari breytingu á þann veg:

Vörumagnstollur	kr.	577.00
Verðtollur	—	39.947.00
Rafmagnseftirlitssgjald	—	2.081.00
Tollstöðva- og byggingarsjóðsgjald	—	831.00
Innflutningssöluskattur	—	52.803.00
Innflutningsgjald	—	140.807.00
Viðskiptasöluskattur	—	16.977.00
Samtals	kr.	254.023.00

Samkvæmt framangreindum sölubeiðnum var auglýst uppboð í öllum dagblöðum bæjarins og haldið, eins og fram kemur hér að framan, 28. marz 1962.

Á uppboðinu kom fram ágreiningur um skiptingu uppboðsandvirðis vélanna, og fengu aðiljar frest um óákveðinn tíma til að tjá sig um hann í greinargerðum.

Málið var næst tekið fyrir 5. júní s.l., og loks eftir endurupptöku þess endanlega tekið til úrskurðar 20. þ. m., eins og áður segir:

Umræddar eldavélar, eitt hundrað að tölu, voru eign skuldafrágöngudánarbús Stefáns Runólfssonar. Þær voru keyptar í Noregi hjá Gerpa og Mjelva Fabrikker fyrir norskar kr. 42.500.00 (fob-verð) og virðast hafa verið greiddar fyrir milligöngu Den Norske Creditbank í Osló. Þær voru fluttar hingað til lands frá Bergen með m/s Heklu, sem kom til Reykjavíkur 14. september 1960.

Þannig var um vélarnar búið, að öll sendingin var í 122 kössum. Í 100 kössum voru vélarnar sjálfar, í 20 kössum bakstykki þeirra og í 2 ýmsir aðrir fylgihlutir.

Fljótlega eftir að vélarnar komu til landsins, varð að samkomulagi milli sóknaraðilja og Stefáns Runólfssonar, að 60 kassar, sem innihéldu vélar og bakstykki, væru fluttir úr vörugeymslu sóknaraðilja í húsnæði í húsi Ungmennafélags Reykjavíkur við Holtaveg, hér í borg. Segir sóknaraðili, að þetta hafi verið gert fyrir beiðni Stefáns, sem hafi látið í ljós ótta um skemmdir á vélunum í vörugeymslum sóknaraðilja. Ef til vill hafi hann líka gert sér vonir um minni geymslukostnað í Ungmennafélagshúsinu vegna tengsla sinna við það félag.

Sóknaraðili virðist samkvæmt þessu hafa flutt umrædda 60

kassa í Ungmennafélagshúsið 1. október 1960. Fékk hann í hendur lykla að geymsluhúsnæði þessu, en auk hans hafði Sigríður Ingimundardóttir, gæzlukona hússins, lykla að því. Hinn 1. marz 1962 flytur sóknaraðili vörur þessar burt úr umræddri geymslu í sínar eigin vörugeymslur, enda var þá talið, að þær lægju undir skemmdum, sökum þess að vatn hafði gengið inn í húsnæðið. Sóknaraðili greiddi þrotabúi Ungmennfélags Reykjavíkur 27. ágúst 1962 kr. 16.888.00 í leigu fyrir ofangreint geymsluhúsnæði, en það er sama fjárhæð og hann krefst að fá greidda af uppboðsandvirði vélanna fyrir geymslu þess hluta þeirra, sem var í Ungmennafélagshúsinu.

Heildarsöluverð hinna seldu eldavéla á uppboðinu var kr. 228.-300.00 og nettóandvirði þeirra kr. 202.912.50, að frádregnum uppboðskostnaði, sem fram var kominn, þegar uppgjör (sbr. rskj. 12) fór fram.

Kröfur sínar í máli þessu byggir sóknaraðili á því, að hann eigi samkvæmt siglingalögum nr. 56/1914, sbr. einkum 159. og 160. gr. þeirra, svo og almennum reglum og lagarökum forgangsrétt til greiðslu krafna sinna af uppboðsandvirðinu. Hann hafi haft haldsrétt í vélunum og selt þær án mótmæla sem haldsréttarhafi og samkvæmt þeim reglum, sem um haldsrétt gilda. Hann telur það vera meginreglu, að haldsréttarkröfur gangi fyrir öllum öðrum kröfum og gildi þetta einnig gagnvart lögveðskröfum vegna aðflutningsgjalds. Líta verði svo á, að hann hafi auk lögveðréttar vegna flutnings á vélunum haldsrétt í þeim. Hann bendir sérstaklega á 162. gr. siglingalaga, er skilja beri þannig, að farmgjald gangi fyrir aðflutningsgjöldum. Auk þessa leiði það til sömu niðurstöðu, að farmgjaldið falli á farminn þegar við móttöku hans í skip, en aðflutningsgjöldin ekki fyrr en hann kemur hingað til lands. Kröfu sína vegna geymslu varanna telur hann vera óumdeilanlega haldsréttarkröfu og bendir á því til stuðnings, að geymsla þeirra sé m. a. gerð fyrir varnaraðilja, þar sem hann myndi ella hafa orðið að geyma þær sjálfur og þá væntanlega komið til sami geymslukostnaður.

Hann mótmælir því, að haldsréttur sinn fyrir geymslukostnaði þess hluta umræddrar vöru, er geymdur var í húsi Ungmennafélags Reykjavíkur, hafi fallið niður. Hann hafi haft full umráð yfir vörunni allan tímann, sem hún var þar, enda tekið hana þaðan og flutt í eigin geymslu, þegar honum sýndist.

Þá mótmælir hann því, að aðflutningsgjöld af umræddum

eldavélum verði við annað verð miðuð en uppboðsandvirði vörunnar.

Varnaraðili byggir kröfur sínar fyrst og fremst á lögum nr. 68/1956 um tollheimtu- og tolleftirlit. Hann vísar til ýmissa ákvæða þeirra laga, svo sem 27., 28., 29. og 33. gr., sem hann telur sýna ótvíræðan forgangsrétt aðflutningjalda fyrir öðrum kröfum. Enn fremur kveður hann þetta leiða af venjuhelgaðri framkvæmd, enda sé það alþjóðaregla, að tollar séu látnir ganga fyrir farmgjöldum. Í greinargerð mótmælti hann kröfu sóknaraðilja á þeim grundvelli, að farmskírteini lægi ekki fyrir, en féll frá þeirri málsástæðu í munnlegum flutningi málsins.

Að því er varðar geymslu- og umhirðukostnaðinn, mótmælti hann því, að honum fylgdi haldsréttur í margnefndum vélum, og auk þess á þeim grundvelli, að kostnaður væri tvítalinn.

Loks mótmælti hann vöxtum (10%) af farmgjaldskröfu sóknaraðilja sem of háum.

Eins og að framan er rakið, telur sóknaraðili sig eiga forgangsrétt til uppboðsandvirðis margnefndra eldavéla, m. a. til lúkningar flutningskostnaði, uppskipunarkostnaði og hafnargjöldum, samtals að fjárhæð kr. 21.397.10, auk 10% vaxta af þeirri fjárhæð í 554 daga, kr. 3005.88, eða að því er virðist fyrir tímabilið frá 14. september 1960 til 28. marz 1962.

Í 11. kafla, 235. gr., laga nr. 56/1914 segir: „Þær kröfur, sem kröfuhafi á sjóveðrétt fyrir eftir þessum kapitula (sjókröfur), eiga forgangsrétt í veðinu næst eftir opinber gjöld, sem á veðinu hvíla, en ganga fyrir öllum skuldum öðrum."

Þetta ákvæði verður varla skilið á annan hátt en þann, að aðflutningsgjöldum til ríkissjóðs sé veittur forgangsréttur fyrir öllum þeim kröfum, sem greinir í 244. gr. sömu laga, þ. á m. farmgjaldi, uppskipunarkostnaði og hafnargjöldum. Þykir því verða að líta svo á, að þessi hluti kröfu sóknaraðilja víki fyrir kröfu varnaraðilja, og sætir vaxtakrafa hans, að því er þenna lið varðar, að sjálfsögðu sömu örlögum.

Eins og rakið er hér að framan, voru margnefndar eldavélar í geymslu hjá sóknaraðilja sumpart í eigin geymslum og sumpart í geymslu í húsi Ungmennafélags Reykjavíkur, sem hann virðist hafa haft full umráð yfir og greiddi síðar leigu fyrir, sbr. rskj. nr. 13. Geymsla þessi var óslitin, allt frá því að vélarnar komu til landsins og þar til uppboðið fór fram.

Með vísan til þessara atvika, sýnast ekki vera efni til þess

að líta öðrum augum á geymslu þeirra 60 kassa, sem ekki voru allt tímabilið í eigin geymslum sóknaraðilja, en hinna.

Rétturinn lítur svo á, að ofangreind varðveizla eldavélanna hafi verið nauðsynleg og væntanlega til hagsbóta fyrir alla, sem hagsmuna áttu að gæta. Virðast því þær aðstæður hafa verið fyrir hendi, að löglegur haldsréttur gæti skapazt.

Þóknun til Sigríðar Ingimundardóttur er samkvæmt rskj. nr. 8 innifalin í geymslugjaldinu fyrir þann tíma, sem umrædd vara var í Ungmennafélagshúsinu. Hvorki þessi þóknun né geymslugjaldið sjálft virðist tvítalið, og hafa mótmæli varnaraðilja um það efni því ekki við rök að styðjast.

Sóknaraðili hefur mótmælt því, að aðflutningsgjöld séu í útreikningi miðuð við annað verð en uppboðsandvirði eldavélanna.

Mótmælum þessum verður að hafna, þar sem þau virðast ekki hafa við lög að styðjast.

Hann hefur hins vegar ekki, síðan varnaraðili breytti kröfum sínum í það horf, sem fram kemur í rskj. nr. 30, mótmælt því, að þær séu réttilega reiknaðar, og verður fjárhæð þeirra því lögð til grundvallar í úrlausn málsins. Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að af uppboðsandvirði margnefndra eldavéla, kr. 202.912.50, skal fyrst greiða kr. 144.44, sem er kaup tveggja starfsmanna sóknaraðilja, er unnu við uppboð. Kröfu þessari er ómótmælt, enda er um eðlilegan uppboðskostnað að ræða. Síðan ber að greiða geymslukostnað sóknaraðilja, kr. 38.786.64, ásamt 8% ársvöxtum frá 28. marz 1962 til greiðsludags, og loks skulu eftirstöðvarnar ganga til lúkningar kröfu varnaraðilja, eftir því sem til hrekkur.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þórhallur Pálsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Af uppboðsandvirði ofangreindra eldavéla, kr. 202.912.50, skal fyrst greiða sóknaraðilja uppboðskostnað, kr. 144.44, og geymslukostnað, kr. 38.786.64, ásamt 8% ársvöxtum frá 28. marz 1962 til greiðsludags.

Eftirstöðvar uppboðsandvirðis greiðist varnaraðilja upp í aðflutningsgjöld.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 24. marz 1965.

Nr. 7/1964. **Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu f. h. sýslusjóðs**
(Axel Einarsson hdl.)
gegn
Páli Kristjánssyni og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fasteignamál. Riftun samnings um jarðhitaréttindi og landspildur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1964. Krefst hann sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 22. janúar 1964. Gerir hann þær dómkröfur, að samningur aðilja „um jarðhitaréttindi o. fl. á jörð gagnáfrýjanda, Reykjum á Reykjabraut í Austur-Húnavatnssýslu, dags. 17. ágúst 1945, verði dæmdur fallinn niður, þar með talin kvöð á nefndum réttindum samkvæmt yfirlýsingu þáverandi eiganda jarðarinnar, dags. 21. marz 1914, og að öll jarðhita- og önnur réttindi til lands og vatns, er seld voru og afhent frá nefndri bújörð gagnáfrýjanda með framangreindum samningi og yfirlýsingu, verði dæmd fullkomin og kvaðalaus eign gagnáfrýjanda, allt gegn greiðslu af hálfu gagnáfrýjanda á kr. 32.500.00 án vaxta". Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu f. h. sýslusjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Páli Kristjánssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadóms Húnavatnssýslu 10. október 1963.

Mál þetta hefur Páll Kristjánsson, bóndi að Reykjum á Reykjabraut í Torfalækjarhreppi, höfðað á hendur sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu f. h. sýslufélagsins með stefnu, útgefinni 31. janúar 1959.

Eru dómkröfur hans á þá leið, *að* samningur hans við stefndu um jarðhitaréttindi o. fl. á bújörðinni Reykjum á Reykjabraut, dagsettur 17. ágúst 1945, verði dæmdur fallinn niður, þar með talin kvöð á nefndum réttindum samkvæmt yfirlýsingu þáverandi eiganda bújarðarinnar frá 21. marz 1914, og að öll jarðhitaréttindi og önnur réttindi til lands og vatns, er seld voru og afhent frá nefndri bújörð stefnanda með framangreindum samningi og yfirlýsingu verði dæmd fullkomin og kvaðalaus eign stefnanda, allt gegn greiðslu af hans hálfu á kr. 32.500.00 án vaxta. Hann krefst þess enn fremur, *að* stefndu verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefnda, sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, hefur krafizt þess f. h. sýslufélagsins, *að* dómkröfum stefnanda verði hrundið í hverri grein og *að* honum verði gert að greiða málskostnað.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram hinn 16. september s.l.

Hinn 15. maí 1959 var mál þetta þingfest í aukarétti Húnavatnssýslu, og í sama þinghaldi kvað Guðbrandur Ísberg sýslumaður upp úrskurð þess efnis, að hann viki sæti í málinu. Hinn 19. sama mánaðar skipaði Dómsmálaráðuneytið Kristin Ólafsson lögfræðing til þess að vera setudómari í málinu. Hinn 14. september sama árs kvaddi setudómarinn þá Sigurgeir Guðmundsson byggingafræðing og Svein Torfa Sveinsson verkfræðing til þess að fara með mál þetta og dæma ásamt sér. Kristinn Ólafsson andaðist á árinu 1961, og var þá Þorsteinn Thoraren-

sen lögfræðingur skipaður setudómari í málinu, og hefur hann ásamt nefndum meðdómsmönnum farið með málið og lagt á það dóm þenna.

Um tafir þær, sem orðið hafa á því, að dómur næði fram að ganga í máli þessu, vísast bæði til þess, sem hér að framan segir, og enn fremur hafa ýmiss konar forföll dómara og umboðsmanna að höndum borið svo og annríki við önnur störf.

Forsögu máls þessa hefur á því, að hinn 21. marz 1914 gefur þáverandi bóndi á Reykjum á Reykjabraut, Kristján Sigurðsson, faðir stefnanda máls þessa, út yfirlýsingu, þar sem hann leggur „kvaðir á eignarjörð mína Reyki á Reykjabraut, þannig að þær eru hér eftir óbreytanlegar af eiganda eða umráðamanni jarðarinnar, hver sem hann kann að verða", svo sem segir í yfirlýsingunni, sem lögð er fram sem dskj. 16 í málinu. Kvaðirnar eru þær, að sýslunefndin í Austur-Húnavatnssýslu skal hafa frjáls afnot af 1) „hinu forna sundlaugarstæði" eða landi, sem þarf til að gera „fyrirhugaðan" sundpoll, 2) landi undir skýli á hentugum stað við sundlaugarpoll, 3) vatni úr Reykjalaug og bæjarlæk, nægilegu til þess að gera sundpollinn nothæfan, og 4) a.m.k. 600 ferföðmum lands fyrir leikvöll, sem verði ákveðinn staður með samkomulagi í eitt skipti fyrir öll, og skuli sýslunefnd sjá um, að glögg merki verði sett um völl þenna og þeim haldið við. Þessar kvaðir skulu vera endurgjaldslausar, en þó því skilyrði bundnar, „að sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu annist um og ábyrgist, að hinn umræddi sundpollur sé nothæfur á hverju vori til sundkennslu".

Það kemur fram í málinu, að undir og um lok áratugs 1930—40 vaknar í héraði nokkur hreyfing til að nýta jarðhita þann, sem er til staðar að Reykjum, í meira mæli en verið hafði, jafnvel mun það hafa vakað fyrir ýmsum, að þar risi upp skólahverfi og héraðsskóli Austur-Húnvetninga. Í máli þessu liggur fyrir bréf, sem 3 sýslunefndarmenn, til þess kvaddir af sýslufundi, sbr. sýslufundargerð 1941, dskj. 28, hafa ritað Páli Kristjánssyni. Bréf þetta er dagsett 3. desember 1941 og lagt fram í máli þessu sem dskj. 23. Er þar spurzt fyrir um það, hvort Páll vilji selja sýslufélaginu bújörð sína, Reyki, og þá með hverjum kjörum. Nefndarmenn þessir segjast hafa orðið sammála um að leggja til, að sýslufélagið kaupi jörð þessa og leiti eignarnámsheimildar. Er Páll beðinn að svara þessu erindi bréflega í síðasta lagi 20. desember.

Það framgengur af sýslufundargerð ársins 1942, dskj. nr. 28,

að svar við síðastnefndu bréfi hafði borizt frá Páli Kristjánssyni, og ályktaði sýslufundur, að lágmarksverð það, sem þar hafði verið sett upp, væri óaðgengilegt.

En endurrit af aðalfundargerð sýslunefndar 1945 ber með sér, að fyrir fundinum lá tilboð frá eiganda Reykja um sölu á takmörkuðum jarðhita o. fl. á landareigninni, og var gerð ályktun í málinu, þar sem segir orðrétt, að þar „beri að reisa heimavistarskóla fyrir börn í þágu þeirra hreppa sýslunnar, sem telja sér það hagkvæmt. Enn fremur, að þar verði starfrækt sund- og íþróttakennsla og önnur sú menningarstarfsemi, er telja má, að sé þar vel staðsett". Þá skyldi leita eftir tilboði frá eiganda Reykja um söluverð jarðhita og landsnytja. Á aukafundi sýslunefndar árið 1945 lá fyrir tilboð Páls Kristjánssonar, og var það samþykkt, og nefnd kjörin til þess að ganga frá kaupsamningi.

Þessi samningur komst á hinn 17. ágúst 1945 og er í heild á þessa leið, svo sem hann er lagður fram í máli þessu sem dskj. nr. 3:

„Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu f. h. sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu, hér á eftir nefnd kaupandi, og Páll Kristjánsson, bóndi á Reykjum á Reykjabraut, hér á eftir nefndur seljandi, gera svofelldan

kaupsamning:

1. Seljandi, Páll Kristjánsson, selur og afsalar til sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu öllum jarðhitaréttindum jarðarinnar Reykja á Reykjabraut með eftirfarandi skilyrðum og að undanskildum þeim jarðvatnshitaréttindum, sem nánar eru tilgreind í kaupsamningi þessum.

2. Kaupandi tekur ábyrgð á, að komið verði upp skóla að Reykjum eða annarri menningarstarfsemi fyrir sýsluna, og tekur enn fremur varanlega ábyrgð á, að slíkri menningarstarfsemi verði viðhaldið, svo fremi að eigi breytist nytjunarskilyrði jarðhitavatnsins til hins lakara. Þessi ábyrgð hvílir á kaupanda, þótt hann framselji öðrum jarðhitavatnsréttindin eða annað, sem í kaupsamningi þessum felst. Kaupandi ábyrgist, að umræddri menningarstarfsemi verði komið upp að Reykjum innan 10 — tíu — ára frá dagsetningu kaupsamnings þessa.

3. Í kaupi þessu er undanskilið nægilegt jarðhitavatn til fyllstu upphitunar íbúðarhúss jarðarinnar (25 gráður). Enn fremur er undanskilið í kaupinu nægilegt jarðhitavatn til ann-

arra heimilisnota, svo sem upphitunar sæmilega vandaðs hænsnahúss fyrir allt að 75 hænsni, allra þvotta o. s. frv. Verði ágreiningur um það vatnsmagn, skal úr því skorið með mati. Þá er og tilskilið, að borholur verði ekki grafnar nær íbúðarhúsi eða sambyggðum húsum við það en 10 — tíu — metra.

4. Komi fram við rannsókn meira vatn en kaupandi þarf að nota, er jarðeiganda heimilt að nota það vatn, sem umfram er, án endurgjalds, meðan það er ekki tekið til notkunar af kaupanda eða öðrum rétthafa samkvæmt samningi við hann.

5. Í kaupinu er innifalið landsvæði, ca. 4.5 — fjórir og hálfur — hektari að stærð, austanvert við túnið á Reykjum, sýnt á lauslegum uppdrætti, er kaupandi hefur fengið. Enn fremur fylgir landsvæði fyrir leikvöll, ca. 2.5 — tveir og hálfur — hektari. Loks fylgir landsvæði til ræktunar, ca. 2.9 — tveir og 9/10 — ha að stærð, vestan Svínavatns, að landamerkjagirðingu neðan vegarins. Veiðiréttur í Svínavatni er þó undanskilinn. Kaupandi skuldbindur sig til að setja fjárheld girðingu vestan ræktunarlóðarinnar meðfram Svínvetningabraut á næsta vori, enda falli þá til lóðarinnar girðing sú án endurgjalds, sem nú er sunnan hennar. Er seljanda heimilt að nota land þetta, þar til hafin er ræktun á því af kaupanda eða öðrum rétthafa samkvæmt samningi við hann.

6. Selji kaupandi eitthvað af landi því, er hann eignast samkvæmt ákvæðum 5. greinar, eða hitaréttindum þeim, er hann eignast samkvæmt 1. grein, skal seljandi eiga forkaupsrétt að því landi eða þeim hitaréttindum, að frágengnum lögmæltum forkaupsréttarhöfum.

7. Verði væntanlegar byggingar á Reykjum, sem kaupandi eða aðrir samkvæmt samningi við hann láta reisa, aðnjótandi raforku, áskilur seljandi sér rétt til að fá raforku til heimilisnota fyrir kostnaðarverð. Enn fremur áskilur seljandi sér rétt til þess að sitja fyrir sölu innlendra afurða til skólastofnunar eða annarrar starfrækslu á Reykjum að öðru jöfnu. Kaupandi tekur ábyrgð á, að ákvæði þetta haldist, þótt hann framselji öðrum þau réttindi, er felast í kaupsamningi þessum.

8. Kaupandi lætur gera bílfæran veg að núverandi sundlaug, og heimilast seljanda umferðarréttur um þann veg, og sé hann lagður norður fyrir laugarlækinn þannig, að seljanda sé sem auðveldast að framlengja hann heim að íbúðarhúsi jarðarinnar. Jafnframt fær kaupandi til afnota 6 — sex — metra breiða skák sunnan laugarinnar og 1.5 — einn og hálfan —

metra að norðan og austan. Skal svæði þetta girt með ca. 1.5 — eins og hálfs — metra hárri girðingu og vegurinn lagður næsta vor. Þá skal kaupandi og girða með netgirðingu meðfram veginum beggja megin og annast viðhald þeirrar girðingar og annarra girðinga, sem hann setur eða kaupir samkvæmt þessum kaupsamningi.

9. Kaupandi skuldbindur sig til þess að sjá um, að sú hitalögn, sem búið er að leggja í íbúðarhúsið á Reykjum, verði ekki fyrir skemmdum við þær framkvæmdir, er hann lætur gera þar eða aðrir rétthafar samkvæmt samningi við hann. Kaupandi skuldbindur sig og til þess að sjá um, að vatn hverfi ekki svo úr laugarlæknum fyrir neðan túnið, að skepnur fái þar ekki vatn til drykkjar.

10. Jarðspjöll á túni, sem verða kunna við jarðboranir eða aðrar framkvæmdir, skal færa í lag, svo fljótt sem unnt er, en bæta að öðru leyti samkvæmt mati.

11. Verði leikvöllur girtur, áskilur seljandi sér rétt til þess að fá frjáls afnot af ca. 30 — þrjátíu — metra gangsvæði suðvestan vallarins. Þá er það og tilskilið af hendi seljanda, að verði hætt að nota sundlaug þá, sem nú er á Reykjum, til sundiðkana, falli hún til jarðarinnar án endurgjalds. Heimilt er ábúanda jarðarinnar og heimilisfólki hans að nota sundlaugina til sundiðkana án endurgjalds á þeim tíma, er það kemur ekki í bága við sundkennslu.

12. Kaupandi kaupir væntanlega girðingu, er seljandi setur sunnan túnsins við stofnkostnaðarverði, enda fái hann (kaupandi) full afnot af hólfi því, sem þar við myndast, til hestageymslu fyrir gestahesta.

13. Kaupverð framangreindra réttinda og lands sé kr. 32.-500.00 — þrjátíu og tvö þúsund og fimm hundruð krónur.

14. Vilji seljandi selja alla jörðina Reyki á Reykjabraut, þá á kaupandi forkaupsrétt að henni, að frágengnum lögmæltum forkaupsréttarhöfum.

15. Brjóti kaupandi ákvæði 2. gr. kaupsamnings þessa eða þær skuldbindingar, sem hann hefur undirgengizt samkvæmt henni, skal hann missa rétt þann, sem hann hefur öðlazt samkvæmt samningnum, þannig, að jarðhitavatnsréttindin og hið selda land skal falla aftur til jarðareiganda samkvæmt mati óvilhallra manna, en þó eigi gegn meira endurgjaldi en því, er kaupandi greiddi upphaflega fyrir hið selda. Að öðru leyti fer

um bætur fyrir hugsanlegar vanefndir á samningnum eftir venjulegum skaðabótareglum.

16. Rísi mál út af kaupsamningi þessum, má reka það fyrir aukarétti í Blönduósþinghá.

Kaupandi skal halda kaupi sínu til laga, en seljandi svarar til vanheimilda.

Til staðfestu eru nöfn aðilja, undirrituð í votta viðurvist.

Staddir að Reykjum á Reykjabraut, 17. ágúst 1945.

Páll Kristjánsson, seljandi.
Samþykk, Solveig Erlendsdóttir.
Guðbrandur Ísberg. Jón Stefánsson.
Skagaströnd, 30/8 1945.
Gunnar Grímsson.

Vottar:
Friðjón Guðmundsson.
Kristján Snorrason.
Vottar að undirskrift
Gunnars Grímssonar:
Björn Þorleifsson,
Sigurlaug Helgadóttir."

Það er ljóst samkvæmt fundargerðum sýslunefndar árið 1948, að stefnandi máls þessa, Páll Kristjánsson, hefur a.m.k. þá verið orðinn óánægður með framkvæmdir sýslufélagsins þar á staðnum. En að öðru leyti liggur ekkert fyrir í málinu, sem heitið geti, sem sýni, að verulegar greinir hafi orðið með aðiljum fyrstu árin, eftir að samningur var gerður.

En svo ritar stefnandi sýslumanni Húnavatnssýslu bréf hinn 27. apríl 1956. Hann segir þar, að samningi, dagsettum 17. ágúst 1945, um sölu á jarðhitavatnsréttindum á eignarjörð sinni, Reykjum á Reykjabraut, sé sagt upp frá og með dagsetningardegi bréfsins. Telur stefnandi sýslunefnd hafa vanefnt skyldur sínar svo freklega, að uppsögn samningsins sé ljóslega réttmæt, þannig að hin seldu réttindi öll hverfi aftur til sín gegn greiðslu á upphaflegu andvirði þeirra, sbr. 15. grein kaupsamningsins, og áskilur stefnandi sér auk þess allan rétt til bóta fyrir margs konar tjón, sem af vanefndum þessum hafi leitt. Hann bannar sýslunefnd hvers konar framkvæmdir á landinu, en segist fús til þess að eiga fund með nefndinni til þess að ljúka skiptum vegna riftunarinnar, þar á meðal til að greiða af hendi andvirði hins selda, en þó að frádregnum bótum vegna vanefndanna.

Sýslumaður Húnavatnssýslu hefur með áritun sinni á endurrit þessarar uppsagnar viðurkennt móttöku hennar hinn 2. maí 1956. Hefur endurrit þetta svo búið verið lagt fram í máli þessu sem dskj. nr. 4.

Stefnandi áréttar bann sitt við framkvæmdum sýslufélagsins á bújörðinni Reykjum með símskeyti 2. júní 1956, sjá dskj. nr. 5. Þar getur stefnandi þess, að ráðizt hafi verið í framkvæmdir þar þvert ofan í forboð sitt, og kveðst enn banna þær og áskilur rétt til bóta, verði bann þetta ekki að gagni. Sýslumaður sendir nú stefnanda símskeyti 4. júní og viðurkennir móttöku skeytisins frá 2. sama mánaðar, en tekur fram, að ekki sé um að ræða samning, heldur afsal lands- og hitaréttinda til sýslunefndar, og verði því afsali ekki riftað, nema með dómi. Samið hafi verið um ótilteknar framkvæmdir og verði haldið áfram að standa við það samningsatriði, nema dómur banni. Þetta símskeyti er lagt fram sem dskj. nr. 6.

Stefnandi útlistar mál sitt á þessa leið:

Hann segir fyrst og fremst, að þá er hann afsalaði sýslufélaginu þeim gögnum og gæðum, sem rskj. 3 fjallar um, hafi það verið alger ákvörðunarástæða fyrir sér, að komið yrði upp á Reykjum skólasetri og menningarstofnun, sem yrði sýslubúum til frama og sóma og í samræmi við áhuga þann, sem fram hafði komið í Húnaþingi, áður og um það bil er afsalið var gert og sem kemur fram í fundargerðum sýslunefndar. Hann minnir á þann áhuga, sem hafði komið fram hjá föður hans, Kristjáni Sigurðssyni, fyrir íþróttum héraðsbúa, er hann lagði endurgjaldslausa kvöð á eignarjörð sína og ein fremstu landgæði hennar í þessu skyni. Segist stefnandi vissulega hafa viljað halda þessari viðleitni áfram og leggja sitt af mörkum til menningar héraðsmanna, og þetta hafi verið sér aðalatriði við samningsgerðina. Enda komi þetta glögglega fram sem skilyrði í afsalinu, sjá 2. grein þess, sbr. og viðurlög þau, sem 15. grein sama samnings leggi við vanefndum á 2. grein. Verð það, er afsalið greini, sýni, að allt eins vel megi nefna gjöf eins og sölu. Það sé samt sem áður auðvitað mál, að hann hafi ekki á neinn hátt getað lokað augunum fyrir því gagni og hlunnindum, er af framkvæmdum sem þessum hefði mátt leiða fyrir hann, svo sem um viðskipti með búsafurðir, bættar samgöngur, raflögn o. fl. þess háttar.

Nú segist stefnandi líta svo á, að stefnda, sýslunefnd Austur-

Húnavatnssýslu, hafi engan veginn staðið við samninginn á dskj. 3, heldur einmitt þverbrotið hann í hverri einustu grein, svo rifta megi samkvæmt almennum reglum og ákvæðum samningsins. Vegsummerki á staðnum sýni þetta bezt, og jafnvel þótt kannske megi orða, að sýslufélagið hafi aðeins lofað að koma á fót einhvers konar „menningarstofnun" samkvæmt strangri orðanna hljóðan, þá fari því fjarri, að framkvæmdir þær, sem á staðnum voru, er riftað var samningnum, eða síðar hafi gerðar verið í heimildarleysi, megi teljast horfa til menningar. Sundkennarar hafi einn eftir annan látið í ljós óánægju með alla aðstöðu við kennsluna og héraðslæknir hafi meira að segja skipað svo fyrir, að laugin skyldi tekin úr notkun vegna óhollustu í vatni. Skortur á leikvelli horfi til átroðnings á túnum, og mikill átroðningur hafi orðið á heimilinu, þar eð sundnemar hafi ekkert afdrep eða samastað í kennsluhléum.

Um leið viðurkennir stefnandi skyldu sína til þess að endurgreiða sýslusjóði þær kr. 32.500.00, sem í samningi getur, án vaxta, og að áskildum þeim rétti til bóta, sem hann telur sig eiga vegna vanefnda og annarra atvika.

Stefnandi getur þess sérstaklega í málsútlistun sinni, að kvöð sú, sem faðir hans á sínum tíma undirgekkst, hafi fallið niður með öllu við undirritun samningsins frá 17. ágúst 1945, þegar af þeirri ástæðu, að samningurinn taki til allra atriða þeirra, sem kvöðin fjallaði um, og sé að auki víðfeðmari. En að öðru leyti hafi stefnda verið búin að vanefna skyldur sínar samkvæmt kvöðinni svo verulega, löngu áður en samningurinn var gerður, að riftingu hafi mátt varða. Vísar hann þar til vottorða þeirra Steingríms Davíðssonar á dskj. 9, Bjarna Ó. Frímannssonar á dskj. 43 og Jóns Jónssonar á dskj. 33, en í þessum vottorðum kemur fram, að sundpollur sá, sem verið hafði að Reykjum, hafi verið ónothæfur allt til ársins 1925, er ungmennasamband sýslunnar hafi látið steypa núverandi sundlaug algerlega án atbeina sýslufélagsins og kostað það verk. Hann vísar einnig til þessara sömu vottorða um það, að sýslufélagið hafi lítið hirt um að sjá svo til, að sundlaug þessi væri í bærilegu ástandi, og hafi mörg ár liðið svo, að ekki hafi verið hægt að kenna þar sund.

Stefnandi hefur aflað vottorða nokkurra þeirra, sem hafa látið til sín taka um sundlaug þessa eða kennt sund þar á staðnum.

Steingrímur Davíðsson, fyrrverandi skólastjóri, segir í vott-

orði sínu á dskj. 9, að sundpollurinn að Reykjum hafi verið ónothæfur allt til 1925, er samband ungmennafélaganna hafi tekið að sér að steypa upp sundlaug og kosta það verk af eigin sjóði. Hafi þetta tekizt vel að öðru leyti en því, að aðleiðslupípur hafi jafnan verið í ólagi og allur aðbúnaður sundnema lélegur, og hafi sundkennsla oft fallið niður. Sundkennslumálum öllum hafi verið laklega sinnt af þeim, er um þau áttu að fjalla. Bjarni Ó. Frímannsson oddviti, Efri-Mýrum í Engihlíðarhreppi, segir frá á líkan hátt í vottorði sínu á dskj. 43, en hann var formaður ungmennasambands Austur-Húnavatnssýslu, um það leyti sem sambandið lét gera sundlaugina. Hann segir og, að á árunum næst eftir 1940 hafi verið orðin óánægja í héraði með framkvæmdir að Reykjum, en um leið sú hugmynd uppi að koma upp menntamiðstöð fyrir héraðið þar á staðnum og afla til þess frekari réttinda úr höndum Reykjabónda. Því hafi samningurinn frá 1945 verið gerður, en Bjarni segist þeirrar skoðunar, að sýslufélagið hafi að miklu leyti brugðizt vonum, sem við það hafi verið bundnar í þessu efni. Jón Jónsson í Stóradal hefur gefið vottorð í málinu, dskj. 33, og skýrir frá um byggingu sundlaugarinnar á líkan hátt og segir, að oft hafi orðið að fella niður sundnámskeið vegna ólags í sambandi við aðrennsli. Jón segir, að enn hafi lítið þokazt áleiðis frá því árið 1925, og að sumu leyti megi kalla afturför. Aðstaða til sundkennslu sé mjög erfið enn í dag.

Nokkrir sundkennarar, sem starfað hafa að Reykjum, hafa gefið vottorð, sem lúta að því, að aðstaða sé mjög erfið til sundkennslu, sérstaklega séu búningsklefar illa úr garði gerðir og óhreinindi eigi greiðan aðgang að hinni opnu laug, en erfitt sé um hreinsun laugarinnar. Ekki þykir ástæða til þess að rekja þessi vottorð hvert fyrir sig, en vísað í því efni til dskj. 11, 12, 13, 32, 34, 37 og 39.

Það liggur fyrir í máli þessu, að héraðslæknirinn á Blönduósi hefur hlutazt til um það sumarið 1961, að sundlauginni að Reykjum yrði lokað. Liggur fyrir um þetta bréf Hannesar Finnbogasonar læknis til stefnanda, dagsett 31. júlí 1961, á þá leið, að þar eð laugarvatnið muni vera óhæft til baða, hafi hann bannað þar sundiðkun, unz laugin og umhverfi hennar hafi verið löguð. Er stefnandi um leið beðinn að hleypa vatni úr lauginni. Bréf þetta er lagt fram sem dskj. nr. 36.

Til grundvallar þessu mun liggja skrifleg skýrsla Þórs Halldórssonar aðstoðarlæknis, dagsett 24. júlí og lögð fram í mál-

inu sem dskj. nr. 25. Segist læknirinn hafa skoðað sundlaugina þann 23. júlí, að beiðni stefnanda máls þessa, og virðist sér eftir lauslega athugun, að hún fullnægi ekki kröfum þeim, sem gerðar séu til opinberra stofnana af því tagi. Vatn laugarinnar sé mjög gruggugt og auðsjáanlega sé í því mikill gróður, einnig leir og önnur óhreinindi. Ekki séu þar steypiböð til notkunar, áður en farið sé í laugina, búningsklefar séu slæmir, ekkert vatnssalerni sé til staðar, heldur aðeins fötusalerni, og geti sóttkveikjur hæglega borizt þaðan niður í laugarvatnið. Ekki sé göngubrú frá búningsklefum að laugarbarmi, svo baðgestir verði að ganga yfir moldartröð til þess að komast að lauginni.

Enn hefur verið lagt fram bréf héraðslæknisins á Blönduósi, Sigursteins Guðmundssonar, til stefnanda, dagsett 30. júní s.l., þar sem læknirinn vitnar til bréfsins á dskj. nr. 36 og segir svo, að þar sem enn hafi engar úrbætur átt sér stað, hvorki á lauginni sjálfri né á umhverfi hennar, sé hið fyrra notkunarbann enn í gildi, en þar sem sér hafi verið tjáð, að bann þetta hafi ekki að fullu verið haldið, sé stefnandi beðinn að tæma laugina.

Stefnandi hefur skýrt svo frá í þessu sambandi, að sundnámskeið hafi að vísu verið haldið þetta sumar, og hafi staðið yfir, þegar læknirinn hafi komið á vettvang og látið loka lauginni, eftir að hann hafði tekið sýnishorn af vatninu og látið rannsaka það syðra. Segist stefnandi hafa hleypt vatninu úr lauginni að bón læknisins.

Stefnda, sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, mótmælir dómkröfum stefnanda í hverri grein.

Höfuðáherzla er á það lögð, að samningur aðiljanna geymi alls enga skuldbindingu um, að komið verði upp „skóla“ að Reykjum, og hafi það aldrei verið tilætlunin, og aldrei hafi verið gengið að samningi upp á þau býti. Það hafi verið með vilja gert að setja í samninginn „skóla eða annarri menningarstofnun“, sem sé allsendis valkvætt ákvæði, og þá miðað við, að komið yrði á fót fullkominni aðstöðu til sundkennslu á staðnum. Ekki sé fyrir það að synja, að hreyfing hafi verið uppi í héraði, að skólahverfi kæmist á fót að Reykjum, ef um það næðist samstaða, en það sé annað mál, sem engu orki í þessu efni, né heldur ástæður stefnanda fyrir því að gera þenna samning við sýslufélagið.

Það sé nú auðvitað, að mannvirki til fullkominnar sundað-

stöðu og sundkennslu verði ekki reist af skyndingu og fé til slíks ekki alltaf jafn handbært, en þó hafi sýslufélagið komið upp fullkomnum skála fyrir búningsklefa og annað tilheyrandi innan 10 ára frests þess, sem getur í 2. grein samningsins. En óviðráðanleg atvik hafi verið því til fyrirstöðu, að unnt væri að leggja hitaleiðslupípur þær, sem með þurfti innan þessa frests. Beri sýslunefnd enga ábyrgð á því, enda ráðnir til starfans hæfir menn, en þegar hið næsta sumar hafi verið úr þessu bætt. Síðan hafi stefnandi tekið þann kost, að banna allar framkvæmdir á landinu. Fyrirhugað hafi verið að byggja fullkomna sundlaug við aðra langhlið skálans, og svo verði gert, þegar til þess fáist nægilegt fé, til þess að laugin verði vel úr garði gerð.

Á það er bent, að hvergi annars staðar sé nú aðstaða til þess að kenna sund innan héraðs, og verði því naumast á móti mælt, að slík aðstaða verði að teljast horfa til menningar. Hitt sé rétt, að margt megi betur fara í þessu sambandi og að mörgu megi finna, en athafnafrelsi hafi ekki verið sem skyldi vegna afstöðu stefnanda til mála og nú síðustu ár vegna banns hans og málaferla.

Stefnda heldur því fram, að hver svo sem afdrif samningsins frá 1945 kunni að verða, þá verði engu um þokað um rétt þann, sem faðir stefnanda, Kristján Sigurðsson, hafi á sínum tíma veitt sýslufélaginu með hinni ævarandi kvöð, sem hann hafi lagt á eignarjörð sína Reyki og bundið þannig hendur síðari eigenda að því leyti, sem kvöðin segi til um. Stefnandi geti ekki bannað sýslunni þær athafnir á landinu, sem hún geri í skjóli kvaðarinnar.

Því er ekki mótmælt af hálfu stefnda, að stefnandi hafi áhuga á sundmennt héraðsmanna, og sé greiðasemi hans og konu hans við sundnema þakkarverð, en stefnandi muni eðlilega fyrst og fremst hafa litið til þess mikla gagns og hlunninda, sem honum voru búin við samningsgerðina 1945, og sannleikurinn sé sá, að hann hafi þegar hlotið verulegar hagsbætur. Dýr vegarkafli hafi verið lagður heim á býlið og lækur brúaður og að auki hafi stefnandi fengið vatnsleiðslu í íbúðarhúsið, þótt samningur aðiljanna nefni slíkt ekki.

Dómurinn hefur hinn 10. júlí 1962 kynnt sér vandlega staðhætti og mannvirki að Reykjum.

Veggir sundlaugarinnar eru gerðir úr steinsteypu. Allvíða má

sjá, að þeir hafa sprungið. Veður hefur og náð að tæra steypuna, enda eru veggirnir óvarðir að utan.

Umhverfis laugina eru tréstoðir reknar í jörð. Efst á þeim er lárétt slá. Á trégrind þessa er strengt vírnet. Innan þessarar girðingar, um tvo metra sunnan við laugarvegginn, eru tveir skúrar. Þeir eru gerðir úr timbri, klæddir bárujárni að utan. Á hvorum skúr eru einar dyr, og einn 6 rúðu gluggi. Í dyraopum eru okahurðir úr borðum. Timburgólf eru í skúrum þessum og að nokkru timbur- eða plötuþiljur á veggjum. Þök eru vatnshallaþök. Skúrarnir standa í jörð. Þannig er veggklæðing hulin sverði neðst. Sundlaugargestir munu hafa búizt í húsakynnum þessum.

Milli skúranna er kamar, einnig gerður úr timbri, en aðeins þak hans járnklætt. Gluggalaus er hann, en með hurð, sömu gerðar og búningsskýlin. Op er ofan við hurðina til loftrásar.

Öll eru hús þessi léleg að gerð og frágangi og ljóslega mjög vanhirt. Rúður eru brotnar í gluggum, hurðir brotnar og sligaðar, gólf og þök sigin og málun lítil.

Við austurenda laugarinnar og innan girðingarinnar er „stökkbretti“ úr timbri. Bríkþessi skjálgrar, og girðingin er skæld. Hvort tveggja er ómálað. Nokkuð austan og sunnan við mannvirki þessi (utan túns) stendur hús úr steinsteypu með járnvörðu timburþaki. Það er reist sem búnings- og þvottahús fyrir gesti þeirrar laugar, sem hugsuð hefur verið, en ekki byggð enn. Hús þetta er alllangt komið að allri smíð. Nokkuð vantar þó á, að fullgert geti talizt. Mest er það utanhúss. Má þar nefna: Vörn á grunnveggi, þakrennur, niðurföll og málun. Einnig útidyraþrep og jarðfyllingu að veggjum. Við vesturgafl hússins er þró fyrir miðstöðvarofna. Umbúnaður hennar er ekki fullnægjandi. Umhirða á húseign þessari er og heldur bág. Þakjárn liggur undir skemmdum, og hitalögn er skemmd og sprungin.

Jarðhiti er virkjaður í landi Reykja, og er það an leitt heitt vatn í asbestpípum til sundlaugarinnar, sem áður er lýst. Jafnframt er íbúðarhúsið yljað frá ofnum, sem settir eru í þró utan húss, og leikur hveravatnið um þá.

Hitaæð er einnig lögð frá hitauppsprettunum til búningsklefa. Sameiginlegt með lögnum þessum er, að þeim er mjög ábótavant að öllum frágangi, og undirstaða virðist lítil sem engin.

Að öðru leyti vísast til ljósmynda, framlagðra sem dskj. 46—57.

Í 2. grein kaupsamningsins á dskj. 3 segir, að sýslunefndin

taki ábyrgð á, að upp verði komið „skóla að Reykjum eða annarri menningarstarfsemi fyrir sýsluna". Aðaldeiluefni málsaðilja er það, hvað í þessum tilvitnuðu orðum felist.

Orðalag samningsins er valkvætt að þessu leyti, og verður ekki annað fyrir hendi en að athuga forsögu málsins, svo sem hún er rakin hér að framan. Verður ekki hjá því komizt að líta svo á, að aðiljar hafi því aðeins séð ástæðu til þess að gera samning þenna, að þeir hafi báðir haft í huga annars konar og víðtækari „menningarstarfsemi" en þá, að þarna á staðnum yrði aðeins rekin opin sundlaug með verulega ófullkomnum búningsklefum, sem hvort tveggja var til staðar, þá er samið var, og sýslufélagið hafði þegar samkvæmt kvöðinni rétt til þess að reka. Má einnig athuga það, að „menningarstarfsemi" er sett hliðstæð „skóla" í 2. grein samningsins, og bendir það eindregið til þess, að fyrirhuguð hafi verið stofnun á allt öðrum grundvelli en verið hafði að Reykjum til þess tíma. Og almennt skoðað mun sá skilningur hafa verið lagður í orðið „menningarstarfsemi", að slík starfsemi verði naumast rekin, nema með húsakosti. Að sýslufélagið aflar sér heimildar á öllum jarðhitavatnsréttindum, bendir á sama veg til verulegra umsvifa og framkvæmda, þegar til þess er litið, að hin opna sundlaug hafði nægilegt hitavatnsmagn.

Verður ekki hjá því komizt að telja, að stefnandi hafi eftir öllum atvikum mátt vænta þess, að stofnun, sem mætti jafna til skólahalds í venjulegum skilningi þess orðs, yrði komið upp að Reykjum innan 10 ára. Hvatir stefnanda til þess að tiltaka frest þenna og leggja við svo ströng viðurlög skipta ekki máli hér.

Við athugun staðhátta og framkvæmda að Reykjum virðist liggja í augum uppi, að stefnda hafi verulega vanefnt skyldur sínar samkvæmt samningnum, sbr. þá útlistun á 2. grein, sem að framan getur, svo og síðari greinar. Bygging sú, sem stefnda hefur látið reisa, hefur að vísu komizt upp innan hins tiltekna frests, en mikið skortir á það, að hún hafi verið þannig búin innan frestsins, að að gagni kæmi. Því er haldið fram af hálfu stefndu, að fyrirhugað hafi verið að láta gera sundlaug við byggingu þessa, en það verk hefur ekki komizt í framkvæmd, og staðsetning þessarar byggingar er ekki slík, að hún henti sem búningsklefar til afnota við núverandi sundlaug.

Vanefndir stefndu, sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, á samningnum þykja eiga að varða riftingu samkvæmt kröfu stefnanda, og verður svo dæmt í máli þessu. Ber þannig að

dæma svo, að öll jarðhitavatnsréttindi og landsvæði þau, sem afsalað var hinn 17. ágúst 1945, falli aftur til stefnanda gegn því, að stefnandi endurgreiði stefndu kr. 32.500.00, svo sem 15. grein kaupsamningsins mælir fyrir um, enda hefur engin krafa komið fram í málinu um matsgerð, þeirri fjárhæð til lækkunar. Ekki þykja efni til þess að gera stefnanda að greiða stefnda vexti af þeirri fjárhæð.

Ekki þykir nægileg ástæða til þess að fallast á þá skoðun stefnanda, að kvöð sú, sem lögð var á bújörðina Reyki hinn 21. marz 1914, hafi fallið niður við það, að samningurinn frá 17. ágúst 1945 komst á. Það virðist að vísu koma fram í málinu, að ýmislegt hefur löngum þótt á það skorta, að sundlaugin að Reykjum væri í því ástandi, sem gott mætti teljast. En með tilliti til þess, að kvöðin er lögð á með þeim hætti og fororði að gera síðari umráðamönnum Reykja erfitt um vik við riftingu hennar, og eins til þess, að stefnandi málsins hefur ekki fyrr en nú í máli þessu brotið upp á riftingu kvaðarinnar, þykir ekki rétt að telja stefndu hafa fyrirgert fyrir vanefndir þeim aðildum, sem kvöðin veitir.

Rétt þykir að leggja málskostnað í máli þessu á stefndu. Þykir upphæð málskostnaðar hæfilega ákveðin kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Kaupsamningur aðilja máls þessa frá 17. ágúst 1945 um sölu jarðhitaréttinda o. fl. frá bújörðinni Reykjum á Reykjabraut er felldur úr gildi.

Réttindi þau til jarðhitavatns og þær landspildur, sem samningur þessi afsalaði til stefndu, sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu f. h. sýslunnar, hverfa aftur til stefnanda, Páls Kristjánssonar, gegn greiðslu af hans hálfu á kr. 32.500.00 án vaxta.

Óraskað er kvöð þeirri, sem Kristján Sigurðsson lagði hinn 21. marz 1914 á bújörðina Reyki.

Stefnda, sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, greiði f. h. sýslunnar stefnanda, Páli Kristjánssyni, kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. marz 1965.

Nr. 137/1964. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Ögmundi Jónssyni (Örn Clausen hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Líndal.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt gögnum málsins er í ljós leitt, að ákærði hefur gerzt sekur um háttsemi þá, sem hann er sakaður um í ákæruskjali. Varðar hún við 2. og 3. mgr. 25. gr. sbr. 1. mgr. 80. gr. og 2.—3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Ákærði ók bifreið sinni skamman spöl, innan við 10 metra, á bifreiðastæði án þess að aka út á akbraut. Af sjálfsdáðum hætti hann við frekari akstur, skildi bifreiðina eftir á stæðinu og var í þann mund að stíga upp í leigubifreið, er lögreglumennina bar að. Að svo vöxnu máli og samkvæmt undirstöðurökum 7. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940 og svo með skírskotun til 3. mgr. 81. gr. laga nr. 26/1958, þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó með þeirri breytingu, að frestur til greiðslu sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa og ökuleyfissvipting ákærða ákveðst 2 mánuðir.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ögmundur Jónsson, greiði í ríkissjóð 1.000 króna sekt, og komi varðhald 5 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 2 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. marz 1964.

Ár 1964, föstudaginn 6. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 1582/1964: Ákæruvaldið gegn Ögmundi Jónssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 18. desember 1963, höfðað gegn ákærða, Ögmundi Jónssyni verkstjóra, Hringbraut 39, Reykjavík, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 21. júní 1963 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 6796 nokkurn spöl á bifreiðastæði við norðurhlið Hótel Sögu í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 18. apríl 1918 að Hvoli, Ölfusi, Árnessýslu.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

1848 18/5 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1950 1/9 Rvík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjóli.
1952 11/9 Rvík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1953 12/12 Rvík: Áminning fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.
1955 16/7 Rvík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga og 26. gr. bifreiðalaga.
1956 11/1 Rvík: Áminning fyrir of marga farþega í bifreið.

1956 30/1 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.
1958 18/11 Rvík: Áminning fyrir brot á 37. gr. umferðarlaga.
1959 14/10 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1960 18/7 Rvík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
— 13/9 Rvík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
— 15/11 Rvík: Áminning fyrir ölvun.
1961 3/5 Rvík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
— 9/8 Rvík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og lögreglusamþykktarbrot.
1963 24/9 Rvík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt föstudagsins 21. júní 1963, klukkan 0124, urðu lögreglumenn varir við, að ákærði ók bifreiðinni R 6796 frá stæði við Hótel Sögu og í lítinn hring þar við bifreiðastæðið, en síðan stöðvaði ákærði bifreiðina á bifreiðastæði þar rétt við. Lögreglumenn höfðu þá tal af ákærða, sem var að stíga inn í leigubifreið. Kvaðst ákærði hafa neytt lítils háttar áfengis og því hætt við að aka bifreiðinni R 6796.

Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa ekið bifreiðinni greint sinn lítinn spöl við Hótel Sögu. Kvaðst ákærði hafa neytt lítils háttar áfengis og ekki hafa verið alveg laus við áfengisáhrif og því af sjálfsdáðum hætt við frekari akstur bifreiðarinnar.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, er sýndi reducerandi efni, er samsvara 0.77‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsiákvæða.

Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 1.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafizt er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 1 mánuð frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Ögmundur Jónsson, greiði 1.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 mánuð frá birtingu dóms að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 29. marz 1965.

Nr. 53/1964. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Jónmundi Gíslasyni (Stefán Pétursson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Saksóknari ríkisins hefur lýst því fyrir Hæstarétti, að í ákæruskjali sé af misgáningi vísað til 2. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sem fjallar um veiðar erlendra skipa í íslenzkri fiskveiðalandhelgi. Í þess stað hefði um meint brot ákærða átt að vísa til 3. gr. nefndrar reglugerðar og 1. gr. reglugerðar nr. 87/1958. Með því að ákærði gat ekki verið í vafa um, hvaða verknaður honum var gefinn að sök, enda ljóst af öðrum lagaákvæðum, sem til er vitnað í ákæruskjali, og vörn hefur ekki orðið áfátt af þessum sökum, þá er heimilt samkvæmt 118. gr. laga nr. 82/1961 að taka þessa leiðréttingu ákæruvaldsins til greina.

II.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur af hálfu ákærða verið aflað álitsgerða Páls Ragnarssonar siglingafræðings og af hálfu saksóknara ríkisins álitsgerða Jónasar Sigurðssonar,

skólastjóra Stýrimannaskólans. Þá hafa og verið háð framhaldspróf í málinu og skýrslur teknar af skipstjórnarmönnum varðskipsins Óðins, ákærða og stýrimanni á togara hans, Geir, RE 241, og svo af þeim Jónasi Sigurðssyni skólastjóra og Páli Ragnarssyni siglingafræðingi. Hafa endurrit framhaldsprófanna ásamt fleiri nýjum gögnum verið lögð fyrir Hæstarétt.

Af hálfu ákærða hefur því verið haldið fram, að staðarákvarðanir varðskipsins hafi ekki verið framkvæmdar með nægilegri nákvæmni, en ekki hafa verið leiddir í ljós neinir þeir gallar á mælingum löggæzlumanna, sem fái orkað því, að þær verði ekki lagðar til grundvallar við úrlausn málsins.

Í álitsgerð Jónasar Sigurðssonar skólastjóra, dags. 8. febrúar 1965, segir meðal annars:

„Breidd ratsjárgeisla Sperry-ratsjár v/s Óðins gefa framleiðendur upp 0.65°, og er því hér um leiðréttingu að ræða, sem aðeins nemur ⅓°. Hún á að leggjast við miðanirnar til Garðskaga.

Ég hef nú sett staðarákvarðanir varðskipsins á ný út í sjókort nr. 40 með því að reikna með þeirri ónákvæmni á mælitækjum, sem viðurkennd er af framleiðanda þeirra, þ. e. 2% af fjarlægðum og 0.65° í miðunum, togaranum í hag. Þá er og tekið tillit til fyrrnefndrar leiðréttingar ⅓° á miðunum til Garðskaga. .... Samkvæmt því mælast staðir togarans sem hér segir:

a_1 kl. 2014 um 1.1 sml. innan fiskveiðimarkanna.
b_1 — 2020 — 1.1 — — —
c_1 — 2036 — 1.1 — — —
d_1 — 2225 — 0.9 — — —

Stað bauju togarans, samkv. mælingu varðskipsins, hef ég einnig sett út í sama kort (X_2, auðk. með grænum lit). X_2 mælist um 1.1—1.2 sml. innan fiskveiðimarkanna."

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi hinn 13. október 1963 verið að togveiðum og innbyrt vörpuna kl. 2020 þá um kvöldið. Þegar litið er til framanskráðrar mörkunar á sjókort, þar sem fullt tillit er tekið til skekkju í

fjarlægðum og miðunum togaranum í hag, þá verður að telja fram komna örugga sönnun fyrir því, að ákærði hafi á umræddum tíma verið að togveiðum á svæði, þar sem slíkar veiðar eru bannaðar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 87/1958, sbr. 1. og 3. gr. reglugerðar nr. 3/1961. Að undanskilinni 2. gr. reglugerðar nr. 3/1961, eins og fyrr greinir, er brot ákærða rétt fært til refsiákvæða í hinum áfrýjaða dómi.

Með skírskotun til þessa, og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því að héraðsdómur var upp kveðinn, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 1951.09 seðlakrónum, ber að staðfesta ákvæði héraðsdómsins um refsingu ákærða og upptöku afla og veiðarfæra að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er ákveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun verjanda síns í héraði, kr. 10.000.00, saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Um sök ákærða skiptu máli tímasetningar bæði samkvæmt klukku, sem eftir var farið á varðskipinu Óðni, og klukku, sem ákærði notaði við tímaákvarðanir sínar. Löggæzlumenn varðskipsins gerðu ekki, svo að séð verði, samanburð á klukkum þessum, og ber að átelja þá vangæzlu.

Dómsorð:

Ákærði, Jónmundur Gíslason, greiði 260.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun verjanda síns í

héraði, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, Stefáns Péturssonar héraðsdómslögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. október 1963.

Ár 1963, þriðjudaginn 15. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins í Borgartúni 7, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4989/1963: Ákæruvaldið gegn Jónmundi Gíslasyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Jónmundur Gíslason, skipstjóri á togaranum Geir, RE 241, til heimilis að Kirkjuteigi 15, hér í borg, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 og lög nr. 33 19. júní 1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að vera á botnvörpuveiðum á nefndum togara út af Garðskaga sunnudagskvöldið 13. október 1963 innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961.

Ákærist því nefndur Jónmundur Gíslason til að sæta refsingu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. desember 1907 í Reykjavík. Hann hefur sætt þessum kærum og refsingum, svo að kunnugt sé:

1946 31/10 Reykjavík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ljósleysi á bifreið.
1948 20/6 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1949 7/1 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
— 11/3 Rvík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð nr. 134/1945, 5. gr., 1. mgr.

1960 27/2 Rvík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á stöðvunarskyldu.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni, Þórarins Björnssonar, eru málavextir þessir, en efni skýrslunnar er rakið orðrétt hér á eftir:

Hinn 13. okt. 1963 tók varðskipið togarann Geir, RE 241, að ólöglegum veiðum út af Garðskaga.

Skipstjóri Jónmundur Gíslason, fæddur 29/12 '07. Heimili: Kirkjuteig 15, Reykjavík.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Sunnudaginn 13. október 1963, kl. 2014, er varðskipið var að gæzlustörfum í Faxaflóa, sást skip í ratsjá varðskipsins.

Voru í því sambandi gerðar eftirfarandi staðarákvarðanir:

Kl. 2014, Garðskagi 111°, fj. 9.7 sml., skip r/v 272°, fj. 11.1 sml.

Gefur það stað skipsins um 1.7 sml. innan fiskveiðitakmarkanna, eins og þau eru nú fyrir íslenzk togskip á þessum stað.

Kl. 2020, Garðskagi rv. 110°, fj. 11.0 sml., skip r/v 271°5, fj. 9.9 sml.

Gefur það stað skipsins um 1.5 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Mælingarnar gefa til kynna togferð, og var eftirförinni haldið áfram.

Kl. 2036, Garðskagi r/v 108°, fj. 14.2 sml.

Skip r/v 272°, fj. 7.0 sml.

Gefur það stað skipsins um 1.6 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Sást, að togarinn hafði norðlæga stefnu.

Kl. 2041 var byrjað að gefa stöðvunarmerkið „K" með ljósmerki og því haldið áfram, þar til sýnt þótti, að togarinn væri stöðvaður.

Kl. 2045 sést, að skipið er með togljós og snýr til bakborða í hring, unz aftur sést á stjórnborðshlið hans.

Kl. 2100 er komið að togaranum Geir, RE 241, net lágu út af bakborðshlið og hlerar í gálgum, þar sem hann liggur kyrr, einnig voru hlerar í gálgum stjórnborðsmegin. Dýpið við togarann 124 metrar.

Togarinn var með tundurdufl á dekki, sem hann hafði fengið í bakborðsvörpu í síðasta togi.

Kl. 2107 sett úr dufl frá varðskipinu við togarann.

Kl. 2128 hafði skipstjóri togarans verið sóttur og fluttur á varðskipið. Kvaðst hann hafa látið reka í þrjá stundarfjórðunga

og væri nýbúinn að taka inn vörpupokann með duflinu í. Kvaðst hann miða tog sitt við dufl, er hann hefði sett út m/v NV ¼ V, fj. 23.0 sml. frá Garðskaga.

Kl. 2145 var haldið í átt að Garðskaga til frekari staðarákvarðana, þar eð trygg kennileiti sáust ekki í ratsjánni frá þessum stað.

Kl. 2225 var togarinn við dufl varðskipsins. Þá mældist Garðskagi r/v 103°, fj. 10.7 sml., togarinn r/v 284°, fj. 10.6 sml. Gefur það stað skipsins um 1.6 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Skipstjóri togarans var við mælinguna. Óskaði hann ekki frekari mælinga.

Kl. 2230 var haldið að togaranum.

Kl. 2322 var komið að dufli varðskipsins. Þá mældist dufl togarans r/v 345°, fj. 2.2 sml. Gefur það stað duflsins um 1.9 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 2353 var dufl togarns mælt aftur r/v 341°5, fj. 2.2 sml. Hefur þá varðskipið rekið á 31 mín. 0.2 sml. í r/v 075°.

Allar miðanir eru skráðar hér og settar út í meðfylgjandi sjókort nr. 40, eins og þær eru eftir leiðréttingar.

Athugun á gyrokompás varðskipsins kl. 1420 sýnir leiðréttingu mínus 1°25.

Þann 14. okt., kl. 0221, athugaður gyroáttaviti þannig:

Keflavíkurflugvallarviti ber yfir Garðskagavita. Rétt miðun 156°, kompásmiðun 156°, sem sýnir gyroáttavitann réttan.

Gert var þó ráð fyrir mínus 1° skekkju við útsetningar í sjókort.

Lausi hringurinn á Sperry-ratsjá var borinn saman við föstu hringina og reyndist réttur.

Sent var skeyti til forstjóra Landhelgisgæzlunnar og skýrt frá þessum atburði. Kom svar frá honum, að varðskipið skyldi fylgja togaranum til Reykjavíkur, og var skipstjóra togarans tilkynnt það.

Veður: SV og S 2—3, sjór SV 3.

Mánudaginn 14. okt. lagt af stað til Reykjavíkur kl. 0056 og komið á ytri höfnina í Reykjavík kl. 0428, og lagzt þar fyrir akkeri.

Samkvæmt símtali við forstjóra Landhelgisgæzlunnar var ákveðið, að réttarhöld í máli togaraskipstjórans skyldu hefjast kl. 1400.

Fyrstu þrjár mælingarnar voru gerðar af skipherra og I. stýri-

manni, en aðrar mælingar af I., II. og III. stýrimanni undir umsjá skipherra.

Við mælingarnar voru notuð Sperry-ratsjá og Sperry-gyroáttaviti.

Skýrslu sína, dskj. nr. 1, hefur skipherra, Þórarinn Björnsson, staðfest með eiði. Stýrimenn varðskipsins, þeir Helgi Hallvarðsson 1. stýrimaður og Ólafur Valur Sigurðsson 2. stýrimaður, hafa og staðfest með eiði, að efni skýrslunnar sé rétt. Skipherra og stýrimenn þessir segja ratsjá varðskipsins hafa við mælingarnar verið stillta á 15 sjómílna sjónsvið (skala), en mesta sjónsvið hennar er 40 sjómílur. Hornamælingar voru ekki gerðar, enda var dimmt af nóttu.

Kristinn Jóhann Árnason, 3. stýrimaður varðskipsins, hefur og staðfest efni skýrslu skipherra, dskj. nr. 1, en kveðst þó ekki hafa tekið þátt í mælingum þeim, er þar greinir, heldur hafi hann tekið þátt í tveimur öðrum mælingum, sem ekki er getið um í skýrslu skipherra, enda hafi þær ekki verið taldar nægilega öruggar, en við þær hafi verið miðað við flugskýli á Keflavíkurflugveli, sem eigi hafi þótt nægilega tryggt kennileiti.

Staðir skipanna, varðskipsins og togarans, svo og staðir duflanna (baujanna), er greinir á dskj. nr. 1, voru markaðir á sjókort, dskj. nr. 2, og hafa framangreindir yfirmenn varðskipsins allir staðfest, að staðarákvarðanir þessar séu allar rétt markaðar á kortið, og eins, að skýringar þær, sem á kortið eru skráðar, séu réttar, en 3. stýrimaður, Kristinn Jóhann Árnason, kveðst hafa tekið þátt í því að marka staðarákvarðanirnar á kortið.

Ákærði skýrir svo frá, að sunnudaginn 6. þ. m. hafi hann farið á veiðar á togaranum héðan frá Reykjavík, og hafi fyrst verið haldið í Miðnessjó. Er varðskipið kom að togaranum s.l. sunnudagskvöld 13. þ. m., kveðst ákærði hafa verið að veiðum út af Garðskaga í 3 sólarhringa.

Ekki kveðst ákærði vefengja útreikninga varðskipsmanna, en skýrir nánar svo frá, að aðfaranótt 7. þ. m. hafi hann lagt út dufl frá togaranum NV–V frá Garðskaga um hina hugsuðu landhelgislínu, og segir það hafa verið ætlun sína að hafa dufl þetta til hliðsjónar við veiðarnar, þannig að ekki yrði hætta á, að togarinn færi inn fyrir fiskveiðitakmörkin, en þarna segir hann landhelgislínuna vera um 22 sjómílur frá landi og erfitt sé að staðsetja skip á þessum slóðum vegna fjarlægðar frá landi.

Fyrir hádegi þriðjudaginn 8. þ. m. segist ákærði hafa verið kallaður upp af togaranum Þorkatli mána og honum tjáð, að sá

togari hefði togað niður dufl það, er hann hafði sett út frá togaranum Geir aðfaranótt 7. þ. m. Jafnframt hefði honum verið sagt, að hann gæti miðað við annað dufl, sem sett hafði verið út frá Þorkatli mána NV ¼ V 23 sjómílur frá Garðskaga, en þetta dufl sé dufl það, sem markað er sem dufl togarans Geirs á sjókortið, dskj. nr. 2. Dufl þetta kveðst ákærði svo hafa haft til hliðsjónar við veiðarnar og verið utan við það.

Ákærði segir sig minna, að honum hafi reiknazt svo til um hádegi sunnudaginn 13. þ. m., að togarinn hafi þá verið fyrir utan landhelgislínu. Hann hafi þá tekið radíómiðun og Malarrifsviti þá verið um 22° NNA misvísandi og Stafnesviti um 135° misvísandi, en dýpi hafi reynzt vera 68 eða 70 faðmar.

Klukkan 2020 s.l. sunnudagskvöld 13. þ. m. kveðst ákærði, er hann stýrði skipinu N 15° V, hafa látið innbyrða vörpu togarans og segist telja, að hann hafi þá áreiðanlega verið fyrir utan fiskveiðitakmörkin, en kveðst þó ekki hafa framkvæmt neinar mælingar og segist ekki geta sagt um, í hverja átt duflið var þá, en samkvæmt mælingum varðskipsmanna var togarinn þá 1.5 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, eins og um getur á dskj. nr. 1.

Nánar skýrir ákærði svo frá, að er varpan hafði verið innbyrt, hefði komið í ljós, að í henni var tundurdufl, og kveðst ákærði ekki hafa vitað, hvort það hafi verið virkt eða óvirkt, og hann því farið að hugsa ráð sitt vegna hættunnar af tundurduflinu, en um borð í togaranum hefðu verið um 30 menn. Hann kveðst því hafa látið skipið reka, þar sem eigi hefði verið vitað, hver hætta gæti stafað af duflinu, og hann því talið, að betra væri að láta togarann reka, meðan það væri athugað, þó að hann kynni þá að fara eitthvað inn fyrir fiskiveiðitakmörkin. Segir hann togarann svo hafa rekið í 40 til 45 mínútur, áður en varðskipið kom að honum, en er varðskipið var komið að togaranum, segir hann veður hafa farið lygnandi, og hafi togarann því ekki rekið eins hratt eftir það.

Ákærði segir, að í togaranum sé ratsjá af Deccagerð, og sé mesta sjónarsvið hennar 48 sjómílur, en ekki kveðst hann hafa notazt við ratsjána, er hann gerði áðurnefndar miðanir. Þá kveður hann tvo seguláttavita vera í togaranum, en á þeim sé 10° mismunur til austurs og vesturs.

Í leiðarbók togarans er eftirfarandi skráð við sunnudaginn 13. þ. m.:

„Togað til og frá út af Garðskaga.

Kl. 2020 híft upp, var þá tundurdufl í trollinu, látið reka, meðan verið var að athuga, hvað hægt var að gera. VNV kaldi var á, 3—4 vindstig, og rak skipið undan þeim kalda.

Um kl. 2105 kom varðskipið Óðinn og tilkynnti, að skipið væri statt innan við landhelgislínu, og væri það eftir staðarákvörðun frá Garðskaga um eina og hálfa sjómílu innan við línu. Var þá búið að reka um 40 mínútur, því ég taldi nauðsynlegt að athuga, hvað hægt væri að gera, þar sem 30 manns eru á skipinu og duflið ef til vill virkt."

Þá er þetta skráð í leiðarbókina við mánudaginn 14. þ. m.:

„Kl. 0050 haldið af stað til Reykjavíkur kst. 120°.

Kl. 0240 Garðskagi í SVaS ½ S fjl. 6.0 sjm.

Kl. 0440 lagzt fyrir akkeri á ytri höfninni í Reykjavík."

Dómurinn kvaddi þrjá kunnáttumenn, stýrimannaskólakennarana Benedikt Alfonsson, Ránargötu 31, hér í borg, og Karl Guðmundsson, Löngubrekku 8 í Kópavogi, og Ríkarð Sigmundsson rafvirkjameistara, Sundlaugavegi 20, hér í borg, til þess að skoða ratsjár og áttavita varðskipsins Óðins svo og þessi tæki togarans Geirs, einkum að því er ratsjárnar varðar, fjarlægðarhæfni þeirra, og sérstaklega á 15 sjómílna mælikvarða (skala) ratsjár varðskipsins. Fer hér á eftir vottorð þeirra, sem þeir hafa staðfest með eiði:

„Við undirritaðir, sem dómkvaddir vorum til að athuga ratsjár og áttavita í varðskipinu Óðni og togaranum Geir, RE 241, höfum lokið athugunum okkar og komizt að eftirfarandi niðurstöðu:

Á gyróáttavita varðskipsins reyndist vera skekkja ÷ 1°. Öllum aflesurum (repeaters) bar saman við aðaláttavita.

Fjarlægðarmælingum með Sperry-ratsjánni, en hún var notuð við staðsetningu togarans samkvæmt upplýsingum skipherrans, bar mjög vel saman við tilsvarandi mælingar í korti.

Miðunum þeim, sem gerðar voru með ratsjánni, bar fyllilega saman við miðanir, sem teknar voru á gyróaflesara.

Fjarlægðum, mældum með ratsjám togarans, bar saman við tilsvarandi fjarlægðir úr korti. Um nákvæmni aðaláttavita togarans er ekki hægt að fullyrða við þær aðstæður, sem fyrir hendi voru, til þess þyrfti fullkomna segulskekkjuathugun.

Geta má þess, að segulskekkjutafla aðaláttavitans er dagsett 16. marz 1963."

Með framangreindum mælingum og skýrslum varðskipsmanna, sem þeir hafa staðfest með eiði, telur dómurinn sannað, að

ákærði hafi í umrætt skipti verið að ólöglegum veiðum á þeim stöðum, er mælingar varðskipsmanna sýna, enda hefur hann ekki vefengt útreikninga þeirra, eins og áður getur í framburði hans, en að togveiðum kveðst hann hafa verið.

Varðar þessi verknaður ákærða við 2. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lög nr. 33 19. júní 1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum.

Ber að ákveða refsingu ákærða samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 4. gr. laga nr. 5/1920 (áður 3. gr. sbr. lög nr. 6/1959) og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum. Samkvæmt refsiákvæðum þessum, með tilliti til stærðar togarans, 655 brúttó smálestir, og með tilliti til núverandi gullgengis íslenzkrar krónu, en samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands jafngilda 100 gullkrónur 1951.09 pappírskrónum, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 260.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Auk þess skal allur afli svo og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Geirs, RE 241, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Baldvins Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dóm þenna kveða upp Logi Einarsson yfirsakadómari og meðdómendurnir Hannes Pálsson og Halldór Gíslason skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Jónmundur Gíslason, greiði 260.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Geirs, RE 241, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Baldvins Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 29. marz 1965.

Nr. 69/1963. **Þórarinn Þórarinsson**
(Axel Kristjánsson hdl.)
Jóhannes Sigurðsson og
Þorgrímur Guðjónsson
(Árni Halldórsson hdl.)
gegn
Hafsteini Sigurjónssyni
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
og Hafsteinn Sigurjónsson
gegn
Jóni Bergsteinssyni
(Eyjólfur K. Jónsson hrl.)
Davíð Ólafssyni,
(Guttormur Erlendsson hrl.),
Þórarni Þórarinssyni,
Jóhannesi Sigurðssyni og
Þorgrími Guðjónssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson og Logi Einarsson, prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Líndal og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi Þórarinn Þórarinsson hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1963. Krefst hann sýknu af kröfum áfrýjanda Hafsteins Sigurjónssonar og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Áfrýjandi Hafsteinn Sigurjónsson hefur, að fengnu áfrýj-

unarleyfi 14. september 1963, áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnum 18. september og 4. október 1963. Krefst hann þess, að hinum stefndu Jóni Bergsteinssyni og Davíð Ólafssyni og áfrýjendum Þórarni Þórarinssyni, Jóhannesi Sigurðssyni og Þorgrími Guðjónssyni verði dæmt in solidum að greiða honum kr. 327.186.70 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur Jóhannes Sigurðsson og Þorgrímur Guðjónsson hafa áfrýjað málinu með stefnu 10. október 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefjast þeir *aðallega* sýknu af kröfum áfrýjanda Hafsteins Sigurjónssonar og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefjast þeir, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar, að áfrýjanda Hafsteini verði dæmt að bera sjálfur meginhluta af tjóni sínu og að málskostnaður verði felldur niður fyrir báðum dómum.

Stefndi Jón Bergsteinsson krefst staðfestingar á þeirri niðurstöðu héraðsdóms, að hann beri ekki bótaábyrgð af huglægum ástæðum og að hann verði einungis dæmdur in solidum með þeim Þórarni Þórarinssyni, Jóhannesi Sigurðssyni og Þorgrími Guðjónssyni, ef þeir verða dæmdir bótaskyldir, til greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem hæfileg verði metin, en verði hún ákveðin hærri en í héraðsdómi, þá verði hann sýknaður af þeirri fjárhæð, sem umfram er. Hann gerir ekki kröfu um málskostnað.

Stefndi Davíð Ólafsson krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er hann varðar, og að áfrýjanda Hafsteini Sigurjónssyni verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu. Hafa endurrit þeirra ásamt fleiri nýjum gögnum verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal nýjum tjónbótareikningum Guðjóns Hansens tryggingafræðings.

I. **Kröfur á hendur Davíð Ólafssyni.**

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um sýknu stefnda Davíðs Ólafssonar af kröfum áfrýjanda Hafsteins Sigurjónssonar í máli þessu. Ákveða má, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður í þessum hluta sakarinnar.

II. **Kröfur á hendur Jóhannesi Sigurðssyni, Þorgrími Guðjónssyni og Þórarni Þórarinssyni.**

Þeir áfrýjendurnir Jóhannes og Þorgrímur, sem báðir eru trésmiðir, reistu vinnupall þann við húsið nr. 26 við Hörgshlíð, sem um ræðir í málinu. Í héraðsdómi er lýst vanbúnaði þeim á vinnupallinum, sem leiddi til slyssins, bæði á hinu gallaða langbandi og óhæfilega löngu bili milli uppistöðustólpa við kjallaratröppurnar. Leggja ber fébótaábyrgð á þá Jóhannes og Þorgrím vegna tjóns áfrýjanda Hafsteins, er hlauzt af vangæzlu þeirra við smíðina.

Áfrýjandi Þórarinn, sem fékk réttindi til að standa fyrir byggingum í Reykjavík hinn 23. apríl 1958, hafði tekið að sér eftir beiðni stefnda Davíðs að „stjórna trésmíðavinnu við bygginguna". Hafði hann að eigin sögn „umsjón með uppsetningu umræddra vinnupalla". Ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að hann hafi með vangæzlu um eftirlit með smíðinni bakað sér fébótaábyrgð á umræddu slysi.

Áfrýjandi Hafsteinn Sigurjónsson var 33 ára, er slysið bar að höndum. Hann hafði þá um undanfarin 2 ár unnið sem múraranemi hjá stefnda Jóni Bergsteinssyni. Þar sem hann var orðinn vanur slíkri vinnu og aðstæðum við hana, hefði hann átt að sjá, að ekki var tryggilega gengið frá vinnupallinum, að því er varðaði setningu og frágang á uppistöðustólpum við kjallaratröppurnar. Telst hann því ekki hafa sýnt næga aðgæzlu, er hann fór til starfans á vinnupallinum án þess að kvarta undan öryggisskortinum. Þykir því rétt, að hann beri sjálfur ⅕ hluta þess tjóns, er hann hlaut af slysinu, en að áfrýjendur Jóhannes, Þorgrímur og Þórarinn bæti honum in solidum ⅘ hluta þess.

Eins og lýst er í kröfugerð áfrýjanda Hafsteins hér að

framan, krefst hann hér fyrir dómi fébóta, að fjárhæð kr. 327.186.70. Sundurliðar hann kröfu þessa þannig:

1.	Sérstakt vinnutjón, áætlað	kr. 30.350.00
2.	Tímabundið og varanlegt örorkutjón ..	— 258.782.00
3.	Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 75.000.00
4.	Örorkumat og bótaútreikningur	— 4.750.00
		Kr. 368.882.00

Frá dregst:

Bætur frá Tryggingastofnun ríkisins	34.195.30	
Laun frá Jóni Bergsteinssyni	7.500.00	
	41.695.30	kr. 41.695.30
Kemur þá fram upphæðin		kr. 327.186.70

Verða nú kröfuliðir þessir teknir til athugunar.

Um 1. kröfulið. Í 2. kröfulið er krafizt bóta fyrir vinnutjón og örorku frá slysdegi. Fyrir því sérstaka vinnutjóni, sem í 1. kröfulið greinir, hefur ekki verið gerð nein viðhlítandi grein, og verður þessum lið kröfunnar því ekki sinnt.

Um 2. kröfulið. Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur af nýju reiknað með líkindatölum fjárhagstjón áfrýjanda Hafsteins. Er þá tekið tillit til þeirra kauplagsbreytinga, sem orðið hafa, eftir að tryggingafræðingurinn gerði sams konar útreikning hinn 6. apríl 1962, eins og greint er í héraðsdómi. Hefur í hinum nýja útreikningi verið stuðzt við eftirlifendatöflur íslenzkra karla 1951—1960, og um úrtaksrannsókn á vinnutekjum kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík hafa árin 1954—1963 verið lögð til grundvallar. Eru niðurstöðutölur tryggingafræðingsins, miðað við 3. marz 1965, þessar:

1. Ef útreikningurinn er miðaður við 6% ársvexti, nemur heildartjónið:

a. Miðað við dagvinnutekjur, kr. 200.729.00.

b. Miðað við meðaltekjur, kr. 258.782.00.

2. Ef miðað er við 7% ársvexti, nemur heildartjónið:

a. Miðað við dagvinnutekjur, kr. 179.968.00.

b. Miðað við meðaltekjur, kr. 231.727.00.

Með hliðsjón af líkindareikningum þessum og þegar litið er til þess, að áfrýjandi Hafsteinn þarf hvorki að greiða tekjuskatt né útsvar af dæmdum fébótum, þá þykir tjón hans samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið kr. 145.000.00.

Um 3. kröfulið. Bætur samkvæmt þessum kröfulið eru hæfilega ákveðnar í héraðsdómi kr. 25.000.00.

Um 4. kröfulið. Við ákvörðun málskostnaðar verður tekið tillit til kostnaðar þess, sem hér greinir.

Samkvæmt framangreindu nemur tjón áfrýjanda Hafsteins kr. 145.000.00 + kr. 25.000.00, þ. e. kr. 170.000.00.

Frá dragast bætur frá Tryggingastofnun ríkisins	kr.	34.195.30
	kr.	135.804.70
Frá dregst ⅕ hluti vegna eigin sakar	—	27.160.94
	Kr.	108.643.76
Frá dragast laun, greidd af Jóni Bergsteinssyni	—	7.500.00
Fjárhæð þá, sem þá kemur fram	kr.	101.143.76

ber áfrýjendum Þórarni, Jóhannesi og Þorgrími að greiða in solidum áfrýjandanum Hafsteini Sigurjónssyni ásamt 6% ársvöxtum frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á., 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo ber þeim og að greiða árfýjanda Hafsteini in solidum málskostnað í héraði, kr. 14.500.00, og málskostnað fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn kr. 16.000.00.

III. Kröfur á hendur Jóni Bergsteinssyni.

Áfrýjandi Hafsteinn hefur gert sömu kröfur á hendur stefnda Jóni Bergsteinssyni og þeim áfrýjendum Þórarni, Jóhannesi og Þorgrími. Hefur hann reist kröfur sínar á hendur stefnda Jóni á því, að hann, Hafsteinn, hafi verið nemandi Jóns, sem verið hafi múrarameistari við húsbygginguna. Telur hann stefnda Jón bera af þeim sökum hlutlæga ábyrgð á tjóni því, er af slysinu leiddi. Stefndi Jón hefur ekki áfrýjað héraðsdóminum af sinni hálfu. Hefur hann með því orðið bundinn við að greiða bætur ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og í héraðsdómi er dæmt, og verða aðrar ástæður til greiðsluskyldu hans ekki teknar hér til athugunar. Bætur ásamt vöxtum og málskostnaði samkvæmt héraðsdómi ber stefnda Jóni að greiða in solidum með áfrýjendunum Þórarni, Jóhannesi og Þorgrími, að því er tekur til fjárhæða þeirra, sem nefndum áfrýjendum er gert að greiða með dómi Hæstaréttar, að undanskildum málskostnaði fyrir Hæstarétti. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn, að því er varðar sök stefnda Jóns Bergsteinssonar, en rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, að því er til hans tekur.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sýknu stefnda Davíðs Ólafssonar af kröfum áfrýjanda Hafsteins Sigurjónssonar á að vera óraskað. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður, að því er tekur til þessa hluta sakarinnar.

Staðfest er það ákvæði héraðsdóms, að stefndi Jón Bergsteinsson greiði áfrýjanda Hafsteini Sigurjónssyni kr. 113.304.70 ásamt vöxtum og málskostnaði, sem þar greinir, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, að því er til hans tekur.

Áfrýjendur Þórarinn Þórarinsson, Jóhannes Sigurðs-

son og Þorgrímur Guðjónsson greiði áfrýjanda Hafsteini Sigurjónssyni kr. 101.143.76 ásamt 6% ársvöxtum frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 14.500.00 í málskostnað í héraði. Fjárhæðir þessar greiði þeir in solidum ásamt stefnda Jóni Bergsteinssyni og sín á milli. Svo greiði þeir og in solidum áfrýjanda Hafsteini málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 16.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., hefur Hafsteinn Sigurjónsson múrari, Kirkjuteig 7, Reykjavík, höfðað með stefnu, útgefinni 24. október 1960, gegn Jóni Bergsteinssyni múrarameistara, Fjólugötu 19A, Þórarni Þórarinssyni húsasmíðameistara, Leifsgötu 27, og Davíð Ólafssyni fiskimálastjóra, Hörgshlíð 26, öllum hér í borg, til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð kr. 238.348.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Með stefnu, útgefinni 8. maí 1962, framhaldsstefndi stefnandi ofangreindum mönnum til greiðslu in solidum á kr. 41.308.00 til viðbótar fyrri stefnufjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á., og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Með sakaukastefnu, útgefinni 9. maí 1962, sakaukastefndi stefnandi þeim Jóhannesi Sigurðssyni, Fífuhvammi 29, Kópavogi, og Þorgrími Guðjónssyni, Laugarásvegi 75, Reykjavík, til greiðslu in solidum með frumstefndu og framhaldsstefndu á samtals kr. 279.656.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 238.348.00 frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960 og 10% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, ásamt 7% ársvöxtum af kr. 41.-

308.00 frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar, miðað við heildarstefnukröfu, að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefndu hafa allir krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins.

Til vara hefur stefndi Jón Bergsteinsson krafizt þess, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og skipt verði sök á tjóni stefnanda, enda málskostnaður þá látinn niður falla.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

Málavextir eru þessir: Á árinu 1958 stóð stefndi Davíð Ólafsson í húsbyggingu á lóðinni nr. 26 við Hörgshlíð, hér í borg.

Múrarameistari við bygginguna var stefndi Jón Bergsteinsson, og vann stefnandi hjá honum sem múraranemi.

Trésmíðameistari við húsið var upphaflega ráðinn Kristján Kristjánsson, en hjá honum unnu sem smiðir þeir stefndu Þórarinn Þórarinsson, Jóhannes Sigurðsson og Þorgrímur Guðjónsson.

Kristján Kristjánsson trésmíðameistari andaðist 9. apríl 1958. Fór stefndi Davíð Ólafsson þess þá á leit við stefnda Þórarin Þórarinsson, að hann tæki að sér hlutverk Kristjáns heitins, enda kvaðst hann þá hafa gengið út frá því, að Þórarinn hefði full réttindi til að standa fyrir byggingu húsa, án þess þó að það hafi verið rætt sértaklega.

Þórarinn tók nú að sér starfa þenna, þótt hann hefði eigi á þeim tíma réttindi til slíks. Kveður hann stjórn sína við trésmíðavinnuna hafa verið fólgna í því að hafa milligöngu um peningagreiðslur, skrifa vinnuskýrslur og koma til skila ýmsum sjóðsgreiðslum til Sveinafélags trésmiða.

Fyrir verk þetta fékk hann greidda 15% þóknun á öll greidd vinnulaun, og var það sama þóknun og Kristján heitinn hafði áður fengið.

Í júnímánuði 1958 var slegið upp vinnupöllum við húsið. Var notað í það mótatimbur hússins, nema í uppistöðurnar, þær fékk stefndi Davíð Ólafsson að láni annars staðar.

Stefndi Þórarinn mun ekki hafa unnið að sjálfri smíði pallanna, heldur eingöngu þeir stefndu Jóhannes Sigurðsson og Þorgrímur Guðjónsson. Timbrið var þarna í kringum húsið, og telur Jóhannes, að þeir Þorgrímur hafi ýmist valið úr því í

sameiningu eða hvor í sínu lagi, en Þorgrímur kvaðst hins vegar ekki muna, hvernig timbrið var valið, sem notað var í pallana. Jóhannes kvað engan hafa haft umsjón með verki þessu, og í sama streng tók Þorgrímur.

Eins og fyrr segir, var smíði vinnupallanna lokið í júnímánuði 1958. Hins vegar munu þeir eigi hafa verið teknir í notkun í sambandi við múrhúðun hússins, fyrr en u.þ.b. 4 mánuðum síðar. Hinn 23. október 1958 voru þeir stefnandi og Jóhannes Bergsteinsson múrarameistari, bróðir stefnda, að negla réttskeiðar á suðausturhorn hússins og undirbúa múrhúðun þar. Þeir stóðu saman á neðsta vinnupallinum með létt verkfæri til afnota við undirbúningsstarfið, en eigi með neina steypublöndu á pallinum eða annan þunga.

Sem þeir félagar voru að þessum starfa, brotnaði skyndilega langband það, sem þeir stóðu á og næst var húsinu, og síðan hitt langbandið. Við þetta féllu báðir mennirnir niður í kjallaratröppur, sem voru þarna við húshornið. Fótbrotnaði stefnandi við fallið og var fluttur í sjúkrahús. Jóhannes meiddist hins vegar aðeins lítillega.

Tveir rannsóknarlögreglumenn fóru á vettvang eftir slysið og gerðu athuganir og mælingar. Samkvæmt þeim hefur fallið verið 2.35 m, en milli uppistöðustólpa þeirra, er langböndin voru negld á og stóðu sitt hvorum megin við kjallaratröppurnar, var u.þ.b. 3.90 m. Síðan segir svo í skýrslu rannsóknarlögreglunnar: „Langband þetta, sem þannig hafði brotnað, var úr óhefluðu borði, sex tommu breiðu og einnar tommu þykku, og mun vera venja að nota efni af slíkum styrkleika í svona langbönd í vinnupöllum. En borð þetta, sem hér var um að ræða, virtist vera mjög kvistótt, og hafði það brotnað um tvo kvisti, sem báðir voru áberandi stórir og einnig með stuttu millibili og nálægt miðju burðarþoli þess."

Í sóknarskjölum byggir stefnandi dómkröfur sínar á því, að hann telji vafalaust, að stefndu séu skaðabótaskyldir vegna slyssins.

Við munnlegan flutning málsins rökstuddi stefnandi kröfur sínar gagnvart hinum stefndu trésmiðum, Þórarni, Þorgrími og Jóhannesi, með því, að þeir bæru huglæga sök á slysinu, þar sem þeir hafi valið gallað efni í vinnupallana, svo og sakir þess, að smíði vinnupallsins hafi verið áfátt á þeim stað, er hann brast, þar sem of langt hafi þar verið á milli uppistoða hans.

Kröfur sínar gagnvart stefnda Jóni Bergsteinssyni byggði

stefnandi á því, að hann hafi borið hlutlæga ábyrgð á þeim aðstæðum, er stefnandi vann við, þá er slysið vildi til, og sé hann því einnig fébótaskyldur vegna slyssins.

En kröfur sínar gagnvart stefnda Davíð Ólafssyni reisir stefnandi á því, að hann hafi borið hlutlæga eigandaábyrgð á timbri því, er notað hafi verið í pallana, þess vegna sé hann líka bótaskyldur vegna slyssins.

Stefndi Þórarinn Þórarinsson reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki verið trésmíðameistari við bygginguna, er slysið varð, enda aldrei skrifað upp á teikningu af húsinu, og telur, að stjórn sín hafi eigi verið fólgin í öðru en því að halda vinnuskýrslur fyrir trésmiðina, taka við peningum frá húseigandanda og greiða hverjum einum kaup eftir vinnuskýrslum, enda hafi hann fengið sérstaka þóknun fyrir þann starfa.

Sjálfur hafi hann ekki slegið upp pöllunum, heldur hafi það gert þeir félagar hans, Þorgrímur og Jóhannes.

Pöllunum hafi verið slegið upp í júnímánuði 1958 úr timbri, er húseigandi hafi lagt til, og hafi efnið verið lélegt, þá sé það því að kenna, að smiðunum hafi ekki verið fengið betra efni í hendur og þeir því neyðzt til að nota það. Pallarnir hafi síðan staðið ónotaðir í 4 mánuði, og þá teknir í notkun af múrurunum, án þess að hugað væri að þeim sérstaklega. Telur Þórarinn þetta hafa haft í för með sér nokkra áhættu, þar sem sumarið hafi verið óvenju þurrkasamt, timbrið því þornað mikið og orðið stökkara.

Að endingu hefur Þórarinn haldið því fram, að óvarkárni stefnanda sjálfs megi um kenna, hvernig fór, enda sé ekkert upplýst um það, hvernig staðið hafi á því, að brot þessa eina langbands skyldi leiða til þess, að stefnandi féll.

Stefndu Jóhannes Sigurðsson og Þorgrímur Sigurjónsson reisa sýknukröfur sínar á því, að þeir hafi enga ábyrgð borið á ágæti eða endingu þess efniviðar, er húseigandi hafi fengið þeim í hendur til smíði vinnupallanna, og þar sem slysið verði á engan hátt rakið til óforsvaranlegra vinnubragða þeirra við uppsetningu pallanna, eigi þeir enga sök á því, hvernig fór. Jafnframt benda þeir á, að stefnandi og húsbóndi hans hefðu átt sem múrarar að athuga styrkleika pallanna, sem lengi hafi verið búnir að standa óhreyfðir, áður en þeir voru teknir í notkun við múrhúðun hússins.

Stefndi Jón Bergsteinsson styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi verið múrarameistari við húsið, trésmíða-

meistarar við húsið hafi fyrst verið Kristján Kristjánsson, en síðar stefndi Þórarinn Þórarinsson. Hafi verkaskipting verið skýrt afmörkuð milli þessara aðilja, þannig að hver hafi annazt sitt verk sjálfstætt í samráði við húseiganda, eins og alþekkt sé í byggingariðnaðinum. Trésmiðirnir hafi að öllu leyti séð sjálfir um uppsetningu vinnupallanna, eins og annað tréverk, en stefndi Jón Bergsteinsson hvergi komið þar nærri. Beri stefndi Þórarinn og félagar hans, eða eftir atvikum húseigandi, alla ábyrgð á frágangi þeirra. En að svo miklu leyti sem tjón stefnanda kunni að stafa af gölluðum frágangi vinnupallanna, þá sé það sér óviðkomandi, og beri hann þar ekki meiri sök en stefnandi sjálfur, er hafi verið vanur þessari vinnu og borið að sýna fyllstu aðgæzlu.

Þá mótmælir stefndi Jón Bergsteinsson því eindregið, að honum hafi sem múrarameistara borið sérstök skylda til að prófa pallana, enda mundi vanræksla á slíku ekki leysa þann, sem smíðaði, undan ábyrgð á þeim galla, sem hér skiptir máli, og óvíst er, að fundizt hefði við slíka skoðun.

Að endingu bendir stefndi Jón Bergsteinsson á það, að dráttur sá, er kunni að hafa orðið á því, að pallarnir voru teknir í notkun, stafi ekki af atvikum, er hann varði, heldur húseiganda. Hins vegar verði ekki séð, að dráttur sá hafi skipt nokkru máli um orsakir að slysinu.

Stefndi Davíð Ólafsson byggir sýknukröfu sína á því, að stefndi Þórarinn Þórarinsson hafi haft umsjón með uppsetningu vinnupalls þess, er brotnaði og slysinu olli. Hann beri því fyrst og fremst ábyrgð á því, hvernig fór. Stefndi Jón Bergsteinsson hafi haft umsjón með múrverki hússins, og hafi því honum eða verkstjóra hans borið að fylgjast með því, að vinnupallurinn væri forsvaranlega gerður. Beri hann því einnig að nokkru leyti ábyrgð á slysinu. Stefndi Davíð kveðst hins vegar ekki á nokkurn hátt hafa fylgzt með framkvæmd verksins, og geti því ekki komið til mála, að hann beri ábyrgð á slysinu, enda hafi hann fengið fullgilda meistara til að standa fyrir byggingarframkvæmdum, sbr. dskj. nr. 30, þar sem þess er getið, að stefndi Þórarinn Þórarinsson hafi fengið réttindi til að standa fyrir byggingum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur 23. apríl 1958.

Að áliti hinna sérfróðu meðdómenda skiptir það engu máli, þótt nokkur tími hafi liðið, frá því vinnupallarnir voru reistir og þar til þeir voru teknir í notkun við múrhúðun hússins. Heldur verði slysið eingöngu rakið til hins gallaða borðs, er

notað var í pallinn, svo og þess, að smíði hans var áfátt, með því að of langt var á milli uppistoða á þeim stað, er hann brast.

Á þessu atriði eiga trésmiðirnir allir sök. Stefndu Jóhannes og Þorgrímur með því að vanda ekki betur val sitt á efnivið í pallana en raun varð á og stefndi Þórarinn trésmíðameistari við smíðina, þar sem hann virðist eigi hafa haft nægilegt eftirlit með smíðinni, er hann skilar af sér pöllunum með þeim byggingargalla, er þeir voru haldnir.

Stefndi Jón Bergsteinsson var sjálfstæður verktaki á einum þætti byggingar. Bar hann því sem atvinnuveitandi ábyrgð gagnvart starfsmönnum sínum á þeim tækjum og tilfæringum, er hann hafði tekið í notkun í atvinnurekstri sínum. Stefnandi var starfsmaður hans og nemandi, og verður að telja stefnda Jón bótaábyrgan gagnvart honum vegna slyssins, enda þótt honum verði eigi lagt það huglægt til lasta.

Stefndi Davíð Ólafsson réð útlærða fagmenn með full réttindi til að standa fyrir verki þessu. Verður honum því ekki gefið að sök, hvernig fór, enda er það venja í byggingariðnaðinum, að mótatimbur sé notað í vinnupalla.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður hinum stefndu trésmiðum, Jóhannesi, Þórarni og Þorgrími, ásamt múrarameistaranum, Jóni Bergsteinssyni, gert að bæta stefnanda in solidum allt það tjón, er hann hefur orðið fyrir vegna slyssins, enda er ekkert fram komið í málinu um það, að stefnandi hafi sýnt af sér nokkra þá háttsemi, er leiði til sakarskiptingar.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi dómkröfu sína um kr. 5.000.00 og sundurliðaði hana þannig:

1. Atvinnutjón	kr.	30.000.00
2. Örorkutjón samkvæmt útreikningi ..	—	166.756.00
3. Bætur fyrir þjáningar og lýti	—	75.000.00
4. Útreikningur tryggingafræðings	—	500.00

Verða nú hinir einstöku liðir teknir til athugunar.

Um 1. og 2. lið.

Rétt þykir að taka báða þessa liði til athugunar í einu lagi, þar sem 1. liðurinn er innifallinn í hinum síðari eftir útreikningi tryggingafræðings.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í Slysavarðstofu Reykjavíkur, þar sem gert var að meiðslum hans. Í vottorði Hauks Kristjánssonar læknis, dags. 30/10 1958, er meiðslum stefnanda lýst svo:

„.... Við skoðun sást ca. 10 cm langt sár innan á hægra ökla, og virtist það ganga inn í liðinn. Malleolus externus er brotinn og dálítið dislocerður út á við.

Sárið er hreinsað og saumað, brotið reponerað. Gips sett á fótinn og sjúkl. lagður inn á slysavarðstofuna. Daginn eftir kvartaði hann um verk í baki, og var tekin mynd af því. Ekki sást þar nein fractur. Hann lá hér til 27/10 og leið þá sæmilega. Var sendur heim."

Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur skoðað stefnanda og metið örorku hans af völdum nefnds slyss. Örorkumat læknisins er dagsett 20. marz 1962. Í upphafi matsins er vitnað í læknisvottorð Hauks Kristjánssonar læknis, dags. 15/2 1962, svohljóðandi:

„.... Hann hafði mikla verki í hægra fæti og gat ekki stigið í fótinn. Við skoðun kom í ljós, að neðan við malleolus internus var ca. 10 cm langur, hér um bil þverstæður skurður, og við nánari athugun á sárinu kom í ljós, að ligamentum delt. voru að nokkru skorin sundur, og var opið inn í lið og inn á sin. musc. tibialis post., án þess hún væri sködduð. Barmar sársins voru mjög tættir. Röntgenmyndir af öklanum sýndu lítið eitt skástætt brot í mall. externus upp frá talo-crurallið, og var distala beinstykkið örlítið gengið út á við, án þess þó að nokkur gliðnun væri sjáanleg í gafflinum um syndesmosuna. Sárið á öklanum var rækilega hreinsað og numinn burt dauður vefur. Síðan voru ligamentin saumuð með catgut, en húð með silki. Brotið var sett og fóturinn gipsaður. Maðurinn var svo lagður inn á slysavarðstofuna og látinn fá antibioticameðferð. Röntgenmyndir sýndu nú sæmilega stöðu á brotstaðnum."

Samkvæmt fyrrgreindu vottorði, þá lá slasaði í slysavarðstofunni til 27/10, en lá síðan heima. Saumar voru teknir 5/11, og var þá sárið gróið að kalla, og hinn 15/11 var sett göngugips á fótinn og manninum leyft að ganga í fótinn. Hann hafði gipsumbúðir til 2/12, en síðan teygjuplástursumbúðir. Á þessum tíma kom hann oft til slysavarðstofunnar og kvartaði töluvert um óþægindi við gang, og nokkur bjúgur sótti á öklann og fótinn. Hann var sendur í meðferð í æfingastöð fatlaðra og lamaðra 16/1 vegna óþæginda og stirðleika í öklanum.

Síðan segir orðrétt:

„Hinn 20/6 1959 hefur maðurinn ennþá allmiklar kvartanir. Bjúgur sígur á fótinn eftir gang og stöður. Hreyfingar í ökla eru oft sársaukafullar, og hann er dálítið haltur. Þrátt fyrir

langvarandi æfingameðferð eru hreyfingar um ökla allhindraðar, einkum dorsiflexio og í subtalarlið. Mikil þrýstingseymsli voru um mall. lateralis. Sjúklingur hafði byrjað að vinna 1/6, en taldi sig eiga erfitt með það."

Slasaði kom síðast til skoðunar hjá Hauki Kristjánsyni 31/1 1962, og segir þar svo um kvartanir sjúklings:

„Hann kvaðst þá stöðugt fá verki við gang bæði utan og innan fótar og einnig aftan í hásin. Segir þreytuverk leggja upp eftir fætinum allt upp í mjóbak. Verður oft haltur, og bjúgur sígur á fótinn um daga, en rennur af um nætur. Segir fótinn mjög kulvísan."

Um skoðun slasaða 31/1 1962 segir Haukur Kristjánsson svo:

„Stingur aðeins við á hægra fæti. Getur staðið á einum fæti og tábergi vinstri fótar, en ekki hægri fótar. Fætur nokkuð flatir og dálítið valgitet í öklum. Húðlitur og hiti á fætinum eðlilegt, nema hvað örlítill rauðleitur blettur er utan á malleolus ext., og virðist húðskyn minnkað þar. Enginn bjúgur er nú sjáanlegur. Ummál kálfa, þar sem þeir eru gildastir, hægri 37 cm, vinstri 38.5 cm, en ekki er hægt að segja, að um vöðvaveiklun sé að ræða. Hreyfingar í hnjám og mjöðmum eðlilegar. Hreyfingar í öklum með beinum hnjám og fætur í inversio: Dorsiflexio: Hægri 90—80°, vinstri 90—70°. Séu hné í 90° flexio, eykst dorsiflexion um ca. 5°. Plantarflexio með fætur í neutralstöðu mælast hægra megin 90—110°. Vinstra megin 90—120°. Hreyfingar í subtalarliðum mælast með ökla í 90° stöðu: Inversio hægri fótar 5°, vinstri fótar 10°. Eversio hægri fótar 5°, vinstri fótar 15°. Þar eð maðurinn er með talsvert flata fætur og áberandi rigid miðtarsalliði, er aductio-abductio vart mælanleg, en þó virðist hreyfisvið þeirra liða minna hægra megin. Hreyfisvið á tám hægri fótar er mjög takmarkað, miðað við vinstri fót, einkum er extensio á stórutá lítil og veikluð. Röntgenmyndir voru teknar af hægri öklalið á Landspítalanum hinn 20/1 1962, og segir svo í umsögn: „Nokkur missmíði á öklaðlið lateralt vegna gamallar fracturu í fibula. Þar er totumyndun á liðbrúnum neðst, einnig við malleolus medialis. Liðbilið samt ekki teljandi þrengt. Í liðbilinu medialt milli hliðarflatar á talus og malleolus medialis kemur fram beinkvörn, sem vafalítið er kölkun í ligamenti eftir avulsion. R. Diagnosis: Arthrosis talo-cruralis incip. dx."

Slasaði kom til viðtals hjá undirrituðum 12/3 1962. Hann skýrir frá tildrögum slyssins og meðferð, eins og lýst hefur

verið. Hann kveðst hafa verið frá vinnu 7 mánuði eftir slysið, hafa fyrst unnið hálfan dag í 1 mánuð, en síðan fulla vinnu. Hann kveðst eiga erfitt með mörg störf í iðn sinni, t. d. á hann erfitt með að liggja á hnjám, erfitt með gang í stigum og erfitt með að standa lengi á vinnupöllum. Kveðst þreytast fljótt við allan gang og fá mikinn sársauka í öklalið við að stíga á ójöfnur. Hann kveður fótinn dofna upp í kulda. Töluverður þroti sækir á fótinn og öklann. Hann hefur notað innlegg næstum að staðaldri, síðan slysið varð.

Hann kveðst fyrir slysið ekki hafa haft nein óþægindi frá ganglimum.

Skoðun er í fullu samræmi við það, er fram kemur í vottorði Hauks Kristjánssonar hér að framan, nema hvað þess skal getið, að passivt hreyfisvið táa hægri fótar er mun meira en hið aktiva, þannig að hreyfingarhindrun verður ekki í grunnliðum tánna við gang.

Ályktun: Hér er um að ræða 37 ára gamlan múrara, sem slasaðist við vinnu sína fyrir 3½ ári, en þá var hann múraranemi. Hann féll niður með vinnupalli á að gizka 5 metra hæð og hlaut áverka á hægri ökla.

Hann var frá vinnu vegna þessa meiðslis í nærri 7 mánuði, en hefur síðan unnið fulla vinnu. Eftir meiðslið hefur hann haft óþægindi í hægri ökla, stirðleika og verki í öklaliðnum, þreytu við gang og stöður, og bjúgur sækir á öklann.

Röntgenskoðun nú sýnir byrjandi liðslit í öklaliðnum, og verður að rekja það til slyssins.

Af þessum sökum verður að meta manninum varanlega örorku vegna meiðslisins 23. okt. 1958, og telst sú örorka hæfilega metin svo:

Í 3 mánuði .... 100% örorka
- 3 — .... 75% —
- 3 — .... 50% —
- 6 — .... 25% —
og síðan varanleg örorka *15%*".

Með bréfi borgardómaraembættisins, dags. 2. júní 1962, var máli þessu vísað til Læknaráðs og beiðzt umsagnar um það, hvort um varanlega örorku væri að ræða hjá stefnanda af völdum slyssins, og, ef svo væri, þá hve mikla.

Í áliti Læknaráðs, dags. 15. ágúst 1962, var talið, að um varanlega örorku væri að ræða, og féllst ráðið á, að hún væri

hæfilega metin af Páli Sigurðssyni tryggingayfirlækni á 15%.

Á grundvelli örorkumats Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út atvinnutjón stefnanda af völdum slyssins. Í útreikningi tryggingafræðingsins, sem dagsettur er 6. apríl 1962, er stefnandi sagður fæddur 18. marz 1925 og hefur því verið 33 ára að aldri, er slysið vildi til. Stefnandi var þá við múraranám, er hann lauk 15. júní 1960, en tók full laun múrarasveins frá 15. janúar 1960, þar sem hann lauk múraranámi á styttri tíma en tilskilið var í námssamningi.

Tryggingafræðingurinn tekur fram, að eigi sé unnt að styðjast við tekjur stefnanda fyrir slysið, þegar áætlun sé gerð um framtíðartekjur hans, þar sem hann hafi stundað nám. Hefur hann því reiknað út hið áætlaða vinnutekjutjón stefnanda með tvennum hætti.

Í fyrra tilvikinu hefur hann miðað árstekjurnar við dagvinnutaxta múrara, en í því síðara við úrtaksrannsókn á vinnutekjum kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík samkvæmt skattaframtölum fyrir starfsárin 1951—1958. Þá tekur tryggingafræðingurinn tillit til þeirrar 4% hækkunar, er koma skyldi til framkvæmdar 1. júní 1962 samkvæmt þágildandi samningum, og styðst enn fremur við reynslu áranna 1951—1960 við útreikning meðaltekna. Þannig reiknast honum árstekjur múrarasveins vera sem hér segir:

	Miðað við dagvinnutekjur	Miðað við meðaltekjur
Okt. — nóv. 1958	kr. 63.254.00	kr. 71.096.00
Des. 1958 — jan. 1959	— 69.067.00	— 77.629.00
Febr. 1959 — júní 1961	— 59.835.00	— 67.253.00
Júlí 1961 — maí 1962	— 67.576.00	— 75.704.00
Frá 1. júní 1962	— 70.249.00	— 78.733.00

Tryggingafræðingurinn hefur aðeins reiknað með 45% af ofangreindum tekjum á tímabilinu frá slysdegi til 15/7 1959, en 50% frá þeim degi til 15/1 1960, sbr. það, sem áður hefur verið rakið um námstíma stefnanda.

Þannig reiknað telst tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi, miðað við 6% töflur, vera sem hér segir:

	Miðað við dagvinnutekjur	Miðað við meðaltekjur
Vegna tímabundinnar örorku ..	kr. 19.191.00	kr. 21.571.00

Vegna varanlegrar örorku	— 129.512.00	— 145.185.00
Samtals	kr. 148.703.00	kr. 166.756.00

Þá hefur tryggingafræðingurinn einnig reiknað út atvinnutjónið, miðað við 7% töflur, og verða niðurstöðutölurnar þá þessar:

	Miðað við dagvinnutekjur	Miðað við meðaltekjur
Vegna tímabundinnar örorku ..	kr. 19.089.00	kr. 21.454.00
Vegna varanlegrar örorku	— 115.460.00	— 129.436.00
Samtals	kr. 134.549.00	kr. 150.890.00

Við útreikning þenna hefur eigi verið reiknað með þeim greiðslum, er stefnandi hefur fengið hjá Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum aðiljum vegna slyssins.

Eins og fyrr hefur verið rakið, hefur verið reiknað með 6% og 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla árin 1941—1950.

Stefnandi byggir kröfugerð sína á útreikningi tryggingafræðingsins, miðað við meðaltekjur kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík, sem rakið hefur verið hér að framan.

Stefndu hafa andmælt þessari kröfugerð sem allt of hárri og krafizt þess, að við ákvörðun bóta þessara verði lagður til grundvallar útreikningur tryggingafræðingsins, miðað við dagvinnutekjur og 7% töflur, en frá honum verði dregnar þær greiðslur, er stefnandi hafi þegar fengið greiddar vegna slyssins. Þá hafa þeir einnig krafizt þess, að fjárhæð þessi verði lækkuð enn frekar, þar sem bætur þessar séu undanþegnar opinberum gjöldum svo og vegna þess hagræðis, sem stefnanda sé af því að fá þær greiddar í eitt skipti fyrir öll.

Við ákvörðun bóta þessara þykir að meginstefnu til rétt að leggja til grundvallar útreikning tryggingafræðingsins, miðaðan við meðaltekjur kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík, byggðan á 7% töflum. Þegar hafðar eru í huga framangreindar lækkunarröksemdir stefndu, þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 130.000.00.

Frá þessari fjárhæð ber að draga greiðslur þær, er stefnandi hefur þegar fengið greiddar, þ. e. kr. 34.195.30 hjá Tryggingastofnun ríkisins og kr. 7.500.00 hjá stefnda Jóni Bergsteinssyni. Eftir standa þá kr. 88.304.70.

Um 3. lið.

Stefndu hafa andmælt þessum lið sem allt of háum. Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hans rakin. Þegar þetta er virt, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 25.000.00.

Um 4. lið.

Liður þessi verður ásamt öðrum útgjaldaliðum hafður til hliðsjónar við ákvörðun málskostnaðar.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndu Þórarinn Þórarinsson, Jóhannes Sigurðsson, Þorgrímur Guðjónsson og Jón Bergsteinsson verða in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 113.304.70 með 6% ársvöxtum frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, enda breytti stefnandi vaxtakröfu sinni á þessa lund við munnlegan flutning málsins.

Eftir þessum málalyktum verður hinum sömu mönnum einnig gert að greiða stefnanda málskostnað in solidum, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 14.500.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendum, Bárði Daníelssyni verkfræðingi og Kristni R. Sigurðssyni trésmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi Davíð Ólafsson á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Hafsteins Sigurjónssonar, í máli þessu, en málskostnaður gagnvart honum fellur niður.

Stefndu Jón Bergsteinsson, Þórarinn Þórarinsson, Jóhannes Sigurðsson og Þorgrímur Guðjónsson greiði stefnanda in solidum kr. 113.304.70 með 6% ársvöxtum frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 14.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. apríl 1965.

Nr. 102/1964. **Björn Ársælsson** (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál vegna innstæðulausrar tékkávísunar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1964 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Garðar S. Gíslason kaupmaður, sem andaðist hinn 9. desember 1962, gaf út, að sögn áfrýjanda í nóvember þ. á., tékka þann, sem í máli þessu greinir. Tékkinn tjáist vera útgefinn 21. desember 1962 til handhafa og nemur kr. 24.800.00, er greiðast skyldu í Samvinnusparisjóðnum í Reykjavík. Garðar S. Gíslason seldi áfrýjanda tékka þenna í hendur. Áfrýjandi geymdi síðan tékkann til 24. desember 1962, en þann dag fól hann Karli Guðmundssyni sjómanni að framvísa tékkanum á skrifstofu stefnda sem greiðslu á opinberum gjöldum áfrýjanda. Á skrifstofunni var tekið við tékkanum, er Karl hafði ábakið hann, kvittun veitt fyrir sköttum áfrýjanda, kr. 11.374.00, og Karli greiddur mismunurinn á fjárhæð tékkans og sköttunum, kr. 13.426.00, í peningum, og gerði Karl áfrýjanda skil á þessari fjárhæð. Af hendi stefnda var viðtaka tékkans reist á þeirri augljósu forsendu, að innstæða væri fyrir honum í sparisjóðnum. En nú hafði reikningi Garðars S. Gíslasonar verið lokað í sparisjóðnum hinn 8. desember 1962. Af þeim sök-

um raknaði við krafa stefnda um hin opinberu gjöld, kr. 11.374.00, enda eigi vefengt, að þau séu réttilega á lögð. Karl Guðmundsson fór með erindi áfrýjanda, þá er hann framvísaði tékkanum á skrifstofu stefnda og fékk þar kr. 13.426.00 af fjárhæð hans greiddar í peningum. Reiðufé þetta rann til áfrýjanda, sem notaði kr. 2.000.00 af því sem greiðslu til Karls. Svo vaxin málsatvik leiða að lögrökum til þess, að áfrýjanda beri að endurgreiða stefnda þessa fjárhæð.

Með tilvísun til þess, sem nú var rakið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða dómi á að vera óraskað.

Áfrýjandi, Björn Ársælsson, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. maí 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. maí s.l., hefur gjaldheimtustjórinn í Reykjavík fyrir hönd Gjaldheimtunnar höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Birni Ársælssyni verzlunarmanni, Álftamýri 8, Reykjavík, með stefnu, birtri 27. febrúar 1964. Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 24.800.00 með 8% ársvöxtum frá 24. desember 1962 til greiðsludags og málskostnað að mati dómara. Stefndi hefur hins vegar *aðallega* krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu, *til vara* hefur hann krafizt sýknu, að svo stöddu, og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Aðiljar máls þessa hafa lýst því yfir, að tilgangslaust sé að leggja mál þetta fyrir sáttanefnd, en mál þetta er ekki rekið sem tékkamál, heldur almennt skuldamál.

Málavextir eru þessir:

Þann 24. desember 1962 kom Karl Guðmundsson, þá til heimilis að Skipholti 40, Reykjavík, í afgreiðslu Gjaldheimtunnar í

Reykjavík, Tryggvagötu 28, og framseldi þar tékka, að fjárhæð kr. 24.800.00, en tékka þenna hafði Garðar S. Gíslason, Faxatúni 6, Garðahreppi, gefið út til handhafa á hlaupareikning nr. 49 í Samvinnusparisjóðnum í Reykjavík, og var útgáfudagur skráður 21. desember 1962. Með tékka þessum greiddi Karl opinber gjöld fyrir stefnda, samtals kr. 11.374.00, og fékk til baka af tékkanum kr. 13.426.00.

Við framvísun í Samvinnusparisjóðnum reyndist ekki innstæða fyrir tékka þessum, og hafði áðurnefndum hlaupareikningi Garðars S. Gíslasonar, útgefanda tékkans, verið lokað 8. desember 1962.

Lézt Garðar 9. desember s. á.

Stefndi hefur komið fyrir dóm, bæði sakadóm og bæjarþing Reykjavíkur. Hefur hann gefið þar skýrslu svo og Karl Guðmundsson. Skýrði stefndi svo frá fyrir sakadómi 17. janúar 1963, að hann hefði fengið tékka þenna hjá Garðari S. Gíslasyni einhvern tíma í nóvembermánuði 1962. Hefði hann (stefndi) lánað Garðari kr. 24.800.00 og fengið tékkann sem tryggingu, en hann hefði hljóðað upp á sömu fjárhæð. Tékkinn hefði verið dagsettur fram í tímann, eða 21. desember 1962, en Garðar lofað, að þá skyldi verða til innstæða fyrir honum. Þessa skýrslu hefur stefndi ítrekað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 21. júní 1963 og þar bætt því við, að hann hefði ekki kannað það, eftir að útgáfudagur rann upp, hvort innstæða væri fyrir tékkanum. Áður hafi komið fyrir, að Garðar hafi greitt sér með innstæðulausum tékkum og dagsett þá fram í tímann, en innstæða þó jafnan verið fyrir hendi, þegar hinn skráði útgáfudagur rann upp.

Skýrslur þeirra Björns og Karls hafa einnig leitt í ljós, að þeir stefndi og Karl hittust 24. desember 1962, og bað Karl stefnda um að greiða sér kr. 2.000.00, sem hann hafði lánað stefnda. Þetta kvaðst stefndi ekki geta með öðru móti en því, að Karl tæki umræddan tékka, færi með hann í Gjaldheimtuna og greiddi þar opinber gjöld sín, en af því fé, sem gefið yrði til baka, gæti hann fengið greiddar þær kr. 2.000.00, sem hann ætti.

Fór Karl síðan til Gjaldheimtunnar, afhenti tékkann og fékk kvittun fyrir greiðslu á opinberum gjöldum stefnda. Mismuninn á þeim og fjárhæð tékkans fékk Karl greiddan í peningum. Fór hann síðan aftur til stefnda, afhenti honum peningana og kvittunina fyrir gjöldunum, en fékk aftur greiddar áðurnefndar kr. 2.000.00.

Stefnandi hefur skýrt frá því, að hann hafi samhliða málshöfðun þessari lýst kröfu samkvæmt greindum tékka í dánarbú Garðars S. Gíslasonar, og mundi því stefndi verða aðili að þeirri kröfu, ef hann greiddi stefnufjárhæðina, áður en búskiptum væri lokið, en stefnukrafan að öðrum kosti lækka um þá fjárhæð, sem greiðast kann úr búinu.

Stefnandi hefur haldið fram máli sínu til stuðnings, að stefndi sé hinn raunverulegi skuldari. Ástæðan fyrir því, að Karli Guðmundssyni sé ekki stefnt, þótt hann sé skuldari að formi til, sé sú, að stefndi sé hinn raunverulegi skuldari og Karl sé ólíklegur borgunarmaður skuldar þessarar. Kröfur sínar eigi stoð í almennum bótareglum, þar sem stefnandi hafi orðið fyrir tjóni af völdum stefnda. Því hafi að minnsta kosti valdið gáleysi hans, þar sem hann hafi tekið við tékka, sem hann hafi vitað, að var innstæðulaus og dagsettur fram í tímann, og því mátt ætla, að innstæða yrði ekki fyrir hendi, þegar honum yrði framvísað. Ekki hafi hann vakið athygli Karls á, hversu háttað var dagsetningu tékkans. Með öllu þessu hafi hann bakað stefnanda tjón, sem nemi stefnufjárhæðinni, og sjálfur hagnazt um sömu upphæð, þannig að hann hafi fengið fullnaðarkvittun fyrir opinberum gjöldum fyrir árið 1962, fengið til baka kr. 13.426.00 og af þeirri fjárhæð greitt 2.000.00 kr. skuld. Þenna hagnað hafi hann fengið á óréttmætan hátt.

Fleira komi til en almennar bótareglur. Krafa stefnanda á hendur stefnda vegna opinberra gjalda og þeirrar fjárhæðar rakni við að nýju, þegar í ljós komi, að innstæða sé ekki fyrir tékkanum, og það þótt fyrirvaralaus kvittun hafi verið gefin.

Loks megi benda á það, að stefndi hafi auðgazt á óréttmætan hátt, bæði af því að hafa fengið fullnaðarkvittun fyrir opinberum gjöldum og þeirri fjárhæð, sem hann hafi fengið til baka.

Stefndi hefur haldið fram aðalkröfu sinni til stuðnings, að stefnandi eigi engar kröfur á hendur stefnda. Hann hafi einungis krafizt framsals frá Karli Guðmundssyni, en ekki krafizt þess, að stefndi ritaði nafn sitt á tékkann, enda þótt ljóst væri, að opinber gjöld hans væru greidd honum. Hefði þetta, að opinber gjöld stefnda voru greidd með tékka þessum, veitt stefnanda fullt efni til að láta stefnda taka ábyrgð á gæðum tékkans. Engu máli geti hér skipt, á hvern hátt Karl hafi notað fé það, sem inn kom fyrir tékkann, enda hafi stefnandi tekið við tékkanum og gefið kvittun fyrirvaralaust.

Til stuðnings varakröfu sinni um sýknu, að svo stöddu, hefur

stefndi haldið fram, að ósannað sé, að stefnandi hafi tapað á því að taka við tékka þessum, þar sem alls ekki sé hægt að slá því föstu, að tékkinn muni ekki greiðast, enda skiptum ekki lokið í dánarbúi Garðars S. Gíslasonar, útgefanda tékkans.

Í máli þessu liggur ljóst fyrir, að stefndi, Björn Ársælsson, var eigandi tékkans, þegar hann fékk Karli Guðmundssyni hann. Verður að líta svo á, þegar virtar eru skýrslur þeirra stefnda og Karls, sem raktar hafa verið að framan, að Karl hafi verið sendimaður stefnda, en ekki fengið tékkann framseldan. Einnig liggur ljóst fyrir í máli þessu, að andvirði tékkans rann til stefnda, þannig að hann fékk kvittun fyrir opinberum gjöldum, að fjárhæð kr. 11.374.00, og til baka í peningum kr. 13.426.00.

Svo verður að líta á, að stefnandi hafi tekið við tékkanum til þess að freista þess að fá greiðslu af honum, en ekki sem fullnaðargreiðslu, þannig að hann gæfi stefnda eftir skuldina, um leið og hann tók við tékkanum.

Þar sem tékkinn reyndist innstæðulaus, hefur engin greiðsla farið fram, og stefndi skuldar stefnanda eftir sem áður kr. 11.374.00 vegna opinberra gjalda.

Um fjárhæð þá, kr. 13.426.00, sem stefndi fékk til baka, skal þetta tekið fram: Stefndi hefur sjálfur skýrt svo frá fyrir sakadómi 17. janúar 1963, að hann hafi tekið við tékka þessum í nóvember 1962 sem tryggingu fyrir skuld og honum hafi verið ljóst, þegar hann tók við tékkanum, að innstæða var ekki fyrir hendi. Hafi Garðar S. Gíslason lofað, að hún skyldi vera fyrir hendi 21. desember 1962, en tékkinn var dagsettur fram í tímann.

Nú er tékki gjaldkræfur við sýningu, sbr. 28. gr. laga nr. 94/1933, og dagsetning, sem hér um ræðir, skal metin óskráð. Verður að líta svo á, að í því, hvernig dagsetning tékkans var háttað, hafi falizt samkomulag milli stefnda og Garðars, að tékkanum skyldi ekki framvísað fyrr en 21. desember 1962.

Garðar S. Gíslason lézt 9. desember 1962, eins og áður segir, en ekki kannaði stefndi það þó, hvort innstæða væri fyrir hendi, áður en hann fékk Karli tékkann.

Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga auk þess, sem áður segir um það, hvað felist í viðtöku stefnanda á tékkanum, verður að telja, að stefndi geti ekki borið það fyrir sig, að stefnandi greiddi athugasemdalaust sendimanni stefnda til baka af andvirði tékkans kr. 13.426.00, sbr. 32. gr. laga nr. 7/1936. Ber stefnda því að endurgreiða stefnanda nefnda fjárhæð.

Verða því kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti,

þannig að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 24.800.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, enda hefur þeim ekki verið sérstaklega andmælt. Jafnframt verður stefndi aðili kröfulýsingar stefnanda í dánarbúi Garðars S. Gíslasonar samkvæmt greindum tékka, enda hefur stefnandi lýst samþykki við því, sbr. ummæli í stefnu, sem áður hafa verið rakin.

Þá þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnanda kr. 5.800.00 í málskostnað.

Sigurður Líndal, fulltrúi yfirborgardómara, hefur kveðið upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Björn Ársælsson, greiði stefnanda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, kr. 24.800.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 24. desember 1962 til greiðsludags og kr. 5.800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. apríl 1965.

Nr. 167/1964. **Guðjón Guðjónsson**
gegn
Huldu D. Miller.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðjón Guðjónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. apríl 1965.

Nr. 181/1964. **Bóas Emilsson f. h. Byggingarfélagsins Snæfells**
gegn
Valgeiri Davíðssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bóas Emilsson f. h. Byggingarfélagsins Snæfells, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði krónur 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. apríl 1965.

Nr. 133/1964. **Veggur h/f**
gegn
Austurveri h/f og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Veggur h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 5. apríl 1965.

Nr. 95/1964. **Guðmundur Jónsson**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Ólafi Einarssyni og gagnsök
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. maí 1964, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. s. m. Krefst hann aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar dæmdrar fjárhæðar og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 28. maí 1964, gerir þær kröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 193.115.30 með 7% ársvöxtum frá 24. október 1960 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ný gögn um örorkumat og örorkutjón gagnáfrýjanda.

Eins og greinir í héraðsdómi, fór gagnáfrýjandi hinn 24. október 1960 ásamt þrem öðrum verkamönnum að fyrirmælum aðaláfrýjanda í vörugeymslu Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, Höfn í Hornafirði, til þess að sækja þangað sementspoka, sem þeir verkamennirnir tóku úr stafla að tilvísun starfsmanns kaupfélagsins, er pokar úr samstæðunni hrundu niður og lentu á gagnáfrýjanda með þeim afleiðingum, að hann slasaðist á hægra hné.

Eigi verður talið, að aðaláfrýjandi beri ábyrgð á, hvernig hleðslu sementspokanna var varið, né á afgreiðslu varnings í vörugeymslu annars aðilja. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Guðmundur Jónsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Ólafs Einarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. janúar 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 10. þ. m., hefur Ólafur Einarsson, Geithellnum, Suður-Múlasýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 5. september 1962, gegn Guðmundi Jónssyni smið, Höfn í Hornafirði, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 193.115.30, með 7% ársvöxtum frá 24. október 1960 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómarans, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnandi hefur stefnt Tryggingu h/f til réttargæzlu í málinu, en stefndi hefur keypt ábyrgðartryggingu hjá því félagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar. Hefur réttargæzlustefndi heldur engar kröfur gert í málinu.

Málavextir eru þeir, að haustið 1960 var stefnandi ráðinn til starfa hjá stefnda sem verkamaður við byggingu barnaskólans að Sunnuhvoli í Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu. Hinn 24. október var hann sendur ásamt öðrum starfsmönnum stefnda til að sækja sement í vörugeymslu Kaupfélags Austur-Skaftfellinga í Höfn í Hornafirði. Í vörugeymslunni var stafli, hlaðinn úr pokum með sementi. Er stefnandi ásamt starfsfélaga sínum vann að því að taka poka úr staflanum og setja þá í skúffu dráttarvélar, sem síðan flutti pokana að bifreið, vildi það til, að pokar hrundu úr staflanum og ofan á stefnanda. Hlaut stefnandi meiðsli af. Stefnandi telur stefnda bera fébótaábyrgð á tjóni því, er hann varð fyrir af völdum slyssins, en tjón sitt telur hann nema hinni umstefndu fjárhæð.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu í málinu.

Hinn 24. október 1960 kveðst hann hafa verið að vinna hjá stefnda við byggingu barnaskóla Nesjahrepps að Sunnuhvoli. Eftir hádegi þenna dag kveðst hann hafa verið sendur ásamt þeim Skúla Jónssyni, Haraldi Torfasyni og Tryggva Guðmundssyni til Kaupfélags Austur-Skaftfellinga í Höfn til þess að sækja sement á vörubifreið. Kveður stefnandi afgreiðslumann kaupfélagsins, Jón Benediktsson, hafa vísað þeim félögum á, hvar taka skyldi sementið í skemmu kaupfélagsins. Einnig kveður stefnandi Jón hafa falið Baldvini Ragnarssyni, er þá starfaði hjá kaupfélaginu, að aðstoða þá félagana við að ferma vörubifreiðina. Kveður stefnandi Baldvin hafa stjórnað Fergusondráttarvél með ámoksturstæki, og hafi dráttarvélin verið notuð til að flytja sementið frá stæðunni á bifreiðina. Stefnandi kveður sig, Harald og Sverri hafa verið við að taka sementspokana úr stæðunni og setja þá í skúffu dráttarvélarinnar, en síðan hafi þeim verið hvolft úr skúffunni á pall vörubifreiðarinnar. Stefnandi kveður sementsstæðuna hafa verið háa, líklega nokkuð á aðra mannhæð, og var pokunum raðað hverjum ofan á annan, án þess að stæðan væri bundin með því að raða pokunum á víxl. Stefnandi kveður þá félaga fyrst hafa tekið niður poka efst úr stæðunni, sem þeim hafi virzt hætta á, að detta mundu, vegna þess hve lausir þeir hafi verið. Kveður hann þá hafa kastað pokunum á gólfið og hafa verið búna að fylla skúffuna nokkrum sinnum og láta úr henni á bifreiðina. Á palli bifreiðarinnar kveður hann Skúla Jónsson og bifreiðarstjórann, sem hann ekki man hver var, hafa staðið. Tóku þeir á móti pokunum og röðuðu þeim á bifreiðina. Eitt sinn er Haraldur og hann voru að byrja að láta poka í skúffuna og stóðu hálfbognir yfir poka, er þeir hugðust taka á milli sín, kveður stefnandi Baldur hafa kallað til þeirra viðvörun um, að pokar væru að hrynja fyrir ofan þá. Kveður stefnandi það ekki hafa skipt neinum togum, að pokarnir hafi kastazt á hægri hlið sína, og hafi hann dottið og orðið undir pokunum, en Haraldur hafi getað hlaupið undan og hafi því sloppið ómeiddur. Stefnandi kveður nú Harald og Tryggva hafa tekið pokana ofan af sér, og hafi hann síðan skriðið frekar en gengið út úr skemmunni. Í sama mund kveður stefnandi Jón Benediktsson afgreiðslumann hafa komið inn í skemmuna. Kveður hann Jón hafa sótt bifreið sína og flutt sig til héraðslæknisins.

Tryggvi Guðmundsson kveðst í umrætt sinn ásamt stefnanda

og Haraldi Torfasyni hafa unnið við að setja sementspoka í ámoksturssköfu, sem síðan hafi svo lyft pokunum upp á pall vörubifreiðar. Hafi sementið átt að notast við byggingu barnaskóla Nesjahrepps. Tryggvi kveður stefnanda hafa verið að búa sig undir að taka sementspoka úr lágri pokastæðu, um 1 m á hæð, þegar efri stæðan hafi allt í einu hrunið, og hafi stefnandi orðið undir henni, þannig að sementsstæðan hafi lent á honum upp að mitti. Tryggvi kveður viðstadda hafa brugðið við og tekið pokana ofan af stefnanda og stutt hann út, en stefnandi hafi aðeins getað staulazt við illan leik. Var stefnandi síðan fluttur samstundis til læknis.

Haraldur Torfason kveðst hafa unnið við það í umrætt sinn ásamt stefnanda og Tryggva Guðmundssyni að ferma bifreið sementi. Þeir hafi látið sementspokana í skúffu á dráttarvél, sem síðan hafi lyft pokunum á bifreiðina. Haraldur kveður þá félaga hafa tekið sementið úr stæðu, sem verið hafi rúmur metri á hæð, en næsta stæða við hafi verið mun hærri. Kveður Haraldur þá stæðu hafa hrapað, þegar stefnandi hafi verið að taka poka á móti sér. Hann kveður stefnanda hafa orðið undir stæðunni, en viðstaddir hafi snarazt til og tekið pokana ofan af honum, en sex poka kveður hann hafa legið ofan á stefnanda.

Baldvin Ragnarsson kveðst í umrætt sinn hafa verið staddur í vöruskemmu Kaupfélags Austur-Skaftfellinga með dráttarvél félagsins til að lyfta sementi á vörubifreið, sem átt hafi að fara til barnaskólans í Nesjum. Baldvin kveður þá Tryggva Guðmundsson, stefnanda og mann nokkurn frá Haga í Nesjum hafa látið pokana í skúffu dráttarvélarinnar. Hafi þeir tekið þá neðarlega úr stæðu einni, en að baki þeirrar stæðu hafi verið önnur stæða um ein og hálf mannhæð á hæð. Þegar stefnandi hafi verið að taka sementspoka úr lægri stæðunni, hafi hærri stæðan allt í einu hrunið og hann orðið undir henni, þannig að hann hafi legið flatur undir þunganum. Telur Baldvin, að stæðan hafi hrunið á neðri hluta líkama stefnanda, þannig að hún hafi legið á honum allt í mittisstað. Baldvin kveður nú félaga stefnanda hafa tínt pokana ofan af honum og hafi hann síðan haltrað út úr skemmunni.

Jón Benediktsson, afgreiðslumaður Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, kveður menn hafa komið umræddan dag frá Guðmundi Jónssyni byggingameistara og hafi þeir átt að sækja tvo bifreiðarfarma af sementi. Hann kveðst hafa farið með

mönnunum út í sementsskemmu og hafi mennirnir farið að hlaða bifreiðina. Jón kveðst nú hafa farið að afgreiða mann, sem þarna hafi komið. Er hann kom aftur, kveður hann ekki hafa verið lokið við að ferma bifreiðina, en sér hafi þá verið tjáð, að fallið hafi stæða og hefði stefnandi orðið undir henni. Var þá verið að flytja stefnanda til læknis. Jón kveður í ljós hafa komið, þegar hann fór að athuga stæðuna, að mennirnir hafi tekið fremstu röðina alveg niður og hafi þá næsta röð verið mjög völt vegna hæðar sinnar. Kveðst Jón hafa látið laga stæðurnar og látið taka úr nokkra poka, svo að pokarnir mynduðu tröppur. Ekki kveðst Jón hafa séð annað en sementinu hafi verið staflað vel í húsinu, eins og venjulega.

Ásgeir Gunnarsson, verkstjóri hjá Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga, kveðst hafa stjórnað uppskipun á sementi því, sem verið var að afgreiða, er slysið varð. Kveður hann því hafa verið staflað eins og venjulega.

Ekki fór fram nein rannsókn á slysi þessu þegar í stað. Mun hvorki stefndi né fyrirsvarsmenn Kaupfélags Austur-Skaftfellinga hafa hlutazt til um, að svo yrði. Það mun svo ekki hafa verið fyrr en fyrri hluta ársins 1962, að hreppstjóri Hafnarhrepps tók skýrslur af stefnanda og samstarfsmönnum hans að tilhlutan lögmanns stefnanda. Eru lögmenn aðilja sammála um að leggja skýrslur þessar til grundvallar við úrlausn málsins.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að stefndi beri sem vinnuveitandi alla fébótaábyrgð á tjóni því, sem hann hefur orðið fyrir af völdum slyssins. Hann hafi verið sendur af stefnda til að framkvæma umrætt starf við óforsvaranlegar aðstæður. Er því haldið fram, að ekki skipti máli, þótt aðrir hafi ráðið húsum, þar sem slysið varð, því hann hafi farið að framkvæma starfið samkvæmt beinum fyrirmælum stefnda. Þá er því og haldið fram, að stefndi hafi ekki hlutazt til um, að rannsókn færi fram á slysinu, og hafi hann einnig með þeirri vanrækslu fellt á sig ábyrgð á tjóninu.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að eigi sé í ljós leitt, að stefnda sem vinnuveitanda eða starfsmönnum hans verði vegna aðgæzluskorts eða vanbúnaðar á vinnustað gefin nokkur sök á slysi stefnanda. Er á það bent í þessu sambandi, að stefndi hafi ekki ráðið húsum í vörugeymslu Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, þar sem slysið varð, enda hafi hann aðeins lánað starfsmenn sína í greiðaskyni til að leysa af hendi starf, sem

hvílt hafi á Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga. Hafi stefndi því enga aðstöðu haft til að hafa á hendi verkstjórn eða hafa verkstjóra á staðnum.

Að því er varðar varakröfu stefnda, þá er því haldið fram, að stefnandi eigi sjálfur nokkra sök á slysi því, sem hann varð fyrir, og beri því að lækka bætur, sem honum kunna að verða dæmdar, af þeim sökum.

Það er ágreiningslaust, að stefndi hafi sent stefnanda ásamt fleiri mönnum til að sækja sement til Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Af skýrslum þeim, sem raktar hafa verið, er ljóst, að slysið hefur orðið með þeim hætti, að er stefnandi og samstarfsmaður hans voru að taka sementspoka úr pokaröð pokastæðunnar, sem var um 1 m á hæð, þá hafi efstu pokarnir úr næstu pokaröð fyrir aftan í pokastæðunni hrunið á stefnanda og fellt hann í gólfið og stefnandi þá hlotið meiðsl þau, sem síðar verða rakin. Er ágreiningslaust, að pokunum hafi verið staflað þannig, að þeir hafi verið hver beint upp af öðrum, en þeir ekki lagðir á misvíxl. Ekkert er komið fram um það, að pokastæðan hafi í heild verið skorðuð sérstaklega. Samkvæmt því, sem fyrir liggur í málinu, verður að telja, að pokastæðan hafi í heild verið nokkuð á aðra mannhæð á hæð. Verður samkvæmt þessu að telja, að frágangur á pokastæðunni hafi ekki verið slíkur sem fyrir er mælt í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 23/1952. Eins og áður segir, sendi stefndi starfsmenn sína til að framkvæma ákveðið starf í vörugeymslu Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Þykir stefndi verða að bera ábyrgð á þeirri áhættu, er skapaðist fyrir starfsmenn hans við það, að vinnuaðstæður á staðnum voru ekki forsvaranlegar, eins og áður er rakið, svo og það, að enginn ákveðinn aðili hafði á hendi stjórn á framkvæmd verksins. Verður stefndi því þegar af þessum ástæðum talinn bera fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi hlaut af völdum slyssins. Er stefnandi og samstarfsmenn hans unnu við að taka sementspokana úr pokastæðunni, hlutu þeir að sjá, hvernig pokunum var staflað. Máttu þeir gera sér grein fyrir, að því meir sem þeir tóku af pokum úr fremri pokaröðinni, þeim mun minni varð stuðningurinn, sem næsta pokaröð hafði, og því kynni að vera hætta á, að efri pokarnir úr þeirri röð féllu niður. Verður að telja, að stefnandi og samstarfsmenn hans hafi sýnt nokkra óaðgæzlu við framkvæmd verksins. Þykir stefnandi því verða að bera tjón sitt að nokkru leyti sjálfur. Eftir öllum atvikum þykir rétt að skipta

ábyrgð á tjóni stefnanda þannig, að stefnandi beri sjálfur ⅕ hluta þess, en stefndi bæti honum ⅘ hluta þess.

Verða nú einstakir liðir dómkröfu stefnanda athugaðir, en kröfu sína hefur stefnandi sundurliðað þannig:

1.	Atvinnutjón og örorkubætur	kr.	163.265.30
2.	Þjáningar og óþægindi	—	25.000.00
3.	Ferðakostnaður til lækninga og rannsókna	—	3.000.00
4.	Vottorðakostnaður	—	1.850.00
		Kr.	193.115.30

Um 1.

Eins og fram er komið, var stefnandi færður til læknis þegar eftir slysið. Í vottorði læknisins, Árna Kjartans Árnasonar, sem dagsett er hinn 30. október 1960, kemur fram, að stefnandi hefur við slysið hlotið liðbandsslit á hægra hné. Voru gipsumbúðir settar á hnéð. Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur skoðað stefnanda og metið örorku hans. Í mati læknisins, sem dagsett er hinn 7. febrúar 1962, segir svo:

„Samkv. vottorði frá héraðslækni í Höfn í Hornafirði, Kjartani Árnasyni, 30. okt. 1960, þá var meiðslið í því fólgið, að innra hliðarliðband og fremra krossband hægra hnésins hafði slitnað sundur (rupt. lig. mediali gen. dx. et lig. crusiati ant. gen. dx.).

Slasaði kom fyrst til skoðunar hjá undirrituðum 11/11 1961. Hann kveðst hafa verið algjörlega óvinnufær 7—8 mánuði eftir slysið. Lá ekki á sjúkrahúsi, en hafði gips á hné í u.þ.b. 7 vikur.

Hann byrjaði lítillega vinnu í júní 1961 og vann í u.þ.b. 3 mánuði, en hætti síðan vegna óþæginda í hnénu og þreytu eftir áreynslu.

Við skoðun hinn 11/11 þá kemur í ljós eftirfarandi: Hægra hné. Það er greinileg rýrnun á hægra læri, og mælist hún 3 cm miðað við það vinstra 15 cm yfir hnéskel. Það er aukin rennihreyfing fram á við í hnénu, en hliðarhreyfing er ekki aukin. Rétting og beyging í hnénu er eðlileg og sársaukalaus.

Talið var, að ástand mannsins mætti bæta með æfingum, og var honum vísað til Jóns Þorsteinssonar íþróttakennara í því skyni.

Slasaði kom síðast til skoðunar hjá undirrituðum 1/2 1962.

Hann finnur sig miklu styrkari í hnénu og hefur engin óþægindi, enda þótt hann reyni töluvert á það við gang nú.

Við skoðun er að finna sömu einkenni og áður, þ.e.a.s. aukna rennihreyfingu fram á við, en rýrnunin er minni en hún var og mælist nú 1—2 cm.

Maðurinn treystist vel til að fara að vinna nú, og hann mun hætta æfingum og byrja vinnu, er hann kemur heim.

Ályktun: Hér er um að ræða 26 ára gamlan mann, sem slasast við vinnu sína, og rifna liðbönd hægra hnés.

Hann var alveg frá vinnu 7—8 mánuði eftir slysið og hefur verið frá vinnu undanfarna 3 mánuði vegna æfingameðferðar, sem hefur borið góðan árangur.

Hann hefur aðeins óveruleg óþægindi í hnénu nú, en það verður að gera ráð fyrir, að þreyta sæki að hnénu, og rennihreyfing er aukin í hnénu og mun verða það áfram, þar eð fremra krossband hnésins er sundur, og ekki er ráðlegt að reyna viðgerð á því.

Af þessum sökum verður að telja, að maðurinn hafi hlotið varanlega örorku vegna slyssins 24. okt. 1960, og telst sú örorka hæfilega metin svo:

Í 4	mánuði	100%	örorka
- 4	—	50%	—
- 4	—	25%	—
- 3	—	100%	—
- 1	mánuð	50%	—
- 1	—	25%	—

og síðan varanleg örorka *10%*.

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur gert þrenns konar útreikninga á verðmæti tapaðra vinnutekna. Um grundvöll og niðurstöður útreikninga þessara segir svo í bréfi tryggingafræðingsins, sem dagsett er hinn 7. ágúst 1962:

„Samkvæmt örorkumati Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis, dags. 7. febrúar 1962, varð Ólafur Einarsson, Geithellnum, Geithellnahreppi, fyrir slysi 24. október 1960. Hefur hann af völdum þess slyss hlotið orkutap, sem læknirinn metur þannig:

Í 4	mán.	fyrst eftir slysið ...	100%
- 4	—	þar á eftir	50%
- 4	—	þar á eftir	25%

- 3 — þar á eftir 100%
- 1 — þar á eftir 50%
- 1 — þar á eftir 25%
og síðan til frambúðar 10%

Ólafur er sagður fæddur 18. nóvember 1935 og hefur samkvæmt því verið 24 ára að aldri, er hann slasaðist. Samkvæmt staðfestum eftirritum skattframtala fyrir starfsárin 1958 og 1959 hafa tekjur hans þau ár verið sem hér segir:

	Samkv. búnaðarskýrslu kr.	Laun kr.	Hlunnindi kr.	Samt. kr.
Árið 1958	21.543.00	9.688.00	8.000.00	39.231.00
— 1959	25.062.00	20.522.00	6.475.00	52.059.00

Í vottorði hreppstjórans í Geithellnahreppi, dags. 13. marz 1962, um tekjur Ólafs samkvæmt skattframtölum árin (framtalsárin) 1959—1961 eru tilgreindar brúttótekjur, nettótekjur og skuldlaus eign. Eru brúttótekjurnar sem að ofan greinir árin 1958 og 1959, en starfsárið 1960 (slysárið) eru þær taldar kr. 45.615.00.

Samkvæmt upplýsingum yðar er hér um að ræða bóndason, sem á nokkurn bústofn. Auk þess hefur hann unnið við vegagerð o. fl., svo sem fram kemur á skattframtölum.

Ógerlegt er að meta á einhlítan hátt vinnutekjur á grundvelli upplýsinga um tekjur samkvæmt landbúnaðarskýrslu. Hinar síðarnefndu ættu að nokkru leyti að vera fólgnar í vöxtum af eigin fé, og enn fremur er gróði eða tap af rekstrinum innifalið.

Mér virðist helzt koma til greina að miða útreikning við tekjur verkamanna eða bænda, en síðan má hafa hliðsjón af tekjum þeim, sem að framan er getið, og sé þá haft í huga, að tekjur samkvæmt landbúnaðarskýrslu og hlunnindi virðast yfirleitt metin í lægra lagi.

Árstekjur verkamanna fyrir dagvinnu eina saman er ég vanur að miða við almennan Dagsbrúnartaxta, 48 stunda vinnuviku og 48 vinnuvikur á ári auk orlofs. Meðaltekjur verkamanna reikna ég á grundvelli úrtaksrannsóknar á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík samkvæmt skattframtölum fyrir starfsárin 1951—1960, og er þá jafnframt tekið tillit til kauplagsbreytinga.

Laun bónda á meðalbúi í verðlagsgrundvelli landbúnaðaraf-

urða námu á síðastliðnu hausti kr. 86.142.00 á ári, og miðuðust þau við kauplag, eins og það var á tímabilinu júlí 1961 — maí 1962. Með breyttu verkamannakaupi er rétt að breyta þessari fjárhæð hlutfallslega.

Þær þrenns konar tekjur, sem að framan eru nefndar, reiknast mér vera á ári sem hér segir:

	Verkamaður dagvinnut. kr.	Verkamaður meðaltekjur kr.	Bóndi kr.
Okt. 1960—júní 1961	50.481.00	62.339.00	78.300.00
Júlí 1961—maí 1962	55.537.00	68.583.00	86.142.00
Frá 1. júní 1962	60.568.00	74.795.00	93.945.00

Sú aðferð að styðjast við 10 ára reynslu (fyrri hluta þess tímabils voru tekjur tiltölulega lágar) við útreikning meðaltekna verkamanna veldur því, að meiri munur en ella verður á meðaltekjum verkamanns og hinum reiknuðu tekjum bónda. Um meðaltekjur verkamanna utan Reykjavíkur er það að segja, að í kaupstöðum og kauptúnum virðast árstekjur hin síðustu ár yfirleitt engu lægri en í Reykjavík, en úrtaksrannsóknin hefur ekki náð til sveita.

Á framangreindum grundvelli reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi vera sem hér segir:

	Miðað við dagvinnut. verkamanns kr.	Miðað við meðaltekjur verkamanns kr.	Miðað við vinnutekjur bónda kr.
Vegna tímabundins orkutaps	44.390.00	54.817.00	68.852.00
Vegna varanlegs orkutaps	70.818.00	87.453.00	109.844.00
Samtals	115.208.00	142.270.00	178.696.00

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til dagpeninga, sem slasaði kann að hafa fengið frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins.

Reiknað er með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1941—1950."

Kröfu sína samkvæmt þessum lið byggir stefnandi á útreikningi tryggingafræðingsins, sem miðaður er við tekjur bónda,

þ. e. kr. 178.696.00. Er því haldið fram í því sambandi, að það sé það starf, sem stefnandi hafi stundað öðrum þræði og hyggist stunda. Frá fjárhæð þessari hefur stefnandi dregið greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 15.430.70. Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir, að stefnandi hefði fengið greitt kaup hjá stefnda í sjö daga eftir slysið, samtals 56 klst. á kr. 26.00 hver klst., og að fallizt væri á, að greiðslur þessar komi til frádráttar kröfum stefnanda. Afstaða til þessa atriðis verður tekin síðar.

Af hálfu stefnda er fjárhæð þessa kröfuliðs mótmælt sem of hárri. Er því mótmælt, að tekjurýrnun stefnanda verði miðuð við tekjur af landbúnaðarvinnu. Þá er á það bent, að við ákvörðun fjárhæðar þessa kröfuliðs beri að taka tillit til sennilegs atvinnuleysis, skattfrelsis bóta svo og þess hagræðis, sem stefnanda mundi verða af því að fá bætur greiddar í einu lagi.

Stefnandi var ráðinn til að starfa hjá stefnda sem verkamaður. Ekki þykja efni til að ákvarða stefnanda bætur, er byggðar eru á útreikningi tryggingafræðingsins um tekjur bónda. Þykir verða að miða bætur til handa stefnanda við vinnutekjur verkamanna. Þegar öll atvik málsins eru virt svo og annað það, sem máli þykir skipta, þá þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 120.000.00, og hefur þá verið dregin frá greiðsla sú, sem stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins. Við ákvörðun bótafjárhæðarinnar er haft í huga, að frá því útreikningur tryggingafræðingsins var gerður, hafa orðið verulegar almennar breytingar á kaupgjaldi.

Um 2.

Af hálfu stefnda er kröfulið þessum mótmælt sem of háum. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið um slysið og sjúkrasögu stefnanda, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00.

Um 3.

Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að stefnandi hefði orðið að koma hingað til borgarinnar til lækninga vegna afleiðinga slyssins og til þess að láta framkvæma mat á örorku þeirri, er hann hefði hlotið. Krafa stefnanda samkvæmt þessum lið sé ferðakostnaður hans af þessum sökum, gögn til stuðnings lið þessum séu nú ekki fyrir hendi. Af hálfu stefnda er kröfulið þessum mótmælt sem ósönnuðum.

Ljóst er, að stefnandi, sem á heimili utan Reykjavíkur, hefur þurft að koma hingað í sambandi við væntanlegar kröfur sínar vegna slyssins. Verður að ætla, að hann hafi haft nokkurn kostnað af þessu. Eftir atvikum þykir mega taka þenna kröfulið til greina með kr. 1.000.00.

Um 4.

Krafa stefnanda samkvæmt þessum lið er kostnaður við örorkumat og útreikning örorkutjóns samkvæmt framlögðum reikningum. Hefur kröfuliður þessi ekki sætt andmælum, og verður hann því tekinn til greina.

Samkvæmt þessu nemur tjón stefnanda kr. 142.850.00 (120.000.00 + 20.000.00 + 1.000.00 + 1.850.00). Verður stefnda því gert að greiða 4/5 hluta þeirrar fjárhæðar eða kr. 114.280.00. Frá þessari fjárhæð ber að draga kr. 1.456.00, sem stefnandi fékk greiddar frá stefnda sem laun fyrstu dagana eftir slysið.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 112.824.00 með vöxtum, eins og krafizt er, þ. e. 7% ársvöxtum frá 24. október 1960 til greiðsludags. Þá verður stefnda og gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 12.500.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Jónsson, greiði stefnanda, Ólafi Einarssyni, kr. 112.824.00 með 7% ársvöxtum frá 24. október 1960 til greiðsludags og kr. 12.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. apríl 1965.

Nr. 85/1964. **Jón Gíslason** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Einari Bjarnasyni og gagnsök
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Ómerking og frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 6. maí 1964 og gagnáfrýjandi með stefnu 21. s. m.

Hér fyrir dómi hefur málið verið flutt einungis um formhlið þess, og hafa aðiljar gert þessar dómkröfur:

Aðaláfrýjandi krefst ómerkingar málsmeðferðar ásamt dómi í héraði, vísunar málsins frá héraðsdómi og svo málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi krefst þess, að hrundið verði kröfum aðaláfrýjanda og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta með héraðsstefnu 11. nóvember 1958, og var málið þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 13. s. m. Af hálfu gagnáfrýjanda voru þá lagðar fram stefna og greinargerð með 10 fylgiskjölum, þar á meðal sameignarsamningur um húseign aðilja nr. 5 við Úthlíð í Reykjavík, þrjú bréf, er farið höfðu milli aðilja um sakarefni og svo reikningar, en í sóknarskjölum sínum krafðist gagnáfrýjandi með skírskotun til greinds sameignarsamnings endurgreiðslu kostnaðar við nefnda húseign, samtals kr. 13.245.80, auk vaxta og málskostnaðar.

Eftir að mál þetta hafði síðan verið tekið fyrir og því frestað með samkomulagi aðilja án frekari aðgerða þrisvar sinnum, var þingað í því hinn 8. janúar 1959. Af hendi

aðaláfrýjanda lagði umboðsmaður hans þá fram gagnstefnu, dags. 6. janúar 1959, aðiljaskýrslu aðaláfrýjanda og greinargerð ásamt 27 fylgiskjölum, og voru í gagnsökinni gerðar „þær dómkröfur, *aðallega* að dómkvöddum mönnum verði falið að skipta húseign og lóð nr. 5 við Úthlíð fullkomnum eignarskiptum. *Til vara* að þeim verði falið að skipta húseign og lóð, að svo miklu leyti sem óskipt er, fullkomnum afnotaskiptum ..... *Til þrautavara* að niður verði felld úr 5. gr. sameignarsamnings um húseignina nr. 5 við Úthlíð setningin: „Verði ágreiningur um nauðsyn framkvæmda um þetta, ráða eigendur meira hluta hússins eftir þeim hlutföllum, sem greind eru í 2. gr. hér á undan“.“

Hinn 9. apríl 1959, eftir að málinu hafði enn verið frestað sex sinnum samkvæmt beiðni aðilja, lagði umboðsmaður gagnáfrýjanda fram greinargerð í gagnsök ásamt 8 fylgiskjölum. Var þá sátta leitað árangurslaust og munnlegur málflutningur ákveðinn. Umboðsmenn aðilja fengu því næst frest til gagnaöflunar og síðan hvern frestinn af öðrum í sama skyni. Hinn 4. febrúar 1960 lagði lögmaður aðláfrýjanda fram 7 skjöl og myndir, og eftir enn frekari fresti til gagnaöflunar lagði lögmaður gagnáfrýjanda hinn 28. apríl 1960 fram framhaldsstefnu ásamt greinargerð og 8 fylgiskjölum, og var sú krafa gerð í framhaldssökinni, að aðaláfrýjanda yrði dæmt að greiða hluta kostnaðar af húseign aðilja á árinu 1959, samtals kr. 4.961.72, ásamt vöxtum og kostnaði. Hinn 9. júní 1960 var lögð fram greinargerð af hendi aðaláfrýjanda í framhaldssökinni. Enn fengu lögmenn aðilja málinu frestað átta sinnum til gagnaöflunar, án þess að nokkurra gagna væri aflað, en hinn 12. janúar 1961 lýstu þeir gagnaöflun lokið. Hinn 28. marz 1963 var málið loks flutt munnlega og tekið til dóms, en 13. apríl s. á. kvað héraðsdómari með úrskurði svo á, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936, að aðiljum veittist þess kostur að afla umsagnar matsmanna um, hvort framkvæmanleg væru skipti þau, sem aðaláfrýjandi hafði krafizt, og svo um framkvæmdir þær, er gagnáfrýjandi krafðist

greiðslu fyrir. Hinn 7. nóvember 1963 var síðan m. a. lögð fram matsgerð um greint efni, og 10. janúar 1964 var málið flutt mannlega af nýju.

Könnun sakargagna leiðir í ljós, að af hendi beggja málsaðilja hafa verið lögð fram skjöl, sem ýmist varða eigi sakarefni eða hafa að geyma skriflegan málflutning. Er framlagning skjala þessara, sem eru mjög umfangsmikil, brýnt og mjög vítavert brot á ákvæðum 105. og 106. gr. laga nr. 85/1936. Ber af þessum sökum að ómerkja héraðsdóm ásamt málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. febrúar 1964.

Mál þetta var tekið til dóms 10. janúar s.l. Stefna í frumsök var birt 11. október 1958. Stefnandi í frumsök er Einar Bjarnason rafvirkjameistari, Úthlíð 5, hér í borg, en stefndi dr. Jón Gíslason skólastjóri, sambýlismaður Einars. Með stefnu, sem birt var 6. janúar 1959, höfðaði dr. Jón gagnsök, og með framhaldsstefnu, sem birt var 27. apríl 1960, höfðaði Einar Bjarnason framhaldssök. Hafa gagnsök og framhaldssök verið sameinaðar frumsök.

Kröfur þær, sem gerðar voru við munnlegan flutning málsins hinn 10. þ. m., og því liggur fyrir að taka afstöðu til í dómi þessum, eru sem hér segir:

Frumsök og framhaldssök: Aðalstefnandi (Einar Bjarnason) krefst þess, að aðalstefndi (dr. Jón Gíslason) verði dæmdur til að greiða sér kr. 18.207.52 ásamt vöxtum, eins og síðar greinir, og málskostnað eftir mati dómsins.

Vaxta krefst aðalstefnandi sem hér segir: 6% p.a. af kr. 13.245.80 frá 1. nóvember 1958 til greiðsludags svo og 6% p.a.

af kr. 4.659.73 frá 28. desember 1959 til 22. febrúar 1960, 10% p.a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til 2. marz 1960, 10% p.a. af kr. 4.961.72 frá þeim degi til 29. desember 1960 og loks 8% p.a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Aðalstefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Gagnsök: Aðalstefndi (gagnstefnandi, dr. Jón Gíslason) krefst þess:

aðallega: að húseign og lóð nr. 5 við Úthlíð verði skipt fullkomnum eignarskiptum,

til vara: að sömu eign verði skipt fullum afnotaskiptum.

til þrautavara: að niður verði felld úr sameignarsamningi um eignina eftirfarandi setning: „Verði ágreiningur um nauðsyn framkvæmda um þetta, ráða eigendur meira hluta hússins eftir þeim hlutföllum, sem greind eru í 2. gr. hér á undan."

Aðalstefndi krefst þess, að skipti í samræmi við kröfur hans verði miðuð við eignarhlutföll aðilja í Úthlíð 5, en af eigninni á aðalstefnandi 67.5%, en aðalstefndi 32.5%. Þá krefst aðalstefndi málskostnaðar í gagnsök, hvernig sem málið fer.

Í gagnsök krefst aðalstefnandi sýknu og málskostnaðar.

Samkomulag er um það milli aðilja, að úr ágreiningsefnum þeim, sem kröfur í málinu lúta að, verði skorið af bæjarþinginu án tillits til gerðardómsákvæðis í sameignarsamningi um Úthlíð 5.

Málavextir:

Með leigusamningi, sem gerður var 24. júní 1950, fengu þeir aðalstefnandi og Jón St. Arnórsson kaupmaður á leigu frá Reykjavíkurbæ lóðina nr. 5 við Úthlíð til að byggja á henni íbúðarhús. Heimilt skyldi þeim vera að selja og veðsetja leigurétt sinn að lóðinni í heild ásamt mannvirkjum á henni. Þeir aðalstefnandi og Jón St. Arnórsson höfðu þegar gert með sér sameignarsamning. Er hann dagsettur 29. apríl 1950. Verða hér tekin upp nokkur atriði úr samningi þessum.

„1. gr. — Við eigum í félagi fasteignina nr. 5 við Úthlíð ....

2. gr. — Fasteign þessi er að 65% .... eign Einars Bjarnasonar, en að 35% .... eign Jóns St. Arnórssonar. Nánar tiltekið fer um eignarrétt að hinum einstöku hlutum hússins sem hér segir:

a. Kjallaraíbúðin er eign Einars Bjarnasonar. Auk þess fylgir þessari íbúð aðgangur að þvottahúsi og miðstöðvarherbergi.
b. Sameiginlegt húsnæði í kjallara er þvottahús, miðstöðvarherbergi, kjallaragangur og kjallarastigi og vatnssalerni undir

kjallarastiga. Á Einar Bjarnason 65% .... af þessu húsnæði, en Jón St. Arnórsson á 35% af því.

c. Vesturherbergi í suðurhlið í kjallara á Jón St. Arnórsson.

d. Stofuhæð er eign Jóns St. Arnórssonar. Henni fylgir geymsla undir útidyratröppum og aðgangur að þvottahúsi og miðstöðvarherbergi.

e. Efri hæð er eign Einars Bjarnasonar. Þeirri hæð fylgir geymsla og þvottahús í þaki. Auk þess fylgir þessari hæð aðgangur að þvottahúsi og miðstöðvarherbergi í kjallara.

f. Þakhæðin er eign Einars Bjarnasonar.

g. Afnot af lóðinni reiknast hverjum aðilja, svo sem nú var sagt um verðhlutföll húsnæðis hvers um sig.

h. Bílskúr er fyrirhugaður á lóðinni og fær Jón St. Arnórsson 3×4½ metra gólfflöt þar af, en hinn hlutinn er eign Einars Bjarnasonar svo og pláss, sem Einar Bjarnason kann að innrétta undir skúrnum.

.....

5. gr. — Okkur ber að standa straum af sameiginlegum viðhaldskostnaði hússins eftir þeim hlutföllum, sem nú voru greind í 3. gr. og 4. gr., (þ. e. 65% og 35%), en sameiginlegt viðhald telst viðhald og viðgerðir utanhúss svo og lagfæringar á lóð og girðing um hana. Verði ágreiningur um nauðsyn framkvæmda um þetta, ráða eigendur meiri hluta hússins eftir þeim hlutföllum, sem greind eru í 2. gr. hér á undan. Viðhald hvers eignarhluta innan húss annast eigandi sjálfur.

6. gr. — (Í greininni segir m. a., að ljós, „sem kunna að verða sett á ljósakerfi annars hvors aðilja“ og eru í sameiginlegum hlutum hússins, séu á kostnað beggja aðilja, og greiði Einar 65%, en Jón 35%).

.....

8. gr. — .... Ræstingu á kjallarastiga og innra kjallaragangi annast eigandi stofuhæðar tvo mánuði í senn og eigandi efri hæðar og þakhæðar einn mánuð í senn ....

9. gr. — Íbúar kjallara, 1. hæðar, 2. hæðar og rishæðar skulu hafa þvottahúsið í kjallaranum til afnota í þeirri röð, sem þeir nú voru taldir í, íbúar kjallara 5 daga í senn, íbúar 1. hæðar 10 daga í senn, íbúar 2. hæðar 10 daga í senn og íbúar þakhæðar 5 daga í senn ....

Rafmagn í þvottahúsi og þurrkherbergi greiðum við í hlutfalli við notkun hvors um sig ....

10. gr. — Nú greiðir annar hvor okkar eigi skilvíslega það,

sem honum ber að greiða skv. framansögðu, svo að hinn neyðist til að greiða fyrir hann slík gjöld, og getur hann þá krafið inn hið vangoldna með málssókn. Skulu slík mál rekin fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og þarf eigi að leggja þau fyrir sáttanefnd. Málskostnað skal skuldari greiða að skaðlausu. ....

.....

12. gr. — Hvor okkar um sig skuldbindur sig til að selja eignarhluta sinn aðeins með því skilyrði, að hinn nýi eigandi gerist aðili að samningi þessum, enda ber það að skoðast sem áhvílandi kvöð á eignarhluta hvors aðilja, að eigandi þess hluta sé aðili að samningi þessum ....

13. gr. — Nú rís ágreiningur milli aðilja samnings þessa um skilning hans eða framkvæmd eða um atriði, varðandi eignina, sem ekki kann að vera ákveðið um í samningi þessum, og skal þá allur slíkur ágreiningur útkljáður til fullnustu af gerðardómi ...."

Hinn 28. október 1950 gerðu þeir Einar Bjarnason og Jón St. Arnórsson með sér annan samning um að breyta sameignarsamningnum frá 29. apríl. Segir þar m. a. „.... herbergi það, sem greint er í c-lið 2. gr. samningsins, er eign meðundirritaðs Einars Bjarnasonar. Herbergi þetta telst vera 2½% af allri fasteigninni, þannig að eignarhluti Einars Bjarnasonar í allri fasteigninni telst vera 67½% .... og eignarhluti Jóns St. Arnórssonar telst vera 32½% .... Breytast í samræmi við þetta hlutföll þau, er í téðum samningi eru ákveðin um .... sameiginlegt viðhald skv. 5. gr. og allan sameiginlegan kostnað annan ...."

Nokkru eftir þetta keypti aðalstefndi í máli þessu, dr. Jón Gíslason, eignarhluta Jóns St. Arnórssonar í Úthlíð 5, og hinn 19. janúar 1951 gaf hann skriflega yfirlýsingu um, að hann gengi að öllum ákvæðum sameignarsamnings þeirra Jóns St. Arnórssonar og aðalstefnanda.

Frá því um þetta leyti hafa aðiljar málsins verið sambýlismenn í Úthlíð 5. Ljóst er af skjölum málsins, að komið hefur upp missætti milli þeirra og að það hefur, áður en langt um leið, orðið mikið. Er vikið að ýmsum atriðum þar að lútandi í málsskjölunum, en ekki verða þau rakin hér umfram það, sem nauðsynlegt er vegna þeirra ágreiningsefna, sem dóm þarf á að leggja.

Kröfur aðalstefnanda í frum- og framhaldssök eru í 6 liðum. Ágreiningurinn um þá alla verður að vísu rakinn til missættis

þeirra um eignina Úthlíð 5, en þó verða atvik varðandi þessa liði ekki rakin í samhengi með góðu móti. Þykir þess vegna gleggst að ræða hér í dómnum hvern lið fyrir sig, bæði atvik, lagarök og álit dómenda, og að víkja síðan að gagnsökinni með sama hætti.

Frumsök:

Kostnaður við að gera garða á lóðamörkum, kr. 12.964.60.

Sumarið 1958 voru gerðir garðar á mörkum Úthlíðar 3 og 5, Úthlíðar 5 og 7 og meðfram götuhlið Úthlíðar 5. Samkvæmt reikningum, sem aðalstefnandi hefur lagt fram, varð hluti Úthlíðar 5 af kostnaðinum kr. 39.891.07. Óumdeilt er, að aðalstefnandi greiddi þenna kostnað, og krefur hann aðalstefnda í málinu um 32½% af honum eða kr. 12.964.60.

Aðalstefnandi heldur því fram, að nokkru áður en framkvæmdir hófust, hafi lögfræðingur sinn, Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður, átt símtal við lögfræðing aðalstefnda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmann, og tjáð honum, hvað til stæði. Segir aðalstefnandi, að lögmaðurinn hafi ekkert haft við það að athuga. Aðalstefndi heldur því hins vegar fram, að aðalstefnandi hafi hafið framkvæmdir án síns samþykkis eða vitundar.

Af skjölum málsins sést, að vinna við garðinn milli Úthlíðar 3 og 5 hefur verið framkvæmd í vikunni frá 11.—18. maí 1958, og var það fyrsti hluti verksins. Í málinu hefur verið lagt fram afrit bréfs frá aðalstefnda til aðalstefnanda. Er bréfið dagsett 12. maí 1958. Í því segir m. a.:

„Þar sem byrjað er að grafa fyrir girðingu á síðustu hlið lóðarinnar nr. 3 við Úthlíð, þ. e. þeirri hlið, sem liggur að okkar lóð, spurðist ég fyrir um það hjá nágranna okkar, hr. Jóni Valfells, Úthlíð 3, hver stæði fyrir framkvæmdum. Það, sem máli skiptir, er það, að hann kvað mig standa að þeim framkvæmdum, en yður hafa útvegað mann til verksins.

Ennþá læt ég yður vita, að þér hafið enga heimild til að hefja nokkra framkvæmd á sameign okkar, nr. 5 við Úthlíð, án samþykkis míns, því síður án vitundar minnar, ...

Ég verð því að gera þá kröfu, að umræddur girðingarhluti bíði leiðréttingar samkvæmt fyrri kröfum mínum þar að lútandi, enda mun ég engan kostnað greiða við girðingu lóðarinnar, fyrr en mér verða tryggð afnot af mínum hluta lóðarinnar, þar með talinn bílskúrinn ....."

Þessu bréfi svaraði lögmaður aðalstefnanda, Gústaf A. Sveins-

son hæstaréttarlögmaður, með bréfi, sem dagsett er 16. maí 1958. Í því segir m. a.:

„Ég hef nú vegna umbj. míns látið tjá yður, að umbj. minn óski að gera girðingu um lóð ykkar, enda er slíks krafizt af sumum eigendum nágrannalóða. Jafnframt er það skylda, að bæjarmenn girði lóðir sínar. Er það einsætt, að umbj. minn hefur rétt til að gera hér um rædda framkvæmd, hvað sem þér segið um þetta, og er honum ekki skylt að bíða eftir því, að þér veitið samþykki til slíks einhvern tíma síðar. Hefur umbj. minn samkvæmt sameignarsamningi og eðli málsins fullt vald til að gera hér um rædda framkvæmd. Mun hann og á sínum tíma innheimta hjá yður eftir hlutföllum þann kostnað, er yður ber að greiða af gerð girðingarinnar ....."

Aðalstefndi svaraði með bréfi, sem dagsett er 20. maí 1958, og lögmaður aðalstefnanda svaraði enn með bréfi, sem dagsett er 23. júní. Þar segir m. a.: „Að endingu skal það tekið fram, að um rof af hálfu umbjóðanda míns getur ekki verið að ræða á hinum þinglýsta sameignarsamningi, og skal yður enn á ný bent á 13. gr. samningsins sjálfs, þar sem segir fyrir um, á hvern veg skuli fjalla um ágreining og skilning á honum."

Aðalstefndi ritaði enn lögmanninum 5. júlí og lögmaðurinn aðalstefnda 15. ágúst. Hinn 1. nóvember 1958 ritaði lögmaður aðalsfefnanda bréf til aðalstefnda og krafði hann þar m. a. um greiðslu á hluta girðingarkostnaðar, sömu fjárhæð og hér er um fjallað. Því bréfi svaraði aðalstefndi 3. nóvember.

Lagarök þau, sem færð hafa verið fram til stuðnings þeim kröfulið aðalstefnanda, sem hér er til athugunar, eru þau, að aðalstefnda beri samkvæmt 5. gr. sameignarsamnings aðilja að greiða þann kostnað, sem um er krafið. Því er haldið fram, að aðalstefnda hafi verið tilkynnt um framkvæmdir þær, sem um er að ræða, með löglegum hætti. Hafi þess þó eigi þurft með, þar sem hann hafi haft þær fyrir augum frá upphafi, mótmælt þeim, en þeim mótmælum verið hafnað með löglegum hætti og framkvæmdirnar ákveðnar í samræmi við fyrrnefnda samningsgrein.

Af hálfu aðalstefnda er sýknukrafa hans studd þeim rökum, að í garðagerðina hafi verið ráðizt án vitundar hans og henni fram haldið þrátt fyrir mótmæli af hans hálfu. Þá er sýknukrafan einnig studd þeim rökum, að tilkostnaðurinn hafi verið óhæfilegur, einkum vegna þess að steinsteyptir garðar hafi verið gerðir milli lóðanna Úthlíðar 3 og 5 og Úthlíðar 5 og 7,

en hvorki hafi þeirra verið þörf né séu slíkir garðar nú tíðkaðir almennt, enda ósmekklegir og óhentugir.

Við munnlegan flutning máls þessa hefur lögmaður aðalstefnda látið þess getið, að hann kannist ekki við, að lögmaður aðalstefnanda hafi átt við sig símtal um væntanlega garðabyggingu.

Álit dómenda um þann kröfulið, sem hér er fjallað um, er þetta:

Því er ekki haldið fram í málinu, að aðalstefnda hafi verið gefinn kostur á að vera með í ráðum um fyrirkomulag garðanna á mörkum Úthlíðar 5, og ekki heldur, að honum hafi verið gefinn kostur á að vera með í ráðum um framkvæmdatíma. Telja verður ósannað, að aðalstefnda hafi verið tilkynnt fyrirfram um, að aðalstefnandi myndi hefja framkvæmdir við byggingu garðanna. Þykja gögn málsins benda til hins gagnstæða, einkum orðalag bréfs lögmanns aðalstefnanda frá 16. maí 1958.

Þegar lóðin var girt, voru lög nr. 19/1959 ekki gengin í gildi. Dómendur telja, að efnislega sömu reglur og þær, sem nú eru í 11. gr. þessara laga, hafi þó verið í gildi, þegar lóðin var girt, bæði vegna eðlis máls og venju. Aðalstefnandi fór ekki eftir þessum reglum, varðandi samráð við aðalstefnda. Lögleg ákvörðun um gerð garðanna var ekki tekin. Getur aðalstefnandi því ekki krafið aðalstefnda um greiðslu á hluta kostnaðar við garðasmíðina.

Það styður þessa niðurstöðu, að ákvæði 5. greinar sameignarsamnings aðilja um ágreining um nauðsyn framkvæmda og ákvæði 13. greinar um gerðardóm, ef ágreiningur rís, m. a. um „atriði, varðandi eignina, sem ekki kann að vera ákveðið um í“ samningnum, hafa vart þýðingu, nema þau séu byggð á þeirri forsendu, að til samráðs komi, áður en í framkvæmdir er ráðizt. Verður því að telja, að þessar greinar mæli fyrir um, að slíkt samráð eigi sér stað. Vanræksla þess leiðir til brottfalls greiðsluskyldu.

Ekki verður talið, að það hafi þegið aðalstefnanda undan skyldu til að hafa samráð við aðalstefnda, að skylt er, að menn girði lóðir sínar, sbr. 92. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Samkvæmt framanskráðu telja dómendur, að sýkna beri aðalstefnda af kröfu aðalstefnanda, að því er tekur til þessa fyrsta liðs í kröfum hans.

Kostnaður af vinnu við lóð og við málningu, kr. 235.70. Hér er um að ræða kröfulið samkvæmt framlögðum nótum frá árinu

1958. 20. ágúst það ár hafa verið keyptar málningardósir og 30. sama mánaðar unnið við málningu á gluggum og niðurföllum og að auki lögð fram nokkur málning. 21. júní hefur verið unnið í 6 klukkustundir við lóð hússins.

Krafa sú, sem hér er um að ræða, var gerð í bréfi lögmanns aðalstefnanda 1. nóvember 1958. Í svarbréfi aðalstefnda 3. nóvember var ekki sérstaklega að kröfunni vikið. Í aðiljaskýrslu aðalstefnda, sem dagsett er 31. desember 1958, segir, að hann hafi ekki orðið „var við viðgerðir þær, sem Einar Bjarnason sendir mér reikning fyrir, eða vitað þeirra nokkra þörf". Í greinargerð og málflutningi lögmanns aðalstefnda hefur kröfulið þeim, sem hér er til athugunar, verið mótmælt, en þau mótmæli ekki rökstudd frekar en að framan greinir í aðiljaskýrslu aðalstefnda.

Þar sem aðalstefnandi hefur lagt fram skjöl, þessum kröfulið til stuðnings, og mótmæli af hálfu aðalstefnda eru ekki nægilega rökstudd, verður krafa aðalstefnanda að þessu leyti tekin til greina.

Kostnaður við hreingerningu 1954, kr. 45.50. Samkvæmt framlagðri nótu hefur hreingerning sú, sem hér er um að ræða, verið framkvæmd 30. september 1954. Stefna í frumsök í máli þessu er birt sem fyrr segir 11. október 1958. Sýknukrafa aðalstefnda varðandi þenna lið, er m. a. studd þeim rökum, að krafan sé fyrnd. Fallast verður á, að svo sé, sbr. 5. tölulið 3. gr. laga nr. 14/1905. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna aðalstefnda af kröfu aðalstefnanda hér að lútandi.

Framhaldssök:

Lagfæring lóðar, kr. 4.659.73. Lóð Úthlíðar 5 var lagfærð sumarið 1959. Hinn 22. maí þá um vorið sendi lögmaður aðalstefnanda lögmanni aðalstefnda bréf, þar sem segir m. a.: „.... umbjóðandi minn óskar að ganga frá lóð eignarinnar nr. 5 við Úthlíð hér í bænum nú á næstu vikum, enda leyfi ég mér að vænta þess, að þér vegna greinds Jóns Gíslasonar samþykkið þessa meðferð." Lögmaður aðalstefnda svaraði með bréfi, sem dagsett er 25. maí. Er þar m. a. þetta haft eftir aðalstefnda: „Af ástæðum, sem yður ættu nú þegar að vera kunnar, mun ég aldrei samþykkja að fela Einari Bjarnasyni, löggiltum rafvirkjameistara, Úthlíð 5, neinar framkvæmdir á lóð sameignar okkar hérna að Úthlíð 5, enda veit ég af reynslu, að fyrirspurn þessi muni vera borin fram af skinhelgi einni saman ...." Hinn 11. júní ritaði lögmaður aðalstefnanda enn bréf til lög-

manns aðalstefnda. Í því segir m. a.: „.... Þar sem vonlaust virðist að ná samkomulagi um málið, mun umbj. minn nú neyta þess réttar, sem hann hefur samkvæmt lögum og sameignarsamningi aðilja til að framkvæma hið umrædda verk, enda mun hann á sínum tíma innheimta hjá dr. Jóni Gíslasyni hans hluta kostnaðarins við áminnztar framkvæmdir." Af framlögðum nótum má sjá, að við lóðina hefur verið unnið um sumarið, einkum í júní og september, fyrir alls kr. 14.337.63, en 32.5% af þeirri upphæð eru kr. 4.659.73, sem aðalstefnandi krefur aðalstefnda um. Lögmaður aðalstefnanda gerði kröfu um greiðslu úr hendi aðalstefnda með bréfi, sem dagsett var 28. desember 1959, en synjað var um greiðslu í bréfi dagsettu 4. janúar 1960.

Krafa aðalstefnanda er studd þeim rökum, að hér hafi verið um að ræða framkvæmd, sem aðalstefnda beri samkvæmt 5. gr. sameignarsamningsins um Úthlíð 5 að greiða 32.5% af kostnaði við. Ekki hafi að vísu verið skylt að leita samþykkis aðalstefnda á því, að framkvæmd væri gerð. Þó hafi það verið gert umfram skyldu og hann þá neitað öllu samstarfi. Slíkt hafi honum verið óheimilt, og hafi þessi viðbrögð heimilað aðalstefnanda að ráðast í framkvæmdir, þótt talið yrði, að um þær giltu ákvæði laga nr. 19/1959.

Sýknukrafa aðalstefnda er studd þeim rökum, að honum hafi verið heimilt að setja syn fyrir framkvæmdir á lóðinni, meðan hann átti við að búa gerræði af hálfu aðalstefnanda í öllum viðskiptum þeirra. Þá er því og haldið fram af hálfu aðalstefnda, að framkvæmdirnar hafi verið of dýrar.

Dómendur eru þeirrar skoðunar, að með hinni algjöru synjun um samstarf, sem fram kom í bréfi lögmanns aðalstefnda frá 25. maí 1959, hafi aðalstefndi misst rétt til að hafa síðar uppi mótmæli gegn framkvæmdum við lagfæringu lóðarinnar, en aðalstefnanda var heimilt að ákveða þær, eins og komið var, sbr. lög nr. 19/1959, 11. gr., 1. mgr. in fine, og sameignarsamning um Úthlíð 5, 5. gr. Deilur aðilja um önnur atriði gátu ekki að lögum heimilað aðalstefnda að banna lagfæringu lóðarinnar. Aðalstefnda ber að greiða sinn hluta kostnaðarins við framkvæmdirnar á lóðinni, sbr. nýnefnd lög, 11. gr., 2. mgr., og 5. gr. sameignarsamningsins, enda voru framkvæmdirnar ekki bersýnilega of dýrar. Fyrir liggur álit tveggja matsmanna um, að þær hafi „á engan hátt verið óhóflegar, hvað kostnað snertir", og eru dómendur sammála því áliti. Þess er að geta, að því er ekki haldið fram í málinu, að framkvæmdir þessar hafi

verið bersýnilega óþarfar, enda fengi slík málsástæða ekki staðizt.

Af því, sem nú hefur sagt verið, leiðir, að aðalstefnda verður gert að greiða aðalstefnanda þá kröfu, sem hér er um fjallað.

Lagfæring á þaki, kr. 115.86. Hér er um að ræða kröfulið samkvæmt framlögðum nótum frá 1958 (málning á þakrennu) og 1959 (viðgerð á þaki). Lögmaður aðalstefnanda krafði um greiðslu vegna þessara framkvæmda með bréfi 2. marz 1960. Ekki verður séð, að því bréfi hafi verið skriflega svarað.

Þessum kröfulið hefur verið mótmælt af hálfu aðalstefnda, en þau mótmæli hafa ekki verið rökstudd. Þar sem skjöl eru fram komin, kröfuliðnum til stuðnings, og á skortir um nægileg mótmæli, verður krafa aðalstefnanda að þessu leyti tekin til greina.

Hreingerning, kr. 99.13. Hér er um að ræða kröfulið samkvæmt framlögðum reikningi, dagsettum 11. marz 1959. Segir þar, að hann sé fyrir hreingerningu á kjallarastiga, gangi og að því er virðist þvottahúsi. Um greiðslu var krafið í áðurnefndu bréfi 2. marz 1960, og verður ekki séð, að svar hafi verið gefið skriflega um þetta atriði fremur en önnur, er í bréfinu er um rætt.

Þessum kröfulið hefur verið mótmælt af hálfu aðalstefnda, en þau mótmæli hafa ekki verið rökstudd. Með tilliti til þess og hins, að skjal er fram komið, þessum kröfulið til stuðnings, þykir verða að taka hann til greina, þótt í 8. gr. sameignarsamningsins um Úthlíð 5 sé svo fyrir mælt, að ræstingu í kjallarastiga og innra kjallaragangi annist eigandi stofuhæðar tvo mánuði í senn og eigandi efri hæðar og þakhæðar einn mánuð í senn. Verður því eigi séð, að aðalstefnandi hafi ákvörðunarvald um hreingerningu á þessum hlutum hússins.

Rafmagn á árinu 1959, kr. 87.00. Krafa um greiðslu þessarar fjárhæðar var gerð í fyrrnefndu bréfi 2. marz 1960. Reikningur frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur liggur ekki frammi kröfunni til stuðnings. Þar sem henni hefur verið mótmælt, verður hún ekki tekin til greina.

Niðurstaða dómenda, að því er frumsök og framhaldssök varðar, verður samkvæmt framansögðu sú, að aðalstefndi, dr. Jón Gíslason, verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda, Einari Bjarnasyni, kr. 5.110.42. Af þessari fjárhæð var kr. 235.70 krafizt í frumsök, og verður, eins og krafizt er, aðalstefnda gert að greiða aðalstefnanda 6% vexti p.a. af upphæðinni frá 1. nóvember 1958 til greiðsludags. Kr. 4.874.72 af framangreindri fjár-

hæð var krafizt í framhaldssök. Vaxtakrafa aðalstefnanda, að því er framhaldssök varðar, er miðuð við dagsetningar á kröfubréfum lögmanns hans. Verður fallizt á, að aðalstefnandi eigi rétt á dráttarvöxtum frá þeim dögum, 1% hærri en almennir vextir eru, þar sem þess er krafizt. Verður aðalstefndi því dæmdur til að greiða aðalstefnanda í vexti auk þess, sem fyrr getur, 6% p.a. af kr. 4.659.73 frá 28. desember 1959 til 22. febrúar 1960, 10% p.a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til 2. marz 1960, 10% p.a. af kr. 4.874.72 frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% p.a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnsök:

Áður er getið krafna og ýmissa málsatvika, varðandi gagnsök. Að auki er þess að geta, að 13. apríl 1963 var kveðinn upp í máli þessu úrskurður hér á bæjarþinginu. Var aðiljum þar gefinn kostur á að fá umsögn skoðunar- og matsmanna m. a. um þessi atriði:

„Hvort unnt sé að framkvæma þau skipti, sem gagnstefnandi krefst.

Hvernig þau skipti ættu að vera, ef þetta verður talið unnt."

Á bæjarþingi 18. og 22. apríl voru þeir Hafliði Jónsson garðyrkjuráðunautur og Indriði Níelsson húsasmíðameistari kvaddir til að framkvæma mat í samræmi við úrskurð þenna að beiðni lögmanns aðalstefnda. Matsgerð þeirra er dagsett 17. maí 1963. Þar segir m. a.:

„Við teljum öll skipti eignarinnar mjög torveld og hæpið, að deilumál aðilja leysist með þeim hætti að fullu og öllu, þar sem óhjákvæmilegt yrði, að eigendur húseignarinnar hefðu ávallt meiri eða minni samskipti vegna eignarinnar að öðru leyti, enda mjög kostnaðarsamt og erfitt að framkvæma nokkrar breytingar á húsinu.

Af því, sem að framan greinir, getum við ekki gert tillögur um, hvernig framkvæma ætti slík skipti milli deiluaðilja."

Af hálfu aðalstefnda var óskað dómkvaðningar yfirmatsmanna til að meta þau atriði, sem nefnd eru í úrskurðinum frá 13. apríl. Á bæjarþingi 5. júlí s.l. voru dómkvaddir sem yfirmatsmenn þeir Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður, Einar Sveinsson múrarameistari og Björn Kristófersson garðyrkjumaður. Yfirmatsgerðin er dagsett 20. september 1963. Í henni segir m. a.:

„.... með aðiljum málsins er mjög djúpstæður ágreiningur um margvísleg atriði, sem tilheyra sameign þeirra. Matsmönn-

um er fullljóst, að það er hvorki á þeirra færi að jafna ágreining aðilja út af sameigninni né kveða á um nokkrar þær breytingar á sameigninni, er líkur séu til, að báðir aðiljar vilji una. Spurning er þá, hvort matsmenn séu færir um að framkvæma skipti þau, sem krafizt er í *aðalkröfu og varakröfu* gagnstefnanda. Kröfugerðin virðist reist á því, að svo sé. Úrskurður dómarans virðist aftur á móti benda ótvírætt til þess, að matsmenn geti ekki kveðið á um slík skipti, heldur aðeins orðið dómara ráðgefandi um þau. Nú er það svo, að kröfum matsbeiðanda um skiptingu eignarinnar, hvort heldur er fullkomnum eignarskiptum eða afnotaskiptum, er harðlega mótmælt af matsþola, og eru mótmælin á því reist, að eigninni hafi þegar verið skipt til fullnustu og frambúðar með sameignarsamningi þeim um eignina, sem áður er vikið að. Matsbeiðandi hafi undirgengizt samning þenna í öllum greinum og sé því að lögum bundinn öllum hans ákvæðum.

Eignaskipti þau, sem krafizt er, að fram fari, myndu ganga í berhögg við sum ákvæði sameignarsamningsins, og hlýtur því að koma til kasta dómarans að meta, hvort skipting sú, sem krafizt er, geti að lögum náð fram að ganga, nema báðir aðiljar ljái til þess samþykki sitt.

Þegar því dómarinn í greindum úrskurði sínum óskar eftir umsögn matsmanna um þar greind atriði, hlýtur þar að vera átt við álit á því, hvort skiptingunni verði komið á af tæknilegum ástæðum. Nú er það svo, að úrlausn á ágreiningsatriðum er um flest auðveld að því leyti. Það eru hreint engin teknisk vandkvæði á því að kveða á um, að matsbeiðandi fái í sinn hlut herbergi það, sem hann gerir kröfu til í kjallara, eða að tilkall matsþola til þvottahúss í kjallara skuli brott falla. En svona er þessu farið um flestar tillögur matsbeiðanda. Það er ekkert auðveldara en að koma þeim í framkvæmd af tæknilegum ástæðum og þarf enga sérfræðinga til. Vandamálið er að sjálfsögðu það, hvort réttur hans til breytinganna er fyrir hendi. En þar hlýtur að koma til kasta dómarans, eins og áður segir.

Við hljótum því að leiða hjá okkur alla skiptingu á því, sem sameiginlegt er innanhúss, þar sem allur vandinn þar er lögfræðilegur og úrlausnarefni dómsins, en engum tekniskum örðugleikum bundinn.

Mat okkar einskorðast því við það, sem er utan húss, og verður þríþætt. Fyrst munum við fjalla um bílskúrsréttindi hús-

eigenda. Í öðru lagi fjallar matið um hugsanlega afnotaskiptingu lóðar og í þriðja lagi um 3. lið matsbeiðninnar.“ (3. liður matsbeiðninnar varðar girðingar um lóð Úthlíðar 5, og verður umsögn yfirmatsmannanna um það atriði ekki tekin með í því, sem hér fer á eftir).

„*Um. 1.*

Það hefur verið venja, að tveir bílskúrar fylgi sambýlishúsum af þeirri gerð, sem aðiljar eiga saman, og þá að jafnaði sambyggðir. Á þá að jafnaði hvor þeirra tveggja, sem aðalhæðir hússins eiga, hvorn bílskúr. Hér er slíku fyrirkomulagi ekki til að dreifa, heldur á matsþoli allan annan skúrinn og hluta af hinum, þannig að sameiganda hans er einungis ætlaður hinn hluti þess skúrs á móti honum. Hvort slíkt fyrirkomulag er í samræmi við það, sem borgaryfirvöld ætlast til, skal ósagt látið, en óneitanlega er þessi skipan óeðlileg og fallin til að valda óeiningu, sérstaklega þó þegar svo hagar til sem hér, að mjög er tæpt, að meðalbifreið rúmist í þeim hluta, sem matsbeiðanda er ætlaður. Dylst það engum, sem aðstæður kannar, að bæði er aðkeyrsla í þann skúr mjög skert vegna útitrappa hússins og akstur bifreiðar inn í skúrinn engan veginn auðveldur af þeirri ástæðu og sakir þess jafnframt, hve stuttur skúrinn er. Þá mun það og óalgengt, að kjallari sé undir bílskúrum. Á það er og að líta, að sá hluti af hinum sameiginlega bílskúr, sem matsþoli hefur, er mun stærri en þyrfti að vera, ef aðeins er hafður í huga gangur inn í hinn bílskúrinn og niðurgangur í kjallarann.

Af framanskráðu er ljóst, að vel er skiljanleg óánægja matsbeiðanda með sinn hlut, að því er til bílskúranna tekur. Hinu er svo ekki að leyna, að hann samþykkti þetta fyrirkomulag með aðild sinni að sameignarsamningnum. Hafa má þó í huga í þessu sambandi, að matsbeiðandi er óbyggingarfróður maður og lítt að undra, að hann hafi ekki áttað sig á málum þeim, sem tilgreind eru í 2. gr. samningsins. Ætla má a.m.k., að hann hafi haft ástæður til að vænta þess, að honum væri tryggð sæmilega rúm bílgeymsla. En það verður hluti hans í öðrum bílskúrnum ekki talinn.

Eins og þegar er rækilega rakið áður í matsgerð þessari, hlýtur það að falla utan verksviðs matsmanna að kveða á um nýja skipan milli sameigendanna um þessa bílskúra. Tillögur þar um eru og lítt raunhæfar, þar sem aðalvandinn væri eftir sem

áður óleystur, þ. e. hvort matsþoli þyrfti að lögum að sæta slíkum tillögum.

Matsmenn hafa því valið aðra leið, þ. e. hvort bygging 3. bílskúrsins á lóð hússins sé tiltækileg. Matsmönnum vitanlega hefur aldrei verið ymprað á slíku í málinu, en matsmönnum finnst það úrræði vel koma til mála, enda væri þá fullnægt að því leyti þörfum matsbeiðanda. Strax skal þó tekið fram, að matsmenn hafa ekki á reiðum höndum svör við því, hvort sá bílskúr yrði leyfður af byggingaryfirvöldum. Matsmenn hafa þó hreyft þessu við byggingarfulltrúa og einn af starfsmönnum hans, og töldu báðir vel þess vert að kanna þenna möguleika.

Matsmenn hugsa sér, að þessi bílskúr yrði staðsettur í norðausturhorni lóðarinnar, og yrði þá að sjálfsögðu aðkeyrsla frá götu meðfram austurhlið hússins. Breidd lóðar frá þeirri húshlið að lóðarmörkum nr. 7 er 3.50 metrar, og yrði sú breidd aðkeyrslunnar. Lengd þessarar ræmu lóðarinnar frá götu og að norðurmörkum er 32 metrar, þannig að flatarmál þessa hluta lóðarinnar yrði þá 112 m^2. Þá kvöð yrði að leggja á bílskúrsafnot þessi, að bifreið mætti ekki standa á innkeyrslunni meðfram húshliðinni. Er sú kvöð sjálfsögð með tilliti til íbúðarinnar í kjallara hússins. Gert er ráð fyrir, að skúr þessi yrði allt að því jafnbreiður innkeyrslunni.

Um 2.

Það getur aldrei orðið annað en neyðarúrræði, að skipta sameiginlegri lóð, slíkri sem þessari, afnotaskiptum milli sameigenda. Bezt fer á því, að slík lóð sé óskipt að öllu leyti, enda er langalgengast, að svo sé. Hér er aftur á móti samkomulagi aðilja svo háttað, að segja má, að full nauðsyn sé á, að lóðinni sé skipt þannig, að hvor aðilja hafi sinn sérstaka hluta lóðarinnar alveg út af fyrir sig. Öll slík skipting er mjög vandasöm og ýmsum vandkvæðum háð.

Við teljum þó einsætt, að eftirtaldir hlutar lóðarinnar yrðu eftir sem áður í óskiptri sameign:

Gangstétt meðfram aðaltröppum. Hún er metri á breidd.

Gangstétt heim að aðaltröppum frá götu. Hún er 1.50 metrar á breidd.

Gangstétt á bak við húsið að kjallaratröppum á norðurhlið. Hún er 1.30 metrar á breidd.

Framhald gangstéttar á bak við húsið, þaðan sem núverandi

gangstétt endar og að dyrum á hlið fyrirhugaðs bílskúrs. Gangstétt þessi yrði jafnbreið þeirri, sem fyrir er.

Annað af lóð hússins en nú var talið yrði þá til skipta milli sameigenda í sömu hlutföllum og eignarhlutdeild þeirra í allri eigninni. Teljum við eftir atvikum réttast, að matsbeiðandi fengi austurhluta lóðarinnar, þar með talinn þann hluta, sem færi undir aðkeyrslu að fyrirhuguðum bílskúr, en breidd aðkeyrslunnar yrði 3.50 metrar, eins og áður greinir. Fengist ekki leyfi fyrir bílskúr eða kysi matsbeiðandi ekki að reisa nýjan bílskúr, kæmi allt að einu austurhluti lóðarinnar í hans hlut, mælt frá lóðarmörkum nr. 7.

Í hlut matsþola kæmi vestanverð lóðin, þar með talin innkeyrslan að bílskúrum þeim, sem fyrir eru á lóðinni. Er innkeyrsla þessi 3.38 metrar á breidd gegnt aðaltröppum, en 4.50 metrar framan við tröppurnar. Hvorugum aðilja yrði heimilt að girða af sinn hluta lóðarinnar. Hvor aðilja ætti óhindraðan umgangsrétt um sérlóð hins, að því leyti sem nauðsynlegt teldist vegna viðhalds hússins og hreingerningar, t. d. á gluggum.

Við höfum ekki séð ástæðu til að marka á uppdrátt af lóðinni þá skiptingu, sem við leggjum til, að á verði komið samkvæmt framanskráðu. Fer bezt á því, að verkfræðingur framkvæmi á staðnum þær mælingar, sem gera þarf vegna skiptingarinnar. Tillögur okkar teljum við það skýrar, að slík mæling ætti að geta orðið auðvelt og óumdeilanlegt verk."

Lóðin Úthlíð 5 er 710.4 m^2, íbúðarhúsið er 130 m^2 og bílskúr, sem aðalstefnandi lét byggja í norðvesturhorni lóðarinnar á árinu 1954, er um 56 m^2, þ. e. um 7 m á breidd, en um 8 m á lengd. Aðalstefnandi hefur, eins og segir í sameignarsamningnum um eignina, ætlað aðalstefnda hluta bílskúrsins, en sjálfur hefur hann ætlað sér rúm bak við þann hluta og að auki kjallara skúrsins. Hefur aðalstefnandi notað þetta rúm auk bílageymslu sinnar. Aðalstefndi hefur neitað að taka við þeim hluta skúrsins, sem aðalstefnandi hefur ætlað honum, og hefur hinn síðarnefndi nú einnig tekið þenna hluta til sinna nota. Til að komast í bílskúrinn með bifreið, þarf að aka meðfram vesturmörkum lóðarinnar, frá suðri (Úthlíð) og norður lóðina. Við hlið akbrautarinnar er gangstétt, enda aðaldyr hússins á vesturvegg þess miðjum og tröppur upp að þeim. Gangstéttin heldur áfram meðfram tröppunum og til norðurs. Allt svæðið vestan við gangstéttina frá götu að bílskúrnum er nú malborið og notað fyrir bíla. Er það víðast um 5.5 m á breidd. Íbúð er

í kjallara hússins, eins og áður er fram komið, og verður ráðið af yfirmatsgerðinni, hvernig inn í hana er gengið, þ. e. eftir gangstétt frá aðaltröppum fyrir norðvesturhorn hússins og síðan meðfram norðurhlið þess til austurs. Eru dyr kjallaraíbúðarinnar á norðurhliðinni, nokkru austar en á húsinu miðju. Herbergi það í suðvesturhorni kjallarans, sem upphaflega var eign Jóns St. Arnórssonar, en nú er eign aðalstefnanda, er notað til íbúðar. Inn í það er gengið um dyr undir aðaltröppum og um fremri kjallaragang.

Í gagnsökinni eru aðalkrafa og varakrafa aðalstefnda (gagnstefnanda, dr. Jóns Gíslasonar) studdar þeim rökum, að unnt sé að skipta garðinum að Úthlíð 5, hvort sem er eignarskiptum eða afnotaskiptum, enda hafi fjöldi sameigenda að húseignum í Reykjavík skipt með sér lóðum húsanna. Sé það auðvelt, eðlilegt og kostnaðarlaust með öllu. Í húsinu séu í sameign og án afnotaskipta gangar og annað húsrými, sem aðalstefnandi (Einar Bjarnason) hafi enga þörf fyrir og noti ekkert, svo sem þvottahús í kjallara, þar sem hann hafi þvottahús uppi. Þar við bætist, að hann hafi í óleyfi látið gera kjallara undir öllum bílskúrnum og noti það húsrými sem rafmagnsverkstæði. Sé það sameiginlegt húsnæði, sem aðalstefndi hafi jafnan rétt til að nota og aðalstefnandi. Ekki hafi aðalstefndi þó á móti því, að aðalstefnandi hafi einn afnot þess, ef aðalstefndi fái annað húsnæði í staðinn, hvort sem er til eignar eða afnota. Um lagarök fyrir skiptunum er vísað til 20. kapítula kaupabálks Jónsbókar.

Þrautavarakrafa aðalstefnda í gagnsökinni er byggð á 32. gr. laga nr. 7/1936. „Það eru eigi heiðarleg samskipti“, segir hér um í greinargerð lögmanns aðalstefnda, „að öðrum samningsaðilja hlýði að kúga gagnaðilja sinn.“

Sýknukrafa aðalstefnanda (gagnstefnda, Einars Bjarnasonar) í gagnsökinni er, að því er varðar aðal- og varakröfur aðalstefnda, studd þeim rökum, að í sameignarsamningi um Úthlíð 5 sé kveðið á um, að tilteknir hlutar fasteignarinnar skuli vera í sameign. Sé með öllu óheimilt að rifta þeim ákvæðum, nema með samkomulagi aðilja að samningnum. Þá hefur því og verið haldið fram sýknukröfunni til stuðnings, að not eiganda af eigninni myndu verða önnur og minni, ef skipting yrði gerð.

Sýknu af þrautavarakröfunni er krafizt með þeim rökstuðningi, að því fari fjarri, að samningsákvæðið, sem um er að

ræða, sé á nokkurn hátt óheiðarlegt, heldur sé það þvert á móti í samræmi við það, sem sett hefur verið í lög nr. 19/1959, og að auki í samræmi við sanngirni og eðli máls.

Verður nú greint frá áliti dómenda á málsefni í gagnsök.

Í 20. kapítula í kaupabálki Jónsbókar segir: „Alla þá gripi, er menn eigu saman, hvárt sem þat er akr eða teigar, hús eða aðra hluti, þá er skipti fær á komit, þá skal sá skipti ráða, er skipta vill." Er þetta ákvæði enn í gildi. Þar sem sakarefni máls þessa varðar ekki bú, heyrir úrlausn þess undir bæjarþingið. Samkvæmt 136. og 137. gr. laga nr. 85/1936 hafa verið fengnar matsgerðir sérfróðra manna um það, hvort skipti séu framkvæmanleg.

Lóðin Úthlíð 5 er eign Reykjavíkurborgar, en aðiljar málsins hafa hana sameiginlega á leigu sem eina heild. Mannvirki á lóðinni eru eign aðilja málsins, að nokkru eru þau í séreign, en að nokkru í óskiptri sameign.

Úthlíð 5 hefur verið metin í einu lagi eftir lögum um fasteignamat. Ekkert er fram komið, er bendi til annars en litið sé á Úthlíð 5 sem eina fasteign í öllu, sem máli skiptir að stjórnarfarsrétti.

Aðalkrafa:

Ljóst er, að hinum óbeinu eignarréttindum, sem fengin eru með lóðarleigusamningnum frá 24. júní 1950, verður ekki skipt nema með samþykki Reykjavíkurborgar. Krafa aðalstefnda um, að lóðinni verði skipt fullkomnum eignarskiptum, verður þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina. Dómurinn er hins vegar þeirrar skoðunar, að þetta út af fyrir sig útiloki ekki, að þeim hlutum mannvirkjanna, sem á lóðinni eru og eru í óskiptri sameign málsaðilja, verði skipt. Sú málsástæða aðalstefnanda, að í sameignarsamningi aðilja felist, að til slíkrar skiptingar geti ekki komið, verður ekki talin hafa við rök að styðjast. 5. gr. laga nr. 19/1959 er ekki heldur í vegi fyrir skiptum, varðandi mannvirkin. Álitaefnið verður því það, hvort skiptunum verði komið við, en í því felst, að skiptin valdi eigi verðrýrnun á eignarhlutum aðilja.

Undirmatsmenn töldu, að öll skipti eignarinnar væru torveld, að óhjákvæmilegt yrði jafnan, að samskipti vegna eignarinnar yrðu með aðiljum, og að mjög kostnaðarsamt og erfitt væri að framkvæma breytingar á húsinu. Yfirmatsmenn töldu, að tilgreindar gangstéttir hlytu jafnan að verða í sameign. Þá telja þeir ekki tæknilega örðugleika á að skipta húsinu, en

ræða ekki sérstaklega um skiptingu á þeim hlutum þess, sem eru í óskiptri sameign. Dómendur hafa kynnt sér aðstæður í Úthlíð 5. Gangstéttum, tröppum, kjallaragangi, kjallarastiga og snyrtiherbergi undir stiganum verður bersýnilega ekki skipt að áliti dómenda. Þvottahúsi og miðstöðvarherbergi verður að áliti dómenda ekki heldur skipt án þess verðrýrnun valdi. Dómendur telja, að skipti sem þessi hefði mátt framkvæma að lögum, ef það hefði verið unnt án þess til verðrýrnunar leiddi, en að svo sé ekki.

Við rekstur máls þessa hefur því verið haldið fram af aðalstefnda og af hans hálfu, að bæjarþingið geti við skipti á Úthlíð 5 kveðið á um eignarrétt að vissum hlutum hússins, sem nú eru ekki í sameign aðilja. Þetta hefur ekki við rök að styðjast.

Niðurstaða þess, sem nú hefur verið sagt, er sú, að krafa aðalstefnda (gagnstefnanda, dr. Jóns Gíslasonar) um, að húseign og lóð nr. 5 við Úthlíð verði skipt fullkomnum eignarskiptum, verður ekki tekin til greina.

Varakrafa:

Í 20. kapitula kaupabálks Jónsbókar eða öðrum lagaákvæðum er ekki að finna heimild til slíkrar skiptingar, sem hér er krafizt. Verður varakrafan því ekki tekin til greina.

Þrautavarakrafa:

Sú setning, sem krafizt er, að niður verði felld úr sameignarsamningi aðilja, er í samræmi við 11. gr. laga nr. 19/1959 og ekki andstæð 32. gr. laga nr. 7/1936. Þegar af þeirri ástæðu verður þessi krafa aðalstefnda ekki tekin til greina.

Málskostnaður:

Eftir úrslitum þeim, sem að framan eru greind í frumsök og framhaldssök, er rétt, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda kr. 2.000.00 í málskostnað. Rétt er, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Dóm þenna kváðu upp Þór Vilhjálmsson borgardómari, Árni Stefánsson hæstaréttarlögmaður og Ögmundur Jónsson verkfræðingur. Bæði sakarefnið og málatilbúnaður hafa verið um margt með sérstæðum hætti, og hefur það tafið meðferð málsins og dómsuppsögu.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Jón Gíslason, greiði aðalstefnanda, Einari Bjarnasyni, kr. 5.110.42 auk vaxta sem hér segir: 6% p.a. af kr. 235.70 frá 1. nóvember 1958 til greiðsludags, 6% p.a.

af kr. 4.659.73 frá 28. desember 1959 til 22. febrúar 1960, 10% p.a. af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 2. marz 1960, 10% p.a. af kr. 4.874.72 frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% p.a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Aðalstefnandi skal vera sýkn af gagnkröfum aðalstefnda. Aðalstefndi greiði aðalstefnanda í málskostnað kr. 2.000.00. Greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. apríl 1965.

Nr. 103/1964. **Olíuverzlun Íslands h/f**
(Magnús Fr. Árnason hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Salberg Guðmundsson, bæjarfógeti á Sauðárkróki, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1964. Hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp 7. marz 1964. Skaut áfrýjandi honum til Hæstaréttar með stefnu 6. apríl s. á. í málinu nr. 74/1964, en útivistardómur gekk í því máli þann 1. júní s. á.

Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 er svo kveðið á, að áfrýjunarfrestur skuli vera 4 vikur frá lokum dómsathafnar, en þó geti dómsmálaráðherra veitt leyfi til áfrýjunar næstu þrjá mánuði frá sama tíma, ef sérstaklega stendur á. Fjögurra vikna áfrýjunarfresturinn var liðinn, þegar stefna var gefin út í málinu nr. 74/1964, og áfrýjandi hafði ekki aflað sér áfrýjunarleyfis. Verður máli því, sem hér er til úrlausnar, af þeim sökum vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Sauðárkróks 7. marz 1964.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 26. f. m., er þess krafizt af sóknaraðilja, að fjárnámskrafa hans, kr. 290.460.16, með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1960 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað auk kostnaðar við fjárnám og uppboð verði tekin til greina á undan kröfum varnaraðilja og greidd af uppboðsandvirði svonefnds slátur- og fiskmóttökuhúss Fiskivers Sauðárkróks h/f, þess er boðið var upp á nauðungaruppboði 7. október f. á. og lagt ríkissjóði út til eignar 21. s. m. upp í ófullnægðar veðkröfur hans.

Af hálfu varnaraðilja er kröfu þessari mótmælt og sýknu krafizt og hæfilegs málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Málavextir eru þessir:

Hinn 31. júlí f. á. gerði sóknaraðili fjárnám í téðu slátur- og fiskmóttökuhúsi, hraðfrystihúsi og fiskimjölsverksmiðju Fiskivers Sauðárkróks h/f í senn til tryggingar dómskuld, að fjárhæð kr. 290.460.16, með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1960 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi. Allar þessar eignir voru þá á nauðungaruppboði, sem þingfest var 25. október 1962, en frestað hafði verið nokkrum sinnum. Voru eignirnar samkvæmt veðmálaregistri auglýstar til uppboðs í þrennu lagi, eins og þær að framan eru taldar. Næst eftir téð fjárnám var uppboðið tekið fyrir 1. ágúst f. á. og því þá frestað til 7. október f. á., og fór uppboðið fram þann dag á öllum nefndum eignum. Hæstbjóðandi í allar eignirnar hverja fyrir sig varð varnaraðili, Fjármálaráðuneytið f. h. ríkissjóðs, og var jafnframt krafizt útlagningar eignanna ríkissjóði til handa upp í ófullnægðar veðkröfur hans. Þann 21. október f. á. voru boð ríkissjóðs samþykkt og tekin til greina krafan um útlagningu og ríkissjóði lagðar út eignirnar upp í ófullnægðar veðkröfur.

Við uppboð á hraðfrystihúsinu, sem fyrst fór fram, fékk umboðsmaður ríkissjóðs bókaða athugasemd sína út af uppboði á slátur- og fiskmóttökuhúsi, sem hann taldi tilheyra hraðfrystihúsinu og eiga að bjóða upp með því, og gerði fyrirvara um

það, að boð sín þar á eftir tækju og til þess húss. Þó féll hann frá kröfu um úrskurð um þetta atriði, en áskildi ríkissjóði allan hugsanlegan rétt í samræmi við athugasemd sína. Sóknaraðili lét ekkert bóka eftir sér út af athugasemd þessari og fyrirvara. Fór uppboðið síðan fram, og varð varnaraðili, ríkissjóður, hæstbjóðandi í eignina, sem áður segir. Er uppboð á slátur- og fiskmóttökuhúsi fór fram síðast greindra uppboða, mótmælti umboðsmaður varnaraðilja í fyrstu framgangi þess og lagði fram og vitnaði til áðurnefndrar bókunar um það. Var uppboðinu að ósk hans frestað þar til síðar sama dag, er því var fram haldið. Féll umboðsmaður varnaraðilja þá frá úrskurði um áðurnefnda kröfu sína, en mótmælti til vara, að þinglýstar fjárnámskröfur í eignina yrðu greiddar af væntanlegu uppboðsandvirði. Umboðsmaður sóknaraðilja fékk þá bókun gerða, að boð þau, er hann kynni að gera í eignina, væru bundin því skilyrði, að eigi hvíldu aðrar veðskuldir á eigninni en greindi í framlögðu veðbókarvottorði. Í veðbókarvottorði því um eign þessa, sem lagt var fram á uppboðinu og var í samræmi við það, sem skráð var í veðmálaregistur, eru veðskuldir taldar þessar:

Með 1. veðrétti kr. 100.000.00 til handhafa samkvæmt veðbréfi, dags. 6/5 1954.
Með 2. veðrétti kr. 180.000.00 til Útvegsbanka Íslands samkvæmt veðbréfi, dags. 29/10 1956.
Með 3. veðrétti kr. 9.000.00 til Guðjóns Steingrímssonar samkvæmt fjárnámi, dags. 31/5 1963.
Með 4. veðrétti 290.460.16 til Magnúsar Fr. Árnasonar hæstaréttarlögmanns samkvæmt fjárnámi, dags. 31/7 1963.

Þegar hins vegar að því kom, að uppboðshaldari skyldi taka afstöðu til gerðra boða í eignina og krafna í hana og veðmálabækur voru nánar kannaðar um þinglýst skjöl, kom í ljós, að varnaraðili átti þinglýstan veðrétt í eign þessari, svo sem um getur í útlagningargerð og enn fremur í skjölum, er fylgja máli þessu. Þótti sýnt, að varnaraðili fékk eigi fullnægt kröfum sínum með gerðu boði í eignina, og er því raunar ómótmælt út af fyrir sig, og var samkvæmt því óumflýjanlegt að taka til greina kröfu varnaraðilja um útlagningu, sem síðar var gerð 21. október f. á.

Sóknaraðili styður kröfur sínar fyrst og fremst við veðbókarvottorð það, sem lagt var fram á uppboðinu og samið var samkvæmt veðmálaregistri um eignina, svo og það, sem hann kveðst

hafa séð um eignina í veðmálabókum. Reyndar kveðst hann í greinargerð sinni hafa skoðað veðmálabækur umdæmisins vandlega, áður en fjárnám hans fór fram. Í veðbókarvottorði og registri er veðréttar varnaraðilja eigi getið. Er svo af gögnum sóknaraðilja í málinu að skilja, að veðréttindum varnaraðilja hafi alls eigi verið þinglýst, a.m.k. eigi svo að bindandi sé fyrir sóknaraðilja. Í því efni vitnar hann til 19. og 29. gr. frumvarps til laga um þinglýsingar frá árinu 1959 og athugasemda við þær greinar, og virðist hann leggja á það megináherzlu, að skuldheimtumenn með þinglýstan rétt þurfi eigi að vera grandlausir um óþinglýstan veðrétt samningsveðhafa.

Varnaraðili reisir kröfur sínar í greinargerð á því, að veðskjölum sínum hafi raunverulega verið þinglýst, að hvorki hafi þurft né átt að færa veðbönd á neinn sérstakan hluta hraðfrystihússins, heldur á þá eign í heild, en hann telur, að svonefnt slátur- og fiskmóttökuhús eigi að teljast með hraðfrystihúsinu, eins og hluti af því. Þá bendir varnaraðili á það, að fjárnám sitt hafi sóknaraðili eigi gert sérstaklega í téðu sláturog fiskmóttökuhúsi, og hafi sú eign eigi verið metin sérstaklega vegna fjárnáms, enda telur varnaraðili, að eigi sé unnt að ræða um slátur- og fiskmóttökuhúsið sérstaklega sem eign og því eigi unnt að gera í því sérstakt fjárnám. Þá bendir varnaraðili á, að sóknaraðili hafi eigi lýst kröfum sínum sérstaklega við uppboðið. Bendir varnaraðili á, að ekkert veðbókarvottorð hafi verið lagt fram við fjárnámið. Hann heldur því og fram, að eigi skipti máli, þótt hraðfrystihúsið og umrædd eign hafi verið boðin upp í tvennu lagi, þar eð hann hafi gert allan áskilnað sér til handa, áður en uppboðið fór fram. Varnaraðili heldur því og fram, að sóknaraðili hafi eigi verið bona fide, hvorki við fjárnámið né uppboðið. Loks bendir varnaraðili á, að tilvitnanir sóknaraðilja í lagafrumvarp um þinglýsingar eigi hér alls eigi við, enda fráleitt að ætla mala fide fjárnámskrefjanda meiri rétt en t. d. bona fide samningsveðhafa.

Í þinghaldi 26. f. m., er munnlegur málflutningur fór fram, hefur varnaraðili enn fremur haldið því fram, að mál þetta sé res judicata fyrir þessum dómi með útlagningargerðinni 21. október s.l., sem eigi hafi verið áfrýjað og standi í fullu gildi að formi og niðurstöðu sem og efnislegum rökstuðningi. Að öðru leyti reisir hann dómkröfur sínar á því, að fjárnámsveð sóknaraðilja njóti eigi forgangs fyrir löglegum og þinglýstum veðum sínum.

Að því eru leidd rök í útlagningargerð um eign þá, er hér um ræðir, að skilyrði til útlagningar hennar varnaraðilja til handa upp í ófullnægðar veðkröfur voru fyrir hendi, þótt úthlutunargerð samkvæmt 34. gr. laga nr. 57/1949 hefði þá eigi farið fram. Sóknaraðili hefur að vísu fundið að því í málflutningi sínum, að úthlutunargerð var eigi gerð, áður en ákvörðun var tekin um útlagningu. Við þeirri athugasemd er það að segja, að það er í tilvitnaðri lagagrein eigi gert að skilyrði, að úthlutunargerð fari fram fyrir útlagningu, auk þess sem augljóst þótti og raunar ómótmælt, að varnaraðili fékk eigi fullnægt kröfum sínum með boði sínu í eignina.

Að athuguðu máli verður að fallast á það með varnaraðilja, að útlagningargerð uppboðsdóms um eignina er res judicata þannig, að henni verður eigi breytt af sama dómi, og verður áfrýjun til æðra réttar til að koma, ef svo má verða. Þegar af þeirri ástæðu verður eigi unnt að taka til greina kröfu sóknaraðilja, að svo komnu máli. Auk þess þykir rétt að taka fram, að svo verður að líta á, að þau veðskuldabréf ríkissjóðs, sem greind eru í gögnum málsins og óvéfengjanlega hafa verið árituð um móttöku til þinglýsingar og síðan þinglýst, veita ríkissjóði fullgildan veðrétt í eigninni, þótt svo hafi farið, að þau voru eigi skráð í veðmálaregistur eignar þessarar og því heldur eigi tekin upp í veðbókarvottorð það, sem lagt var fram við uppboðið. Sóknaraðili gerði fjárnám í öllum þremur nefndum eignum 31. júlí s.l. til tryggingar kröfu sinni. Hann skoðaði áður veðmálabækur, að því er hann sjálfur segir, og mátti hann þá kynna sér rétt varnaraðilja. Að þessu athuguðu sem og því, að veðskjölum ríkissjóðs var löglega þinglýst, verður að meta rétt varnaraðilja meiri en sóknaraðilja.

Samkvæmt framanrituðu er eigi unnt að taka kröfu sóknaraðilja til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Ályktarorð:

Varnaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfu sóknaraðilja, Olíuverzlunar Íslands h/f, í máli þessu, og er kröfu sóknaraðilja um greiðslu af uppboðsverði téðrar eignar synjað.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 9. apríl 1965.

Nr. 11/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Pétri Andrési Ólafssyni Aðalsteinssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Tilraun til nauðgunar.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Sakaratriðum er rétt lýst í forsendum hins áfrýjaða dóms, og verknaður ákærða er þar rétt færður til refsiákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 14 mánuði, en gæzluvarðhaldsvist hans 20.—27. september 1961 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Rétt þykir að taka fébótakröfu X á hendur ákærða, kr. 12.700.00, til greina að öllu leyti.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Andrés Ólafsson Aðalsteinsson, sæti fangelsi í 14 mánuði, en gæzluvarðhaldsvist hans 20. —27. september 1961 skal koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Ákærði greiði X kr. 12.700.00.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 27. júní 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 12. þ. m., er höfðað fyrir sakadómi Vestmannaeyja með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 25. október 1961, á hendur Pétri Aðalsteinssyni Ólafssyni, þá hótelstjóra á Hótel H.B. í Vestmannaeyjum, nú búsettum á Ísafirði,

„fyrir að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 19. september 1961 hrakið stúlkuna X úr anddyri Hótels HB í Vestmannaeyjum og inn í billiardstofu og síðan niður í kjallara hótelsins og fyrir að hafa þar ráðizt á hana, slegið höfði hennar við gólfið og gripið um vit stúlkunnar, er hún reyndi að kalla á hjálp, svo og fyrir að hafa, eftir að stúlkan hafði misst meðvitund við aðfarir þessar, svipt hana klæðum og haft eða reynt að hafa við hana holdlegt samræði. Hlaut stúlkan nokkra marbletti á höfði, handleggjum og lærum.

Framangreint atferli þykir aðallega varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við nefnt ákvæði sbr. 20. gr. sömu laga, og 217. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafizt verður, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði er fæddur á Patreksfirði 28. desember 1937 og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum, öllum í Reykjavík:

1955	25/8	Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.
—	6/11	Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.
1956	2/1	Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 20. gr. bifreiðalaga.
—	3/2	Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.
—	7/3	Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.
—	13/3	Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. sbr. 7. gr. bifreiðalaga.

1956 17/5 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 5. og 27. gr. bifreiðalaga.
— 8/11 Dómur, 2ja mánaða varðhald, sviptur ökuleyfi ævilangt frá 29. júní 1956 fyrir brot á 215. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum og umferðarlögum.
1960 26/9 Áminning fyrir brot á 261. gr. hegningarlaga.

Aðfaranótt miðvikudagsins 20. september 1961, kl. 0300, kom stúlkan X, ..., Vestmannaeyjum, á lögreglustöðina í Vestmannaeyjum í fylgd með Sigurgeiri Scheving verzlunarmanni og bar fram kæru á hendur ákærða fyrir ótilhlýðilegt hátterni gagnvart henni þá fyrir skammri stundu. Stúlkan var mjög illa til reika, bólgin og blóðug í andliti, hárið í óreiðu, föt hennar óhrein, sokkinn vantaði á annan fótinn, en á hinum fætinum var sokkurinn kominn niður á ökla. Hún var í úlpu, sem var talsvert óhrein að innanverðu. Í úlpuvasanum var sokkabandabelti hennar og annar sokkurinn og slitrin af hinum í tengslum við beltið. Hún var buxnalaus og gerði sér það ekki ljóst, fyrr en nokkru eftir að hún kom. Hún var með grátekka og mikið miður sín og tal hennar ruglingslegt í fyrstu. Hún var undir áhrifum víns, en lítið, kvaðst lögreglan hafa merkt á henni lítils háttar áfengisáhrif. Lagðist hún fyrir uppi í dívan á lögregluvarðstofunni, strax og hún kom, og lá þar, meðan hún var að jafna sig og gera grein fyrir því, sem fyrir hafði komið. Að því búnu, var hún flutt heim til sín. Um morguninn var hún skoðuð af Henrik Linnet héraðslækni og Einari Guttormssyni sjúkrahúslækni. Samkvæmt vottorði héraðslæknis bar hún merki eftir áverka, sem hér segir:

1. Léttur þroti og mar í kringum h. auga, og eru bæði augnalok aðeins þrútin, lítil rispa á neðra augnaloki, og frá innri augnkrók gengur löng rispa eftir hægri hlið nefsins fram á nös, enn fremur að sjá smárispa neðan vinstri ytri augnkróks.
2. Smámarblettir handarbaksmegin á báðum framhandleggjum, gómstórir h. megin niður undir úlnlið, v. megin minni og nokkru ofar.
3. Framan og utanvert á h. ökla er húðin nudduð af á svæði, en þó ekki blætt í gegn.
4. Í hnakka eru talsverð eymsli, ofanvert h. megin, en blæðing ekki finnanleg.
5. Á báðum lærum innanverðum um og ofan miðbiks þeirra eru marblettir, 4 á h. læri, er gætu verið eftir fingur, er rifið

hefði verið sokkaband t. d. af slösuðu, og innan á v. læri er vel fingurstór marblettur.

6. Á v. hné eru smáskrámur og fleiðursvottur á h. hné.
7. Þegar kynfæri eru skoðuð, sést á h. innra barmi niður undir spöng smárifa og blóðdílar undir húð og á v. barmi vottar einnig fyrir rifu, hefur því slasaða greinilega orðið fyrir hnjaski þar. Hún var með tíðablæðingar.

Báðir læknarnir mættu síðan fyrir rétti og staðfestu vottorðið. Kváðu þeir rifurnar, sem rætt er um undir lið 7, hafa verið í meyjarhafti og verið nýjar. Meyjarhaftið var ekki heilt, en Einar Guttormsson læknir taldi, að ekki hafi verið unnt að ganga úr skugga um, hvort það væri nýsprungið, en taldi það ósennilegra. Hann kvaðst álíta, að áverkar á kynfærum stúlkunnar hafi getað stafað frá hné, hendi eða lim, og meðal annars af samförum, er harkalega væri að farið.

X kvaðst hafa komið inn á Smárabar þriðjudagskvöldið 19. september 1961. Hitti hún þar Sigurgeir Scheving verzlunarmann og fór með honum inn á birgðageymslu barsins og þáði hjá honum vínblöndu. Þangað kom drukkin stúlka, sem þau könnuðust við. Vildu þau liðsinna henni, náðu í bifreið og fóru með hana upp að Hótel HB. Fengu þau þar herbergi handa stúlkunni og fóru með hana þangað. Lagðist stúlkan þar fyrir. Sigurgeir varð þar eftir, en X fór aftur niður á Smárabar og átti þar tal við vinkonu sína, Sigurborgu Engilbertsdóttur, og beiddi hana að koma með sér upp á Hótel HB. Fóru þær svo báðar þangað. Í anddyri hótelsins var þá stödd drukkna stúlkan, og voru þeir Sigurgeir og ákærði að tala við hana. Stúlkan hljóp burtu, er þær komu, en ákærði og Sigurgeir sneru sér að þeim og buðu þeim upp í herbergið, sem stúlkan hafði fengið. Var það herbergi nr. 304. Þær þágu boðið og fóru með þeim upp í herbergið. Var nú ákveðið að neyta víns. Kvaðst Sigurgeir eiga ginflösku, og fór hann burt til þess að sækja hana. Hin þrjú biðu í herberginu á meðan. Ákærði fór út von bráðar og aflæsti herbergishurðinni á eftir sér. Hann kom þó fljótlega aftur og var síðan inni í herberginu hjá stúlkunum. X þótti biðin löng og hafði orð á því, að hún yrði að fara heim, þar sem hún þyrfti að mæta í vinnu kl. 0800 um morguninn. Ákærði kvaðst ekki geta hleypt henni út, vegna þess að hann hefði aðeins einn útidyralykil, sem hann hefði lánað Sigurgeiri. Eftir um hálftíma fjarveru kom Sigurgeir aftur og með ginflösku meðferðis, og fóru þau svo öll að neyta vínsins. Sjálf kvaðst X

lítils víns hafa neytt og aðeins fundið lítillega til vínáhrifa. Bæði ákærði og Sigurgeir voru undir áhrifum. Sigurgeir sneri sér aðallega að Sigurborgu og ræddi við hana, en ákærði ræddi við X. Fór hann brátt að leita á hana og mæltist til samfara við hana og vildi, að þau færu inn í annað herbergi. X hafnaði þessu og kvaðst vera með tíðablæðingar. Eftir nokkurn tíma kveðst hún hafa staðið upp og beðið ákærða að hleypa sér út. Fóru þau svo bæði út úr herberginu. Gengu þau þegjandi niður að útidyrum hótelsins, sem voru læstar. Beiddi hún ákærða að opna, en hann anzaði því engu, slökkti ljósið og fór áleiðis upp á næstu hæð, en sneri við á leiðinni og gekk til hennar og ýtti henni á undan sér inn í billiardstofuna og lokaði á eftir sér. Billardstofan er á neðstu hæð og opnast út í anddyri hótelsins. Dimmt var þar inni. Er inn í billiardstofuna kom, ýtti hann henni áfram að niðurgangi í kjallara hússins og síðan niður stigann ofan í kjallarann. Hún veitti mótspyrnu, en gat enga rönd við reist. Er þau komu niður í kjallarann, réðst ákærði á hana og slengdi henni niður í gólfið og lagðist ofan á hana. Varð henni nú ljóst, að ákærði ætlaði að hafa við hana samfarir. Tók hún þá að æpa og veitti þá mótspyrnu, sem henni var unnt. Ákærði tók fyrir munn hennar og nef með annarri hendinni, en með hinni reyndi hann að toga upp um hana pilsið. Viðureign þeirra stóð alllangan tíma, og slóst höfuð hennar hvað eftir annað í steingólfið, og að síðustu missti hún meðvitund. Meðan hún vissi af sér, hafði ákærða hvorki tekizt að fletta hana klæðum né hafa við hana samfarir. Er hún kom til sjálfrar sín aftur, lá hún upp í loft á gólfinu og ákærði við hlið hennar og var rólegur. Pils hennar var þá komið upp fyrir mjaðmir, og ekki var hún lengur í buxum, en tvennum buxum var hún í, þegar hún kom þarna inn. Magabeltið lá við hlið hennar og annar sokkurinn og slitur af hinum áfast við það. Skórnir voru við fætur hennar. Hún hélt á regnhlíf og segulbandstæki, er hún fór niður í kjallarann, en missti þetta hvort tveggja í átökunum. Er hún rankaði við sér, reis hún upp og kveðst hafa spurt ákærða, hvort þau ættu ekki að koma upp og hafi ákærði samsinnt því. Fór hún svo í skóna og þreif í skyndi magabeltið og segulbandstækið, sem var við hlið hennar á gólfinu, og hljóp af stað í ofboði og án þess að hafa dregið pilsið niður fyrir mjaðmir. Regnhlífina fann hún ekki, og varð hún eftir. Ákærði var ekki staðinn upp, er hún hljóp af stað, en þá reis hann upp og veitti henni eftirför. Hún hljóp inn í

billiardstofuna og að dyrunum beint á móti, en þær voru læstar. Fór hún þá að dyrunum til hægri og komst þar út með því að draga upp smekklás. Ákærði veitti henni eftirför að dyrunum, en náði henni ekki eða tókst ekki að halda henni fastri. Hún var ofsalega hrædd, og þegar út kom, hljóp hún að næstu dyrum, sem hún kom að, og æpti á hjálp, fyrst hjá Jóni Sigurðssyni, svo hjá lækninum og síðan húsinu þar á móti. Í þessu kom Sigurgeir Scheving eftir götunni, og fylgdi hann henni til lögreglunnar. Pilsið kvaðst hún fyrst hafa togað niður, er hún kom út á götuna. Hún fullyrti, að alla áverkana, sem hún bar, hefði hún fengið í viðureigninni við ákærða, og væru þeir allir af hans völdum.

Nokkrum dögum eftir að þetta gerðist, fór lögreglan með X upp á hótel, svo að hún gæti vísað á staðinn, þar sem hún varð fyrir árásinni. Benti hún á miðstöðvarherbergið, sem er innan við innganginn í kjallarann. Kvaðst hún þess fullviss, að þetta væri staðurinn, því hún kannaðist þar við sömu gerð af gluggum og hún sá móta fyrir um nóttina.

Sama daginn og kæra X kom fram, fór lögreglan upp á hótel og gerði leit að buxum hennar og athugaði aðstæður og vegsummerki. Virtist sjást merki eftir spark á gólfinu fyrir utan miðstöðvarherbergið, en hins vegar ekki inni í miðstöðvarherberginu sjálfu. Þar var bleyta á gólfi, en pils X blautt, er hún kom á lögreglustöðina um nóttina. Buxur hennar fann lögreglan ekki. Þær komu hins vegar í leitirnar nokkrum dögum síðar. Fundust þær fyrir neðan stiga úr eldhúsinu í geymslu, sem er inn af billiardstofunni og við niðurganginn í kjallarann.

Ákærði skýrði svo frá, að um áttaleytið umrætt kvöld hafi Sigurgeir Scheving komið til hans, og hafi þeir ákveðið að drekka vín saman um kvöldið. Þegar liðið var á kvöldið, kom Sigurgeir með stúlku með sér. Hún stóð stutt við, en um sama leyti og hún fór, komu tvær stúlkur, X og Sigurborg. Fóru þeir Sigurgeir með stúlkunum upp á herbergi nr. 304, og var þá klukkan um 11 eða 11½. Var þegar setzt að drykkju. Um tólfleytið hafi Sigurgeir farið út til þess að ná í meira vín, og hafi hann verið um 15 mínútur í burtu. Er hann kom aftur, var drykkjunni haldið áfram. Ákærði viðurkenndi, að meðan þau voru öll stödd þarna í herberginu, hafi hann haft tilburði til samfara við X, en þegar til kom, hafi hann ekki verið upplagður til þess og því hætt við það. Ekki kvaðst hann geta gert nánari grein fyrir, hve langt þetta var á veg komið. Er hann var spurður að, hvernig

X hafi tekið þessu, svaraði hann einungis, að hún hafi tekið því, eins og hún væri vön, án þess að gefa frekari skýringar. Löngu síðar, er hann var spurður þess sama, sagði hann, að hún hafi tekið þessu vel. Hann sagði, að um tvöleytið um nóttina hafi hún talað um að fara að fara. Kveðst hann þá hafa gengið með henni niður að aðalútgangi hótelsins. Þá hafi hún viljað fara upp aftur til þess að ná í vinkonu sína, sem eftir varð uppi, að því er honum skildist. Ákærði kvaðst hafa varnað henni að fara upp aftur, því að hann hafi ekki viljað meiri umgang um húsið. Tók hann til hennar og hélt henni fastri. Eftir þetta hafi lent í átökum milli þeirra og leikurinn borizt um allt anddyrið, en ekki út fyrir það. Hann sagði, að dimmt hefði verið á allri götuhæðinni, meðan á þessu stóð. Ekki mundi hann, hvort ljós hafi verið þar, er þau komu niður, en taldi það ólíklegt, því ekki hafi verið venja að láta ljós loga um nætur. Hann sagði, að þau hefðu dottið í þessum átökum, og taldi hann líklegt, að hann hafi fallið ofan á hana. Af frásögn hans má ráða, að þau hafi dottið oftar en einu sinni og jafnvel margsinnis, því hann tók fram, að hann hefði ávallt staðið fyrr upp aftur, er þau féllu í þessum átökum. Hann kvaðst ekki minnast þess að hafa slegið hana, en hann kvaðst hafa tekið fyrir andlit hennar, bæði er hún lá á gólfinu í anddyrinu og eins er hún stóð á fótunum. Kvaðst hann hafa gert þetta til þess að varna hávaða. Hann sagðist hafa tekið óþyrmilega á henni í átökunum og taldi ekki óeðlilegt, að hún væri með marbletti víða um líkamann, og taldi raunar, að þeir gætu alls staðar verið. Hann neitaði því, að hann hafi nokkru sinni í þessum átökum ætlað sér að hafa við hana samfarir. Er þau stóðu upp að síðustu, sagði hann, að X hafi hlaupið út og kallað, að ákærði ætlaði að myrða hana. Hann kvaðst engin föt hafa slitið af henni, og átökin hefðu öll farið fram í anddyri hótelsins, og hafi þau staðið yfir í 10—15 mínútur. Hann sagði, að hún hefði verið með segulbandstæki, litla tösku og regnhlíf. Regnhlífina kvaðst hann hafa tekið af henni og kastað út á götu, vegna þess að hún hafi lamið hann með henni. Töskunni hafði hún haldið á og segulbandstækið hafi verið í ól, sem lá í olnbogabót annarrar hvorrar handar allan tímann, sem átökin stóðu yfir. Í þessu sambandi skal þess getið, að X kvaðst enga tösku hafa verið með.

Er stúlkan var farin út, kvaðst hann hafa farið aðeins út úr hótelinu, en var þó ekki viss um það. Fór hann svo rakleitt inn

á skrifstofu sína og lagðist þar á dívan og hélt, að hann hefði sofnað. Heyrði hann svo hringingu og fór fram til þess að aðgæta, hver það væri. Á gangi annarrar hæðar hitti hann Sigurgeir og Sigurborgu, sem voru á útleið. Opnaði hann síðan fyrir þeim.

Ákærði skýrði svo frá, að eitt sinn, áður en þessir atburðir gerðust, hafi þau X reynt að hafa samfarir saman, en ekki tekizt af ástæðum, sem hann tilgreindi. Stúlkan kvað þetta algeran uppspuna, hún hefði raunar tvisvar setið við sama borð og hann á dansleik í samkomuhúsinu, og í bæði skiptin hefði hann beðið hana að koma með sér upp á hótel, en hún neitað í bæði skiptin. Einnig hefði hún hitt hann nokkrum dögum fyrr á dansleik á hótelinu og þegið hjá honum lögg af áfengisblöndu inni í eldhúsi. Töluðust þau þar við aðeins skamma stund, og fór svo hvort sína leið, hún inn í danssalinn, en ákærði eitthvað annað. Um önnur kynni þeirra á milli hafi ekki verið að ræða.

Vitnið Sigurgeir Scheving verzlunarmaður kvaðst hafa komið inn á Smárabar kl. rúmlega 2100 þriðjudaginn 19. september 1961. Þar hitti hann X og bauð henni inn í birgðageymslu inn af barnum og gaf henni vínböldu. Skömmu síðar hafi afgreiðslumaðurinn komið með drukkna stúlku inn fyrir. Bæði hann og X vildu liðsinna stúlkunni og koma henni í næturstað. Fóru þau með hana að Hótel HB og fengu þar herbergi handa henni. Lagðist stúlkan þar fyrir. X fór svo burt, en sjálfur kvaðst hann hafa farið með hótelstjóranum, ákærða, niður á skrifstofu hans. Hann kvaðst hafa verið talsvert undir áhrifum víns, en ekki kvaðst hann þora að segja um, hvort ákærði hafi verið undir áhrifum. Skömmu síðar varð hann þess var, að stúlkan var komin á kreik, og er hann og ákærði gættu að, var hún komin niður í billiardstofu. Bað hún um að fá að komast út, og var það leyft. Er þeir voru að hleypa stúlkunni út, komu tvær stúlkur upp tröppur hótelsins, og var önnur þeirra X, en hin var Sigurborg Engilbertsdóttir. Gengu þau öll saman upp á herbergið, þar sem drukkna stúlkan hafði verið. Var nú ákveðið að ná í vín. Sigurgeir átti ginflösku heima hjá sér og fór nú og sótti hana. Kvaðst hann hafa komið aftur með flöskuna, er kl. var 1.20. Var þá setzt að drykkju. Von bráðar veiktist Sigurborg og lagðist fyrir. Skömmu síðar stóð X upp og fór í yfirhöfn sína. Síðan fór hún út með ákærða. Þau höfðu talað saman, meðan þau voru inni í herberginu, og virtist Sigurgeiri, að vel færi á með þeim. Ekki mundi hann, um hvað þau

voru að tala. Ekki kvaðst hann hafa gert sér grein fyrir, hvort X væri að fara út úr hótelinu eða hvort hún fylgdi ákærða í öðrum erindum. Hvorugt þeirra kom aftur. Þau Sigurborg voru nokkurn tíma um kyrrt í herberginu; að áliti hans ekki skemur en 10 mínútur og ekki lengur en hálftíma. Fóru þau þá bæði út. Hann kvaðst ekki minnast þess að hafa hitt ákærða á leiðinni út, enda hafi hann verið það mikið drukkinn, að sum tímabil hafi horfið úr minni sínu. Þó fannst honum sennilegra, að ákærði hefði opnað fyrir þeim útidyrnar. Fyrir utan hótelið skildi hann við Sigurborgu og gekk vestur Vestmannabraut. Móts við húsið Vestmannabraut 72 heyrði hann köll, og er hann gætti að nánar, sá hann, að X stóð þar, illa á sig komin. Hún var mjög æst og talaði um árekstra og vandræði, sem átt hafi sér stað milli hennar og ákærða. Kvaðst hann muna óglöggt, hvaða orð hún viðhafði. Hann fylgdi henni niður Vestmannabraut og mætti þá lögreglunni. Fóru þau þá svo bæði upp á lögreglustöð. Þar varð X eftir, en sjálfur kvaðst hann hafa farið heim.

Sigurborg Engilbertsdóttir kvaðst hafa hitt Sigurgeir Scheving inni á Smárabar rétt fyrir kvöldmat þriðjudaginn 19. september 1961, og hafi hann boðið henni upp á Hótel HB, en hún ekki þegið boðið. Hún fór á bíó um kvöldið, en er sýningu var lokið, fór hún aftur inn á Smárabar. Rétt áður en lokað var, kom X hlaupandi inn og beiddi hana að koma með sér upp á Hótel HB. Ekki minntist X á, hvern eða hverja þær skyldu finna, enda kvaðst hún ekki hafa spurt um það. Hins vegar bjóst hún við, að tilætlunin væri að hitta Sigurgeir Scheving. Féllst hún á að verða X samferða, og fóru þær gangandi. Hún kvaðst halda, að X hafi verið eitthvað undir áhrifum víns, en sjálf hafði hún einskis víns neytt. Er þær komu að hótelinu, fór X á undan upp tröppurnar, og í sömu svifum var ákærði að ljúka upp fyrir stúlku. Kallaði þá X til hennar og sagði henni að koma. Gekk hún þá upp tröppurnar, og hleypti ákærði þeim inn, og var þá Sigurgeir Scheving þar fyrir. Hann bauð þeim upp á herbergi nr. 304, og fór ákærði þangað með þeim. Ekkert vín var til, er þær komu. Um tólfleytið fór Sigurgeir út til þess að ná í vín, en þær X biðu í herberginu á meðan, og var ákærði hjá þeim. Urðu þær brátt óþolinmóðar að bíða og höfðu báðar orð á, að þær vildu fara heim, en ákærði hafi sagt, að hann gæti ekki hleypt þeim út, vegna þess að Sigurgeir væri með útidyralykilinn. Eftir um hálftíma kom Sigurgeir aftur og var með ginflösku meðferðis. Sátu þau svo um stund

í herberginu og brögðuðu á víninu. Ákærði var undir áhrifum og Sigurgeir einnig. Hún kvaðst ekki hafa orðið þess vör, að ákærði leitaði neitt sérstaklega á X, meðan þau voru þarna inni, en þó sá hún, að hann var eitthvað smávegis að flangsa utan í hana, og einnig heyrði hún, að ákærði beiddi hana að koma með sér í næsta herbergi. Ekki varð hún þess vör, að X svaraði því neinu. Síðar stóðu þau upp og gengu út, og kvaðst hún hafa haldið, að þau ætluðu inn í næsta herbergi og væru í svokölluðum „gamehugleiðingum". Eftir að þau ákærði og X voru farin, kvaðst Sigurborg hafa dvalið um stund í herberginu og Sigurgeir hjá henni. Kvaðst hún hafa verið hálflasin og kennt flökurleika og lagt sig fyrir, en eftir skamman tíma leið flökurleikinn frá. Upp úr þessu vildi hún fara að fara og hafði orð á því við Sigurgeir. Fóru þau svo bæði og hittu ákærða við dyrnar á setustofunni á annarri hæð. Kvaðst hún hafa spurt ákærða, hvort X væri farin, og hafi hann svarað, að hún væri farin fyrir löngu. Ekki veitti hún því athygli, að ákærði væri neitt öðruvísi en hann átti að sér að vera. Síðan opnaði ákærði fyrir þeim og hleypti þeim út. Fyrir utan hótelið skildi hún við Sigurgeir og fór heim að sofa. Hún gizkaði á, að liðið hefðu um 20—25 mínútur, frá því að þau ákærði og X gengu út úr herberginu og þar til þau Sigurgeir fóru. Hvorki hún né Sigurgeir urðu vör við nokkurn hávaða eða ryskingar í hótelinu, meðan þau voru þar.

Auður Halldórsdóttir, sem þá var aðstoðarstúlka í eldhúsi hótelsins, kvaðst hafa farið í bíó umrætt kvöld og komið heim kl. 2230 og setið um stund inni í eldhúsi hótelsins ásamt Helgu Magnúsdóttur, þjónustustúlku í salnum, og kunningja sínum, Gunnari Karlssyni. Um kl. 1200 fóru þær inn í herbergi sitt, nr. 202 á miðhæð, og Gunnar með þeim. Helga fór að sofa, en Auður var á tali við Gunnar þar til kl. 0330, en fór þá að sofa. Hún sagði, að hljótt hefði verið í húsinu alla nóttina, að því undanteknu að gengið hafi verið um stiga og ganga hótelsins. Hún sagði, að mjög hljóðbært væri í húsinu. Á þriðja tímanum heyrði hún, að dyrabjallan hringdi, og gerði hún ráð fyrir, að ákærði gengi til dyra. En haldið var áfram að hringja góða stund, og fór hún því fram. Hún barði á dyrnar á herbergi ákærða, en enginn svaraði, og tók síðan í hurðarhúninn, en dyrnar voru læstar. Þóttist hún vita, að ákærði væri ekki í herberginu, enda var það vani hans að láta herbergið vera ólæst, er hann var heima, hvort sem var á nóttu eða degi. Hún hafði

ekki heldur heyrt neinn umgang um herbergið um nóttina. Hún gekk síðan til dyra og opnaði. Voru fyrir utan tveir menn, sem á þessum tíma bjuggu í ákveðnu herbergi á hótelinu. Það herbergi var læst og lykillinn lokaður inni í sal hótelsins. Hún vissi, að lykill að herbergi nr. 310 stóð í skránni, og vísaði mönnunum þangað. Hún sagði, að klukkan hefði verið 0245, er þetta gerðist. Ljós var á gangi annarrar hæðar, en slökkt á fyrstu hæð, er hún kom niður. Hún varð ekki vör við ákærða um nóttina, að því undanteknu að um þrjúleytið var hann að tala við fólk á gangi 2. hæðar, en ekki veitti hún því frekari athygli. Hún kvaðst hafa farið daginn eftir ásamt tveimur öðrum starfsstúlkum um alla neðstu hæð hótelsins svo og kjallara og ekki séð neitt óvenjulegt.

Gunnar Karlsson kvaðst hafa komið í hótelið um kl. 2300 á þriðjudagskvöldið og dvalið að mestu í herbergi vinstúlku sinnar, Auðar Halldórsdóttur. Hafi þau vakað fram undir kl. 0400 um nóttina, og kvaðst hann ekki hafa tekið eftir neinum hávaða eða umgangi um nóttina öðrum en þeim, að alllöngu áður en þau fóru að sofa, hafi verið hringt dyrabjöllu og barið á útidyrahurð. Hafi þetta staðið nokkra stund, þar til Auður fór niður. Er hún kom aftur, sagði hún, að þetta hefðu verið strákar, sem hefðu herbergi uppi.

Sigurður Þorkelsson, Hellissandi, og Sæberg Guðjónsson, Grettisgötu 94 í Reykjavík, bjuggu á þessum tíma í herbergi nr. 402 á hótelinu. Þeir komu að hótelinu á seinni hálftímanum í þrjú um nóttina. Dyrum var læst og dimmt í anddyri hótelsins. Þeir hringdu dyrabjöllunni og börðu á hurðina, en enginn kom til dyra fyrst um sinn. Að liðnum nokkrum tíma, allt að 10 mínútum að áliti Sæbergs, kom starfsstúlka á hótelinu niður, kveikti ljós, opnaði hurðina og hleypti þeim inn. Þeir komust ekki inn í herbergi sitt, vegna þess að þá vantaði lykil, en stúlkan kom þeim fyrir í öðru herbergi. Þar var enginn rúmfatnaður, og ræddu þeir um að fara burt. Heyrðu þeir þá umgang og opnuðu hurðina. Fór Sigurgeir út og hitti ákærða í stiganum, sem liggur niður í aðalsalinn. Hann beiddi ákærða um lykil, og fóru þeir báðir niður í sal, og þar afhenti ákærði honum lykil að herbergi þeirra félaga. Ákærði spurði, hver hefði hleypt þeim inn, og kvaðst Sigurgeir hafa sagt honum það. Annað töluðu þeir ekki saman. Sigurgeir kvaðst ekki hafa merkt vínáhrif á ákærða. Hvorugur þeirra kvaðst hafa tekið eftir nokkru óvenjulegu í anddyri hótelsins, er þeir komu inn,

hvorki munum né öðru. Ekki urðu þeir heldur varir við neinn á ferli í hótelinu, frá því þeir komu að dyrunum og þar til stúlkan kom og hleypti þeim inn. Sigurgeir sagði, að ákærði hefði ávallt hleypt þeim félögum inn og út af hótelinu, er þeir komu eða fóru að næturlagi, nema í þetta eina skipti.

Helga Bergljót Magnúsdóttir, þjónustustúlka á hótelinu á þessum tíma, kvaðst hafa farið í bíó um kvöldið með Auði Halldórsdóttur. Komu þær heim um kl. 2230 og sátu í eldhúsinu fram undir kl. 2400. Fór hún svo inn í herbergi sitt ásamt Auði og lagðist til svefns skömmu síðar og svaf vært alla nóttina, og raskaði ekkert svefnró hennar. Hún sagði, að mjög hljóðbært væri í hótelinu, og mun heyrast upp á herbergi hennar, ef talazt er við í anddyri hótelsins. Hún sagði, að ákærði hefði komið snöggvast inn í eldhúsið til þeirra um kl. 2300, og hafi hann þá ekki verið áberandi ölvaður.

Hrefna Guðmundsdóttir, Grundarstíg 17, Reykjavík, starfaði á hótelinu um þetta leyti. Hún kvaðst hafa setið ein inni í eldhúsi um tólfleytið. Hafi þá ákærði komið þangað og beðið um heftiplástur handa stúlku, sem hafði verið bitin. Ekki vissi hún, hvaða stúlka þetta var, en stúlkan hefði staðið við útidyrnar ásamt Sigurgeiri Scheving, og hefðu þau verið að tala saman. Hún kvaðst síðan hafa gengið inn í herbergi sitt og farið að sofa. Um eittleytið kom ákærði inn í herbergi hennar og bað aftur um plástur og þá fyrir aðra stúlku, að því er hann sagði. Hún kvaðst síðan hafa farið að sofa, en vaknað við hringingu í dyrabjöllunni, og var hringt töluvert lengi. Síðan var opnað, en áður, að hún hélt, heyrði hún lykli snúið í hurð. Ekki vissi hún, hvað klukkan var. Eftir þetta fór hún að sofa og vissi ekki, hvað síðar gerðist. Hún sagði, að ákærði hefði verið nokkuð undir áhrifum, er hann kom að biðja um plásturinn í fyrra skiptið og einnig er hann kom í síðara skiptið, en þó hafi henni virzt, að þá hafi minna borið á áfengisáhrifum hans. Hún sagði, að morguninn eftir hafi jakki ákærða verið frammi í eldhúsi, en buxur á stól í skrifstofu hans. Hún kvaðst hafa heyrt um þá atburði, sem áttu að hafa gerzt um nóttina, morguninn eftir og fór ásamt þjónustustúlku að aðgæta, hvort þær sæju eitthvað, sem benti til þessara atburða. En hún sá ekki neitt óvenjulegt annað en tómar gosdrykkjaflöskur og nærri tóma ginflösku, fulla öskubakka og öryggisnælu, sem lá á gólfinu.

Eins og framanritað ber með sér, gætir mikils ósamræmis í frásögnum ákærða og kæranda, X, af umræddum atburðum,

og greinir þau mjög á um veigamikil atriði. Margt í frásögn ákærða er með litlum sennileikablæ. Hann kveður viðureignina hafa átt sér stað í anddyri hótelsins og viðurkennir, að hún hafi verið bæði löng og illvíg, en samt urðu engir, sem í hótelinu bjuggu eða dvöldu, hennar varir, og voru þó allir sammála um, að mjög hljóðbært sé í húsinu. Einnig heldur ákærði því fram, að átökin hafi eingöngu stafað af því, að hann var að reyna að koma henni út úr húsinu. Meðal annars er þetta ósennilegt af þeirri ástæðu, að kærandi er bæði lítil og grönn. Hún var á 19. ári, er þessi atburður gerðist, en um vorið 1962 reyndist hún 157 cm á hæð og um 47 kg að þyngd. Svo hefur og ákærða ekki tekizt að gefa á því neinar viðhlítandi skýringar, hvers vegna kærandi var bæði sokkalaus og buxnalaus, er átökum þeirra lauk.

Um margt ber þeim saman ákærða og kæranda. Ákærði viðurkennir að hafa leitað eftir samförum við kærandi, meðan þau voru inni á umræddu herbergi um nóttina, og einnig segir hann, að hún hafi látið í ljós ósk um að fara að fara, áður en þau gengu út úr herberginu. Ljóst er einnig af framburði hans og öðrum gögnum, að kærandi tók með sér allt það, sem henni tilheyrði, er hún yfirgaf herbergið. Ákærði virðist einnig fallast á, að allir áverkar, sem voru á líkama hennar, er hún kom til lögreglunnar, hafi stafað af hans völdum.

Ástandi kæranda eftir viðureignina er lýst hér að framan, ótta hennar og geðshræringu, hvernig klæðnaði hennar var farið og hvaða áverka hún bar. Með það í huga og sérstaklega með tilliti til þess, að hún var án buxna og með áverka á kynfærum, og jafnframt er upplýst, að ákærði hafði skömmu áður leitað eftir samförum við hana, og þar sem framburður ákærða getur ekki talizt trúverðugur, þykir bera að líta svo á, að framburður kæranda sé réttur í meginatriðum. Gengið verður því út frá, að ákærði hafi farið með hana niður í kjallara hótelsins og reynt þar að hafa við hana samfarir gegn vilja hennar, en ekki þykir heimilt að líta svo á, að brot hafi verið fullframið. Af þessu leiðir, að framferði hans varðar aðeins við 194. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga svo og 217. gr. sömu laga.

Kærandi hefur sett fram skaðabótakröfu á hendur ákærða, og sundurliðast krafan þannig:

Hreinsun á kápu	kr.	50.00
Regnhlíf	—	390.00

1 par nylonsokkar	— 68.00
Magabelti	— 76.00
2 stk. crepebuxur	— 116.00
Áverka- og miskabætur	–12.000.00
	Alls kr. 12.700.00

Ákærði samþykkir þrjá fyrstu liðina, samt. kr. 508.00, en mótmælir hinum. Magabeltið glataðist ekki, og er ekki sýnt fram á, að það hafi eyðilagzt. Sá liður, kr. 76.00, verður því ekki tekinn til greina. Aðrar buxurnar komu í leitirnar og, að því er virðist, óskemmdar. Hinar fundust ekki. Verður ákærði því dæmdur til að greiða andvirði þeirra, kr. 58.00.

Krafa kæranda um áverka- og miskabætur virðist ekki ósanngjörn og verður því tekin til greina að fullu.

Samkvæmt þessu ber ákærða að greiða kæranda kr. 508.00 + kr. 58.00 + kr. 12.000.00 eða alls kr. 12.566.00.

Refsing ákærða fyrir framangreint brot þykir samkvæmt tilvísuðum lagaákvæðum hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi.

Allan sakarkostnað ber ákærða að greiða, þar á meðal saksóknarlaun skipaðs sækjanda, Theodórs S. Georgssonar héraðsdómslögmanns, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Aðalsteinsson Ólafsson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Hann greiði kr. 12.566.00 í skaðabætur til X.

Hann greiði allan sakarkostnað og þar á meðal málssóknarlaun, kr. 8.000.00, til skipaðs sækjanda, Theodórs S. Georgssonar héraðsdómslögmanns, og kr. 8.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. apríl 1965.

Nr. 66/1965. **María Kristmundsdóttir**
gegn
Sigmundi M. Andréssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 20. marz 1965 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur, er upp var kveðinn 15. marz sama ár. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa til Hæstaréttar, sbr. c-lið 2. töluliðs 21. gr. laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti. Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 15. marz 1965.

Í skiptaréttarmáli þessu hefur sóknaraðilinn, Sigmundur M. Andrésson, Gnoðarvogi 36, krafizt þess, að uppskriftargerð, sem fór fram í félagsbúi hans og Maríu Kristmundsdóttur, verði tekin upp og eignaliður nr. III í uppskriftinni, þ. e. Geisli s/f að hálfu, verði metinn að nýju og þá haft tillit til skulda, er hvíldu á þeim eignarlið. Hann hefur krafizt málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili, María Kristmundsdóttir, Rauðagerði 10, hefur krafizt þess, að kröfum sóknaraðilja verði hrundið og að honum verði úrskurðað að greiða sér málskostnað.

Var mál þetta tekið til úrskurðar, að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór 4. þ. mán.

Það hefur komið fram í máli þessu, að þau María Kristmundsdóttir og Sigmundur Magnús Andrésson gengu að eigast á árinu 1958. Þau slitu samvistir 3. ágúst 1963 og hafa nú fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng.

Uppskrift á eignum bús þeirra fór fram dagana 16. og 24. október 1963. Við uppskriftina var m. a. bent á hálft fyrirtækið Geisla s/f, en eigandi hins helmings er bókaður Ævar Jóhannesson, búsettur í Kópavogi. Í uppskriftinni 16. október 1963 er svo til orða tekið, að eignaliður III, hluti í Geisla s/f, sé ekki virtur, að svo stöddu, en vottunum falið að virða þá eign og taka sér sérfróða aðstoð, ef með þurfi.

Það liggur fyrir í máli þessu, að tilkynning til firmaskrár Reykjavíkur um firmað Geisla er dagsett 7. marz 1961, og segir þar, að Sigmundur Andrésson, Skaftahlíð 18, annist teikningu og gerð bíóauglýsinga og önnur skyld störf í Reykjavík undir nafninu Geisli. Þá er og síðari tilkynning, dagsett 11. september 1963, þess efnis, að Ævar Jóhannesson hafi hinn 1. janúar 1962 gengið inn í fyrirtæki þetta sem fullábyrgur félagi, og bættist „s/f" við firmanafnið.

Í framhaldi af uppskriftinni 16. október 1963 er svo bókað hinn 24. sama mánaðar, að vottarnir Skapti Ólafsson og Ingólfur Sigurz hafi lokið virðingu á eignalið III, Geisla s/f, og sé hann virtur á 60.000.00 krónur, en þessi tala er ekki sundurliðuð eða neitt farið út í, hvernig hún er fengin. Um uppskriftina í heild vísast til rskj. nr. 4.

Á s.l. ári kom fram sú krafa af hálfu Maríu Kristmundsdóttur, að Geisli s/f yrði tekið til skiptameðferðar með eignum og skuldum félagsbús hennar og Sigmundar M. Andréssonar, en til vara var þess krafizt, að Sigmundi yrði úrskurðað skylt að standa félagsbúinu skil á kr. 60.000.00 vegna eignar þess í félagsbúi þessu og á kr. 120.000.00 peningaláni til þess, enda beri félagsbúið enga ábyrgð á skuldum félagsins. Þessum kröfum var mótmælt af hálfu Sigmundar, og var um ágreining þenna rekið sérstakt skiptaréttarmál. Með úrskurði, uppkveðnum 30. júlí 1964, var þessum kröfum hrundið. Úrskurður þessi hefur verið lagður fram í málinu sem rskj. nr. 3. Var talið, að fyrirtæki þetta yrði að teljast hjúskapareign Sigmundar og bæri María Kristmundsdóttir ekki ábyrgð á skuldum þess, enda hefði hún ekki tekið á sig sérstaklega neina slíka ábyrgð, og þar eð

Geisli s/f væri sjálfstæð persóna að lögum og auk þess væri Sigmundur ekki einn aðili að rekstri þess, var framangreindri aðalkröfu hafnað. Varakröfunni var og hafnað, vegna þess að skiptaréttur hefði ekki vald til að úrskurða um greiðsluskyldu til búsins. Þessum úrskurði hefur ekki verið skotið til Hæstaréttar.

Á skiptafundi í búi hjóna þessara hefur komið fram sú krafa af hálfu Sigmundar M. Andréssonar, að fram færi endurupptaka á uppskrift þessari, varðandi Geisla s/f, og er María Kristmundsdóttir mótmælti þeirri kröfu, hefur skiptaréttarmál þetta verið höfðað.

Vottar og virðingarmenn þeir, sem störfuðu að uppskriftinni, þeir Skapti Ólafsson, Mánagötu 24, og Ingólfur Sigurz, Hvassaleiti 8, mættu sem vitni í skiptaréttinum hinn 17. desember 1964. Skapti skýrði svo frá, að matið hafi farið þannig fram, að þeir félagar hafi metið alla þá muni, áhöld og efni, sem þeim hafi verið vísað til af Sigmundi M. Andréssyni og sameignarmanni hans, en ekki annað, t. d. ekki firmanafn, og á skuldir fyrirtækisins hafi ekkert verið minnzt. Aðrir hafi ekki verið viðstaddir en Sigmundur og félagi hans og engin reikningsskil hafi verið sýnd. Ingólfur Sigurz skýrir frá á sama hátt og segir að auki, að Sigmundur hafi haft orð fyrir þeim Ævari og gefið ýmsar upplýsingar um verðmæti, en engin skilríki þar að lútandi hafi hann haft við höndina. Báðir matsmennirnir töldu sig hafa farið þannig að, að niðurstaða matsins hafi svarað til þess, er þeir voru beðnir að meta, að því tilskildu að framvísunin hafi verið rétt.

Nú segir sóknaraðili, að samkvæmt þessari matsgerð verði ekki séð, hve mikils virði fyrirtækið Geisli s/f sé búi aðiljanna, matsgerðin segi ekkert um það, hvernig talan 60.000.00 krónur fé fengin. Aðeins hafi verið metnar framvísaðar eignir, en ekkert spurzt fyrir um skuldir og hagur fyrirtækisins með öllu látinn óathugaður. Þessi mistök verði að leiðrétta, svo rétt heildarmynd fáist af hag búsins, en það verði ekki gert, nema með endurupptöku á uppskriftinni. Að vísu megi segja, að heldur seint sé í þetta ráðizt, en á það sé að líta, að umboðsmenn aðilja hafi ekki verið viðstaddir, og lengi vel hafi ekkert verið kunnugt um aðferð þá, sem viðhöfð var við uppskriftina og sem að framan er lýst. En þó ætti þetta ekki að vera vandkvæðum bundið, þegar á það sé litið, að þegar sé búið að meta tæki, en skuldir

megi finna með aðstoð endurskoðanda fyrirtækisins. Firmanafn (goodwill) megi einnig meta.

Varnaraðili telur, að ný matsgerð sé óframkvæmanleg nú orðið, þar sem um sé að ræða viðskiptafirma með breytilegum vörubirgðum og breytilegri hagnaðaraðstöðu. Sóknaraðili hafi sjálfur framvísað eignum til matsins og verið frá fyrstu hendi og upphafi kunnugt um það, hvernig matsgerðin var framkvæmd, en hann hafi þagað við því í heilt ár og virzt algerlega ánægður með hana. En honum hafi verið innan handar að biðja um yfirmat. Þá bendir varnaraðili á það, að farið hafi verið fram á, að Geisli yrði tekinn til skipta með eignum og skuldum félagsbúsins, en þeirri kröfu hafi verið hrundið af skiptaréttinum með úrskurði 30. júlí 1964, og hafi sóknaraðili lagzt gegn henni. En hefði sú krafa náð fram að ganga, hefðu eignir og skuldir fyrirtækisins komið fram, eins og sóknaraðili vilji nú stofna til.

Það hefur komið fram í máli þessu, að við uppskriftargerð í búinu voru aðeins virtar framvísaðar eignir fyrirtækisins Geisla s/f, en firmanafn ekki metið og ekkert tillit haft til skulda þeirra, sem á fyrirtækinu hvíldu á þeim tíma, er uppskrift fór fram. Nauðsyn þykir bera til þess við búskipti þessi, að fram komi sem gleggst hagur fyrirtækis þessa og hvers virði það er búinu. Með því að hafnað hefur verið þeirri kröfu, að Geisli s/f verði tekið til skiptameðferðar með búi þessu, þykir verða að fallast á þá kröfu sóknaraðilja, að uppskriftin verði tekin upp að þessu leyti, og verði þá jafnframt metið firmanafn og fullt tillit haft til áhvílandi skulda á fyrirtækinu, en áhöld og efni og þess háttar hefur þegar verið virt.

Málskostnaður í skiptaréttarmáli þessu verður látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Uppskriftargerð á búi þessu skal tekin upp, að því er varðar fyrirtækið Geisla s/f, og verði þá haft tillit til verðmætis firmanafns og til skulda, áhvílandi fyrirtæki þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 28. apríl 1965.

Nr. 203/1964. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Þorsteini Elton Jónssyni
(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Flugstjóri sýknaður af ákæru um brot gegn 47. sbr. 52. gr. reglugerðar nr. 184/1949 um fluglið.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu. Endurrit þeirra ásamt fleiri nýjum gögnum hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Það athugast, að hvorki veittu lög um loftferðir nr. 32/1929 né önnur réttarákvæði, sem til er vitnað í 1. gr. reglugerðar um fluglið nr. 184/1949, heimild til að setja í reglugerð ákvæði þau, sem 47. gr. greindrar reglugerðar hefur að geyma. En á þeim tíma, sem atvik máls þessa gerðust, höfðu umrædd ákvæði 47. gr. stoð í 4. málsgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu ákærða af kröfum ákæruvaldsins.

Greiða ber úr ríkissjóði allan sakarkostnað í héraði og hér fyrir dómi, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sýknu ákærða, Þorsteins Eltons Jónssonar, af kröfum ákæruvaldsins á að vera óraskað.

Sakarkostnað allan bæði í héraði og fyrir Hæstarétti

ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 10.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. ágúst 1964.

Ár 1964, mánudaginn 17. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 5349/1964: Ákæruvaldið gegn Þorsteini Elton Jónssyni, sem tekið var til dóms 31. f. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 25. júní s.l., höfðað gegn ákærða, Þorsteini Elton Jónssyni flugstjóra, Rauðalæk 16, hér í borg, fyrir að hafa neytt áfengis laugardagskvöldið 23. maí 1964 og aðfaranótt næsta dags, enda þótt hann ætti að vera við flugstjórn farþegaflugvélar á vegum Loftleiða h/f, sem fara skyldi frá Reykjavík kl. 0800 að morgni næsta dags til Osló og Stavanger, og mætti ákærði til þeirrar farar á Reykjavíkurflugvelli um kl. 0800.

Telst þetta varða við 47. gr. sbr. 52. gr. reglugerðar um fluglið nr. 184/1949, sbr. 41. gr. laga um loftferðir nr. 32/1929.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar flugstjóraskírteinis og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 19. október 1921 í Reykjavík. Sakavottorð ákærða er svohljóðandi:

1937 18/1 í Reykjavík: Áminning fyrir snjókast á götum bæjarins.
1949 16/7 í Rvík: Dómur: 10 daga varðhald. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á áfengis- og bifreiðalögum.
1950 30/5 í Rvík: Dómur: 700 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. hegningarlaganna, bifreiða- og umferðarlögum.
— 25/10 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli nr. 2836/1949, 1000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði.
1955 22/9 í Rvík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar og 26. og 38. bifreiðalaga.

Málavextir eru þessir:

Kl. 0800 sunnudaginn 24. maí s.l. var áætlað, að flugvél af gerðinni Douglas DC–6B, auðkennd TF–LLD, frá flugfélaginu

Loftleiðum færi frá Reykjavík um Osló til Stavanger. Hámarksfarþegafjöldi vélarinnar 85, en fjöldi flugliða 7. Ráð hafði verið gert fyrir því, að ákærði í máli þessu, Þorsteinn Elton Jónsson, yrði flugstjóri í þessari ferð. Svo varð þó ekki, er vélin fór héðan kl. 0945 með 64 farþega, heldur var hún undir stjórn Antons Axelssonar. Ástæðan var sú, að er ákærði mætti á flugvellinum umræddan morgun, kl. um 0800, var hann miður sín vegna áfengisneyzlu kvöldið á undan,

Fyrir dómi hefur ákærði borið, að hann hafi verið búinn að ákveða á leiðinni út á flugvöll að fara ekki sjálfur umrædda ferð, heldur fá staðgengil í sinn stað, þótt reyndin hafi orðið sú, að starfsmenn flugumsjónar Loftleiða hafi orðið fyrri til að kveða upp úr með það. Af framburði flugumsjónarmannsins Einars Sigurðar Ólafssonar virðist hins vegar helzt ráðið, að hann hafi tekið af skarið með, að ákærði færi ekki umrædda ferð. Þykir því nauðsynlegt að rekja framburð ákærða, vitnisins Einars Sigurðar o. fl. fyrir dómi nokkru frekar.

Vitnið Marínó Jóhannsson flugumsjónarmaður var við störf sín hjá Loftleiðum á Reykjavíkurflugvelli frá kl. 1930 laugardaginn 23. maí s.l., og átti varðtímanum að ljúka kl. 0800 næsta morgun. Þar sem það er m. a. í verkahring flugumsjónar að hringja tímanlega fyrir brottflug í flugliða, þá kveðst vitnið hafa hringt heim til ákærða kl. 0600 um morguninn til að minna hann á fyrirhugaða og ofangreinda flugferð. Ákærði varð fyrir svörum. Ekki heyrði vitnið neitt athugavert við málfar hans. Á áttunda tímanum hringdi vitnið aftur heim til ákærða. Eiginkona hans varð þá fyrir svörum og sagði ákærða vera að ganga út úr dyrunum. Ákærði mætti svo í flugumsjóninni kl. um 0800. Þá var Einar Sigurður, sem átti að taka við störfum af vitninu, kominn til vinnu. Flugumsjónarmönnunum fannst ákærði eitthvað miður sín og ræddu um þetta sín á milli og kölluðu ákærða síðan afsíðis til að ræða málið. Mun vitnið Einar Sigurður hafa aðallega haft orð fyrir flugumsjónarmönnunum, og sagði hann ákærða, að þar sem hann væri illa fyrirkallaður, væri réttast, að hann færi heim. Vitnið Marínó segir, að ákærði hafi tekið þetta óstinnt upp, og eitthvað hafi verið þrefað um þetta, og á endanum krafðist ákærði, að læknir yrði sóttur. Var fyrst reynt að ná til dr. Óla Hjaltesteds, trúnaðarlæknis félagsins, en er það tókst ekki, var hringt í Úlfar Þórðarson lækni, sem kom von bráðar og athugaði ákærða.

Vitnið Marínó taldi töfina á brottför vélarinnar TF–LLD stafa

að nokkru af ofangreindum sökum og að nokkru vegna smávægilegrar vélarbilunar.

Vitnið Einar Sigurður segir, að ákærði hafi komið í flugumsjónina á Reykavíkurflugvelli, fljótlega eftir að það mætti þar til starfa kl. 0800 umræddan sunnudag. Kölluðu flugumsjónarmennirnir ákærða afsíðis, þar eð þeim virtist hann ekki vera, eins og hann átti að sér. Sagði vitnið ákærða, að réttast væri, að hann færi ekki hina fyrirhuguðu ferð, og spunnust út af því nokkrar orðræður, þar eð ákærði vildi vita, á hverju vitnið byggði þessa skoðun. Endaði þetta með því, að vitnið tók af skarið og sagði ákærða, að hann færi ekki þessa ferð. Eftir það krafðist ákærði þess, að læknir yrði sóttur.

Vitnið Einar Sigurður taldi töfina á brottför vélarinnar stafa af óstundvísi ákærða, töfinni við að ná í annan mann og loks vegna skorts á handbærum farþegavögnum til að ná í farþega vélarinnar, sem staddir voru í Tjarnarcafé.

Báðir flugumsjónarmennirnir báru, að þeim vitanlega hafi ákærði ekki farið um borð í vélina TF-LLD.

Vitnið Úlfar Þórðarson læknir, sem mun vera annar af tveimur trúnaðarlæknum flugmálastjórnarinnar við skoðun flugliða, bar í sakadómi, að flugumsjón Loftleiða á flugvellinum hér í borg hafi hringt til sín um kl. 0800 sunnudaginn 24. maí s.l. Var vitnið beðið að koma út á flugvöll til að athuga ástand flugstjóra, sem átti að stjórna flugvél, sem átti að fara til útlanda, þar eð ekki hafði náðst í trúnaðarlækni félagsins, dr. Óla Hjaltested. Þar eð vitninu hafði verið tjáð að gefnu tilefni frá því, að um alkóhól væri að ræða, þá tók það með sér út á flugvöll blóðtökutæki og tæki til að mæla alkóhól í lungnalofti. Á flugstöðinni sögðu starfsmenn flugumsjónarinnar vitninu, að þarna væri um að ræða ákærða í málinu, sem þeim virtist vera með áfengisáhrifum. Í framhaldi af viðræðum þessum ræddi vitnið við ákærða og tók sýnishorn af lungnalofti hans og blóði. Vitnið tók sérstaklega fram, að ákærði hafi í alla staði komið vel fram í þessu sambandi og sýnt fulla samvinnu við þessar aðgerðir. Að þeim loknum kveðst vitnið hafa sagt við ákærða, að ekki kæmi til mála, að hann færi fyrirhugaða flugferð, og gerði ákærði enga athugasemd við það. Vitnið sendi síðan blóðsýnið með flugumsjónarmönnunum á lögreglustöðina.

Samkvæmt vottorði lögreglustjórans hér í borg, dagsettu 30. maí s.l., var sýnishornið af blóði ákærða sent til Rannsóknarstofu háskólans 25. s. m., og samkvæmt vottorði frá rannsóknar-

stofu Jóns Steffensens um alkóhólrannsókn 25. s. m. reyndust vera í því reducerandi efni, er samsvara 0.89‰ af alkóhóli (0.94—0.85).

Kvöldið fyrir hina fyrirhuguðu flugferð kveðst ákærði hafa verið í veitingahúsinu Nausti ásamt kunningjum sínum. Dvaldi ákærði þar frá kl. 2000—2100 til 0100. Þarna neytti ákærði máltíðar og áfengis. Ekki getur ákærði sagt um, hve mikils áfengis. Ákærði fór rakleitt heim úr veitingahúsinu, gekk frá farangri sínum fyrir væntanlega flugferð og tók síðan á sig náðir. Ekki gat ákærði sagt um, hvenær hann fór að sofa, en það var fljótlega eftir heimkomuna. Ákærði taldi vafalaust, að hann hafi verið með einhverjum áfengisáhrifum, er hann sofnaði. Næsta morgun kl. 0600 hringdi flugumsjónin heim til ákærða. Varð hann sjálfur fyrir svörum. Vitnið Marínó Jóhannsson sagði ákærða, að hann ætti að mæta eftir um það bil klukkustund. Síðan sofnaði ákærði á ný og svaf, unz eiginkona hans vakti hann, og var flugumsjónin þá búin að hringja aftur. Ákærði flýtti sér þá út á flugvöll, og ók eiginkona hans honum þangað. Á leiðinni hafði eiginkonan það á orði, að hún teldi ekki rétt, að ákærði færi í hina fyrirhuguðu flugferð, þar eð af honum væri mikil vínlykt og hann væri bæði þreytu- og syfjulegur. Ákærði kveðst hafa fallizt á þetta, og urðu hjónin ásátt um, að ákærði fengi annan í sinn stað. Ætlaði ákærði að komast að því, hver væri á hinni svokölluðu „stand by" vakt, þ. e. varaáhöfn, sem er til taks, ef einhver forfallast í aðaláhöfn, og koma þessu í kring, án þess að mikið bæri á. Í þessu skyni var ákærða nauðsynlegt að fara í flugumsjónina að fá nöfn manna þeirra, er voru í ofannefndri varaáhöfn. Áður en ákærði gat gert sínar ráðstafanir, kölluðu flugumsjónarmennirnir hann inn fyrir og afsíðis og sögðu honum, að þeir teldu hann ekki færan um að fara flugferðina. Ákærði bar, að sér hafi mislíkað, „að flugumsjónarmennirnir hafi verið fyrri til að kveða upp úr um ákvörðun, sem hann hafi þegar tekið með sjálfum sér, auk þess sem kærða rann í skap vegna þess, að hinir ungu menn töldu sig dómbærari um getu kærða en hann sjálfur með sína næstum aldarfjórðungs flugreynslu". Ákærði féllst þó á ofangreinda ráðstöfun, en vegna hugsanlegra eftirmála við flugfélagið krafðist ákærði, að læknir yrði sóttur.

Í framburði sínum tók ákærði það einnig fram, að hann sé vanur, er hann á flugferð fyrir höndum, að bera, strax og að flugstöð er komið, farangur sinn inn í flugstöðvarbygginguna

og kveðja síðan eiginkonu sína. Í umrætt sinn skildi ákærði farangur sinn eftir í bifreiðinni og bað konuna að bíða sín.

Vitnið Margrét Þorbjörg Thors, eiginkona ákærða, hefur komið fyrir dóm og borið, að hún hafi á leiðinni út á flugvöll haft á orði við ákærða, að hún teldi ekki rétt, að hann færi hina áætluðu flugferð, „þar eð hann lyktaði ekki þannig, að hann ætti að fara í flugvél". Féllst ákærði á þetta og talaði um að fá annan í sinn stað. Er ákærði fór inn í flugstöðvarbygginguna þessara erinda, skildi hann eftir farangur sinn í bifreiðinni. Annars er það venja undir þessum kringumstæðum, að eiginmaður vitnisins tekur farangurinn strax, kveður vitnið, og það fer á brott á bifreiðinni.

Samkvæmt bréfi Samgöngumálaráðuneytisins, dagsettu 28. f. m., til Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, sem lagt hefur verið fram í málinu, fór ráðuneytið þess munnlega á leit við forstjóra Flugfélags Íslands h/f 9. júní s.l., að ákærði yrði ekki látinn gegna störfum flugmanns eða flugstjóra hjá félaginu, þar til rannsókn á meintu broti ákærða í starfi væri lokið, og mun ákærði ekki hafa gegnt téðu starfi hjá félaginu frá framangreindum tíma að telja.

Það er skoðun dómsins, að úrslit málsins eigi að velta á því, hvort orðin „áður en störf eru hafin" í 47. gr. reglugerðar um fluglið nr. 184 frá árinu 1949 tákni, að störf hafi raunverulega verið tekin upp eða byrjuð, eða hvort nægjanlegt sé, að störf hafi átt að hefjast innan 18 klukkustunda frá áfengisneyzlu. Þegar það er virt, að orðanna hljóðan er nær fyrri skilningnum og það er almenn regla íslenzks réttar, að refsiákvæði beri að skýra þröngt, sbr. meginhugsun 1. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, í þeim skilningi, að allan vafa um það, hvort refsiákvæði taki til háttsemi, eigi að virða ákærða í hag, og loks það, að ákærði var hvorki farinn að starfa í flugvélinni né flugumsjóninni, t. d. við flugáætlun, þá lítur dómurinn svo á, að ákærði hafi ekki brotið gegn ákvæðinu, og því ber að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Með skírskotun til ofangreinds ber að leggja allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00, á ríkissjóð.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Elton Jónsson, skal sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Allur kostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, kr. 2.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 30. apríl 1965.

Nr. 15/1963. **Gísli Holgeirsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Reimari Karlssyni
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Kaup og sala. Riftun kaups. Málflutningur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1963, krefst sýknu og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en því, að ársvextir reiknist frá 20. apríl 1961 og 6% frá 1. janúar 1965 til greiðsludags. Þá krefst stefndi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Mál þetta var þingfest í héraði 28. júní 1962. Lagði stefndi þá fram stefnu, greinargerð, reikning áfrýjanda um skipti aðilja, vottorð bifvélavirkja um, „að drifvarahlutir" þeir, sem um var að tefla, „pössuðu ekki saman", og svo kröfubréf lögmanns síns til áfrýjanda 25. nóvember 1961. Af hendi áfrýjanda var sótt þing, og fékk umboðsmaður hans frest til greinargerðar til 13. september 1962.

Þann dag og einnig 27. s. m. fékk áfrýjandi framhaldsfrest í sama skyni tvær vikur hvort sinn. Er þingað var í málinu 11. október s. á., fengu umboðsmenn aðilja því næst sameiginlegan frest tvær vikur til gagnaöflunar. Að þeim fresti liðnum, hinn 25. október 1962, var ekki sótt dómþing af hendi áfrýjanda. Tók héraðsdómari þá málið til dóms eftir kröfu stefnda. Er héraðsdómur síðan var upp kveðinn, höfðu hvorki komið fram mótmæli né greinargerð af hendi áfrýjanda.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi lagt fram ýmis gögn, þ. á m. skýrslur aðilja fyrir dómi, og krafizt þess, að málið verði dæmt samkvæmt þeim gögnum. Hefur stefndi lýst samþykki sínu við því, að kröfum áfrýjanda hér fyrir dómi og málsástæðum verði gaumur gefinn.

Kröfur þær og málsástæður, er áfrýjandi flytur fram í Hæstarétti, var honum í lófa lagið að bera fyrir sig í héraði, sbr. og 110. og 111. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt 45. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands verður þeim því, eins og á stendur, ekki sinnt.

Með skírskotun til gagna þeirra, er lágu fyrir í héraði, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að ársvextir verði 7% frá 20. apríl 1961 til 1. janúar 1965 og 6% frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað hér fyrir dómi, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað að öðru leyti en því, að áfrýjandi, Gísli Holgeirsson, greiði stefnda, Reimari Karlssyni, af kr. 6.950.00 7% ársvexti frá 20. apríl 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. nóvember 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 25/10 1962, hefur Reimar Karlsson, Öxl, Snæfellsnessýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27/6 1962, gegn Gísla Holgeirssyni, Úthlíð 16, Reykjavík, til endurgreiðslu peninga, að fjárhæð kr. 6.950.00, með 10% ársvöxtum frá 20/4 1960 til 29/12 1960 og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar. Enn fremur krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði réttur hans til að rifta kaupum þeim, sem mál þetta er risið af.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera þannig til komna, að haustið 1960 hafi stefndi tekizt á hendur að útvega stefnanda drif í Chevrolet-vörubifreið, smíðaár 1947. Er stefnandi fékk drifið í hendur í lok apríl 1961 kom í ljós, að tennur í svonefndum „pinion" stemmdu ekki við „kambinn", en stefnandi hafði þá bæði greitt upp í kostnaðinn fyrirfram og greitt eftirstöðvar verðsins á drifinu í póstkröfu. Vildi þá stefndi láta laga „pinionana", svo að þeir yrðu nothæfir, en það reyndist ekki hægt. Krafði þá stefnandi stefnda um endurgreiðslu á verði drifsins, kr. 6.950.00, en stefndi neitaði þá endurgreiðslu og hefur ekki fengizt til að inna hana af hendi síðan.

Stefndi hefur látið sækja þing, en ekki andmælt stefnukröfunum. Verða þær því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 1.600.00.

Valgarður Kristjánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Réttur stefnanda til að rifta framangreindum kaupum er viðurkenndur.

Stefndi, Gísli Holgeirsson, greiði stefnanda, Reimari Karlssyni, kr. 6.950.00 með 10% ársvöxtum frá 20. apríl 1960 til 29. desember 1960 og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 1.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. maí 1965.

Nr. 53/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Gunnari Héðni Jakobssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnar Héðinn Jakobsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. desember 1964.

Ár 1964, fimmtudaginn 10. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 7339/1964: Ákæruvaldið gegn Gunnari Héðni Jakobssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 28. október s.l., höfðað gegn ákærða, Gunnari Héðni Jakobssyni bifreiðarstjóra, Brávallagötu 22, Reykjavík, fæddum 5. febrúar 1930 í Reykjavík, fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga

nr. 19/1940 með því að hafa miðvikudaginn 16. september 1964 stolið kr. 2.000.00 úr eigu Péturs Esrasonar að Laugateigi 22 í Reykjavík.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

1937 20/12 Reykjavík. Ákærður fyrir flöskuþjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1948 2/2 Rvík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 15/6 Rvík. Sátt 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1949 7/12 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1950 6/10 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 31/10 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 13/11 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1951 23/3 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og spellvirki.
— 28/3 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 30/5 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 23/10 Rvík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 4/11 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 12/11 Rvík. Uppvís að þjófnaði, saksókn felld niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins með hliðsjón af 256. gr. hegningarlaga.
— 7/12 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
1952 19/8 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. áfengislaga.
— 25/8 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. áfengislaga.
— 4/10 Rvík. 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244., 245. og 248. gr. hegningarlaga og sviptur ökuréttindum í 1 ár.
— 21/10 Rvík. Dómur: 60 daga fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
— 13/8 Siglufjörður. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
1953 10/5 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
— 12/6 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
— 8/9 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
— 19/12 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
1954 16/2 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
— 26/3 Rvík. Dómur: Fangelsi 6 mánuði, sviptur kosningar-

rétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
— 24/5 Rvík. Dómur: Fangelsi 4 mánuði, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Staðfest í Hæstarétti 20/10 1954.
— 3/10 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 25/10 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1955 11/7 Vestmannaeyjar. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri, 653 kr. skaðabætur fyrir spellvirki.
— 30/8 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 7/10 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1956 13/3 Rvík. Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur réttindum fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
— 15/7 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1957 20/2 Rvík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1958 9/5 Rvík. Dómur: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 245., 247. og 248. gr. hegningarlaga.
— 16/10 Rvík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
— 23/10 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.
— 13/12 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1959 6/2 Rvík. Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur réttindum fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaga.
1960 7/5 Rvík. Sátt, 350 kr. sekt fyrir ölvun.
— 14/5 Rvík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
— 30/8 Rvík. Sátt, 400 kr. sekt fyrir ölvun.
— 3/11 Rvík. Dómur: 7 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
1961 21/3 Akureyri. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.
— 18/9 Rvík. Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.
1963 4/11 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
— 16/8 Akureyri. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1964 11/4 Rvík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
— 7/7 Rvík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.

Málsatvik eru þessi samkvæmt játningu og öðrum gögnum í máli þessu:

Miðvikudaginn 16. september s.l. var ákærði við drykkju með Pétri Esrasyni, Ægissíðu 68, hér í borg, og öðrum manni. Fóru þeir ákærði og Pétur að Laugateig 22 til þess að vera þar við drykkjuna. Eftir að þangað kom, hafði Pétur farið úr jakkanum

og skilið hann eftir á sófa í stofunni. Nokkru síðar þurfti hann að bregða sér frá. Í vasanum á jakka Péturs var veski hans og í því talsvert af peningum. Eftir að Pétur var farinn á brott, fór ákærði í veskið og tók úr því 2000 kr., en setti það að því búnu aftur á sinn stað. Ákærði hélt að því búnu á brott. Peningunum, sem hann stal, kveðst hann hafa eytt til áfengiskaupa o. fl. Ákærði hefur greitt framanskráða fjárhæð til rannsóknarlögreglunnar, og hefur hún verið afhent Pétri Esrasyni.

Framanskráð atferli ákærða er sannað með játningu hans og öðrum gögnum í máli þessu. Hefur ákærði með því orðið brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi, en fullnustu refsingarinnar þykir mega fresta og hún niður falla, að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið. Skilorðið er ákveðið með hliðsjón af því, að ákærði hefur ekki orðið brotlegur gegn almennum hegningarlögum s.l. 3 ár og hann hefur greitt fullar skaðabætur.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Héðinn Jakobsson, sæti fangelsi í 6 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla, að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað,.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. maí 1965.

Nr. 49/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sigurði Guðmundi Stefáni Þorleifssyni
(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skjalafals. Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur ákærði að fullu greitt skaðabótakröfur þær, sem á hendur honum voru gerðar. Að þessu athuguðu þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar ákærða, sem er hæfilega tiltekin í héraðsdómi, fangelsi 10 mánuði, skuli fresta og hún niður falla, að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið, en komi hún til framkvæmda, skal gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 21. janúar til 3. febrúar 1965, 13 dagar, með fullri dagatölu koma henni til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og málflutningslaun verjanda, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Guðmundur Stefán Þorleifsson, sæti fangelsi 10 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla, að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið. Komi refsingin til framkvæmda, skal gæzluvarðhaldsvist ákærða, 13 dagar, koma henni til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með tal-

in saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. febrúar 1965.

Ár 1965, miðvikudaginn 3. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 562/1965: Ákæruvaldið gegn Sigurði Guðmundi Stefáni Þorleifssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákærum, útgefnum 23. desember 1964 og 1. febrúar 1965, hafa opinber mál verið höfðuð gegn Sigurði Guðmundi Stefáni Þorleifssyni, töldum til heimilis að Hlíðarenda á Eskifirði, fæddum 14. júní 1935 á Ísafirði, en málin hafa verið sameinuð og rekin í einu lagi.

Með ákæru, dags. 23. desember, er mál höfðað gegn ákærða „fyrir skjalafals eða svik með því að selja í útbúi Búnaðarbanka Íslands á Akureyri hinn 2. september 1964 10.000 króna tékkávísun á sparisjóðsávísanareikning nr. 218 í útibúi Landsbanka Íslands á Eskifirði, en ávísunina hafði ákærði fyllt út og undirritað nafninu Guðmundur Þorleif. Ávísanareikning þenna átti ákærði ekki og Guðmundar-nafni sínu nefnir ákærði sig ekki, heldur ætíð Sigurðar-nafninu.

Telst þetta brot ákærða aðallega varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 248. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og greiðslu alls sakarkostnaðar."

Með ákæru, dags. 1. febrúar, er ákærði saksóttur fyrir:

„I. Skjalafals á Ísafirði í lok ágústmánaðar með því að hafa gefið þar út eftirgreinda 4 tékka á tékkaeyðublöð frá útibúi Landsbanka Íslands á Eskifirði, hvern um sig að fjárhæð kr. 3.000.00 eða samtals kr. 12.000.00, stílaða á handhafa, framvísað þeim í viðskiptum, að nokkru til kaupa á vörum, en fengið fjárhæðir þeirra að mestu greiddar í peningum, sem ákærði varði síðan til áfengiskaupa, eftir að hafa falsað nöfn útgefenda tékkanna og tilgreind reikningsnúmer:

1. A nr. 671, dags. 30/8, með undirrituninni Guðmundur Jóns-

son, á ávísanareikning nr. 122, en tékkinn var síðan framseldur af Emilíu Jóhannesdóttur pr. Einar & Kristján.

2. A nr. 673, dags. 28/8, undirritaður Guðmundur Jónsson, á reikning nr. 123, en framseldur af Valgerði Guðjónsdóttur fyrir Vinnuver.
3. A nr. 674, dags. 28/8, undirritaður Guðmundur Þo ...., á reikning nr. 129, en framseldur af Kaupfélagi Ísfirðinga.
4. A nr. 675, dags. 28/8, undirritaður Guðmundur Jó ...., á reikning nr. 123, en framseldur af Jónasi Magnússyni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Fjársvik með því að hafa svikið út sjófatnað fyrir kr. 2.431.00 úr Sjóklæðaverzlun Verðandi h/f í Reykjavík hinn 13. október eftir að hafa villt á sér heimildir þess efnis, að hann væri stýrimaður á „Jóni Kjartanssyni" frá Eskifirði.

Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

I.

Hinn 2. september 1964 var ákærði staddur á Akureyri. Hann fór þá inn í útibú Búnaðarbanka Íslands þar í bæ, og seldi þar tékka, sem hann hafði ritað. Tékkinn var gefinn út á sparisjóðsávísanareikning nr. 218 í útibúi Landsbanka Íslands á Eskifirði og var að fjárhæð kr. 10.000.00. Ákærði gaf tékkann út til handhafa og undirritaði hann „Guðmundur Þorleif" og ritaði á bakhlið hans „Guðmundur Þorleifsson Eskifjörður".

Ákærði hafði átt sparisjóðsávísanareikning nr. 415 í útibúi Landsbankans á Eskifirði og hafði þannig eignazt eyðublöðin. Búið var að loka reikningi hans. Hann hafði aldrei átt reikning nr. 218. Ákærði er jafnan nefndur Sigurður Þorleifsson, og ritar hann nafn sitt svo. Hann kveðst aldrei nota Guðmundarnafnið.

Ákærði hefur viðurkennt brot sitt, en kveðst lítið muna eftir því, enda hafi hann verið mjög drukkinn. Hann hefur ekki sýnt lit á að bæta tjón af broti sínu.

Ákærði ritaði undir umræddan tékka, að vísu með einu af nöfnum sínum, en nafni, sem hann aldrei notar. Verður hann því talinn hafa brotið gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga með því að nota tékkann, svo sem að ofan var rakið.

Af hálfu Búnaðarbanka Íslands hefur þess verið krafizt, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða tékkafjárhæðina, kr. 10.000.00, ásamt 9% ársvöxtum frá 2. september 1964 til greiðsludags. Er rétt, að krafa þessi verði tekin til greina, þó þannig að ársvextir reiknist 8%.

II.

Í ágústlok 1964 var ákærði staddur á Ísafirði. Er það leitt í ljós með framburði ákærða og öðrum gögnum, að þá falsaði hann fjóra tékka á eyðublöð úr áðurnefndu tékkhefti sínu (sbr. I hér að ofan) og seldi þá eða notaði til greiðslu í verzlunum á Ísafirði, svo sem hér greinir:

a) Tékki, að fjárhæð kr. 3.000.00, dags. 28. ágúst, útgefinn til handhafa á sparisjóðsávísanareikning nr. 129 í útibúi Landsbanka Íslands á Eskifirði, undirritaður nafninu Guðmundur Þorl. (undirskrift óglögg). Tékka þenna seldi ákærði í verzlun Kaupfélags Ísfirðinga.

b) Tékki, að fjárhæð kr. 3.000.00, dags. 28. ágúst, útgefinn til handhafa á reikning nr. 123 í áðurnefndu útibúi, undirritaður Guðmundur Jónsson. Tékka þenna seldi ákærði í verzluninni Vinnuveri á Ísafirði.

c) Tékki, að fjárhæð kr. 3.000.00, dags. 28. ágúst, útgefinn til handhafa á reikning nr. 123, undirritaður Guðmundur Jónsson, seldur í verzlun Jónasar Magnússonar á Ísafirði.

d) Tékki, að fjárhæð kr. 3.000.00, dags. 30. ágúst, útgefinn til handhafa á reikning nr. 122, undirritaður Guðmundur Jónsson. Tékka þenna seldi ákærði í klæðaverzlun Einars & Kristjáns á Ísafirði.

Með því að nota ofangreind fjögur skjöl til þess að blekkja með þeim í lögskiptum hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt framkomnum kröfum, er ákærði hefur samþykkt, verður hann dæmdur til þess að greiða:

Kaupfélagi Ísfirðinga kr. 3.000.00.

Klæðaverzlun Einars & Kristjáns, Ísafirði, kr. 3.000.00.

Jónasi Magnússyni, Ísafirði, kr. 3.000.00.

Vinnuveri, Ísafirði, kr. 3.000.00.

III.

Hinn 13. október 1964 kom ákærði í vezlunina Verðandi h/f, hér í borg, og tók þar út vörur á þeim forsendum, að hann væri

stýrimaður á v/b Jóni Kjartanssyni frá Eskifirði. Ákærði hafði aldrei verið á umræddu skipi. Kveðst hann hafa notað þetta bragð til þess að ná sér út verðmætum, en hann hafi verið drukkinn, er þetta gerðist.

Verðmæti varanna var kr. 2.431.00.

Með því að hafa af öðrum fjárverðmæti með blekkingum, svo sem nú var lýst, hefur ákærði brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Að kröfu Verðandi h/f verður ákærði dæmdur til þess að greiða bætur, að fjárhæð kr. 2.431.00.

IV.

Ákærði hefur sætt þessum refsingum og kærum:

1954 5/6 Saksókn fyrir brot gegn 244. gr. sbr. 256. gr. hegningarlaga (tilraun til þjófnaðar á hjólbarða) felld niður.
1958 19/11 50 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 72/1952.
1962 31/1 28 daga varðhald fyrir umferðar- og áfengislagabrot.
1963 22/5 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1964 22/4 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.
— 7/6 1000 kr. sekt fyrir tékkamisferli.
— 22/12 200 kr. sekt fyrir ölvun.

Ákærði hefur rofið skilorð það, sem honum var sett með ofangreindum dómi, og ber nú að ákveða honum á ný refsingu fyrir þau brot, er þar greinir, auk þeirra, sem hann er nú ákærður fyrir. Þykir refsingin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði.

Ákærði hefur dvalizt í gæzluvarðhaldi síðan 21. f. m., eða alls 13 daga, og þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga rétt, að sú vist komi refsingu hans til frádráttar.

Þá ber að dæma hann til greiðslu bóta samkvæmt því, er áður greinir, og loks til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Guðmundur Stefán Þorleifsson, sæti fangelsi 10 mánuði. Frá refsingunni dragist gæzluvarðhaldsvist hans 13 daga.

Ákærði greiði Búnaðarbanka Íslands kr. 10.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 2. september 1964 til greiðsludags, klæðaverzlun Einars & Kristjáns á Ísafirði kr. 3.000.00, verzlun-

inni Vinnuveri, Ísafirði, kr. 3.000.00, Kaupfélagi Ísfirðinga kr. 3.000.00, Jónasi Magnússyni kr. 3.000.00 og verzluninni Verðandi kr. 2.431.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. maí 1965.

Nr. 47/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Adolf Björnssyni,
Gunnlaugi Guðmundssyni Björnssyni,
Sigurði Guttormssyni,
Þorsteini Kjartani Friðrikssyni og
Þóru Ásmundsdóttur
(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Líndal.

Verkfall starfsmanna ríkisbanka.

Dómur Hæstaréttar.

Réttarstaða Útvegsbanka Íslands og starfsfólks hans er samkvæmt lögum nr. 12/1961 hin sama og réttarstaða Landsbanka Íslands og starfsfólks hans samkvæmt lögum nr. 11/1961. Er hvor banki sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, og er yfirstjórn hvors banka í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs. Þar sem þessir tveir bankar eru þannig algerlega settir á sama bekk að lögum, verður samkvæmt 1. gr. laga nr. 19/1940 að beita gegnt starfsfólki Útvegsbanka Íslands viðurlögum þeim við verkfalli, sem eru í lögum nr. 33/1915 um verkföll opinberra starfsmanna mælt á hendur starfsfólki Landsbank-

ans. Hin ákærðu tóku þátt í verkfalli starfsfólks Útvegsbanka Íslands hinn 2. nóvember 1964. Varðar þetta atferli þeirra við 1. gr. laga nr. 33/1915, sbr. lög nr. 14/1948. Þykir refsing hvers hinna ákærðu hæfilega ákveðin 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektar hvers hinna ákærðu, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, í ríkissjóð og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Adolf Björnsson, Gunnlaugur Guðmundsson Björnsson, Sigurður Guttormsson, Þorsteinn Kjartan Friðriksson og Þóra Ásmundsdóttir, sæti hvert um sig 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektar hvers hinna ákærðu, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, í ríkissjóð, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. febrúar 1965.

Ár 1965, miðvikudaginn 10. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 776–780/1965: Ákæruvaldið gegn Adolf Björnssyni, Gunnlaugi Björnson, Sigurði Guttormssyni, Þorsteini Kjartani Friðrikssyni og Þóru Ásmundsdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 15. f. m., gegn

1. Adolf Björnssyni bankafulltrúa, Austurbrún 2, fæddum 18. apríl 1912 í Hafnarfirði;
2. Gunnlaugi Björnson bankafulltrúa, Bogahlíð 26, fæddum 7. marz 1912 í Reykjavík;
3. Sigurði Guttormssyni bankafulltrúa, Kaplaskjólsvegi 49, fæddum 15. ágúst 1906 að Hamragerði í Eiðahreppi;
4. Þorsteini Kjartani Friðrikssyni deildarstjóra, Álfheimum 62, fæddum 3. febrúar 1930 í Reykjavík;
5. Þóru Ásmundsdóttur bankafulltrúa, Laufásvegi 75, fæddri 27. júní 1918 í Stykkishólmi,

„fyrir þátttöku í verkfalli starfsfólks Útvegsbanka Íslands hinn 2. nóvember 1964, en gagnvart stjórn bankans komu ákærðu fram fyrir starfsfólksins hönd í verkfallinu.

Telst þátttaka hinna ákærðu í verkfallinu varða við 1. gr. laga nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna, og er þess krafizt, að ákærðu verði dæmd til refsingar og sakarkostnaðargreiðslu.“

Málavextir eru þessir:

Hin ákærðu eru öll fastráðnir starfsmenn Útvegsbanka Íslands hér í Reykjavík. Þau skipa aðalstjórn Starfsmannafélags Útvegsbankans, og er Adolf formaður, Sigurður varaformaður, Gunnlaugur gjaldkeri, Þorsteinn Kjartan ritari og Þóra meðstjórnandi.

Mánudaginn 2. nóvember 1964 kom ekkert af starfsfólki aðalbanka Útvegsbanka Íslands né útibúa hans hér í borg til vinnu sinnar, nema bankastjórar, aðstoðarbankastjóri, forstjóri Fiskveiðasjóðs og húsverðir. Voru hin ákærðu þannig öll meðal þeirra, sem ekki komu til vinnu. Í útibúum bankans utan Reykjavíkur komu þenna dag aðeins útibússtjórar til vinnu, og fór afgreiðsla þar ekki fram, nema að einhverju leyti á Akureyri.

Forsaga atburðar þessa var sem hér segir:

Í maímánuði 1964 var staða útibússtjóra Útvegsbanka Íslands á Akureyri auglýst laus til umsóknar. Hinn 11. október ritaði stjórn Starfsmannafélags Útvegsbankans bréf til bankaráðsins. Í bréfi þessu er greint frá því, að sex menn hafi sótt um áðurnefnt starf, þar af fimm starfandi bankamenn, en auk þess Bragi Sigurjónsson ritstjóri, sem ekki hafi starfað að bankastörfum. Þá eru í bréfinu rakin ýmis atriði, er varða samkomulag samtaka bankamanna annars vegar og bankastjórna ríkisbankanna hins vegar, varðandi stöðuveitingar í bönkunum. Í lok bréfsins segir á þessa leið:

„Vér höfum leyft oss að rifja upp þau atriði í samskiptum vorum við fulltrúaráð og bankaráð Útvegsbankans, er að framan greinir, í sambandi við væntanlega ráðstöfun á útbússtjórastarfi bankans á Akureyri.

Í því sambandi leyfum vér oss að benda á, að eðlilegt verður að telja, að bankaráð meti áratuga störf, sem að allra dómi hafa verið leyst óaðfinnanlega af hendi.

Væri að því horfið að ráða utanbankamann í stöðuna, myndum vér telja samtökum vorum misboðið og oss eigi annað fært en að kveðja saman félagsfund og ræða það viðhorf, er myndi við það skapast."

Ákærðu hafa öll undirritað bréf þetta í nafni stjórnar Starfsmannafélags Útvegsbankans.

Hinn 28. október 1964 var Bragi Sigurjónsson ráðinn til þess að vera útibússtjóri Útvegsbanka Íslands á Akureyri.

Föstudaginn 30. október var haldinn félagsfundur Starfsmannafélags Útvegsbankans, og var fundarefnið ráðning útibússtjórans á Akureyri. Formaður félagsins, ákærði Adolf Björnsson, reifaði málið og flutti síðan fram tillögu að bréfi til bankaráðsins, og var hún samþykkt. Í bréfi þessu er ráðningu Braga Sigurjónssonar mótmælt eindregið og enn fremur segir þar, að starfsfólkið hafi samþykkt sem einn maður að mótmæla á sinn hátt. Þá er þess krafizt, að bankaráðið taki bréfið til umræðu á fyrri fundi sínum í nóvember og að ráðning Braga Sigurjónssonar verði ekki framlengd.

Á áðurnefndum félagsfundi var enn fremur samþykkt tillaga þess efnis, að lýst var samþykki við aðgerðum félagsstjórnar í sambandi við ráðningu útibússtjóra á Akureyri og skorað á bankaráð að standa „við fyrri yfirlýsingar um, að slíkar stöður verði veittar hæfum bankamönnum".

Ákærðu segja, að á fundi þessum hafi ekki verið nefnt einu orði að vinna skyldi lögð niður í mótmælaskyni, enda ber fundargerðin það ekki með sér.

Ákærðu skýra svo frá, að laugardagsmorguninn 31. október hafi komið fram í bankanum áskriftarlistar, þar sem áskrifendur lýstu yfir því, að þeir mundu ekki mæta til vinnu mánudaginn 2. nóvember. Hafi starfsmenn almennt, eða a. m. k. flestir, skráð nöfn sín á lista þessa.

Ákærðu segja, að stjórn Starfsmannafélagsins hafi ekki átt frumkvæði að því, að vinna yrði lögð niður, og sé þeim ókunnugt um það, hver eða hverjir hafi komið áðurnefndum listum af

stað. Stjórnin hafi hvorki hvatt menn til að leggja niður vinnu, né heldur mundi hún hafa hindrað nokkurn mann í því að mæta.

Laust eftir hádegi laugardaginn 31. október átti stjórn Starfsmannafélagsins, þ. e. hin ákærðu, að undanskildum þó ákærða Gunnlaugi, sem ekki var við vinnu þenna dag, fund með bankastjórunum, og var bankastjórum þar frá því skýrt, að enginn starfsmaður mundi koma til vinnu á mánudag í mótmælaskyni við ráðningu útibússtjórans á Akureyri. Síðdegis hitti stjórnin einnig formann og varaformann bankaráðsins og afhenti þar bréf það, er ritað hafði verið degi fyrr og áður var vikið að. Sunnudaginn 1. nóvember komu hin ákærðu öll til fundar við bankastjórana, sem mótmæltu fyrirhuguðum aðgerðum starfsfólksins og gáfu skýlaus fyrirmæli um, að það skyldi koma til vinnu. Samkvæmt skýrslu bankastjórnarinnar svöruðu ákærðu því, að fólkið væri ráðið í að mæta ekki, en unnið yrði að því, að starfsfólk kæmi til vinnu, ef því yrði til leiðar komið, að Bragi Sigurjónsson kæmi ekki til vinnu, en bankastjórnin benti á, að slíkt væri utan við valdsvið bankastjórnar.

Af hálfu ákæruvalds er því haldið fram, að með því að koma ekki til vinnu hafi hin ákærðu, sem séu opinberir starfsmenn, gert verkfall og unnið þannig til refsingar samkvæmt 1. gr. laga nr. 33/1915.

Af hálfu ákærðu er því haldið fram, að ekki hafi verið um verkfall að ræða eftir skýrgreiningu dómstóla á því hugtaki, og í annan stað taki lög nr. 33/1915 ekki til starfsmanna Útvegsbanka Íslands.

Niðurstöður dómsins verða sem hér greinir:

Útvegsbanki Íslands hefur síðan 1957 verið ríkisbanki, sbr. ákvæði laga nr. 34/1957 og laga nr. 12/1961. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 12/1961 er bankinn sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, og samkvæmt 8. gr. er yfirstjórn bankans í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs. Bankinn er þannig ríkisstofnun, sem lýtur alveg sams konar yfirstjórn og Seðlabanki Íslands og Landsbanki Íslands, sbr. lög nr. 10/1961, 24. gr., og lög nr. 11/1961, 8. gr. Starfsmenn Útvegsbankans eru þannig ótvírætt opinberir starfsmenn samkvæmt almennri skýrgreiningu þess hugtaks, enda þótt ýmsar sérreglur gildi um bankastarfsmenn, svo sem um launakjör, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1962.

Lög nr. 33/1915 kallast að vísu „lög um verkfall opinberra starfsmanna“, en eigi er þó þar með sagt, að þau taki til allra

þeirra, sem það hugtak er nú talið taka yfir, enda er í 1. gr. laganna ekki notað orðalagið „opinberir starfsmenn", heldur segir þar um það, til hverra lögin taki: „Hver, er sjálfur tekur þátt í verkfalli, enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu og kaupstaðar, skal sæta sektum ...." o. s. frv. Landsbankinn var, er lögin voru sett, rekinn samkvæmt lögum nr. 14/1885 og var samkvæmt þeim lögum sjálfstæð stofnun, er landssjóður lagði fé til. Hann var á þeim tíma eini ríkisbankinn. Hann er tekinn sérstaklega fram í 1. gr. laga nr. 33/1915, þannig að ekki verður talið, að orðalagið „samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þágu landsins" taki til bankastarfsmanna. Greinin á því ekki samkvæmt orðanna hljóðan við starfsmenn Útvegsbanka Íslands. Ekki verður orðið „Landsbankans", sem er sérheiti, skýrt svo með rýmkandi skýringu, að það taki til starfsmanna þessara. Er þá eftir að leysa úr því, hvort lögjöfnun frá þessu ákvæði greinarinnar eigi við, sbr. ákæruna hér að framan.

Lögkjör starfsmanna Landsbanka Íslands og starfsmanna Útvegsbankans eru nú að vísu mjög hliðstæð. Má því segja, að það skilyrði lögjöfnunar sé fyrir hendi, að sömu efnisástæður eigi við um báða þessa starfsmannahópa. Á hinn bóginn er að líta á þá meginreglu á sviði refsiréttar, að gjalda skuli varhuga við lögjöfnun sökunaut í óhag, sbr. 1. gr. laga nr. 19/1940. Einnig er þess að gæta, að sú er hin almenna regla, að beiting verkfalls er heimil. Lög nr. 33/1915 mæla fyrir um sérreglur, frávik frá þessari meginreglu. Við skýringu á slíkum sérreglum er sérstök ástæða til að varast rýmkandi skýringu og lögjöfnun. Þykir eðlilegast að telja, að 1. gr. laga nr. 33/1915 geymi tæmandi talningu þeirra, sem lögin eigi við, og hafna því að skýra ákvæðin rúmt eða lögjafna þeim.

Samkvæmt þessu taka ákvæði laga nr. 33/1915 ekki til hinna ákærðu, og verða þau sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Samkvæmt 140. gr. laga nr. 82/1961 ber að ákveða, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, er ákveðast kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Adolf Björnsson, Gunnlaugur Björnson, Sigurður Guttormsson, Þorsteinn Kjartan Friðriksson og Þóra Ás-

mundsdóttir, skulu vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hinna ákærðu, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Föstudaginn 7. maí 1965.

Nr. 129/1964. **Guttormur Sigurbjörnsson**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Jónas Thoroddsen hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Krafa ríkisstarfsmanns, er staða hans samkvæmt tímabundnu skipunarbréfi hafði verið lögð niður, um frekari bætur en sex mánaða laun eigi tekin til greina, sbr. 4. og 14. gr. laga nr. 38/1954.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 156.717.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Ákvæði 1. málsgr. 14. gr. laga nr. 38/1954, sbr. 6. og 7. tölulið 4. gr. sömu laga, taka, svo sem segir í hinum áfrýjaða dómi, m. a. til þess, er lögð er niður staða, sem opinber starfsmaður hefur verið skipaður til að gegna um til-

tekinn tíma, þ. e. með tímabundnu skipunarbréfi, eins og orðað er í 6. tölulið 4. gr. laga nr. 38/1954. Staða áfrýjanda var lögð niður með lögum nr. 70/1962, og þar sem hann hefur fengið greidd laun í 6 mánuði, frá því að hann lét af starfi af þeim sökum, eins og fyrir er mælt í 1. málsgr. 14. gr. umræddra laga, þá á hann ekki rétt til frekari bóta úr ríkissjóði vegna lausnar úr starfi. Samkvæmt því er rétt að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum telst rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. þ. m., hefur Guttormur Sigurbjörnsson, fyrrverandi skattstjóri í Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 13. maí 1963, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 156.717.00, með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Hinn 8. apríl 1958 var stefnandi settur skattstjóri í Kópavogi. Áður hafði hann verið skattstjóri á Ísafirði um þriggja ára skeið. Hinn 4. desember 1958 skipaði fjármálaráðherra stefnanda skattstjóra í Kópavogskaupstað til næstu 6 ára frá 1. desember 1958 að telja, eða til 30. nóvember 1964. Byggðist ráðning þessi á ákvæðum 2. málsgreinar 24. gr. sbr. 3. málsgr. 28. gr. laga nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt, en samkvæmt nefndum lagagreinum var fjármálaráðherra heimilt að skipa skattstjóra í kaupstöðum utan Reykjavíkur til 6 ára. Tók stefnandi laun samkvæmt 6. flokki launalaganna samkvæmt 11. gr., V, 1, laga nr. 92/1955.

Með lögum nr. 70/1962 um tekjuskatt og eignarskatt var gerð breyting á skipan skattstjóraembætta hér á landi. Samkvæmt 28. gr. þessara laga skal landinu skipt í níu skattumdæmi, og skal eitt þeirra, Reykjanesumdæmi, ná yfir Gullbringu- og

Kjósarsýslu, Kópavogskaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað og Keflavíkurflugvöll. Samkvæmt 29. gr. laganna skipar fjármálaráðherra skattstjóra í hverju skattumdæmi, og má engan skipa skattstjóra, nema hann fullnægi tilteknum skilyrðum, m. a. að hann hafi lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði, sé löggiltur endurskoðandi eða hafi aflað sér sérmenntunar á skattalöggjöf og framkvæmd hennar. Víkja má þó frá þessu skilyrði, ef maður hefur áður gegnt skattstjórastarfi. Með lögunum voru skattstjóraembætti hinna einstöku kaupstaða þannig niður lögð. Þar á meðal var skattstjóraembættið í Kópavogi. Hin nýju skattstjóraembætti voru auglýst til umsóknar, og var umsóknarfrestur til 7. ágúst 1962. Stefnandi sótti um skattstjóraembættið í Reykjanesumdæmi. Hinn 29. september 1962 var annar maður skipaður skattstjóri í Reykjanesumdæmi frá 1. október 1962 að telja. Var lagt fyrir stefnanda að afhenda manni þessum embætti það, er hann hafði haft á hendi, og gerði stefnandi það. Ekki barst stefnanda þó neitt skriflegt þá frá stefnda varðandi mál þetta. Stefnandi hafði hins vegar uppi mótmæli gegn þessari málsmeðferð. Hinn 26. nóvember 1962 ritaði ríkisskattstjóri að fyrirlagi stefnda stefnanda bréf og bauð honum fulltrúastöðu við embætti ríkisskattstjóra, er launuð yrði samkvæmt 6. flokki launalaga, þ. e. sömu laun og stefnandi hafði haft sem skattstjóri. Boði þessu hafnaði stefnandi. Hinn 19. desember 1962 tilkynnti stefndi stefnanda, að honum myndu greidd laun í 6 mánuði frá 1. október 1962 að telja, eða til 31. marz 1963. Tók stefnandi við launum þessum í desember 1962. Stefnandi ritaði stefnda jafnframt bréf, dags. 5. febrúar 1963, þar sem hann taldi sig eiga rétt til launa allan ráðningartíma sinn. Stefndi úrskurðaði, að lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins giltu um lausn stefnanda úr starfinu, og var kröfu stefnanda um frekari laun hafnað. Höfðaði stefnandi þá mál þetta.

Kröfur sínar í málinu byggir stefnandi á því, að hann hafi verið ráðinn skattstjóri í Kópavogi til 30. nóvember 1964. Ráðningartími hans hafi verið ákveðinn, og hinn 30. nóvember 1964 hafi hann átt að hætta störfum, og hafi þá engin uppsögn eða lausn frá embætti átt að koma til. Þetta ráðningarfyrirkomulag sé sérstakt og sjaldgæft. Af þessum ástæðum skipti ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 hér ekki máli. Þar sé einmitt við það miðað, að hinn opinberi starfsmaður sé ráðinn til óákveðins tíma og megi að jafnaði treysta því, ef hann ekki brýtur

af sér í starfi, að hann haldi starfi sínu, meðan heilsa hans og aldur leyfir. Telur stefnandi, að stefndi virðist einnig hafa verið á þeirri skoðun, er hann veitti skattstjóraembættið í Reykjanesumdæmi, þar sem hann tók ekki tillit til ákvæða 3. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 við veitingu þess embættis. Stefnandi kveðst ekki fá séð, að hér skipti máli tilboð ríkisskattstjóra um fulltrúastöðu til handa stefnanda. Þar hafi verið um allt öðruvísi stöðu að ræða, lægri stöðu, og auk þess vafasamt, að hægt væri að bjóða laun samkvæmt 6. flokki launalaganna með hliðsjón af þágildandi launalögum. Við hinn munnlega málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að lögin nr. 38/1954 ættu alls ekki við um stefnanda í ágreiningsefni þessu. Þegar allt þetta sé virt, telur stefnandi ekki vafa á, að stefnda beri að greiða honum bætur vegna framferðis síns.

Stefnandi hefur látið tryggingafræðing reikna út verðmæti launa sinna til 30. nóvember 1964. Í útreikningsskýrslu tryggingafræðingsins, dags. 9. apríl 1963, segir m a.:

„Árslaun samkvæmt 6. flokki launalaga nema nú kr. 99.156.80. Miðað við 7% vexti p.a. (þ. e. greidda eftir á einu sinni á ári), reiknast mér verðmæti þeirra launa, greiddra mánaðarlega fyrirfram í fyrsta sinn 1. apríl 1963 og í síðasta sinn 1. nóvember 1964, nema hinn 1. apríl 1963:

Kr. 156.717.00.“

Kemur sú fjárhæð heim við stefnukröfuna.

Stefndi hefur mótmælt öllum kröfum stefnanda með eftirtöldum rökum:

1. Með lögum nr. 70/1962 hafi verið lögð niður 3 skattstjóraembætti, þ. e. í Kópavogi, Hafnarfirði og Keflavík, og í staðinn komið eitt embætti, þ. e. skattstjóraembættið í Reykjanesumdæmi. Ekki verði séð, að stefnandi hafi frekar átt heimtingu á hinu nýja embætti en hinir skattstjórarnir, nema síður væri, t. d. hvað skattstjóranum í Hafnarfirði viðkemur, þar eð hann sé lögfræðingur og hafði þar að auki hærri embættisaldur hjá ríkinu en stefnandi, sem sé ekki lögfræðingur.

2. Stefnanda hafi af ríkisskattstjóra samkvæmt fyrirmælum Fjármálaráðuneytisins verið boðin fulltrúastaða hjá ríkisskattstjóra með sömu launum og hann hafði í sinni fyrri stöðu. Því hafi stefnandi neitað, og eftir túlkun umboðsmanns hans aðallega vegna þess að það væri virðingarminna embætti. Ekki verði fallizt á það með stefnanda, að nefnd fulltrúastaða sé virðingar-

minni staða en skattstjóraembættið í Kópavogi. Aðrir hliðstæðir embættismenn, eins og t. d. skattstjórinn í Hafnarfirði, hafi tekið slíku tilboði og það meira að segja virðingarminna embætti, þar eð honum hafi verið boðin fulltrúastaða hjá skattstjóranum í Reykjanesumdæmi.

3. Eftir að stefnandi neitaði tilboðinu um fulltrúastöðuna, hafi honum verið greidd laun í 6 mánuði í samræmi við 14. gr. laga nr. 38/1954, en ákvæði þeirra laga taki til ágreiningsefnis málsins.

4. Stefnandi hafi ekki skaðazt fjárhagslega, þar eð hann hafi tekið við embætti sem bæjarritari í Kópavogskaupstað með miklu hærri launum en hann hafði hjá ríkinu.

5. Samkvæmt 61. gr. stjórnskipunarlaga Íslands sé heimilt að flytja æðstu embættismenn ríkisins milli embætta, þegar dómaskipun sé breytt, ef þeir missa ekki neins í launum sínum. Þetta ákvæði hafi verið notað per analogiam við aðra háttsetta embættismenn, eins og t. d. með sendiherra. Hljóti því að hafa verið heimilt að breyta starfsháttum skattstjóra til batnaðar án þess að eiga skaðabótakröfur yfirvofandi, þegar þar að auki, eins og í þessu máli, hlutaðeiganda eru boðin sömu launakjör og hann hafði áður og auk þess þau hlunnindi, sem því fylgir að vera fastráðinn opinber starfsmaður, en áður hafi stefnandi aðeins verið ráðinn til viss tíma.

Í 1. grein laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir, að lögin taki til hvers manns, sem sé skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum, meðan hann gegnir starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf. Ákvæði í lögum, sem öðruvísi mæla um einstaka flokka starfsmanna, skulu þó haldast.

Stefnandi var skipaður skattstjóri í Kópavogi samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt. Í þeim lögum eru engin ákvæði um lausn skattstjóra úr starfi.

Í 4. gr., 6. tl., laga nr. 38/1954 er gert ráð fyrir, að lögin taki til starfsmanna, sem skipaðir séu samkvæmt tímabundnu skipunarbréfi. Í 1. mgr. 14. gr. laganna segir: „Nú er staða lögð niður, og skal þá starfsmaður jafnan fá föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði, frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár ....., enda hafi hann þá ekki hafnað sambærilegri stöðu á vegum ríkisins."

Eigi verður séð, að síðastgreint lagaákvæði sé takmarkað við

þá ríkisstarfsmenn, sem skipaðir eru til óákveðins tíma, eins og stefnandi virðist halda fram. Verður því að fallast á það með stefnda, að lagaákvæði þetta taki til lausnar stefnanda úr starfinu, enda þótt hann hafi haft tímabundið skipunarbréf. Ella mundi stefnandi njóta betri kjara að þessu leyti en þeir, sem hefðu skipun um óákveðinn tíma.

Stefnanda bar því að fá greiddar bætur, sem svöruðu 6 mánaða launum, ef hann hafnaði ekki sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Stefnandi hafnaði því tilboði stefnda að taka við stöðu fulltrúa ríkisskattstjóra, en stefndi greiddi stefnanda bæturnar engu að síður. Þykir því ekki skipta máli að meta, hvort staða fulltrúa ríkisskattstjóra var sambærileg stöðu stefnanda.

Laun stefnanda sem skattstjóra í Kópavogi námu kr. 8.263.00 á mánuði samkvæmt VI. flokki þágildandi launalaga. Með lögum nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem tóku gildi 1. júlí 1963, var launaflokkum fjölgað. Meiri hluti þeirra, sem tóku laun samkvæmt VI. launaflokki, fengu þá greidd laun samkvæmt 21. flokki hinna nýju launasamninga, kr. 11.050.00 í byrjunarlaun, sem með hækkuðum starfsaldri ná kr. 13.690.00 eftir 10 ár.

Skattstjórar utan Reykjavíkur taka þó nú laun samkvæmt 24. flokki, eða kr. 14.440.00 í byrjunarlaun, kr. 15.240.00 eftir 3 ár og kr. 16.070.00 eftir 10 ára þjónustu.

Lögmaður stefnanda upplýsti við hinn munnlega málflutning, að stefnandi væri ráðinn bæjarritari í Kópavogi frá 1. nóvember 1962 til 1. nóvember 1965 með kr. 16.000.00 í kaup á mánuði frá 1. júlí 1963 að telja. Á tímabilinu 1. nóvember 1962 til 30. júní 1963 hafi mánaðarkaup stefnanda hins vegar numið kr. 10.607.00. Er því ljóst, að laun stefnanda hafa hækkað nokkuð, eftir að hann varð bæjarritari í Kópavogi. Við það bætast svo skaðabætur þær, sem stefnandi fékk greiddar úr ríkissjóði. Virðist stefnandi samkvæmt þessu ekki hafa beðið fjárhagstjón af því, að staða hans var lögð niður.

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið rakið, þykja kröfur stefnanda ekki eiga við rök að styðjast, og ber því að sýkna stefnda.

Það athugast, að stefnandi hefur ekki byggt kröfur sínar á 3. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954, og kemur hún því ekki til álita í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Guttorms Sigurbjörnssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 12. maí 1965.

Nr. 128/1964. **Jósafat Arngrímsson** (Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Guðjóni Steingrímssyni (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking og heimvísun.
Leiðbeiningarskylda héraðsdómara.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. ágúst 1964. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað „til frekari gagnaöflunar og dómsálagningar af nýju". Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda gegn greiðslu vaxta, afsagnarkostnaðar og innheimtulauna, samtals að fjárhæð kr. 4315.64, og lækkunar málskostnaðar í héraði. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að hann fellur frá staðfestingu veðréttar í bifreiðinni G 1237 og lækkar fjárkröfu sína í kr. 12.873.64 með 9% ársvöxtum af kr. 34.873.64 frá 20. marz 1964 til 18. september s. á., 9% ársvöxtum af kr. 12.873.64 frá þeim degi til 1. janúar 1965 og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við þingfestingu málsins í héraði hinn 21. maí 1964 var af hálfu stefnanda, þ. e. stefnda hér fyrir dómi, lögð fram stefna, svonefnd greinargerð, víxill, og dómsgerðir um löghald, sem hafði verið lagt á eignir stefnda, þ. e. áfrýj-

anda, Holtsgötu 37 í Ytri-Njarðvík og bifreiðina G 1237. Í stefnu er málið höfðað „til greiðslu skuldar samkvæmt 4 víxlum, að eftirstöðvum kr. 34.873.64“, og þess jafnframt krafizt, „að veðréttur í húseigninni Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, og bifreiðinni G 1237 verði staðfestur til tryggingar öllum tildæmdum kröfum“. Nafnverð víxlanna var kr. 100.000.00, og segir síðan í stefnunni, að stefndi hafi „greitt alls kr. 78.000.00, en frá þeirri fjárhæð dregst löghaldskostnaður, þinglýsingarkostnaður og innheimtulaun“. Stefndi, þ. e. áfrýjandi, sótti sjálfur þing, er málið var þingfest, og lagði fram greinargerð og tvær kvittanir. Var málið síðan tekið til dóms og dómur kveðinn upp 28. maí 1964.

Eins og greint er, var fjárkrafan, kr. 34.873.64, ekki sundurliðuð. Mál til staðfestingar löghaldinu hafði eigi verið höfðað, en kyrrsetningargerðin var framkvæmd þann 18. febrúar 1964. Kröfuna um staðfestingu veðréttar virðist stefndi, þ. e. stefnandi í héraði, hafa reist á því, að eiginkona áfrýjanda hafði ritað á dómsgerðir löghaldsgerðarinnar svofellda áritun: „Staðfesti löghaldsgerð þessa án dóms.“ Áfrýjandi er ólöglærður. Ekki sést, að héraðsdómari hafi leiðbeint honum um málsmeðferð, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Bar héraðsdómara m. a. að benda áfrýjanda á, að hann gæti krafizt sundurliðunar á fjárkröfunni og síðan haft uppi varnir um hvern einstakan kröfulið, svo sem þær varnir um löghaldskostnað, að eigi væri að lögum leitað staðfestingar á löghaldinu. Enn fremur bar héraðsdómara að benda áfrýjanda á, að hann gæti borið fram þær varnir, að veðréttur hefði ekki stofnazt í framangreindum eignum hans með þeim aðgerðum einum, er lýst var. Að svo vöxnu máli þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði frá og með 21. maí 1964, eftir að stefna var lögð fram, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Eftir atvikum verður málskostnaður í Hæstarétti látinn niður falla.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 21. maí 1964, eftir að stefna var lögð fram, eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 28. maí 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 21. þ. m., hefur Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 19. þ. m., gegn Jósafat Arngrímssyni, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, til greiðslu skuldar samkvæmt 4 víxlum, að eftirstöðvum kr. 34.873.64 auk 9% ársvaxta frá 20. marz 1964 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá krefst stefnandi þess, að staðfestur verði veðréttur í húseigninni Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, og bifreiðinni G 1237 til tryggingar öllum tildæmdum kröfum.

Víxlar þeir, sem stefnt er út af, eru allir útgefnir og ábektir af Prentsmiðju Hafnarfjarðar h/f og samþykktir af stefnda. Víxlarnir eru sem hér segir:

1. Víxill, að fjárhæð kr. 30.000.00, útgefinn 2/12 1963, með gjalddaga 2/2 1964. Vistaður í Sparisjóði Hafnarfjarðar og afsagður sökum greiðslufalls 4/2 1964.

2. Víxill, að fjárhæð kr. 24.000.00, útgefinn 9/1 1964, með gjalddaga 8/3 1964. Vistaður í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík. Afsagður sökum greiðslufalls 10/3 1964.

3. Víxill, að fjárhæð kr. 22.000.00, útgefinn 8/1 1964, með gjalddaga 20/3 1964. Vistaður í Sparisjóði Hafnarfjarðar.

4. Víxill, að fjárhæð kr. 24.000.00, útgefinn 9/1 1964, með gjalddaga 16/3 1964. Vistaður í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík.

Samtals eru víxlar þessir að fjárhæð 100.000.00 krónur. Stefnandi kveður stefnda hafa greitt upp í skuldina samtals 78.000.00 krónur, en frá þeirri fjárhæð dragist löghaldskostnaður, þinglýsingarkostnaður og innheimtulaun.

Hinn 18. febrúar s.l. lét útgefandi víxlanna, Prentsmiðja Hafnarfjarðar h/f, fara fram löghald til tryggingar gjaldföllnum og

ógjaldföllnum víxlum. Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda, sem er stefnandi máls þessa, var gert löghald í eign stefnda, Holtsgötu 37 og bifreiðinni G 1237. Löghaldsgerð þessa ásamt víxlum hefur stefnandi lagt fram í málinu. Löghald þetta virðist ekki hafa verið staðfest með dómi, en á löghaldsaktinum er svofelld áritun:

Staðfesti löghaldsgerð þessa án dóms.

Hafnarf. 17/3 1964.

f. h. Jósafats Arngrímssonar

Guðrún Valgeirsdóttir.

Kona sú, er undirritaði framangreinda áritun fyrir hönd stefnda, mun vera eiginkona hans.

Stefndi mætti sjálfur í málinu við þingfestingu þess. Lagði hann fram skriflega greinargerð og tvær kvittanir, samtals að fjárhæð kr. 78.000.00, en síðan var málið dómtekið að kröfu hans.

Stefndi hefur borið fram eftirfarandi mótmæli gegn kröfum stefnanda: að einungis 30.000.00 króna víxillinn sé ekki að fullu greiddur, en eftirstöðvar hans séu nú kr. 22.000.00, að stefnandi hafi ekki sannað aðild sína í þessu máli, enda hafi hann aldrei getað afhent sér víxlana, þegar þeir voru greiddir, að ekki hafi verið færð fram rök fyrir beiðni um löghald fyrir ógjaldföllnum víxlum á sínum tíma og stefna í staðfestingarmáli hafi verið of seint út gefin. Framangreind mótmæli stefnda, sem er ólöglærður, þykir verða að skilja á þann veg, að hann krefjist sýknu vegna aðildarskorts, en til vara að synjað verði um staðfestingu á veðrétti vegna galla á löghaldsbeiðni.

Að því er fyrrnefnt atriði varðar, þá hefur stefnandi gert fullnægjandi grein fyrir aðild sinni að málinu með því að leggja fram frumrit umræddra víxla. Þá hefur stefndi ekki mótmælt heimild eiginkonu sinnar til þess að staðfesta löghaldsgerðina án dóms, og verður því að telja, að hann hafi samþykkt þá ráðstöfun hennar til þess að leggja veðbönd á umræddar eignir.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að stefnandi hafi gert fullnægjandi grein fyrir kröfum sínum, og ber að taka þær til greina, eins og þær liggja fyrir.

Málskostnaður ákveðst kr. 6.000.00.

Jón Finnsson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Veðréttur í húseigninni Holtsgötu 37 og bifreiðinni G 1237 staðfestist til tryggingar tildæmdum kröfum.

Stefndi, Jósafat Arngrímsson, greiði stefnanda, Guðjóni Steingrímssyni, kr. 34.873.64 með 9% ársvöxtum frá 20. marz 1964 til greiðsludags, ½% fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 6.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. maí 1965.

Nr. 8/1964. **Stapi h/f** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni f. h. A/B Kompressor-Puts
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Kaup og sala. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1964. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að vextir verða ákveðnir þannig: 6% ársvextir frá 1. október 1958 til 22. febrúar 1960, 8% ársvextir frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af dæmdri skuld, sænskum kr. 5.169.60, skulu vera 6% ársvextir frá 1. október 1958 til 22. febrúar 1960, 8% ársvextir frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Stapi h/f, greiði stefnda, Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni f. h. A/B Kompressor-Puts, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnæggja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. október 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. þ. m., hefur Guðmundur Pétursson hæstaréttarlögmaður f. h. firmans A/B Kompressor-Puts, Örebro, Svíþjóð, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. júní 1962, gegn Stapa h/f, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð sænskar kr. 5.169.60, með 8% ársvöxtum frá 1. október 1958 til greiðsludags og hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hans hendi.

Málavextir eru þeir, að með samningi milli stefnanda og stefnda, sem undirritaður var í Stokkhólmi 29. nóvember 1956, veitti stefnandi stefnda afnotarétt á tiltekinni aðferð við múrhúðun, svonefndri Compus-aðferð. Samkvæmt ákvæðum samnings þessa skyldi stefnandi í byrjun sjá stefnda fyrir kunnáttumanni svo og skyldi stefnandi láta stefnda í té nauðsynlegan vélaútbúnað. Fyrir rétt sinn samkvæmt samningnum skyldi stefndi greiða stefnanda sænskar kr. 5.000.00, en nauðsynleg tæki skyldi stefndi fá gegn endurgjaldi til leigu eða kaups.

Stefndi greiddi stefnanda þær sænsku kr. 5.000.00, sem hann skyldi greiða fyrir rétt sinn samkvæmt samningnum. Samkvæmt reikningum, sem dagsettir eru 21/3, 15/6, 1/7 og 17/10 1957 lét stefnandi stefnda síðan í té ýmis nauðsynleg tæki og annan

útbúnað, og er útbúnaður þessi færður stefnda til reiknings á samtals sænskar kr. 8.169.60. Verður eigi annað séð en að hér hafi verið um hrein kaup að tefla, og hinn 9. september 1958 greiðir stefndi sænskar kr. 3.000.00 upp í andvirði útbúnaðarins og lætur þess jafnframt getið, að vonandi verði, áður en langt um líði, unnt að koma í kring yfirfærslu á eftirstöðvunum.

Í máli þessu sækir stefnandi stefnda um andvirði umræddra tækja og útbúnaðar samkvæmt fyrrnefndum reikningum, að frádregnum sænskum kr. 3.000.00, sem stefndi greiddi samkvæmt framansögðu hinn 9. september 1958, eða samtals sænskar kr. 5.169.60.

Stefndi telur, að aðferð sú, sem hann fékk afnotarétt á samkvæmt fyrrnefndum samningi, hafi reynzt ónothæf. Er tekið fram af hálfu stefnda, að umrædd aðferð hafi verið í því fólgin að sprauta múrhúðuninni á veggi og loft og skera síðan fletina með skurðhnífum, sem séu breið stálblöð á skafti. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að fyrsti sænski kunnáttumaðurinn, sem komið hafi, hafi eigi getað fengið þann árangur, sem stefndi hafi vænzt, og hafi stefndi því óskað eftir öðrum manni. En árangurinn hafi orðið sá sami og stefndi orðið að hætta við að nota umrædda Compus-aðferð, en hins vegar notað vélarnar til að sprauta múrhúðuninni á veggi og loft og pússað síðan með brettum, eins og venja sé við múrhúðun. Byggir stefndi sýknukröfur sínar á því, að Compus-aðferðin sem slík hafi reynzt ónothæf, og að með greiðslum þeim, sem hann hafi innt af hendi, sænskum kr. 8.000.00, hafi hann greitt andvirði þeirra tækja, sem hann sé sóttur um greiðslu á.

Í fyrrnefndum samningi frá 29. nóvember 1956 er gert ráð fyrir, að deilur út af túlkun og beitingu ákvæða samningsins skuli lagðar undir úrskurð gerðardóms („skiljedom enligt lagen um skiljomän"). Gerði stefndi í greinargerð kröfu um frávísun málsins með þeim rökum, „að samningurinn um viðskipti málsaðilja geri ráð fyrir, að deilumál vegna samningsins séu lögð til úrlausnar fyrir gerðardóm". Í þinghaldi hinn 7. marz 1963 féll stefndi hins vegar frá frávísunarkröfu sinni. Þar sem hvorugur málsaðilja ber þannig fyrir sig nefnt samningsákvæði, er það eigi því til fyrirstöðu, að efnisdómur verði lagður á málið, enda er hér eigi um ástæðu að ræða, sem valda á frávísun máls ex officio.

Stefndi byggir sýknukröfu sína eingöngu á því, að aðferð sú, sem hann fékk afnotarétt af með nefndum samningi við

stefnanda, hafi reynzt ónothæf. Telur stefndi, að greiðsla sú, sem hann innti af hendi fyrir afnotaréttinn, eigi því að skoðast sem greiðsla á þeim tækjum, sem stefnandi hafi látið honum í té. Eigi verður séð af gögnum málsins, að stefndi hafi komið þessum rökum á framfæri við stefnanda, fyrr en til málssóknar þessarar kom. Eigi hefur stefndi heldur fært nein viðhlítandi rök að því, að aðferð sú, sem hann fékk afnotarétt á, hafi verið ónothæf. Verður samkvæmt því eigi talið, að efni séu til að taka sýknukröfu stefnda til greina, og ber því að dæma hann til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð.

Umrædd tæki og útbúnaður voru færð stefnda til reiknings á reikningum, sem dagsettir eru á árinu 1957, og er eigi annað upplýst en að afhending hafi farið fram á því ári. Ber því að taka til greina kröfu stefnanda um, að stefnda verði gert að greiða vexti af umstefndri fjárhæð frá 1. október 1958, enda hafa eigi verið færð rök að því af hálfu stefnda, að hann hafi mátt ætla, að hann yrði ekki krafinn vaxta frá þeim tíma. Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda 6% ársvexti af sænskum kr. 5.169.60 frá 1. október 1958 til 22. febrúar 1960 og 8% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn íslenzkar kr. 5.500.00.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Ögmundi Jónssyni verkfræðingi og Ásmundi Ólasyni byggingameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Stapi h/f, greiði stefnanda, Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni f. h. A/B Kompressor-Puts, sænskar kr. 5.169.60 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1958 til 22. febrúar 1960 og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og íslenzkar kr. 5.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. maí 1965.

Nr. 35/1964. **Ásbjörn Guðmundsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Agnari Áskelssyni
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Finnsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1964 og krafizt þess, að fjárnámsgerðin verði felld úr gildi og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að fjárnámsgerðin verði staðfest til tryggingar höfuðstól, að fjárhæð kr. 60.000.00, að frádregnum kr. 20.000.00, ásamt 9% ársvöxtum af kr. 60.000.00 frá 12. júní 1963 til 1. janúar 1965 og 8% ársvöxtum af kr. 40.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, ⅓% af kr. 60.000.00 í þóknun, kr. 260.00 í stimpilgjald og afsagnarkostnað, kr. 7.750.00 í málskostnað, kr. 262.50 í kostnað og svo kostnaði við fjárnám og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Loks krefst stefndi málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Hinn 27. nóvember 1963 var á aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu kveðinn upp dómur í málinu nr. 106/1963, sem var víxilmál, og var dómsorðið svohljóðandi: „Stefndu, Eyland h/f, Ásbjörn Guðmundsson, Jósafat Arngrímsson, Ingvar Jóhannsson og Þorleifur Björnsson, greiði, einn fyrir alla og allir fyrir einn, stefnanda, Agnari Áskelssyni, kr. 60.000.00 með 9% ársvöxtum frá 12. júní 1963 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 260.00 í stimpil- og afsagnarkostnað og kr. 7.750.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför

að lögum.“ Víxill sá, sem dómurinn hljóðar um, var útgefinn 13. maí 1963 af Ásbirni Guðmundssyni og samþykktur af Eylandi h/f til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, 12. júní 1963, og voru þeir Jósafat, Ingvar og Þorleifur ábekingar á honum. Var víxillinn afsagður af bæjarfógetanum í Keflavík, en virðist eigi hafa verið sýndur til greiðslu í Landsbankanum í Reykjavík, sbr. 4. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 38. gr. og 1. og 2. mgr. 53. gr. víxillaga nr 93/1933. Víxildóminum var eigi áfrýjað, og er hann því lagður til grundvallar. Hinn 6. janúar 1964 var víxildómurinn birtur. Hinn 27. janúar 1964 framkvæmdi nefndur dómarafulltrúi fjárnám fyrir víxildóminum ásamt eftirfarandi kostnaði í húseign áfrýjanda nr. 12 við Tunguveg í Ytri-Njarðvík. Síðar sama dag var gert framhaldsfjárnám í hraðfrystihúsi Eylands h/f í Ytri-Njarðvík fyrir víxildóminum. Kr. 20.000.00 hafa verið greiddar upp í víxildóminn.

Í máli þessu liggur fyrir óáfrýjaður víxildómur á hendur áfrýjanda. Upp í hann hafa einungis verið greiddar kr. 20.000.00. Eigi eru sönnur að því leiddar, að eftirstöðvar dómsins hafi með löglegum hætti verið gefnar upp. Ber því að staðfesta fjárnám það, sem gert var í húseign áfrýjanda nr. 12 við Tunguveg, Ytri-Njarðvík, fyrir eftirstöðvum dómsins ásamt kostnaði, enda þykir, eins og á stendur, ekki eiga að ómerkja fjárnámið vegna þess ágalla, að eigi var nema einn vottur við fjárnámsgerðina. Hins vegar verður að átelja þenna dómgalla.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestist til tryggingar höfuðstól, að fjárhæð kr. 60.000.00, að frádregnum kr. 20.000.00, ásamt 9% ársvöxtum af kr. 60.000.00 frá 12. júní 1963 til 1. janúar 1965 og 8% ársvöxtum af

kr. 40.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, ⅓% af kr. 60.000.00 í þóknun, kr. 260.00 í stimpilgjald og afsagnarkostnað, kr. 7.750.00 í málskostnað, kr. 262.50 í kostnað við ritun og dómsbirtingu og kostnaði við fjárnám svo og uppboð, ef til kemur.

Áfrýjandi, Ásbjörn Guðmundsson, greiði stefnda, Agnari Áskelssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 27. janúar 1964.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir Vilhjálmur Þórhallsson héraðsdómslögmaður og leggur fram nr. 1—2 beiðni og endurrit dóms, svohljóðandi ....

Af hálfu gerðarþola, Ásbjörns Guðmundssonar, mætir Guðrún Sigurðardóttir. Hún kveðst ekki geta greitt skuldina, en vísar á til fjárnáms húseignina Tunguveg 12, eign gerðarþola.

Fógetinn lýsti því yfir samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda, að hann gerði fjárnám í eign gerðarþola, Tunguvegi 12, Njarðvík, til tryggingar kröfu gerðarbeiðanda, kr. 60.000.00, ásamt 9% ársvöxtum frá 12/6 1963 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 260.00 í stimpilgjald, kr. 7.750.00 í málskostnað og kr. 262.50 í kostnað ásamt kostnaði öllum við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt að geymdum betri rétti 3. manns.

Brýndi hann fyrir mættri þýðingu gerðarinnar.

Föstudaginn 14. maí 1965.

Nr. 114/1964. **Samábyrgð Íslands á fiskiskipum**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Aðstöðugjald. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júlí 1964. Krefst hann þess, að úrskurði fógeta verði hrundið og að synjað verði um framkvæmd lögtaks. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst þess, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 2. júlí 1964.

Með aukaálagningu í októbermánuði 1963 var gerðarþola, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, gert að greiða aðstöðugjald fyrir ár 1963, að fjárhæð kr. 271.700.00.

Þar eð gerðarþoli hefur neitað að greiða gjald þetta, hefur gjaldheimtustjórinn f. h. Gjaldheimtunnar í Reykjavík krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri gjaldkröfu ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, þar á meðal málskostnaði að mati réttarins.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni getið þess, að gerðarþoli muni telja umrætt gjald ranglega á lagt og hann því neitað að greiða það án undangengins úrskurðar fógetaréttarins. Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur hins vegar haldið því fram, að umkrafið gjald hafi réttilega verið á gerðarþola lagt, og hefur hann í því sambandi bent á, að aðstöðugjald, að fjárhæð kr. 275.00, er lagt hafi verið á gerðarþola fyrir ár 1962, hafi hann greitt til Gjaldheimtunnar 18. desember s.l., án þess að vitað sé, að sú greiðsla hafi verið innt af hendi með fyrirvara, sbr. rskj. nr. 15.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framangreindri gjaldkröfu og gert þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarþola verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins.

Mótmæli sín og kröfur hefur umboðsmaður gerðarþola í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins reist fyrst og fremst á því, að hann telur, að gerðarþoli, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sé ríkisstofnun og sé því undanþegin aðstöðugjaldi samkvæmt beinum ákvæðum laga nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga, auk þess sem starfsemi gerðarþola sé slík, að engri átt nái, að hún eigi að greiða nokkra opinbera skatta, enda verði Samábyrgðin eigi talin atvinnustofnun eða stofnun, sem reki atvinnu. Í samræmi við þetta hafi gerðarþoli aldrei verið talinn gjaldskyldur til sveitarfélags eða ríkissjóðs fyrir gildistöku framangreindra laga. Til stuðnings þessum skoðunum sínum hefur umboðsmaður gerðarþola vísað til þess, að landsstjórnin hafi á sínum tíma átt frumkvæði að stofnun Samábyrgðarinnar (sbr. frumvarp með greinargerð, Alþt. A. 1909, bls. 192 18—24 og B. 1909, bls. 894—898), hafi lagt henni til stofnfé og ábyrgzt rekstur hennar, að vísu með takmarkaðri fjárhæð.

Þá skipi ríkisstjórnin meiri hluta stjórnar Samábyrgðarinnar og hafi mjög nákvæmt og stöðugt eftirlit með rekstri hennar. Þá hafi og frá upphafi verið ákveðið í lögum um Samábyrgðina, að ef hún hætti störfum eða félagið legðist niður, þá félli tekjuafgangur þess til Fiskveiðasjóðs Íslands, sem sé ríkisstofnun, og sé það ákvæði enn í gildi, sbr. 13. gr. laga nr. 23/1921. Til viðbótar framangreindum varnarástæðum hefur umboðsmaður gerðarþola enn fremur lagt áherzlu á það, að eðli starfsemi gerðarþola og tilgangur sé að öðru leyti þannig, að honum beri eigi að greiða umkrafið gjald. Samábyrgðin hafi öðru fremur verið stofnuð til þess að auka tryggingu íslenzkra fiskiskipa og jafnframt að færa tryggingarnar inn í landið og miði því til almenningsheilla. Starfsemi stofnunarinnar verði því eigi talin atvinnurekstur í venjulegri merkingu þess orðs, heldur sé hér í raun og veru um að ræða samhjálp félagsmanna, án þess að til sé ætlazt, að um gróða verði að ræða fyrir félagsskapinn, nema til hagræðis fyrir félagsmenn, sem þá kæmi fram í lækkuðum iðgjöldum. Hefur umboðsmaður gerðarþola til frekari stuðnings framangreindra sjónarmiða sinna um skattfrelsi gerðarþola vísað til síðari mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962, þar sem segi, að undanþegnir aðstöðugjaldi skuli þeir, sem um getur í 29. gr. sömu laga, en í f-lið þeirrar greinar segi, að félög, sem enga atvinnu reki, skuli undanþegin gjaldinu. Í g-lið sömu greinar segi enn fremur, að ríkisstofnanir ..... svo og sjóðir, sem standi undir umsjón ríkisstjórnarinnar ..... og enn fremur aðrir sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reki, skuli undanþegin gjaldinu. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola enn fremur vísað til greinargerðar frumvarpsins um stofnun Samábyrgðarinnar, sem að framan greinir, og umræðnanna um málið þá (1909) á Alþingi og reglugerðar 22. janúar 1910 fyrir Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, 2., 5. og 13. gr. Að því er varðar það atriði, að gerðarþoli greiddi aðstöðugjald fyrir ár 1962, ef til vill án fyrirvara, og gætti eigi að kæra álagningar þessar, þá hefur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að það hafi enga úrslitaþýðingu um það, hvort gerðarþoli hafi verið gjaldskyldur að lögum eða ekki.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins mótmælt kröfum og sjónarmiði umboðsmanns gerðarþola. Hefur hann upplýst, að með bréfi, dags. 18. október 1962 (rskj. nr. 12), hafi skattstofan skorað á gerðarþola að senda henni framtal til aðstöðugjalds fyrir það

ár innan ákveðins tíma, en gerðarþoli hafi eigi orðið við þessari áskorun né svarað bréfi skattstofunnar. Hafi skattstofan þá sent gerðarþola annað bréf, dags. 30. september 1963 (rskj. nr. 14), þar sem gerðarþola er gefinn kostur á að senda skattstofunni framtöl fyrir árin 1962 og 1963. Þessu síðara bréfi skattstofunnar hafi gerðarþoli svarað með bréfi, dags. 20. október 1963 (rskj. nr. 13), og þá sent umbeðin framtalsgögn. Með bréfi, dags. 22. október 1963, hafi skattstofan tilkynnt gerðarþola um álagningu aðstöðugjalda á hann fyrir ár 1962 og 1963 (sbr. rskj. nr. 9 og 11) og hversu upphæðirnar séu fundnar, og sé í því efni að öllu farið eftir þeim reikningum (rskj. nr. 8 og 10), sem gerðarþoli hafi sjálfur sent.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur eindregið mótmælt þeirri skoðun umboðsmanns gerðarþola, að Samábyrgðin ré ríkisstofnun og að hún verði eigi talin atvinnustofnun eða stofnun, sem reki atvinnu, og að hún eigi því að vera undanþegin aðstöðugjaldi samkvæmt beinum ákvæðum laga nr. 69/1962. Í bréfi umboðsmanns gerðarþola til umbjóðanda síns, sem sé hluti af greinargerð hans, vísi umboðsmaður gerðarþola um skattfrelsi gerðarþola til 8. gr. og 29. gr. laga nr. 69/1962, en í þessum tilvitnuðu lagagreinum sé þess enga stoð að finna, að gerðarþoli skuli vera undanþeginn álagningu og greiðslu aðstöðugjalds. Í f-lið 29. gr. laganna segi að vísu, að undanþegin útsvari og þar með aðstöðugjaldi, sbr. 2. mgr. 8. gr. sömu laga, séu félög, sem enga atvinnu reki, svo sem félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórnmálafélög, trúarbragðafélög o. fl., og í 4. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 81/1962 um aðstöðugjald segi um undanþágurnar: „Félög til eflingar lista og vísinda, skemmtifélög, stjórnmálafélög, trúarbragðafélög, enda reki slík félög ekki atvinnu". Það verði með engu móti séð, að unnt sé að jafna gerðarþola til félaga, sem enga atvinnu reki, hvað þá að hann eigi nokkuð sameiginlegt með þeim félagstýpum, sem teknar eru sem dæmi í 29. gr. nefndra laga um félög, sem enga atvinnu reki. Það sé engum vafa undirorpið, að gerðarþoli reki umfangsmikla tryggingarstarfsemi. Þannig sé aðstöðugjaldsstofn á árinu 1962 kr. 55.011.237.05 og á árinu 1963 kr. 54.336.216.63, sbr. rskj. nr. 8 og 10. Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda bent á, að lagt hafi verið á gerðarþola ár 1963 slysatryggingar-, lífeyristryggingar- og atvinnuleysistryggingargjöld, sem hann hafi greitt, en gjöld þessi séu aðeins lögð á atvinnurekendur, og séu þau miðuð við það kaup, sem þeir

greiði starfsmönnum sínum. Af þessu sé ljóst, að sú varnarástæða, að gerðarþoli sé eigi atvinnurekandi, fái eigi staðizt. Hvað varði tilvísun umboðsmanns gerðarþola til g-liðs 29. gr. laga nr. 69/1962 og 5. töluliðs 5. gr. reglugerðar nr. 81/1962, þá sé það ljóst, að ef gerðarþoli sé ríkisstofnun, þá eigi hann ekki að greiða aðstöðugjald. Hins vegar hafi eigi verið færð rök fyrir því, að svo sé, enda mótmæli hann því eindregið. Í þessu sambandi hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda vísað til laga nr. 23/1921 um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip, sem nú gildi fyrir gerðarþola, sbr. 2. gr. laganna. Í 12. gr. þeirra laga séu ákvæði um stjórn fyrirtækisins, stjórnarfyrirkomulag og skyldu þess til að senda Stjórnarráðinu yfirlit um starfsemina o. fl. Ekkert af þessum ákvæðum bendi til þess, að hér sé um ríkisstofnun að ræða. Þvert á móti bendi ákvæði 3. gr. laganna til þess, að hér sé um að ræða sjálfstætt fyrirtæki með ríkisábyrgð, og henni þó takmarkaðri. Starfsmenn gerðarþola muni eigi vera taldir ríkisstarfsmenn, enda eigi vera á launalögum ríkisins. Þá sýni og lokaákvæði 12. gr. nefndra laga, að hér sé eigi um ríkisstofnun að ræða, því ef svo væri, hefði ákvæði þetta verið óþarft með öllu.

Að því er varðar þá varnarástæðu umboðsmanns gerðarþola, að aldrei hafi verið lagðir skattar á gerðarþola fyrir gildistöku laga nr. 69/1962, hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda bent á, að með lögum nr. 44/1962 um breytingu á lögum nr. 61/1947 um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip hafi undanþáguákvæði um skattskyldu einstakra vátryggingafélaga verið felld niður að nokkru leyti (þ. e. þeim gert að greiða fasteignaskatt og aðstöðugjald samkvæmt II. og III. kafla laga nr. 69/1962). Um Samábyrgðina sjálfa hafi aldrei verið nein undanþáguákvæði frá sköttum, en hins vegar talið eðlilegt, að ekki væri á hana lagt, meðan hin einstöku félög voru skattfrjáls. Þegar það skattfrelsi hafi verið afnumið, hafi álagning á Samábyrgðina verið sjálfsögð.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Svo sem að framan greinir, hefur umboðsmaður gerðarþola mótmælt gjaldskyldu gerðarþola, að því er varðar umkrafið gjald, og gert þær kröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Hefur hann reist mótmæli sín og kröfur á þeim forsendum fyrst og fremst, að gerðarþoli sé ríkisstofnun og sé því skattfrjáls að lögum, að því er umkrafið gjald varðar, og enn fremur, að gerðarþoli sé eigi atvinnustofnun og eigi

einnig af þeim ástæðum að vera undanþeginn álagningu og greiðslu umkrafins gjalds.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur hins vegar haldið því fram, að gerðarþoli sé sjálfstætt fyrirtæki, að vísu stofnað að frumkvæði landsstjórnarinnar á sínum tíma með stofnframlagi frá landssjóði og landssjóðsábyrgð að vissu marki og lúti því um skattskyldu, að því er umkrafið gjald varðar, sömu reglum og önnur fyrirtæki hliðstæð.

Umboðsmaður gerðarþola hefur máli sínu til stuðnings vísað til frumvarps um stofnun Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og greinargerðar fyrir því, sem fram kom á Alþingi 1909, svo og umræðna um málið þá á Alþingi. Enn fremur hefur hann vísað til 8. og 29. gr. laga nr. 69/1962, reglugerðar 22. janúar 1910 fyrir Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, 2., 5. og 13. gr., svo og laga nr. 23/1921 um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip. Rétturinn lítur svo á, að ekkert komi fram í greinargerð fyrir framangreindu frumvarpi frá 1909 eða í frumvarpinu sjálfu né umræðum, er bendi til þess, að löggjafinn hafi litið á hina væntanlegu samábyrgð sem ríkisstofnun, enda voru ábyrgð landssjóðs þegar í upphafi takmörk sett. Að vísu hefur starfsemi gerðarþola ávallt verið undir nákvæmu og stöðugu eftirliti ríkisstjórnarinnar og hún skipað meiri hluta stjórnar fyrirtækisins. En þau afskipti ríkisvaldsins af rekstri gerðarþola eru að áliti réttarins fyrst og fremst vegna ábyrgðar ríkissjóðs á rekstrinum, það sem hún nær, svo sem fram kemur í 4. gr. laga nr. 23/1921, en þar segir svo: „Reglugerð Samábyrgðarinnar, ákvæði um flokkun, iðgjaldagreiðslu og tryggingarskilyrði liggja undir samþykki Stjórnarráðs Íslands, og hefur það yfirleitt eftirlit með störfum hennar, *meðan ábyrgð landssjóðs stendur*". Þá segir enn fremur í lokaákvæði 12. gr. sömu laga: „Stjórnarráðið getur, hvenær sem því lízt, látið rannsaka allan hag félagsins og, ef nauðsyn krefur, skipað yfir það eftirlitsstjórn". Verður rétturinn að vera sammála umboðsmanni gerðarbeiðanda um, að ákvæði þetta bendi til, að löggjafinn hafi eigi litið á gerðarþola sem ríkisstofnun, enda hefði ákvæðið þá verið óþarft. Hvað það ákvæði 13. gr. framangreindra laga varðar, að ef Samábyrgðin leggist niður, þá falli tekjuafgangur hennar til Fiskveiðasjóðs Íslands, þá lítur rétturinn svo á, að ákvæði þetta renni engum stoðum undir það, að Samábyrgðin sé ríkisstofnun, heldur sé þetta skilyrði, sem sett hafi verið meðal annars vegna framlags landssjóðs til stofnunarinnar og ábyrgðar hans

á rekstri hennar. Þá er og heldur ekki vitað, að neitt af tekjum gerðarþola gangi til ríkissjóðs. Rétturinn fær því ekki séð, að gerðarþoli falli undir undanþáguákvæði 8. og 29. gr. laga nr. 69/1962. Samkvæmt þessu verður rétturinn að fallast á það sjónarmið umboðsmanns gerðarbeiðanda, að gerðarþoli sé eigi ríkisstofnun og lúti að því leyti sömu reglum um gjaldskyldu sem önnur venjuleg fyrirtæki.

Að því er varðar þá fullyrðingu umboðsmanns gerðarþola, að gerðarþoli sé eigi atvinnustofnun eða reki atvinnu, þá bera gögn málsins það með sér, að hann rekur umfangsmikla tryggingarstarfsemi, enda var aðstöðugjaldsstofninn ár 1962 kr. 55.011.237.05 og ár 1963 kr. 54.336.216.63, svo sem að framan greinir. Af þessu telur rétturinn eigi fara á milli mála, að gerðarþoli sé atvinnustofnun í venjulegum skilningi þess orðs og að hún sé sem slík gjaldskyld sem önnur atvinnufyrirtæki, að því er umkrafið gjald varðar.

Samkvæmt framangreindu lítur rétturinn svo á, að umkrafið aðstöðugjald hafi réttilega verið á gerðarþola lagt. Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir eftir atvikum að láta málskostnað niður falla.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 17. maí 1965.

Nr. 125/1964. **Hermóður Guðmundsson**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Stjórn Búnaðarbanka Íslands f. h. Stofnlánadeildar landbúnaðarins og til vara landbúnaðarráðherra f. h. sömu deildar og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Eigi tekin til greina krafa um endurgreiðslu gjalds, sem greitt hafði verið til Stofnlánadeildar landbúnaðarins samkvæmt 2. tl. 4. gr. laga nr. 75/1962, enda fór nefnt lagaboð hvorki í bága við 67. gr. né 69. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1964 og krafizt þess, að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum kr. 1030.66 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til 1. janúar 1965 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 15. janúar 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Krefjast þeir þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur.

Í máli þessu er deilt um stjórnskipulegt gildi álöguheimildar þeirrar, er greinir í 2. tl. 4. gr. laga nr. 75/1962 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Með 2. gr. nefndra laga var sett á stofn sérstök deild í Búnaðarbanka Íslands, sem nefnist Stofnlánadeild landbúnaðarins. Samkvæmt 21. gr. laganna lýtur deild þessi stjórn Búnaðarbankans með sama hætti sem aðrar deildir bankans. Í 4. gr. laganna er rakið, hverjar

tekjur stofnlánadeildarinnar eru. Eru þær, m. a.: Fast árlegt framlag ríkissjóðs, kr. 4.000.000.00, 1% álag á söluvörur landbúnaðarins, sem ákveða skal og innheimta með sama hætti og búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 38/1945, árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi sömu fjárhæð og nefnt 1% álag á búvörur, og gjald, 0.75%, á útsöluverð mjólkur og rjóma og heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 38/1945, að útfluttum landbúnaðarvörum undanþegnum. Skal leggja gjaldið á verð samkvæmt verðlagsgrundvelli, ef til er, en ella á áætlað verð til framleiðenda. Hlutverk stofnlánadeildar samkvæmt 6. gr. laganna er að veita lán til bygginga í sveitum, bústofnsauka, vélakaupa, sem notaðar eru í landbúnaði, jarðræktar, lax- og silungseldis, loðdýraræktar og svo ýmiss konar mannvirkjagerðar, sem stendur í sambandi við landbúnað.

Á tímabilinu frá 13. júní 1962 til loka þess árs hélt Kaupfélag Þingeyinga samkvæmt 2. tl. 4. gr. laga nr. 75/1962 eftir 1% af andvirði mjólkur þeirrar, sem aðaláfrýjandi lagði inn í kaupfélagið, þ. e. kr. 1030.66, og greiddi fjárhæð þessa til stofnlánadeildarinnar. Aðaláfrýjandi telur, að gjaldheimta þessi fari í bága við 67. gr. og 69. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944, og beri stofnlánadeildinni því að endurgreiða honum hana.

Friðhelgin, sem eignarréttinum er veitt með 67. gr. stjórnarskrárinnar, hefur eigi staðið í vegi heðhelguðum rétti almenna löggjafans til að setja eignarréttinum almenn og reglubundin mörk. Samkvæmt 77. gr. stjórnarskrárinnar skal skipa skattamálum með lögum. Almenni löggjafinn hefur þannig tvímælalausan, stjórnskipulegan rétt til að leggja á þjóðfélagsþegnana skatta og opinber gjöld eftir málefnalegum og reglubundnum sjónarmiðum og svo til, þá er sérstök efni eru til, að skattgilda tiltekna þjóðfélagshópa á eðlisrökréttan og málefnalegan hátt til sérstakra og jafnvel hvers konar almannaþarfa. Lögrök þau, sem þessi ákvæðisréttindi almenna löggjafans hvíla á, leiða og til þess, að löggjafa þessum sé rétt að leggja fégjald á til-

tekna þjóðfélagshópa eftir eðlisrökréttum og málefnalegum sjónarmiðum til fullnægingar á þörfum þeirra þjóðfélagshópa, sem álögunum sæta. Að athuguðu því, sem nú var sagt, verður eigi talið, að almenni löggjafinn hafi með setningu ákvæða 4. gr. sbr. 6. gr. laga nr. 75/1962 farið út fyrir stjórnskipuleg mörk sín. Samkvæmt því, er nú var rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða dómi skal vera óraskað.

Dómur bæjarþings Rykjavíkur 25. júní 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Hermóður Guðmundsson, bóndi að Árnesi, Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 10. desember 1963, gegn stjórn Búnaðarbanka Íslands aðallega, en til vara landbúnaðarráðherra, báðum fyrir hönd Stofnlánadeildar landbúnaðarins til endurgreiðslu á kr. 1.030.66 með 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur í greinargerð sinni krafizt algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins féll stefndi frá málskostnaðarkröfu sinni.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hinn 27. apríl 1962 hafi verið staðfest af forseta Íslands lög nr. 75, sem samþykkt höfðu verið á Alþingi 14. s. m., um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Í 2. gr. laga þessara er kveðið svo á, að Stofnlánadeildin skuli vera deild í Búnaðarbanka Íslands, í 3. gr. er fjallað um stofnfé deildarinnar og í 4. gr. um tekjur hennar.

Í 2. tölulið 4. gr. laganna er ákvæði þess efnis, að til deildarinnar skuli renna 1% álag á söluvörur landbúnaðarins, sem ákvarðað skuli og innheimt á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945.

Stefnandi, sem býr að Árnesi í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, lagði á tímabilinu 13. júní 1962 til 31. desember sama ár inn mjólkurafurðir sínar hjá Kaupfélagi Þingeyinga.

Nam andvirði þeirra á þessu tímabili, sbr. dskj. nr. 2, samtals kr. 103.066.48.

Við uppgjör frá Kaupfélagi Þingeyinga, fékk stefnandi hins vegar einungis greiddar kr. 102.035.82, þar sem kaupfélagið taldi sér skylt samkvæmt ákvæðum 2. töluliðs 4. gr. laganna nr. 75 frá 1962 að halda eftir einum af hundraði af afurðaverðinu, kr. 1.030.66 (stefnufjárhæðinni), og kveðst stefnandi ekki enn hafa getað fengið neina leiðréttingu á því. Sé sér því nauðugur sá einn kostur að sækja mál sitt fyrir dómstólunum.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að ríkisstjórn jafnt sem aðrir landsmenn hafi löngum gert sér ljóst hið þjóðfélagsþýðingarmikla starf bændastéttarinnar í landinu. Hafi það m. a. komið fram í því, að bændur hafi um áratugabil átt aðgang að lánsfé, til þess að þeim væri kleift að byggja upp og rækta jarðir sínar. Í þessu skyni hafi Búnaðarbanki Íslands verið stofnaður svo og ýmsir sjóðir innan vébanda hans. Svo óheppilega hafi þó tekizt til, að fjár til sjóða þessara hafi verið aflað með erlendum lántökum, og hafi því stöðugt þrengt að þeim með fallandi gengi, og við gengislækkanirnar á árunum 1960 og 1961 hafi sjóðirnir raunverulega orðið gjaldþrota.

Á sama tíma hafi lánsfjárþörf bænda aukizt stórkostlega með vaxandi dýrtíð, og þar eð hinir stöðugt rýrnandi sjóðir hafi ekki verið þess megnugir að sinna þessari vaxandi þörf, hafi það m. a. leitt til þess, að margir bændur hafi flosnað upp af jörðum sínum. Lögunum nr. 75 frá 1962 sé ætlað að vinna gegn þessari óheillavænlegu þróun, enda segir í 1. gr. laganna, að tilgangur þeirra sé að efla og auka byggð í sveitum landsins.

Er frumvarpið hafi verið til meðferðar á Alþingi, hafi það verið sent stjórn Stéttarfélags bænda (mun eiga að vera Stéttarsambands bænda) til umsagnar. Í umsögn sambandsins segi m. a., að ákvæði 2. mgr. 4. gr. (þ. e. 1% álagið á söluvörur landbúnaðarins) séu neyðarúrræði og að afla þurfi fjárins á annan hátt. Enn fremur hafi sama ákvæði verið mótmælt eindregið á Búnaðarþingi 1962, og mörg búnaðarsambönd út um land hafi sömuleiðis mótmælt ákvæði þessu. Virðist því einsætt, að lagaákvæði þetta fari beinlínis í bága við megintilgang laganna, enda augljós mótsögnin, sem felist í því, að þeir, sem viðurkennt er, að þurfi á stórauknum lánum að halda, leggi sjálfir til verulegan hluta lánsfjárins.

Eins og að framan sé getið, sé gjaldtakan nefnd „1% álag á söluvörur landbúnaðarins“. Gjald þetta sé ekki tekið upp í fjár-

lög ríkisins, og það renni heldur ekki til ríkisins né sjóða þess, heldur til ákveðinnar deildar í Búnaðarbanka Íslands, og meðferð fjárins sé algerlega lögð í hendur bankastjóra bankans.

Innheimta gjaldsins og ákvörðun þess sé með mjög óvenjulegum hætti, því að þar séu algerlega brotin þau meginsjónarmið fjármálalegs og hagfræðilegs eðlis, sem skattheimta almennt byggist á. Þannig sé t. d. ekkert tillit tekið til efnahags og ástæðna hvers gjaldanda, ekkert tillit sé tekið til þess, á hvern hátt tekna þeirra sé aflað, sem gjaldið sé miðað við, eða hvort sé raunverulega um nokkrar tekjur að ræða í skattmerkingu þess orðs. Yfirleitt sé ekkert tillit tekið til þess, hvort gjaldandinn sé fær um að inna gjaldið af hendi eða ekki. Þá sé gjaldið ákveðið í eitt skipti fyrir öll 1% álag á söluvörur landbúnaðarins alveg án tillits til þess, hvort framleiðslukostnaðurinn hækkar frá því, sem nú sé, eða verð lækki, markaðshorfur breytist o. s. frv.

Sé hér ekki um skatt að ræða, þá sé augljóst, að gjaldtakan sé beint brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem ekkert endurgjald komi hér fyrir, og gjaldandinn sé, án þess að skilyrði eignarnáms séu fyrir hendi, sviptur eign sinni án nokkurra bóta.

Eigi hins vegar að líta svo á, að gjaldtaka þessi sé skattur, brjóti lagaákvæðið engu að síður í bága við 67. gr. svo og 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og að framan hafi verið rakið, þá kveður stefnandi það lengi hafa verið viðurkennda staðreynd, að bændum væri nauðsyn á lánum til atvinnureksturs síns jafnt sem öðrum, og sjáist það bezt á lögum þeim, sem áður hafi verið sett, varðandi öflun lánsfjár í því skyni. En með framangreindu lagaákvæði sé hins vegar skyndilega brotið blað í þessari þjóðfélagsþróun og bændum gert sjálfum að leggja fram verulegan hluta lánsfjárins. Sé hér um mikla mismunun að ræða gagnvart bændum umfram aðra þegna þjóðfélagsins, og sé kominn tími til að leggja niður þann vana að krefjast stöðugt sérfórna af bændum í hvert sinn, sem þjóðfélagsleg vandamál beri að höndum.

Í lögunum nr. 75 frá 1962 séu ákvæði um það, hversu lánveitingum skuli hagað úr Stofnlánadeildinni. Af þeim ákvæðum sé ljóst, að ýmsir aðiljar, sem engin gjöld greiða samkvæmt lögunum, eigi samt rétt á lánum úr deildinni, en aftur á móti séu ýmsir fyrirsjáanlega útilokaðir frá lántöku, sem þó greiði fullt gjald til deildarinnar. Hér sé því um svo hróplega mismun-

un að ræða milli þeirra, sem lög þessi taka til, að það eitt út af fyrir sig hljóti að varða ógildingu framangreinds ákvæðis.

Þá sé það og ljóst, að margir bændur séu þannig á vegi staddir, að þeir hafi ýmist fyrir eigin atorku, hagsýni og ráðdeild, sumir hverjir einnig með lánaaðstoð af almannafé, komið búum sínum í það horf, að þeir þurfi ekki og ætli ekki að sækja um lán úr Stofnlánadeildinni. Þó séu þeir jafngjaldskyldir og aðrir, sem kunni að hafa haft sömu aðstöðu, en eytt afrakstri búanna í annað í stað þess að bæta hag sinn. Virðist þessir aðiljar ekki einu sinni geta losnað undan gjaldskyldu, þótt þeir skuldbyndu sig til að sækja aldrei um lán úr deildinni til búa sinna. Svipuðu máli gegni um þá, sem eru að selja bústofn sinn og bregða búi. Þeir séu einnig gjaldskyldir, þótt þeir komi aldrei til með að njóta góðs af lánum úr Stofnlánadeildinni.

Þá bendir stefnandi á, að hag mjög margra bænda sé nú þannig komið, að mjótt sé á mununum, að bú þeirra standi undir sér fjárhagslega. Sé reynslan réttlátasti dómarinn í því efni, en hún hafi undanfarin ár sýnt og sýni enn stöðugan flótta úr sveitum landsins, að sjálfsögðu aðallega vegna þess að atvinnuvegur þar teljist vart lengur lífvænlegur. Auknar álögur, svo sem þær, er byggist á framangreindu lagaákvæði, stefni búum bænda því í enn meiri hættu með að leggjast í auðn. Kveður stefnandi, að þannig sé t. d. um sig. Hann hafi áratugareynslu í búskap og staðið af sér marga erfiðleika. Hins vegar telur hann högum sínum í búskap svo komið nú, að búið fái ekki risið fjárhagslega undir þeim auknu álögum, sem af lagaákvæðinu leiða. Þessi eignataka myndi því leiða til þess, að hann gæti ekki lengur starfað að þeim atvinnurekstri, sem hann hefur gert að ævistarfi sínu, og sé hún því brot á 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskorti. Telur hann mikinn vafa leika á um það, að mál þetta beri réttarfarslega rétt að, þar sem stjórn Búnaðarbanka Íslands og landbúnaðarráðherra til vara sé stefnt vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins til endurgreiðslu á fé, sem þegar sé móttekið til eignar og umráða úr hendi Kaupfélags Þingeyinga.

Í 1. grein, 2. mgr., laga nr. 75 frá 1962 segir svo: „Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða". Og í 2. gr. sömu laga segir svo: „Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðarbanka Íslands. Um samband Stofnlánadeildarinnar við aðrar deildir bankans fer eftir lögum um Búnaðar-

banka Íslands". Þá segir í upphafi 21. gr. nefndra laga: „Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Stofnlánadeildarinnar með sama hætti og annarra deilda bankans."

Þegar þessi lagaákvæði eru virt, þykir ljóst, að réttum aðilja hefur verið stefnt í máli þessu, þ. e. stjórn Búnaðarbanka Íslands vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Er þessari sýknuástæðu stefnda því hrundið.

Verður nú vikið að sýknurökum stefnda, varðandi efnishlið málsins. Bendir stefndi fyrst á það, að lagaákvæði svipuð 4. gr. laga nr. 75/1962 séu engin nýlunda í íslenzkri lagasetningu. Enda segi beinum orðum í 4. gr., 2. tölulið, laganna: „1% álag á söluvörur landbúnaðarins, sem ákvarðað skal og innheimt á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945." Með þessari tilvitnun einni megi slá því föstu, að sé 1% búvörugjaldið ranglega sett stjórnarskrárlega séð, þá hafi búnaðarmálasjóðsgjaldtakan verið stjórnarskrárbrot. Samkvæmt þeim lögum skuli árlega greiða gjald til búnaðarmálasjóðs af tilteknum söluvörum landbúnaðarins og gjaldið eigi að reiknast af söluverðinu, alveg án tillits til sölumagns hvers bús, efnahagsástæðna bóndans eða þess, hvort líkur séu fyrir því, að einn bóndi öðrum fremur fái notið ávaxtanna af starfsemi sjóðsins, en fénu á að verja til „nauðsynjamála bændastéttarinnar". Það sé jafn fjarri lagi að telja 1% búvörugjaldið brot á stjórnarskránni og gjaldið til búnaðarmálasjóðs. Gjaldið sé í báðum tilvikum á lagt sem kvöð á rekstur (en ekki eignaupptaka) vegna þarfa atvinnuvegarins og ákveðið með lögum, hvernig gjaldið skuli innheimt og hvert það skuli renna. Megi nefna fjölda dæma um lögboðnar gjaldkvaðir framleiðenda til sjávar og sveita, þar sem tiltekinni stétt „viðskipta" sé gert að greiða gjald af viðskiptaveltu sinni til samhjálpar stéttinni, án þess að slík gjaldheimta hafi verið talin stjórnarskrárbrot og án þess að ríkissjóður sé milliliður. Vitnar stefndi þessu til áréttingar í eftirfarandi lagaákvæði og fer um þau svofelldum orðum:

„a) Í lögum um *fóðurtryggingarsjóði* nr. 80/1936 er heimild til að ákveða, að fjár til sjóðanna skuli aflað með gjaldi, sem jafnað sé að nokkru eða öllu leyti á búfjáreigendur. Á 5 ára fresti á ábúandi aðeins rétt á að fá ½ framlag sitt endurgreitt. Ef fóðurskortur verður, úthlutar sjóðurinn fóðurbæti vaxtalaust til þeirra hreppa, sem verst eru staddir, og verði almennur fóðurskortur, er sjóðstjórn heimilt undir vissum kringum-

stæðum að láta nokkuð af fóðurforða sjóðsins endurgjaldslaust til þeirra bænda, sem verst eru staddir með fóðurforða og efnahag.

b) Í lögum um *hlutatryggingarsjóð bátaútvegsins* nr. 48/1949 er ákveðið, að árlegar tekjur sjóðsins séu m. a. ½% útflutningsgjald af öllum útfluttum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, hvalveiðum og selveiðum. Ef almennur aflabrestur verður á veiðisvæði, greiðir sjóðurinn bætur til veiðiskipa þar, hlutfallslega mestar til þeirra skipa, sem minnst afla.

c) *Lög um aflatryggingarsjóð sjávarútvegsins* nr. 77/1962, er leystu af hólmi síðastgreind lög. Hlutverk þessa sjóðs er að bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum. Árlegar tekjur sjóðsins eru 1¼% af fobverði útfluttra sjávarafurða (öðrum en þeim, sem koma frá hvalveiðum og selveiðum), jafnmikið framlag frá ríkissjóði svo og vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

d) Lög um *fiskimálasjóð* nr. 89/1947. Meðal tekna sjóðsins er útflutningsgjald af sjávarafurðum, öðrum en saltaðri síld, er nemi ½% af verðmæti þeirra, miðað við fobverð. Fiskimálasjóður veitir styrk til rannsókna, tilrauna og markaðsleita í þarfir sjávarútvegsins. Fiskimálasjóður má einnig veita lán til stofnunar alls konar fyrirtækja, er horfa til eflingar fiskveiðum og hagnýtingu sjávarafurða, og séu lán þessi einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja, en lítið fjármagn fyrir hendi.

e) Lög um *Fiskveiðasjóð Íslands* nr. 34/1943, en tekjur sjóðsins auk vaxta voru tvenns konar: 1. Hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum samkvæmt lögum nr. 47/1930 um fiskveiðasjóðsgjald (⅛%). 2. Útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem ríkissjóður innheimtir samkvæmt lögum nr. 63/1935 (1½%).

Lagafyrirmæli þessi hafa verið endurnýjuð með lögum um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 40/1955 og lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 66/1957. Samkvæmt hinum síðargreindu skal innheimta 2¼% af öllum íslenzkum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, þar af fær Fiskveiðasjóður 74%, rannsóknarstofnun sjávarútvegsins 4%, L.Í.Ú. 4% og Fiskimálasjóður 18%.

Tilgangur Fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja sjávarútveg Íslendinga, einkum bátaútveginn, með hagkvæmum stofnlánum.

f) Lög um *Síldarútvegsnefnd* o. fl. nr. 74/1934. Til þess að

standast kostnað af störfum nefndarinnar getur síldarútvegsnefnd ákveðið með samþykki ráðherra, að greitt verði í sérstakan sjóð 2% af andvirði seldrar síldar.

g) Lög um *framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum* nr. 94/1947 (og forgengill þeirra, lög um meðferð og sölu mjólkur o. fl. nr. 1/1935) hafa að geyma ákvæði, sem takmarka mjög frelsi bænda um framleiðslu og sölu á landbúnaðarvörum og gera bændum skylt að greiða svonefnt „verðmiðlunargjald", sem er ótiltekið í lögunum, en greiðist af sölu kindakjöts, mjólkur og mjólkurvara. Skal svonefnt „framleiðsluráð landbúnaðarins" hafa vald til að ákveða árlega, hve hátt verðmiðlunargjaldið skal vera.

Tilgangur verðmiðlunargjalds af kindakjöti er að sjá svo um, að sláturleyfishafar fái greitt sama verð fyrir sams konar vöru, afhenta á sláturstað, og með verðmiðlunargjaldi af mjólk og mjólkurvörum er ætlað að koma á hentugri vinnuskiptingu milli búanna svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölusvæða.

Í sömu lögum eru fyrirmæli um svonefndan „verðjöfnunarsjóð", en í hann rennur sérstakt gjald af allri neyzlumjólk og rjóma á mjólkursölusvæðum, þar sem starfandi samsölustjórn er. Verðjöfnun skal eftir föngum miðast við það, að allir mjólkurframleiðendur á svæðinu fái sama verð fyrir mjólk sína, komna á sölustað.

Samkvæmt lögunum skal söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Sett eru margbrotin ákvæði, sem hér verða ekki rakin, um hvernig finna skuli verðlagsgrundvöllinn, en verði ekki samkomulag um niðurstöðuna, er hún ákveðin af þriggja manna gerðardómi (yfirnefnd).

Framleiðsluráð hefur svo víðtækt vald yfir framleiðslu- og markaðsmálum landbúnaðarins, að enginn má slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis framleiðsluráðs, óheimilt er öllum mjólkurframleiðendum að selja mjólk eða rjóma og nýtt skyr (ófryst) utan þess mjólkursölusvæðis, sem þeir eru búsettir á, nema með leyfi framleiðsluráðs, og í reglugerð skal ákveðið bann gegn sölu afsláttarhrossa og hrossakjöts milli sölusvæða, nema með samþykki framleiðsluráðs.

h) Í lögum nr. 10/1959 og lögum nr. 92/1962 var skotið bráðabirgðaákvæði inn í lög nr. 38/1945 um stofnun búnaðar-

málasjóðs þess efnis, að greiða skuli ½% gjald af söluvörum landbúnaðarins, og skuli það renna til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til *að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra.* Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

Frumvarp til laga nr. 92/1962 var flutt að ósk Búnaðarfélags Íslands, og á aðalfundi Stéttarsambands bænda 4. og 5. september 1962 var stjórn Stéttarsambandsins falið að vinna að því, að Alþingi samþykkti löggjöfina (til ársloka 1965). Ástæðan sé sú, að lánsfé til byggingarinnar verði um 70% af öllum kostnaði við byggingu og húsbúnað og að lánin verði ekki svo hagstæð, að reksturinn geti staðið undir afborgunum auk vaxta fyrstu árin. Þess vegna sé ýtrasta nauðsyn til að halda búnaðarmálasjóðsgjaldinu um nokkur ár til að mæta afborgunum fyrstu árin, eftir að allt húsið verður tekið í notkun. Tillaga þessa efnis var samþykkt á aðalfundi Stéttarsambandsins með 37 atkvæðum gegn 1. Vitað var um andstöðu ýmissa bænda út um sveitir landsins gegn búvörugjaldi, lögboðnu til bændahallar, og vitað var einnig, að húsinu var ekki ætlað, nema að litlu leyti, að vera yfir starfsemi bændasamtakanna, þó að lögin segðu það, heldur aðallega sem nýtízku hótel, en samt var framlenging þessa ½% búvörugjalds samþykkt af forystumönnum bændasamtakanna og af Alþingi.

i) Með lögum um iðnlánasjóð nr. 45/1963 segir, að tilgangur þeirra sé að styðja iðnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum.

Tekjur iðnlánasjóðs eru:

1) 0.4% gjald, sem innheimtist af iðnaðinum í landinu, lagt á sama stofn og aðstöðugjald er á lagt samkvæmt III. kafla laga nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga. Árlegar tekjur samkvæmt þessum lið voru áætlaðar í frumvarpinu kr. 7 miljónir.

2) Framlag ríkisins, 2 miljónir króna á ári.

3) Vextir."

Stefndi kveður ástæðurnar fyrir lagasetningu þessari hafa verið þær (sbr. greinargerð frumvarpsins, þskj. 367/1961), að ýtarleg athugun á fjárhag lánasjóða landbúnaðarins hafi leitt í ljós, að þeir hafi raunverulega verið orðnir gjaldþrota. Afkoma Byggingarsjóðs hafi verið orðin það hörmuleg, að hann hafi ekkert fé haft til útlána og greiðsluhalli á honum hafi numið 8.2 miljónum króna árið 1961. Þrátt fyrir það, að ríkissjóður hefði á undanförnum 30 árum lagt sjóðnum til í óaftur-

kræfum framlögum um 65 miljónir króna, hafi eignir sjóðsins vegna yfirfærslugjalds og gengisbreytinga lækkað um 24 miljónir króna, og verði ekkert að gert, verði allur höfuðstóll sjóðsins eyddur í hallarekstur árið 1965.

Ástæður Ræktunarsjóðs hafi verið þær, að yrðu engar ráðstafanir gerðar, yxi greiðsluhallinn ár frá ári, þannig að árið 1975 fari 24.5 miljónir króna af láni mótvirðissjóðs til þess að greiða halla sjóðsins. Og enda þótt Ræktunarsjóður hafi á undanförnum 30 árum fengið sem óendurkræf framlög frá ríkissjóði um 67.5 miljónir króna, þá hafi efnahagur sjóðsins verið orðinn svo bágborinn, að hann hafi verið kominn í 52.5 miljón króna skuld umfram eignir. Að óbreyttu ástandi, myndi hagur sjóðsins enn hafa versnað svo stórkostlega næstu árin, að árið 1970 myndi hann skulda um 156 miljónir króna umfram eignir.

Þá bendir stefndi á það, að þótt yfirfærslugjald og gengisbreytingar hefðu ekki komið til, þá hafi fleiri meinsemdir verið í uppbyggingu sjóðanna. Ríkisstjórnin hafi útvegað sjóðnum lán og ákveðið endurlánskjörin, en sjaldnast hafi verið neitt samræmi milli lánskjara og endurlánskjara, því að ævinlega hafi verið hallað á sjóðinn, bæði um lánstíma og vaxtakjör. Á 15 ára tímibili hafi vaxtahalli úr mótvirðissjóði einum numið 100 miljónum króna.

En þrátt fyrir allt þetta hafi stofnlán aldrei verið veitt að því marki, sem lögin um Ræktunarsjóð og Byggingarsjóð hafi gert ráð fyrir. Úr þessu hafi ríkisstjórnin ákveðið að bæta með bráðabirgðalögum þess efnis, að lausaskuldum bænda, er myndazt hafi vegna framkvæmda þeirra á árunum 1956—1960, yrði breytt í föst lán (sbr. lög nr. 15/1962).

Þó hafi lánin enn þurft að hækka, til þess að lausaskuldir söfnuðust ekki fyrir hjá bændum, og því hafi þessi fjáröflunarleið til stofnlána í landbúnaði verið valin, enda verði Stofnlánadeildinni þannig kleift innan skamms tíma að standa undir eðlilegri fjárfestingarþörf landbúnaðarins af eigin fé. Með hliðsjón af þessari veigamiklu staðreynd verði að meta fjáröflunarleið laganna. En hún sé leið samstarfs og samhjálpar, leið félagshyggjunnar, er reynzt hafi farsæl til framþróunar landbúnaðarins og þjóðfélagið grundvallist nú svo mjög á. Með 1% búvörugjaldinu sé verið að jafna ofurlítið aðstöðuna milli bænda innbyrðis. Þeir, sem notið hafi lánanna mest til framkvæmda á undanförnum árum, hafi yfirleitt mun stærri bú og meiri framleiðslu. Þeir leggi meira af mörkum í framtíðarstofninn í lána-

sjóðnum, sem þeir njóti fyrst og fremst, sem eigi eftir að vinna framkvæmdirnar á eigin jörð eða eru að hefja búskap. Síðan spyr stefndi: „Er það stjórnarskrárbrot að skylda bjargálna framleiðendur á sama hátt og sama tíma og alla aðra framleiðendur sömu vörutegundar til þess að greiða hundraðshlut af brúttósölutekjum í sjóð, er sé varið til styrktar þeim framleiðendum, sem standa hallari fæti, svo sem í dæmunum um fóðurtryggingarsjóði, hlutatryggingarsjóð bátaútvegsins, aflatryggingarsjóð sjávarútvegsins, fiskimálasjóð, Fiskveiðasjóð Íslands, verðmiðlunarsjóð landbúnaðarvara, verðjöfnunarsjóð mjólkurafurða og iðnlánasjóð? Og hvað mætti segja um lög um vátryggingar fyrir fiskiskip?

Hingað til hafi það ekki verið talið neinum vafa bundið, að löggjöf þessa efnis væri heimil sem almenn kvöð á alla hlutaðeigendur, sett atvinnuveginum í heild til halds og styrktar, þó að í reyndinni væri frá einum tekið án endurgjalds og öðrum rétt til hjálpar. Og dæmið, sem stefnandi deili um, 1% búvöruálagið, sé nákvæmlega hliðstætt ofangreindum dæmum.

Sé svo, að löggjöf þessa efnis brjóti gegn grundvallarhugsun 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarrétt, eins og „friðhelgi eignarréttarins“ hafi verið skilin í frumbernsku, þá hafi tímans tönn eytt þeirri undirstöðu, svo sem tilvitnuð dæmi úr íslenzkri löggjöf sýni bezt. Það sé enda löngu viðurkennt af lögspekingum aldarinnar, að skilja verði ákvæði um friðhelgi eignarréttar með þeim fyrirvara, að heimilt sé ríkisvaldinu með almennum fyrirmælum og kvöðum að ganga á rétt manna til þess að eiga og að eignast verðmæti, svo sem með skattheimtu, aðeins ef álagið er hið sama fyrir alla, sem eins stendur á um. Mjög algeng dæmi þessa efnis séu álögur á framleiðslu eða veltu viðskipta í einni eða annarri mynd, og hafi það færzt í það horf, ef verja eigi tekjum til styrktar hlutaðeigandi atvinnuvegi, að ríkissjóður sé ekki milliliður, heldur séu lögin sett til styrktar atvinnuveginum og sjóðurinn settur undir sérstjórn, þar sem fulltrúar stéttarinnar eigi sæti.

Þá bendir stefndi á, þessu til stuðnings, að ýmsir þingmenn hafi verið mótfallnir því að lögtaka 1% búvörugjaldið, er lög nr. 75 frá 1962 hafi verið til meðferðar á Alþingi, en samt sem áður hefði enginn þeirra hreyft því, að það bryti í bága við stjórnarskrána.

Stefndi hefur enn fremur vakið athygli á því, að tillögur ríkisstjórnarinnar til lausnar lánsfjármálum landbúnaðarins séu í

lögunum byggðar upp í formi þríþættrar samvinnu ríkisvalds, framleiðenda og neytenda, þar sem ríkisframlagið hafi verið stærsti hlutinn, framborið á þeirri forsendu og í því trausti, að framlag hinna aðiljanna kæmi til. Ríkisvaldinu beri hins vegar réttarfarslega séð engin skylda til að leysa úr lánsfjárþörf atvinnuvega. Meginvilla stefnanda með málshöfðun þessari virðist liggja í því, að hann telji ríkisvaldinu skylt að greiða úr ríkissjóði allt það lánsfé, er landbúnaðurinn þarfnist. Ef málið væri svo einfalt, lægi beint við að lánsþurfa bóndi færi í mál við ríkið og fengi það dæmt til að lána sér eftir þörfum. Þetta sé sjálfsblekking. Hins vegar sé frumvarpið um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl. árangur af viðleitni fulltrúa bænda og annarra stétta á Alþingi til þess að lögbinda samhjálp um endurreisn lánasjóða landbúnaðarins, sem allir þingmenn virðist hafa verið á einu máli um, að þarfnaðist nýrrar löggjafar, en nokkra greint á um leiðir. Andstaða gegn einum þætti lánsfjárleiðanna af þremur þýddi því í raun og veru, að tilboðinu hafi verið hafnað, og samtök þingmanna um lausn hafi því ekki verið fyrir hendi. Stefnandi megi því gera sér grein fyrir því, að ef dómstólar viðurkenndu endurkröfurétt hans á 1% framlagi hans, myndi jafnhliða skapast endurkröfuréttur af hálfu ríkisins á þess framlagi, svo og neytenda á framlagi þeirra, eða að minnsta kosti stöðvunarréttur á framlagi þessara tveggja aðilja, þar sem þessi framlög séu í órofa sambandi og skilorði við tiltekið framlag af hálfu bænda, sbr. heildarskipan laganna.

Þá megi stefnanda einnig vera ljóst við athugun á þeim lagasetningum vegna atvinnuveganna, sem raktar hafa verið hér að framan, að vinni hann þetta endurkröfumál, þá séu öll fyrrgreind lög sjálfkrafa niður fallin, og fullkomið öngþveiti myndi skapast í landbúnaði og sjávarútvegi.

Stefndi hefur andmælt því, að lög nr. 75/1962, 4. gr., 2. tl., sé brot á 69. gr. stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi manna og bendir á því til stuðnings lög um meðferð og sölu mjólkur nr. 1/1935, lög um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. nr. 94/1947, lög um búnaðarmálasjóð, jarðræktarlög, ábúðarlög, lög um búfjárrækt og fleiri lagasetningar, er snerti afskipti ríkisvaldsins af landbúnaðarmálum, sem þrengi athafnafrelsi bænda langtum meira en lög nr. 75/1962 um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., og þyki þó sjálfsögð.

Að endingu hefur stefndi andmælt sem rangri þeirri fullyrðingu lögmanns stefnanda, að stefnandi fái ekki risið fjárhags-

lega undir 1% búvörugjaldinu og geti því eigi starfað lengur að þeim atvinnurekstri, sem hann hafi gert að ævistarfi sínu.

Er frumvarp til laga nr. 75/1962 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum var borið fram á Alþingi, voru lánasjóðir landbúnaðarins komnir í þrot og gátu því eigi lengur gegnt hlutverki sínu, svo sem áður hefur verið rakið. Með lögunum er m. a. ætlað að bæta úr lánsfjárskorti landbúnaðarins. Í 1. gr. laganna segir svo um tilgang þeirra: „Tilgangur þessara laga er að efla og auka byggð í sveitum landsins með því að stuðla að fjölgun nýbýla, ræktun og byggingum í sveitum og þá m. a. stækkun túna á þeim jörðum, þar sem ræktun er skemmst á veg komin."

Til þess að ná þessum tilgangi, var Stofnlánadeildinni fengið tiltekið stofnfé samkvæmt 3. gr. laganna, heimiluð allt að 300 miljón króna lántaka, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, sbr. 12. gr., og undanþegin öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, sbr. 20. gr. Þá voru deildinni enn fremur ákvarðaðir eftirfarandi tekjustofnar samkvæmt 4. gr. laganna:

„1. Fast árlegt framlag ríkissjóðs, 4 miljónir króna.

2. 1% álag á söluvörur landbúnaðarins, sem ákvarðað skal og innheimt á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945.

3. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi jafnhárri upphæð og tekjur samkvæmt 2. tölulið.

4. Gjald á útsöluverð mjólkur og á heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, er skal nema sem svarar 0.75% af verði sömu afurða samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara á hverjum tíma. Við ákvörðun gjaldsins á vörum, unnum úr afurðum í verðlagsgrundvelli, reiknast hinar síðarnefndu á grundvelli, að viðbættum 0.75%. Gjald á vörum, sem ekki er verð á í verðlagsgrundvelli, skal miðað við áætlað verð til framleiðenda. Sölusamtök framleiðenda og aðrir seljendur skulu standa skil á gjaldinu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Landbúnaðarvörur, sem fluttar eru úr landi, eru undanþegnar gjaldi þessu, en að öðru leyti tekur það til allra vörutegunda, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 38/1945 um stofnun búnaðarmálasjóðs með síðari breytingum. Innheimta skal sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið er af kartöflum, framleiddum innanlands.

5. Vaxtatekjur."

Í 6. gr. segir, að Stofnlánadeildin veiti stofnlán sem hér segir:

„1. Til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum og til byggingar íbúðarhúsa á nýbýlum.

2. Til jarðræktar, peningshúsa, geymsluhúsa og annarra mannvirkja við landbúnað, þar með talin vermirækt, loðdýrarækt og laxa- og silungseldi, enn fremur til mannvirkja í þágu landbúnaðarins, svo sem mjólkurvinnslustöðva, sláturhúsa, kjötfrystihúsa, ullarverksmiðja, skinnverksmiðja, þvottahúsa, viðgerðarstöðva landbúnaðarverkfæra, verkstæða fyrir iðnaðarmenn í sveitum svo og til bústofnsauka og til kaupa á vélum, sem notaðar eru við landbúnað."

Þegar þessi tilgangur laganna er virtur, og það er haft í huga, að hér er um tiltölulega lágt hundraðsgjald að ræða, er eigi bitnar á þröngum hóp manna, verður að telja, að 1% álagið á söluvörur landbúnaðarins falli undir hugtakið almennar takmarkanir á eignarréttinum og því eigi brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Skiptir það hér engu máli, þótt tekjur þessar séu eigi teknar inn á fjárlög, né heldur hvaða aðili hefur á hendi ákvörðunarvald um lánveitingar úr Stofnlánadeildinni. Það breytir og engu um stjórnskipulegt gildi álagsins, þótt það sé ákveðið „í eitt skipti fyrir öll", svo sem stefnandi hefur orðað það, enda þótt það sé að hundraðstölu hið sama á alla gjaldendur þess án tillits til efna og ástæðna (eða þess, hvort um raunverulegar nettotekjur sé að ræða), enda löngu viðurkennt bæði í fræði og framkvæmd, að slík gjaldheimta á umsetningu hinna ýmsu atvinnugreina brjóti eigi í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Það styrkir og þessa niðurstöðu, að hér er ríkisvaldinu ekki fenginn frjáls umráðaréttur yfir gjaldinu, heldur á það samkvæmt lögunum að renna til eflingar landbúnaðinum, þ.e.a.s. til hagsbóta fyrir þá stétt, sem það er innheimt hjá, og verður ekki fallizt á það með stefnanda, að það skipti hér nokkru máli, þótt hugsanlegt sé, að einhverjir þeir, er gjaldið inna af hendi, verði eigi lántakendur Stofnlánadeildarinnar, eða þótt aðrir aðiljar, er reka starfsemi í þágu landbúnaðarins, hafi þar lánsrétt, án þess að þeir séu gjaldskyldir til Stofnlánadeildarinnar.

Að því er varðar þá málsástæðu stefnanda, að inheimta 1% álagsins sé brot á 69. gr. stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi, þar sem hann fái eigi risið undir álagi þessu fjárhagslega og verði því að hætta þeirri atvinnu, er hann hefur gert að ævistarfi sínu, þá verður alls ekki fallizt á það með stefnanda, að þetta tilvik, þótt sannað væri, brjóti í bága við 69. gr. stjórnar-

skrárinnar, þar sem grein þessi stendur ekki í vegi fyrir því, að almennar kvaðir séu lagðar á tilteknar atvinnugreinar, jafnvel þótt þær leiði til þess, að einhverjir aðiljar verði að hætta tiltekinni atvinnu vegna fjárhagsörðugleika.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi á að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefndi hefur fallið frá málskostnaðarkröfu sinni.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, stjórn Búnaðarbanka Íslands f. h. Stofnlánadeildar landbúnaðarins, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Hermóðs Guðmundssonar, í máli þessu.

Föstudaginn 21. maí 1965.

Nr. 93/1965. **Everest Trading Company**
gegn
Viðari Sigurbjörnssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. maí 1965, sem barst dóminum hinn 10. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Svo krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. apríl 1965.

Mál þetta, sem þingfest var 8. apríl s.l. og dómtekið á sama degi, hefur höfðað Kristinn Einarsson héraðsdómslögmaður, Reykjavík, f h. Everest Trading Company, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 18. marz 1965, á hendur Viðari Sigurbjörnssyni, Fáskrúðsfirði, til greiðslu víxilskuldar, að fjárhæð kr. 3.548.00, með 9% ársvöxtum frá 15/11 1964 til 1/1 1965 og með 8½% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 9.00 í stimpilkostnað, ⅓% víxilfjárhæðarinnar í þóknun og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Hinn umstefndi víxill er að fjárhæð kr. 3.548.00, útgefinn 2. nóvember 1964 af Þorsteini Þórarinssyni fyrir hönd stefnanda og samþykktur af stefnda til greiðslu í Sparisjóði Fáskrúðsfjarðar 15. nóvember 1964, en á víxli þessum er stefnandi ábekingur.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Svo sem áður er tekið fram, er greiðslustaður hins umstefnda víxils í Sparisjóði Fáskrúðsfjarðar, en heimili stefnda er á Fáskrúðsfirði.

Stefnandi telur hins vegar, að sér sé heimilt að höfða mál þetta á bæjarþingi Reykjavíkur, þar sem grundvöllur víxilskuldbindingarinnar sé sá, að stefndi hafi keypt af stefnanda vörur hinn 9. september 1964, fengið gjaldfrest til greiðslu þeirra og samþykkt víxil með gjalddaga 15. nóvember, en það sé hinn umstefndi víxill.

Stefnandi hafi fasta starfsstofu í Reykjavík, og sé því heimilt að höfða mál þetta samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936, enda lítur stefnandi svo á, að ákvæði laga nr. 85/1936 um sérstakt varnarþing í víxilmálum geti á engan hátt takmarkað þessa heimild sína.

Á þessa skoðun stefnanda verður ekki fallizt.

Mál þetta er víxilmál, rekið samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936. Grundvöllur stefnukröfunnar er víxillinn sem slíkur, sem lýtur hinum ströngu formreglum víxillaganna og er alveg

slitinn úr tengslum við lögskipti þau, sem á bak við hann lágu.

Samkvæmt ofanrituðu var stefnanda rétt að sækja mál þetta á heimilisvarnarþingi skuldara samkvæmt 73. gr. laga nr. 85/1936 svo og á greiðslustað víxilsins samkvæmt 3. mgr. 82. gr. sömu laga, en verður hins vegar ekki talið heimilt að höfða mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936, eins og málið er vaxið.

Verður því að vísa málinu ex officio frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi.

Föstudaginn 21. maí 1965.

Nr. 38/1965. **Torfi Bryngeirsson og Jón Bryngeirsson**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Hraðfrystistöð Vestmannaeyja
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1965, krefjast þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 20.969.43 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. desember 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Í 1. gr. laga nr. 33/1958 um útflutningssjóð o. fl. segir, að hlutverk útflutningssjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 86/1956, sé „að styðja útflutningsatvinnuvegi landsmanna á þann hátt, sem fyrir er mælt í“ lögunum, og er þar m. a. kveðið á um verðbætur útfluttra sjávarafurða og lágmarksverð fisks til útvegsmanna. Hljóðar 2. mgr. 14. gr. laganna svo: „Á freðfisk, saltfisk, skreið og hrogn, sem framleitt er úr bátafiski, sem veiddur er frá 1. janúar til 14. maí 1958, skal greiða útvegsmönnum útflutningsbætur úr útflutningssjóði, er nema 26.85% af fob-verði varanna“. Í 1. mgr. 16. gr. laganna segir, að á „fisk, veiddan frá 1. janúar til 14. maí 1958“ skuli „greiða fiskvinnslustöðvum (hraðfrystihúsum, framleiðendum saltfisks og skreiðar svo og fiskimjölsverksmiðjum) bætur úr útflutningssjóði“ eftir reglum, sem þar eru síðan taldar. Þá segir m. a. svo í 2. mgr. sömu greinar: „Það skilyrði er sett fyrir þessum greiðslum útflutningssjóðs, að fiskvinnslustöðvar greiði útvegsmönnum báta ekki lægra verð en kr. 1.21 fyrir hvert kg af þorski, slægðum með haus, og tilsvarandi fyrir aðrar fisktegundir“.

Áfrýjendur, sem voru eigendur vélbátsins Bryngeirs, VE 232, og gerðu hann út í félagi, seldu stefnda afla bátsins á vetrarvertíð 1958, þ. e. tímabilið 1. janúar til 14. maí, eins og í héraðsdómi greinir. Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, greiddi stefndi áfrýjendum lágmarksverð aflans, sbr. ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga nr. 33/1958, er áður getur.

Í bréfi Landssambands íslenzkra útvegsmanna til áfrýjenda, dags. 1. desember 1962, segir: „Endanlegt andvirði aflaverðbóta bátaútvegsins 1958 .... af fiskinnleggi yðar hjá Hraðfrystistöð Vestmannaeyja hefur orðið .... samtals kr. 56.845.93“. Er hvorki vefengd fjárhæð verðbóta þessara né heldur það, að réttilega sé lagður til grundvallar afli á bát áfrýjenda tímabilið frá 1. janúar til 14. maí

1958, er seldur var stefnda, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 33/1958, sem að framan er rakin.

Í málinu hefur verið lögð fram svofelld:

„Yfirlýsing.

Ég undirritaður, Jón Bryngeirsson, Búastöðum, Vestmannaeyjum, afsala hér með til Hraðfrystistöðvar Vestm.-eyja, Vestmannaeyjum, öllum væntanlegum uppbótum úr Útfl.sjóði fyrir fisk m/b Bryngeirs, VE 232, innlagðan hjá Hraðfrystistöð Vestmannaeyja á tímabilinu 7/1—15/5 1958.

Vestmannaeyjum, 16. maí 1958.

Jón Bryngeirsson."

Í héraðsdómi er lýst horfi aðilja við skjali þessu, sem áfrýjandi Torfi tjáist á sínum tíma hafa verið samþykkur, en á grundvelli þess greiddi stefndi áfrýjendum samtals kr. 35.876.50. Svarar sú greiðsla til kr. 0.50 á hvert kg fisks og hrogna frá áfrýjendum nefnda vetrarvertíð, en nemur eigi þeirri fjárhæð, sem ætla má eftir gögnum málsins banka í Vestmannaeyjum hafa lánað á umræddum tíma gegn tryggingu í slíkum verðbótum sem þeim, er hér var um að tefla.

Samkvæmt bréfi Landssambands íslenzkra útvegsmanna 12. maí 1965, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, voru stefnda greiddar umræddar aflaverðbætur áfrýjenda sem hér segir:

11. ágúst 1958	kr.	15.000.00
11. september 1958	—	5.000.00
21. október 1958	—	9.500.00
21. nóvember 1958	—	4.000.00
5. marz 1959	—	5.500.00
14. maí 1960	—	17.845.93
Samtals	kr.	56.845.93
Greitt áfrýjendum, eins og áður greinir	—	35.876.50
Mismunur	kr.	20.969.43,

sem áfrýjendur krefjast úr hendi stefnda, er neitar greiðslu með skírskotun til framangreindrar yfirlýsingar, svo sem nánar er rakið í forsendum hins áfrýjaða dóms. Í þeirri yfirlýsingu felst samkvæmt orðum hennar fortakslaust afsal verðuppbóta þeirra, sem um er að tefla, í hendur stefnda. Ef stefndi hins vegar héldi samkvæmt því afsali verðbótum áfrýjenda að umræddum hluta, samþýddist það ekki ákvæðum laga nr. 33/1958 um efnahagslegan stuðning við útvegsmenn og fiskvinnslustöðvar, sem skipti málsaðilja varða og að framan eru að nokkru rakin. Að svo vöxnu þykir stefndi eigi, eins og á stendur, mega bera fyrir sig afsalsgerning áfrýjenda, sbr. 32. gr. laga nr. 7/1936. Verður stefnda því dæmt að greiða áfrýjendum eftirstöðvar verðbótanna, að frádregnum 7% ársvöxtum af fjárhæð þeirri, er stefndi innti af hendi, eins og hún var á hverjum tíma, frá 16. maí 1958, unz hún var að fullu endurgreidd, þ. e. kr. 20.045.99, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja, greiði áfrýjendum, Torfa Bryngeirssyni og Jóni Bryngeirssyni, kr. 20.045.99 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. desember 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 2. febrúar 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 29. f. m., er höfðað, að undangenginni sáttaumleitan fyrir sáttanefnd, af Torfa Bryngeirssyni, Fífilgötu 5, Vestmannaeyjum, og Jóni Bryngeirssyni, Búastöðum, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 10. marz 1964, birtri s. d., á hendur Ólafi Gunnarssyni framkvæmdastjóra, Hásteinsvegi 49, Vestmannaeyjum, f. h. Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum, til greiðslu á eftirstöðvum af

aflaverðbótum vegna m/b Bryngeirs, VE 232, á vertíðinni 1958, að fjárhæð kr. 20.969.43, ásamt 7% ársvöxtum frá 1. desember 1962 til greiðsludags og alls kostnaðar að skaðlausu.

Stefndi lét mæta í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnenda að mati réttarins.

Stefnendur áttu saman um skeið m/b Bryngeir, VE 232, og gerðu hann út í félagi. Á vetrarvertíðinni 1958 lögðu þeir afla bátsins upp hjá stefnda, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja. Auk gangverðs fyrir fiskinn greiddi stefndi þeim kr. 35.876.50 fyrir væntanlegar uppbætur úr útflutningssjóði og fékk í hendur svohljóðandi yfirlýsingu, undirritaða af stefnanda Jóni Bryngeirssyni 16. maí 1958:

„Ég undirritaður Jón Bryngeirsson, Búastöðum, Vestmannaeyjum, afsala hérmeð til Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum, öllum væntanlegum uppbótum úr útflutningssjóði fyrir fisk m/b Bryngeirs, VE 232, innlagðan hjá Hraðfrystistöð Vestmannaeyja á tímabilinu 7/1 — 15/5 1958."

Stefnendur halda því fram, að svo hafi verið um samið, að þeir fengju frekari greiðslu fyrir uppbæturnar, ef endanlegt uppgjör sýndi hærra verð en þeir fengu. Með bréfi, dags. 1. desember 1962, frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna var þeim tilkynnt, að aflaverðbætur af fiskinnleggi bátsins til stefnda á árinu 1958 fyrir 15. maí hefðu numið kr. 56.845.93. Eins og áður er getið, höfðu þeir fengið greiddar kr. 35.876.50, og töldu þeir sig því eiga rétt til mismunarins, kr. 20.969.43. Er þeir kröfðu stefnda, neitaði hann greiðslu, og var því mál þetta höfðað.

Stefndi kveðst hafa keypt aflaverðbæturnar á ákveðnu verði, og stefnendum hafi ekki verið lofað viðbótargreiðslum, þótt svo kynni að reynast við endanlegt uppgjör, að verðmæti þeirra væri meira. Af þessum ástæðum krefst hann sýknunar af öllum kröfum stefnenda.

Stefnandi Jón Bryngeirsson gaf skýrslu fyrir réttinum. Hann sagði, að Þórður F. Ólafsson, sem þá var prókúruhafi fyrir Hraðfrystistöðina, hefði samið áðurgreinda yfirlýsingu, en sjálfur hefði hann undirritað hana. Á þessum tíma hafi verið óvíst um, hve miklu útflutningsuppbæturnar myndu nema, en þeim stefnendum hafi verið greidd ákveðin upphæð fyrir kílóið, og jafnframt hafi þeim verið lofað, að greitt yrði meira, ef endanlegt uppgjör sýndi, að hærri fjárhæð fengist fyrir þær. Einnig hafi

verið um talað, að stefndi fengi einhverja þóknun í sinn hlut, 2—3 aura á kílóið.

Stefnandi Torfi Bryngeirsson gaf einnig skýrslu fyrir réttinum. Hann kannaðist við áðurgreinda yfirlýsingu og kvaðst ekki muna betur en hann hafi verið henni samþykkur á sínum tíma. Ákveðna greiðslu hafi þeir fengið frá stefnda, er yfirlýsingin var gefin, og greiðslu höfðu þeir áður fengið, en meiningin hafi verið, að frekari greiðslu ættu þeir að fá, ef útflutningsuppbæturnar reyndust meiri en sú fjárhæð, sem þeir höfðu móttekið. Hann kvaðst ekki muna betur en það hafi verið Þórður F. Ólafsson, sem samdi við þá bræðurna á þá leið, sem nú hefur verið lýst.

Þórður F. Ólafsson mætti sem vitni. Hann kveðst ekki muna sérstaklega eftir yfirlýsingu Jóns Bryngeirssonar, en taldi sennilegt, að hann hefði samið hana, enda hefði hann annazt um kaup á útflutningsuppbótum fyrir stefnda. Sagði hann, að á fyrstu árum sínum í Vestmannaeyjum hafi Hraðfrystistöðin stundum keypt útflutningsuppbætur af bátum, sem lögðu þar upp, og fyrir ákveðið verð. Síðan hafi bankinn farið að krefjast þess, að uppbæturnar yrðu innifaldar í fiskverðunum, og var þá farið að ganga eftir því að fá þær keyptar af viðkomandi útgerðarmönnum. Stundum hafi þá verið lofað, að þær yrðu gerðar upp, eins og endanlegt uppgjör kynni að sýna, og var þá seljendum afhent skrifleg yfirlýsing í þá átt. Taldi hann, að stefnendur ættu að hafa í höndum slíka yfirlýsingu, ef þeim hefði verið lofað, að aflaverðmætin yrðu greidd eftir endanlegu uppgjöri.

Guðlaugur Stefánsson forstjóri gaf einnig vitnaskýrslu í málinu. Hann kveðst ekki muna sérstaklega eftir yfirlýsingu Jóns Bryngeirssonar, en þetta væri ein af fjölmörgum yfirlýsingum, sem útgerðarmenn gáfu fiskvinnslustöðvunum á þessu tímabili. Hann kvaðst hafa unnið í Útvegsbankanum um þetta leyti og meðal annars haft með höndum veðsetningar á fiski. Hann kvaðst minnast þess, að á árinu 1958 frá 15. maí hafi bankinn krafizt þess, að útflutningsuppbæturnar yrðu veðsettar bankanum ásamt fiskinum. Hafi þetta gengið fram, en þó hafi ein stöðin neitað að verða við þessum kröfum bankans. Upp frá þessu fengu stöðvarnar afsal frá útgerðarmönnum fyrir útflutningsuppbótunum, og kvaðst hann halda, að á tímabilinu frá 15. maí 1958 til áramóta hafi afsöl yfirleitt verið bundin því skilyrði, að vinnslustöðvarnar greiddu útgerðarmönnum það, sem endanlega kæmi inn fyrir útflutningsuppbæturnar, og á árinu

1959 hafi það verið almenn regla, eftir því sem hann bezt vissi. Hann sagði, að fyrir 15. maí 1958 hafi það eitthvað tíðkazt, að útgerðarmenn seldu stöðvunum útflutningsuppbæturnar, og hafi þær þá venjulega verið seldar á ákveðnu verði, en ekki miðað við raunverulegt verðmæti þeirra. Kvaðst hann ekki vita annað en það hafi verið algild regla fyrir þenna tíma, að uppbæturnar væru keyptar á föstu verði, ef þær á annað borð voru seldar. Hins vegar gæti hugsazt, að útgerðarmenn hafi samið á annan veg, þótt starfsmönnum bankans yrði ekki um það kunnugt. Hann sagði, að afsölin, sem bankanum bárust, hafi ekki tilgreint ákveðið verð, og viti hann því ekki, hvað hverjum og einum útgerðarmanni kann að hafa verið fært til tekna hjá stöðvunum fyrir útflutningsuppbæturnar.

Eins og framburðir Guðlaugs Stefánssonar og Þórðar F. Ólafssonar bera með sér, benda þeir til, að stefndi hafi keypt útflutningsuppbæturnar á föstu verði og hefði því átt að bera halla eða gróða, eftir því hversu miklu þær næmu, er endanlegt uppgjör færi fram. Afsal Jóns Bryngeirssonar er ekki bundið neinum skilyrðum, og engin sönnun hefur komið fram, er gefi til kynna, að samkomulag milli aðiljanna hafi verið á þá leið, sem stefnendur halda fram. Jón Bryngeirsson var skipstjóri bátsins og fyrirsvarsmaður útgerðarinnar, og meðstefnandi Torfi Bryngeirsson taldi sig hafa verið samþykkan afsalinu á sínum tíma. Líta verður því svo á, að yfirlýsingin sé bindandi fyrir báða stefnendur. Af hálfu þeirra er því einnig haldið fram, að afsalið sé ekki bindandi vegna ákvæða 7. gr. laga nr. 73/1933. Rétt er að vísu, að endurgjaldið, sem stefndi greiddi fyrir útflutningsuppbæturnar, var allmiklu lægra en raunverulegt verðmæti þeirra nam endanlega, en á það ber að líta, að endurgjaldið var innt af hendi, rúmum fjórum árum áður en uppgjör fór fram. Verður því ekki talið heimilt að beita ákvæðum umræddrar greinar.

Með tilvísun til þess, er tekið hefur verið fram, þykir bera að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnenda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Torfa Bryngeirssonar og Jóns Bryngeirssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 21. maí 1965.

Nr. 67/1964. **Ársæll Sveinsson, Karl S. Guðmundsson, Jónas Jónsson, Jón Ísak Sigurðsson og Sighvatur Bjarnason** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Helga Benediktssyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Meiðyrðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kvað upp Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. marz 1964 og krafizt þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um, að dæmd verði dauð og ómerk ummæli stefnda í héraðsstefnu, „andstyggileg hræsni", „sjúkleg illfýsi" og „saman hnoðuð ósannindi". Að öðru leyti krefjast þeir þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda í héraði. Þá krefjast áfrýjendur, að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og að áfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu, ómerkingu ummæla og greiðslu málskostnaðar í héraði, þó svo, að frestur til greiðslu sektar hvers áfrýjanda verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum in solidum að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu, ómerkingu ummæla og málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð

að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar hvers áfrýjanda verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Áfrýjendur, Ársæll Sveinsson, Karl S. Guðmundsson, Jónas Jónsson, Jón Ísak Sigurðsson og Sighvatur Bjarnason, greiði in solidum stefnda, Helga Benediktssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 30. desember 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 5. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 3. apríl 1962, birtri 7. s. m., á hendur stjórn Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, þeim Ársæli Sveinssyni, Karli S. Guðmundssyni, Jónasi Jónssyni, Jóni Í. Sigurðssyni og Sighvati Bjarnasyni, öllum búsettum í Vestmannaeyjum, vegna meiðandi ummæla, sem birtust í stefnu, útgefinni 7. desember 1961, í bæjarþingsmálinu: Stjórn Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja gegn Helga Benediktssyni, en ummælin eru á þessa leið:

„Þegar grein þessi var rituð, voru ástæður greinarhöfundar þær, að hann sat í fangahúsinu að Litla Hrauni á Eyrarbakka við afplánun á refsidómi. Síðar fréttum við, að refsifanginn hefði orðið sjúkur, á meðan á afplánunartíma stóð, og verið lagður inn á sjúkrahús. Undir þessum kringumstæðum þótti lögmanni okkar vandkvæðum bundið og viðurhlutamikið að stuðla að því, að refsivistin yrði framlengd, enda ekki séð, nema þessi reynslutími kynni að opna augu fangans og gera hann að nýjum og betri manni. Nú hefur það hins vegar sýnt sig, að hann var varla sloppinn úr fangavistinni, fyrr en hann tók til, þar sem fyrr var frá horfið, um meiðandi ummæli og rangar sakargiftir á hendur okkur, sem valizt höfum til forystu í Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja."

Í stefnu gerði stefnandi grein fyrir málinu og kröfum sínum á eftirfarandi hátt:

„Öll eru þessi ummæli stórlega meiðandi og auk þess sumpart beint brot á 237. gr. hinna almennu hegningarlaga. Það eru þó í rauninni ekki ummælin sjálf, fyrst og fremst, heldur miklu fremur hin andstyggilega hræsni og sjúklega illfýsi, sem

hér liggur að baki og lesa má milli línanna, samanhnoðuð ósannindum og beinum ærumeiðingum, eins og fyrr er greint. Er þess vegna krafizt ómerkingar hinna tilfærðu ummæla, allra í heild og hverra fyrir sig, og dæmdar verði refsingar og skaðabætur á hendur öllum hinum gagnstefndu af því tilefni sem og hæfilegur málskostnaður, enda verði skaðabætur og málskostnaður dæmdur in solidum á hendur gagnstefndu."

Í lok málsins voru kröfur stefnanda svolátandi: að stefndu yrðu dæmdir til að þola ógildingu hinna umstefndu meiðyrða og dæmdir í refsingu fyrir þau, og einnig verði þeir dæmdir til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað.

Mætt var af hálfu hinna stefndu og þær kröfur gerðar, að hinir stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hans hendi. Svo var og af hálfu hinna stefndu bent á, að ástæða væri til að vísa frá ex officio öllum kröfum stefnanda, sem ekki snerta 237. gr. almennra hegningarlaga, þar eð stefna geti ekki um önnur ákvæði refsilöggjafar. Málið hafi ekki verið lagt fyrir sáttanefnd, en þess væri þörf, að áliti stefndu, um öll atriði meiðyrðamáls, sem ekki eru í stefnu heimfærð undir ákveðnar greinar hegningarlaga. Einnig beri að tilgreina í stefnu, við hvaða ákvæði refsilöggjafar brotið varði, ef refsingar er krafizt, ómerkingar ummæla, miskabóta eða annarra bóta. Þá er því neitað, að nokkur brigsl felist í hinum umstefndu ummælum, og fullyrt, að hvorki í efnisvali né orðalagi fælist neitt ámælisvert. Aðeins hafi verið skýrt frá ástæðunum til þess, að stefndu hófust ekki strax handa um höfðun meiðyrðamáls, er stefnandi birti grein sína, sem málið var risið af öðrum þræði.

Eins og áður er að vikið, voru hin umstefndu ummæli sett fram í stefnu í meiðyrðamáli gegn stefnanda. Málið var risið út af ummælum í grein, sem birtist í blaði stefnanda 17. janúar 1961, og einnig út af ummælum í aðiljaskýrslu stefnanda, dags. 24. júní 1961 og lögð var fram í máli Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja gegn honum og síðan send saksóknara ríkisins. Var einungis krafizt ómerkingar ummælanna í blaðagreininni, enda var refsikrafan fyrnd, en vegna ummælanna í aðiljaskýrslunni var bæði krafizt refsingar og ómerkingar. Ummælin, sem mál þetta er af risið, lúta aðallega að blaðagrein stefnanda, en einnig að aðiljaskýrslunni.

Enginn ágreiningur er um, að á tímabilinu, sem leið frá því

blaðagreinin var skrifuð og þar til aðiljaskýrsla stefnanda var dagsett, sat stefnandi um skeið í fangelsi til afplánunar refsidóms. Kom þetta skýrt fram við flutning málsins, enda alkunnugt. Í sambandi við kröfur sínar um refsingu vitnar stefnandi líka einungis til 237. gr. almennra hegningarlaga.

Líta verður svo á, að stefndu hafi mátt og átt rétt til að gera grein fyrir þeim ástæðum, sem lágu til þess, að meiðyrðamál var þá fyrst höfðað, er refsikrafa var fyrnd út af ummælum stefnanda í blaðagreininni. Í því sambandi var þeim heimilt að minnast á dvöl stefnda í fangelsi. Fyrri hluti fyrri málsgreinar hinna umstefndu ummæla aftur að, „enda ekki séð“ o. s. frv., verður því að teljast vítalaus. Síðari málsgreinin er að mestu leyti rökstuðningur fyrir kröfum, sem gerðar eru í málinu, og að því leyti því einnig vítalaus. Hins vegar verður að telja, að lok fyrri málsgreinar, „enda ekki séð ..... að nýjum og betri manni“, og orðin „sloppinn úr fangavistinni“ í síðari málsgrein séu mjög óviðurkvæmileg og ekki réttlætanlegt að viðhafa slík orð í stefnu eða málflutningi. Vörðuðu þau við 188. gr. einkamálalaganna, ef krafa hefði komið fram í þá átt, en svo var ekki. Stefnandi kaus heldur að heimfæra þau undir 237. gr. almennra hegningarlaga, og þykir verða að fallast á, að það geti staðizt. Verða hinir stefndu því dæmdir til refsingar samkvæmt þeirri grein, og þykir refsingin hæfilega ákveðin kr. 150.00 í sekt í ríkissjóð, sem hverjum hinna stefndu ber að greiða innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi hver um sig í 2 daga.

Stefnandi hefur látið undir höfuð leggjast að vísa til ákveðinnar lagagreinar, sem krafa hans um ómerkingu hinna umstefndu ummæla ættu stoð í. Rétturinn lítur svo á, að æskilegra og réttara hefði verið að vísa í stefnu til 241. gr. almennra hegningarlaga, eða með öðrum orðum að gengið væri frá stefnu í meiðyrðamálum á svipaðan hátt og ákærum í opinberum málum. Ekki virðist þó næg ástæða til að vísa ómerkingarkröfu stefnanda frá af þessari ástæðu, þar sem ljóst er, að krafa um ómerkingu getur ekki stuðzt við aðra lagagrein en 241. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt þessu verða ofantilgreind ummæli dæmd dauð og ómerk.

Stefndu hafa krafizt þess, að ummæli í stefnu, sem áður eru tilgreind, „andstyggileg hræsni“, „sjúkleg illfýsi“, „samanhnoðuð ósannindi“, verði dæmd dauð og ómerk og stefnandi verði

látinn sæta áminningu fyrir þau. Ummæli þessi ganga lengra en tilefni er til og eru óviðurkvæmileg og ámælisverð. Verður krafa stefndu því tekin til greina.

Rétt þykir að ákveða, að stefndu greiði in solidum stefnanda kr. 1.000.00 í málskostnað.

Uppsaga dómsins hefur dregizt vegna lasleika dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Ársæll Sveinsson, Karl S. Guðmundsson, Jónas Jónsson, Jón Ísak Sigurðsson og Sighvatur Bjarnason, greiði hver um sig kr. 150.00 í sekt í ríkissjóð innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi hver um sig í 2 daga.

Ofangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Stefndu greiði in solidum stefnanda, Helga Benediktssyni, kr. 1.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. maí 1965.

Nr. 143/1964. **Sindri h/f** (Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Rafveitu Keflavíkur
(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1964. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því

er til áfrýjanda tekur, og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Þá er litið er til magns og haldgæða vírs þess, er í máli þessu greinir, ungs aldurs frambjóðanda hans og atvika málsins að öðru leyti, verður að meta það starfsmönnum áfrýjanda til gáleysis, að þeir keyptu vírinn og brytjuðu hann niður án þess að kanna fyrst heimildir frambjóðanda hans á honum. Að svo vöxnu máli verður að dæma áfrýjanda ábyrgð á tjóni stefnda. Með þessari athugasemd ber að fallast á niðurstöðu héraðsdómsins, að því er áfrýjanda varðar.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er tekur til áfrýjanda, Sindra h/f.

Áfrýjandi greiði stefnda, Rafveitu Keflavíkur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Rafveita Keflavíkur höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. marz 1962, gegn Jóhannesi Gíslasyni, Faxabraut 4, Keflavík, og Sindra h/f í Reykjavík til greiðslu in solidum á kr. 35.734.00 með 9% ársvöxtum frá 17. október 1960 til 29. desember s. á. og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi Jóhannes hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi, en *til vara,* að bætur verði aldrei dæmdar hærri en kr. 7.634.00.

Stefndi Sindri h/f hefur *aðallega* krafizt sýknu, en *til ýtrustu vara* verulegrar lækkunar á stefnufjárhæð. Í báðum tilvikum krefst Sindri h/f málskostnaðar að mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að aðfaranótt laugardagsins 15. október 1960 brauzt stefndi Jóhannes inn í geymslusvæði stefnanda í Keflavík og stal þaðan rafmagnsvír. Fór hann með vírinn hingað til Reykjavíkur mánudaginn 17. október og seldi stefnda Sindra h/f hann fyrir kr. 7.634.00. Hér var um að ræða samtals 680 kílógrömm af vír, aðallínur og heimtaugar, sem teknar höfðu verið niður úr rafveitukerfi Keflavíkur. Þjófnaður þessi upplýstist hinn 22. október, en þá viðurkenndi stefndi Jóhannes í sakadómi Keflavíkur verknað sinn. Kvaðst hann hafa brotizt inn í geymslusvæðið með því að sprengja upp lás fyrir útidyrum með rörbút. Hafi hann tekið þar vír, sem laus var, en það hafi verið spottar, flækjur og hankir. Með honum í förinni hafi verið tveir kunningjar hans, og hafi þeir hjálpað honum við að koma vírnum í bifreið og aka honum í skemmu í Ytri-Njarðvík og í sendiferðabifreið, sem þar hafi staðið utan verkstæðis. Hafi þeir farið tvær ferðir. Hann kvaðst hafa verið á dansleik sunnudagskvöldið, en snemma morguns mánudagsins 17. október hafi hann fengið kunningja sinn til að aðstoða sig við að koma vírnum í sendiferðabifreið, sem Jóhannes hafði fengið til að aka vírnum til Reykjavíkur, en þar hafi hann selt hann Sindra h/f. Hann kvað vírinn hafa verið í hönkum, sumum stórum, og kvað hann vírinn við söluna hafa verið í sama ásigkomulagi og við tökuna úr skemmunni.

Kári Þórðarson, forstjóri rafveitu Keflavíkur, kvaðst fyrir dómi hafa farið til Sindra h/f, er uppvíst hafi verið um þjófnaðinn á vírnum, í þeim tilgangi að fá vírnum skilað. Hafi honum þar verið sagt, að búið væri að búta vírinn niður og setja í tunnur. Kvaðst Kári allt að einu hafa krafizt afhendingar á vírnum, en verið neitað um það af afgreiðslumanninum. Hafi hann þá ætlað að tala við forstjóra fyrirtækisins, en sá hafi ekki verið við. Í stað þess hafi hann talað við son forstjórans, Ásmund Einarsson, en hann hafi einnig neitað að afhenda vírbútana. Kvaðst Kári þá hafa tilkynnt Ásmundi, að hann myndi leita sér lögfræðilegrar aðstoðar til að leita réttar síns. Hann taldi sig hafa farið för þessa kringum mánaðamótin október og nóvember 1960, og kvaðst hann hafa verið með vörubíl til að sækja vírinn.

Einar Ásmundsson, forstjóri Sindra h/f, kvaðst hafa lagt áherzlu á það við starfsmenn sína, sem vinna hjá honum við kaup og sundurgreiningu á brotajárni og málmum, að tilkynna það lögreglunni eða draga að greiða, ef grunsamlegur varningur

væri boðinn til kaups í fyrirtækinu. Um hér umrædd viðskipti kvað forstjórinn sér vera ókunnugt.

Vitnið Kjartan Pétursson kvaðst hafa unnið hálfan daginn í októbermánuði 1960 við móttöku á brotajárni hjá Sindra h/f, og hafi það verið fyrri hluta dags. Vitnið kvaðst ekki sérstaklega muna eftir því að hafa veitt móttöku þeim vír, sem hér um ræðir, og heldur ekki kvaðst vitnið minnast þess að hafa átt orðaskipti við Kára Þórðarson um það, að sá síðarnefndi vildi fá vír þenna afhentan. Vitnið kvað forstjóra fyrirtækisins hafa brýnt það fyrir vitninu að taka alls ekki á móti því brotajárni, sem það gæti rennt grun í, að væri illa fengið. Gat vitnið þess, að í starfi þess við móttöku á brotajárni hafi það komið fyrir, bæði að það hafi neitað að taka á móti brotajárni, sem það taldi illa fengið, eða látið lögregluna vita í þess konar tilfellum. Er vitninu var sýndur bútur af 50 kvaðrata koparvír, kvað það fráleitt að veita slíkum vír viðtöku, ef ungur maður hefði komið með hann í 200 metra langri hönk. Ef vitnið hefði tekið við slíkum vír, þá hljóti að hafa verið búið að búta hann meira niður. Vitnið kvað þann hátt á vera, er brotajárn sé keypt, að afgreiðslumaðurinn gefi út sérstaka sölunótu, stílaða á seljanda, þar sem getið er þyngdar hins selda og tegundar, og síðan kvitti móttökumaðurinn undir sölunótuna, sem síðar sé framvísað til greiðslu í skrifstofu fyrirtækisins.

Vitnið Sigurður Tómasson kvaðst hafa þann starfa með höndum í brotajárnsdeild fyrirtækisins að skrifa sölunótur og greiða andvirðið út, ef það hafi handbært fé, en vísi viðskiptavinum ella í skrifstofu fyrirtækisins, en hins vegar sé það ekki í verkahring þess að veita brotajárninu viðtöku. Vitnið kvaðst ekki muna nafn þess manns, er veitti brotajárni viðtöku á þeim tíma, er hér um ræðir, enda séu tíð mannaskipti í því starfi. Vitnið kannaðist við að hafa skrifað sölunótu þá um móttöku á hér umræddum vír (dskj. nr. 14) að öðru leyti en því, að fjárhæðin hafi verið innfærð í skrifstofunni. Vitnið kvað starfsmenn þá, sem vinna við móttöku á brotajárni, hafa sérstök fyrirmæli um það að gæta varúðar við móttöku, ef þá býður grun í, að það sé illa fengið. Önnur afskipti af móttöku brotajárns en að ofan greinir kvaðst vitnið ekki hafa. Ef hins vegar komi fyrir, að grunur leiki á því, að munir, sem til kaups eru boðnir, væru illa fengnir, þá kveðst vitnið vera kallað á vettvang til ákvörðunar um það, hvort munirnir skuli keyptir eða ekki.

Ásmundur Einarsson, framkvæmdastjóri Sindra h/f, kvað Kára Þórðarson hafa krafizt þess, að vírnum væri skilað aftur í því ástandi, sem hann hafi verið, er honum var stolið, en það hafi eigi verið hægt, þar sem búið hafi verið að búta hann niður. Ásmundur kvaðst hafa boðizt til að skila vírnum í þáverandi ástandi, en því hafi Kári hafnað. Hann kvað það fasta venju fyrirtækisins að skila aftur þjófstolnum munum til réttra eigenda, ef slíkt komi fyrir. Kvaðst Ásmundur hafa kynnt sér það af eigin raun, að unnt hefði verið að skila aftur vírnum í umrætt sinn, þar sem hann hafi þá allur verið sérgreindur, sumt af honum hafi verið búið að setja í tunnur, en annað ekki. Ásmundur kvað það ekki daglegan viðburð, að slíkur vír, sem hér um ræðir, sé boðinn til sölu í brotajárnsdeild fyrirtækisins, en sé það gert, þá sé aðallega um að ræða vír frá Póst- og símamálastjórninni og frá rafveitum í nágrenni Reykjavíkur.

Vitnið Haraldur Kristinn Magnússon kvaðst hafa farið með Kára Þórðarsyni í vörubíl til Sindra h/f til þess að sækja umræddan vír. Kvaðst vitnið hafa beðið í bílnum, meðan Kári hafi farið erindanna, og því ekki geta borið um samtal hans við starfsmenn Sindra h/f. Er Kári hafi komið til baka, hafi hann sagt vitninu, að neitað væri að afhenda vírinn, og hafi því skilizt, að ástæðan væri sú, að búið hafi verið að búta hann niður í tunnur.

Vitnið Einar Ólafsson, verkstjóri hjá stefnanda, kvað geymslu þá, sem vírinn var geymdur í, hafa verið læsta með tveimur stórum flekahurðum, er hafi verið lokað með klinkum að innan, sem gengu upp og niður í járnfalsa. Á annarri hurðinni hafi verið lítil hurð, er lokuð hafi verið með hengilás, en það hafi verið sá lás, sem brotinn hafi verið upp. Vitnið kvað það rammlega hafa verið gengið frá járnum þeim, sem hengilásinn hafi verið festur í, að þau hafi verið boltuð í gegnum hurðina. Vitnið kvað hér umræddan vír hafa verið loftraflínur, sem teknar höfðu verið niður, en jarðlínur hafi verið settar í staðinn. Allur vírinn hafi verið hankaður snyrtilega upp. Vitnið kvaðst hafa framkvæmt mælingar á götuhlutum þeim, sem vírinn lá um, til þess að ákveða lengdir hankanna og þyngd. Niðurstaða þeirrar mælingar hafi verið sú, að aðallínur hafi verið 3 hankir, hver 252 metrar að lengd, 3 hankir, hver 52 metrar, og 3 hankir, 174 metrar að lengd hver. Ljóslínur hafi verið 3 hankir, hver af framangreindum þremur lengdum. Þá hafi verið allmargar

hankir af heimtaugavír, í lengdum frá 6 til 27 metrar. Loks hafi verið ýmsir stubbar og bendslingar.

Hannes Sigurðsson skýrði svo frá fyrir lögreglunni í Keflavík, að vírinn hafi verið lausar hankir, en Hannes aðstoðaði stefnda Jóhannes við flutning á vírnum til Reykjavíkur.

Emil Hansson, er ók vírnum til Reykjavíkur fyrir stefnda Jóhannes, kvað í skýrslu sinni hjá lögreglunni í Keflavík, að vírinn hafi verið af ýmsum gerðum, stubbar, flækjur og hankir.

Stefnandi byggir kröfu sína á hendur stefnda Jóhannesi á því, að hann hafi viðurkennt að hafa tekið umræddan vír ófrjálsri hendi og hagnýtt sér hann í auðgunarskyni. Skipti eigi máli, hver hagnaður hans sjálfs var, heldur hitt, hvert tjón stefnanda varð, en á því beri hann fébótaábyrgð samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Stefnandi telur stefnda Sindra h/f meðábyrgan stefnda Jóhannesi fyrir því tjóni, sem hann varð fyrir, og styður hann það þeim rökum í fyrsta lagi, að Sindri h/f hafi keypt hluti, sem fengnir hafi verið með auðgunarglæp. 263. gr. almennra hegningarlaga mæli fyrir um refsingu á hendur þeim, sem kaupir eða tekur við slíkum hlutum og hefur við móttökuna eða kaupin sýnt af sér stórfellt gáleysi. Að vísu hafi ekki gengið dómur í refsimáli um sök hinna stefndu, en það eigi þó ekki að skipta máli um bótaábyrgð þeirra gagnvart stefnanda. Eins og atvikum sé háttað í þessu máli, þá hafi þeim starfsmanni eða starfsmönnum Sindra h/f, sem við vírnum tók, hlotið að hafa verið ljóst eða mátt vera ljóst, að hér væri um stolna muni að ræða. Það sýnist full ástæða til grunsemda um það, að ekki muni allt með felldu, þegar komið er með allmikið magn, 680 kíló, af góðum eirvír í hönkum, sem vitað er, að ekki er í almenningseign, og hann seldur fyrir sama og ekkert verð sem brotajárn. Þar við bætist og, að sölumaður er unglingspiltur um tvítugt. Telur stefnandi, að með þessu hafi starfsmaður eða starfsmenn Sindra h/f í umrætt skipti sýnt af sér slíkt stórfellt gáleysi, sem um ræði í 263. gr. framangreindra laga, en af því leiði, að Sindri h/f, sem ber ábyrgð á starfsmönnum sínum, beri fébótaábyrgð gagnvart stefnanda samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Í annan stað er krafa stefnanda á hendur Sindra h/f þeim rökum studd, að kaupgerningur stefnda Jóhannesar og Sindra h/f hafi eigi leitt til eigendaskipta að vírnum. Hann hafi verið eftir sem áður eign stefnanda. Þegar hins vegar stefnandi ætlar

að sækja eign sína, þá er honum tjáð, að búið sé að búta vírinn niður í smátt og því ómögulegt að skila honum, enda vírinn í slíku ástandi stefnanda einskis virði. Sú háttsemi Sindra h/f að breyta þannig ástandi hlutarins þegar í stað eigi ekki að valda því, að hann verði undanþeginn bótaskyldu gagnvart stefnanda.

Í þriðja lagi bendir stefnandi á það, að Sindri h/f hafi bersýnilega auðgazt á kostnað stefnanda á umræddum viðskiptum, þótt eigi liggi fyrir tölur að því leyti, þrátt fyrir áskoranir til Sindra h/f um upplýsingar á því.

Af hálfu stefnda Jóhannesar var ekki sótt þing, er munnlegur flutningur málsins fór fram. Rök hans fyrir sýknukröfunni eru þau, að það hafi eigi verið verknaður hans, sem olli tjóni stefnanda. Hann hafi selt vírinn í sama ástandi og hann tók hann. Það hafi því á engan hátt verið sök hans, að vírinn var bútaður niður, heldur hafi síðari eyðilegging hans orsakað það, að stefnandi varð fyrir tjóni, en á því beri stefndi Jóhannes eigi ábyrgð.

Varakrafa stefnda Jóhannesar er studd þeim rökum, að ef hann verði talinn bera fébótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna töku á vírnum, þá geti þær bætur aldrei numið hærri fjárhæð en sem svarar hagnaði hans af tökunni, þar sem það hafi verið hin síðari meðferð af hálfu starfsmanna Sindra h/f, sem olli tjóni stefnanda fram yfir þá fjárhæð.

Stefndi Sindri h/f byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki með kaupum á vírnum eða niðurbútun hans sýnt af sér það gáleysi, sem leitt geti til bótaskyldu hans gagnvart stefnanda. Samkvæmt reglum eignarréttarins glati eigandi ekki eignarrétti sínum, þótt munir hans hafi verið teknir ófrjálsri hendi og afhentir þriðja manni, jafnvel þótt sá hafi verið í góðri trú. Skylda þriðja manns nær ekki lengra en að afhenda munina. Sindri h/f hafi ávallt skilað aftur munum, sem þjófstolnir hafi verið, og hefði gert í hér umræddu tilviki, en stefnandi hafi ekki viljað taka við vírnum. Skaðabótaskylda Sindra h/f geti aldrei komið til greina, nema hann hafi sýnt af sér refsivert gáleysi. 263. gr. almennra hegningarlaga áskilur stórfellt gáleysi til refsiábyrgðar. Skaðabótaábyrgð verði því aðeins á lögð, að kaupandi slíkra muna hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi, þ. e. að refsiábyrgð og skaðabótaábyrgð falli algerlega saman. Í hér umræddu tilviki verði því að meta, hvort starfsmenn Sindra h/f hafi við kaupin á vírnum sýnt af sér það gáleysi,

sem leitt geti til refsiábyrgðar og þar af leiðandi skaðabótaskyldu. Af gögnum málsins megi ráða, að umræddur vír hafi verið í smáhönkum og spottum og þar að auki notaður vír. Alkunnugt sé, að ýmsir skapi sér aukatekjur með því að tína saman úrgangsmálma af sorphaugum og á víðavangi og flytji hann síðan í nokkru magni til sölu. Í hér umræddu tilviki hafi að vísu verið um nokkuð mikið magn að ræða, en það út af fyrir sig geti ekki gefið tilefni til grunsemda um það, að vírinn væri illa fenginn, þegar tillit er tekið til þess, hvernig ástandi hann var í. Starfsmenn Sindra h/f hafi því ekki sýnt af sér slíkt gáleysi við móttöku á vírnum, sem leitt geti til skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda.

Varakrafa stefnda Sindra h/f er á því byggð, að hér hafi verið um að ræða notaðan vír, sem eðlilega geti ekki verið jafnverðmætur og nýr vír, en í kröfu stefnanda er miðað við verð á nýjum vír.

Svo sem að framan greinir, er það viðurkennt af stefnda Jóhannesi, að hann hafi stolið umræddum vír frá stefnanda og selt hann stefnda Sindra h/f. Er stefndi Jóhannes því bótaskyldur gagnvart stefnanda fyrir því tjóni, sem hann varð fyrir. Skiptir eigi máli í því sambandi, hvern hagnað stefndi Jóhannes hafði af verknaði sínum.

Er þá til úrlausnar, hvort stefnandi eigi bótarétt á hendur stefnda Sindra h/f ásamt með stefnda Jóhannesi.

Hér að framan hefur því verið lýst, hvernig frágangur var á margnefndum vír fyrir töku á honum, og hefur stefndi Sindri h/f ekki vefengt það. Stefndi Jóhannes hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki breytt þeim frágangi, áður en hann seldi hann stefnda Sindra h/f. Af skýrslum þeirra, sem aðstoðuðu stefnda Jóhannes við flutning á vírnum til Reykjavíkur, kemur fram, að vírinn hafi verið í hönkum ásamt flækjum og spottum. Af þessu svo og með tilliti til hinna ýmsu tegunda vírsins þykir verða að telja, að vírinn hafi verið seldur Sindra h/f í því ástandi, sem hann var í við tökuna frá stefnanda. Og þegar það er virt, sem hér að framan er rakið, hið mikla magn af verðmætum koparvír, ungur aldur stefnda Jóhannesar svo og það, að óalgengt var, að slíkur vír í svo miklu magni sé seldur af einstaklingi, þykir verða að telja starfsmann eða starfsmenn stefnda Sindra h/f hafa mátt ætla, að vírinn væri illa fenginn. Móttaka þeirra á vírnum og síðari niðurbútun hans verður því

að teljast svo mikið gáleysi af þeirra hálfu, að stefndi Sindri h/f, sem ábyrgð ber á því gáleysi, er skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda í tjóni hans.

Samkvæmt þessu framansögðu ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda tjón hans.

Stefnandi miðar fjárhæð kröfu sinnar við það, að samtals hafi verið um að ræða 680 kílógrömm af vír, sem stolið var, en hvert kílógramm kosti í heildsölu kr. 52.55. Stefndu hafa ekki mótmælt magni vírsins né heldur verði hans. Samkvæmt sundurgreiningu stefnanda var um að ræða 601.69 kílógrömm af aðallínuvír, 67.50 kílógrömm af heimtaugavír og 10.81 kílógrömm af stubbum og bendslingum. Það er einróma álit hinna sérfróðu meðdómenda, að aðallínuvír missi að óverulegu leyti notagildi sitt við notkun, og í hér umræddu tilviki hefði sá vír komið stefnanda að svo til sama gagni og nýr vír. Hins vegar telja þeir heimtaugavírinn, spottana og bendslingarnar ekki verða hagnýtt aftur, nema til sölu sem brotamálm. Að öllu þessu athuguðu, verður tjón stefnanda hæfilega metið til fjárverðmætis með kr. 31.000.00. Verða stefndu dæmdir til að greiða honum þá fjárhæð in solidum með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu, þó þannig, að í stað 8 af hundraði verða dæmdir 7 af hundraði.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendunum Sverri Norland verkfræðingi og Jóhanni Gunnarssyni verkstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhannes Gíslason og Sindri h/f, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, Rafveitu Keflavíkur, kr. 31.000.00 með 9% ársvöxtum frá 17. október 1960 til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 6.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. maí 1965.

Nr. 173/1964. **Ólafur Loftsson** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Sigurði Sigurgeirssyni og gagnsök
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Kaupgjald sjómanns á fiskiskipi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1964. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 5. nóvember 1964. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ólafur Loftsson, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Sigurgeirssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 9. október 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 1. þ. m., hefur Sigurður Sigurgeirsson, Hafnargötu 19 B, Seyðisfirði, höfðað fyrir sjó- og

verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 24. júní 1963, gegn Ólafi Loftssyni útgerðarmanni, Laugavegi 35, hér í borg, til greiðslu eftirstöðva aflahlutar o. fl., að fjárhæð kr. 17.940.48, ásamt 8% ársvöxtum frá 11. maí 1963 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Þá krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Geir, KE 1, fyrir dæmdum kröfum.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var skipverji á m/b Geir, KE 1, eign stefnda, á vetrarvertíð 1963, er báturinn var gerður út frá Keflavík. Samkvæmt uppgjöri stefnda, sem lagt hefur verið fram í málinu og stefnandi byggir kröfur sínar á, námu laun hans á vetrarvertíðinni samtals kr. 58.138.58, þar af kr. 27.740.00 fyrir beitingu og kr. 30.398.58 aflahlutur á veiðum með netjum. Samkvæmt uppgjörinu hefur stefndi greitt stefnanda með fæði og peningum samtals kr. 40.198.10. Telur stefnandi sig því eiga hjá stefnda kr. 17.940.48, sem stefndi hefur ekki viljað greiða.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að það hafi verið forsenda fyrir uppgjöri við stefnanda, sem lagt hefur verið fram í málinu, að stefnandi hefði staðið í stöðu sinni sem skipverji. Þetta hafi hann ekki gert, og hafi hann með vanrækslu sinni valdið stefnda meira tjóni en stefnukröfunni nemur. Er því haldið fram, að stefnandi og aðrir nafngreindir skipverjar hafi legið í drykkjuskap og verið fjarverandi dögum saman. Af þessum sökum hafi fallið niður margir róðrar, þar sem eigi hafi orðið nógu margir skipverjar til að manna bátinn, er róa skyldi. Þá hafi stefnandi ásamt öðrum nafngreindum mönnum af áhöfn skipsins gengið af því fyrirvaralaust, og hafi þá eigi verið unnt að halda uppi róðrum lengur, þar sem ófáanlegir hafi verið nýir menn í þessara stað.

Af hálfu stefnda hafði verið krafizt skuldajafnaðar á meintri skaðabótakröfu hans á hendur stefnanda við stefnukröfuna í málinu. Með dómi, uppkveðnum hinn 7. febrúar 1964, var þessari skuldajafnaðarkröfu stefnda vísað frá dómi. Stefndi hefur nú höfðað mál fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur til heimtu þessarar skaðabótakröfu. Þegar af þessum ástæðum þykir sýknukrafa stefnda, eins og rökstuðningi hennar er háttað, ekki koma til álita í máli þessu.

Verða úrslit málsins því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 17.940.48 með 8% ársvöxtum frá 11.

maí 1963 til greiðsludags svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 3.900.00. Þá ber og að viðurkenna sjóveðrétt fyrir dæmdum fjárhæðum í m/b Geir, KE 1.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Jóni Sigurðssyni skipstjóra og Jóni Ármannssyni stýrimanni.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Loftsson, greiði stefnanda, Sigurði Sigurgeirssyni, kr. 17.940.48 ásamt 8% ársvöxtum frá 11. maí 1963 til greiðsludags og kr. 3.900.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Geir, KE 1, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Miðvikudaginn 26. maí 1965.

Nr. 174/1964. **Ólafur Loftsson** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Einari Long og gagnsök
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Kaupgjald sjómanns á fiskiskipi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1964. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 5. nóvember 1964. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ólafur Loftsson, greiði gagnáfrýjanda, Einari Long, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 9. október 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 1. þ. m., hefur Einar Long, Kringlumýri 18, Akureyri, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 24. júní 1963, gegn Ólafi Loftssyni útgerðarmanni, Laugavegi 35, hér í borg, til greiðslu eftirstöðva aflahlutar o. fl., að fjárhæð kr. 14.874.68, ásamt 8% ársvöxtum frá 11. maí 1963 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Þá hefur stefnandi krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Geir, KE 1, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var skipverji á m/b Geir, KE 1, eign stefnda, á vetrarvertíð 1963, er báturinn var gerður út frá Keflavík. Samkvæmt uppgjöri stefnda, sem lagt hefur verið fram í málinu og stefnandi byggir kröfur sínar á, námu laun hans á vetrarvertíðinni samtals kr. 54.682.28, þar af kr. 25.930.00 fyrir beitingu, en kr. 28.752.28 aflahlutur á veiðum með netjum. Samkvæmt uppgjörinu hefur stefndi greitt stefnanda með fæði og peningum samtals kr. 39.807.60. Telur stefnandi sig því samkvæmt þessu eiga hjá stefnda kr. 14.874.68.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að það hafi verið forsenda fyrir uppgjöri því við stefnanda, sem lagt hefur verið fram í málinu, að stefnandi hafi staðið í stöðu sinni sem skipverji. Þetta hafi stefnandi ekki gert, og hafi hann með vanrækslu sinni valdið stefnda meira tjóni en stefnukröfunni nemur. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi og aðrir

nafngreindir skipverjar hafi legið í drykkjuskap og verið fjarverandi dögum saman. Af þessum sökum hafi fallið niður margir róðrar, þar sem eigi hafi þá orðið nógu margir skipverjar til að manna bátinn, er róa skyldi. Þá hafi stefnandi ásamt öðrum nafngreindum mönnum af áhöfn skipsins gengið af því fyrirvaralaust, og hafi þá eigi verið unnt að halda uppi róðrum lengur, þar sem ófáanlegir hafi verið nýir menn í þessara stað.

Af hálfu stefnda hafði því verið krafizt skuldajafnaðar á meintri skaðabótakröfu hans á hendur stefnanda við stefnukröfuna í máli þessu. Með dómi, uppkveðnum hinn 7. febrúar 1964, var þessari skuldajafnaðarkröfu stefnda vísað frá dómi. Stefndi hefur nú höfðað mál fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur til heimtu þessarar skaðabótakröfu. Þegar af þessum ástæðum þykir sýknukrafa stefnda, eins og rökstuðningi fyrir henni er háttað, ekki koma til álita í máli þessu.

Verða úrslit málsins því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 14.874.68 með 8% ársvöxtum frá 11. maí 1963 til greiðsludags svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 3.500.00. Þá ber og að viðurkenna sjóveðrétt í m/b Geir, KE 1, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Jóni Ármannssyni stýrimanni og Jóni Sigurðssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Loftsson, greiði stefnanda, Einari Long, kr. 14.874.68 með 8% ársvöxtum frá 11. maí 1963 til greiðsludags og kr. 3.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Geir, KE 1, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Föstudaginn 28. maí 1965.

Nr. 75/1965. **Veggur h/f**
(Kristinn Ó. Guðmundsson hdl.)
gegn
Austurveri h/f og gagnsök
(Vilhjálmur Þórhallsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Leigumáli um verzlunarhúsnæði.
Riftunarkrafa. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1964. Í sökinni gekk útivistardómur hinn 2. apríl 1965. Hann skaut málinu af nýju til Hæstaréttar samkvæmt 36. gr. laga nr. 57/1962 hinn 2. apríl 1965 og gerir þær dómkröfur, að rift verði leigumála aðiljanna frá 5. febrúar 1958, *að* gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 132.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á., 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. október 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Í sökinni gekk útivistardómur hinn 2. apríl 1965. Hann skaut málinu af nýju til Hæstaréttar með stefnu hinn 29. apríl 1965 samkvæmt 36. gr. laga nr. 57/1962 og krefst þess, að honum verði dæmd sýkna og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með samningi 5. febrúar 1958, sem tekinn er upp í héraðsdóm, seldi aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda á leigu alla verzlunarhæð hússins nr. 24 við Skaftahlíð í Reykjavík ásamt meðfylgjandi geymslurúmi í kjallara frá og með 1. júní

1958 til 1. júní 1973. Húsnæðið skyldi vera við upphaf leigutímans 1. júní 1958 fokhelt, þak lagt alumínium með rennum og niðurföllum úr kopar eða eir, steinn allur að utan holufylltur, sementskústaður og málaður. Í forhlið verzlunarhæðar skyldu vera alumíníumgluggarammar, hurðir og einfalt gler. Hlið að Miklubraut skyldi vera klædd timbri og settar þar í hurðir úr furu og svo gluggar úr furu með einföldu gleri. Kjallari skyldi vera, svo sem hann var við samningsgerð, þó með útihurðum. Hitalögn og loftræsting skyldu vera í hinu leigða húsnæði. Gagnáfrýjandi máls þessa skyldi hins vegar fullgera hið leigða húsnæði og innanbúa það á sinn kostnað. Skyldi allur frágangur hans vera fyrsta flokks. Við lok samningstímans skyldu allar múr- og naglfastar endurbætur verða endurgjaldslaust eign leigusala, þ. e. aðaláfrýjanda. Þó skyldi hann þá kaupa samkvæmt mati, ef eigi semdist öðruvísi, frysti- og kæliklefa, er upp kynnu að vera settir, innmúraðan bakarofn, vinnuborð með þvottaskálum, lyftur og fastar vélar, hreinlætistæki, lausan ljósabúnað og innbyggða peningaskápa. Umsamin leiga fyrir húsnæðið var kr. 22.000.00 á mánuði. Leigan fyrir fyrsta ár leigutímans var greidd við undirskrift samningsins, en eftir það skyldi greiða leiguna 1. hvers mánaðar fyrirfram. Hið leigða skyldi afhenda í „umsömdu ástandi" eigi síðar en 1. júní 1958, „nema óviðráðanleg atvik, þ. á m. synjun á nauðsynlegum gjaldeyris- og innflutningsleyfum, hamli". Með bréfi 20. maí 1958 lýsti aðaláfrýjandi því, að húsnæðið væri tilbúið til afhendingar. Gagnáfrýjandi svaraði með bréfi 16. júní 1958, þar sem m. a. er að því fundið, að ekki hefði verið gengið frá hitalögnum og loftræstingu. Dráttur varð mikill á því að fullgera verzlunarhúsnæðið. Telur gagnáfrýjandi, að dráttur inn stafi af vanefndum aðaláfrýjanda á því að skila húsnæðinu í umsömdu ásigkomulagi á tilskildum tíma. Kveðst gagnáfrýjandi af þessum sökum eigi hafa getað hafið starfsemi sína í húsnæðinu, fyrr en komið var nokkuð fram á árið 1959. Hefur hann því eigi greitt leigu fyrir mánuðina júní—nóvember 1959, alls kr. 132.000.00, og vill skulda-

jafna þessari fjárhæð við leigu fyrir sömu mánuði ársins 1958, er hann greiddi fyrirfram, en eigi endurheimturétt til vegna vanefnda aðaláfrýjanda. Það er í ljós leitt í málinu, að fyrirsvarsmenn aðilja ákváðu að panta gler í glugga verzlunarhæðarinnar frá Vestur-Evrópu og að glerið kom hingað til lands hinn 15. nóvember 1958. Eftir það lét gagnáfrýjandi breyta nokkuð gluggarömmum. Ber aðaláfrýjandi því eigi ábyrgð á drættinum, er stafaði af nefndum ástæðum. Hins vegar verður aðaláfrýjandi að bera ábyrgð á því, að lofthitunarkerfi hússins komst eigi í lag fyrr en í desember 1958, og hefur þetta valdið gagnáfrýjanda töfum við gerð innanbúnaðarins. Þykir því rétt að ákveða honum bætur úr hendi aðaláfrýjanda, er ákveðast kr. 44.000.00 og fallast í faðma við leiguna fyrir mánuðina júní og júlí 1959. Samkvæmt þessu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda kr. 88.000.00 ásamt vöxtum, svo sem síðar segir.

Aðaláfrýjandi telur gagnáfrýjanda hafa vanefnt samning aðilja frá 5. febrúar 1958 með vanskilum á greiðslu á leigufjárhæð þeirri, sem hann nú er dæmdur til að greiða, og svo með því að greiða leiguna fyrir marz og apríl 1962 eigi fyrr en 9. apríl þ. á., og leiguna fyrir febrúar og marz 1963 eigi fyrr en 19. marz þ. á. Krefst aðaláfrýjandi þess, að samningnum verði rift með dómi af þessum sökum. Svo sem rakið hefur verið, hefur gagnáfrýjandi með ærnum kostnaði fullgert verzlunarhúsnæði það, sem hér er um að tefla, en það er einn þáttur leigugjaldsins, að aðaláfrýjandi skal eignast þessar húsabætur að leigutíma loknum, þó með nokkrum undantekningum. Nú eru átta ár eftir af umsömdum leigutíma. Ef aðaláfrýjandi fengi þessar húsabætur endurgjaldslaust, hlyti hann óréttmæta auðgun. Hann hefur eigi boðið fram hæfilega greiðslu fyrir þær, miðað við að leigutíminn styttist um átta ár, né hafa gögn verið lögð fyrir dómstóla, er grundvalla megi mat endurgjaldsins á. Að svo vöxnu máli, verður eigi dæmd riftun leigumálans.

Eftir atvikum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðal-

áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Krafa aðaláfrýjanda, Veggjar h/f, um riftun á ofannefndum leigumála við gagnáfrýjanda, Austurver h/f, er eigi tekin til greina.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 88.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á., 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo kr. 30.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. maí 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 5. þ. m., hefur Veggur h/f höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 28. ágúst 1961, gegn Austurveri h/f, hér í borg. Eru þær dómkröfur gerðar af hálfu stefnanda, að rift verði með dómi leigusamningi aðiljanna, dags. hinn 5. febrúar 1958, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda vangoldna húsaleigu, kr. 132.000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1959 til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Með stefnu, útgefinni hinn 5. september 1962, höfðaði stefnandi framhaldssök á hendur stefnda. Gerir stefnandi þær kröfur í framhaldssök þessari, að viðurkennt verði með dómi, að leigusamningur aðiljanna frá 5. febrúar 1958 sé úr gildi fallinn fyrir vanskil á greiðslu húsaleigu fyrir mánuðina marz og apríl 1962. Þá krefst stefnandi málskostnaðar í framhaldssök að skaðlausu úr hendi stefnda. Með stefnu, útgefinni hinn 19. marz 1963, höfðaði stefnandi enn framhaldssök á hendur stefnda. Gerir stefnandi þær kröfur í framhaldssök þessari, að viðurkennt verði með dómi, að leigusamningur aðiljanna frá 5. febrúar 1958 sé úr gildi fallinn fyrir

vanskil á greiðslu húsaleigu fyrir mánuðina febrúar og marz 1963. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í framhaldssök þessari að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í aðalsök og framhaldssökum svo og málskostnaðar úr hendi stefnanda í aðalsök og framhaldssökum.

Málavextir eru þessir:

Hinn 5. febrúar 1958 gerðu aðiljar með sér svofelldan leigusamning um verzlunarhúsnæði það, sem stefnandi átti í smíðum:

„1. Leigusali leigir hér með og leigutaki tekur á leigu alla verzlunarhæð hússins Skaftahlíð 24 (hús A á teikningu) ásamt tilheyrandi geymsluplássi í kjallara, en það er 113 m² fyrir nýlenduvöruverzlunina, 48 m² fyrir kjötbúðina og 27 m² fyrir bakaríið.

2. Leigutíminn hefst hinn 1. júní n.k., og honum lýkur án uppsagnar hinn 1. júní 1973. Leigutaki hefur þó forleigurétt að hinu leigða húsnæði, að leigutímanum loknum. Leigutaki á enn fremur forkaupsrétt að hinu leigða húsnæði, ef það skyldi verða selt á leigutímanum.

3. Umsamin leiga er kr. 22.000.00 — tuttugu og tvö þúsund krónur — á mánuði. Leigan greiðist hinn 1. hvers mánaðar fyrirfram, nema fyrir 1. árið, sem greidd hefur verið fyrirfram við undirskrift samnings þessa.

4. Hið leigða leigist í því ástandi, sem hér segir: Húsið skal vera fokhelt, þak lagt alumíníum með rennum og niðurföllum úr kopar eða eir, steinn allur að utan holufylltur, sementskústaður og málaður. Í forhlið verzlunarhæðar komi alumíníum gluggarammar og hurðir og einfalt gler. Hlið að Miklubraut er klædd timbri og settar í hurðir úr furu, sömuleiðis gluggar úr furu með einföldu gleri. Kjallarapláss leigist í því ástandi, sem það nú er í. Þó fylgja útihurðir. Hið leigða skal vera með hitalögn og loftræstingu. Lóðin við forhlið hússins er sléttuð og borin þar ofan í rauðamöl. Þeirri mold, sem á að fara burt af baklóðinni, skal rutt af lóðinni og flutt burt. Að öðru leyti leigist hið leigða húsnæði í því ástandi, sem það nú er í og leigutaki hefur kynnt sér og tekið gilt.

5. Hið leigða skal afhendast í umsömdu ástandi eigi síðar en 1. júní n.k., nema óviðráðanleg atvik, þ. á m. synjun á nauðsynlegum gjaldeyris- og innflutningsleyfum, hamli.

6. Leigutaki tekur að sér að fullgera og innrétta hið leigða

húsnæði á sinn kostnað. Frágangur allur skal vera 1. flokks. Allar múr- og naglfastar endurbætur skulu við lok samningstímans verða endurgjaldslaust eign leigusala. Þó eru undanskildir frysti- og kæliklefar, sem settir kunna að verða upp, innmúraður bakarofn, vinnuborð með vöskum, lyftur og fastar vélar, hreinlætistæki, laus ljósaútbúnaður og innbyggðir peningaskápar, en tæki þessi kaupi leigusali samkvæmt mati, nema um annað verði samið.

7. Hið leigða má einungis nota fyrir nýlenduvöruverzlun, kjötbúð, fiskbúð, mjólkurafurðir, bakarí og brauðgerðarhús svo og smáveitingar, svo sem ís, heitar pylsur, mjólk og kökur, en matsala er bönnuð. Þó er að sjálfsögðu heimilt að selja í kjötbúð hráan og soðinn mat, eins og venja er í kjötbúðum. Leigutaki áskilur sér rétt til þess að nota mjólkurbúðarplássið fyrir annan rekstur í samráði við leigusala, enda verði mjólk þá seld í brauðbúðinni.

Sérkvöð hvílir á eignarhluta efri hæðar hússins, að þar má ekki reka neinn þann verzlunarrekstur, sem fyrirhugaður er á neðri hæð. Þó má selja þar allar þær vörur, sem almennt eru seldar í veitingahúsum, þar á meðal tóbak og sælgæti, þó aðeins fyrir gesti hússins.

8. Leigutaki skuldbindur sig til að hafa fullt samráð við aðra eigendur eða leigjendur hússins um uppsetningu á auglýsingaskiltum, þannig að þau raski ekki heildarsvip byggingarinnar og fari vel að dómi eigenda, leigjenda og arkitekts.

Leigutaki skuldbindur sig til að ganga vel og þrifalega um hið leigða húsnæði og sameiginlega hluta hússins svo og lóð þess og haga rekstri sínum þannig, að það valdi ekki ónauðsynlegum truflunum á starfsemi annarra aðilja.

9. Ráðgert er, að gerður verði um húsið sameignarsamningur, þar sem nánar verður kveðið á um réttindi og skyldur sameigenda samkvæmt því, sem venja er til um slíka samninga, og skuldbindur leigutaki sig til að hlíta þeim reglum, sem þar verða settar, að svo miklu leyti sem þær ekki brjóta í bága við samning þenna.

10. Leigutaka er heimilt að hefja strax framkvæmdir við að fullgera hið leigða, enda komi það ekki í bága við aðrar framkvæmdir í húsinu. Skuldbindur leigutaki sig til að hafa lokið öllum framkvæmdum í síðasta lagi fyrir n.k. áramót, nema óviðráðanleg atvik hamli, þ. á m. að nauðsynleg leyfi fáist.

11. Leigutaka er heimilt að framleigja hið leigða húsnæði, enda

sé hinn nýi leigutaki hluthafi í Vegg h/f og stjórn Veggjar h/f samþykki hann."

Eins og fram kemur í samningnum, var leiga fyrir hið leigða húsnæði greidd fyrirfram fyrir eitt ár. Hinn 20. maí 1958 ritaði stefnandi stefnda svohljóðandi bréf:

„Vegna afhendingar neðri hæðar hússins við Skaftahlíð 24 viljum vér tilkynna yður, að húsnæðið er nú þegar tilbúið til afhendingar samkvæmt leigusamningi.

Vér viljum benda á, að arkitektar hússins telja óráðlegt að koma fyrir glugga- og hurðakörmum, fyrr en múrvinnu innanhúss er lokið, þar eð þeir eru úr alúmíníum og gætu orðið fyrir alvarlegum skemmdum að öðrum kosti.

Gengið verður frá lóðinni umhverfis húsið, þegar hægt er að fjarlægja vinnupalla, sem verið er að nota við efri hæð hússins."

Hinn 16. júní 1958 ritaði stefndi stefnanda svohljóðandi bréf:

„Vér viðurkennum móttöku bréfs yðar, dags. 20. maí s.l., varðandi afhendingu verzlunarhæðar hússins við Skaftahlíð 24.

Í sambandi við ásigkomulag hússins, umfram það sem getið er um í bréfi yðar, viljum vér taka fram eftirfarandi:

1. Húsið að utan (þ. e. steinninn) hefur ekki verið málað.
2. Ekki hefur verið gengið frá þakrennum og niðurföllum.
3. Hurðir á bakhlið svo og vöruinntaksopin eru ekki í nothæfu standi.
4. Ekki hefur verið gengið frá hitalögnum og loftræstingu.

Framangreindum atriðum svo og þeim, sem getið er um í bréfi yðar og áður er minnzt á, átti samkvæmt samningi að vera lokið fyrir 1. júní s.l."

Ekki er fram komið, að frekari bréfaskipti hafi farið fram milli aðiljanna fyrr en með bréfi stefnda til stefnanda, dags. hinn 8. apríl 1959. Segir þar svo:

„Í framhaldi af bréfi voru frá 16. júní 1958 og með tilliti til ársreikninga Veggjar h/f, er lagðir voru fram á aðalfundi félagsins í s.l. mánuði, viljum vér taka fram eftirfarandi:

Forhlið verzlunarhússins Skaftahlíð 24, þ. e. gluggar og hurðir, var ekki lokið við að setja í fyrr en síðast í nóvembermánuði s.l., og sömuleiðis var ekki kominn hiti í húsið fyrr en fyrstu daga desembermánaðar.

Meðan þetta hvort tveggja vantaði, var að sjálfsögðu óframkvæmanlegt að hefjast handa um nokkra innréttingu, nema múrverk, sem þá var löngu lokið.

Af þessu leiðir, að ekki getur staðizt að reikna oss húsaleigu frá 1. júní 1958, svo sem gert er ráð fyrir í áðurgreindum reikningum h/f Veggjar, er lagðir voru fram á aðalfundi félagsins.

Þá má í þessu sambandi einnig geta þess, að loftræsting hefur ekki enn verið tekin í notkun og eftir er að einangra katla og hitaleiðslur í ketilhúsi, til mikilla óþæginda fyrir fiskverzlunina sérstaklega svo og væntanlega mjólkurbúð.

Væntum vér, að stjórn Veggjar h/f hafi þessi atriði til hliðsjónar, þegar samið verður um, frá hvaða tíma húsaleiga skuli reiknast.

Hjálagt sendum vér yður einnig afrit af bréfi byggingarfulltrúans í Reykjavík, varðandi skólplagnir í verzlunarhúsinu. Þarf bréfið ekki sérstakrar skýringar við, en vér væntum þess, að þér gerið þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að ekki komi til neinna vandræða vegna ófullnægjandi frágangs á leiðslum."

Bréfi þessu var af hálfu stefnanda svarað með bréfi, dags. hinn 15. apríl 1959. Segir þar svo:

„Sem svar við bréfi yðar, dags. 8. þ. m., viljum vér taka fram eftirfarandi:

Út af kvörtun yðar um, að forhlið verzlunarhússins hafi ekki verið sett í fyrr en síðast í nóvember s.l., viljum vér benda á, að í samráði við framkvæmdastjóra yðar var talið rétt að bíða eftir 1. flokks gleri frá V.-Evrópu frekar en að setja í gluggana ónothæft gler frá járntjaldslöndunum.

Enn fremur má benda á, að ómögulegt var talið að setja gluggarammana í fyrr en múrverki væri lokið, þar sem rammarnir mundu ella eyðileggjast eða skemmast.

Hitalögn var heldur ekki hægt að ljúka við, fyrr en lagt hafði verið í gólf á hæðinni.

Um loftræstingu höfum vér átt tal við Benedikt Ólafsson í Glófaxa, og telur hann sig hafa að fullu lokið við verk sitt, en sagðist mundu nú þegar athuga þetta atriði.

Loks viljum vér benda á, að engar kröfur um afslátt af húsaleigu hafa borizt oss fyrr en nú, og verðum vér að telja kröfuna allt of seint fram komna, enda teljum vér, að um engar vanefndir af hálfu félagsins hafi verið að ræða. Á fundi með Sigurði Magnússyni og Björgvini Jónssyni 6. október s.l. var engum athugasemdum hreyft í þá átt, að húsnæðið hefði ekki verið afhent á réttum tíma, heldur einungis bornar fram óskir

um, að flýtt yrði framkvæmdum við lóð, hurðir lagaðar o. fl. smávegis.

Um skolplögnina getum vér að svo stöddu ekkert sagt, þar sem oss er eigi kunnugt um annað en að hún hafi verið lögð af fagmönnum og samþykkt og tekin út af byggingaryfirvöldum. Hins vegar munum vér kynna oss þetta atriði."

Þessu bréfi stefnanda var af hálfu stefnda svarað með bréfi, dags. hinn 27. maí 1959. Í bréfi þessu segir svo:

„Í tilefni bréfs yðar frá 15. apríl s.l. og vegna þeirra fullyrðinga, sem þar eru settar fram, viljum vér ekki láta hjá líða að taka fram eftirfarandi:

1. Það er rétt, að það var sameiginlegt álit yðar og vort, að sjálfsagt væri að setja í forhlið hússins 1. fl. gler frá V.-Evrópu í stað lélegs glers frá járntjaldslöndunum. En einmitt af því að fyrirsjáanlega mundi verða töluverð bið á útvegun slíks 1. fl. glers, m. a. sökum erfiðleika á öflun nauðsynlegra gjaldeyris- og innflutningsleyfa, höfðum vér orð á því við yður, hvort ekki mætti loka forhliðinni til bráðabirgða með öðru móti, t. d. masoniteplötum, þannig að húsið yrði fokhelt og hægt væri að setja kyndingu í samband til að þurrka bygginguna, en slíku varð aldrei komið í verk af yðar hálfu.

2. Hitalögn hefði verið hægt að ljúka við, löngu fyrr en raun varð á, og taka í notkun með því að loka húsinu til bráðabirgða, eins og að framan er minnzt á. En mikill dráttur varð á, að ýmsir hlutir til kyndikerfisins yrðu tilbúnir á tilsettum tíma, svo sem blásarar, er munu hafa verið smíðaðir í Landssmiðjunni, og enn fremur reyndist öll vinna við uppsetningu og tengingu hitakerfisins taka lengri tíma en búizt var við. Þetta var og er stjórn og framkvæmdastjóra h/f Veggjar vel kunnugt um.

3. Það er ekki rétt með farið í bréfi yðar, að á fundi stjórnar Veggjar h/f með Sig. Magnússyni og Björgvini Jónssyni hinn 6. október s.l. hafi engum athugasemdum verið hreyft um, að húsnæðið hefði ekki verið tilbúið á réttum tíma. Þvert á móti bentu S. M. og Bj. J. á mörg atriði, sem þá var enn ólokið við, og skýrðu m. a. frá, að innréttingar í verzlanirnar væru búnar að liggja tilbúnar vikum og mánuðum saman austur á Selfossi, þar sem þær hefðu verið pantaðar og smíðaðar með það fyrir augum, að húsnæðið yrði tilbúið 1. júní, eins og um var samið.

4. Enn er ekki farið að einangra katla og leiðslur í ketilhús.

Veldur það svo miklum hita í fiskverzlun og mjólkurbúð, sem tekur til starfa næstu daga, að óvíst er, hvort heilbrigðisyfirvöldin heimila áframhaldandi starfrækslu þessara verzlana, auk hins óþarfa kyndingarkostnaðar, sem af þessu leiðir.

Vér viljum að síðustu vísa til leigusamningsins frá 5. febrúar s.l., varðandi hið umrædda húsnæði, en í honum eru skýr ákvæði, er segja til um, í hvaða ástandi húsnæðið þurfi að vera til að teljast leiguhæft, enda þótt bæði leigusali og leigutaki hafi í 5. og 10. gr. samningsins nokkurn fyrirvara vegna hugsanlegrar skaðabótakröfu annars hvors aðiljans, ef um óeðlilegan drátt á framkvæmdum væri að ræða. Hitt leiðir af hlutarins eðli, að leigusali getur aldrei krafizt leigu af þeim hlut, sem er ekki til.

Væntum vér því, að af framansögðu sé það ljóst, að ekki fái staðizt að reikna oss húsaleigu frá 1. júní 1958."

Hinn 3. september 1959 ritaði stefnandi stefnda bréf og vakti athygli á því, að engin leiga hefði verið greidd frá því 1. júní það ár fyrir hið leigða húsnæði. Var því lýst yfir, að vanefndir þessar yrðu að skoðast sem samningsrof af hálfu stefnda. Var þess jafnframt getið, að þess væri vænzt, að haft yrði tal af fyrirsvarsmanni stefnanda hið fyrsta. Stefnandi sendi nú stefnda ábyrgðarbréf, dags. hinn 10. september 1959, svohljóðandi:

„Vér leyfum oss hér með að ítreka fyrra bréf vort til yðar, dags. 3. þ. m., varðandi ógreidda leigu fyrir húsnæði það, sem þér hafið á leigu að Skaftahlíð 24.

Er þess farið á leit, að þér greiðið leiguna hingað á skrifstofu félagsins nú þegar, svo að ekki þurfi að koma til frekari aðgerða. Er enn einu sinni vakin athygli yðar á því, að vér lítum á vanefndir yðar á leigugreiðslu sem samningsrof."

Hinn 14. september 1959 ritaði stefndi stefnanda svohljóðandi bréf:

„Í tilefni bréfs yðar, dags. 3. þ. m., leyfum við okkur að vísa til bréfs okkar frá 8. apríl og 27. maí þ. á., en svör við þeim bréfum hafa ekki borizt ennþá.

Í umræðum, sem fram fóru annars vegar milli stjórnar yðar og framkvæmdastjóra og hins vegar stjórnar félags okkar, gáfum við yður kost á að semja um málið á þann veg, að húsaleiga okkar reiknaðist frá 1. september 1958 í stað 1. júní, enda þótt húsnæðið væri ekki afhendingarhæft samkvæmt samningi fyrr en 1. desember s.l. Jafnframt gerðum við tillögu til úr-

lausnar á aðsteðjandi fjárhagsörðugleikum félags yðar. Við hvorugu þessu höfum við fengið svar.

Samkvæmt þessu teljum við ekki um vanskil af okkar hálfu að ræða, þar sem við munum, ef málið leysist ekki án íhlutunar dómstólanna, neita greiðslu á húsaleigu fyrr en frá 1. desember 1958.

Við erum hins vegar enn sem fyrr reiðubúnir til að ræða málið og leita friðsamlegrar úrlausnar."

Þessu bréfi var af hálfu stefnanda svarað með bréfi, dags. hinn 3. september 1959. Segir þar svo:

„Í sambandi við bréf yðar, dags. 14. þ. m., viljum vér taka fram eftirfarandi:

1. Þér skuldið nú húsaleigu fyrir tímabilið 1. júní 1959—30. september 1959 eða 4 mánuði. Húsaleigu fyrir tímabilið 1. júní 1958—1. júní 1959 hafið þér þegar greitt. Ef þér teljið um vanefndir á leigusamningnum að ræða á árinu 1958, teljum vér það ekki geta skipt máli í sambandi við þá leigu, sem yður ber að greiða nú. Slíkar kröfur yrði að útkljá í sérstöku máli.

Kröfum yðar um vanefndir af vorri hálfu er algerlega vísað á bug, enda má og benda á, að þér fenguð húsnæðið til afnota og létuð byrja að vinna í því þegar eftir undirskrift leigusamnings, og var vinnu haldið áfram óslitið, allt þar til búðirnar voru opnaðar. Um tafir á verkinu vegna afhendingardráttar af vorri hálfu hefur því ekki verið að ræða.

2. Með tilliti til framanritaðs leyfum vér oss enn einu sinni að skora á yður að greiða gjaldfallna húsaleigu fyrir tímabilið 1. júní 1959—30. september 1959, ella neyðumst vér til þess að biðja um aðstoð borgarfógetans í Reykjavík."

Hinn 9. október 1959 krafðist stefnandi þess í fógetarétti Reykjavíkur, að stefndi yrði borinn út úr hinu leigða húsnæði vegna verulegra vanskila, þar sem hann, þ. e. stefndi, hefði eigi greitt húsaleigu fyrir mánuðina júní, júlí, ágúst, september og október 1959, samtals kr. 110.000.00. Var því lýst yfir, að svo væri litið á, að leigusamingur aðiljanna um hið leigða húsnæði væri af þessum sökum úr gildi fallinn. Með úrskurði, uppkveðnum í fógetarétti Reykjavíkur hinn 21. nóvember 1960, var synjað um hina umbeðnu útburðargerð. Stefnandi höfðaði síðan mál þetta, eins og áður er rakið. Hinn 10. október 1961 ritaði stefnandi stefnda bréf, þar sem vakin var athygli stefnda á því, að húsaleiga fyrir hið leigða húsnæði fyrir mánuðina ágúst, september og október það ár væri enn

ógreidd. Var þess jafnframt óskað, að leigan yrði greidd þá þegar. Með bréfi, sem ritað var hinn 6. nóvember 1961 af hálfu stefnanda, var stefnda tjáð, að til þess væri ætlazt af stefnanda, að húsaleigan væri greidd nákvæmlega á réttum gjalddaga, þ. e. hinn 1. dag hvers mánaðar fyrirfram, eins og húsaleigusamningurinn segði til um. Var stefnanda jafnframt áskilinn allur réttur, ef dráttur yrði á greiðslu húsaleigunnar. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að hann hafi fengið tvö síðastnefnd bréf.

Með bréfi, dags. hinn 7. apríl 1962, tilkynnti stjórn stefnanda stefnda, að þar sem hann skuldaði húsaleigu fyrir mánuðina marz og apríl 1962, og með tilliti til fyrri viðskipta við stefnda, þá áliti hún, að þessi nýju vanskil stefnda væru svo veruleg, að þau út af fyrir sig heimiluðu riftun leigusamningsins. Var stefnda tjáð, að leigusamningi hans frá 5. febrúar 1958 væri þar með rift. Sem svar við þessu bréfi ritaði stefndi stefnanda bréf hinn 9. apríl 1962. Segir þar svo:

„Í tilefni ábyrgðarbréfs yðar, dags. 7. þ. m., viljum við taka fram eftirfarandi:

1. Í leigusamningi þeim, er þér vísið til, er hvergi getið um, hvar greiðsla húsaleigunnar eigi að fara fram.
2. Þér hafið aldrei sent okkur reikning fyrir nefndri húsaleigu og því ekki orðið fyrir neinum vanefndum eða greiðsludrætti.
3. Það hefur verið af kurteisisástæðum fyrst og fremst, að við höfum sent húsaleiguna til yðar og þá greiðslu fyrir einn eða tvo mánuði í senn eftir ástæðum.
4. Af framansögðu munum við því hér eftir ætlast til, að þér sendið okkur húsaleigureikningana á skrifstofu h/f Austurvers, Vesturgötu 2, svo sem aðrir viðskiptamenn okkar gera með sína reikninga. Í þessu sambandi má einnig minna á, að þá er fyrsta greiðsla okkar fór fram og greitt var fyrir eitt ár fram í tímann, fór greiðslan fram í skrifstofu formanns stjórnar h/f Austurvers, hr. Ólafs Þorgrímssonar, Austurstræti 14, enda hefur félag okkar aldrei skort greiðslugetu eða vilja til að greiða nefnda húsaleigu.
5. Hjálagt sendum við ávísun, að upphæð kr. 44.000.00, til greiðslu á húsaleigu fyrir marz/apríl 1962, og óskast kvittun send um hæl."

Sem svar við bréfi þessu ritaði stefnandi stefnda bréf daginn eftir. Segir þar svo:

„Jafnframt því að senda yður meðfylgjandi kvittun fyrir

greiðslu á kr. 44.000.00 fyrir húsaleigu, viljum vér taka fram, að vér munum halda fast við þá ákvörðun og álit, sem fram kom í bréfi voru, dags. 7. þ. m., að vanskil yðar við félagið séu það veruleg, að riftun leigusamnings sé heimil.

Er því kvittað fyrir greiðslu húsaleigunnar með fyrirvara og að sjálfsögðu einnig með þeim fyrirvara, sem hingað til hefur verið gerður við móttöku leigunnar vegna fyrri vanskila yðar.

Þess er óskað, að þér greiðið leiguna hér eftir sem hingað til á skrifstofu félagsins, Austurstræti 14. Munum vér veita húsaleigunni viðtöku með fyrrgreindum fyrirvörum, en láta dómstóla skera úr því, hvort riftun samnings sé heimil. Óskast leigan greidd 1. hvers mánaðar fyrirfram, svo sem samningur segir til um."

Höfðaði stefnandi síðan hina fyrri framhaldssök. Hinn 18. marz 1963 ritaði stefnandi stefnda bréf, og var honum tjáð, að þar sem hann skuldaði húsaleigu fyrir mánuðina febrúar og marz 1963 og með tilliti til fyrri viðskipta þeirra aðiljanna, þá álíti stjórn stefnanda þessi nýju vanskil svo veruleg, að þau út af fyrir sig heimili riftun leigusamningsins. Var stefnda tjáð, að leigusamningi aðiljanna frá 5. febrúar 1958 væri rift. Þenna sama dag ritaði stefndi stefnanda bréf, og segir þar svo:

„Í tilefni ábyrgðarbréfs yðar, dags. í dag, viljum við biðja velvirðingar á umræddum greiðsludrætti húsaleigunnar fyrir Skaftahlíð 24. Munu þessi mistök einkum tilkomin sökum þess, að hjá okkur er kvittun yðar fyrir greidda reikninga vegna yðar, að upphæð kr. 27.005.75, og töldum við okkur þannig hafa greitt sem svarar rúmlega mánaðarhúsaleigu, en við nánari athugun sýndi sig, að greiðsla þessi er innt af höndum fyrir s.l. áramót og virkar því að mestu leyti sem húsaleigugreiðsla fyrir s.l. ár.

Hins vegar getum við ekki látið hjá líða að lýsa undrun okkar yfir, að þér skulið ekki hafa minnzt á drátt þennan fyrr en með bréfi yðar í dag, einkum þegar haft er í huga, að framkvæmdastjóri Veggjar h/f og framkvæmdastjóri Austurvers h/f hafa undanfarið átt nokkur samtöl, varðandi aðra þætti í starfsemi húseignarinnar Skaftahlíð 24.

Við mótmælum því, að mistök þessi geti valdið riftun á samningi okkar, enda er yður fullljóst, að okkur hefur aldrei skort vilja né getu til skilvísrar greiðslu húsaleigu til yðar.

Loks bendum við á, að við höfum í dag greitt húsaleigu fyrir febrúar og marz samkvæmt kvittun án nokkurs fyrirvara, enda

standa nú sakir svo, að við teljum okkur eiga hjá yður kr. 5.005.75 vegna greiðslu þeirrar, er við inntum af hendi yðar vegna og áður er getið um."

Þenna sama dag ritaði stefnandi stefnda enn bréf, og segir þar svo:

„Í framhaldi af bréfi voru til yðar, dags. í dag, og með hliðsjón af því, að þér hafið sent kr. 44.000.00 sem greiðslu á húsaleigu fyrir febrúar og marz 1963, viljum við taka fram eftirfarandi:

Vér munum halda fast við þá ákvörðun og álit, sem fram kemur í fyrra bréfi voru, dags. í dag, að vanskil yðar séu svo veruleg, að riftun leigusamningsins sé heimil, sérstaklega með tilliti til allra fyrri viðskipta yðar við félagið.

Vér kvittum því fyrir móttöku umræddra kr. 44.000.00 með fyrirvara, og enn fremur með þeim fyrirvörum, sem áður hafa verið gerðir vegna fyrri vanskila yðar við félagið.

Þess er óskað, að þér greiðið leiguna hér eftir sem hingað til á skrifstofu félagsins, Austurstræti 14. Munum vér veita húsaleigunni viðtöku með fyrrgreindum fyrirvörum, en láta dómstóla skera úr því, hvort riftun samninga sé heimil. Óskast leigan greidd 1. hvers mánaðar fyrirfram, svo sem samningur segir til um."

Stefnandi höfðaði svo hina síðari framhaldssök. Hinn 21. marz 1963 ritaði stefnandi stefnda bréf, og segir þar svo:

„Stjórn Veggjar h/f hefur falið mér að skrifa yður út af reikningum þeim, að fjárhæð kr. 27.009.75, sem þér létuð félagið hafa til athugunar:

Það er rangt, að Veggur h/f hafi gefið yður húsaleigugreiðslukvittun fyrir reikningum þeim vegna húseignarinnar Skaftahlíð 24, sem þér afhentuð félaginu.

Hið rétta er, að félagið tók við þessum reikningum til athugunar, eins og kvittunin ber með sér.

Eins og yður er kunnugt, er Veggur h/f ekki einn eigandi að húseigninni, heldur einungis að 3/7 hlutum móti 4/7 hlutum, sem Lido á.

Áður en hægt er að taka afstöðu til reikninganna, þarf að fá svar frá Lido, og er það væntanlegt fyrir lok þessa mánaðar.

Verður yður þá tilkynnt, hvort og að hve miklu leyti Veggur h/f greiddi umrædda reikninga, en eftir því sem reikningarnir bera með sér, ber yður sem leigjanda húsnæðisins að greiða suma þeirra.

Rétt er, að undirritaður féllst á það, að leigugreiðsla fyrir einn mánuð mætti bíða þar til ákveðið yrði, hvort og að hve miklu leyti Veggur h/f greiddi umrædda reikninga. Var það gert í greiðaskyni við yður, þar sem álitið var, að það komi sér betur fyrir yður vegna fjárhagsörðugleika yðar.

Þar sem reikningarnir bera hins vegar með sér, að Vegg h/f ber ekki, nema að mjög litlu leyti, að greiða þá, er þess nú óskað, að þér greiðið húsaleigu fyrir þenna mánuð nú þegar, svo að komizt verði hjá frekari aðgerðum.

Varðandi greiðsludrátt yðar á húsaleigu fyrir febrúar og marz 1963, skal það enn einu sinni tekið fram, að dómstólar verða látnir skera úr því ágreiningsefni.

Að lokum er enn einu sinni skorað á yður að greiða nú þegar yðar hluta í aukavatnsskatti, sbr. bréf til yðar, dags. 8/11 1962."

Að lokum skrifaði stefnandi stefnda bréf hinn 14. október 1963, þar sem vakin er athygli á því, að enn einu sinni sé stefndi í vanskilum með greiðslu húsaleigunnar, þar sem hann hafi ekki enn greitt leigu fyrir októbermánuð 1963, sem átt hafi að greiða hinn 1. þ. m. Er stefnda jafnframt tilkynnt, að stefnandi áskilji sér allan rétt vegna þessara nýju vanefnda og að leigugreiðslum verði hér eftir sem hingað til veitt viðtaka með fyrirvörum vegna ítrekaðra vanefnda.

Kröfur stefnanda í aðalsök eru á því byggðar, að með því að greiða ekki leigu í sex mánuði hafi stefndi fyrirgert leiguréttí sínum og sé leigusamningurinn úr gildi fallinn fyrir vanskil. Ekki sé hægt að blanda saman leigu fyrir tímabilið 1. júní 1958 til 1. desember s. á. og leigu fyrir tímabilið 1. júní 1959 til 1. desember s. á. Leigu fyrir fyrra tímabilið hafi stefndi greitt skömmu eftir undirritun leigusamningsins, er hann hafi greitt húsaleigu fyrirfram fyrir fyrsta árið. Þá er því haldið fram, að stefndi hafi ekki orðið fyrir neinum töfum, vegna þess að húsnæðið hafi ekki verið afhent í umsömdu ástandi á réttum tíma, enda hafi óslitið verið haldið áfram framkvæmdum við innréttingar hússins, frá því stefndi hófst handa um það verk og þar til því var lokið. Er því haldið fram, að það, sem ógert hafi verið af hálfu stefnanda við húsnæðið hinn 1. júní 1958, hafi verið ógert, vegna þess að framkvæmdir og breytingar stefnda hafi staðið í vegi fyrir því. T. d. hafi ekki verið hægt að setja síðasta gluggarammann í fyrr en í desembermánuði, vegna þess að honum hafi þurft að breyta eftir fyrirsögn stefnda. Er því mótmælt, að húsnæðið hafi ekki verið komið í leigu-

hæft ástand fyrr en hinn 1. desember 1958, og á það bent, að stefnda hafi verið í lófa lagið að láta fara fram skoðunargerð á húsnæðinu hinn 1. júní 1958 til þess að láta staðreyna ástand þess og tilkynna síðan stefnanda, að hann mundi neita að greiða leigu. Er því haldið fram, að það, sem ógert kunni að hafa verið af hálfu stefnanda hinn 1. júní 1958, falli undir 5. gr. samnings aðiljanna. Þá er á það bent af hálfu stefnanda, að það hafi fyrst verið á aðalfundi Veggjar h/f í marzmánuði 1959, að því hafi verið hreyft munnlega, að óvarlegt væri að reikna með því, að stefndi mundi greiða húsaleigu frá 1. júní 1958. Það hafi svo ekki verið fyrr en hinn 8. apríl, sem stefndi hafi sent bréf það, sem rakið hefur verið hér að framan. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að krafa sú, sem fram kemur í þessu bréfi, sé of seint fram komin, enda hefði auðveldlega verið hægt að koma fyrir bráðabirgðaupphitun, ef því hefði verið hreyft í júnímánuði 1958, að húsaleiga yrði ekki greidd fyrr en hiti væri kominn í húsið. Þá er því að lokum haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi geti ekki í sambandi við greiðslu húsaleigu fyrir tímbilið 1. júní 1959 til 1. desember 1959 haft uppi kröfur vegna meintra vanefnda á árinu 1958.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að það hafi verið forsenda fyrir hinni fyrirframgreiddu húsaleigu, að stefnandi að sínu leyti stæði við samning þeirra aðiljanna. Þetta hafi stefnandi ekki gert, því hinn 1. júní 1958 hafi húsnæðið ekki verið fokhelt og að öðru leyti ekki í umsömdu ástandi, og hafi mikill dráttur orðið á, að svo yrði. Af þessum sökum hafi orðið tafir á framkvæmdum stefnda. Ekki hafi verið hægt að ljúka við múrhúðun, fyrr en búið hafi verið að setja í gluggavegginn á norðurhlið hússins, sem ekki hafi verið gert fyrr en löngu seinna, og hafi ekki verið hægt að hefja vinnu að fullu við innréttingar, fyrr en er hiti hafi verið kominn í húsnæðið í byrjun desembermánaðar. Rekstur verzlunarinnar hafi átt að hefjast í septembermánuði, en hafi ekki getað hafizt fyrr en í ársbyrjun 1959. Er því haldið fram, að þar sem húsnæðið hafi ekki verið komið í umsamið ástand fyrr en í desembermánuði 1958, beri stefnanda að reikna stefnda ekki leigu fyrir þann tíma.

Kröfur sínar í fyrri framhaldssök byggir stefnandi á því, að vanskil stefnda á greiðslu húsaleigu fyrir mánuðina marz og apríl séu svo veruleg, enda um ítrekuð vanskil að ræða, að heimilt sé að rifta samningi aðiljanna frá 5. febrúar 1958.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að frá því er greiðslur

hófust, hafi greiðslufyrirkomulag verið mjög frjálslegt og stundum greitt fyrir tvo mánuði í einu. Hafi þetta virzt gert með fullu samþykki stefnanda, sem aldrei hafi rukkað leiguna eða gengið eftir henni. Húsaleiguna fyrir marz og apríl 1962 hafi stefndi greitt strax og hann var krafinn, og sé því ekki um nein vanskil af hans hendi að ræða. Í þessu sambandi er því mótmælt af hálfu stefnda, að hann hafi fengið í hendur bréf þau, sem stefnandi ritaði 10. október og 6. nóvember 1961.

Kröfur stefnanda í hinni síðari framhaldssök eru á því byggðar, að með því að greiða ekki húsaleigu fyrir mánuðina febrúar og marz 1963 á réttum tíma og með tilliti til fyrri viðskipta þeirra aðiljanna og vanefnda stefnda, hafi stefndi vanefnt leigusamninginn svo verulega, að stefnanda sé heimilt að rifta samningnum. Er á það bent í þessu sambandi, að stefnda hafi verið um það kunnugt, að stefnandi ætlaðist til þess, að leigan yrði greidd nákvæmlega á réttum tíma.

Sýknukrafa stefnda í þessum þætti málsins er á því byggð, að það hafi aðeins verið fyrir misskilning, að leigan fyrir þessa mánuði var ekki greidd á réttum tíma. Stafi þetta af því, að stefndi hafi þurft að greiða reikning fyrir stefnanda bæði til þess að koma í veg fyrir vandræði í rekstri verzlunarinnar og til að firra stefnanda kostnaði, en strax og stefnandi hafi krafið um greiðsluna, hafi hún verið innt af hendi. Er því haldið fram, að hvernig sem á þetta verði litið, þá séu vanskil þessi svo óveruleg, að þau geti ekki valdið riftun á samningi, sem gerður hafi verið til 15 ára.

Fyrirsvarsmenn aðilja hafa gefið skýrslur fyrir dómi um gang mála. Einnig hafa ýmsir þeirra, sem unnu við bygginguna og ýmsar framkvæmdir í hinu leigða húsnæði, komið fyrir dóm sem vitni. Verða nú framburðir þessir raktir:

Björn Jónsson, einn af fyrirsvarsmönnum stefnanda, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að fyrir gluggaopið á norðurhlið hússins hafi verið settur skaraður timburveggur. Hann kveður það hafa orðið að samkomulagi milli leigutaka (stefnda) og stefnanda að bíða frekar eftir 1. flokks slípuðu gleri frá Vestur-Evrópu en setja í forhliðina Austur-Evrópugler, sem hann kveður vera óhæft í rúður fyrir verzlunarglugga. Hann kveður glugga- og hurðakarma hafa verið tilbúna fyrri hluta árs 1958, en ekki kveður hann þá hafa verið setta í, því þeir séu úr alúmíníum, og hafi hætta verið talin á, að þeir skemmdust, meðan unnið væri við múrverkið, en því hafi leigutaki ekki lokið fyrr en

seint um haustið. Björn kveður leigutaka hafa látið breyta fyrirkomulagi á gluggum og hurðum og setja nýja hurð fyrir sælgætissölu, og hafi þær breytingar ekki verið gerðar, fyrr en eftir að glerið kom, en það kveður Björn hafa komið 13. nóvember. Björn kveður breytingar þessar hafa tafið framkvæmd verksins um hálfan mánuð, eftir að glerið kom til landsins. Björn kveður karmana hafa verið setta upp, áður en glerið kom til landsins, nema þá, sem þurft hafi að breyta, og hafi glerið verið sett strax í, og hafi það ekki tekið nema nokkra daga. Björn kveður múrhúðun verzlunarhæðarinnar hafa dregizt fram á haust, þrátt fyrir einmunatíð, og hafi ekki verið hægt að ganga fyllilega frá hitalögninni, fyrr en búið hafi verið að múrhúða. Hins vegar kveður Björn leigutaka aldrei hafa kvartað yfir því, að hita vantaði í húsið, enda hafi alltaf verið unnið stanzlaust í því, og ekki hafi komið fram í viðræðum við forráðamenn leigutaka, að hitaleysi stæði í vegi fyrir framkvæmdum. Kveður Björn ekkert hafa verið auðveldara fyrir stefnda en að bæta úr því með bráðabirgðaolíukyndingu eða á annan hátt. Björn kveður önnur atriði, sem fram hafi komið af hálfu stefnda, vera slík, að þau hafi á engan hátt staðið í vegi fyrir framkvæmdum stefnda.

Sigurður Magnússon, framkvæmdastjóri stefnda, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að stefndi hafi hafið framkvæmdir við innréttingar hins leigða húsnæðis á tímabilinu marz—apríl 1958, og hafi sú vinna eingöngu verið fólgin í múrhúðun. Þessum framkvæmdum kveður hann hafa verið lokið um miðjan júnímánuð, nema að því leyti sem ekki hafi verið hægt að múrhúða næst gluggum og hurðum á norðurvegg hússins, en ísetning þeirra hafði þá ekki enn farið fram. Frá því í júní og þar til í desember sama ár kveður Sigurður ekkert hafa verið unnið í húsnæðinu, nema við múrverk og múrbrot. Sigurður segir, að um vorið hafi samningar verið gerðir við Kaupfélag Árnesinga um smíði á innréttingu í kjörbúðina, er skyldi vera tilbúin til afhendingar um miðjan júlímánuð, sem og hafi orðið. Hafi ætlun stefnda verið að hefja áframhaldandi framkvæmdir við innréttingar strax að loknu múrverki, og hafi þar verið um að ræða ídrátt í rafmagnsrör, smíði á innihurðum og körmum, sólbekkjum, milliveggjum, fölsku lofti o. fl., og hafi verið pantaðir iðnaðarmenn til þessara starfa strax um vorið. Ekkert hafi þó reynzt unnt að framkvæma á tilskildum tíma, þar sem þá hafi vantað alla norðurhlið hússins, glugga og hurðir, og hita-

lögn hafi heldur ekki verið komin. Sigurður kveður á þessum tíma mótatimbri hafa verið hróflað upp fyrir norðurhlið hússins, og kveður hann það hafa verið álit fagmanna, að frágangssök væri að framkvæma innivinnu, á meðan svo var. Sigurður kveðst hafa stungið upp á því að setja texplötur í norðurhliðina í stað glers, en húsameistarinn hafi talið á því alla vankanta, er framkvæmdastjóri stefnanda hafi borið þetta undir hann. Ekki kveðst Sigurður hafa farið þess á leit við stefnanda á tímabilinu júní—desember 1958 að fá bráðabirgðaupphitun í húsnæðið, enda hafi alltaf verið sagt af hálfu Glófaxa s/f, sem átt hafi að annazt hitalagnir, svo og af hálfu stefnanda sjálfs, að kyndingin væri rétt aðeins ókomin. Sigurður kveður svo ísetningu norðurveggjarins og uppsetningu hitakerfisins ekki hafa verið lokið fyrr en í byrjun desembermánaðar, og þá hafi strax verið hafizt handa af hálfu stefnda. Sigurður kveður aðra vinnu við innréttingar að sjálfsögðu hafa tafizt um jafnlangan tíma, svo sem málningu, dúklagningu, uppsetningu ljósastæða og þess háttar. Sigurður kveður það hafa verið sameiginlegt álit allra viðkomandi að setja ekki Austur-Evrópugler í framhlið húsnæðisins, en bíða heldur eftir betra gleri. Hann kveður það óhugsandi, að breytingar þær, sem gerðar voru að undirlagi stefnda, hafi á neinn hátt heft stefnanda í þeim framkvæmdum, sem honum hafi borið að inna af hendi. Sigurður kveðst alltaf öðru hvoru sumarið 1958 og síðar hafa átt viðræður við framkvæmdastjóra stefnanda um seinagang framkvæmdanna og kveðst hafa farið með honum m. a. í verksmiðju Rafha h/f til að ræða við verkstjórann þar um fljótari afhendingu á gluggum og hurðum, er þar var smíðað, svo og til að taka mál af glerjum í gluggana, en það hafi átt eftir að panta erlendis frá. Jafnframt kveður Sigurður sér kunnugt um, að framkvæmdastjóri stefnanda hafi gert margendurteknar tilraunir síðla sumars 1958 til að flýta smíði upphitunarkerfis, en smíði ýmissa hluta í það, eins og t. d. blásara, kveður hann hafi dregizt mikið. Sigurður kveður kælikerfi hafa verið sett upp á tímabilinu 3. desember 1958 til 6. febrúar 1959. Hins vegar hafi kæliklefar verið settir upp í byrjun desembermánaðar 1958. Lyftur kveður hann hafa verið smíðaðar hjá fyrirtækinu J. Rönning á mánuðunum júlí—nóvember 1958, en uppsetningu þeirra kveður hann hafa farið fram í desembermánuði 1958 og í janúar—febrúar 1959. Hann kveður Guðmund Finnbogason hafa annazt skolplagnir og vatnslagnir og kveður reikninga hans dagsetta

á tímabilinu desember 1958, janúar og febrúar 1959. Sigurður kveður fund þann, sem haldinn var 6. október 1958, líklega hafa verið haldinn að sinni ósk, og hafi hann þar borið fram eindregnar kvartanir, viðvíkjandi framhlið hússins og ýmsum fleiri atriðum.

Vitnið Ólafur Ásmundsson trésmíðameistari kveðst hafa verið verkstjóri við að steypa upp húsið, uppsetningu á norðurhlið neðri hæðar hússins, auk þess sem það kveðst hafa séð um uppslátt og annan undirbúning á þaki undir aluminiumklæðningu. Vitnið kveður bráðabirgðabyrgingu á norðurhlið húsnæðisins hafa verið framkvæmda fyrir 1. júní 1958. Kveður það þetta hafa verið þannig gert, að slegið hafi verið upp grind fyrir framan norðurhliðina, um 1.5—2 m að neðan frá húshliðinni. Á grind þessa hafi verið sléttklætt með 1" borðum, og hafi klæðningin náð upp fyrir verzlunargluggana, sem þá hafi verið eitt op. Ekki telur vitnið, að klæðning þessi hafi verið vindheld, en það langt frá húsinu, að rigningarvatn ætti ekki að hafa náð inn á gólf hússins. Ekki kveðst vitnið muna, hvernig gengið hafi verið frá byrginu að ofan, en kveðst þó muna, að það hafi verið klætt timbri, en ekki hvort pappi eða járn hafi verið notað við byrgið. Vitnið kveður byrgi þetta sem byggingu hvorki hafa haldið vatni né vindi.

Vitnið Skarphéðinn Jóhannsson húsameistari, sem var húsameistari að umræddri byggingu, hefur skýrt svo frá, að í marzmánuði 1958 hafi gluggarammarnir í forhlið húsnæðisins verið tilbúnir hjá Málmgluggum h/f, en vegna þess að múrvinna innanhúss hafi ekki verið byrjuð, hafi verið ógerningur að setja rammana í, þar sem slíkir rammar séu aldrei settir í, fyrr en múrvinnu sé lokið. Kveður hann rammana síðan hafa legið hjá framleiðendum allt sumarið, en um haustið hafi verið gerðar á þeim breytingar eftir fyrirsögn stefnda. Fyrir hinn 1. júní 1958 kveður vitnið verzlunarhæð hússins hafa verið gerða fokhelda á þann hátt, að byrgt hafi verið fyrir forhlið hennar með borðklæðningu, eins og venja sé, en samkvæmt því, sem áður segir, hafi gluggarammar verið ósettir í. Eftir að leigusamningur var gerður um húsnæðið, kveður vitnið forráðamann leigutaka, Sigurð Magnússon, hafa haft samband við sig um innréttingu húsnæðisins. Kveðst vitnið hafa gert frumdrög að skipulagi verzlana í hæðinni í samræmi við það, sem alltaf hafi verið ráð fyrir gert af leigusala. Teikningar þessar hafi svo legið tilbúnar á skrifstofu vitnisins í júnímánuði 1958, en vegna

þess að þær hafi ekki verið sóttar, kveðst vitnið hafa sent Sigurði Magnússyni þær um 20. júní. Um þetta leyti kveðst vitnið hafa orðið þess vart, að byrjað hafi verið að setja upp skilrúmsveggi úr vikri í verzlunarhæðina án samráðs við sig. Kveður vitnið þessar framkvæmdir algerlega hafa brotið í bága við það, sem fyrirhugað hafi verið og sjálfsagt hafi verið talið, þ. e. að verzlunarhæðin yrði ein samstæð heild, þannig að skilrúmsveggir yrðu byggðir á þann hátt, að auðvelt yrði að færa þá til, ef breyta þyrfti fyrirkomulagi verzlana síðar, og af sömu ástæðu, að múrlögn í gólfi væri gerð sem ein heild fyrir allt húsið. Vitnið kveðst ekki sjálft hafa kynnt sér ástand hússins hinn 1. júní 1958 og því ekki vitað, hvernig upphitun þess hafi verið háttað þann dag, og ekki heldur, hvert rakastig húsnæðisins hafi verið. Vitnið kveður það ekki venju að flytja lausar innréttingar í verzlunarhúsnæði, fyrr en gengið sé fullkomlega frá húsnæðinu. Kveðst vitnið ekki telja forsvaranlegt að flytja viðarinnréttingar í húsnæði, fyrr en nægjanleg upphitun sé komin og rakastig sé ekki of hátt. Vitnið kveðst ekki telja, að framkvæmdir við innréttingar verzlunarhæðarinnar hafi tafizt vegna þess, sem ólokið var hinn 1. júní 1958.

Vitnið Hallgrímur Magnússon hefur skýrt svo frá, að það hafi tekið að sér fyrir stefnda múrverk á 1. hæð og kjallara umrædds húsnæðis sumarið 1958. Kveður vitnið byrjað hafa verið á verkinu hinn 9. júní og unnið við múrverkið á hæðinni til 15. ágúst, að því er vitnið minnir, en þá hafi verið lagt í gólfið á hæðinni. Í septembermánuði kveður vitnið byrjað hafa verið á múrverki í kjallara og lagt í gólfið þar hinn 20. nóvember. Fínpússningu á hæðinni kveður vitnið ekki hafa verið lokið, fyrr en hiti hafi verið kominn í húsið, sem vitnið minnir að hafi verið í nóvember, þó verið geti, að það hafi ekki verið fyrr en í desembermánuði, en þá hafi gluggarnir verið settir í forhlið verzlunarinnar. Vitnið kveður aðstöðu til vinnu hafa verið slæma, áður en gluggahliðin hafi verið sett í, því rignt hafi inn, og hafi tréflekar þeir, sem settir hafi verið í hliðina til bráðabirgða, gefið sig af ýmsum ástæðum. Kveður vitnið því alls ekki hafa verið forsvaranlegt að hefja vinnu við venjulega verzlunarinnréttingu úr viði, fyrr en hiti hafi verið kominn á og hliðinni lokað. Vitnið kveðst nokkrum sinnum hafa kvartað við Sigurð Magnússon um vonda aðstöðu við vinnu, en Sigurður hafi svarað því til, að glerið og hitinn væri á leiðinni.

Vitnið Pétur Pálsson verkfræðingur hefur skýrt svo frá, að skrifstofa þess hafi annazt allar teikningar hitakerfis umrædds húss. Kveður vitnið skrifstofuna í upphafi hafa haft samstarf við húsameistara hússins um teikningar þessar. Áður en skrifstofan lauk við fullnaðarteikningar af hitakerfinu, kveður vitnið teikningar húsameistara af gólfplani verzlunarhæðarinnar hafa legið fyrir. Vitnið kveður skrifstofu þess hafa haft eftitrlit með uppsetningu hitakerfisins, sem Blikksmiðjan Glófaxi hafi framkvæmt. Vitnið kveður sig minna, að um mitt sumar 1958 hafi samkomulag milli skrifstofu þess og framkvæmdastjóra stefnda rofnað vegna þess, að hann lagði ekki til grundvallar við innréttinguna teikningar, sem fyrir lágu, og hafi framkvæmdastjórinn engar nýjar teikningar lagt fram. Vitnið kveðst hafa talið, að skrifstofa þess hefði ekkert vald til að koma í veg fyrir breytingar, sem framkvæmdastjórinn gerði á lögninni, og hafi kerfið því verið lagt samkvæmt gerðum teikningum. Vitnið kveður breytingar á hólfum húsnæðisins ekki hafa haft mikil áhrif á innblástur heita loftsins inn í verzlunarhæðina, en breytingarnar hafi hins vegar haft í för með sér, að breyta hafi þurft útsogskerfinu. Vitnið kveður það mjög áhættusamt að ganga frá aðalæðum og hitakerfinu í heild, áður en búið sé að ákveða skipulag verzlunarsvæðisins, þ. e. áður en búið sé að ákveða, hvaða hluta þess eigi að nota sem mjólkurbúð, fiskbúð o. s. frv. Það er álit vitnisins, að rétt hefði verið að breyta stofngreinunum og útsogskerfi, miðað við skipulag það, sem varð í framkvæmdinni á verzlunarhæðinni. Vitnið kveður, að strax í upphafi hafi verið hægt, að áliti þess, að ganga frá ketilhúsi, og hafi engar breytingar verið nauðsynlegar á því, miðað við niðurröðun húsnæðisins. Vitnið kveður það mjög óheppilegt að setja slíkt kerfi, sem hér um ræðir, í gang, á meðan verið sé að vinna að múrverki, vegna þeirra óhreininda, sem kerfið hefur tilhneigingu til að draga til sín. Kveðst vitnið mundu hafa ráðlagt bráðabirgðahitun frekar en að nota kerfið, ef um það hefði verið að ræða að fá hita í húsnæðið, á meðan á múrverki stóð. Vitnið kveður Sigurð Magnússon, framkvæmdastjóra stefnda, ekki hafa haft samráð við sig eða tilkynnt sér um breytingu á niðurhólfun húsnæðisins, enda kveðst vitnið aðeins hafa talið sér skylt að hafa samráð við húsameistara hússins, og því hafi engir árekstrar orðið milli þess og framkvæmdastjórans út af þessu verki.

Samkvæmt samningi, dags. hinn 4. marz 1958, tók Blikksmiðjan Glófaxi að sér alla blikksmíðavinnu við lofthitunar-

og loftræstikerfi í 1. hæð umræddrar byggingar, þ. e. húsnæði því, sem stefndi tók á leigu af stefnanda. Einnig tók blikksmiðjan að sér að leggja alumíníum á þak hússins svo og smíði og uppsetningu á þakrennum og böndum. Skyldi verkinu vera lokið eigi síðar en hinn 15. maí 1958, nema óviðráðanleg atvik hömluðu því, svo sem óhagstætt veður við þakvinnu.

Vitnið Benedikt Ólafsson, annar eigandi Blikksmiðjunnar Glófaxa, hefur skýrt svo frá, að hinn 5. marz 1958 hafi vinna verið hafin við smíði og uppsetningu á lofthitunarleiðslum í húsnæðið, og hinn 26. marz hafi verið hafinn undirbúningur að þakklæðningu. Vitnið kveður hluta af aðallögninni hafa verið á norðurvegg undir lofti á kjallara, og hafi rignt þarna inn. Kveðst vitnið hafa sagt Birni Jónssyni, stjórnarformanni stefnanda, að það væri óráð að setja upp þenna hluta aðallagnarinnar, það mundi komast í hann bleyta og óhreinindi, og mundi þá þurfa að taka lögnina niður aftur og hreinsa hana. Vitnið segir, að leggja hefði mátt aðallögnina með norðurveggnum, áður en búið hafi verið að leggja í gólfið í verzlunarhæðinni, en það hefði þá kostað aukabúnað, þ. e. ganga hefði þurft frá stútunum, þannig að vatn og múr hefði ekki runnið ofan í þá. Vitnið kveður unnið hafa verið við lögnina fram undir áramót, en ekki kveðst það muna nákvæmlega, hve lengi. Vitnið gerir ráð fyrir, að verkinu hafi ekki verið lokið á þeim tíma, sem ákveðinn var í samningi blikksmiðjunnar og stefnanda. Það kveður þetta ekki hafa stafað af ástæðum, sem hafi verið blikksmiðjunni að kenna, heldur hafi það meðal annars stafað af því, að rignt hafi inn með norðurhliðinni. Kveðst vitnið ekki muna eftir öðrum ástæðum, sem valdið hafi því, að dráttur hafi orðið á verkinu. Vitnið kveður blikksmiðjuna hafa pantað hitaelement og blásara, enda hafi það verið innifalið í tilboði blikksmiðjunnar. Það kveður hitaelementið hafi verið komið á staðinn í ágúst og blásara í september.

Vitnið Björgvin Ingibergsson, meðeigandi Blikksmiðjunnar Glófaxa, hefur skýrt svo frá, að það hafi séð um uppsetningu lofthitunarkerfisins í umrætt húsnæði, að undanteknum pípulögnum og hitakatli. Vitnið kveður blikksmiðjuna ekki hafa lokið verkinu fyrir tíma þann, sem tiltekinn hafi verið í tilboði blikksmiðjunnar. Kveður vitnið samkomulag hafa orðið milli stefnanda og blikksmiðjunnar um, að frestað yrði að setja upp hitastokkana, þar sem hvorki hafi verið búið að loka húsinu né ljúka við að leggja í gólfið. Ekki man vitnið, hvenær sam-

komulag þetta var gert. Vitnið segir, að breytingar, sem gerðar hafi verið á útblástursgrein (retur), hafi verið framkvæmdar, eftir að verzlun var hafin í húsnæðinu. Vitnið kveður þó ekki hafa verið búið að leggja útblástursgreinina samkvæmt upphaflegum teikningum, þegar breytingar þessar voru ákveðnar.

Það er ljóst samkvæmt samningi aðiljanna, að leiga fyrir hið leigða húsnæði skyldi greiðast frá 1. júní 1958, eitt ár fyrirfram, og greiddi stefndi leigu í samræmi við það. Verður að telja, að upphafstími leigugreiðslna svo og greiðslumáti hafi verið við það miðaður, að húsnæðið væri afhent í umsömdu ástandi þann dag í samræmi við ákvæði 4. gr. samnings aðiljanna, nema óviðráðanleg atvik hömluðu, sbr. 5. gr. samningsins. Eins og áður er rakið, ritaði stefnandi stefnda bréf hinn 20. maí 1958 og tilkynnti, að húsnæðið væri tilbúið til afhendingar, en jafnframt var bent á, að óráðlegt væri að koma fyrir glugga- og hurðakörmum, fyrr en múrvinnu innanhúss væri lokið, þar eð þeir gætu að öðrum kosti orðið fyrir skemmdum. Einnig var tekið fram, að gengið yrði frá lóð, þegar hægt yrði að fjarlægja vinnupalla, sem verið væri að nota við efri hæð hússins. Af hálfu stefnda var bréfi þessu svarað með bréfi, dags. hinn 16. júní, sem áður er rakið. Er þar bent á m. a., að ekki hafi enn verið gengið frá hitalögnum og loftræstingu. Ekki kemur fram, að bréfi þessu hafi verið svarað eða sérstök afstaða hafi af hálfu stefnanda verið tekin til atriða þeirra, sem þar koma fram. Það er fram komið, að í byrjun októbermánaðar 1958 hafi fyrirsvarsmenn aðilja komið saman á fund að beiðni fyrirsvarsmanns stefnda til viðræðna um ágreiningsatriði, sem upp höfðu komið, en ekki er þó fram komið, hvaða atriði þetta voru. Í bréfi því, sem stefndi ritaði stefnanda hinn 8. apríl 1959, er bent á, að ekki geti staðizt að reikna stefnda húsaleigu fyrir húsnæðið frá 1. júní 1958, þar sem tafir hafi orðið á, að húsnæðið kæmist í umsamið ástand, og af þeim sökum hafi orðið tafir á, að stefndi gæti hafizt handa um innréttingar húsnæðisins, sem hann átti að sjá um. Samkvæmt framburði Hallgríms Magnússonar múrarameistara var byrjað á múrverki í húsnæðinu hinn 9. júní 1958 og unnið á verzlunarhæðinni til 15. ágúst, er lagt var í gólfið. Í septembermánuði var svo byrjað í kjallara og lagt í gólfið þar hinn 20. nóvember. Það er fram komið, að samkomulag hafi orðið um það með fyrirsvarsmönnum aðilja að fá gler frá Vestur-Evrópu í rúður verzlunarhæðarinnar, en þar sem sækja þurfti um innflutnings-

leyfi fyrir því, hafði það í för með sér töf á því, að það væri sett í. Verður að telja, að dráttur sá, sem af þessum sökum hafi orðið á, að glerið var sett í, hafi orðið með vitund og samþykki stefnda. Af þessu þykir leiða, að stefndi geti ekki byggt varnarástæður sínar í aðalsök á því, að dráttur hafi orðið á, að glugga- og hurðarammar væru settir í aðalhlið verzlunarhúsnæðisins. Er og á það að líta í þessu sambandi, að síðla árs 1958 var gerð breyting á römmum þessum að frumkvæði stefnda. Samkvæmt bréfi stefnda frá 16. júní 1958 er m. a. á það bent, að húsið hafi ekki verið málað að utan, ekki hafi verið gengið frá þakrennum, og hurðir á bakhlið hússins og vöruinntaksop hafi ekki verið í nothæfu ástandi. Ekki kemur þó fram, að stefndi byggi varnarástæðu sína á þessum atriðum, enda skipta þau litlu eða engu máli um framkvæmdir við innréttingar verzlunarhúsnæðisins. Í bréfi stefnda frá 16. júní 1958 er á það bent, að ekki hafi verið gengið frá hitalögnum og loftræstingu. Er því haldið fram af hálfu stefnda og hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, að lofthitunarkerfið í húsnæðinu hafi ekki verið komið í nothæft ástand fyrr en í desembermánuði 1958. Það kann að vera, að nokkrir annmarkar hafi verið á því, að ganga að fullu frá lofthitunarkerfi húsnæðisins, áður en múrhúðun þess var nokkuð á veg komin. Af framburðum Ólafs Ásmundssonar, Benedikts Ólafssonar, Björgvins Ingibergssonar og Hallgríms Magnússonar verður þó að telja ljóst, að frágangi bráðabirgðabyggingar aðalhliðar húsnæðisins hafi verið áfátt og það hafi m. a. verið orsök þess, að lofthitunarkerfið komst ekki fyrr í nothæft ástand. Þá er einnig fram komið, að hitaelement var ekki komið í húsið fyrr en í ágústmánuði og blásari í september. Verður að telja, að dráttur sá, sem á því varð, að lofthitunarkerfið kæmist í nothæft ástand, hafi valdið nokkrum töfum á framkvæmdum þeim, sem stefndi átti að annast, m. a. framkvæmdum við innréttingar úr viði, enda er varhugavert að flytja slíkar innréttingar í húsnæðið, fyrr en fullnægjandi upphitun er komin í húsnæðið og rakastig þess ekki of hátt. Af hálfu stefnanda hafa ekki verið færð að því rök, að tafir þessar falli undir 5. gr. samnings aðiljanna. Að þessu athuguðu verður að telja, að nokkrar vanefndir hafi orðið á því af hálfu stefnanda, að húsnæðið væri afhent í umsömdu ástandi. Þykir því stefndi hafa átt rétt á nokkrum afslætti á húsaleigu fyrir tímabil það, sem hin fyrirframgreidda leiga nær til. Eins og áður er rakið, var bent á það í bréfi stefnda hinn 16. júní 1958, að hitakerfi

húsnæðisins væri ekki komið í umsamið ástand, og einnig var bent á vanefndir þær, sem orðið höfðu, varðandi þetta atriði, í bréfi stefnda hinn 8. apríl 1959. Verður að telja, eins og öllum atvikum var háttað, að stefndi hafi ekki fyrirgert rétti til að krefjast afsláttar í húsaleigunni. Eftir öllum atvikum þykir sanngjarnt, að stefndi eigi rétt á afslætti af húsaleigu tímabilið 1. júní 1958 til 1. desember s. á., sem nemur þriggja mánaða húsaleigu eða kr. 66.000.00. Stefndi hafði við samningsgerð aðiljanna greitt húsaleigu fyrirfram í eitt ár, til 1. júní 1959. Verður samkvæmt þessu talið, að stefndi eigi ógreidda húsaleigu fyrir þrjá mánuði ársins 1959 eða samtals kr. 66.000.00, sem honum verður gert að greiða stefnanda. Samkvæmt samningi aðiljanna var leigutímabilið 15 ár með rétti til forleigu og forkaupsrétti að hinu leigða húsnæði. Samkvæmt 6. gr. samningsins skyldi stefndi taka að sér að fullgera og innrétta hið leigða húsnæði, og verður stefnandi eigandi innréttinganna endurgjaldslaust, að leigutímanum loknum, þó með nokkrum verulegum undantekningum. Með hliðsjón af þessum atriðum þykir dráttur sá, er orðið hefur af hálfu stefnda á greiðslu hinnar umkröfðu húsaleigu, ekki svo verulegur, að taka beri riftunarkröfu stefnanda í aðalsök til greina, enda verður að telja, að réttmætur vafi hafi leikið á um skyldu stefnda til að greiða alla hina umkröfðu húsaleigu. Það verður að telja ósannað gegn andmælum stefnda, að hann hafi fengið bréf þau, sem stefnandi ritaði 10. október og 6. nóvember 1961. Stefndi greiddi leigu fyrir mánuðina marz og apríl 1962 ekki fyrr en hinn 9. apríl, eftir að hann hafði verið krafinn um greiðslu af stefnanda. Með hliðsjón af samningi aðiljanna frá 5. febrúar 1958 þykir greiðsludráttur þessi ekki svo verulegur, að hann út af fyrir sig eða með hliðsjón af ágreiningsmálum aðiljanna fyrir þann tíma eigi að valda því, að riftunarkrafa stefnanda í fyrri framhaldssök verði tekin til greina. Stefndi greiddi leigu fyrir mánuðina febrúar og marz 1963 ekki fyrr en hinn 19. marz þ. á., eftir að hann hafði verið krafinn um greiðslu. Hér er að vísu um ítrekaðan greiðsludrátt að ræða af hálfu stefnda, en með hliðsjón af samningi aðiljanna frá 5. febrúar 1958 þykir greiðsludráttur þessi út af fyrir sig eða með hliðsjón af fyrri skiptum aðiljanna ekki alveg nægileg ástæða til þess, að riftunarkrafa stefnanda í síðari framhaldssök verði tekin til greina.

Samkvæmt þessu verða úrslit aðalsakar og framhaldssaka þau, að stefndi verður sýknaður af riftunarkröfum stefnanda,

en stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 66.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1959 til 22. febrúar 1960, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í málinu í heild, sem ákveðst kr. 13.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Einari Sveinssyni múrarameistara og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Austurver h/f, skal vera sýkn af riftunarkröfum stefnanda, Veggjar h/f, í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda kr. 66.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1959 til 22. febrúar 1960, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. maí 1965.

Nr. 211/1964. **Gunnólfur Sigurjónsson**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Jónasi Guðmundssyni
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Kaup og sala. Riftun kaups og endurgreiðsla kaupverðs.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1964. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara, að honum verði aðeins gert að greiða stefnda skaðabætur, ekki yfir kr. 18.000.00. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Atvik máls þessa eru ýtarlega rakin í héraðsdómi. Þar er því lýst, að vél bifreiðarinnar R 7338 var úrbrædd, þegar Sverrir Sigurjónsson, bróðir áfrýjanda, keypti bifreiðina af Sölunefnd varnarliðseigna hinn 9. marz 1959. Var Sverri þá kunnugt um þenna galla á bifreiðinni. Ekki fól hann þó bifreiðaverkstæði að annast viðgerð á vélinni, heldur fékk til þess mann, sem ekki var iðnlærður bifvélavirki. Kveðst Sverrir hafa aðstoðað mann þenna við viðgerðina. Leitt er í ljós, að aðgerð sú, sem umræddur maður og Sverrir framkvæmdu á vélinni, var aðeins mjög ófullkomin bráðabirgðaviðgerð. Áfrýjandi kveðst hafa keypt bifreiðina þannig á sig komna af Sverri bróður sínum um áramótin 1959—1960. Hinn 17. febrúar 1960 seldi hann svo stefnda bifreiðina. Þegar sú sala fór fram, skýrði áfrýjandi að sjálfs sín sögn stefnda frá því, „að mótorinn í bílnum hefði brætt úr sér, en búið væri að gera við hann“ og nú væri „bifreiðin í ágætu lagi“.

Samkvæmt því, sem greint hefur verið hér að framan, var ásigkomulag bifreiðarinnar ekki í samræmi við lýsingu áfrýjanda á henni við söluna. Telja verður, eins og gert er í héraðsdómi, að umræddur galli á bifreiðinni hafi verið það veigamikill, að til riftunar á kaupunum mátti leiða samkvæmt 1. málsgr. 42. gr. laga nr. 39/1922, enda var gallanum þannig háttað, að þess var ekki að vænta, að stefndi yrði hans var við venjulega skoðun, sbr. 47. gr. sömu laga. Af hálfu stefnda er því lýst, að gallans hafi orðið vart í aprílmánuði 1960, og hafi kvörtunum um gallann og riftunarkrafa verið borin upp við áfrýjanda í þeim sama mánuði. Hefur áfrýjandi við þetta kannazt. Samkvæmt því hefur stefndi borið fyrir sig í tæka tíð, að bifreiðinni væri ábótavant, sbr. 52. gr. laga nr. 39/1922.

Með skírskotun til þess, sem hér að framan var greint, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnólfur Sigurjónsson, greiði stefnda, Jónasi Guðmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. desember 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 4. þ. m., hefur Jónas Guðmundsson tollþjónn, Reykjavík, höfðað með stefnu, birtri 27/2 1962, gegn Gunnólfi Sigurjónssyni, Sólvallagötu 45, Reykjavík, aðallega til að fá hann dæmdan til að þola riftingu á kaupum á Mercedes-Benz bifreið, árgerð 1955, skrásettri sem R 7338, er hann keypti af stefnda 17/2 1960, og til endurgreiðslu á kaupverði hennar, kr. 140.000.00, þannig að stefnandi fái endurgreiddar í peningum kr. 90.000.00 með 9% ársvöxtum frá 17/2 1960 til greiðsludags, svo og að honum verði afhent að kostnaðarlausu kvittað skuldabréf það, að eftirstöðvum kr. 60.000.00, sem stefnandi gaf út í sambandi við kaup nefndrar bifreiðar.

Til vara krefst stefnandi þess, að fá greiddar kr. 80.000.00 í skaðabætur með 9% ársvöxtum frá 17/2 1960 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi í báðum tilfellum málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefndi þá varakröfu, að honum yrði einungis gert að greiða stefnanda skaðabætur, er næmu viðgerðarkostnaði á hreyfli bifreiðarinnar, R 7338. Í báðum tilfellum krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Samkomulag er með málsaðiljum að ganga fram hjá sáttanefnd í máli þessu, og sáttatilraunir hér fyrir dóminum hafa eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Hinn 9. marz 1959 seldi Sölunefnd varnarliðseigna f. h. Viðskiptamálaráðuneytisins bróður stefnda, Sverri Sigurjónssyni rafvirkja, Sólvallagötu 46, hér í bæ, bifreið af gerðinni Mercedes-

Benz 300 frá árinu 1955 á kr. 136.000.00, og hinn 2. maí sama ár var bifreiðin skráð sem R 7338 á nafn Sverris í bifreiðaskrá Reykjavíkur.

Vél bifreiðarinnar var úrbrædd, þegar Sverrir festi kaup á henni, og kveður hann, að svo hafi verið á þremur stimpilstangarlegum, en hann hafði ekki orðið var við aðra galla á vélinni.

Sverrir fékk Símon Gunnlaugsson Melsted rafvélavirkja, Rauðarárstíg 3, hér í bæ, til að gera við vél bifreiðarinnar, og aðstoðaði Sverrir hann við viðgerðina. Fór hún fram í bifreiðaskúr við Fornhaga 20, hér í bæ, skömmu eftir að Sverrir eignaðist bifreiðina.

Símon hefur ekki réttindi bifvélavirkja, en rafvélavirkja, og kveðst hann hafa stundað nokkuð í hjáverkum viðgerðir bifreiða, einkum véla þeirra. Hann kveðst hafa tekið vél fyrrgreindrar bifreiðar í sundur, og hafi þá komið í ljós, að tvær eða þrjár legur hennar voru úrbræddar. Ályktuðu þeir Sverrir, að bifreiðinni hefði verið ekið olíulausri. Kveðst Símon hafa leitað upplýsinga hjá skólabróður sínum, Trausta Þorleifssyni bifvélavirkja, Einholti 7, hér í bæ, sem lært hefur hjá Þóri Jónssyni bifvélavirkja, hér í bæ, um viðgerð vélarinnar og farið til hans með mælingu af sveifarásnum til athugunar á því, hvort myndi þurfa að renna hann. Símon kveðst ekki muna, hvernig orð féllu milli þeirra, þegar þeir ræddu málið, en niðurstaðan varð sú, að hann renndi ekki sveifarásinn, heldur þrengdi legurnar. Segir hann, að legurnar hafi verið úrbræddar þannig, að hvítmálmslagið var brætt úr, og undir því var koparlag, og hreinsaði hann það upp og felldi að sveifarásnum, þannig að legan var notuð sem koparlega. Símon kveður, að Trausti hafi ekki skoðað bifreiðina, og hafi hann ekkert fylgzt með viðgerð hans á vél hennar.

Trausti Þorleifsson kveðst hafa lært bifvélavirkjun hjá nefndum Þóri Jónssyni, og eftir að hann lauk prófi í þeirri grein í júní árið 1959, kveðst hann hafa unnið um nokkurn tíma sem bifvélavirki hjá vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co. Á þeim tíma hefði fyrrgreindur Símon, sem er kunningi hans, komið til hans og sagt honum frá því, að hann væri að gera við vél úr Mercedes-Benz bifreið, og leitað álits hans um viðgerð á vél þeirri, sem legubakkinn var úr. Kveður Trausti, að lega sú, sem Símon sýndi honum, hafi ekki verið úrbrædd, og hafi hún virzt vera að öllu leyti í lagi. Símon hafi spurt hann að því, hvort

hann ætti að hafa leguna lausa eða stífa utan um sveifarásinn, og hafi hann ráðlagt Símon að hafa hana fremur lausa. Trausti kveðst hvorki hafa séð umrædda bifreið né sveifarás hennar. Trausta minnir, að hann hafi atyrt Símon fyrir að vera að „fúska" við svona viðgerð, þar eð hann væri ekki bifvélavirki, heldur rafvirki, en Símon kveðst ekki minnast þessa.

Símon Gunnlaugsson Melsted kveður, að viðgerðin á vél bifreiðarinnar hafi getað talizt fullnægjandi, og Sverrir Sigurjónsson kveður, að bifreiðin hafi síðan virzt vera í ágætu lagi og verið í stöðugri notkun.

Nokkru fyrir eða um áramótin 1959—1960 seldi Sverrir bróður sínum, stefnda Gunnólfi Sigurjónssyni, bifreiðina fyrir liðlega það verð, sem Sverrir hafði keypt bifreiðina á, en sala þessi var ekki tilkynnt til yfirvalda. Stefndi kveður, að bifreiðin hafi þá verið í góðu lagi.

Í febrúar 1960 vildi stefndi selja bifreiðina og sneri sér af því tilefni til Litlu bílasölunnar í Tjarnargötu 5, hér í bæ. Jónas Guðmundsson tollvörður, Ránargötu 32, hér í bæ, sá bifreiðina þar, en hann hafði hug á bifreiðakaupum. Sýndi stefndi honum síðan bifreiðina, og varð úr, að Jónas keypti hana hinn 17. febrúar og fékk afsal fyrir henni, sem Sverrir Sigurjónsson var áður búinn að undirrita til notkunar fyrir stefnda. Kaupverð bifreiðarinnar var kr. 140.000.00, og greiddi Jónas út í reiðufé kr. 60.000.00, en fyrir eftirstöðvunum, kr. 80.000.00, gaf hann út skuldabréf.

Jónasi og eiginkonu hans, Edith Camillu Guðmundsson, sem aðstoðaði hann við kaup bifreiðarinnar, ber ekki saman við stefnda um atvik að bifreiðarkaupunum, og þykir því gleggst að rekja framburð hvers aðilja sérstaklega.

Jónas Guðmundsson og kona hans, Edith Camilla, bera, að þau hafi skoðað bifreiðina hinn 16. febrúar og litizt vel á hana, og hafi Jónas haft orð á því við stefnda, að rétt væri að láta fagmann í bifreiðaverkstæðinu „Ræsi" líta á vél bifreiðarinnar, en stefndi hafi þá sagt, að þeir í „Ræsi" myndu bara skemma bifreiðina, enda væri ástæðulaust að láta skoða vél hennar, þar eð hún hefði þá skömmu áður verið tekin upp í vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co., og væri vélin því í ágætu standi. Stefndi hafi enn fremur sagt honum, að ekkert myndi verða úr sölu bifreiðarinnar, ef hún yrði skoðuð í „Ræsi". Jónas hafi fengið kunningja sinn, Jónas Kjerúlf bifreiðastjóra, til að reyna bifreiðina í akstri, og eftir þá reynsluferð hafi Kjerúlf talið áhættu-

laust að kaupa bifreiðina, er þá reyndist í góðu lagi, og þá tekið tillit til þess, að verkstæði Þóris Jónssonar & Co. hefði yfirfarið vélina. Hinn 17. febrúar, sem var fimmtudagur, hafi Jónas keypt bifreiðina, og hafi stefndi við afhendingu hennar bætt olíu og frostlegi á hana og ekið henni að Lynghaga 4, hér í bæ, þar sem dóttir Jónasar bjó. Síðar í rannsókn málsins hefur Edith Camilla breytt framburði sínum á þann veg, að þau hjónin hafi hugleitt bifreiðarkaupin í nokkra daga, eða frá laugardegi til miðvikudags, er bifreiðin hafi verið keypt.

Jónas Andrésson Kjerúlf iðnverkamaður, Reykholti í Borgarfirði, reyndi bifreiðina í akstri 16. febrúar 1959 að beiðni Jónasar Guðmundssonar, áður en hann festi kaup á henni, og var þá í bifreiðinni auk stefnda maður að nafni Jón Jónsson. Ók Jónas Andrésson bifreiðinni frá Bræðraborgarstíg vestur á Seltjarnarnes og til baka aftur á Hringbraut. Hann kveðst ekkert óeðlilegt hafa fundið við bifreiðina í akstrinum, og virtist honum hún „vinna" á eðlilegan hátt, og hafi hann ekkert séð á vélinni, er hann leit lauslega yfir hana, sem benti til bilunar þar. Þá kveðst Jónas Andrésson muna það fyrir víst, að stefndi hafði á orði í ökuferð þessari, að nýlega hefði verið gert við úrbrædda vél bifreiðarinnar á vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co. Kveðst Jónas Andrésson, að ökuferðinni lokinni, hafa skýrt Jónasi Guðmundssyni frá því, hvað stefndi hefði sagt honum um viðgerðina á vél bifreiðarinnar. Jónas Andrésson kveðst hafa hið meira próf bifreiðarstjóra.

Jón Jónsson sendibílstjóri, Goðheimum 12, hér í bæ, sem var farþegi í bifreiðinni í fyrrgreindri ökuferð, kveðst ekki hafa orðið var við, að bifreiðin væri á einhvern hátt gölluð. Þá kveðst hann muna fyrir víst, að stefndi hafði það á orði við þetta tækifæri, að vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co. hefði nýlega tekið upp vél bifreiðarinnar vegna skemmda á legum, eða vegna þess að bifreiðin hefði „slegið úr legum", eins og stefndi hafi komizt að orði. Stefndi hafi ekki nafngreint mann þann eða menn þá, sem viðgerðina hefðu framkvæmt.

Stefndi hefur hins vegar borið það, að hann hafi „komizt í samband" við Jónas Guðmundsson og konu hans hinn 10. febrúar. Kveðst hann hafa skýrt þeim hjónum frá ástandi bifreiðarinnar, eins og það þá væri, þ. e. að hún væri í ágætu lagi. Sverrir bróðir hans hefði keypt bifreiðina hjá Sölunefnd varnarliðseigna og að vél bifreiðarinnar hefði þá verið úrbrædd og á hvern hátt hefði verið gert við vélina og hverjir það hefðu framkvæmt,

þ. e. Sverrir og Símon Melsted, sem báðir voru ófaglærðir, en þó með einhverri leiðsögn starfsmanns Þóris Jónssonar & Co.

Stefndi kveður, að Edith Camilla hafi af þessu tilefni sagt sér, nokkru eftir að til tals kom, að Jónas keypti bifreiðina, að hún hefði haft samband við verkstjóra hjá Þóri Jónssyni & Co. og spurzt þar fyrir um, hvað kosta myndi að taka upp vél Mercedes-Benz bifreiðar, og hafi hún fengið þau svör, að slík viðgerð myndi trúlega kosta 8—10 þúsund krónur. Hafi konan aflað sér þessara upplýsinga í því sambandi, ef viðgerð þeirra Sverris og Símonar á vél bifreiðarinnar reyndist haldlítil.

Þá kveður stefndi, að Edith Camilla hafi trúað sér fyrir því, að hún hafi spurzt fyrir um bifreiðina í Ræsi h/f, sem hefur umboð fyrir Mercedes-Benz bifreiðar, og enn fremur hafi hún sagt honum, að hún hefði leitað upplýsinga um bifreiðina hjá þeim ráðherra, sem muni hafa haft umráð hennar, áður en hún var seld hjá Sölunefnd varnarliðseigna.

Stefndi hefur mótmælt því sem röngu í framburði þeirra hjóna, að hann hafi sagt, að vél bifreiðarinnar hefði verið tekin upp í vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co., og að ekkert myndi verða úr sölu bifreiðarinnar, ef hún yrði skoðuð í Ræsi, og hefur haldið fast við það, að hann hafi einungis sagt þeim hjónum, að menn þeir, sem hefðu gert við vél bifreiðarinnar, hefðu fengið leiðsögn starfsmanns hjá greindu fyrirtæki, og enn fremur hafi hann boðið hjónunum að láta skoða bifreiðina, svo vel sem þau lysti, fyrir kaupin.

Enn fremur hefur stefndi neitað því að hafa sagt Jónasi Andréssyni, er hann reyndi bifreiðina, að nýlega hefði verið gert við úrbrædda vél hennar á vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co. eða verkstæði þetta hefði nýlega tekið upp vél hennar, vegna þess að hún hefði „slegið úr legum". Hins vegar hafi hann sagt Jónasi Andréssyni í þetta skipti, að gert hefði verið við úrbrædda vél bifreiðarinnar í samráði við mann eða menn frá greindu vélaverkstæði. Enn fremur kveðst stefndi hafa skýrt honum og Jóni Jónssyni frá því, hvernig viðgerðin á vélinni hefði verið framkvæmd og af hverjum, þ. e. bróður hans og Símon Melsted. Í þessu sambandi hafi Jónas Andrésson sagt, að honum stæði það ekki svo fyrir þrifum með bilun bifreiðarinnar, að hann gæti ekki ekið henni svo sem í 1—2 ár, en öðru máli gegndi með dóttur Jónasar Guðmundssonar, sem væri vönguningur í bifreiðaakstri.

Stefndi hefur haldið fast við það, að ein vika hafi liðið, frá

því kaup bifreiðarinnar komu fyrst til tals við þau hjónin og þar til af þeim varð.

Jónas Andrésson kveðst ekki muna eftir fyrrgreindum orðum, sem hann hefur eftir honum eða kveðst hafa sagt honum, og minnist hann þess ekki, að nafn dóttur Jónasar Guðmundssonar hafi borið þá á góma. Þá kveðst hann ekki minnast þess, að stefndi nafngreindi menn þá, sem gert hefðu við hina úrbræddu vél.

Þá kveðst Jón Jónsson ekki minnast þess að hafa heyrt Jónas Andrésson segja, að hann gæti sem bezt ekið bifreiðinni í 1—2 ár með þannig vél, en að það væri verra fyrir viðvaning að gera það, og minnist hann þess heldur ekki, að nafn dóttur Jónasar Guðmundssonar hafi borið á góma í þessu sambandi.

Jón Haukur Baldvinsson loftskeytamaður, Sólheimum 35, og Leifur Anton Ólafsson aðstoðarmaður, Njarðargötu 33, báðir hér í bæ, svo og Gísli Sigurbjörnsson aðstoðarmaður, Víðihvammi 18, Kópavogi, unnu á Litlu bílasölunni í Tjarnargötu 5 á greindum tíma.

Jón Haukur kveður, að Jónas Guðmundsson og kona hans hafi velt fyrir sér kaupunum á nefndri bifreið í að minnsta kosti eina viku, áður en þau endanlega urðu, og Leif Anton minnir, að nokkrir dagar hafi liðið, frá því að þau hjónin hugleiddu bifreiðarkaupin og þar til þau voru endanlega gerð. Þá minnir Leif Anton, að kona Jónasar hafi haft á orði að láta skoða bifreiðina, og Jón Hauk minnir, að bæði kaupandi og seljandi bifreiðarinnar hafi ákveðið að láta skoða hana í verkstæðinu Ræsi h/f.

Gísli Sigurbjörnsson kveðst muna það, að þau hjónin veltu bifreiðarkaupunum fyrir sér í nokkra daga, svo og vita til þess, að konan hafi hringt margoft til Litlu bílasölunnar til að ræða væntanleg kaup á þessari eða öðrum bifreiðum, og hafi hann átt að minnsta kosti tvö símtöl við konuna út af kaupum margnefndrar bifreiðar, áður en af þeim varð. Konan hafi við það tækifæri sagt, að hún hefði leitað upplýsinga um bifreiðina í bifreiðaverkstæðinu Ræsi h/f, og enn fremur kveðst Gísli hafa heyrt eftir samstarfsmönnum sínum, að hún hefði snúið sér til þess ráðherra, sem hafði áður umráð bifreiðarinnar, í sama skyni, og ráðherrann þá vísað henni á Ræsi h/f. Gísli minnist þess ekki, að konan hefði orð á því, að vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co. hefði gert við bifreiðina. Þá kveðst hann ekki hafa vitað, í hvaða ástandi vél bifreiðarinnar var, þegar hún var til

sölu í Litlu bílasölunni, og minnist hann þess ekki, að seljandi bifreiðarinnar orðaði það, að vél hennar væri úrbrædd og að gert hefði verið við hana, enda hafi um 500 verið á skrá í bílasölunni og því illgerlegt að muna eftir nokkurri einstakri bifreið, nema sérstaklega hefði staðið á, en hann tekur fram, að hann hefði talið það vera skyldu sína að skýra frá slíku ástandi bifreiðarinnar, hefði honum verið kunnugt um það.

Edith Camilla kveðst hins vegar ekki minnast þess að hafa átt símtöl við starfsmenn Litlu bílasölunnar fyrir bifreiðarkaupin út af þeim eða í annan tíma haft það á orði við bílasalann að láta skoða bifreiðina í Ræsi, en á hinn bóginn hafi hún hringt til þeirra einu sinni eða tvisvar, eftir að þau hjónin lentu í málaferlum út af kaupum bifreiðarinnar, og þá til að leita upplýsinga um það, hvernig auglýst hafi verið ástand hennar. Þá kveðst hún ekki hafa átt tal við ráðherra um bifreiðina og engum skýrt frá því, að svo hafi verið. Loks hefur Edith Camilla borið, að bifreiðin hafi skemmzt á bretti og höggvara, eftir að þau hjónin eignuðust hana, og hafi tengdasonur þeirra þá ekið henni.

Bæði Jónasi Guðmundssyni og Edith Camillu, konu hans, ber saman um það, að bifreiðin R 7338 var óhreyfð fram til 30. marz eða 1. apríl 1960, að því frátöldu, að kunningi Jónasar ók henni eilítið um götur bæjarins nokkrum dögum eftir kaupin.

Hinn 1. apríl var dóttir þeirra hjóna búin að fá ökuréttindi, og fékk móðir hennar þá stefnda til að setja bifreiðina í gang fyrir dóttur sína og skýra fyrir henni notkun hennar í þeim tilvikum, er með þurfti.

Stefndi hefur tekið fram í þessu sambandi, að við sölu bifreiðarinnar hafi hann skýrt Jónasi Guðmundssyni frá því, að ef bifreiðin væri sett í gang eftir að hafa staðið ónotuð í nokkurn tíma, þyrfti að gæta nokkurrar varúðar, þannið að ræsa bæri vélina, en taka þó kveikjuhamarinn úr fyrst og fá þannig olíuþrýstinginn upp í vélina, áður en hún færi í gang. Þannig væri kveikjuhamarinn settur aftur í bifreiðina, eftir að olíuþrýstingurinn væri orðinn eðlilegur. Stefndi kveðst ekki hafa gert þessar varúðarráðstafanir, þegar hann setti bifreiðina í gang fyrir dóttur þeirra hjóna, vegna þess að hún hafi sagt honum, að ekki væri langt síðan, að bifreiðinni hefði verið ekið. Kveðst stefndi minnast þess, að hann hafi haft á orði í þetta skipti, að einkennilegt hljóð væri í vélinni, og hafi hann sett það í samband við hljóðdeyfi bifreiðarinnar.

Margnefnd hjón hafa borið það, að dóttir þeirra hafi svo ekið

bifreiðinni í fáeina daga um bæinn, en brátt hafi komið í ljós, að gangur vélar bifreiðarinnar var óeðlilegur og einkennilegt hljóð í vélinni. Hinn 3. apríl var farið með bifreiðina á bifreiðaverkstæði S.Í.S. við Hringbraut, hér í borg, og þar var hún í 3—4 vikur. Kom þar í ljós, að vél bifreiðarinnar var úrbrædd.

Edith Camilla sneri sér þá til stefnda, tilkynnti honum, hvernig komið væri, og krafðist þess, að kaupin á bifreiðinni gengju til baka. Tók stefndi líklega í það í fyrstu, en er hann hafði skoðað bifreiðina næsta dag, neitaði hann að taka aftur við bifreiðinni, og kveður hann, að ástæðan hafi verið sú, að bifreiðin hafi þá verið skemmd, t. d. annað frambretti beyglað og rifið og hitt einnig skemmt við það, að framhurðin hafi skollið á því, svo og annað afturbretti beyglað og afturhöggvari verið rifinn frá öðrum megin, en þau hjónin neitað að láta gera við skemmdirnar, áður en hann tæki aftur við bifreiðinni.

Magnús Sigurjónsson bifvélavirki, verkstæðisformaður á bifreiðaverkstæði S.Í.S., til heimilis að Rauðarárstíg 9, hér í bæ, kveður, að komið hafi verið með bifreiðina R 7338 þangað til viðgerðar á hljóðkút o. fl., og hafi hann ráðið af ganghljóði bifreiðarinnar, að vél hennar væri úrbrædd. Kveðst Magnús hafa heyrt á tal seljanda bifreiðarinnar, þ. e. stefnda, og konu eiganda hennar, þ. e. Edith Camillu, af þessu tilefni. Hafi stefndi sagt við hana, að jafnan þyrfti að snúa vél bifreiðarinnar á viftureiminni, áður en bifreiðin væri sett í gang, eftir að hún hefði staðið óhreyfð einhvern lengri tíma, og virtist Magnúsi sem stefndi kenndi þessu um, að vélin hefði úrbrædzt, og hafi hann í því sambandi vitnað til upplýsingarits, er fylgt hafi bifreiðinni. Magnús bætir því við, að hann hafi aldrei heyrt getið um slíkar ráðstafanir í sambandi við gangsetningu bifreiða.

Grétar Árnason bifvélavirki, verkstjóri á Vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co., til heimilis á Ljósvallagötu 30, hér í bæ, kveðst minnast þess, að einhvern tíma á s.l. ári hafi kona nokkur, sem talaði með erlendum málhreim, hringt á verkstæðið til hans og spurzt fyrir um það, hvort hann vissi til þess, að vél bifreiðarinnar R 7338 hefði verið tekin upp á verkstæðinu, og skildist honum, að konan væri að spyrjast fyrir um þetta vegna væntanlegra kaupa sinna á bifreið þessari. Grétar tjáði konunni, að svo hefði ekki verið, og kveður hann sér hafa skilizt á henni, að hún hefði þegar leitað upplýsinga um bifreiðina hjá Sigþóri Guðjónssyni hjá bifreiðaverkstæðinu Ræsi h/f og verið þaðan vísað á verkstæði Þóris Jónssonar & Co., sem tekur upp og end-

urbyggir vélar fyrir Ræsi h/f. Nokkru síðar hafi sama kona hringt aftur til hans, og virtist hún þá vera orðin eigandi nefndrar bifreiðar, og kvartað yfir því, að vél hennar væri úrbrædd eða ónýt. Konan hafi viljað fá upplýsingar um það, hvort einhver verkstæðismanna hjá Þóri Jónssyni & Co. hefði þá nýverið gert við vél bifreiðarinnar, og kveðst Grétar hafa gefið henni sömu svör og fyrr, að ekki hefði verið gert við vélina á því vélaverkstæði, og hefði einhver af verkstæðismönnum þar annazt viðgerð á vélinni, þá væri það verkstæðinu óviðkomandi, enda hefði bifreiðin aldrei þangað komið.

Edith Camilla hefur borið það, að hún hafi tvisvar sinnum átt símtal við Grétar Árnason, og í bæði skiptin hafi það verið eftir að Jónas, eiginmaður hennar, keypti bifreiðina R 7338. Fyrra símtalið hafi farið fram í marzmánuði, og hafi tilefnið verið að fá vitneskju um það, hvort vél, sem nýupptekin væri á vélaverkstæði hjá Þóri Jónssyni & Co., ætti það til að vera mjög þung og erfið í gang, og kveðst hún hafa spurt að þessu vegna þess, hve erfitt hafi verið að fá R 7338 í gang. Grétar hafi veitt henni þær upplýsingar, að vél þessarar bifreiðar hefði ekki verið tekin upp á nefndu verkstæði, en tekið fram, að eigendur eða fyrri eigendur bifreiðarinnar þekktu starfsmann á verkstæðinu. Seinna símtalið hafi farið fram seinni hluta aprílmánaðar. Kveðst Edith Camilla þá hafa verið búin að fá vitneskju um það frá öðru bifreiðaverkstæði, að vél bifreiðarinnar væri úrbrædd, og stefndi tjáð henni, að viðgerð vélarinnar, áður en hann seldi bifreiðina Jónasi manni hennar, hafi einungis tekið eina kvöldstund. Hafi hún í seinna skiptið hringt í vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co. til að grennslast fyrir um það, hvort fullnægjandi væri að vinna við vélina eina kvöldstund, og Grétar þá sagt henni, að svo væri ekki, ef verið væri að taka vélina upp.

Unnsteinn Beck tollgæzlustjóri, Hagamel 27, hér í bæ, hefur borið það, að einhvern tíma seinni hluta næst síðastliðins vetrar hafi Jónas Guðmundsson komið að máli við hann og óskað álits hans á kaupum Mercedes-Benz bifreiðar. Átti Unnsteinn símtal við Sigþór Guðjónsson, verkstjóra í Ræsi h/f, um bifreiðina, og varaði hann við kaupum á bifreiðinni, vegna þess að hún hefði orðið fyrir vélarbilun, úrbræðslu, þegar hún var ný. Skýrði Unnsteinn síðan Jónasi frá þessu áliti Sigþórs, en Jónas kvaðst þá vera búinn að festa kaup á bifreiðinni. Unnsteinn kveður, að liðið hafi í mesta lagi 1—2 dagar milli samtala

hans við Jónas, og sé möguleiki á því, að þau hafi farið fram samdægurs. Í fyrra samtalinu skildist honum á Jónasi, að kaup hans á bifreiðinni stæðu fyrir dyrum, en í seinna samtalinu, að kaup hans, þ. e. Jónasar, á bifreiðinni hefðu þegar farið fram, er þeir töluðust við í fyrra skiptið.

Sigþór Guðjónsson, verkstæðisformaður á bifreiðaverkstæðinu Ræsi h/f, Miðtúni 86, hér í bæ, hefur staðfest greindan framburð Unnsteins Becks, og kveður hann, að Unnsteinn hafi skýrt honum frá því í símtalinu, að Jónas væri að hugleiða að kaupa umrædda bifreið.

Fjögur af fyrrgreindum vitnum í málinu, þ. e. bifvélavirkjarnir Trausti Þorleifsson, Magnús Sigurjónsson, Sigþór Guðjónsson og Grétar Árnason, hafa látið í ljós álit sitt á viðgerð Símonar Gunnlaugssonar Melsteds á vél margnefndrar bifreiðar, eins og hann hefur lýst viðgerðinni í framburði sínum.

Trausti og Magnús kveða, að þetta hafi einungis verið bráðabirgðaviðgerð, en ekki upptaka á vélinni, en þá sé alltaf skipt um alla slitfleti.

Sigþór kveður, að viðgerð þessi hafi, eftir lýsingunni, verið ófullnægjandi, enda hefði þurft að skipta um legur og renna sveifarás, ef með þyrfti eftir mælingu. Þá kveðst hann ekki kannast við, að það þyrfti að snúa vél Mercedes-Benz bifreiðar, áður en hún sé sett raunverulega í gang, og hafi hann, sem starfar í umboðsverkstæði þeirrar bifreiðategundar, aldrei orðið var við slíkt, enda þótt bifreiðar stæðu þar vetrarlangt í geymslu.

Grétar kveður, að hér hafi einungis verið um bráðabirgðaviðgerð að ræða, og geti slík viðgerð komið að gagni, ef sveifarás er óskemmdur. Þá kveðst hann ekki kannast við, að það þurfi að snúa vél þessarar bifreiðategundar, áður en vélin sé sett í gang, þó að vélin hafi lengi verið óhreyfð. Hann telur, að kostnaður við að taka upp vél í bifreið sé ca. 7—12 þúsund krónur.

Grétar Árnason hefur einnig tekið fram, að hann hafi orðið þess var í starfi sínu, að verði eigendaskipti að bifreið, sem verið hefur lengri tíma í eigu sama manns, og allt þá virzt vera í lagi, hafi oft komið fljótlega fram vélarbilanir, svo sem úrbræðsla. Telur hann, að þetta eigi rót sína að rekja til þess, að aksturslag og meðferð véla sé mjög misjöfn, en þó eigi vél, sem hafi næga smurningsolíu og vatn, ekki að geta brætt úr sér af þessum sökum.

Framburðir þeir, er nú hafa verið raktir, eru samkvæmt

skýrslum, gefnum í sakadómi Reykjavíkur á öndverðu árinu 1961, en stefndi og bróðir hans, Sverrir Sigurjónsson, höfðu þá með ákæruskjali, útgefnu í Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 13. desember 1960, verið ákærðir fyrir meint brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 12. maí 1961, var fallið frá ákæru á hendur Sverri Sigurjónssyni, en sakamálinu haldið áfram gegn stefnda einum. Dómur í því máli var uppkveðinn í sakadómi Reykjavíkur hinn 17/10 1961. Samkvæmt þeim dómi var Gunnólfur Sigurjónsson sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og allur kostnaður sakarinnar lagður á ríkissjóð.

Vitnin Jónas Andrésson Kjerúlf, Jón Jónsson, Grétar Árnason, Edith Camilla Guðmundsson og Gísli Sigurbjörnsson hafa staðfest framburði sína með eiði í sakadómi Reykjavíkur.

Hinn 21/2 1963 dómkvaddi yfirborgardómarinn í Reykjavík þá Finnboga Eyjólfsson bifvélavirkjameistara og Tómas Jónsson bifvélavirkja til að framkvæma skoðunargerð á bifreiðinni, þar sem eftirfarandi atriði komi fram:

„a. Hvort mótorinn sé úrbræddur eða of rúmur á legum?
b. Ef svo er, hvaða legum, hefur verið gert við þær áður, og þá hvernig, t. d. teknar saman?
c. Er sveifarásinn slitinn eða skemmdur á annan hátt?
d. Eru aðrir gallar sjáanlegir í mótornum?“

Skoðunargerð hinna dómkvöddu manna er dags. 5. marz 1963 og hljóðar svo, að loknum inngangsorðum:

„1. Stimpilstangarlegur eru allar meira og minna úrbræddar, utan lega nr. 6, sem er óskemmd. Höfuðlegur eru hins vegar óskemmdar, en dálítið slitnar.
2. Sveifarás er slitinn undir öllum stimpilstangarlegum, einkum sveif nr. 5, sem er bæði mjög slitin og illa rifin. Undir höfuðlegum er sveifarásinn aftur á móti lítið slitinn.
3. Stimpilstangarlegur hafa sýnilega allar verið teknar úr og settar undir þær fólíumþynnur, 003” að þykkt, í þeim tilgangi að þétta þær á sveifarás. En þar sem sveifarás hefur þá verið orðinn ójafnt slitinn (þ. e. „sleginn“), hafa þessar þynnur smátt og smátt losnað undan legunum, þegar farið var að keyra vélina, og fallið niður í olíupönnuna. Höfuðlegur hefur, ekki svo séð verði, verið gert við áður.
4. Aðrir gallar í sambandi við sveifarás og legur vélarinnar eru ekki sjáanlegir, þegar frá er talið, að á höfuðleguklafa

nr. 6 er brotið út úr öðru gati fyrir stýrispinna, sem skoðunarmenn telja ekki geta valdið neinum skemmdum á vélinni."

Hinn 18. marz 1963 var kveðinn upp dómur í máli þessu, þar sem riftunarkrafa stefnanda var tekin til greina.

Stefndi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. júlí 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 4. maí 1964, voru meðferð málsins frá og með þinghaldi 9. febrúar 1963 svo og héraðsdómurinn ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju. Stafaði þetta af því, að í Hæstarétti kom það fram, að meðdómsmenn í héraði höfðu verið dómkvaddir hinn 18. maí 1960 til að framkvæma mats- og skoðunargerð á bifreiðinni R 7338 í sambandi við þann ágreining aðilja, sem málið snýst um. Skoðuðu þeir bifreiðina hinn 10. júní 1960 og gáfu rannsóknarlögreglu síðan skýrslu um skoðunina, en luku þó ekki matsgerð. Gögn um dómkvaðninguna komu ekki fram í málinu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og var dómsformanni ekki um hana kunnugt.

Meðan málið var fyrir Hæstarétti, fór fram í því vitnamál hér fyrir dóminum. Komu þá enn fyrir réttinn áðurnefnd vitni, þeir Grétar Árnason, Jón Jónsson og Jónas Andrés Kjerúlf.

Vitnið Grétar Árnason kom fyrir dóminn 6. febrúar 1964 og skýrði svo frá, að bílmótorar, sem teknir séu upp á bílaverkstæði Þ. Jónssonar & Co., séu hreinsaðir og málaðir, áður en þeir séu settir í aftur, og frá því 1. september 1958 hafi mótorarnir verið merktir með sérstöku spjaldi. Sé spjald þetta venjulega sett þar á mótorinn, sem gott sé að sjá það, þegar vélarhlífinni sé lyft, þó sé ekki um neinn fastan stað að ræða, því að spjaldið sé stundum sett á blokkina og stundum á ventlalokið.

Kvaðst vitnið telja merkingar þessar nokkuð þekktar meðal bílfróðra manna, svo sem bifvélavirkja og bílasala.

Vitnið Jón Jónsson kom fyrir réttinn sama dag. Lágu þá frammi í vitnamálinu tvö vottorð, er þeir Jón Jónsson og Jónas Kjerúlf höfðu gefið í málinu, er það var til rannsóknar vegna kæru stefnanda, svohljóðandi:

Vottorð Jónasar Kjerúlfs, dags. 31. maí 1960:

„Ég Jónas Kjerúlf votta, að gefnu tilefni, eftirfarandi: Hinn 16. febrúar s.l. skoðaði ég bifreiðina R 7338, þar sem hún stóð við húsið nr. 13 við Bræðraborgarstíg, hér í bæ, samkvæmt beiðni Jónasar Guðmundssonar tollþjóns. Hafði Jónas hug á að kaupa

bifreið þessa, en þar sem hann var alls ófróður um bifreiðar, þá bað hann um álit mitt á því, hvort bifreiðin væri kaupandi. Ég skoðaði bifreiðina og tók í bifreiðina, og var þá með mér Gunnólfur Sigurjónsson, sem kvaðst vera raunverulegur eigandi bifreiðarinnar. Tjáði Gunnólfur mér, að vél bifreiðarinnar hefði verið úrbrædd, en að vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co. hefði gert vélina upp, og væri hún því í góðu lagi.

Að fengnum þessum upplýsingum, sagði ég Jónasi, að ég teldi óhætt að kaupa bifreiðina fyrir það verð, sem um var talað, þ. e. kr. 140.000.00. Vottorð þetta er ég reiðubúinn að staðfesta fyrir rétti, ef krafizt verður."

Vottorð Jóns Jónssonar, dags. 7/9 1960:

„Ég Jón Jónsson bifreiðarstjóri, Goðheimum 12, sem var með Jónasi Kjerúlf, þegar hann skoðaði bifreiðina R 7338, votta hér með, að ofanrituð frásögn hans af því, sem þá skeði, er rétt. Vottorð þetta er ég reiðubúinn að staðfesta fyrir rétti, ef krafizt verður."

Vottorð Jóns Jónssonar var borið undir hann í vitnamálinu framangreindan dag, og kvað vitnið vottorðið hafa verið samið í samráði við Jónas Kjerúlf og Jónas Guðmundsson svo og Ólaf Þorgrímsson hæstaréttarlögmann, og kvaðst vitnið hafa undirritað vottorðið í skrifstofu hans. Vitnið kvaðst ekki hafa skrifað niður hjá sér orðræður stefnda og vitnisins Jónasar Kjerúlfs um bifreiðina hinn 16. febrúar 1960, en taldi sig örugglega hafa munað þessar orðræður, er það gaf fyrrgreint vottorð sitt. Vitnið kvaðst ekki hafa skoðað mótor bifreiðarinnar í umrætt sinn, heldur aðeins hlustað á ganginn.

Vitnið sagðist þekkja þá venju hjá Þ. Jónssyni & Co. að merkja þá mótora, er fyrirtækið hafi endurbyggt. Vitnið kvaðst hafa haft ökuréttindi síðan árið 1936, verið atvinnubílstjóri frá 1949 og taldi sig hafa fengið meiraprófsréttindi árið 1958.

Er yfirheyrslu yfir vitninu Jóni Jónssyni var lokið, lýsti Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður, lögmaður stefnanda í máli þessu, því yfir, að vottorð vitnisins Jóns Jónssonar væri samið og vélritað af honum á skrifstofu hans eftir viðtali við vitnið.

Vitnið Jónas Andrésson Kjerúlf kom hér fyrir dóm 22. febrúar 1964. Er vitninu var sýnt framangreint vottorð þess, kvaðst það muna það óglöggt nú, hver hefði samið það, en taldi, að Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður hefði gert það eftir frásögn vitnisins. Vitnið kvaðst ekki muna, hvar vottorðið hafði verið

samið. Ekki kvaðst vitnið hafa skrifað niður hjá sér orðræður þess og Gunnólfs Sigurjónssonar, varðandi bifreiðina hinn 16. febrúar 1960. Vitnið kvað vélarhlíf bifreiðarinnar hafa verið opnaða eftir reynsluaksturinn, og kvaðst það hafa hlustað eftir gangi mótorsins. Þá hafi verið orðið dimmt og skoðun á vélinni því verið ákaflega stuttaraleg. Ekki kvaðst vitnið muna, hvort mótorinn hafi verið óhreinn, enda hafi ekki verið aðstaða til að skoða það, þar sem ekkert ljós hafi verið undir húshúddinu. Vitnið kvaðst ekki muna nú, hvort það vissi þá, þegar atburðir þessir gerðust, að endurbyggðir mótorar frá Þ. Jónssyni & Co. væru merktir með sérstöku spjaldi.

Aðspurt gat vitnið ekki skýrt frá því, hvernig frændsemi þess við Jónas Guðmundsson væri háttað, en kvað skyldleika þeirra ekki náinn. Vitnið kvað náinn kunningsskap ekki vera milli sín og Jónasar Guðmundssonar, en hins vegar sé móðir vitnisins kunningjakona systra Jónasar Guðmundssonar.

Í málinu hefur verið lögð fram þýðing úr leiðbeiningabók um meðferð Mercedes-Benz bifreiða, gerð 300 b, útgefinni af Daimler-Benz hlutafélaginu, svohljóðandi: „Aðgætið. Ráðstafanir varðandi ræsingu ökutækja, er lengi hafa staðið og eru *með benzínhreyflum* (benzínvélum eða -mótorum). (Ath. þýð.: „Vergasermotor" þýðir orðrétt „blöndungsmótor".).

Til þess að líta eftir smurningu mótorsins verður að ræsa sérhvert ökutæki eða sérhvern mótor, sem staðið hefur eða verið í flutningi lengur en þrjár vikur, á eftirfarandi hátt:

1. Taka skal af kveikjulokið („dreifilokið") við kveikideilinn.
2. „Kúpla" skal sundur og snúa mótornum (hreyflinum) *án þess að „gefa gas"*, með eigin rafhlöðu eða annarri og allt til þess, að séð verður, *að olíuþrýstingurinn á sér stað.*

Athugas.: Rafhlaðan skal vera fullhlaðin, ekki skal nota hana, unz hún tæmist, skjóta skal inn í hvíldarhléum.

3. Setja skal kveikjulokið á kveikideilinn.
4. Ræsa skal (síðan) með venjulegum hætti."

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að stefndi hafi tjáð honum við kaupin, að bifreiðin væri í góðu standi og vél hennar nýlega uppgerð á vélaverkstæði Þ. Jónssonar & Co., er sé viðurkennt sem hið fullkomnasta sinnar tegundar á landinu. Hafi þessar upplýsingar verið ákvörðunarástæða fyrir kaupunum. En nokkru síðar, þegar í ljós hafi komið, að vél bifreiðarinnar væri „úrbrædd", kveðst stefnandi hafa komizt að því, að fyrrgreindar upplýsingar hafi verið rangar og bifreiðin hafi

alls ekki komið inn á verkstæði Þ. Jónssonar & Co. né menn frá því verkstæði unnið að viðgerð hennar.

Samkvæmt þessu telur stefnandi, að hann eigi rétt á annað hvort að rifta kaupunum eða fá greiddar skaðabætur, hvort heldur væri eftir 42. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, 1. og 2. mgr., sbr. 43. gr. sömu laga.

Stefndi styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi þeim rökum, að þar sem búið sé að sýkna hann af svikaákæru í sambandi við kaup þessi í framangreindum sakadómi, geti þessi dómstóll, sem sé hliðsettur dómstóll, ekki fjallað um þá málsástæðu samkvæmt 2. mgr. 196. gr. einkamálalaganna nr. 85/1936.

Á þetta verður ekki fallizt með stefnda, þar sem svikahugtak 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er ekki hið sama og í 42. og 43. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, enda verður að meta það í hverju falli, að hve miklu leyti sakadómur bindur hliðsettan einkadóm.

Í öðru lagi styður stefndi sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi alls ekki haft svik í frammi, er kaupin gerðust. Stefnandi hafi vitað, að stefndi hafði fest kaup á bílnum með „úrbrædda" vél, en stefndi hafi látið gera við hana. Hafi engu verið leynt í því sambandi, og allir möguleikar hafi verið fyrir hendi að kanna allt það, er stefndi hafði upplýst um bílinn, enda hafi það verið rækilega gert og kona stefnanda víða haldið uppi spurnum um bílinn, áður en kaupin hafi verið afráðin. Stefnandi hafi velt fyrir sér kaupunum í nokkra daga, og hafi sakadómsrannsókn leitt í ljós, að kona stefnanda hafi á þeim tíma spurzt fyrir um það á vélaverkstæði Þ. Jónssonar & Co., hvort vélin hefði verið tekin þar upp, og fengið þau svör, að svo hefði ekki verið.

Stefnandi hafi fengið menn, þaulvana meðferð bifreiða, til að reynsluaka bifreiðinni, áður en gert hafi verið út um kaupin. Ástæðan til þess, að bifreiðin hafi bilað, hafi verið sú, að hún hafi verið látin í hendur þeirra, er nýbúnir hafi verið að læra á bíl og því lítt kunnað með bifreiðir að fara.

Þá hefur stefndi mótmælt því, að hann hafi sagt stefnanda, að vél bifreiðarinnar væri uppgerð á vélaverkstæði Þ. Jónssonar & Co., enda sé það hreinn tilbúningur af hálfu stefnanda.

Að endingu hefur stefndi við munnlegan flutning málsins andmælt vaxtakröfu stefnanda sem of hárri.

Gegn eindregnum andmælum stefnda svo og með hliðsjón af framburðum þeirra vitnanna Grétars Árnasonar, Jóns Hauks

Baldvinssonar og Gísla Sigurbjörnssonar og einnig af því, sem fram kom í vitnamálinu hér fyrir dóminum um vottorð þeirra Jóns Jónssonar og Jónasar Andréssonar Kjerúlfs og afstöðu hins síðarnefnda til stefnanda, þykir ekki sannað, að stefndi hafi sagt stefnanda, að vél bifreiðarinnar hafi verið uppgerð á vélaverkstæði Þ. Jónssonar & Co. Riftunarkrafa stefnanda verður því ekki byggð á því, að stefndi hafi haft í frammi svik við kaupin vegna blekkinga um viðgerðarstað bifreiðarinnar.

Stefndi fékk Símon Gunnlaugsson Melsted til þess að framkvæma viðgerð á hreyfli bifreiðarinnar. Að vísu var maður þessi ekki bifvélavirki, heldur rafvélavirki, en vanur viðgerðum sem þessum. Eigi er í ljós leitt, að stefndi hafi skýrt stefnanda frá því, í hverju viðgerð þessi var fólgin, en þar sem ekki er annað vitað en stefndi hafi haldið, að verki Símonar Melsteds loknu, að búið væri að gera við vélina, verður eigi talið, að stefndi hafi haft í frammi sviksamlega launung við kaupin.

Að áliti hinna sérfróðu meðdómenda var margnefnd viðgerð Símonar Melsteds á hreyfli bifreiðarinnar allsendis ófullnægjandi, enda varð ending hennar næsta lítil, og telja hinir sérfróðu meðdómendur það hér engu skipta, þótt viðvaningar hafi verið látnir aka bifreiðinni þann tiltölulega skamma tíma, er leið frá kaupunum til þess, er gallarnir fóru að koma í ljós.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, var hreyfill bifreiðarinnar haldinn galla, er kaupin gerðust. Verður að telja gallann þess eðlis, að stefnanda sé heimilt að rifta kaupið samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Varakrafa stefnda kemur því ekki til álita.

Úrslit málsins verða því þau, að riftunarkrafa stefnanda er tekin til greina. Ber stefnda að endurgreiða stefnanda í peningum kr. 90.000.00 ásamt vöxtum, er þykja hæfilega ákveðnir 6% ársvextir frá 17/2 1960 til 22. s. m., 9% ársvextir frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber stefnda einnig að afhenda stefnanda að kostnaðarlausu kvittað skuldabréf það, er stefnandi gaf út í sambandi við kaupin, nú að eftirstöðvum kr. 60.000.00.

Eftir þessum málalyktum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 14.750.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendunum Gunnari Gunnarssyni bifvélavirkjameistara og Haraldi Jónssyni bifvélavirkjameistara.

Dómsorð:

Framangreind riftunarkrafa stefnandans, Jónasar Guðmundssonar, er tekin til greina. Stefndi, Gunnólfur Sigurjónsson, endurgreiði stefnanda í peningum kr. 90.000.00 með 6% ársvöxtum frá 17. febrúar 1960 til 22. s. m., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi afhendi stefnanda að kostnaðarlausu kvittað skuldabréf það, sem hann gaf út í sambandi við kaupin, nú að eftirstöðvum kr. 60.000.00.

Stefndi greiði stefnanda kr. 14.750.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. júní 1965.

Nr. 113/1964. **Leifur Þórhallsson**
og
Samvinnutryggingar
(Guðmundur Ásmundsson hrl.)
gegn
Gunnari Skapta Kristjánssyni og gagnsök
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júlí 1964 og krafizt sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 22. júlí 1964. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum kr. 37.467.15 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. apríl 1962 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er lýst umferðarslysi því, sem mál þetta er af risið, og sakargögn skilmerkilega rakin.

Leitt er í ljós, að ökumaður bifreiðarinnar Ö 594 sveigði með hóflegum hraða inn á vegamót Reykjanesbrautar og Litluhlíðar eftir að hafa gefið ljósmerki um hægri beygju, áður en að vegamótunum kom. Ökumaður þessi, sem sá bifreiðina R 8107 koma suður Reykjanesbraut á móti sér, nam hins vegar eigi staðar í því skyni að hleypa þeirri bifreið fram hjá.

Af skýrslum málsins og verksummerkjum þykir sýnt, að ökumaður R 8107 hafi ekið með hóflausum og ólöglegum hraða, þá er slysið varð. Þá verður að virða honum til vangæzlu, að hann varð ekki fyrr en um seinan var ljósmerkja bifreiðarinnar Ö 594 um beygju þeirrar bifreiðar til hægri.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, þykir mega staðfesta ákvæði hans um ábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda.

Í greinargerð gagnáfrýjanda í héraði er krafa hans sundurliðuð þannig:

1. Viðgerðarkostnaður o. fl. ..... kr. 33.987.15
2. Bætur „fyrir afnotamissi bifreiðarinnar“ Ö 594 „58 daga, kr. 60.00 á dag“ ..... — 3.480.00

Samtals kr. 37.467.15

Fjárhæð 1. liðar kröfunnar sætir ekki andmælum og 2. lið hennar er í hóf stillt. Bótakrafa gagnáfrýjanda verður því, að því er fjárhæð varðar, að fullu tekin til greina og aðaláfrýjendum dæmt að greiða ⅔ hluta hennar, þ. e. kr. 24.978.10, ásamt 7% ársvöxtum frá 24. apríl 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Leifur Þórhallsson og Samvinnutryggingar, greiði gagnáfrýjanda, Gunnari Skapta Kristjánssyni, kr. 24.978.10 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. apríl 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. apríl, hefur Gunnar Skapti Kristjánsson, Kirkjuteigi 7, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Leifi Þórhallssyni, Karfavogi 17, Reykjavík, og Samvinnutryggingum, Sambandshúsinu við Sölvhólsgötu, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta in solidum, að upphæð kr. 37.467.15 með 7% ársvöxtum frá 24. apríl 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur úr hendi stefnanda málskostnaður að skaðlausu. Til vara krefjast þau, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður þá látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að hinn 24. apríl 1962, um kl. 2150, varð árekstur milli bifreiðanna Ö 594 og R 8107 með þeim afleiðingum, að þær skemmdust báðar töluvert.

Við lögregluannsókn, sem fram fór, hefur ökukonan á Ö 594, en bifreið sú er af gerðinni Volkswagen, skýrt svo frá, að umræddan dag hafi hún verið á leið til Reykjavíkur og ekið norður Reykjanesbraut og ætlað að beygja inn í Litluhlíð til hægri. Hafi hún beygt að miðlínu brautarinnar, en telur sig ekki hafa verið komna yfir hana, en hafi svo verið, þá hafi það verið að mjög litlu leyti. Segist ökukona hafa gefið stefnumerki um hægri beygju, áður en að gatnamótunum kom. Segist ökukona bifreiðarinnar hafa látið hana síga áfram til að hleypa bifreið fram hjá, sem á móti kom. Hafi bifreið þessa borið mjög hratt að. Er bifreið sú, sem á móti kom, var rétt komin að Ö 594, segist ökukonan hafa séð, að hún stefndi beint á bíl hennar, og því snarbeygt til vinstri, en það hafi engum togum skipt, að bíllinn hafi skollið hægra megin framan á bíl hennar, og hafi

Ö 594 henzt aftur á bak við höggið og snúizt í hálfhring á götunni.

Ekki kveðst ökukonan á Ö 594 geta sagt um, hve langt hún hafi verið komin vestur eftir gatnamótunum, er áreksturinn varð, og ekki heldur, hvað bifreiðin hafi kastazt langt aftur á bak við áreksturinn, en hann hafi verið mjög harður.

Ekki segist ökukonan á Ö 594 hafa séð, að bíll sá, sem á móti kom, hafi sveigt neitt frá hennar bíl, né heldur séð, að þeim bíl væri hemlað eða heyrt frá honum hemlahljóð. Segir ökukonan, að sér hafi virzt svo sem bifreið sú, sem á móti kom, hafi verið á mikilli ferð. Við áreksturinn kastaðist framrúða Ö 594 úr.

Ökukona bifreiðarinnar segist hafa haft ökuréttindi í 5 ár nú í vor, og sé hún mikið með bílinn. Segist hún aldrei fyrr hafa sett skrámu á hann og ekki brotið umferðarreglur.

Stefndi Steingrímur Jóhannes Leifsson skýrir svo frá, að hann hafi ekið í umrætt skipti suður Reykjanesbraut á um það bil 30—40 km hraða eða alls ekki hraðar. Hann segist hafa séð umferð koma á móti sér, en sér hafi fundizt hún eðlileg á götunni og segist ekki hafa séð neina hindrun fram undan. Hann segist hafa verið kominn á móts við eyjuna, sem sýnd er á uppdrættinum á dskj. nr. 4, eða jafnvel kominn fram hjá henni, er hann sá Ö 594 allt í einu á móts við hægra frambretti bifreiðar sinnar, og hafi bíllinn stefnt á sinn bíl. Þá samtímis sá hann stefnuljós blikka til merkis um hægri beygju hjá Ö 594, en í þessu hafi áreksturinn orðið, og hafi þetta allt gerzt með svo skjótum hætti, að hann hafi ekkert ráðrúm haft til að hemla eða beygja frá bifreiðinni.

Ekki segist hann hafa séð, að Ö 594 væri sveigt frá hans bíl. Áreksturinn hafi orðið svo óvænt eða skyndilega, að aðeins brot úr sekúndu hafi verið til að skynja, hvað var að gerast. Við áreksturinn segir hann, að Ö 594 hafi snúizt, eins og framlagðir uppdráttur gefi til kynna. Hann segist álíta, að bíll sinn hafi runnið beint áfram eftir áreksturinn, þar til hann hafi stöðvazt, sem hafi verið mjög fljótt, en hafi hann færzt til vinstri, hafi það verið af högginu við áreksturinn. Hann segist hafa farið út úr bílnum, strax eftir að hann hafði tekið hann úr gangi, og slökkt ljósin. Hann hafi gengið að Ö 594, og hafi sér virzt sem fólkið í bifreiðinni hafi fengið taugaáfall. Segir hann, að báðir bílarnir hafi verið óhreyfðir, er lögreglan kom á vettvang. Segir hann, að bifreið sín hafi verið til viðgerðar á hemlum, viku

áður en slysið varð, og hafi hemlarnir verið í fullkomnu lagi, er árekstur þessi varð. Hægri þurrkan á framrúðu hafi farið af við áreksturinn, en verið í lagi áður. Ökumaðurinn á R 8107 kom fyrir dóm 7. apríl s.l. og staðfesti þar skýrslu sína, er hann gaf fyrir lögreglunni.

Hann hélt fast við, að hraðinn hefði ekki verið meiri en 30—40 km. Einnig kvaðst hann hafa verið vel fyrirkallaður og útsýni gott. Þá heldur hann fast við, að hann hafi ekið á vinstri vegarbrún.

Aðspurður um, hvort hann treysti sér til að segja um, hve innarlega á veginum Ö 594 hafi verið, kvaðst hann ekki geta það.

Ekki kvaðst hann muna til að hafa farið fram úr neinni bifreið á leiðinni frá Miklatorgi að slysstað.

Í bifreiðinni Ö 594 voru nokkrir farþegar, og verður hér rakinn framburður þeirra.

Í framsæti bifreiðarinnar við hlið ökukonu sat Gunnar Skapti Kristjánsson.

Skýrir hann, sem er eiginmaður konu þeirrar, sem bílnum ók, og eigandi bílsins, svo frá, að bílnum hafi verið ekið ofan Öskjuhlíð á skikkanlegri ferð, og var hann í röð nokkurra bíla. Gizkar hann á, að 10—12 m hafi verið á milli Ö 594 og næsta bíls á undan. Hafi kona sín ætlað að beygja inn í Litluhlíð hjá Þóroddsstöðum, en þau hafi átt erindi niður í Engihlíð. Segir hann, að kona sín hafi sett á stefnumerki til hægri, og hafi hún ekið við miðlínu vegarins í undirbúningi sínum til að taka beygjuna. Segir hann, að sér hafi virzt það langt í næsta bíl, að óhætt væri að taka beygjuna. Mætti segir, að bifreið sú, sem á móti kom (þ. e. R 8107), hafi nálgazt með miklum hraða, og þegar konan sín hafi séð, að hún mundi ekki komast yfir götuna, þá hafi hún snarbeygt til vinstri, og hefði bifreiðarstjóri R 8107 gert slíkt hið sama, hefði líklega mátt forða árekstri, en mætti sá hann ekki gera neina tilraun til slíks, og hafi bílarnir skollið saman á hægri framhornum, en ella (þ.e.a.s. ef hún hefði ekki beygt) telur mætti, að R 8107 hefði lent á miðri hlið Ö 594. Segir hann, að við áreksturinn hafi Ö 594 snúizt við og kastazt í átt til Reykjavíkur. Segir hann höggið hafa verið geysimikið. Hann endurtekur aftur í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglunni, að hann álíti, að R 8107 hafi verið á mjög mikilli ferð.

Vitnið Ágúst Þorgrímur Guðmundsson, sem er faðir bifreiðarstjórans, er var í bifreiðinni Ö 594, segir, að þegar að umrædd-

um gatnamótum hafi komið, þá hafi bifreiðarstjórinn sveigt bifreiðinni til hægri og dregið úr ferð hennar, en hafi og ekið hægt áður. Það segist hafa séð bíl koma á móti þeim og segist strax hafa séð, að hann hafi verið á mikilli ferð. Hann segir, að farþeginn í framsætinu, sem var Gunnar Skapti, hafi aðvarað bifreiðarstjórann, sem þá hafi snarbeygt til vinstri, en rétt í því hafi bíll sá, er á móti kom, skollið með feikna afli á hægra framhorni bíls þeirra. Það kveðst ekki geta sagt nákvæmt um, hvað bifreiðin, sem það var í, hafi verið langt frá vinstri brún götunnar, þegar bifreiðarnar skullu saman.

Það segist vera í þeirri vissu, að enginn árekstur hefði orðið, hefði ökumaður bifreiðarinnar, sem á móti kom, reynt að beygja til vinstri, eins og ökumaður Ö 594 gerði. Vitnið kveðst hafa misst meðvitund við slysið í bili og ekki jafnað sig, fyrr en bíllinn var stöðvaður og sneri þá öfugt við það, sem þau voru að fara. Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvað fjarlægðin á milli bílanna var mikil, er hann kom auga á R 8107, því allt hafi gerzt með svo skjótum hætti.

Vitnið Svanhildur Þorgrímsdóttir, sem er systir bifreiðarstjórans á Ö 594, sat í aftursæti bifreiðarinnar, er áreksturinn varð. Það segir, að bifreiðarstjórinn hafi ekið á rólegri ferð. Það sá ekki annað en að bifreiðarstjórinn æki eðlilega að gatnamótunum og kveðst það hafa séð, er hún setti stefnumerki á til merkis um hægri beygju, áður en að gatnamótunum kom. Það kveður sig ekki hafa séð bílinn, er á móti kom, fyrr en í þann mund, er áreksturinn varð. Segir það, að sér hafi fundizt hann vera á mikilli ferð og birtast sér mjög óvænt og skyndilega. Það segir, að rétt áður en bíll sá, er á móti kom, hafi lent á bifreið þeirra, þá hafi bifreiðarstjóri Ö 594 beygt snöggt til vinstri. Ekki kveðst það geta sagt um, hvað bifreið þeirra hafi verið komin langt inn á gatnamótin né hvað bíllinn hafi kastazt langt aftur á bak við áreksturinn.

Vitnið Örn Sigurðsson skýrir svo frá, að það hafi ekið niður Öskjuhlíðina næst á eftir bifreið stefnanda, Ö 594. Hafi bifreiðunum verið ekið með 30—40 km hraða, er þær nálguðust gatnamótin. Segir það, að bifreiðinni Ö 594 hafi verið ekið réttu megin á götunni, en er bifreiðin hafi komið inn á gatnamótin, hafi henni verið sveigt að miðlínu götunnar. Rétt áður en bifreiðin kom að gatnamótunum, hafi verið sett stefnuljós á um beygju til hægri. Segir vitnið, að bifreiðinni hafi ekki verið beygt krappt til hægri, heldur skáhallt. Þar sem það sá stefnuljós á bifreið-

inni og það, að henni var beygt til hægri, hélt það ferð sinni áfram eftir götujaðrinum.

Samtímis sá hann bifreiðina R 8107 koma á móti austur eftir gatnamótunum, en um hraða þess bíls kveðst það ekki geta sagt, þar sem það hafi séð framan á bifreiðina. Er bifreið vitnisins var komin á hlið við Ö 594, heyrði það hávaðann af árekstrinum, og alveg samtímis hafi Ö 594 henzt aftur á bak og snúizt í hálfhring á götunni. Um leið og bifreiðin snerist við, hafi afturendi hennar skollið utan í aftanverða hægri hlið bifreiðar vitnisins með þeim afleiðingum, að hægra afturbretti dældaðist, og hurð og afturstuðari beygluðust. Segist vitnið hafa stöðvað bifreið sína, en hún hafi verið færð úr stað og þangað, sem hún er sýnd á uppdrættinum, vegna þess að hún hafi lokað umferð um Reykjanesbraut, þar sem hún stóð eftir árekstrinn. Framrúðan úr Ö 594 lá hægra megin við hann. Rúðan var færð fram fyrir bílinn vegna umferðarinnar.

Með Erni Sigurðssyni í bifreiðinni R 5238 var Karl Laxdal Marínósson. Vitnið segir, að bifreið sú, sem hann var í, hafi verið á leið til Reykjavíkur, og hafi bifreiðinni verið ekið með nálægt 40 km hraða niður Óskjuhlíðarbrekkuna. Segir vitnið, að þegar þeir hafi nálgazt umrædd gatnamót, hafi bifreiðin, sem næst var á undan, þ. e. Ö 594, hægt mjög ferðina. Segist vitnið álíta, að hraði Ö 594 hafi verið 10—15 km, þegar inn á gatnamótin kom. Bifreiðarstjórinn á Ö 594 setti á stefnuljós, áður en hann sveigði bifreiðinni til hægri. Fannst vitninu sem Ö 594 væri sveigt fljótt til þeirrar hliðar, er inn á gatnamótin kom. Þegar ökumaður bifreiðarinnar R 5238 sá á stefnuljósum Ö 594, hvert henni yrði ekið og er henni var vikið til hægri, ók hann áfram eftir vinstri kanti, séð frá vitninu, og varð þó að víkja aðeins út fyrir malbikið með vinstri hjól til að komast fram hjá Ö 594.

Vitnið kveðst ekki hafa séð til ferða R 8107, svo hann gerði sér það ljóst. Hins vegar sá það bílalest koma á móti þeim suður Reykjanesbraut. Ekkert sá vitnið frábrugðið við umferðina og kveðst ekki geta sagt um, hvað bílalestin var komin nærri gatnamótunum, er þeirra bifreið kom að þeim að sunnan. Vitnið segir, að bifreið sú, er það var í, hafi verið stödd sem næst á móts við eyju þá, sem sýnd er á framlögðum uppdrætti, er það heyrði skellinn af árekstrinum og væl í hemlum, og síðan hafi Ö 594 henzt aftur á bak og skollið með afturendann utan í aftanverða hægri hlið bifreiðarinnar, sem það var í.

Ekki kveðst vitnið hafa tekið eftir því, að Ö 594 væri sveigt til vinstri, rétt í því að árekstur inn varð, enda segir það, að sér hafi ekki dottið nein hætta í hug og því ekki fylgzt sérstaklega með Ö 594.

Það segir, að bifreiðarstjóri R 5238 hafi stöðvað bifreið sína þegar í stað, er Ö 594 skall utan í bíl hans. En síðar hafi einhver farið inn í bílinn og fært hann á þann stað, sem bíllinn er sýndur á uppdrættinum. Ekki kveðst vitnið hafa tekið eftir hemlaförum á gatnamótunum, þar sem bílarnir lentu saman, en það var að þess áliti á móts við eyjarendann.

Ekki kveðst vitnið geta sagt nákvæmlega um það, hvað Ö 594 var kominn langt til hægri á brautinni, er árekstur inn varð, en það álítur, að framendi bílsins hafi verið kominn inn yfir miðlínu brautarinnar.

Vitnið Kristján Friðjónsson skýrir svo frá, að það hafi ekið bifreið sinni T 100 austur Hringbraut í umrætt skipti og meðfram Miklatorgi að Reykjanesbraut. Þegar það var komið stutt austur fyrir húsið, sem verzlunin Hagkaup er í, kom bifreiðin R 8107 fram hjá bifreið þess á mikilli ferð suður Reykjanesbraut. Kveðst það hafa ekið bíl sínum á 50—60 km hraða. Ekki kveðst vitnið muna, að R 8107 færi fram úr fleiri bifreiðum á leið sinni að slysstaðnum, enda hafi engir bílar verið nálægt á undan sér. Ekki kveðst vitnið geta sagt um það, hvort R 8107 hafi verið með ljós eða ekki, þegar bíllinn fór fram hjá honum. Ekki kveðst vitnið geta sagt um, hvort bifreiðarstjórinn hafi haldið sama ökuhraða á slysstaðnum og þeim, sem hann ók á, þegar hann fór fram hjá bíl þess, það hafi ekki fylgzt með bílnum á leið hans á slysstaðinn. Ekki kveðst vitnið treysta sér til þess að segja um, á hvaða hraða R 8107 hafi verið, er hann fór fram úr bifreið þess, en vitnið kveðst þá hafa ekið með 50—60 km hraða. Ekki sá vitnið, er slys það varð, sem hér um ræðir. Ekki sá vitnið til ferða bifreiðarinnar Ö 594, svo það geti fullyrt nokkuð um það. Það man aðeins, að það sá bíl koma niður Öskjuhlíðina, og hafi sá bíll verið með biðljósum, en ekki ökuljósum, að það heldur, enda hafi ekki verið orðið fulldimt. Vitnið segist álíta, að bíll þessi hafi verið Ö 594, þótt það geti ekkert um það fullyrt. Bíll þessi hafi verið á beinni keyrslu, er það sá hann. Er vitnið kom að gatnamótunum, var slysið afstaðið.

Vitnið Guðrún Guðmundsdóttir skýrir svo frá, að hún hafi verið farþegi í bifreiðinni T 100 í umrætt skipti. Ekki kveðst

vitnið minnast þess, að neinn bíll færi á óeðlilegri ferð fram hjá bílnum, sem það sat í, á leiðinni frá Miklatorgi og að gatnamótunum, sem slysið varð á, sem hér um ræðir. Ekki kveðst vitnið hafa séð til ferða bílsins, sem kom sunnan Reykjanesbraut, og sá ekki, er slysið varð. Vitnið kveðst hafa veitt því athygli á undan bifreiðarstjóra T 100, að árekstur hefði orðið á gatnamótunum fyrir ofan Þóroddsstaði. Ekki kveðst vitnið hafa farið á slysstaðinn. Bifreiðarstjórinn á T 100 stöðvaði nokkuð frá honum, en fór svo strax til baka, þar sem umferðin stöðvaðist við gatnamótin.

Ekki kveðst vitnið vita, á hvaða hraða bifreiðinni T 100 hafi verið ekið, og segist alls engar upplýsingar geta gefið í máli þessu. Vitnið segir, að bifreið sú, sem það var í, muni hafa verið stödd á milli slysstaðarins og Miklatorgs, er slysið varð.

Skömmu eftir áreksturinn komu tveir rannsóknarlögreglumenn á vettvang ásamt lögregluþjónum, og gerði einn lögreglumannanna uppdrátt af slysstaðnum, sem ekki hefur verið vefengdur.

Sýnir uppdrátturinn, að akbrautin sjálf, þar sem áreksturinn varð, er ca. 8 m breið og er malbikuð. Suðvestan Reykjanesbrautar er malarbelti meðfram götunni, en hinum megin götunnar eru gulir götusteinar rétt við malbikið frá þeim stað, er boginn myndast niður í Litluhlíð.

Inn á uppdráttinn er merkt staða bifreiðanna, eins og þær stöðvuðust eftir áreksturinn. Er lögreglan kom á staðinn, hafði sjúkrabifreið flutt alla farþega bifreiðarinnar Ö 594 á læknavarðstofu, nema Gunnar Skapta Kristjánsson. Lögreglan skoraði á viðstadda að gefa sig fram, ef einhver gæti gefið upplýsingar um, hvernig slysið hefði borið að, en engir aðrir en áður greinir hafa gefið sig fram. Í skýrslu lögreglunnar kemur fram, að farið hafi verið að rökkva, en veður heiðskírt og vegurinn þurr.

Bifreiðaeftirlitsmaðurinn Júlíus Bernburg skoðaði bifreiðarnar, sem fyrir skemmdum urðu, og lýsir hann þeim þannig:

Ö 594 var ógangfær vegna skemmda. Ekki varð annað séð en að bifreiðin hefði verið í lagi fyrir slysið. R 5238 reyndist vera í lagi. Afturbretti og hurð h.m. dældað. Afturstuðari brotinn. R 8107 var ógangfær eftir áreksurinn. Við skoðun kom í ljós, að fóthemill gekk fast að gólfi, en er stigið var tvisvar, voru hemlar í lagi (þó er ekki að vita, nema hemlar hefðu verkað í fyrsta ástigi), segir í skýrslu bifreiðaeftirlitsmannsins.

Stefnuljós og hemlaljós h.m. að aftan voru óvirk og rúðuþurrka h. m. ekki í lagi.

Hefur nú verið rakið í meginmáli það helzta, sem fram hefur komið í lögreglu- og dómsrannsókn máls þessa.

Að lokinni rannsókn var málið sent saksóknara ríkisins til umsagnar. Með bréfi, dags. 7. júní 1962, samþykkir hann, að málinu verði lokið með dómsátt, enda fallist þau Þuríður Ágústsdóttir og Steingrímur Jóhannes Leifsson á að greiða hæfilega sekt auk sakarkostnaðar.

Brot Þuríðar þykir varða við 4. mgr. 45. gr. og 3. mgr. 46. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, en brot Steingríms Jóhannesar við 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 49. gr. sbr. 80. gr. sömu laga.

Í sakadómi samþykkir Steingrímur að greiða 400 kr. sekt í ríkissjóð, og heimfærir dómarinn brot hans undir 4. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 49. gr. umferðarlaga og lið I–B í auglýsingu Dómsmálaráðuneytis 15/7 1960.

Á dskj. nr. 7 er í niðurlagi réttarhaldsins bókað, að Þuríður hafi undirgengizt að greiða kr. 100.00 sekt til ríkissjóðs, en strik dregið yfir þá bókun. Við munnlegan málflutning upplýsti lögmaður stefnanda, að samkvæmt sakadómsbók Keflavíkurkaupstaðar hefði hún undirgengizt sektargreiðsluna.

Stefnandi reisir kröfur sínar einkum á því, að ökumaðurinn á R 8107 eigi alla sök á slysinu með ofsalegum og ógætilegum akstri. Hefði hann sýnt lögskipaða varkárni, mundi hann hafa getað afstýrt slysinu. Beri honum því að bæta allt það tjón á bifreiðinni, sem af árekstrinum leiddi, in solidum með Samvinnutryggingum, sem selt hafi eiganda R 8107 skyldutryggingu á þeirri bifreið.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að ökukona Ö 594 eigi alla sök á árekstrinum með því að beygja til hægri án þess að huga nægilega að umferðinni, sem á móti kom.

Varakröfu sína byggja þeir á því, að verði ekki fallizt á, að stefnandi eigi alla sök á árekstrinum, hvíli þó langsamlega mestur hluti hennar á honum. Þá halda þeir því fram, að bætur fyrir afnotamissi séu of háar og viðgerðartíminn sé of langur.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, hefur ekki tekizt að finna neina sjónarvotta að árekstursaugnablikinu aðra en þá, sem í bifreiðunum voru. Hinir sérfróðu menn í dóminum hafa kynnt sér rækilega skemmdir þær, sem á bifreiðunum urðu, með það fyrir augum, hvort leiða megi af þeim frekari líkur

fyrir því, hvernig árekstur inn atvikaðist, en þegar eru fram komnar.

Að þeirra áliti má ráða af myndunum á dskj. nr. 8, að Ö 594 hafi verið skástæð á götunni árekstursaugnablikið. Leiða þeir þá ályktun einkum af því, að skemmdir á framstuðara Ö 594 og aðrir hlutir, sem losnað hafa í bifreiðinni, færast til hægri, og leiðir af því, að auðsætt er, að bifreiðin hefur snúizt réttsælis. Hins vegar benda skemmdirnar á Ö 594 ekki til þess, að bifreiðin hafi verið þverstæðari á veginum en fram er komið í málinu.

Frekari ályktanir telja þeir að verði ekki leiddar með vissu af myndunum á dsj. nr. 8 og þeim skemmdum, sem lýst hefur verið.

Eftir vitnaframburðum og öðru, sem fram er komið í málinu, virðist ótvírætt leitt í ljós, að ökukonan á Ö 594 ekur á hægri ferð norður Reykjanesbraut. Þegar hún nálgast gatnamót Litluhlíðar, dregur hún úr ferðinni, gefur stefnuljós um hægri beygju og sveigir skáhallt inn á miðlínu brautarinnar. Eitt vitnið álítur, að framendi bifreiðarinnar hafi verið kominn yfir miðlínu hennar, og hefur ökukonan ekki neitað, að svo kunni að hafa verið, en þó að mjög litlu leyti. Öllum þeim, sem í bifreiðinni Ö 594 voru og fyrir rétt hafa komið, ber saman um, að R 8107 hafi borið að með miklum hraða og að ökukonan hafi snöggbeygt til vinstri, áður en áreksturinn varð.

Að lögum ber þeim, sem beygja til hægri, að gæta fyllstu varkárni gagnvart þeim ökutækjum, sem koma á móti, og fara ekki yfir miðlínu brautar, nema nægilegt svigrúm sé til umráða. Ökukona Ö 594 þykir ekki hafa gætt þess sem skyldi og verður því að bera sjálf nokkurn hluta sakarinnar.

Hins vegar hefur ökumaður R 8107 engan veginn gætt lögboðinnar varkárni gagnvart umferðinni, sem á móti kom, á jafnfjölförnum vegi. Hann veitir stefnuljósum Ö 594 ekki athygli, fyrr en rétt í því að áreksturinn verður, og gefst ekki tóm til neinna varnaraðgerða. Sterkar líkur benda því til, að hraði bifreiðarinnar hafi verið meiri en hann vill vera láta og að hann hafi ekki haldið sig sem skyldi á vinstri helmingi vegarins. Að öðrum kosti hefði hann auðveldlega átt að geta sveigt til vinstri, þar sem engin hindrun var frá gatnamótum Litluhlíðar, og forðast þannig slys eða stöðvað bifreiðina nær samstundis, sérstaklega þegar þess er gætt, að hann ekur upp á móti halla. Auk þessa virðast hemlar bifreiðarinnar ekki hafa verið í full-

komnu lagi, og bar honum því enn ríkari skylda til varkárni í akstri sínum.

Verður því að telja, að meginorsök slyssins sé ógætilegur akstur ökumannsins á R 8107. Þykir hann því eiga að bera meiri hluta sakarinnar.

Þegar öll málsatvik eru virt, þykir rétt, að stefndu bæti stefnanda ⅔ hluta sakarinnar, en stefnandi beri sjálfur ⅓ hluta.

Stefndu hafa ekki mótmælt upphæð viðgerðarreikninga tölulega, en talið viðgerðartímann of langan og orsakir dráttar á viðgerðinni ekki verið í ljós leiddar. Enn fremur hafa þeir mótmælt bótum fyrir afnotamissi sem of háum.

Hinir sérfróðu dómendur hafa yfirfarið viðgerðarreikinga þá, sem lagðir hafa verið fram. Af þeim sést, að nokkurt hlé hefur orðið á vinnu við bifreiðina, en þó ekki svo, að þeir telji óeðlilegt, þegar þess er gætt, að þurft hefur að spartsla og sprauta yfir skemmdirnar, en milli þess verður að líða nokkur tími. Má því að þeirra dómi telja viðgerðartímann eðlilegan. Eftir atvikum þykja bætur fyrir afnotamissi hæfilega ákveðnar kr. 2.200.00.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefndu til að greiða stefnanda in solidum kr. 27.178.10 (kr. 24.978.10 + 2.200.00) auk vaxta, svo sem krafizt er, og kr. 4.800.00 í málskostnað.

Dóm þenna kváðu upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendum, Ágúst Hafberg forstjóra og Aðalsteini Hjálmarssyni bifvélavirkjameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Leifur Þórhallsson og Samvinnutryggingar, Reykjavík, greiði in solidum stefnanda, Gunnari Skapta Kristjánssyni, kr. 27.178.10 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. apríl 1962 til greiðsludags og kr. 4.800.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. júní 1965.

Nr. 1/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Stefáni Karli Jónssyni
(Friðrik Magnússon hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Skaðabætur til Erlends Kristjánssonar eru hæfilega metnar í héraðsdómi kr. 41.770.20. Innheimtulaun af þeirri fjárhæð verða ekki dæmd, þar sem krafan er höfð uppi og dæmd í opinberu máli, sbr. 145. gr. laga nr. 82/1961. Ákærða ber að greiða 7% ársvexti af dæmdri bótafjárhæð frá 26. júlí 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjunarkostnað sakarinnar ber ákærða að greiða, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun skipaðs verjanda í Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Stefáns Karls Jónssonar, og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði Erlendi Kristjánssyni kr. 41.770.20 ásamt 7% ársvöxtum frá 26. júlí 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð,

kr. 8.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, Friðriks Magnússonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 24. nóvember 1964.

Ár 1964, þriðjudaginn 24. nóvember, var í sakadómi Akureyrar, sem haldinn var af Ásmundi S. Jóhannssyni fulltrúa í skrifstofu embættisins með undirrituðum vottum, kveðinn upp dómur í málinu nr. 693/1964: Ákæruvaldið gegn Stefáni Karli Jónssyni, sem tekið var til dóms 14. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dagsettri 8. júlí 1964, á hendur Stefáni Karli Jónssyni sjómanni, Víðimýri 5 á Akureyri, fyrir að slá Erlend Kristjánsson sjómann, Mel í Staðarsveit, í höfuðið miðvikudagsnóttina 26. júlí 1961 á bryggju í Neskaupstað með þeim afleiðingum, að Erlendur kjálkabrotnaði, fékk glóðarauga og var lengi frá verkum vegna meiðslanna.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 oð 4. gr. sbr. 83. gr. lögreglusamþykktar Neskaupstaðar nr. 103/1930.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 20. marz 1938 á Akureyri, og er sakavottorð hans svohljóðandi:

1958 20/3 Akureyri. Dómur: 1500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á bifreiða-, umferðar- og áfengislögum.
1957 11/12 Akureyri. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1958 14/10 Akureyri. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1959 10/3 Vestmannaeyjum. Sátt, 400 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1960 11/1 Siglufirði. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1962 10/2 Vestmannaeyjum. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málsatvik verða nú rakin samkvæmt framburði ákærða, vitnaframburðum og öðru því, sem fram er komið í málinu.

Aðfaranótt miðvikudagsins 26. júlí 1961 kom Stefán Karl Jónsson, ákærði í máli þessu, til Neskaupstaðar farþegi í leigubifreiðinni R 7724. Aðrir farþegar voru Guðmundur Pétursson og Svava Halldórssdóttir, bæði frá Akureyri, Hulda Sigurðardóttir frá Hjartarstöðum í Eiðaþinghá og stúlka að nafni María, sennilega frá Kópavogi. Í Neskaupstað var ekið niður á bryggju, og fóru stúlkurnar út úr bifreiðinni og gáfu sig á tal við sjómenn, sem þar voru. Voru bæði sjómennirnir og stúlkurnar undir áhrifum áfengis, og neytti sumt af fólki þessu áfengis þarna á bryggjunni. Reyndi ákærði að fá stúlkurnar til að koma inn í bifreiðina á ný og tókst það, en er bifreiðinni var ekið af stað, þvældust sjómennirnir fyrir bifreiðinni, svo hún komst vart áfram. Sté ákærði þá út úr bifreiðinni og gekk að Erlendi Kristjánssyni, einum sjómanna, og sló hann högg á kjálka, og hnaut Erlendur við síðasta höggið. Hafði hann reynt að veita mótspyrnu. Einn kvenfarþeginn reyndi að ganga á milli, en mátti sín einskis. Aðrir voru hlutlausir áhorfendur. Eftir þetta ók bifreiðin á brott með farþega sína.

Erlendur Kristjánsson, sem var skipverji á m/s Guðbjörgu, GK 220, fór til skips síns. Nokkru eftir atburð þenna, sem mun hafa gerzt á tímabilinu frá kl. 0300 til 0400, kenndi Erlendur eymsla í kjálka og fór á Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað kl. 0615, og við röntgenmyndatöku kom í ljós, að neðri kjálkinn á honum var brotinn vinstra megin aftan til, og hann var með glóðarauga vinstra megin einnig, eins og segir í vottorði læknisins Elíasar Eyvindssonar, dagsettu 27. júlí 1961, og taldi hann Erlend óvinnufæran um óákveðinn tíma. Gert var að meiðslum hans til bráðabirgða, og síðan var hann sendur til Reykjavíkur og mátti víkja úr skiprúmi.

Hreinn Magnússon, ökumaður R 7724 greint sinn, kvað farþega sína flesta hafa verið hreyfa af víni. Á bryggjunni í Neskaupstað kvað vitnið farþegana, utan ákærða, hafa farið út úr bifreiðinni, og gáfu þeir sig á tal við sjómenn, sem þarna voru fyrir. Þegar halda skyldi af stað aftur, vantaði einn kvenfarþegann, og var hann á tali við pilt á bryggjunni. Skyndilega sté ákærði út úr bifreiðinni og gekk til þeirra. Sló hann síðan piltinn tvö hnefahögg í andlit, að því er vitnið minnti, og hrasaði pilturinn við og missti vínflösku, sem hann hafði haldið á. Vitnið dreif farþega sína inn í bifreiðina og ók í brott.

Ragnar Sigurðsson, hafnarvörður í Neskaupstað, mætti sem vitni í málinu. Kvaðst hann hafa verið í hafnarskýlinu, þegar

greindur atburður gerðist. Kvað það sjómennina á bryggjunni og farþega R 7724 hafa verið meira og minna undir áhrifum áfengis. Við bifreiðina myndaðist þröng manna, er henni var ekið af stað. Skyndilega hafi einn farþeginn undið sér út úr bifreiðinni, gengið framan að Erlendi Kristjánssyni og slegið hann þrjú högg á vinstri kjálka. Við síðasta höggið féll Erlendur og missti vínflösku, sem hann hélt á í hendi sér.

Magnús Björgvinsson, skipverji á m/s Guðbjörgu, GK 200, mætti sem vitni í málinu. Kvaðst vitnið ásamt Erlendi Kristjánssyni hafa átt tal við stúlkur á bryggjunni í greint sinn, og fylgdu þeir þeim að bifreið, sem stóð ofarlega á bryggjunni. Stúlkurnar stigu inn í bifreiðina, utan ein, sem ræddi við Erlend Kristjánsson. Allt í einu kom maður út úr bifreiðinni, gekk rakleitt að Erlendi og sló hann umsvifalaust, a.m.k. tvisvar, í höfuðið, svo Erlendur féll. Sté maður þessi síðan upp í bifreiðina, sem ók á brott. Vitnið kvað árásarmanninn hafa verið allmikið drukkinn.

Vitnið Guðbjörn Ægir Axelsson, skipsfélagi Erlends, stóð álengdar, er umræddur atburður gerðist. Var Erlendur í hópi fólks, er vitnið sá mann vinda sér út úr bifreið, sem þarna stóð, ganga beint að Erlendi og slá hann, svo hann féll. Fór árásarmaðurinn síðan inn í bifreiðina. Samhljóða framburði þessum er framburður vitnisins Marels Andréssonar.

Vitnið Guðmundur Pétursson, ferðafélagi ákærða, kvaðst ekki hafa orðið var við handalögmál á bryggjunni, en á leiðinni til baka heyrði það ákærða og bifreiðarstjórann, vitnið Hrein Magnússon, tala um það, að ákærði hefði lent í átökum ofan við bryggjuna.

Vitnið Hulda Sigurðardóttir, einn kvenfarþegi R 7724, kvað ákærða hafa verið ölvaðan, og hafi hann gengið til Erlends, þar sem hann var á tali á bryggjunni við hina tvo kvenfarþega R 7724, og slegið hann.

Erlendur Kristjánsson, kærandi þessa máls, kvaðst í greint sinn hafa verið á tali við sér óþekkta stúlku á bryggjunni og verið að bjóða henni vín, er hann varð skyndilega fyrir árás ákærða, er greiddi honum hvert hnefahöggið á fætur öðru í andlit, nánar tiltekið á vinstri kjálka, svo hann hálfrotaðist og féll á bryggjuna og missti áfengisflösku, sem hann hafði haldið á.

Ákærði mætti í sakadómi Seyðisfjarðar 26. júlí 1961, eða sama dag og brot það telst framið, sem ákært er fyrir. Kannaðist hann þá við að hafa slegið mann á bryggju í Neskaup-

stað, en taldi hann hafa móðgað sig í orði. Hinn 15. febrúar 1962 mætti ákærði í sakadómi Vestmannaeyja. Kvaðst hann þá hafa verið ölvaður í ferðalaginu til Neskaupstaðar, er þangað var komið, 26. júlí 1961.

Í þessu þinghaldi kvað ákærði sig ekki muna eftir því, er hann sló mann á bryggjunni í Neskaupstað, en neitaði ekki að hafa slegið manninn, en taldi hann hljóta hafa gert eitthvað á sinn hluta.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, telst fyllilega sannað, að ákærði hafi með atferli sínu í greint sinn brotið gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem afleiðingar árásarinnar, þ. e. meiðsli Erlends, sbr. vottorð Elíasar Eyvindssonar læknis, sem áður er rakið, eru slíkar sem lýst er í þessari grein hegningarlaganna, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 45 daga.

Erlendur Kristjánsson hefur gert þá kröfu á hendur ákærða, Stefáni Karli, að hann verði dæmdur til að greiða sér í skaðabætur kr. 54.829.10 auk 7% ársvaxta frá 26. júlí 1961 til greiðsludags og þóknunar samkvæmt taxta L.M.F.Í., 2. gr., b-lið, til lögfræðilegs ráðunautar síns.

Skaðabótafjárhæðina hefur hann sundurliðað þannig:

1.	Vinnutjón frá 26. júlí 1961 til loka síldarvertíðar 28. ágúst s. á.	kr. 26.930.25
2.	Vinnutjón frá síldarvertíðarlokum til 19. september s. á.	— 5.200.00
3.	Læknishjálp og önnur útgjöld	— 2.518.85
4.	Röntgenmyndun	— 180.00
5.	Bætur fyrir sársauka og óþægindi ..	— 20.000.00

Af hendi ákærða er kröfu þessari mótmælt sem of hárri, og við munnlegan flutning málsins var krafizt sakarskiptingar. Lið nr. 2 mótmælt sem of háum, þar sem ósennilegt væri, að Erlendur hefði unnið á þessum tíma og þar til hann hóf nám í Sjómannaskólanum.

Til stuðnings kröfu sinni hefur Erlendur Kristjánsson lagt fram vottorð Magnúsar Marteinssonar, útgerðarstjóra Arnar h/f, eiganda m/s Guðbjargar, GK 200, sem hann var skipverji á sumarið 1961 til 26. júlí, þar sem hann segir, að aflahlutur hans, frá því hann fór úr skiprúmi og til vertíðarloka, mundi hafa numið kr. 26.930.25. Með hliðsjón af vottorði Elíasar Eyvindssonar læknis um það, að Erlendur væri óvinnufær, ber að taka

þenna lið kröfunnar til greina að fullu. Til stuðnings lið 2 hefur Erlendur aflað sér vottorðs prófessors Jóns Sigtryggssonar, dagsetts 19. september 1961, þar sem segir, að aðgerð sé lokið og Erlendur vinnufær. Þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 3.000.00. Til stuðnings lið nr. 3 hefur Erlendur framvísað reikningum, að fjárhæð kr. 1.839.95, og ber að taka kröfulið þenna til greina að þessu leyti.

Ekki hefur verið framvísað reikningi til stuðnings kröfulið 4, og vísast kröfunni frá dómi.

Bætur samkvæmt lið nr. 5 þykja eftir atvikum og með hliðsjón af framansögðu hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir rétt að dæma ákærða til greiðslu bóta til handa Erlendi Kristjánssyni, samtals að fjárhæð kr. 41.770.20, auk 7% ársvaxta af þeirri upphæð frá 26. júlí 1961 til greiðsludags og þóknunar til lögfræðilegs ráðunautar hans, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 3.000.00.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls annars málskostnaðar, þar á meðal saksóknarlauna í ríkissjóð, kr. 4.000.00, og málsvarnarlauna, kr. 5.000.00, til Friðriks Magnússonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Karl Jónsson, sæti varðhaldi 45 daga.

Ákærði greiði Erlendi Kristjánssyni, Mel í Staðarsveit, kr. 41.770.20 auk 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 26. júlí 1961 til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 4.000.00, saksóknarlaun í ríkissjóð, og kr. 5.000.00, málsvarnarlaun til Friðriks Magnússonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. júní 1965.

Nr. 152/1964. **Trésmiðjan Fjalar h/f og Ingólfur Helgason**
(Ragnar Steinbergsson hdl.)
gegn
Ólafi Bjarnasyni og gagnsök
(Axel Kristjánsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Smíðagallar á húsi. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1964 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna og málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1964. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum kr. 102.066.09 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 97.000.00 frá 1. júlí 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eins og rakið er í héraðsdómi, krefst gagnáfrýjandi fébóta úr höndum aðaláfrýjenda vegna skemmda á húsi gagnáfrýjanda. Óumdeilt er, að skemmdir þessar má rekja til missigs í grunni hússins. Frágangur húsgrunnsins var þannig, að burðarveggir (grunnmúrar) hvíldu á nokkuð föstu leirlagi á 80 cm dýpi. Grasrót, sem var um 10 cm þykk, hafði ekki verið fjarlægð úr grunninum, heldur var jafnað yfir hana með sandi, síðan lögð hraunmöl og gólfplatan steypt ofan á. Hún var hvorki styrkt með járnum né járnbundin í veggi. Aðaláfrýjandi Ingólfur, sem var löggiltur húsasmiður í Húsavíkurkaupstað, átti að gæta þess, að undirstöður hússins og gólfplata væru nægilega traustar. Skiptir hér engu máli, þótt ákveðið hafi verið í upphafi, að grunnurinn skyldi vera svonefndur „flotgrunnur". Ekki skiptir heldur máli í þessu sambandi, þótt gerð hússins og frágangur grunnsins hafi verið samþykktur af við-

komandi byggingarnefnd. Sökum framangreindrar vangæzlu aðaláfrýjanda Ingólfs verður að telja hann bera fébótaábyrgð gagnvart gagnáfrýjanda. Hins vegar ber einnig á það að líta, að gagnáfrýjandi, sem vann sjálfur við steypu gólfplötunnar, átti að sjá, að frágangur hennar var varhugaverður, en ekki er sannað, að hann hafi hreyft mótmælum við aðaláfrýjanda Ingólf.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms, þykir mega staðfesta ákvæði hans um skaðabætur, þó með þeirri breytingu, að ársvextir ákveðast 7% til 1. janúar 1965, en 6% frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 28.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Trésmiðjan Fjalar h/f og Ingólfur Helgason, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Ólafi Bjarnasyni, kr. 70.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 11. október 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 28.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Húsavíkur 27. júlí 1964

Ár 1964, mánudaginn 27. júlí, klukkan 2130, var á bæjarþingi Húsavíkur, sem haldið var í skrifstofu embættisins í Húsavík af Jóhanni Skaptasyni bæjarfógeta og meðdómsmönnunum Snorra Guðmundssyni byggingameistara og byggingafulltrúa og Pétri Pálmasyni verkfræðingi, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1/1963: Ólafur Bjarnason gegn Trésmiðjunni Fjalar h/f og Ingólfi Helgasyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 20. þ. m., hefur Ólafur Bjarnason verkamaður, Sólvöllum 7, Húsavík, höfðað fyrir bæjarþinginu, með stefnu, útgefinni 25. febrúar 1963, gegn Tré-

smiðjunni Fjalar h/f, Húsavík, og Ingólfi Helgasyni byggingameistara, Höfðabrekku 17, Húsavík, til að koma fram skaðabótakröfu á hendur hinum stefndu vegna fram kominna skemmda og galla á húsinu nr. 7 við Sólvelli í Húsavík.

Stefnandinn gerir þær kröfur fyrir dómi, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta og matskostnaðar, samtals að upphæð kr. 102.066.09 — eitt hundrað og tvö þúsund sextíu og sex krónur og níu aura — auk 8% ársvaxta af kr. 97.000.00 frá 1. júlí 1962 til greiðsludags.

Sundurliðar stefnandi kröfu sína þannig:

1.	Viðgerðarkostnaður samkvæmt matsgerð, dags. 14/12 1961, með 12% hækkun vegna verðhækkana síðan	kr. 97.000.00
2.	Matskostnaður	— 5.068.09
		Kr. 102.068.09

auk 8% ársvaxta, svo sem að framan greinir.

Þá krefst stefnandinn málskostnaðar úr hendi stefndu eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins.

Hið stefnda hlutafélag, Trésmiðjan Fjalar h/f, krefst sýknu af öllum kröfum stefnandans vegna aðildarskorts og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefndi Ingólfur Helgason krefst einnig aðallega algerrar sýknu af öllum kröfum stefnandans og málskostnaðar úr hendi hans.

Til vara krefst hann mikillar lækkunar á stefnukröfunni að mati dómsins og niðurfalls málskostnaðar.

Tildrög máls þessa eru þau, að á árunum fyrir 1955 hafði stefndi Ingólfur Helgason byggingameistari, Húsavík, forstjóri Trésmiðjunnar Fjalars h/f, íhugað það, á hvern hátt væri hægt að byggja ódýrari hús en þá tíðkaðist.

Honum hugkvæmdist, að hægt væri að spara verulega kostnað við grunn og gólf húsanna, ef húsin væru léttari en venjulega. Ákvað hann því að nota asbestplötur í klæðningu á útveggi og kosta sem minnstu til húsgrunnsins og grafa undirstöður ekki niður á fast.

Trésmiðjan Fjalar h/f byggði svo eitt hús af þessari gerð sumarið 1955 fyrir rúmlega kr. 120.000.00, og kostaði rúmmetrinn í húsinu rétt um kr. 400.00, en talið er, að á sama tíma

hafi rúmmetrinn í steinhúsum, byggðum í Húsavík, kostað kr. 600.00.

Ýmsum leizt vel á þessa tilraun, og sömdu nokkrir menn við stefnda Ingólf Helgason um, að hann smíðaði fyrir þá sams konar hús. Var stefnandi þessa máls, Ólafur Bjarnason, einn þeirra.

Bygging hér greindra „asbesthúsa" virðist heyra undir 44. gr. byggingasamþykktar Húsavíkur nr. 57 frá 15. apríl 1939.

Ólafur Bjarnason sótti um byggingaleyfi fyrir húsi sínu og lagði fram tilskilin gögn, svo sem teikningu af hinu fyrirhugaða húsi, sem lögð hefur verið fram í máli þessu.

Byggingarnefnd leyfði bygginguna, og byggingafulltrúi átti að hafa eftirlit með byggingu hússins á venjulegan hátt.

Öllum aðiljum, húseiganda, byggingameistara, byggingarnefnd og byggingafulltrúa, var ljóst, að hér var um að ræða annars konar hús en áður höfðu verið byggð hér og tilraun til sparnaðar á byggingakostnaði.

Jafnframt húsi stefnandans voru í byggingu nokkur önnur sams konar hús, sem stefndi Ingólfur Helgason sá um byggingu á, og var samkomulag um það, að byggingarverð hvers einstaks húss yrði meðalverð allra húsanna, nema að því leyti sem frávik kynni að verða um einstök hús til sparnaðar eða kostnaðarauka.

Áætlaður byggingarkostnaður 300 rúmmetra húss, svo sem hús stefnandans er, var kr. 135.000.00, en reyndist verða kr. 146.045.00.

Frágangur húsgrunnsins var þannig, að fyrir útveggjum var grafið í 70—80 cm dýpi í órudda jörð, síðan var steypt í rásir þessar og grunnurinn áfram upp að gólfplötu í þá hæð, sem ákveðin var af byggingayfirvöldum. Grasrót var ekki fjarlægð úr grunninum, en jafnað var yfir hana með sandi og gólfplatan síðan steypt ofan á. Hún var hvorki styrkt með járnum né járnbundin út í veggi.

Stefnandinn vann sjálfur við að steypa gólfplötuna í hús sitt.

Hann kveðst þá hafa haft orð á því, hvort ekki þyrfti að setja járn í gólfplötuna. Menn frá Trésmiðjunni Fjalar h/f hafi sagt það óþarft, því húsið væri svo létt, og stefndi Ingólfur Helgason hafi sagt, að hellan væri svo létt, að gólfið myndi ekki bila. Lét stefnandinn við það sitja.

Eftir að húsið var fullbyggt og tekið í notkun, fóru að koma fram sprungur í gólfi, sem auðsjáanlega stöfuðu af missigi.

Kvartaði stefnandinn undan þessum skemmdum við stefnda Ingólf Helgason og krafðist úrbóta án árangurs. Leiddi það til þessarar málssóknar.

Dómkvaddir menn hafa lýst skemmdunum og metið kostnað við viðgerðir, sem þeir telja nauðsynlegar. Þar segir meðal annars:

„Það er augljóst, að undirstöður hússins nr. 7 við Sólvelli hafa verið hugsaðar í samræmi við lið 2 að framan eða „flotgrunnur", en grunnmúrar og þó sérstaklega gólf ekki verið gert nægilega sterkbyggt, enda gólf nú allt brotið og missigið. Mesta sig er í „skála", 6 cm niður fyrir gólfhæð við sökkul.

Merkjanlegt sig er í grunnmúrum, en nokkuð jafnt, mesti mismunur 1,9 cm. Verður það að teljast gott, þar sem þessi skekkja getur alveg eins verið frá því að grunnmúrar voru steyptir og væri ekki almennt talið mikið frávik frá láréttu.

Orsök þess rasks, sem orðið hefur á gólfi hússins, má rekja til þess, að grunnmúrar eru steyptir niður á nokkuð fast leirlag, en aftur á móti hefur undirstaða gólfsins ekki verið gerð af sama styrkleika (þéttleika), enda er gólf steypt á ósnerta grasrót, sem rétt var af (til láréttu) með sandi, en síðan voru sökklar sléttfylltir hraunmöl."

Og síðar segir:

„Lítið rask er hægt að merkja á útveggjum hússins, en aftur á móti eru innveggir allir úr lagi færðir, og má rekja þær skemmdir allar til gólfsins. Dyraumbúnaður hefur skekkzt og veggir færzt úr lóðréttu.

Plötusamskeyti hafa opnazt, loft og gólflistar raskazt. Lítils háttar raki er í eldhússkáp undir vaski, en ekki er hægt að merkja nokkra skemmd á útveggjum í skápnum, og rakinn stafar vafalítið af þéttingu vatns á kaldri vatnsleiðslu í skápnum.

Sig er í loftbitum, og er það eðlilegt, þar sem innveggir hafa fylgt með eftir á sigi á gólfi.

Mikið sig er í þaki um miðju sperruleggja á báðum hliðum. Má þar mest um kenna stoðum milli loftbita og sperra. Þessar stoðir eru aðeins 1"×3" og negling eftir því. Einnig kann þetta sig að stafa að einhverju leyti af sigi í loftbitum, sem áður var getið. Reykháfur hefur sigið og tekið hluta af þakinu með sér."

Matsmennirnir minnast á ýmislegt, sem að þeirra áliti hefði þurft að vera traustbyggðara í húsinu.

Þá greinir matsgerðin lið fyrir lið, hvað gera þurfi til úrbóta

og hvað það muni kosta, og er fjárkrafan í máli þessu byggð á því mati.

Stefnandinn upplýsti sjálfur undir rekstri málsins, að á vetrinum 1962—1963 hefði honum boðizt kr. 300.000.00 kauptilboð í húsið Sólvelli 7, og átti meintur skaðabótaréttur ekki að fylgja í kaupunum, en stefnandinn hafnaði tilboðinu.

Af framanskráðu er augljóst, að í húsi stefnandans hafa komið fram mjög verulegir gallar, sem sýna, að frágangur grunnsins hefur ekki reynzt nægilega styrkur á þeim jarðvegi, sem byggt var á. Engu að síður virðist stefnandinn hafa fengið verðmætt hús, sem hann átti kost á að selja 6 ára gamalt fyrir rúmlega tvöfalt kostnaðarverð þrátt fyrir augljósa galla.

Það er upplýst í máli þessu, að „asbesthúsin", þar á meðal hús stefnandans, Sólvellir 7, voru byggð á ýmsan hátt öðruvísi en tíðkazt hafði og úr öðru efni. Þau voru tilraun til að byggja ódýr hús við hæfi efnalítils fólks. Útlit er fyrir að forðast hafi átt allan ónauðsynlegan kostnað jafnt við grunn sem annað í byggingunni. Gerð húsanna var samþykkt af byggingarnefnd, og byggingafulltrúi bannaði ekki þenna frágang grunnsins.

Vitnisburður hans í málinu er meðal annars þannig:

—„Vitnið minnist þess ekki að hafa skoðað grunninn (þ. e. fyrir Sólvöllum 7) sérstaklega, áður en undirstöður voru gerðar, og það telur sig ekki hafa persónulega samþykkt eitt eða neitt, varðandi fyrirkomulag undirstaða og gólfplötu, það vildi láta ganga öðruvísi frá grunninum og var ekki persónulega samþykkt teikningunum, sem byggingarnefndin samþykkti.

Samkvæmt teikningunum er ekki hægt að sjá annað en að grunnurinn eigi að vera flotgrunnur. Vitnið skoðar uppdráttinn á fylgiskjali nr. 11 og segir, að teikningin sýni ekkert, sem eigi að tryggja það, að grunnurinn þoli að vera flotgrunnur.

Vitnið var persónulega andvígt fyrirkomulaginu á frágangi grunnanna og samþykkti það ekki."

Þá upplýsir vitnið enn fremur:

„Á þeim tíma, sem húsið var byggt, var yfirleitt erfitt að fá húsbyggjendur til að kalla á úttekt á þeim stigum byggingarinnar, sem gert var ráð fyrir eftirliti byggingafulltrúa. Hins vegar reyndi byggingafulltrúinn að fylgjast með framkvæmdum, eftir því sem nauðsyn krafði og tími hans leyfði.

Nú getur hann ekki um það sagt, hvort honum var gert aðvart um það, hvenær byrjað yrði á undirstöðum hússins nr. 7 við Sólvelli. Ekkert var bókað um slíkt á þeim tíma."

„Vitnið upplýsir, að á þeim tíma, sem húsið Sólvellir 7 var byggt, hafi ekki verið venja að járnbinda gólf í húsum, sem byggð voru á jarðvegi, en segir, að það hafi orðið að fara eftir ástæðum. Það var tillaga vitnisins, að allur lífrænn jarðvegur, sem reikna mætti, að rýrnaði og ylli sigi, yrði fjarlægður og gróf möl og púkk látið í staðinn. Það minnist þess ekki, að byggingarnefnd gerði kröfu um járnbindingu í grunni Sólvalla 7, segir, að byggingarnefnd geti treyst því, að sá, sem teiknar, geri sér grein fyrir öllum grunnaðstæðum og formi teikninguna eftir því"

Af þessum vitnisburði byggingafulltrúans í Húsavík svo og af vitnisburði byggingarnefndarmannsins Þórhalls Snædals byggingameistara virðist augljóst, að byggingarnefndin hefur gengið inn á það, að frágangur grunna „asbesthúsanna" yrði slíkur sem á Sólvöllum 7, ella hefði byggingafulltrúinn, sem vafalaust hefur fylgzt með frágangi grunnanna, lagt bann við því, að á þeim yrði byggt. Það gerði hann ekki. Hins vegar var hann (persónulega) sjálfur þeirrar skoðunar, að frágangur grunnanna væri ekki nægilega vandaður og traustur.

Það er því álit dómsins, að húsameistarinn, Ingólfur Helgason, stefndi í máli þessu, hafi gengið frá grunni og byggt húsið Sólvelli 7 í samræmi við samþykki byggingarnefndar.

En þar sem um er að ræða nýjung í byggingum, fyrst og fremst varðandi sjálft húsið og þar af leiðandi varðandi grunninn, og byggingin er undantekning frá ákvæðum byggingasamþykktar, leyfð með heimild í 44. gr., lítur dómurinn svo á, að byggingameistarinn og húsbyggjandinn (þ. e. sá, sem tekur að sér að framkvæma verkið) verði gerðir ábyrgir fyrir stórvægilegum göllum, sem fram koma á húsinu, vegna hins óvandaða frágangs grunnsins, en sig gólfsins verður að teljast stórgalli á húsinu, og aðrar framkomnar skemmdir á því virðist augljóslega mega rekja til sigs gólfsins.

Dómendur skoðuðu húsið og sannfærðu sig um það, að gólfsiginu er rétt lýst af matsmönnum. En lýsingin ein á röskun innveggja hússins og þaksigi gefur aðra hugmynd um skemmdirnar en skoðun, því við yfirsýn lítur allt mjög vel út og vafasamt, að tekið væri eftir nokkurri missmíði á veggjum, ef ekki væri vakin eftirtekt á. Allt lítur mjög vel út, og getur það að nokkru leyti stafað af góðu viðhaldi húseiganda, en við nánari athugun sést, að skilrúm falla ekki alstaðar að gólfi, og einstaka hurð fellur illa eða ekki í fals.

Sig er merkjanlegt í þaki, sérstaklega í kringum reykháf.

Að áliti dómsins væri það óforsvaranleg sóun verðmæta að rífa allt innan úr húsinu til að steypa nýjar undirstöður og nýtt gólf, eins og matsmennirnir gera ráð fyrir, enda líkur fyrir því, að núverandi gólf sé fullsigið eða að minnsta kosti búið að öðlast það fasta undirstöðu, sem frekast var hægt að vænta í upphafi, miðað við þann frágang, sem hafður var við grunnbygginguna.

Hinir byggingafróðu meðdómendur hafa kynnt sér ýtarlega ástand hússins Sólvalla 7 og gert kostnaðaráætlun um lagfæringu þess, án þess að innrétting sé fjarlægð og gólf brotið upp.

Í framhaldi af skoðun hússins fékk dómurinn matsmanninn Friðgeir Axfjörð til þess að mæla að nýju gólfsigið.

Í punkti fyrir miðjum útidyrum, 2.5 metra hornrétt inn á gólf, reyndist sig vera 6.5 sentimetrar eða hafa aukizt um 0.5 sm frá síðustu mælingu, sem fram fór í árslok 1961.

Styrkir þetta álit dómsins um, að líkur séu fyrir því, að gólf hússins sé fullsigið eða fast að því fullsigið, og sé því óhætt að framkvæma viðgerð hússins á hinu signa gólfi, rétta og lagfæra skekkjur, sem fram hafa komið í innréttingu og þaki við sig gólfsins, og annaðhvort rétta gólfið með pússningu eða setja parkettgólf.

Telur dómurinn, að slík viðgerð muni kosta kr. 70.000.00.

Dóminum er ljóst, að ekki er vissa fyrir því, að sigi húsgrunnsins sé lokið, og kunni því enn að koma fram einhverjar skemmdir vegna sigs. En með hliðsjón af því, hvernig til byggingarinnar er efnt og að stefndu hafa við framkvæmd verksins ekki fullkomlega notað álagningarrétt sinn, er talið rétt, að stefnandinn beri framangreinda áhættu og þoli jafnframt það, að óvíst er, að viðgerð á framangreindum grundvelli jafngildi algerlega nýju húsi í fullkomnu ástandi.

Stefnda Trésmiðjan Fjalar h/f hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnandans sökum aðildarskorts. Á þessa kröfu stefnda getur dómurinn ekki fallizt. Enginn skriflegur samningur var gerður um framkvæmd verksins, en það var mjög eðlilegt, að stefnandinn teldi sig hafa þessi viðskipti við Trésmiðjuna Fjalar h/f sem verktaka og að stefndi Ingólfur Helgason kæmi fram fyrir hönd félags síns sem forstjóri þess.

Það var alkunnugt í Húsavík, að Trésmiðjan Fjalar h/f tók að sér húsbyggingar og að Ingólfur Helgason kom fram fyrir félagsins hönd við þær framkvæmdir.

Ekkert er upplýst um það, að Ingólfur Helgason hafi nokkurn tíma tjáð stefnandanum, að það væri hann sjálfur, en ekki félagið, sem tæki að sér byggingu hússins.

Það var upplýst við munnlega málflutninginn, að það var Trésmiðjan Fjalar h/f, sem byggði á sinn kostnað fyrsta „asbesthúsið", þótt Ingólfur Helgason ætti hugmyndina og stjórnaði framkvæmd verksins.

Trésmiðjan Fjalar h/f smíðaði allt, sem smíðað var á verkstæði í húsið Sólvelli 7, félagið veitti lánstraust, lánaði fé og samdi um lán í verzlun vegna byggingarinnar, kvittanir fyrir greiðslum voru gefnar út í nafni félagsins, og við hinn munnlega málflutning upplýsti talsmaður félagsins, verjandinn, að félagið hefði ekki reiknað sér álag við aðra vinnu við húsin en verkstæðisvinnuna, til þess að húsin, sem voru að nokkru leyti „vonarpeningur", skyldu vera sem ódýrust. Þá hafa tveir aðrir eigendur „asbesthúsa", sem byggð voru í sama flokki sem hús stefnanda, borið við vitnaleiðslur í máli þessu, að þeir hafi talið Trésmiðjuna Fjalar h/f vera verktaka byggingarinnar.

Það er því álit dómsins, að Trésmiðjan Fjalar h/f og Ingólfur Helgason, stefndu í máli þessu, séu sameiginlega fébótaskyldir vegna galla í gerð hússins Sólvalla 7.

Samkvæmt framangreindum niðurstöðum þykir rétt að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnandanum kr. 70.000.00 í skaðabætur vegna skemmda, sem fram hafa komið í húsi hans Sólvöllum 7 ásamt 8% ársvöxtum frá birtingu sáttakæru í málinu hinn 11. október 1962 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað, þar með tekið tillit til kostnaðar af mati.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Trésmiðjan Fjalar h/f og Ingólfur Helgason, greiði stefnanda, Ólafi Bjarnasyni, in solidum kr. 70.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 11. október 1962 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. júní 1965.

Nr. 57/1965. **Íslenzk endurtrygging**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Aðstöðugjald. Lögtaksmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. marz 1965 og krafizt þess, að lögtak verði einungis heimilað til tryggingar kr. 21.027.50 með 12% dráttarvöxtum af kr. 15.300.00 frá 1. janúar 1964 til 1. apríl 1964, af kr. 10.700.00 frá þeim degi til 1. desember 1964 og af kr. 21.027.50 frá þeim degi til greiðsludags og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Heimilt var samkvæmt meginreglu 1. gr. laga nr. 19/1940 og 9. gr. laga nr. 69/1962 að setja ákvæði 3. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 81/1962 um, að beita skuli viðurlögum laga um tekju- og eignarskatt, ef skýrslur gjaldenda aðstöðugjalds eru ófullnægjandi eða vantar.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessari niðurstöðu verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 50.000.00.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal vera óraskað.

Áfrýjandi, Íslenzk endurtrygging, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 50.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 23. febrúar 1965.

Gerðarþola, Íslenzkri endurtryggingu, hér í borg, var haustið 1963 gert að greiða aðstöðugjald, kr. 232.600.00, vegna ársins 1962, og um sama leyti var gerðarþola einnig gert að greiða aðstöðugjald fyrir ár 1963, kr. 278.300.00. Þá var gerðarþola gert að greiða fyrir ár 1964 eftirtalin gjöld:

Kirkjugarðsgjald	kr.	4.375.00
Lífeyristryggingargjald	—	12.654.00
Slysatryggingargjald	—	888.00
Atvinnuleysistryggingargjald	—	520.00
Aðstöðugjald	—	350.000.00
Samtals	kr.	368.437.00

Hinn 11. september s.l. voru gjöldin fyrir ár 1964 hækkuð um kr. 81.586.00, og skiptist sú álagning þannig, að kirkjugarðsgjald var hækkað um kr. 1.006.00 í kr. 5.381.00 og aðstöðugjald um kr. 80.500.00 í kr. 430.500.00 (rskj. nr. 20 og 21).

Hinn 28. september s.l. greiddi gerðarþoli upp í gjöld þessi kr. 14.062.00. Samkvæmt úrskurði Ríkisskattanefndar (rskj. nr. 16) var aðstöðugjald gerðarþola fyrir ár 1962 lækkað um kr. 50.000.00, eða í kr. 182.600.00, og aðstöðugjald fyrir ár 1963 lækkað um kr. 64.100.00, eða í kr. 214.000.00. Síðan var aðstöðugjaldið fyrir ár 1963 lækkað um kr. 200.00 (rskj. nr. 26). Þá hefur kirkjugarðsgjald fyrir ár 1964 fyrir aðgerðir Ríkisskattanefndar (rskj. nr. 31) verið lækkað í kr. 4.127.00 og aðstöðugjald fyrir sama ár lækkað í kr. 330.200.00 (rskj. nr. 31). Hin ógoldnu gjöld eru því samkvæmt framangreindu samtals kr. 726.327.00.

Þar eð gerðarþoli hefur neitað að greiða gjöld þessi, hefur gjaldheimtustjórinn f. h. Gjaldheimtunnar í Reykjavík krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindum gjöldum, samtals kr. 726.327.00,

ásamt 12% ársvöxtum af kr. 396.600.00 frá 1. janúar 1964 til 1. apríl 1964, af kr. 392.000.00 frá þeim degi til 1. desember 1964 og af kr. 726.327.00 frá þeim degi til greiðsludags, ásamt lögtakskostnaði samkvæmt 2. kafla laga nr. 40/1954 auk málskostnaðar að mati dómarans.

Umboðsmaður gerðarþola hefur í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins mótmælt framangreindum kröfum gerðarbeiðanda og gert þær réttarkröfur, að lögtak verði leyft aðeins til tryggingar kr. 21.027.50 ásamt 12% ársvöxtum af kr. 15.300.00 frá 1. janúar 1964 til 1. apríl sama ár, af kr. 10.700.00 frá þeim degi til 1. desember 1964 og af kr. 21.027.50 frá þeim degi til greiðsludags og að gerðarþola verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda að mati fógeta. Um málavöxtu og frekari rök fyrir kröfum sínum hefur umboðsmaður gerðarþola vísað til kæru sinnar til skattstjóra á rskj. nr. 13 sem hluta af greinargerð sinni.

Mótmæli sín og kröfur hefur umboðsmaður gerðarþola reist á því, að skattayfirvöldin hafi við álagningu framangreindra aðstöðugjalda ranglega talið til gjaldstofna þessa liði:

Ár 1962: Endurtryggingariðgjöld, liður 2.
Tjón, liður 3 á rskj. nr. 11.
Ár 1963: Endurtryggingariðgjöld, liður 2.
Tjón, liður 5.
Gengistap, liður 6, á rskj. nr. 12.
Ár 1964: Endurtryggingariðgjöld.
Tjón.
Gengistap.
Refsigjaldstofn (viðurlög), rskj. nr. 20.

Í kæru sinni til skattstjórans (rskj. nr. 13) hefur umboðsmaður gerðarþola rakið málsatvik og gert grein fyrir þeim ákvæðum laga nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga, er varða aðstöðugjöld, svo og fyrir þeim ákvæðum reglugerðar nr. 81/1962 um aðstöðugjald, er hér skipta máli. Hefur umboðsmaður gerðarþola bent á þann orðalagsmun, sem verið hafi á 9. gr. frumvarpsins og 9. gr. laganna sjálfra. Í frumvarpsgreininni segir svo: „Aðstöðugjald skal miða við samanlögð útgjöld vegna atvinnurekstrarins næstliðið almanaksár, þar með talin efnis- og vörukaup, svo og fyrningarafskriftir samkvæmt ákvæðum skattalaga“, en í lögunum sjálfum sé 9. gr. orðuð svo: „Aðstöðugjald skal miða við samanlögð rekstrarútgjöld næstliðið

almanaksár, þar með taldar fyrningarafskriftir samkvæmt ákvæðum skattalaga, svo og vörukaup verzlana og efniskaup vegna framleiðslu iðnfyrirtækja ....“ Um þenna orðalagsmun frumvarpsins og laganna segir umboðsmaður gerðarþola í kæru sinni (rskj. nr. 13, bls. 7): „Ég vil strax á það benda, að þegar borið er saman orðalag frumvarpsins, „samanlögð útgjöld vegna atvinnurekstursins .... þar með talin efnis- og vörukaup“, og orðalag laganna, „samanlögð rekstrarútgjöld .... svo og vörukaup verzlana og efniskaup vegna framleiðslu iðnaðarfyrirtækja“, sést, að um nokkurn efnismun er að ræða, og tvímælalaust ber að leggja orðalag laganna til grundvallar“. Og enn segir í sömu kæru, bls. 8: „Í reglugerð nr. 81/1962, 6. gr., segir, að gjaldstofn séu útgjöld, sem gangi til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við. Ef virt eru þessi ákvæði, virðist ljóst, að gjaldstofninn sé aðeins venjuleg rekstrarútgjöld svo og verðmæti vara, er verzlanir kaupa, og hráefni, sem iðnaðarfyrirtæki kaupa, en þar virðist vera um undantekningu frá meginreglunni að ræða.“

Um aðstöðugjaldsstofna þá, fyrir ár 1962 og 1963, sem ágreiningur er um, segir umboðsmaður gerðarþola í framangreindri kæru, rskj. nr. 13:

„*Aðstöðugjaldsstofnar 1962.*

2. .... Umbj. minn starfar sem hreint endurtryggingarfélag. Svo sem öll slík fyrirtæki, endurtryggir umbj. minn verulegan hluta af áhættum þeim, sem vátryggingarfélög taka á sig sem frumtryggjendur. Umbj. m. selur síðan öðrum endurtryggingarfélögum hluta af þeim áhættum, sem hann hefur á sig tekið. Á móti kaupir hann oft aftur erlendis eða hérlendis áhættuhluta af öðrum endurtryggingarfélögum. Þetta byggist á því, eins og auðskilið má vera, að það er hlutverk þessara félaga að dreifa áhættunni sem mest. Hér er ekki verið að leggja út fé til að afla tekna, tryggja þær, halda þeim við, heldur að dreifa áhættu, en slíkt er einmitt hlutverk endurtryggingarfélaga. Ef umbj.m. dreifir ekki áhættum þeim, sem hann tekur á sig, myndu tjónabætur hans stórlega hækka. Þegar ég lít yfir þetta, fæ ég ekki séð, að hér sé um að ræða rekstrarútgjöld í skilningi laga nr. 69/1962, og tel, að hér sé ranglega ákveðinn aðstöðugjaldsstofn ....

3. Þér hafið talið sem aðstöðugjaldsstofn tjónabætur þær, sem umbj.m. hefur greitt .... Því er algerlega mótmælt, að hér sé um réttan aðstöðugjaldsstofn að ræða. Hér er um að ræða

tjónabætur, sem umbj. minn verður að greiða, en ekki rekstrarútgjöld í venjulegum skilningi. Vil ég enn vísa til ákvæða 9. gr. laga nr. 69/1962. Vil ég enn ítreka þann skilning minn, að aðstöðugjaldsstofnar í þessu sambandi séu aðeins venjuleg rekstrarútgjöld svo og kostnaður vegna vörukaupa verzlana og hráefnis iðnfyrirtækja, en engin önnur útgjöld, sem ekki verða talin venjuleg rekstrarútgjöld. Þá vil ég á það benda, að samkvæmt 4. tl. 6. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 81/1962 er beint tekið fram, að tjón af völdum 3ja manns, svo sem þjófnaður eða skaðabótagreiðslur, sem gjaldandi er ábyrgur fyrir samkvæmt almennum reglum um ábyrgð vinnuveitanda, séu undanþegnar aðstöðugjaldi. Ég vil á það benda, að í fyrsta lagi er innifalinn í þessum tjónabótum mikill hluti þeirra tjónabóta, sem um er rætt í þessu ákvæði, auk þess sem hinn hluti bótanna er nákvæmlega samsvarandi. Kemur því ekki til álita að telja, að hér sé um raunverulegan aðstöðugjaldsstofn að ræða".

Um sömu aðstöðugjaldsstofna fyrir ár 1963 og rætt er um hér að framan fyrir ár 1962 hefur umboðsmaður gerðarþola vísað til raka sinna, varðandi þessi gjöld 1962. En um aðstöðugjaldsstofninn „gengistap" ár 1963 (6. lið rskj. nr. 12) segir nefndur umboðsmaður í sömu kæru sinni: „.... Ég fæ ekki séð, hvernig gengistap verður talið til rekstrarútgjalda. Hér er um rýrnun á eign að ræða af utanaðkomandi ástæðum, sem má jafna til þess, er ófyrirsjáanleg atvik skerða eign manns, t. d. fjárdauði ...."

Að því er varðar aðstöðugjaldsstofnana ár 1964, sem ágreiningur er um, en það er endurtryggingariðgjald, tjón, gengistap og 20% viðurlög (2., 5., 6. og 10. liðir á rskj. nr. 20), þá kærði umboðsmaður gerðarþola aðstöðugjaldið, sem byggt var á þessum liðum (rskj. nr. 22). Í kærunni er öllum þessum liðum mótmælt sem röngum aðstöðugjaldsstofnum og um nánari rök vísað til kærunnar á rskj. nr. 13, að því er varðar þrjá fyrstu liðina, en um lið 10 á rskj. nr. 20 (20% viðurlög) hefur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram við munnlegan flutning málsins, að refsigjaldsstofninn (þ. e. viðurlögin) hafi enga stoð í lögum, enda væri hvergi gert ráð fyrir honum í lögum nr. 69/1962, nú lögum nr. 51/1964, og því fái eigi ákvæði reglugerðar nr. 81/1962 um aðstöðugjald um þetta efni staðizt.

Þá hefur umboðsmaður gerðarþola í greinargerð sinni (rskj. nr. 7) mótmælt þeirri aðferð að hækka aðstöðugjald, eftir því hvernig standi á tölum, — ákvæði 2. mgr. 11. gr. reglugerðar

nr. 81/1962 um þetta sé vitanlega ógilt. Það eigi sér enga stoð í lögum. Í 11. gr. laga nr. 69/1962 sé ákveðið, að aðstöðugjaldið skuli á lagt í heilum hundruðum króna. Hljóti það að merkja, að krafið skuli aðeins um það heila hundrað, sem næst sé fyrir neðan útreiknaða álagningartölu. Annað væri óheimilt.

Niðurstaða umboðsmanns gerðarþola er því sú, að hann viðurkennir, að gerðarþola beri að greiða sem hér segir:

1.	Aðstöðugjald 1962		kr. 7.400.00
2.	Aðstöðugjald 1963	kr. 7.980.00	
	÷ áður greitt	— 4.600.00	— 3.300.00
3.	Aðstöðugjald 1964		— 10.200.00
4.	Kirkjugarðsgjald 1964		— 127.50
		Samtals kr.	21.027.50

auk vaxta.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins mótmælt framangreindum kröfum og sjónarmiði umboðsmanns gerðarþola. Hefur hann réttilega á það bent, að enginn ágreiningur sé um það í máli þessu, að gerðarþola hafi borið að greiða aðstöðugjald umrætt ár samkvæmt lögum nr. 61/1962 um breytingu á lögum nr. 43/1947 um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl., en í 1. gr. fyrrnefndra laga segi svo: „14. gr., 1. málsgr., laganna orðist svo:

„Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða sveitarfélaga, nema fasteignarskatti og aðstöðugjaldi samkvæmt II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga". Enn fremur sé enginn ágreiningur um, að gerðarþola beri að auki að greiða kirkjugarðsgjald fyrir ár 1964, sbr. lög nr. 21/1963 um kirkjugarða, 3. mgr. 26. gr. Þá sé og eigi ágreiningur um þá aðstöðugjaldsprósentu (0.5%), sem reiknað sé með. Hins vegar greini aðilja á um það, hversu há umrædd gjöld skuli vera, m.ö.o. hvaða útgjaldaliðir í rekstri gerðarþola komi til greina sem álagningarstofnar.

Að því er varðar aðstöðugjöldin fyrir ár 1962 og 1963, hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda vísað til laga nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga, en þau lög voru í gildi, þar til lög nr. 51/1964 voru sett, en í a-lið ákvæða til bráðabirgða í lok hinna fyrrnefndu laga segir svo:

„Skattanefndir (skattstjórar, þar sem þeir eru) skulu leggja á aðstöðugjald á árinu 1962, og skal gjaldið miðað við útgjöld, efnis- og vörukaup svo og fyrningarafskriftir á árinu 1961. Tilkynning sú, er um ræðir í 13. gr., skal send til skattanefnda (skattstjóra) eigi síðar en 1. júlí 1962. Gjalddagi aðstöðugjalds á árinu 1962 skal vera 1. september."

Í 13. gr. nefndra laga segir:

„Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að nota heimild þessa kafla um innheimtu aðstöðugjalds, og skal hún þá tilkynna skattstjóra þá ákvörðun sína og láta honum samtímis í té upplýsingar um, hversu hátt gjald þetta skuli vera, sbr. 10. gr.

Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 15. febrúar ár hvert."

Í þessu sambandi hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda vísað til bréfs borgarstjórans í Reykjavík til skattstjórans, dags. 29. júní 1962 (rskj. nr. 28), en þar segir: „Á fundi sínum 21. þ. m. samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur að nota heimild í III. kafla laga nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga til álagningar aðstöðugjalds." Er í bréfi þessu jafnframt gjaldskrá um upphæð (%) aðstöðugjaldsins. Þá hefur umboðmaður gerðarbeiðanda enn fremur vísað til opinberrar tilkynningar skattstjórans í Reykjavík um aðstöðugjald, dags. 5. júlí 1962 (rskj. nr. 28), þar sem sagt er, að ákveðið hafi verið að innheimta í Reykjavík aðstöðugjald samkvæmt III. kafla laga nr. 69/1962, sbr. reglugerð nr. 81/1962 um aðstöðugjald, og er í tilkynningunni einnig gjaldskrá í 7 liðum. Jafnframt er sérstaklega vakin athygli hlutaðeigenda meðal annars á því, að þeim, sem ekki séu framtalsskyldir til tekju- og eignarskatts, en séu aðstöðugjaldsskyldir, beri að senda skattstjóra framtal til aðstöðugjalds, sbr. 14. gr. framangreindrar reglugerðar. Enn fremur segir í nefndri tilkynningu: „Aðstöðugjald þeirra, er ekki hafa sent áðurgreind gögn fyrir 20. júlí n.k., verður áætlað, sbr. ákvæði 7. og 8. gr. nefndrar reglugerðar." Hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda í þessu sambandi bent á 1. og 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar, en þar segir: „Skattstjóri leggur aðstöðugjald á samkvæmt skattframtölum og sundurliðunum gjaldanna. Þeir aðiljar, sem ekki eru tekju- og eignarskattsskyldir, skulu senda skattstjóra framtal til aðstöðugjalds, þ. e. fullnægjandi sundurliðun á útgjöldum sínum.

Þessir aðiljar skulu skila framtölum aðstöðugjalds innan 15 daga frá birtingu auglýsingar samkvæmt 12. gr., og gilda um

það sömu reglur um viðurlög og heimildir til áætlunar, eins og um aðra gjaldendur aðstöðugjalds."

Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda bent á það, að ef gerðarþoli hefði skilað framtali innan 15 daga, eða fyrir 20. júlí, eins og getur í tilkynningu skattstjóra frá 5. júlí, þá hefði gerðarþoli væntanlega verið tekinn með við reglulega álagningu 1962, en henni hafi verið lokið í ágústmánuði og fyrsti gjalddagi verið 1. september það ár. Við hina reglulegu álagningu þetta ár hafi eingöngu verið lögð á gerðarþola tryggingargjöld, sbr. rskj. nr. 25, en þau gjöld hafi verið greidd, enda enginn ágreiningur um þau. Hins vegar muni skattstjóri hafa skrifað gerðarþola sérstakt bréf, dags. 18. ágúst 1962, þar sem gerðarþoli sé beðinn um reikninga félagsins fyrir ár 1961, er gerðarþoli sendi, sbr. bréf skattstofunnar til gerðarþola, dags. 30. september 1963, rskj. nr. 9, en þar segi svo: „.... 18. október 1962 voruð þér með bréfi beðnir um reikninga félagsins fyrir ár 1961 til álagningar aðstöðugjalds á árinu 1962, sem þér gerðuð. Ársreikningur sá liggur fyrir hér á skattstofunni, en því miður fórst fyrir að leggja gjaldið á það ár, en verður gert nú." — Hafi sjálf álagningin svo verið tilkynnt gerðarþola með bréfi skattstjórans, dags. 21. október 1963 (rskj. nr. 11). Aðstöðugjaldsstofnarnir séu þar sundurliðaðir og nemi samtals kr. 46.526.639.50, gjaldskrárflokkur 0.5% og aðstöðugjaldið samkvæmt því fyrir ár 1962 kr. 232.600.00. Hafi álagning þessi farið fram samkvæmt ákvæðum 61. gr. laga nr. 69/1962 og 62. gr. sömu laga (um dráttarvexti).

Um álagningu aðstöðugjalds fyrir ár 1963 hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda vísað til bréfs borgarstjóra til skattstjóra um innheimtu og álagningu aðstöðugjalds fyrir það ár, rskj. nr. 29, og auglýsingar skattstjóra, dags. 28. febrúar 1963, um álagningu, sbr. sama rskj. Hér hafi farið sem áður, gerðarþoli hafi eigi sent framtal samkvæmt auglýsingu skattstjóra, og því hafi við reglulega álagningu aðeins verið lögð á hann tryggingargjöld. Skattstofan hafi með bréfi, dags. 30. september 1963, rskj. nr. 9, krafið gerðarþola um framtalsgögn og veitt honum skilafrest til 8. október n.k. Gerðarþoli hafi sent reikningana fyrir ár 1962, rskj. nr. 10, og með bréfi, dags. 21. október 1963, hafi skattstofan tilkynnt gerðarþola aðstöðugjaldsálagninguna, að fjárhæð kr. 278.300.00 (rskj. nr. 12). Álagningin hafi verið gerð samkvæmt heimildinni í 61. gr. laga nr. 69/1962 og vextir reiknaðir frá 1. janúar 1964. Gerðarþoli hafi kært til skattstjórans

álagningarnar fyrir ár 1962 og 1963 (rskj. nr. 13) og hafi úrskurður skattstofunnar (rskj. nr. 14) fallið á þá leið, að aðstöðugjaldsstofninn fyrir ár 1962 hafi verið lækkaður um kr. 5.260.40, þ. e. 1. liðurinn á rskj. nr. 11: Yfirfært til næsta árs ÷ yfirfært frá fyrra ári felldur niður. Hins vegar hafi lækkun þessi á stofninum eigi haft áhrif á upphæð aðstöðugjaldsins, þar eð það sé reiknað í heilum hundruðum króna og hafi skattstofan látið gjaldið óbreytt standa fyrir þetta ár. Þá hafi skattstofan fellt niður 1. lið gjaldstofnanna á rskj. nr. 12 (samsvarandi 1. lið á rskj. nr. 11), kr. 42.256.30, og lækkað við það aðstöðugjaldið fyrir ár 1963 um kr. 200.00 (sbr. rskj. nr. 14). Þessa lækkun hafi skattstofan þó eigi tilkynnt Gjaldheimtunni fyrr en löngu síðar og sé þá leiðréttingu að finna á rskj. nr. 26 og 27. Þá hafi gerðarþoli kært til Ríkisskattanefndar (rskj. nr. 15) og hafi nefndin með úrskurði 17. nóvember 1964 (rskj. nr. 16) ákvarðað aðstöðugjald gerðarþola fyrir ár 1962 kr. 182.600.00 og fyrir ár 1963 kr. 214.000.00. Ágreiningur sé því eigi um annað en endurtryggingariðgjöld og tjón bæði árin 1962 og 1963 og auk þess um gengistap 1963. Framangreindar lækkanir séu færðar gerðarþola til ágóða á rskj. nr. 4.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur, að því er varðar kröfur gerðarbeiðanda í málinu og rök fyrir þeim, vísað sérstaklega til úrskurðar Ríkisskattanefndar, rskj. nr. 16, um aðstöðugjöldin 1962 og 1963 svo og til úrskurðar sömu nefndar um aðstöðugjald 1964, rskj. nr. 31. Málið liggi þar ljóst fyrir. Ágreiningurinn sé eingöngu um eftirfarandi atriði: 1. Hvort rétt sé að leggja til grundvallar sem aðstöðugjaldsstofn greidd endurtryggingariðgjöld, að frádregnu því, sem endurgreitt er frá endurtryggjendum. Þetta gildi um öll árin. 2. Hvort greiddar tjónbætur, að frádregnu því, sem endurtryggjendur hafa greitt til lækkunar þeim, geti talizt réttur aðstöðugjaldsstofn. Þetta gildi einnig um öll árin. 3. Hvort gengistap verði réttilega talið aðstöðugjaldsstofn ár 1963 og 1964. 4. Hvort heimilt hafi verið að beita viðurlögum um 20% hækkun á álagningargrundvelli ár 1964, vegna þess að framtali hafi verið of seint skilað. Til viðbótar þeim rökum, sem vísað er til í framangreindum málsskjölum, hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda vísað til 9. gr. laga nr. 69/1962, nú laga nr. 51/1964, en þar segi, að aðstöðugjald skuli miða við samanlögð rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár, þar með taldar fyrningarafskriftir samkvæmt ákvæðum skattalaga, svo og vörukaup verzlana og efniskaup vegna fram-

leiðslu iðnfyrirtækja. Enn fremur hefur hann vísað til 6. gr. reglugerðar nr. 81/1962 um aðstöðugjald, en þar segir svo:

„Aðstöðugjald er ákveðinn hundraðshluti af útgjöldum vegna atvinnurekstrar eða starfsemi á síðastliðnu reikningsári.

Til útgjalda í þessu sambandi skal telja rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við ....

Öll útgjöld, sem teljast rekstrarútgjöld við ákvörðun tekjuskatts samkvæmt ákvörðun tekjuskattslaga eða venju um framkvæmd þeirra, skulu teljast aðstöðugjaldsstofn ....“

Spurningin sé því, hvort nettó endurtryggingariðgjald og nettó tjónabætur verði talin rekstrarútgjöld í þessu sambandi. Hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda lagt áherzlu á, að eðli tryggingarfélagsins sem slíks sé að verzla með áhættu, að sínu leyti eins og kaupmaðurinn með vöru sína. Af þessu leiði, að umræddir kostnaðarliðir hljóti að teljast útgjöld, sem gangi til að afla teknanna (þ. e. iðgjaldanna), tryggja þær og halda þeim við. Enginn muni greiða gerðarþola iðgjöld, ef hann ætti eigi von á því að fá bætt tjón, sem hann kynni að verða fyrir og er að tryggja sig gegn. Framangreind sjónarmið styðjist einnig við ákvæði 4. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 81/1962, er segi, að öll útgjöld, sem teljist rekstrarútgjöld við ákvörðun tekjuskatts o. s. frv., skuli teljast aðstöðugjaldsstofn. Gerðarþoli sé að vísu undanþeginn tekju- og eignarskatti, en væri hann skattskyldur á borð við önnur tryggingarfélög, myndu þessi útgjöld koma til frádráttar, áður en skattur yrði á lagður. Ólíklegt væri, að löggjafanum hefði þótt taka því að gera gerðarþola aðstöðugjaldsskyldan með sérstökum lögum, ef eigi hefði verið meiningin að leggja aðstöðugjald á aðra liði en þá, sem umboðsmaður gerðarþola hafi viðurkennt og mundi leiða til þess, að aðstöðugjaldið yrði samkvæmt því öll árin um 20 þúsund krónur.

Um álagninguna á þann stofn, sem nefndur er gengistap (ár 1963 og 1964), hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda haldið því fram, að eigi verði annað séð en að hér sé um þess konar útgjaldalið að ræða, sem teljast verði aðstöðugjaldsstofn, enda hafi umboðsmaður gerðarþola eigi fært nein rök fyrir því gagnstæða. Útgjaldaliður þessi muni stafa af breyttri gengisskráningu, en ekkert mæli með því, að hann eigi að vera undanskilinn aðstöðugjaldi.

Að því er varðar 20% viðurlögin 1964, vegna þess að gerðarþoli hafi skilað framtali of seint, hefur umboðsmaður gerðar-

beiðanda lagt áherzlu á það til viðbótar því, sem segir í úrskurði Ríkisskattanefndar (rskj. nr. 31), að gerðarþoli hafi átt að skila framtali innan ákveðins tíma, eins og aðrir gjaldendur, en það hafi hann eigi gert. Um þetta séu skýr lagaákvæði, sem vitnað hafi verið til, og fari eigi á milli mála, að allar auglýsingar frá borgaryfirvöldum og skattstjóra í þessu sambandi hafi verið löglega úr garði gerðar og allra fresta verið gætt. Lögin um tekjustofna sveitarfélaga geymi sjálf að vísu eigi ákvæði um, hversu fara skuli um viðurlög, ef framtal berist of seint, en í 9. gr. laganna segi, að ráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um álagningu gjaldsins og þessi ákvæði séu sett í 14. gr. reglugerðar um aðstöðugjald nr. 81/1962 og sé þar vitnað til VI. og VII. kafla laganna um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. 3. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar). Aðstöðugjald sé yfirleitt byggt á framtali manna til tekju- og eignarskatts og þeim fylgiskjölum, sem með framtölum eigi að vera, og þá fyrst og fremst rekstrarreikningum, sem teljast verði hluti af framtalinu. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt séu öll ákvæði, sem máli skipti um framtöl og meðferð þeirra. Samsvarandi ákvæði séu yfirleitt eigi í lögum um önnur þau gjöld, sem þó séu byggð á framtölum. Lögin séu því eigi eingöngu um tekju- og eignarskatt, heldur einnig um skattaframtöl almennt. Ákvæði laganna um þetta efni hefðu alveg eins getað verið í sérstökum lögum um skattaframtöl. Þess vegna sé það svo, að ef framtali sé breytt til hækkunar, t. d. af þeim ástæðum, sem greini í 47. gr. tekjuskattslaganna, þá sé það sjálfur grundvöllurinn, sem breytist, og þar með öll þau gjöld, sem á honum séu byggð, hvort sem þau heiti tekju- og eignarskattur eða aðstöðugjald. Nú sé að vísu í þessu tilfelli eigi um skattskýrslu að ræða í venjulegum skilningi, en þó framtal, sem hljóti að mega jafna til venjulegs framtals að þessu leyti, enda engin ástæða til að gerðarþola sé leyft öðrum fremur að draga að skila framtölum viðurlagalaust, enda þótt hann njóti vissra skattfríðinda að öðru leyti. Slík ástæða sé vissulega eigi fyrir hendi.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Sem að framan greinir, er um það deilt í máli þessu, hvort skattayfirvöldunum hafi verið heimilt að leggja til grundvallar sem aðstöðugjaldsstofna: 1. Greidd endurtryggingariðgjöld, að frádregnu því, sem endurgreitt hefur verið frá endurtryggjendum. Gildir þetta um öll árin 1962, 1963 og 1964. 2. Greiddar tjónabætur, að frádregnu því, sem endurtryggjendur hafa greitt

til lækkunar þeim. Gildir þetta einnig um öll árin. 3. Gengistap ár 1963 og 1964. 4. Viðurlög, 20% hækkun á álagningargrundvelli vegna of seint framkomins framtals fyrir ár 1964. Enn fremur hvort skattayfirvöldunum hafi verið heimilt að hækka aðstöðugjald, eftir því hversu staðið hafi á tölum.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt öllum þessum álagningarliðum sem röngum aðstöðugjaldsstofnum og einnig þeim hætti skattayfirvaldanna að hækka aðstöðugjald, eftir því hversu stendur á tölum. Til stuðnings sjónarmiði sínu, að því er varðar liðina 1—3 hér að framan, hefur umboðsmaður gerðarþola vísað til 9. gr. laga nr. 69/1962 og 9. gr. laga nr. 51/1964 og til 6. gr. reglugerðar nr. 81/1962. Í 9. gr. nefndra laga segir svo:

„Aðstöðugjald skal miða við samanlögð rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár, þar með taldar fyrningarafskriftir samkvæmt ákvæðum skattalaga svo og vörukaup verzlana og efniskaup vegna framleiðslu iðnaðarfyrirtækja."

Þá segir svo í 6. gr. nefndrar reglugerðar:

Í 1. mgr.:

„Aðstöðugjald er ákveðinn hundraðshluti af útgjöldum vegna atvinnurekstrar eða starfsemi á síðastliðnu reikningsári."

Í 2. mgr.:

„Til útgjalda í þessu sambandi skal telja rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við ...."

Í 4. mgr.:

„Öll útgjöld, sem teljast rekstrarútgjöld við ákvörðun tekjuskatts samkvæmt ákvæðum tekjuskattslaga eða venju um framkvæmd þeirra, skulu teljast aðstöðugjaldsstofn."

Hefur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að samkvæmt ákvæðum þessarar lagagreinar og reglugerðargreinar séu aðstöðugjaldsstofnar í þessu sambandi aðeins venjuleg rekstrarútgjöld svo og kostnaður vegna vörukaupa verzlana og hráefnis iðnaðarfyrirtækja, en engin önnur útgjöld, sem eigi verði talin venjuleg rekstrarútgjöld. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola til stuðnings mótmælum sínum gegn 2. lið hér að framan (tjónabætur) vísað til 4. töluliðs 6. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 81/1962 (um gjaldþætti, undanþegna aðstöðugjaldi), en þar segir:

„4. Tjón af völdum þriðja manns, svo sem þjófnaður eða skaðabótagreiðslur, sem gjaldandi er ábyrgur fyrir samkvæmt almennum reglum um ábyrgð atvinnurekanda."

Hefur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að í fyrsta

lagi sé innifalinn í umræddum tjónabótum mikill hluti þeirra tjónabóta, sem um sé rætt í hinu tilvitnaða reglugerðarákvæði, auk þess sem annar hluti bótanna sé nákvæmlega samsvarandi. Komi því eigi til álita, að hér sé um raunverulegan aðstöðugjaldsstofn að ræða. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola mótmælt 3. lið hér að framan (gengistap) sem röngum aðstöðugjaldsstofni á þeim forsendum, að hér sé um rýrnun á eign að ræða af utanaðkomandi ástæðum, sem jafna megi til þess, er ófyrirsjáanleg atvik skerði eign manns, t. d. fjárdauði. 4. liðnum hér að framan (20% hækkun á álagningargrundvelli 1964) hefur umboðsmaður gerðarþola mótmælt á þeim forsendum, að álagningarstofn þessi eða viðurlög eigi enga stoð í lögum, enda sé hvergi gert ráð fyrir honum í lögum nr. 69/1962 né lögum nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga, og að ákvæði 14. gr. reglugerðar nr. 81/1962 um þetta efni fái því eigi staðizt. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola mótmælt hækkun á aðstöðugjaldi, eftir því hversu stendur á tölum, telur slíka hækkun ekki eiga neina stoð í lögum og að ákvæði 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 81/1962 um þetta efni sé ógilt. Í 11. gr. laga nr. 69/1962 sé ákveðið, að aðstöðugjald skuli álagt í heilum hundruðum króna, en það hljóti að merkja, að krafið skuli aðeins um það heila hundrað, sem næst sé fyrir neðan útreiknaða álagningartölu.

Á þessi sjónarmið umboðsmanns gerðarþola getur rétturinn eigi fallizt. Rekstur gerðarþola er vátryggingarstarfsemi. Samkvæmt eðli þessarar starfsemi verður að áliti réttarins að líta svo á, að bráttótekjur gerðarþola séu iðgjöld, sem hann á kröfu á frá vátryggingartaka, er vátryggingarsamningur hefur verið gerður. Hins vegar verður að líta svo á, að rekstrarútgjöld gerðarþola sé kostnaður, þ. e. útgjöld, sem hann hefur af því að afla umræddra bráttótekna. Þegar gerðarþoli hefur gert vátryggingarsamning við vátryggingartaka, hefur hann tekið á sig vissa áhættu, þ. e. tjónáhættu, er verður honum til útgjalda, ef og þegar tjón það, sem vátryggingartaki hefur tryggt sig gegn, á sér stað. Þá hefur gerðarþoli, svo sem flest önnur vátryggingarfélög og gögn málsins bera með sér, keypt endurtryggingar til að draga úr áhættu sinni. Rétturinn lítur svo á eftir eðli starfsemi gerðarþola, að greiddar og/eða áfallnar tjónabætur, sem gerðarþoli ber að sínum hluta, svo og keyptar endurtryggingar séu rekstrarútgjöld gerðarþola, sem gangi til þess að afla tekna, þ. e. iðgjalda (sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 81/1962).

Verður því að fallast á það sjónarmið umboðsmanns gerðarbeiðanda, að endurtryggingariðgjöld og tjónabætur að hluta gerðarþola, þær sem um ræðir í máli þessu, séu réttir aðstöðugjaldsstofnar.

Að því er varðar gengistap ár 1963 og 1964, þá lítur rétturinn svo á, að enda þótt slíkt tap stafi af utanaðkomandi ástæðum, þá sé það í svo nánum tengslum við rekstur gerðarþola, sem svo margra kaupsýslufyrirtækja, að það verði með réttu talið til rekstrarkostnaðar, enda vafalaust, að mundi vera talið til frádráttar við ákvörðun tekjuskatts, ef gerðarþoli væri tekjuskattsskyldur (sbr. 4. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 81/1962). Verður því að telja þenna álagningarlið sem réttan aðstöðugjaldsstofn.

Að því er varðar mótmæli umboðsmanns gerðarþola gegn 4. lið hér að framan (20% hækkun á álagsgrundvelli 1964, vegna þess að framtali var of seint skilað), þá er það að vísu rétt, að lög nr. 69/1962, nú lög nr. 51/1964, um tekjustofna sveitarfélaga kveða eigi á um, hversu fara skuli um viðurlög, ef framtal til aðstöðugjalds berst of seint. Hins vegar segir svo í 9. gr. i.f. laganna:

„Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um álagningu gjaldsins“ (þ. e. aðstöðugjalds).

Samkvæmt þessu var reglugerðin nr. 81/1962 sett og í 3. mgr. 14. gr. hennar vísað til VI. kafla (Um framtöl, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl.) og VII. kafla (Refsiákvæði) laga um tekjuskatt og eignarskatt, og hefur umræddum viðurlögum verið beitt í samræmi við ákvæði framangreindra lagakafla. Aðstöðugjald er yfirleitt byggt á framtali manna til tekju- og eignarskatts og þeim fylgiskjölum, sem með framtölum eiga að vera, þá fyrst og fremst rekstrarreikningum, sem teljast verða hluti framtalsins. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, áður nr. 70/1962, nú nr. 55/1964, eru ýtarleg ákvæði um framtöl og meðferð þeirra, en samsvarandi ákvæði yfirleitt eigi til í lögum um önnur gjöld, enda þótt þau séu byggð á framtölum. Er því eigi fjarri sanni að líta svo á, að nefnd ákvæði skattalaganna taki til framtala almennt, einnig um refsiákvæðin samkvæmt VII. kafla laganna, enda varla ástæða til að ætla, að fyrir löggjafanum hafi vakað með þögninni í lögum nr. 69/1962, nú í lögum nr. 51/1964, um viðurlög vegna of seint komins framtals að leyfa gerðarþola, öðrum gjaldendum fremur, að skila eigi framtali í tæka tíð. Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að skattayfirvöldin hafi við ákvörðun 20% viðurlaganna á álagn-

ingargrundvöll aðstöðugjalda 1964 verið innan löglegra marka og að umrædd viðurlög séu því réttur aðstöðugjaldsstofn.

Að því er varðar mótmæli umboðsmanns gerðarþola gegn því, að skattayfirvöldin hafi hækkað aðstöðugjöldin, eftir því sem staðið hefur á tölum, þá mun það gert samkvæmt 11. gr. laga nr. 69/1962, nú laga nr. 51/1964, en þar segir:

„Skattstjórar annast álagningu aðstöðugjalds, og skal það álagt í heilum hundruðum króna.“ Um þetta eru ekki nánari ákvæði í lögunum, en lækkun, ef talan er lægri en 50 kr., og hækkun, ef hún er yfir 50 kr., helgast að áliti réttarins af venju í slíkum tilfellum. Verða því þessi mótmæli umboðsmanns gerðarþola eigi tekin til greina.

Samkvæmt framangreindu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar fyrir kr. 726.327.00 ásamt vöxtum og kostnaði á ábyrgð gerðarbeiðanda. Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga fyrir kr. 726.327.00 ásamt 12% ársvöxtum, af kr. 396.600.00 frá 1. janúar 1964 til 1. apríl 1964, af kr. 392.000.00 frá þeim degi til 1. desember 1964 og af kr. 726.327.00 frá þeim degi til greiðsludags ásamt kostnaði. Allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 11. júní 1965.

Nr. 101/1964. **Mjólkursamsalan í Reykjavík**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Aðstöðugjald. Lögtaksmál.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júní 1964 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, að synjað verði um framkvæmd lögtaks og að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðiljar hafa að tilhlutan Hæstaréttar leitað álits sérfróðra manna, þeirra Sigurðar Péturssonar dr. phil. og Þórhalls Halldórssonar M.Sc., um vörutegundir þær, sem aðstöðugjalds er krafizt af, og lagt fyrir dóminn álitsgerð þeirra, svohljóðandi:

„Þeir Guðmundur Vignir Jósefsson og Sveinbjörn Jónsson, hæstaréttarlögmenn, hafa í samráði við Hæstarétt beðið okkur undirritaða um álitsgerð um:

1. Vörutegundir, framleiddar af ísgerð Mjólkursamsölunnar í Reykjavík. Hvaða hráefni notuð í hverja vörutegund, í hvaða hlutföllum að magni og í hvaða hlutföllum að verði. Segja álit um skýrslur Mjólkursamsölunnar í Reykjavík.
2. Greina frá öðrum vörutegundum, framleiddum af mjólkurbúum, þar sem mjólk og önnur efni eru notuð, og þá um hlutföll eins og í 1.

3. Á grundvelli 1 og 2 að gefa álit um, hvort ísgerðarvörur M.S. teljist til mjólkurafurða sbr. V. kafla laga nr. 59/1960, sbr. m. a. 2. mgr. 28. gr. um einkasöluheimild.

1. liður.

Við höfum athugað skýrslu Mjólkursamsölunnar um framleiðsluvörur ísgerðar M.S., samsetningu þeirra, tegundir hráefna og verðhlutföll. Teljum við samsetningu einstakra vörutegunda, eins og hún kemur fram í skýrslunni, vera eðlilega, en sannprófun á efnainnihaldi þessara vara töldum við of yfirgripsmikla til þess að unnt væri að framkvæma hana á stuttum tíma. Við höfum reiknað út verðhlutföll fyrir rjómaísblönduna og mjólkurísblönduna eftir þeim hráefnishlutföllum, sem gefin eru upp í skýrslu M.S., og eru niðurstöðurnar þessar:

Rjómaísblanda:

53 kg	mjólk	á kr. 5.72	kr.	303.16
28 —	rjómi	— — 71.60	—	2.004.80
5 —	undanrennuduft .	— — 28.15	—	140.75
10 —	sykur	— — 5.22	—	52.20
3 —	glúkosi	— — 13.21	—	39.63
1 —	matarlím	— — 95.00	—	95.00
			Samtals kr.	2.635.54

Mjólkurísblanda:

72 kg	mjólk	á kr. 5.72	kr.	411.84
9 —	rjómi	— — 71.60	—	644.40
5 —	undanrennuduft .	— — 28.50	—	140.75
10 —	sykur	— — 5.22	—	52.20
3 —	glúkosi	— — 13.21	—	39.63
1 —	matarlím	— — 95.00	—	95.00
			Samtals kr.	1.383.82

Verðhlutföllin milli mjólkurefna og annarra efna verða því þessi:

	Mjólkurefni	Önnur efni
Rjómaísblanda	92.9%	7.1%
Mjólkurísblanda	86.5%	13.5%

Í skýrslu M. S. eru verðhlutföllin fyrir ísblöndu þessi: Mjólkurefni 91.9% og önnur efni 8.1%, og mun hér vera um mjólkurísblöndu að ræða. Í skýrslu M.S. eru vinnulaun og umbúðir reiknaðar með heildarverði mjólkurefna, en þá kostnaðarliði höfum við ekki aðstöðu til að sannprófa. Hefði verið eðlilegra að hafa þá liði tilgreinda sérstaklega. Okkur virðist þó, að verðhlutföll þau, sem upp eru gefin af M.S., séu nærri lagi. Um útreikninga á verðhlutföllum hráefna í öðrum framleiðsluvörum ísgerðar M.S. gildir hið sama, að þá er erfitt að sannprófa, en okkur virðast þeir vel geta staðizt.

2. liður.

Skýrslu M.S. um aðrar framleiðsluvörur mjólkurbúa en þær, sem ísgerð M.S. framleiðir, höfum við einnig athugað. Teljum við þá samsetningu, sem fram kemur í skýrslunni, vera eðlilega, en höfum ekki séð ástæðu til að sannprófa efnainnihald sjálfra vörutegundanna. Verðhlutföll þeirra hráefna, sem notuð eru í þessar vörutegundir og gefin eru í nefndri skýrslu, sjáum við ekki ástæðu til að vefengja.

Að sjálfsögðu geta mjólkurbú framleitt ýmsar vörur úr mjólk og mjólkurafurðum ásamt mismunandi tegundum viðbótarefna. Hlutföll hráefnanna í slíkum vörum geta verið mjög margvísleg, og má segja, að það sé hverju mjólkurbúi oft í sjálfsvald sett innan vissra tæknilegra takmarkana, hver þau hlutföll eru.

3. liður.

Skilgreining á því, hverjar vörur, sem í eru notuð mjólkurefni, skuli kallast mjólkurafurðir eða mjólkurvörur, er okkur vitanlega ekki til, og mun þar ríkja sinn siður í landi hverju. Hér á landi virðast orðin mjólkurafurðir og mjólkurvörur vera notuð jöfnum höndum og án þess að

nokkuð sé gefið til kynna, hversu mikið skuli vera af mjólkurefnum í viðkomandi vörutegund. Magn mjólkurefna í vörutegund getur verið mjög mismunandi eftir því, hver vörutegundin er, t. d. allt frá 97% í mjólkurosti, 86% í mjólkurísblöndu, 56% í sykraðri mjólk, og niður í 12.5% í rjómasúkkulaði og 6% í þeim brauðum, sem í er sett mjólk samkvæmt lögum. Í lögum nr. 59/1960 um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. eru orðin mjólkurafurðir og mjólkurvörur notuð, að því er virðist, í sömu merkingu, sbr. m. a. 28. gr. og 30.—31. gr. Núgildandi mjólkurreglugerð nr. 157 4/9 1953 ber nafnið: Reglugerð um mjólk og mjólkurvörur, og nær hún yfir mjólk, rjóma, áfir, undanrennu, sýrða mjólk, júgúrt, kefir, niðursoðna mjólk, sykraða og ósykraða, og þurrmjólk. Þessi reglugerð nær aftur á móti ekki yfir smjör, osta, skyr né mjólkur- eða rjómaís. Í heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík frá 1950 er kafli með nafninu mjólk og mjólkurvörur, og eru í honum ákvæði um mjólk, rjóma, undanrennu, niðursoðna mjólk, sykraða og ósykraða, sýrða mjólk, smjör, skyr, mjólkurosta, rjómaís og annað ísfrauð. Um ísfrauðið gilda þau ákvæði, að það skuli vera annað hvort rjómaís með minnst 10% feiti eða mjólkurís með minnst 6% feiti.

Markverðasta tilraunin, sem gerð hefur verið erlendis til þess að skilgreina hinar ýmsu tegundir mjólkur og mjólkurafurða, er fyrir nokkru hafin af FAO og WHO (Food and Agricultural Organization. World Health Organization), og hafa þar verið kallaðir til margir sérfræðingar. Þegar hafa verið birt frumdrög að reglum um framleiðsluhætti og að stöðlum fyrir slíkar vörur. Í þessum frumdrögum er m. a. lagt til, að til mjólkurafurða (Milk Products) teljist þær vörur, sem í fyrsta lagi eru eingöngu úr mjólk, í öðru lagi eru úr mjólk að viðbættum efnum nauðsynlegum við framleiðsluna, þó þannig, að slíkum efnum sé ekki ætlað að koma að nokkru eða öllu leyti í staðinn fyrir nokkurt efni mjólkurinnar. Auk ofangreinds flokks mjólkurafurða er gert ráð fyrir öðrum flokki, sem nefnist samsettar vörur (composite products). Í þeim flokki eru vörur, í hverjum mjólk

eða mjólkurafurðir, skv. fyrri skilgreiningu, eru nauðsynlegar (essential) annað hvort vegna magns þeirra í vörunni eða vegna þeirra séreinkenna, sem þær gefa henni. Í nefndum frumdrögum er rjóma- og mjólkurís (ice-cream) talinn til beggja flokkanna. Augsýnilega hefur hér verið litið svo á, að í rjóma- og mjólkurís geti magn mjólkurefnanna verið mjög mismunandi og þurfi slíkt ísfrauð því ekki alltaf að teljast til mjólkurafurða.

Með tilliti til skilgreiningar FAO og WHO og þeirra venja, sem okkur virðast ríkjandi í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, álítum við, að rjóma- og mjólkurís með þeim hundraðshlutum mjólkurefna, sem gefnir eru upp í skýrslu M.S., beri að telja til mjólkurafurða. Þar með er ekki sagt, að allt ísfrauð, sem í eru mjólkurefni, skuli teljast mjólkurafurð.

Niðurstaða:

Ísgerðarvörur M.S. teljast að okkar dómi til mjólkurafurða.

Reykjavík, 4. maí 1965."

Niðurstöðu hinna sérfróðu manna þykir bera að leggja til grundvallar úrlausn máls þessa, og þar sem áfrýjandi er mjólkurbú í merkingu 2. mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962, verður úrskurður fógeta úr gildi felldur og framkvæmd lögtaks synjað.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og synjað er um framkvæmd lögtaks þess, sem krafizt er.

Stefndi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Mjólkursamsölunni í Reykjavík, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 35.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga eru mjólkurbú undanþegin aðstöðugjaldi. Um starfsemi mjólkurbúa ræðir í lögum nr. 59/1960 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. V. kafli þeirra laga ber fyrirsögnina: Um sölu mjólkur og mjólkurafurða. Ákvæði kaflans bera ljóslega með sér, að verkefni mjólkurbúa er meðferð mjólkur og vinnsla og svo dreifing og sala mjólkur og mjólkurafurða. Mjólkursamsalan í Reykjavík er samtök nokkurra mjólkurbúa. Meginverkefni hennar eru fólgin í dreifingu og sölu mjólkur og mjólkurafurða frá mjólkurbúunum og svo vinnsla mjólkur frá mjólkurbúunum, sem hentugt þykir að hafa á einum stað. Hér er því um að tefla starfsemi, sem er innan þess verkahrings, sem mjólkurbúum er markaður í V. kafla laga nr. 59/1960. Í 32. gr. laganna er svo mælt, að mjólkurstöðvar mjólkurframleiðenda, er þeir koma sér upp í kaupstöðum og kauptúnum, skuli hafa „sömu réttindi og skyldur og mjólkurbú samkvæmt lögum þessum". Samkvæmt 65. gr. laga nr. 69/1962 skyldi félagsmálaráðherra skera úr, er ágreiningur varð um gjaldskyldu og gjaldstofna samkvæmt II., III. og IV. kafla þeirra laga. Í úrskurði, uppkveðnum 3. apríl 1963, hefur félagsmálaráðherra látið svo mælt: „Þar eð Mjólkursamsalan í Reykjavík er sameign nokkurra mjólkurbúa, virðist fara um gjaldskyldu vegna starfsemi hennar með sama hætti og sams konar starfsemi einstakra mjólkurbúa". Telja verður, að félagsmálaráðherra hafi reist úrskurð sinn á lögrökum. Ber því að staðfesta það, að Mjólkursamsalan í Reykjavík sé undanþegin aðstöðugjaldi af þeirri starfsemi, sem er innan þess eðlilega verkahrings, er mjólkurbúum er markaður í lögum.

Í máli þessu er krafizt lögtaks á hendur Mjólkursamsölunni í Reykjavík á aðstöðugjaldi vegna framleiðslu hennar á mjólkurís og rjómaís. Er þá úrlausnarefnið, hvort framleiðsla á vöru þessari sé vinnsla mjólkur og innan þess

verkahrings, sem lög gera ráð fyrir, að mjólkurbú hafi á hendi. Ber því að kanna, hver efni eru notuð við gerð mjólkuríss og rjómaíss. Um þetta segir í bréfi áfrýjanda 22. september 1963:

Mjólkurísblanda:	Rjómaísblanda:
72% mjólk,	53% mjólk
9% rjómi	28% rjómi
5% undanrennuduft	5% undanrennuduft
10% sykur	10% sykur
3% glucose	3% glucose
1% matarlím	1% matarlím.

Þá hefur áfrýjandi í bréfi 5. marz 1964 skýrt svo frá:

„1. Í 300 kg af 12% rjómaísblöndu eru:

162 kg mjólk
82 — rjómi
15 — undanrennuduft
30 — sykur
8 — glukose
3 — matarlím.

Sykur, glukose og matarlím eru samtals 41 kg af 300 kg, eða 13.7% af blöndunni.

2. Í 40 kg af bræddum osti eru auk ostsins:

4 kg bræðslusalt
3.7 — sveppir eða rækjur.

Þessi íblöndun er samtals 7.7 kg af 40 kg, eða 19.25% af efnismagninu.

3. Auk þess viljum vér benda á, að í venjulegu smjöri eru 16% af vatni og um 1% af salti. Þessi vatnsblöndun í smjör er nauðsynlegur þáttur í framleiðslunni".

Samkvæmt þessum skýrslum eru 86% af vinnsluefninu í mjólkurísblöndu og rjómaísblöndu skír mjólkurefni, en 10% almennur sykur, 3% ávaxtasykur og 1% matarlím. Hér er því um að tefla mjólkurfæðu, sem er gerð sæt með sykri og fest með örlitlu matarlími. Verða mjólkurblöndur og ísblöndur þessar að teljast mjólkurafurðir með jafn fullkomnum rétti og t. d. bræddur ostur, er geymir meira

af framandi efnum. Sérfræðingar segja: „Ísgerðarvörur M.S. teljast að okkar dómi til mjólkurafurða.“ Ákvæði 2. mgr. 28. gr. laga nr. 59/1960 taka því til nefndrar mjólkurísblöndu og rjómaísblöndu, þar sem mælt er: „Heimilt er samsölustjórnum að taka í sínar hendur sölu og dreifingu annarra mjólkurafurða, sem mjólkurbúin framleiða“, en nefnt lagaákvæði gerir ráð fyrir því, að mjólkurbú framleiði fleiri mjólkurafurðir en þær, er þau hafa tekið einkaframleiðslu á. Í áðurnefndum úrskurði félagsmálaráðherra segir: „Samkvæmt þessu á Mjólkursamsalan í Reykjavík að vera undanþegin greiðslu aðstöðugjalds vegna þeirrar starfsemi hennar, sem eingöngu lýtur að meðferð mjólkur og mjókurafurða, þar með talin dreifing og sala þeirra vara.“ Það er eðlilegt og löghelgað viðfangsefni mjólkurbúa að framleiða mjólkurís og rjómaís, sem er skír mjólkurfæða, einungis blönduð 13% sykurefni og 1% matarlími. Það er því augljóst mál, að mjólkurbú eru undanþegin aðstöðugjaldi af framleiðslu mjólkuríss og rjómaíss samkvæmt skýru og ótvíræðu ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962, sem leysir mjólkurbú undan greiðslu slíks gjalds án þess að geta takmarkana, og þar sem Mjólkursamsalan í Reykjavík er samtök mjólkurbúa, sem fellur samkvæmt því, er áður var rakið, undir nefnt ákvæði, er hún einnig undanþegin aðstöðugjaldi vegna nefndrar framleiðslu.

Samkvæmt því, er rakið hefur verið, ber að fella úrskurð borgarfógeta úr gildi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti, sem ákveðst kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður borgarfógeta er úr gildi felldur.

Stefndi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Mjólkursamsölunni í Reykjavík, málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 24. apríl 1964.

Við álagningu opinberra gjalda ár 1962 var gerðarþola, Mjólkursamsölunni í Reykjavík, gert að greiða samkvæmt lögum nr. 69/1962, III. kafla, aðstöðugjald, að fjárhæð kr. 617.900.00. Gerðarþoli taldi sig eigi vera aðstöðugjaldsskyldan, að því er varðaði þann rekstur, er lýtur að dreifingu og meðferð mjólkur og mjólkurafurða, og vísaði í því efni til undantekningarákvæðis 2. mgr. 8. gr. framangreindra laga.

Með úrskurði, dags. 26. apríl 1963 (rskj. nr. 4), ákvað Ríkisskattanefnd að fella niður kr. 549.600.00 af álagðri fjárhæð, og 7. maí s.l. greiddi gerðarþoli kr. 15.885.00 upp í eftirstöðvarnar. Stóðu þá eftir ógreiddar kr. 52.445.00, eða fjárhæð, sem svarar til þeirrar álagningar, sem talin er í framangreindum úrskurði Ríkisskattanefndar undir lið 2 b „0.9% af vörukaupum og öðrum rekstrarkostnaði ísgerðar, samtals kr. 5.827.305.00, eða aðstöðugjald kr. 52.445.00".

Þar eð gerðarþoli hefur neitað að greiða eftirstöðvar þessar, hefur gjaldheimtustjórinn f. h. Gjaldheimtunnar í Reykjavík krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri fjárhæð, kr. 52.445.00, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði auk málskostnaðar að mati réttarins.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framangreindum kröfum gerðarbeiðanda og gert þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarþola verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins.

Mótmæli sín og kröfur hefur umboðsmaður gerðarþola, bæði í greinargerð sinni (rskj. nr. 5) og við munnlegan flutning málsins, reist á því, að gerðarþoli, Mjólkursamsalan í Reykjavík, sé mjólkurbú, enda sameign nokkurra mjólkurbúa, og að rekstur ísgerðar gerðarþola sé meðal þeirrar starfsemi gerðarþola, sem eingöngu lúti að meðferð mjólkur og mjólkurafurða, þar með talin sala og dreifing þeirra vara. Hefur umboðsmaður gerðarþola lagt fram í málinu bréf frá gerðarþola (rskj. nr. 6 og nr. 9), þar sem meðal annars er upplýst, hver séu hráefnahlutföll í blöndun til mjólkur- og rjómaísgerðar og hversu framleiðslunni er háttað. Telur umboðsmaður gerðarþola, að af þessum upplýsingum sé auðsætt, að slík ísgerð sé í eðli sínu einungis sérstakur umbúnaður mjólkurinnar, áður en hún sé seld. Enginn mundi t. d. telja, að gerðarþola bæri að greiða aðstöðugjald af

gerilsneyddri mjólk, en frysting mjólkurinnar virðist vera hliðstæð gerilsneyðingu, og enda þótt mjólkur- og rjómaísinn sé seldur í sérstökum umbúðum, þá gildir hið sama að því leyti um mjólk, sem seld sé í hyrnum eða flöskum. Umbúðirnar virðist í þessu falli ekki eiga að skipta neinu máli. Gerðarþoli kaupi eigi mjólkina, sem notuð sé í ísgerðina, heldur sé það mjólkin, sem gerðarþoli taki við af framleiðendum hennar sem eigendum mjólkurbúa þeirra, er að Mjólkursamsölunni standa og eiga hana. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola lagt áherzlu á það, að hann telji, að gerðarþola beri eigi að greiða neitt aðstöðugjald frekar en svonefnt veltuútsvar, meðan ákvæði um það voru í gildi, og hefur nefndur umboðsmaður í því sambandi mótmælt þeim rökum Ríkisskattanefndar í úrskurði hennar (rskj. nr. 4), að gerðarþoli hafi áður fallizt á þann skilning, að honum hafi borið að greiða veltuútsvar, enda þótt hann kunni að hafa greitt einhvern hluta þess. Það skipti heldur ekki máli að lögum, enda muni veltuútsvarið hafa verið greitt, að geymdum rétti til endurgreiðslu síðar. Beri samkvæmt því að sýkna gerðarþola af öllum kröfum gerðarbeiðanda í þessu máli.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins mótmælt framangreindu sjónarmiði og kröfum umboðsmanns gerðarþola í málinu. Hefur hann haldið því fram sem höfuðsjónarmiði sínu og umbjóðanda síns, að gerðarþoli, Mjólkursamsalan í Reykjavík, sé eigi mjólkurbú í þeirri merkingu, sem venjulegt sé að leggja í það orð, enda þótt honum sé að vísu eigi kunnugt um, að nokkurs staðar sé að finna lagalega skilgreiningu á því, hvað mjólkurbú sé. Hefur nefndur umboðsmaður þó í þessu sambandi bent á upphafsákvæði 28. gr. laga nr. 59/1960 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., en þar segir svo: „Nú er starfandi viðurkennd samsala eða mjólkurbú, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk og rjóma í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem eru innan sama mjólkursölusvæðis“. Telur nefndur umboðsmaður gerðarbeiðanda, að ákvæði þetta bendi ótvírætt til þess, að löggjafinn geri greinarmun á mjólkursamsölu og mjólkurbúi. Hin eðlilega skýring á orðinu mjólkurbú sé sú, að það sé starfsemi, sem miði ekki aðeins að vinnslu mjólkur og rjóma, heldur einnig að framleiðslu á skyri, ostum og smjöri, en slíka starfsemi hafi gerðarþoli eigi með höndum, nema að hluta, þar eð hann

vinni að minnsta kosti hvorki smjör né osta. Samkvæmt þessu verði gerðarþoli, Mjólkursamsalan í Reykjavík, eigi talinn mjólkurbú í þeirri merkingu, sem eðlilegt sé að leggja í það orð, og falli því eigi undir undantekningarákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga. M. ö. o. að gerðarþoli ætti að réttu lagi að greiða aðstöðugjald af allri starfsemi sinni, einnig þeim hluta hennar, sem Félagsmálaráðuneytið og Ríkisskattanefnd hefur úrskurðað undanþeginn aðstöðugjaldi (sbr. rskj. nr. 4). En jafnvel þó að eigi verði fallizt á þetta sjónarmið og gerðarþoli verði talinn mjólkurbú í merkingu laga nr. 69/1962 og því undanþeginn aðstöðugjaldi, þá sé sá rekstur hans, sem um ræðir í máli þessu, þ. e. ísgerðin, tvímælalaust aðstöðugjaldsskyldur og úrskurður Ríkisskattanefndar að því leyti réttur. Frá því er Mjólkursamsalan hafi tekið til starfa, hafi í lögum verið ákveðnar undanþágur á skattgreiðslum fyrirtækisins. Í lögum nr. 96/1936 hafi verið svo ákveðið, að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda skyldu undanþegin öllum tekju- og eignarskatti, eins og segir í lögunum, svo og því að greiða aukaútsvar „eftir efnum og ástæðum". Lög þessi hafi eigi verið afnumin og séu því í gildi, enda sé hvorki lagt útsvar né tekju- og eignarskattur á Mjólkursamsöluna sjálfa. Hins vegar hafi á árinu 1961 verið lagt veltuútsvar á ísgerð gerðarþola og hann fallizt á þá álagningu með því að greiða veltuútsvarið. Umboðsmaður gerðarþola haldi því reyndar fram, að greitt hafi verið með fyrirvara, en sá fyrirvari komi hvergi fram, enda sé þessari staðhæfingu umboðsmanns gerðarþola mótmælt, og hvíli að sjálfsögðu sönnunarbyrðin um það atriði á gerðarþola. Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda bent á, að um undanþáguheimildina í lögum nr. 96/1936 hafi gengið hæstaréttardómur 28. október 1946 í málinu: Mjólkursamsalan í Reykjavík gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs (dómasafn XVII, bls. 486), en dómur þessi staðfesti þá niðurstöðu fógetaréttarins, að skattfrelsi Mjólkursamsölunnar hafi frá upphafi verið takmarkað við aðalstarfsemi hennar, sem sé sölu og dreifingu á mjólk, rjóma og skyri, eins og starfssvið hennar hafi upphaflega verið afmarkað með lögum nr. 1/1935, en heimilt hafi verið að skattleggja þá starfsemi Mjólkursamsölunnar, er félli utan við þetta starfssvið, eins og þá var um brauða- og sælgætissölu fyrirtækisins. Engin breyting hafi orðið á þessu, og því taki þessi regla nú eins til mjólkur- og rjómaísgerðar gerðarþola. Hefur umboðsmaður gerð-

arbeiðanda sérstaklega bent á þá röksemdafærslu dómarans í fógetaréttarmálinu, að Mjólkursamsalan hafi samkvæmt lögum beinlínis einokunaraðstöðu um sölu mjólkur, rjóma, skyrs o. fl., og öðrum aðiljum sé hreinlega bannað að selja þessar vörur. Enda þótt löggjafinn undanþiggi slíka starfsemi skattskyldu, þá sé af þeim ástæðum engum aðiljum öðrum mismunað með því. Öðru máli gegni, ef leggja ætti hina víðtækari merkingu í skattfrelsið, sem sé að undanþágan ætti að ná til hvers konar starfsemi, sem rekin sé í nafni Mjólkursamsölunnar, þá þýddi það stórkostlegt misrétti gagnvart þeim aðiljum öðrum, sem hefðu með höndum sams konar atvinnurekstur og yrðu að gjalda af honum skatta og skyldur. Til slíks misréttis hafi löggjafinn vitanlega eigi ætlazt, enda eigi hægt að færa nein skynsamleg rök fyrir slíkri niðurstöðu. Enda þótt framangreindur dómur hafi fjallað um brauða- og sælgætissölu, þá sé þetta sjónarmið jafngilt, að því er varðar ísgerð gerðarþola, enda sé gerðarþoli þar eigi einn um hituna, það séu fleiri, sem framleiði og selji mjólkur- og rjómaís hér og séu vitanlega skattskyldir af þeirri starfsemi. Þegar litið sé á niðurstöðu framangreinds hæstaréttardóms svo og á þá staðreynd, að gerðarþoli hafi áður greitt veltuútsvar af umræddum rekstri, þá virðist rökrétt ályktun vera sú, að aðstöðugjald það, sem um ræðir í máli þessu, sé réttilega á gerðarþola lagt, sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 69/1962 og reglugerð nr. 81/1962. Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda haldið því fram, að ljóst sé af framlögðum reikningum, rskj. nr. 7 og 8, að ísgerðin sé rekin sem sjálfstætt fyrirtæki á vegum Mjólkursamsölunnar, og styðji það atriði út af fyrir sig þá niðurstöðu, sem Ríkisskattanefndin byggi á úrskurð sinn. Þá sé og ljóst af þessum reikningum, að skattstofan hafi lagt umrætt aðstöðugjald á gerðarþola nákvæmlega eftir hans eigin framtali, sem sé á vörukaup og annan rekstrarkostnað ísgerðarinnar, að frádregnu útsvari, sköttum og töpuðum skuldum. Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælt þeirri staðhæfingu umboðsmanns gerðarþola í greinargerð hans, að gerðarþoli kaupi eigi mjólkina, sem notuð sé í ísgerðina, heldur taki hann við mjólkinni af framleiðendum sem eigendum mjólkurbúa þeirra, er að Mjólkursamsölunni standi og eigi hana. Þessi staðhæfing umboðsmannsins sé röng, svo sem gjaldaliðirnir „Vörukaup“ á rekstrarreikningnum, rskj. nr. 7 og 8, beri með sér.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Sem að framan greinir, hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda

haldið því fram, að gerðarþoli, Mjólkursamsalan í Reykjavík, sé eigi mjólkurbú í þeirri merkingu, sem venjulegt sé að leggja í það orð, enda sé í lögum gerður greinarmunur á samsölu og mjólkurbúum, sbr. 28. gr. laga nr. 59/1960 um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. Mjólkursamsalan hafi og eigi með höndum mjólkurvinnslu, nema að nokkru leyti, hún framleiði t. d. eigi smjör né osta. Hún falli því eigi undir undantekningarákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga og beri því að réttu lagi að greiða aðstöðugjald af allri starfsemi sinni. En jafnvel þó að eigi verði fallizt á þetta sjónarmið og gerðarþoli verði talinn mjólkurbú í merkingu laga nr. 69/1962 og því undanþeginn aðstöðugjaldi, þá sé rekstur gerðarþola, sá er um ræðir í þessu máli, þ. e. ísgerðin, þess eðlis, að gerðarþoli sé tvímælalaust aðstöðugjaldsskyldur hennar vegna og úrskurður Ríkisskattanefndarinnar að því leyti réttur.

Umboðsmaður gerðarþola hefur hins vegar haldið því fram, að gerðarþoli, Mjólkursamsalan, sé sameign nokkurra mjólkurbúa og að rekstur ísgerðarinnar sé meðal þeirrar starfsemi gerðarþola, sem eingöngu lúti að meðferð mjólkur og mjólkurafurða, þar með talin sala og dreifing þessara vara, og falli því rekstur ísgerðarinnar að sjálfsögðu undir undantekningarákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962.

Það er viðurkennt í máli þessu, að gerðarþoli sé sameign nokkurra mjólkurbúa og að hann hafi með höndum sölu og dreifingu mjólkur og mjólkurafurða og mjólkurvinnslu að nokkru leyti. Þá skipar gerðarþoli einn mann í framleiðsluráð landbúnaðarins, svo sem gera mjólkurbú utan mjólkursölusvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar (1. gr. laga nr. 59/1960), og enn fremur lýtur gerðarþoli verðskráningu og ýmsum öðrum ákvörðunum framleiðsluráðs og sex manna nefndar (sbr. og 5. gr. framangreindra laga), að því er varðar mjólk og venjulegar mjólkurafurðir. Er því eigi fjarri sanni að líta svo á, að löggjafinn telji gerðarþola sem mjólkurbú að þessu leyti, enda þótt það komi eigi fram beinum orðum. Samkvæmt þessu verður rétturinn að fallast á niðurstöðu Félagsmálaráðuneytisins, rskj. nr. 4, en þar segir: „Þar eð Mjólkursamsalan í Reykjavík er sameign nokkurra mjólkurbúa, virðist fara um gjaldskyldu vegna starfsemi hennar með sama hætti og sams konar starfsemi einstakra mjólkurbúa". Hins vegar ber að athuga, hvort ísgerð gerðarþola hefur sérstöðu í þessu efni eða eigi.

Það er að vísu augljóst, að mjólkurís og rjómaís eru mjólkur-

vörur, en verða þó eigi að áliti réttarins taldar til almennra mjólkurvara, og því síður, að rekstur ísgerðarinnar verði talinn falla undir orðin „sams konar starfsemi einstakra mjólkurbúa“ í úrskurði Félagsmálaráðuneytisins, sem að framan getur, enda munu eigi venjuleg mjólkurbú framleiða þessar vörur. Ísgerðin virðist því hafa sérstöðu í rekstri gerðarþola. Ýmislegt bendir og til þess, að löggjafinn líti svo á, sbr. 28. gr., 1. mgr., laga nr. 59/1960, en þar segir: „Nú er starfandi viðurkennd samsala eða mjólkurbú, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk eða rjóma í þessum kaupstöðum eða kauptúnum, sem eru innan sama mjólkursölusvæðis ....“ Hér er öðrum en samsölum eða mjólkurbúum beinum orðum bannað að selja mjólk og rjóma, en slíkt bann hefur löggjafinn eigi sett, að því er varðar framleiðslu og sölu mjólkur- og rjómaíss, enda er það vitað, að ýmsir aðiljar aðrir hafa haft hér og hafa enn með höndum framleiðslu og sölu þessara vara og eru að sjálfsögðu skattskyldir af þeim rekstri. Vísast hér að öðru leyti til rökfærslu umboðsmanns gerðarbeiðanda um þetta atriði hér að framan. Af þessu má að áliti réttarins draga þá ályktun, að löggjafinn líti eigi á mjólkur- og rjómaís sem venjulegar mjólkurvörur, enda munu vörur þessar einkum vera seldar sem sælgæti á stöðum, sem aðallega hafa slíkar vörur á boðstólum, þó að þær séu að vísu stundum framreiddar sem ábætir við málsverði. Hér við bætist, að hvorki framleiðsluráð landbúnaðarins né sex manna nefndin, en í hvoru tveggja eiga stéttarsamtök bænda sína fulltrúa, hafa talið sér skylt að ákveða verð á þessum vörum sem öðrum mjólkurvörum og landbúnaðarvörum yfirleitt (sbr. rskj. nr. 15). Má af þessu ráða það að áliti réttarins, að aðiljar þessir telji eigi framleiðslu ísgerðar gerðarþola venjulega mjólkurvinnslu og að hún falli því utan við verksvið þeirra. Að öllu þessu athuguðu, verður rétturinn að fallast á það sjónarmið umboðsmanns gerðarbeiðanda, að umrædd ísgerð hafi þá sérstöðu í rekstri gerðarþola, að rekstur hennar njóti eigi skattfrelsis samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962, og á þá túlkun Ríkisskattanefndar, að á hana beri að líta sem aðra starfsemi gerðarþola, eins og komizt er að orði í 5. mgr. úrskurðar Félagsmálaráðuneytisins, rskj. nr. 4, og að hún falli eigi undir framangreind undantekningarákvæði greindra laga. Verður því að líta svo á, að gerðarþoli hafi verið gjaldskyldur, að því er varðar umrætt aðstöðugjald, og að það hafi réttilega verið á gerðarþola lagt.

Samkvæmt þessu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað niður falla.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 14. júní 1965.

Nr. 168/1964. **Stálumbúðir h/f** (Hafsteinn Sigurðsson hdl.)
gegn
Baldri Álfssyni og gagnsök
(Vilhjálmur Þórhallsson hdl.)
og
Umbúðaverksmiðjan h/f
(Áki Jakobsson hrl.).
gegn
Baldri Álfssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Áfrýjun. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi Stálumbúðir h/f hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. október 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum áfrýjanda Baldurs Álfssonar og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Áfrýjandi Baldur Álfsson hefur áfrýjað málinu, að því er varðar bæði Stálumbúðir h/f og Umbúðaverksmiðjuna h/f, með stefnu 21. október 1964. Krefst hann þess, að

nefndum aðiljum verði dæmt in solidum að greiða honum kr. 365.802.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1964 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo krefst hann og þess, að umræddum aðiljum verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, einnig in solidum.

Áfrýjandi Umbúðaverksmiðjan h/f hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. apríl 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann sýknu af kröfum Baldurs Álfssonar og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjanda Baldri Álfssyni var heimil framangreind áfrýjun hans með stefnu 21. október 1964 samkvæmt 3. málsgr. 20. gr. laga nr. 57/1962, að því er tók til Stálumbúða h/f, sem áður höfðu skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu, svo sem að framan getur. Hins vegar var áfrýjun óheimil gagnvart Umbúðaverksmiðjunni h/f, þar sem meira en 3 mánuðir voru liðnir frá uppsögu héraðsdóms, er áfrýjunarstefna Baldurs var út gefin, og áfrýjunarleyfis hafði ekki verið aflað, sbr. 1. og 2. málsgr. fyrrnefndrar 20. gr. laga nr. 57/1962. Verður því þeim þætti málsins, er varðar áfrýjun Baldurs á hendur Umbúðaverksmiðjunni h/f, vísað frá dómi, en aðeins dæmt um sök þessara aðilja samkvæmt áfrýjun Umbúðaverksmiðjunnar h/f.

Það athugast, að af hálfu áfrýjanda Baldurs Álfssonar er hærri fjárkrafa höfð uppi í Hæstarétti en gerð var í héraði, án þess að ástæða sé til að leyfa slíka hækkun samkvæmt ákvæðum 45. gr. laga nr. 57/1962.

I. Krafa á hendur Stálumbúðum h/f.

Áfrýjandi Baldur reisir kröfur sínar á hendur Stálumbúðum h/f í fyrsta lagi á því, að öryggisbúnaði mótunarvélar þeirrar, sem í málinu greinir, hafi verið áfátt. Samkvæmt skýrslu Stálumbúða h/f, sem ekki hefur verið hnekkt, hafði vél þessari ekki verið breytt á neinn hátt frá þeirri gerð, sem hún hafði í öndverðu frá hendi framleiðanda hennar, enda hefur Öryggiseftirlit ríkisins lýst því,

að við sjálfa vélina hafi ekkert verið athugavert. Hafði vélin verið notuð þannig um langt árabil á verkstæði Stálumbúða h/f. Hins vegar er leitt í ljós, að nýrri gerðir af mótunarvélum séu með tilteknum öryggisbúnaði, sem umrædda vél Stálumbúða h/f skorti. Þrátt fyrir það verður ekki talið, að forráðamenn Stálumbúða h/f hafi sýnt slíka vangæzlu með því að heimila Magnúsi Einarssyni afnot vélarinnar, að greint félag hafi orðið bótaskylt gagnvart áfrýjanda Baldri. Er þá og á það að líta, að Magnús Einarsson var vélstjóri að menntun og hafði áður kynnt sér vélina og haft afnot hennar.

Í öðru lagi er því haldið fram af hendi Baldurs Álfssonar, að félagið Stálumbúðir h/f hafi orðið skaðabótaskylt vegna slyssins, með því að starfsmenn þess á vélaverkstæðinu hafi ekki hindrað eða reynt að hindra vinnu Magnúsar Einarssonar og áfrýjanda Baldurs við mótunarvélina, enda þótt þeir yrðu þess varir, að Magnús hegðaði sér gálauslega við verkið. Á þessa málsástæðu verður ekki fallizt, því að engin rök eru til þess að leggja fébótaábyrgð á félagið af þessum sökum.

Samkvæmt framangreindu ber að sýkna áfrýjanda Stálumbúðir h/f af kröfum áfrýjanda Baldurs Álfssonar í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

II. Kröfur á hendur Umbúðaverksmiðjunni h/f.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að telja Umbúðaverksmiðjuna h/f fébótaskylda vegna slyss þess, sem í málinu greinir. Þegar litið er til þess, að áfrýjandi Baldur var aðeins 15 ára að aldri, þegar slysið varð, að hann hafði verið settur til starfa á vélaverkstæði við vél, sem hann hafði ekki áður kynnzt, og að yfirmaður hans hafði fyrir honum ranga og hættulega aðferð við vinnuna, þá má fallast á það álit héraðsdómenda, að ekki sé ástæða til að skipta sök, heldur dæma Umbúðaverksmiðjuna h/f til að bæta tjónið í heild.

Fébætur til handa áfrýjanda Baldri þykja hæfilega ákveðn-

ar í héraðsdómi kr. 222.750.00, en vöxtum verður breytt til samræmis við kröfugerð áfrýjanda Baldurs hér fyrir dómi. Staðfesta ber málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, að því er tekur til áfrýjanda Umbúðaverksmiðjunnar h/f.

Rétt er, að áfrýjandi Umbúðaverksmiðjan h/f greiði áfrýjanda Baldri Álfssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Framangreindri áfrýjun Baldurs Álfssonar á hendur Umbúðaverksmiðjunni h/f vísast frá dómi.

Áfrýjandi Stálumbúðir h/f á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda Baldurs Álfssonar í máli þessu, og fellur málskostnaður niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, að því er þá sök varðar.

Áfrýjandi Umbúðaverksmiðjan h/f greiði áfrýjanda Baldri Álfssyni kr. 222.750.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 30.000.00 í málskostnað í héraði og kr. 25.000.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Fallast má á ummæli í framanrituðum hæstaréttardómi um frávísun sakar vegna vöntunar á áfrýjunarleyfi og aukinnar kröfugerðar.

Magnús Einarsson, fyrirsvarsmaður áfrýjanda Umbúðaverksmiðjunnar h/f, hefur samkvæmt leyfi ráðamanna áfrýjanda Stálumbúða h/f notað sjálfstætt mótunarvél á

verkstæði áfrýjanda Stálumbúða h/f við mótun málmhluta fyrir áfrýjanda Umbúðaverksmiðjuna h/f. Mótunarvél þessi er af allgamalli gerð, en er í hinu upphaflega lagi sínu og hefur eigi verið bönnuð af opinberum eftirlitsmönnum, svo vitað sé. Mótun málmhluta fer þannig fram í vélinni, að mót það, sem málmhlutirnir eru mótaðir eftir, er lagt á steðja vélarinnar, málmur sá, er móta skal úr, er síðan lagður á mótið, og fallfarg vélarinnar því næst fellt niður á steðjann með því að stíga á fótstig, sem er niður við gólf. Á nýtízku mótunarvélum eru hins vegar handtæki notuð við fellingu fargsins. Þá er fallfargið hefur slegið málminn á steðjanum, hrekkur fallfargið aftur upp til fyrri stöðu sinnar. Hinn 15. október 1958 var Magnús Einarsson á verkstæði Stálumbúða h/f og starfaði þar að mótun loka á öskjur, sem áfrýjandi Umbúðaverksmiðjan h/f var að framleiða. Áfrýjandi Baldur Álfsson, starfsmaður áfrýjanda Umbúðaverksmiðjunnar h/f, var honum þarna til aðstoðar. Þeir unnu, svo sem um var samið, án þess að starfsmenn áfrýjanda Stálumbúða h/f kæmu þar nærri eða hefðu afskipti af þeim. Áfrýjandi Baldur Álfsson var þá 15 ára og hafði eigi áður fengizt við þetta starf. Þá er Magnús Einarsson hafði stjórnað mótunarvélinni um stund, veitti hann áfrýjanda Baldri Álfssyni, sem áhuga hafði á starfinu, leyfi til að taka við stjórn hennar. Gekk áfrýjanda Baldri Álfssyni starfið sæmilega, og tók Magnús Einarsson því að víkja sér frá öðru hverju. Áfrýjandi Baldur Álfsson vann nú við vélina góða stund og kveðst hafa mótað um 200 öskjulok. Þá varð honum, er Magnús Einarsson var fjarverandi, á að stíga á fótstig vélarinnar samtímis því, að hann hafði vinstri hönd sína á steðja hennar. Féll fallfargið þá á höndina, og tók af þrjá fingur. Sækir áfrýjandi Baldur Álfsson nú áfrýjanda Stálumbúðir h/f og Umbúðaverksmiðjuna h/f til fébóta vegna slyssins.

Áfrýjandi Stálumbúðir h/f hafði einungis veitt Magnúsi Einarssyni, sem er vélfræðingur og kveðst hafa unnið yfir 20 ár við slíkar vélar, heimild til að nota mótunarvélina, en hafði enga umsjón með starfa hans. Mótunarvélin var

í upphaflegu lagi sínu og samþykkt, að því er ætla verður, af vélaeftirlitinu, en gæta varð þess að styðja eigi höndum á steðjann, er fallfarginu var hleypt niður. Að svo vöxnu máli eru hvorki fyrir hendi efni né lagarök til að leggja á Stálumbúðir h/f fébótaábyrgð á slysi áfrýjanda Baldurs Álfssonar, og breytir það engu í þessu efni, þótt starfsmenn áfrýjanda Stálumbúða h/f beri eftir á, að þeir hafi talið Magnús Einarsson vinna óhönduglega við vélina. Ber því að sýkna áfrýjanda Stálumbúðir h/f af kröfu áfrýjanda Baldurs Álfssonar, en eftir atvikum þykir mega láta málskostnað í þessum þætti málsins falla niður.

Það var ógætni af hendi Magnúsar Einarssonar að láta áfrýjanda Baldur Álfsson, sem var 15 ára og mátti vænta nokkurs gáleysis af, stjórna mótunarvélinni og áminna hann eigi betur en hann gerði. Ber Magnús Einarsson því allmikla ábyrgð á gáleysi áfrýjanda Baldurs Álfssonar við verkið. Hins vegar er einsýnt, að áfrýjandi Baldur Álfsson hafði tekið út þann þroska, að honum var augljóst, að stórhættulegt var að styðja hönd á steðja mótunarvélarinnar og stíga samtímis á fótstig hennar, þannig að fallfargið félli niður. Verður því að rekja slysið til ógætni Magnúsar Einarssonar, sem áfrýjandi Umbúðaverksmiðjan h/f ber ábyrgð á, og gáleysis áfrýjanda Baldurs Álfssonar. Þá athugaður er aðdragandi slyssins og þroskastig áfrýjanda Baldurs Álfssonar, þykir rétt að leggja tvo þriðju fjárhagsábyrgðar á slysinu á áfrýjanda Umbúðaverksmiðjuna h/f.

Fjárhæð tjóns þess, sem áfrýjandi Baldur Álfsson varð fyrir, þykir hæfilega metin í héraðsdómi kr. 222.750.00. Ber að dæma áfrýjanda Umbúðaverksmiðjuna h/f til að greiða áfrýjanda Baldri Álfssyni tvo þriðju þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 148.500.00, ásamt vöxtum, svo sem síðar segir.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma áfrýjanda Umbúðaverksmiðjuna h/f til að greiða Baldri Álfssyni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 48.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi Stálumbúðir h/f á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda Baldurs Álfssonar í máli þessu, og fellur málskostnaður niður í máli þeirra.

Áfrýjandi Umbúðaverksmiðjan h/f greiði áfrýjanda Baldri Álfssyni kr. 148.500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 48.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þ. m., hefur Hulda Valdimarsdóttir, Álfheimum 72, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. október 1962, fyrir hönd sonar síns, Baldurs Álfssonar, s. st., sem þá var ófjárráða, gegn Umbúðaverksmiðjunni h/f og Stálumbúðum h/f til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð kr. 197.844.00, með 6% ársvöxtum frá 15. október 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi er fæddur 6. maí 1943. Varð hann því fjárráða 6. maí s.l. Hefur hann því nú tekið sjálfur við málssókn þessari.

Í þinghaldi 6. þ. m. hækkaði stefnandi kröfur sínar með samþykki umboðsmanns stefndu á þann veg, að hann krafðist þess, að stefndu verði dæmt in solidum að greiða honum kr. 270.861.00 með vöxtum, eins og að framan greinir, svo og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar.

Stefnandi hefur stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til að gæta réttar síns í málinu, en engar kröfur gert á hendur réttargæzlustefnda. Réttargæzlustefndi hefur heldur engar kröfur gert í málinu.

Málavextir eru þessir:

Haustið 1958 réðst stefnandi, sem þá var 15 ára að aldri, í vinnu til reynslu hjá Umbúðaverksmiðjunni h/f.

Miðvikudaginn 15. október 1958 fór Magnús Einarsson, fram-

kvæmdastjóri og formaður stjórnar Umbúðaverksmiðjunnar h/f, á verkstæði Stálumbúða h/f, hér í borg, til þess að móta lok á öskjur, sem Umbúðaverksmiðjan h/f var að framleiða, en Stálumbúðir h/f áttu mótunarvél til að móta slík lok. Magnús Einarsson hafði stefnanda með sér til aðstoðar við mótun lokanna. Varð stefnandi þá fyrir því slysi að lenda með vinstri hönd í mótunarvélinni með þeim afleiðingum, að hann missti vísifingur, löngutöng og svo til allan baugfingur. Magnús og stefnandi hófu vinnu sína um kl. 1400. Stjórnaði Magnús í fyrstu mótunarvélinni, en stefnandi flutti hin fullgerðu lok frá vélinni og staflaði þeim.

Verkið var þannig unnið, að málmplötu þeirri, er lokin voru unnin úr, var komið fyrir undir fallhamri (stanz) mótunarvélarinnar ofan á móti því, sem lokið lagast eftir. Fallhamarinn er síðan látinn falla niður á plötuna, sem síðan lagast eftir mótinu, og verður lokið þá eftir fullgert og skorið frá þeim hluta plötunnar, sem afgangs er, en fallhamarinn færist síðan upp aftur, tilbúinn fyrir næsta lok. Falli hamarsins er stjórnað með fótstigi (pedala), og ef stigið hefur verið á fótstig vélarinnar, verður falli hamarsins ekki forðað. Það virðist koma alloft fyrir, að það, sem mótað er, festist í vélinni, en þar sem vélin er stöðugt í gangi, meðan mótað er, og ekki þarf nema lítið átak á fótstigið, til þess að hamarinn falli á ný, verður að gæta ýtrustu varkárni við að losa hlutinn, til þess að lenda ekki undir hamrinum, sem fellur með allmiklum hraða og miklu afli. Í slíkum tilfellum mun vera venja að nota tréfleyga, skrúfjárn eða önnur slík tæki til að losa hlutinn, sem er verið að móta.

Eins og fyrr segir, stjórnaði Magnús Einarsson sjálfur mótunarvélinni í upphafi. Ef lok festist á stanzinum, notaði hann þó engin áhöld til þess að losa þau, heldur fingurna.

Stefnandi kveðst aldrei áður hafa starfað við slíka vél og jafnvel ekki séð slíka vél í notkun fyrr en umræddan dag. Er þeir höfðu unnið nokkra stund, kveðst hann hafa spurt Magnús, hvort þeir ættu ekki að skipta um verk. Magnús kveðst þá hafa gefið stefnanda leyfi til þess að móta nokkur lok undir sinni umsjá. Kveðst stefnandi þá hafa stanzað viðstöðulaust í um það bil 20 mínútur. Hafi Magnús á þeim tíma leiðbeint sér nokkuð í upphafi, en síðan hafi Magnús gengið frá og látið sig starfa einan við vélina á meðan. Þannig hafi hann tvívegis verið einsamall við mótunarvélina, er Magnús vék frá, og kveðst hann hafa álitið, að Magnús ætlaðist til þess, að hann mótaði ein-

samall á meðan, því að hann hafi alls ekki fundið neitt að við sig, þá er hann kom aftur, heldur þvert á móti látið sér vel lynda verk sitt og haft orð á því. Staðhæfir stefnandi, að Magnús hafi aldrei bannað sér að móta einsamall, heldur hafi Magnús einmitt þvert á móti, er hann kom að honum, þar sem hann stanzaði einsamall, leiðbeint sér frekar, hvernig betur mætti framkvæma verkið. Kveðst stefnandi af þessum sökum hafa talið, að Magnús ætlaðist beinlínis til þess, að hann héldi áfram að stanza einsamall, þó að Magnús brygði sér frá. Magnús viðurkennir, að það sé rétt, að hann hafi leyft stefnanda að móta undir sinni umsjá. Hann kveðst einnig tvívegis hafa farið frá vélinni í gangi og skilið stefnanda einan eftir við hana, en hann heldur því fram, að hann hafi ávítað stefnanda fyrir að vera að móta án sinnar umsjónar og bannað honum að gera það.

Í þriðja sinnið fór Magnús frá mótunarvélinni án þess að stöðva hana, en skildi stefnanda eftir einan við hana, og fór stefnandi þegar að móta. Mun Magnús hafa farið til þess að fá sér kaffisopa, en er hann hafði verið burtu nokkra stund, varð stefnandi um kl. 1640 fyrir því slysi að lenda með vinstri hönd undir fallhamrinum með þeim afleiðingum, að vísifingur og löngutöng þverklipptust á miðri efstu kjúku, en baugfingur um miðlið.

Um nánari aðdraganda að slysinu hefur stefnandi í skýrslu til lögreglunnar hinn 20. október 1958 greint svo frá:

„.... var ég að pressa þarna, og held ég, að ég hafi verið með seinni helminginn af plötunni, og varð ég að halda við plötuna, til þess að lokið kæmi út rétt. Ég steig svo á pedalann, og vissi ekki fyrr til en pressan lenti á vinstri hendinni á mér ....“ Síðar skýrði stefnandi svo frá fyrir dómi, að slysið hefði gerzt svo snögglega, að hann gerði sér ekki fullljósa grein fyrir, með hverjum hætti það hafi verið. Einhverra hluta vegna muni fallhamarinn hafa fallið tvisvar á sama lokið, annað hvort vegna þess að hann hafi haldið fætinum of lengi á fótstiginu eða þá að lokið hafi festst, þegar hann mótaði, og hann þá ætlað að losa það með fingrunum og trúlega stigið öðru sinni á fótstigið þannig, að fallhamarinn hafi fallið öðru sinni. Um þetta geti hann þó ekkert staðhæft, því að hann hafi orðið svo ringlaður og utan við sig, þegar vélin tók af fingurna, að hann muni naumast, hvað skeði.

Magnús Einarsson, sem kveðst hafa haft stjórn á sams konar mótunarvélum í yfir 20 ár og er vélstjóri að mennt, telur, að

orsök slyssins hafi eingöngu verið skortur á öryggisútbúnaði vélarinnar og vanþroski stefnanda, sem hann segir, að sé illa greindur, fiktsamur við vélar og virðist ekki hafa gert sér grein fyrir hættum, sem vélum eru samfara.

Í vinnusal þeim, sem þeir stefnandi og Magnús unnu umræddan dag, voru einnig nokkrir af starfsmönnum Stálumbúða h/f við vinnu sína. Fjórir þeirra, sem nokkuð fylgdust með þeim stefnanda og Magnúsi, hafa verið kvaddir til vættis. Enginn þeirra kveðst hafa orðið þess var, að Magnús ávítaði stefnanda eða bannaði honum að móta einsamall. Þrír þessara manna, Gunnar Arthúrsson, Sigurður Berg Bergsteinsson og Vigfús Frímann Jónsson, hafa borið það, að stefnandi hafi hagað sér við verkið alveg eins og Magnús, enn fremur að Magnús hafi farið frá vélinni án þess að stöðva hana, en stefnandi hafi þá haldið áfram vinnu við vélina. Hljóti Magnús að hafa vitað, að hann mótaði einsamall á meðan, og jafnvel ætlazt til þess, því ella hefði hann stöðvað vélina, áður en hann fór frá henni.

Vitnið Gunnar Arthúrsson, sem var við vinnu sína í um það bil 3—4 metra fjarlægð frá mótunarvélinni, kveðst hafa haft allgóða aðstöðu til þess að fylgjast með þeim Magnúsi og stefnanda. Segir vitnið, að sér hafi virzt fara mjög vel á með þeim, og hann hafi aldrei orðið þess var, að Magnús atyrti stefnanda neitt fyrir að móta einsamall eða að hann bannaði honum það.

Þrjú áðurgreind vitni hafa enn fremur skýrt svo frá, að Magnús hafi hagað sér mjög óvarlega við verkið og haft fyrir stefnanda þau vinnubrögð og síðan látið hann framkvæma þau á sama veg. Þannig hafi hann ávallt losað með fingrunum lok þau, er festust í mótinu, og einnig látið stefnanda losa þau lok á sama veg, meðan stefnandi mótaði, og jafnvel látið stefnanda losa lokin af mótinu, meðan Magnús mótaði sjálfur.

Í skýrslu öryggiseftirlitsins um ástand vélarinnar segir:

„Við sjálfa vélina er ekkert athugavert. Stanzvélin er ekki útbúin fullkomnum öryggisútbúnaði, eins og nýjar stanzvélar eru, og krefst vinna við slíka vél sérstakrar aðgæzlu."

Rannsókn vegna slyssins var send öryggismálastjóranum til umsagnar. Í álitsgerð hans segir m. a.:

„Ég lít svo á, að orsök slyssins sé tilhögun vinnu, sem við slíka vél verður að teljast mjög varhugaverð og lítt til eftirbreytni fyrir unglinga; og það að hleypa unglingi til sjálfstæðra starfa við vélina, án þess að möguleikar væru á því, að hægt hefði verið að kynna honum starfið til hlítar eða gera honum

skiljanlegar þær hættur, sem notkun vélarinnar eru samfara."

Vegna slyss þessa höfðaði ákæruvaldið refsimál á hendur Magnúsi Einarssyni. Gekk dómur í málinu í héraði 28. september 1959. Var Magnúsi dæmd refsing samkvæmt 219. gr. laga nr. 19/1940.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að óforsvaranlegt hafi verið af Magnúsi Einarssyni að láta hann vinna einsamlan við mótunarvélina, eins og á stóð. Vélin hafi auk þess verið stórháskaleg, þar sem á henni hafi ekki verið öryggisútbúnaður, sem hún hafi átt að hafa samkvæmt 16. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Þótt öryggiseftirlitið hafi í skýrslu sinni haldið því fram, að ekkert hafi verið athugavert við vélina, þá skipti það ekki máli, þar sem það sé ekki á valdi þeirrar stofnunar að slaka á þeim kröfum, sem lög ákveða um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Þá telur stefnandi, að starfsmenn Stálumbúða h/f hafi sýnt af sér vítavert aðgerðaleysi, þar sem enginn reyndi að koma í veg fyrir slysið með aðvörunum eða leiðbeiningum. Með tilliti til þessa og þar sem hér hafi verið um hættulegan atvinnurekstur að ræða, beri báðir stefndu sameiginlega ábyrgð á öllu því tjóni, sem hann varð fyrir við slysið.

Stefndi Umbúðaverksmiðjan h/f reisir sýknukröfu sína á því, að ósannað sé, að Magnús Einarsson hafi sýnt af sér nokkra þá vangæzlu, sem Umbúðaverksmiðjan h/f eigi að bera ábyrgð á. Magnús hafi bannað stefnanda að vinna við vélina, að sér fjarverandi. Á hinn bóginn hafi Magnús kennt stefnanda að fara með vélina, og svo virðist sem stefnandi hafi verið orðinn það vanur þessu verki, að hann hafi vitað fullkomlega, hvernig hann átti að framkvæma það, en eins og kunnugt sé, vanræki menn oft, bæði ungir og gamlir, nauðsynlegar varúðarreglur, þangað til þeir hafa rekið sig á. Aðalorsök slyssins sé þó vanbúnaður vélarinnar. Óverjandi hafi verið af eiganda verksmiðjunnar og stjórnendum hennar að hafa slíka vél í notkun án nauðsynlegs öryggisútbúnaðar. Við vél þessa muni fleiri slys hafa skeð en þetta slys. Það hafi verið jafnóverjandi af eiganda vélarinnar að hleypa Magnúsi Einarssyni að vélinni, eins og stefnanda, í því ástandi, sem vélin var í. Í slíkum föllum megi ekkert út af bera, til þess að slys verði, og verði a.m.k. að krefjast þess, að við vélarnar séu nákvæmar varúðarreglur, sem notendur þeirra geti lesið, áður en þeir taki til starfa. Þótt Magnús hafi oft fengizt við vélar, þá sé það engin sönnun fyrir því,

að hann hafi vitað til fulls, hvaða öryggisreglum hann hafi átt að fylgja að þessu leyti. Þar sem fleiri slys hafi orðið við þessa vél, sæti það furðu, að eigandi vélarinnar skuli eigi hafa séð fyrir nægilegum öryggisútbúnaði við hana. Önnur aðalorsök slyssins sé óvarkárni stefnanda sjálfs. Stefnandi hafi verið orðinn það þroskaður, að hann hefði átt að sjá, að hættulegt gat verið að nota fingurna til þess að losa lokið. Varakröfu sína í málinu byggir Umbúðaverksmiðjan h/f á því, að vegna óvarkárni stefnanda beri að skipta sök, og þá beri einnig að lækka einstaka kröfuliði.

Stefndi Stálumbúðir h/f reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi einungis borið ábyrgð á því, að vélin sem slík væri forsvaranleg. Það hafi hún verið, eins og fram komi í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins, þar sem segi, að við vélina sé ekkert athugavert. Í skýrslunni sé tekið fram, að vélin sé ekki útbúin fullkomnum öryggisútbúnaði, eins og nýjar vélar séu. Þetta megi rétt vera, en telja verði, að vél þessi sé á engan hátt hættulegri en venja sé með slíkar vélar. Engin bilun hafi orðið á vélinni og ekkert það komið fram, er velt geti fébótaábyrgð á eiganda vélarinnar. Varakröfu sína byggir þessi stefndi á því, að stefnandi eigi hér sjálfur nokkra sök með gálausum vinnubrögðum sínum. Auk þess séu kröfur stefnanda of háar.

Dómurinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður.

Í 16. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum segir: „Sérhver vél, allur búnaður hennar, undirstöður og festing skal vera fulltraust og þannig frá öllu gengið, að notkun vélarinnar hafi sem minnsta slysahættu í för með sér. Ef nauðsynlegt er, skal vélin vera með hentugum öryggisbúnaði, sem byggður sé með henni, sé þess nokkur kostur."

Enginn öryggisbúnaður var þó á mótunarvélinni. Mótunarstarfið hafði í för með sér stöðugt endurteknar hreyfingar. Þegar svo er háttað, er hætt við því, að athygli þess, sem mótar, sljóvgist, og má þá lítið út af bera, að slys verði. Sá, sem mótaði, var því í sífelldri hættu að lenda með hendurnar undir fallhamrinum, ef eitthvað út af bæri, þar sem ekki þurfti nema lítinn þrýsting á fótstigið, til þess að fallhamarinn félli. Hinir sérfróðu meðdómsmenn telja, að unnt hefði verið að koma við búnaði, sem þannig sé úr garði gerður, að ekki sé hægt að hreyfa fótstigið, nema ýtt sé á tvo tengirofa eða handsveifar með sitt hvorri hendi. En með slíkum umbúnaði er því forðað, að sá, sem mótar, lendi óvart með hendurnar undir fallhamrinum.

Af því, sem áður hefur verið rakið, verður að telja sannað, að Magnús Einarsson hafi ekki kennt stefnanda tilhlýðilega meðferð vélarinnar né heldur gert honum ljósar hættur þær, sem notkun hennar eru samfara. Einnig verður að líta svo á, þrátt fyrir mótmæli Magnúsar, að Magnús hafi ætlazt til þess, að stefnandi mótaði áfram þau skipti, sem hann brá sér frá, ella bar honum að stöðva vélina, en stöðvun vélarinnar er í því fólgin að styðja á einn rofa og var því mjög auðveld. Með því að skilja vélina eftir í gangi í þriðja sinnið, þar sem stefnandi var eftir við vinnu sína, mátti Magnús gera ráð fyrir, að stefnandi mótaði einsamall á meðan og með þeim handbrögðum, sem hann hafði séð Magnús beita áður, og jafnframt, að stefnanda væri hætta búin við starfið.

Við umrætt verk vann Magnús í þágu Umbúðaverksmiðjunnar h/f. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir Umbúðaverksmiðjan h/f sem atvinnurekandi bera ábyrgð á slysinu gagnvart stefnanda.

Eins og fyrr er frá greint, lánaði stefndi Stálumbúðir h/f Umbúðaverksmiðjunni h/f mótunarvélina, þrátt fyrir það að öryggisbúnaði hennar væri verulega áfátt. Þykir stefndi Stálumbúðir h/f því einnig bera ábyrgð á slysinu gagnvart stefnanda. Enda verður eigi talið, að afnotasamningur stefndu um vélina byggi út þeirri ábyrgð.

Með tilliti til hins unga aldurs stefnanda og atvika málsins að öðru leyti þykir ekki ástæða vera til þess að skipta sök í málinu.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi nú þannig:

1. Örorkubætur	kr.	254.267.00
2. Örorkumat	—	700.00
3. Útreikningur á tjóni	—	2.050.00
4. Þjáningar og lýti	—	60.000.00
	Kr.	317.017.00
Frá dragast greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins	—	46.156.00
	Samtals kr.	270.861.00

Um 1.

Páll Sigurðsson, fyrrverandi tryggingayfirlæknir, hefur metið örorku stefnanda. Í örorkumatinu, sem dagsett er 12. október 1960, segir svo:

„Slasaði var þegar eftir slysið fluttur í Slysavarðstofu Reykjavíkur og tekinn þar til meðferðar af Páli Sigurðssyni lækni, jun., í Reykjavík. Í vottorði hans, dags. 21. október 1958, segir, að við slysið 15. október 1958 hafi höggvizt framan af vísifingri, löngutöng og baugfingri vinstri handar slasaða. Baldur fór svo til skiptinga í Slysavarðstofuna fram undir áramótin 1958—1959, og í öðru vottorði Páls Sigurðssonar læknis, jun., í Reykjavík, dags. 19. janúar 1959, segir, að slasaði muni geta hafið vinnu um næstu mánaðamót, þ. e. um mánaðamótin janúar—febrúar 1959.

Baldur hefur mætt hjá mér undirrituðum til viðtals og skoðana 13. apríl 1959, 12. maí 1959, 22. maí 1959 og loks 10. október 1960. Frásögn slasaða um nánari atvik að slysinu og gang sjúkdómsins, eftir að það vildi til, er í fullu samræmi við það, sem greint er frá hér að framan um það efni, og vísast til þess.

Baldur kveðst ekkert hafa getað unnið, frá því að hann slasaðist og það fram að mánaðamótunum janúar—febrúar 1959. Í byrjun febrúar 1959 segist hann hafa hafið vinnu sem aðstoðarmatsveinn á varðskipinu „Albert". Hann kveðst hafa starfað þar einn mánuð. Því næst segist hann hafa farið tvær ferðir með strandferðaskipinu „Skjaldbreið". Þar eftir hafi hann dvalið heima hjá sér fram undir lok aprílmánaðar 1959.

Í byrjun maí 1959 kveðst Baldur hafa hafið starf sem aðstoðarmaður við vél í togara og hafa unnið við það síðan með nokkrum hvíldum og ætla sér að vinna við það framvegis. Hann segir, að starf þetta sé einfalt og létt og hann þoli það sæmilega vel.

Eins og áður segir, mætti Baldur hjá mér undirrituðum til viðtals og skoðana í apríl og maí 1959. Hinn 23. maí 1959 mat ég framtíðarörorku hans við Tryggingastofnun ríkisins vegna afleiðinga slyssins 15. október 1958 og taldi hana þá hæfilega: *22%*.

Eins og ég þegar hef tekið fram, þá mætti Baldur hjá mér undirrituðum hinn 10. þ. m. til viðtals og skoðunar.

Skoðun: Baldur er tæplega meðalmaður á hæð, í góðum holdum og sæmilega hraustlegur útlits.

Hlustun á lungum leiddi ekkert óeðlilegt í ljós. Hlustun á hjarta: Það reyndist starfa reglulega. Púls 76. Hjartatónar hreinir. Blóðþrýstingur 128/60.

Vinstri hönd: Á hana vantar vísifingur og löngutöng að mestu. Af efstu kjúku vísifingurs er aðeins eftir þunn sneið. Af löngu-

töng er eftir tæpur þriðjungur af efstu kjúku. Það er sæmilega góð hreyfing á liðunum milli hlutanna, sem eftir eru af þessum tveimur fingrum, og tilsvarandi miðhandarbeina. Á baugfingur vantar tvær fremri kjúkurnar. Eðlileg hreyfing er í liðnum milli fjórða miðhandarbeins og kjúkunnar, sem eftir er af baugfingri. Það er vel gróið fyrir stúfana á vísifingri og löngutöng, en á baugfingurstúfnum er mjög grunnt á beininu, og á honum er smáfleiður. Þumalfingur og litlifingur vinstri handar virðast alveg eðlilegir. Ástand vinstri handar slasaða má heita alveg óbreytt, frá því sem það var við örorkumatið í maí 1959.

Ályktun: Enginn vafi getur leikið á því, að missmíði þau á vinstri hendi slasaða, sem nú hefur verið lýst og tvímælalaust verður að telja beinar afleiðingar slyssins 15. október 1958, hljóta að verða Baldri til mikils trafala og skerða vinnugetu hans í framtíðinni.

Má ætla, að sú skerðing á vinnugetunni í framtíðinni verði eigi minni en sem svarar einum fimmta til eins fjórða af allri vinnugetunni. Það verður því ekki hjá því komizt að áætla Baldri örorku, þar á meðal framtíðarörorku, vegna slyssins 15. október 1958 og afleiðinga þess.

Þessi örorka þykir hæfilega metin, svo sem hér segir:

Frá slysdegi til 31/12 1958 ..... 80%
— 1/1 1959 til 31/1 1959 ..... 60%
— 1/2 1959 til 30/4 1959 ..... 40%
— 1/5 1959, framtíðarörorka ..... 22%"

Á grundvelli þessa örorkumats hefur K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur reiknað út áætlað vinnutjón stefnanda. Hefur hann gert tvo útreikninga. Í fyrri útreikningnum, sem er dagsettur 12. október 1961, tekur tryggingafræðingurinn fram, að stefnandi hafi aðeins verið 15 ára, þegar hann slasaðist. Áætlun um vinnutekjur verði því ekki byggð á vinnutekjum hans fyrir slysið. Þá telur hann ekki grundvöll fyrir öðru en að miða útreikning við verkamannatekjur, miðað við fulla dagvinnu alla virka daga ársins, að undanskildum þremur orlofsvikum. En vegna þess hve stefnandi var ungur, þegar hann slasaðist, sé þó ekki rétt að reikna með þetta háum vinnutekjum fyrstu árin eftir slysið. Hæfilegt sé að reikna með 70% af framangreindum vinnutekjum á fyrsta ári eftir slysið og síðan hækkandi hundraðshluta um 5 á ári hverju, unz fullum vinnutekjum væri náð á 7. ári eftir slysið. Síðari útreikningur tryggingafræðingsins

fræðingsins er dagsettur 15. maí 1964. Þar greinir m. a. svo frá:

„Útreikningurinn frá 12. október 1961 var byggður á 6% vöxtum p. a. og dánarlíkum íslenzkra karla samkvæmt reynslu á árunum 1941—'50. Að þessu sinni nota ég 7% vexti p. a., þar sem ég tel það betur í samræmi við gildandi vaxtakjör hér á landi, og dánartöflur, byggðar á íslenzkri reynslu á árunum 1951—'60. Að öðru leyti vísast um reikningsgrundvöll til fyrra útreiknings, þar á meðal um örorkumat. Í sambandi við það vil ég geta þess, að á afriti af fyrra útreikningi mínum sé ég, að vélritunarvilla hefur orðið síðast í töflu 1, þar sem framtíðarörorka er talin 20% í stað 22%. Þetta er hins vegar rétt í handritinu, sem ég á enn, og allir útreikningar eru byggðir á réttri tölu, svo að villan hefur að því leyti ekki komið að sök.

Eins og greint er frá í fyrra útreikningi, er áætlun um vinnutekjur byggð á verkamannakaupi. Eftir að sá útreikningur var gerður, hafa orðið þessar hækkanir á því:

1. júní 1962	rösk	9%
1. febrúar 1963 ...	—	5%
23. júní 1963	—	7½%
21. desember 1963 .	—	15%

Í útreikningnum frá 12. október 1961 gerði ég ráð fyrir 4% hækkun þann 1. júní 1962. Þegar tekið er tillit til framangreindra kauphækkana, verður áætlun um vinnutekjur og vinnutekjutap, svarandi til töflu 2 í fyrra útreikningi, þannig:

Tímabil	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. ár eftir slysið	kr. 34.846.00	kr. 14.548.00
2. — — —	— 37.335.00	— 8.214.00
3. — — —	— 40.987.00	— 9.017.00
4. — — —	— 48.132.00	— 10.589.00
5. — — —	— 56.987.00	— 12.537.00
6. — — —	— 71.918.00	— 15.822.00
Síðan árlega	— 77.548.00	— 17.061.00

Verðmæti þessa áætlaða vinnutekjutaps, miðað við slysdag, reiknast mér:

Kr. 207.991.00.

Ég vil benda á, að áætlunin hér að framan um vinnutekjur, er lágmarksáætlun, byggð á tímakaupi verkamanna fyrir dagvinnu eingöngu, en þó án úrfellingar vegna veikinda og atvinnu-

leysis. Á undanförnum árum hafa margir verkamenn, og líklega flestir, náð til muna hærri vinnutekjum en svarar til dagvinnunnar. Samkvæmt upplýsingum í 13. hefti ritsins „Úr þjóðarbúskapnum“ um úrtaksprófanir á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík hafa vinnutekjur þeirra á árunum 1958—62 verið til jafnaðar 41% hærri en dagvinnutekjurnar, en það svarar til 109.343.00 kr. ársvinnutekna með núverandi kaupi.

Meðalaldur íslenzkra brúðguma er tæp 28 ár. Væri nú gert ráð fyrir, að vinnutekjurnar héldu áfram að hækka eftir 21 árs aldur með jafnri árlegri hækkun til 28 ára aldurs og væru þá komnar í 109.343.00 kr. á ári, mundi áætlað vinnutekjutap hækka tilsvarandi. Verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps mundi hækka við það úr 207.676.00 kr. í

254.267.00 kr.“

Stefnandi byggir fjárhæð þessa kröfuliðs á framangreindum útreikningi og krefst kr. 254.267.00, eins og síðasta fjárhæð útreikningsins segir til um.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Hér sé um áætlunarupphæðir að ræða, og gert sé ráð fyrir stöðugri vinnu, fullri vinnuheilsu viðkomanda og því, að hann lifi til að afla teknanna. Þá séu bætur þessar eigi taldar til skattskyldra tekna, og hagræði sé við það að fá upphæðina alla greidda fyrirfram. Beri að taka tillit til þessa til lækkunar á þessum kröfulið.

Eftir öllum atvikum þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 160.000.00, og er þá tekið tillit til greiðslna þeirra, sem stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 46.156.00.

Um 2. og 3.

Fjárhæðum þessara kröfuliða hefur ekki verið mótmælt, og verða þær því teknar til greina óbreyttar.

Um 4.

Af hálfu stefndu hefur þessum kröfulið verið mótmælt sem of háum, miðað við dómstólavenju í slíkum tilfellum.

Með hliðsjón af því, sem rakið hefur verið um slysið, og sjúkrasögu stefnanda þykir kröfu stefnanda um bætur samkvæmt þessum lið í hóf stillt. Verður fjárhæð þessa kröfuliðs því tekin til greina óbreytt.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda nema kr. 222.750.00

(160.000.00 + 2.750.00 + 60.000.00). Verða stefndu dæmdir in solidum til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, er reiknast 6% frá 15. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu einnig að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Hallgrími Jónssyni vélstjóra og Jóhannesi Zoëga verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Umbúðaverksmiðjan h/f og Stálumbúðir h/f, greiði in solidum stefnanda, Baldri Álfssyni, kr. 222.750.00 með 6% ársvöxtum frá 15. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. júní 1965.

Nr. 55/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Lárusi Stefánssyni (Örn Clausen hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Tilraun til manndráps. Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð Karls Sig. Jónassonar læknis, dags. 24. maí 1965, um heilsufar Erlu Kjartansdóttur. Segir þar m. a. svo:

„Sjúkl. hefur dvalið að mestu erlendis, síðan hún kom af spítalanum, og alls ekki unnið. Við skoðun nýlega reynd-

ist hún líkamlega hraust, en þó virðist hún ennþá hafa minni mátt í vinstri handlegg. Nýrun virðast nú í fullkomnu lagi. Hins vegar fær hún oft ennþá martröð og hrekkur upp af svefni, er kvíðin og viðbrigðin, lifir ennþá upp atburðinn. Ég tel hana þess vegna alls ekki hafa komizt yfir hina andlegu áverka."

Þá hefur einnig komið fram í Hæstarétti vottorð Gunnars Guðmundssonar læknis, dags. 7. júlí 1965. Segir þar m. a. svo um heilsufar Þóreyjar Guðmundsdóttur:

„Síðan Þórey slasaðist, hefur hún haft höfuðverk annað slagið og sem versnar mjög við alla andlega og líkamlega áreynzlu, en sem er þó ekki eins áberandi og s.l. haust. Ekki hefur hún getað verið í skóla í vetur, nema sem óreglulegur nemandi, þar sem hún hefur ekki treyst sér til að lesa, nema mjög takmarkað. Hún hefur verið nokkuð depressiv og óeðlilega viðkvæm, síðan hún varð fyrir árásinni. Þetta er þó mun betra en s.l. haust. Fyrir slysið bar aldrei á neinum höfuðverk, að sögn sjúkl. og móður.

Skoðun: Virðist nokkuð depressiv. Það eru engin einkenni um dysfasi eða dysarthri., og sjúkl. er fullkomlega áttuð á stað og stund.

Nn. kranialis: Heilataugar eðlil.

Motorik: Tonus, trofik, grófir kraftar og refl. eðlil.

Sensibilitet: Eðlil. snerti-, sársauka- og stöðuskyn.

Koordination: Engin einkenni um ataxi. Gangur eðlil.

Sfinkterfunktion: Eðlil.

Heilarit, sem tekið var 10/5 '65, var gerbreytt, frá því sem var í júní '64 og var nú nánast eðlilegt.

Álit: Þórey hefur vafalaust fengið commotio cerebri og jafnframt orðið fyrir verulegu andlegu áfalli í sambandi við áverkann. Þar sem ekki var um alvarlegri höfuðáverka að ræða, og ástandið hefur farið jafnt og þétt batnandi, verða batahorfur að teljast mjög góðar, og ætti hún, mjög sennilega, að fá sig jafngóða og hún var fyrir slysið."

Telja verður, eftir því sem fram er komið um afleiðingar áverka þess, er Þórey varð fyrir af völdum ákærða, að áverkinn varði við 218. gr. laga nr. 19/1940.

Með framangreindri breytingu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 17.000.00, og laun verjanda síns, kr. 17.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Lárus Stefánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 17.000.00, og laun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 17.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. desember 1964.

Ár 1964, miðvikudaginn 9. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Gunnlaugi Briem og Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 7281/1964: Ákæruvaldið gegn Lárusi Stefánssyni, sem tekið var til dóms 7. sama mánaðar.

Mál þetta er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, útgefinni 11. f. m., gegn Lárusi Stefánssyni rennismíðanema, Hringbraut 84, hér í borg, nú gæzlufanga, fæddum 3. febrúar 1943 í Reykjavík, „fyrir morðtilraun og líkamsárás, um kl. 2230 að kvöldi þriðjudagsins 12. maí 1964, í íbúð á II. hæð hússins nr. 18 við Hraunteig í Reykjavík, þannig:

I. Ráðast á Guðríði Erlu Kjartansdóttur, Hraunteigi 18, fædda 16. september 1945, og stinga hana með skeiðahníf margar stungur, m. a. í vinstri handlegg, brjóst og kvið, í því skyni að svipta hana lífi.

Telst þessi verknaður varða við 211. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ráðast, þegar að árásinni á Guðríði Erlu lokinni, á Þóreyju

Guðmundsdóttur, Hraunteigi 16, 18 ára að aldri, og greiða henni höfuðhögg, svo að hún hlaut af varanlegt heilsutjón.

Telst brot þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 217. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafizt verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér greinir:

I.

Ákærði er sonur hjónanna Þorbjargar Sturlaugsdóttur og Odds Stefáns Ólafssonar verkamanns, Hringbraut 84, hér í borg, og hefur alizt upp hjá þeim. Hann er næstelztur fimm bræðra. Hann gekk í barnaskóla og síðar gagnfræðaskóla hér í borg, og að námi loknu stundaði hann ýmist verkamannavinnu hér eða var í sveit á sumrum. Hann hóf iðnnám 18 ára gamall í Vélsmiðjunni Héðni og hefur lokið 3 árum af námstíma sínum. Hann hefur komið sér vel á vinnustað. Hann hefur ekki neytt áfengis í óhófi, en þó einu sinni sætt 100 króna sekt fyrir ölvun. Þá hefur hann einu sinni sætt áminningu fyrir brot gegn reglugerð nr. 53/1949, en annars aldrei verið kærður fyrir lagabrot fyrr en nú.

Vorið 1962 kynntist ákærði Guðríði Erlu Kjartansdóttur, fæddri 16. september 1945, dóttur Kjartans Klemenzsonar verkamanns, Hraunteigi 18, og konu hans, Ólafíu Sigurðardóttur. Guðríður Erla fór utan skömmu síðar, en eftir heimkomu hennar í september sama ár endurnýjuðu þau kunningsskap sinn, og voru þau nokkuð saman næsta vetur, en bundust þó eigi festum.

Vorið 1963 fór Guðríður Erla enn utan til dvalar í Danmörku og kom hingað aftur í desember. Ákærði sótti eftir, að þau endurnýjuðu fyrri kynni, en Guðríður Erla færðist undan því. Hún fór með honum á dansleik á gamlárskvöld 1963 og á fagnað í Vélsmiðjunni Héðni í janúar s.l., svo eftir það einu sinni í kvikmyndahús, en hún var orðin honum fráhverf og vildi slíta kunningsskap þeirra, þótt ákærði sækti fast á að viðhalda honum.

Vitnið Guðríður Erla segir, að hún og ákærði hafi skemmt sér alloft saman veturinn 1962—63, en af sinni hálfu hafi aldrei komið til greina að bindast honum, og hafi hún hafnað bónorði, er ákærði hafi borið upp við hana, skömmu áður en hún fór til Danmerkur. Hún kveðst hafa sagt við ákærða, eftir að

hún kom aftur, að þau skyldu hætta kunningsskap sínum, og hún segist hafa afþakkað nokkrum sinnum, þegar ákærði hringdi til hennar til þess að bjóða henni út.

Ákærði segir, að Guðríður Erla hafi stöðugt verið í huga hans, eftir að hún fór utan vorið 1963, og hann hafi ekki getað hugsað sér, að annar en hann nyti hennar. Hann kveðst hafa séð Guðríði Erlu í fylgd með öðrum manni síðastliðinn vetur, og hann hafi þá ákveðið með sjálfum sér, að annað hvort skyldi Guðríður Erla verða eiginkona hans eða hann mundi stytta henni aldur.

II.

Þriðjudaginn 12. maí síðastliðinn fékk ákærði leyfi úr vinnu sinni um hádegisbil. Keypti hann sér eina flösku af brennivíni og fór með hana heim og tók að neyta af henni. Frændi ákærða, Þór McDonald, Hringbraut 82, hér í borg, 18 ára að aldri, kom heim til hans og stóð þar við frá því um kl. 14 til 16. Segir hann, að þeir hafi ræðzt við um hitt og þetta, en ákærða hafi verið nokkuð þungt í skapi, án þess hann þó gæti um það, af hverju það stafaði. Ekki hafi talið borizt neitt að Guðríði Erlu.

Milli kl. 17 og 18 hringdi ákærði til Þorleifs Reynis Steingrímssonar, bónda að Hvammi í Vatnsdal, en ákærði hafði áður verið þar í vinnumennsku. Kveður ákærði svo hafa samizt milli þeirra, að hann skyldi koma norður og vera þar fram að slætti við húsbyggingu. Vitnið Þorleifur Reynir segir, að ákærði hafi falazt eftir starfi, og kveðst hafa sagt honum, að hann gæti tekið hann í vinnu við að byggja verkfærahús, en þó ekki alveg strax, og beðið hann að hringja aftur um 20. maí. Ákærði hafi þá sagt, að hann kæmi bara strax, og ekki getið annars en að hann kæmi einn norður.

Ákærði ákvað nú að láta til skarar skríða, fara heim til Guðríðar Erlu og fá hana til að fara með sér norður, en ráða hana af dögum, ef hún vildi það ekki. Lét hann afganginn af brennivíninu í maltflösku, tók skeiðahníf og stakk í vasa sinn. Hélt hann síðan heim til Guðríðar Erlu að Hraunteigi 18, og mun hann hafa komið þangað milli kl. 19.30 og 20. Þá var þar stödd vinstúlka Guðríðar Erlu, Þórey Guðmundsdóttir, Hraunteigi 16, fædd 30. maí 1945. Voru þær stöllur staddar í eldhúsi, en er ákærði kom, settust þau öll þrjú inn í herbergi Guðríðar Erlu. Þar sátu þau alllanga stund og spjölluðu saman. Guðríður Erla brá sér fram í eldhús, líklega um kl. 21, en kom brátt inn aftur.

Um eða skömmu eftir kl. 22 fór Þórey út úr herberginu, átti orðaskipti við móður Guðríðar Erlu, en hélt síðan heim til sín og ætlaði að koma að vörmu spori aftur. Eftir að ákærði var orðinn einn með Guðríði Erlu í herberginu, réðst hann á hana og stakk hana mörgum hnífstungum, en flýtti sér síðan út úr húsinu. Verður nú þessum atburði lýst nánar, eftir því sem hann kemur fram í framburði ákærða og vitna.

Ákærði segist ekki hafa getað talað einslega við Guðríði Erlu, fyrr en Þórey var farin út. Þá hafi hann spurt hana, hvort hún vildi ekki koma með honum norður í land, en hún hafi ekki tekið það sem alvöru og sagt, að hún væri farin að vera með tilteknum manni. Kveður ákærði þá hafa slegið út í fyrir sér, og hafi hann sagt Guðríði Erlu, að enginn annar en hann skyldi fá að njóta hennar, og síðan hafi hann ráðizt að henni og stungið hana með hníf þeim, sem hann hafði tekið með sér, en hve oft man hann ekki. Hann hafi talið hana örenda, er hann hljóp burtu. Hann hafi hraðað sér út og mætt þá Þóreyju Guðmundsdóttur og slegið til hennar og haldið áfram niður stigann og út, náð sér í leigubifreið og látið aka með sig vestur á Grandagarð og látið bifreiðina fara. Síðan hafi hann tæmt vasa sína og látið það, sem í þeim var, á bryggjuna og fyllt vasa sína með steinum og kastað sér í sjóinn í því skyni að drekkja sér, en gugnað á því og synt að landi og klifrað upp á bryggjuna, haldið að kaffivagni, sem var á Grandagarði, og hringt þaðan til lögreglunnar og sagt til sín.

Vitnið Guðríður Erla Kjartansdóttir segir, að Þórey hafi farið úr herberginu laust eftir kl. 22. Þá hafi ákærði farið að tala um það við hana, að hún kæmi með honum norður í Vatnsdal, en hún hafi tekið því fjarri. Hún kveðst hafa setið á stól við skrifborð, og ákærði hafi gengið til hennar og tekið á öxl hennar og sagt, að hann gæti ekki hugsað sér, að annar en hann nyti hennar. Hún hafi sagt honum, að þetta væri einhver vitleysa, hann mundi gleyma henni fljótt. Hún hafi nú séð, að ákærði hafi seilzt í jakkavasa sinn, og hafi hún haldið, að hann ætlaði að taka upp áfengisflösku þá, er hann hafði verið að dreypa á um kvöldið. Skyndilega kveðst Guðríður Erla hafa fundið hnífstungu í vinstra brjóst sitt og heldur, að hún hafi þá borið fyrir sig vinstri hönd, og að við það hafi hnífurinn farið einhvern veginn upp í munn hennar. Þá hafi hún staðið upp af stólnum og ákærði þá tekið í vinstri handlegg hennar, en hann fór úr liði um axlarlið, svo sem síðar getur. Þá kveðst

Guðríður Erla hafa fundið, að hún fékk stungur í kviðinn, og telur sig munu hafa fengið 8 stungur alls. Hún kveðst hafa fallið á gólfið við að ákærði sleppti taki á handlegg hennar. Hún sá þá, að ákærði fór út úr herberginu og að faðir hennar kom inn.

Vitnið Þórey Guðmundsdóttir segir, að ákærði hafi ekki verið að sjá undir áhrifum áfengis, þegar hann kom á Hraunteig 18, en verið með flösku, sem hann hafi verið að súpa á. Hann hafi haft orð um það, að hann væri á förum norður í Vatnsdal, og viljað fá Guðríði Erlu með sér, en hún tekið því fjarri. Hann hafi og haft ummæli um það, að hann hefði ekkert að lifa fyrir. Kveðst Þórey hafa viljað slíta þessu samtali og spurt Guðríði Erlu, hvort hún vildi ekki koma með sér að Bugðulæk 17 til að sækja bók til stúlku, sem býr þar, Guðríður Erla hafi verið fús til þess, en beðið hana að hringja til þess að vita, hvort stúlkan væri heima. Kveðst Þórey hafa farið fram í eldhús til móður Guðríðar Erlu og átt orðastað við hana, litið síðan inn í herbergið aftur og sagt, að hún ætlaði að skjótast heim og ná í kápu sína, og virtist henni Guðríður Erla þá gefa sér merki með því að hreyfa varirnar um, að hún skyldi vera fljót. Kveðst Þórey hafa flýtt sér heim til sín, náð í kápuna og komið til baka að vörmu spori. Er hún hafi komið á útidyratröppurnar á Hraunteig 18 hafi hún heyrt skerandi neyðaróp. Hún hafi haldið upp stigann upp á 2. hæð og mætt þar ákærða, sem komið hafi út úr íbúðinni á hraðri ferð og verið náfölur í andliti. Ákærði hafi slegið hana krepptum hnefa á vinstri kinn, en haldið svo áfram niður stigann og út.

Vitnið Ólafía Sigurðardóttir, móðir Guðríðar Erlu, kveðst hafa komið heim til sín um stundarfjórðungi eftir kl. 20, og þá hafi hún heyrt mannamál innan frá Guðríði Erlu, m. a. karlmannsrödd. Kl. rúmlega 21 hafi Guðríður Erla komið sem snöggvast fram í eldhús og fengið sér eina kexköku, og hafi hún þá sagt, að ákærði væri inni hjá henni, og að hún vildi, að hann færi að fara. Kl. að ganga 23 hafi Þórey Guðmundsdóttir komið fram og sagzt ætla að skreppa frá, og hafi hún svo farið út. Skömmu síðar kveðst Ólafía hafi heyrt skerandi óp innan úr herbergi Guðríðar Erlu, og hafi hún skundað þangað svo og Kjartan, maður hennar, sem verið hafi háttaður. Þau hafi mætt ákærða í herbergisdyrunum og séð Guðríði Erlu liggja á gólfinu. Ákærði hafi ýtt við Kjartani og hafi orðið einhver átök milli þeirra, en ákærði hafi síðan þust út og niður stigann. Ólafía

kveðst hafa farið á eftir honum, og er hún kom fram á stigapallinn, hafi Þórey verið þar skríðandi á fjórum fótum. Ólafía kveðst hafa kallað á eftir ákærða, en hann hafi haldið áfram út úr húsinu og horfið. Ólafía segist nú hafa farið til herbergis Guðríðar Erlu, sem legið hafi í blóði sínu á gólfinu, og hafi hún hringt til lögreglu og eftir sjúkrabifreið, en á meðan beðið var eftir þeim, hafi hún og Kjartan leitazt við að klemma saman stærstu skurðina á Guðríði Erlu.

Vitnið Kjartan Klemenzson kveðst hafa komið heim frá vinnu um kl. 19.30, og þá hafi þær Guðríður Erla og Þórey verið í eldhúsinu. Um hálftíma síðar heyrði hann mannamál úr herbergi Guðríðar Erlu og að þar var staddur karlmaður. Kona Kjartans kom nú og heim og gaf honum að borða. Fylgdist hann ekki um sinn með því, sem gerðist í herbergi Guðríðar Erlu, og um kl. 22 tók hann á sig náðir. Skömmu eftir að hann var háttaður, heyrði hann neyðaróp og hljóp þegar til herbergis dóttur sinnar. Í dyrunum mætti hann ákærða, sem hann segir, að hafi slegið til sín eitt eða tvö högg, en ruðzt svo áfram út úr íbúðinni. Kjartan kveðst þegar hafa farið til Guðríðar Erlu, sem lá á gólfi, og reynt ásamt konu sinni og Þóreyju að klemma saman skurði á líkama hennar til að stöðva blóðrás, en mjög hafi blætt úr sárum hennar.

Eins og fyrr segir, fór ákærði vestur á Grandagarð og kastaði sér í sjóinn í því skyni að drekkja sér, en hvarf frá því og fór í land og hringdi til lögreglustöðvarinnar og sagði til sín. Samkvæmt vætti Sveinbjörns Bjarnasonar lögregluþjóns, sem varð fyrir svörum, var klukkan um 23, er ákærði hringdi. Var hann þá mjög æstur í tali. Hann sagði til nafns síns, hvar hann væri staddur og að hann hefði þá um kvöldið stungið stúlku með hníf. Lögreglumenn voru þegar sendir að kaffivagninum, og sat ákærði þar á bekk og grét og hljóðaði. Hann var fluttur á lögreglustöðina, en síðan í fangageymslu, og honum gefin róandi sprauta, enda var hann í mikilli geðshræringu og ekki viðmælandi í fyrstu.

Rannsóknarlögreglumenn gerðu vettvangsrannsókn í húsinu nr. 18 við Hraunteig. Íbúð Kjartans Klemenzsonar er á 2. hæð. Herbergi Guðríðar Erlu er í norðausturhorni hússins. Þar er skrifborð við norðurvegg, og þar hafði Guðríður Erla setið, í þann mund er ákærði réðst á hana. Fyrir framan skrifborðið voru miklir blóðflekkir, er náðu út undir mitt gólf. Í ganginum framan við herbergið lá hnífur (dolkur) 18 sm að lengd

(blaðið ca. 8.3 sm). Blaðið var blóðugt. Úr herberginu er gengið út í innri forstofu íbúðarinnar og úr henni í ytri forstofu, en þaðan liggur stigi niður á 1. hæð.

Miðvikudaginn 13. maí var skilað í lögreglustöðina hvítum vasaklút, blóðflekkuðum, og slíðrum utan af skeiðahníf, en munir þessir höfðu fundizt á Grandagarði. Kvöldið áður hafði veski ákærða fundizt á sömu slóðum.

Við rannsókn á fatnaði Guðríðar Erlu, þeim sem hún bar umrætt kvöld, kom eftirfarandi í ljós samkvæmt skýrslu tæknideildar rannsóknarlögreglunnar.

„1. *Á brjóstahaldaranum* er 18 mm löng rifa ofarlega utanvert á vinstra brjósti, og á axlarbandi sömu megin er 10 mm rifa í jaðri bandsins og tvær 3 mm rifur nokkru ofar, allar út úr jaðri bandsins. Allar þessar rifur virðast gerðar með egghvössu verkfæri. 2. *Á sokkabandabelti* er ekkert að sjá, umfram eðlilegt slit. 3. *Á undirpilsinu,* um 5 sm hægra megin við miðju að framan, en 20 mm löng rifa, lárétt, stungin í gegnum bæði byrði, og um 5 sm frá vinstri hliðarsaum er skáhöll rifa 5 sm niður pilsið. Báðar þessar rifur virðast gerðar með egghvössu verkfæri. 4. *Á plíseraða pilsinu* er á strengnum 23 mm lárétt rifa, um 2 sm vinstra megin við miðju að framan. Á aftanverðu pilsinu er 10 mm rifa ofan í strenginn, um 3.5 sm frá vinstri hlið, og sömu megin eru 3 lóðréttar rifur á pilsinu, 3, 5, 6 og 10 sm neðan við streng, og eru þær, í sömu röð, 4, 26, 26 og 33 mm á lengd. Allar þessar rifur á pilsinu virðast gerðar með egghvössu verkfæri. 5. *Á peysunni* eru átta rifur á vinstri ermi og virðast koma yfir upphandleggsvöðva og í handarkrika, og að auki ein rifa, sem virðist koma á utanvert brjóst. Rifur þessar eru frá 5 til 18 mm langar, en erfitt er að mæla þær nákvæmlega. Á framhluta peysunnar, neðarlega, um miðju, í 8, 4 og 3 sm hæð frá neðri stroffjaðri, eru 3 rifur, allar um 15 mm langar. Allar rifurnar á peysunni virðast gerðar með egghvössu verkfæri.

Talsverð blóðstorka er á peysunni, mest vinstra megin, en einnig eru blóðslettur á miðri peysunni, út á hægra brjóst og ermi.“

Áverkum þeim, sem Guðríður Erla Kjartansdóttir hlaut í umrætt skipti, er lýst á eftirfarandi hátt í vottorði Karls Sigurðar Jónassonar læknis, dags. 18. f. m.:

„Erla Kjartansdóttir, Hraunteig 18, Reykjavík, f. 16. sept. 1945, var lögð inn í Landakotsspítala þ. 12. 5. 1964, kl. 23. Hún

hafði orðið fyrir líkamsárás og verið stungin með hníf rétt áður.

Við komu var stúlkan mjög meðtekin, föl, og blóðþrýstingur lágur, 95/50, og virtist hafa nokkuð blætt úr sárum hennar. Hún var í greinilegu losti (shock). Ekki voru tiltök að rannsaka hana nákvæmlega í þessu ástandi. Var þess vegna þegar í stað flokkað blóð hennar og sett upp blóðgjöf ásamt macrodex til þess að fá upp blóðþrýsting hennar og ná henni úr shockinu. Eftir nokkra stund var blóðþrýstingur orðinn 110/60, og var þá hægt að athuga stúlkuna nánar.

Þetta fannst hjá henni: Í miðlínu milli brjósthols og nafla er 3ja cm langur skurður, sem reyndist ná alveg inn í kviðarhol. Á vinstri hlið rétt yfir vinstra nýra, er 4 cm langur skurður, sem nær djúpt, og þaðan blæðir nokkuð. Á brjóstvegg framanverðum vinstra megin eru 3 sár, nokkuð djúp, ca. 1 cm hvert þeirra. Vinstri handleggur er mjög stirður í axlarlið, reynist liðurinn vera genginn úr skorðum (subluxatio humeri). Á upphandlegg vinstra megin er 5 cm langur skurður inn í vöðva. Á vinstra þumalfingri er 2ja cm langur skurður, sem ekki virðist snerta taugar eða sinar. Þ. 13. 5. um kl. eitt árdegis er sj. búin að ná sér það, að henni er treyst til aðgerðar. Er hún þá svæfð með evipan N_2O æther og gerð: I. Sárið á kviðarholi er stækkað með þverskurði og kviðarholið opnað. Talsvert blóð finnst í holinu og sést, að framan á maganum er sár, sem opnað hefur æð, sem blæðir úr. Sárið nær þó ekki gegnum magavegginn. Þessu sári er lokað og síðan kviðarveggnum eftir lögum. Lögð er inn nefslanga niður í magann. II. Skurðurinn yfir vinstra nýra er lengdur skáhallt til þess að komast að nýranu. Finnst, að kringum nýrað er mikið blóðhlaup, og sést, þegar inn að nýranu kemur, að á neðri enda nýrans er 3ja cm langur skurður, sem nær inn í nýrnaskálina. Lagðir eru 2 saumar gegnum nýrnavefinn, og síðan nýrnahlífin (capsulan) saumuð saman. Þá er lagður inn keri (drain) og sárinu lokað eftir lögum. Lagður var þvagleggur upp í blöðruna, og reyndist þvagið mjög blóðlitað. Þá er axlarliður vinstri settur í réttar skorður (kippt í liðinn), og þessu næst eru öll áðurnefnd húðsár saumuð saman með þræði.

Næstu daga er sj. í miklu taugaáfalli, átti erfitt með svefn, gat hrokkið upp með andfælum, upplifði árásina að nýju í svefni. Sárin greru vel, en um nokkurn tíma átti sj. erfitt með að hreyfa vinstri handlegginn og sérstaklega fingurna. Reyndist

það vera vegna meiðsla þeirra, er vöðvar handleggsins urðu fyrir við stunguna. Blæðing frá vinstra nýra hélzt lengi, án þess að um verulega verki væri að ræða. Röntgenmynd sýndi, að nýrað var ekki búið að ná sér.

Sj. lá hér fram í byrjun júlímánaðar, þá reyndist blæðing frá vinstra nýra vera hætt. Fór hún þá að klæðast, en dvaldi hér á sjúkrahúsinu þar til 23. júlí, að hún útskrifaðist. Hún var talin óvinnufær með öllu við brottför."

Karl Sigurður ber það vitni, að ekki sé hægt að fullyrða um það, hvort nýrað, sem fyrir áverkanum varð, muni ná sér til fulls. Hann segir, að Guðríður Erla hafi vitjað hans einu sinni, eftir að hún fór af spítalanum, en eftir það hafi hann ekki haft hana til meðferðar. Hún hafi hvergi nærri verið búin að ná sér andlega eftir áfallið, og um þá hlið málsins verði enn ekkert fullyrt.

Guðríður Erla fór til Danmerkur í ágústmánuði og hefur dvalizt þar síðan. Eru ekki fyrir hendi önnur gögn um heilsufar hennar en þegar hafa verið rakin.

Þórey Guðmundsdóttir var flutt í Slysavarðstofuna að kvöldi 12. maí og kom þangað kl. 23.50. Í vottorði Slysavarðstofunnar, undirrituðu af Erni S. Arnaldssyni cand. med., segir svo: „Við skoðun kemur eftirfarandi í ljós: Fleiður undir vinstra auga, og byrjandi þroti.

Smáblæðing undir húð á vinstra augnloki. Stúlkan kvartar um lítils háttar eymsli undir vinstra auga."

Þá segir svo í vottorði Jóns Hj. Gunnlaugssonar læknis, dags. 21. maí: „Þórey Guðmundsdóttir, Hraunteig 16, fædd 30. 5. '45, varð fyrir líkamsárás þ. 12. 5. '64, kl. 22.30, að Hraunteigi 18. Hún mun hafa misst meðvitund í bili. Lá í heimahúsum næstu daga vegna höfuðverkjar og svima og var send á Landakot þ. 19/5 '64 til rannsóknar vegna áðurnefnds áverka."

Enn segir svo um heilsufar Þóreyjar í vottorði Gunnars Guðmundssonar læknis, dags. 7. október s.l.:

„Frk. Þórey Guðmundsdóttir, fædd 30/5 '45, til heimilis Hraunteig 16, Reykjavík, hefur verið hjá mér til rannsóknar vegna afleiðinga höfuðáverka, er hún hlaut við líkamsárás hinn 12. 5. '64. Segist Þórey hafa misst meðvitund „augnablik" við höggið, sem árásarmaðurinn veitti henni, auk þess hlaut hún glóðarauga á vinstra auga. Fyrst á eftir bar töluvert á höfuðverk og miklum kvíða, sem einkum gerði vart við sig, ef hún var ein. Svefn var mjög slæmur um tíma. Var Þórey lögð í St. Jósefs-

spítalann í Rvík til frekari rannsókna skömmu eftir áverkann.

Vegna höfuðverkjar, sem einkum ágerðist við líkamlega og andlega áreynslu, var Þórey ekki fær um að ljúka prófi s.l. vor upp úr 3ja bekk Menntaskólans í Rvík. Ástand hennar er nú mun betra en það var í vor.

Við neurologiskar skoðanir hefur ekki fundizt neitt athugavert, nema húðskynstruflun yfir vinstri infraorbitalis. Heilarit (EEG) 15. 6. '64 sýndi breytingar, sem taldar voru afleiðingar höfuðáverkans.

Ég tel of snemmt að gefa nú endanlegt vottorð um batahorfur Þóreyjar, en þar sem hér var um að ræða vægan höfuðáverka, ættu þær að vera mjög góðar. Þórey hefur orðið fyrir allverulegu andlegu áfalli í sambandi við þennan áverka og einnig við að horfa á alvarlega slasaða vinkonu sína, sem var stungin hníf af sama árásarmanni, er veitti Þóreyju höggið."

Dr. Tómas Helgason yfirlæknir rannsakaði geðheilbrigði ákærða að tilhlutun dómsins. Í skýrslu sinni um rannsóknina dregur hann niðurstöður sínar saman á þessa leið:

„Í stuttu máli: Hér er um að ræða vel greindan, en dulan og innilokaðan mann, sem ekki getur tjáð tilfinningar sínar á eðlilegan hátt og á erfitt með að ræða sín eigin vandamál við aðra. Hann er frekar kaldlyndur og vill helzt ekki þurfa að taka mikið tillit til annarra, þó að honum sé ljóst vegna hinnar góðu greindar sinnar, að slíkt ber mönnum að gera og hafi yfirleitt gert það. Hann hefur orðið mjög hrifinn af ungri stúlku, þeirri fyrstu, sem honum hefur orðið nokkuð ágengt við, talið sig hálftrúlofaðan henni, þó ekki væri beint talað út um það, en kannske haft gilda ástæðu til að ætla, að svo væri, m. a. vegna tíðra bréfaskrifta, er stúlkan dvaldi erlendis. Það er því eðlilegt, að það yrði jafninniluktum og sambandslausum manni mikið áfall, er stúlkan sleit sambandi þeirra. Vegna skapgerðargalla sinna gat Lárus ekki leitað annarra til að hjálpa sér við að yfirstíga erfiðleikana, sem hann átti í eftir þetta, heldur lokaði allt inni í sjálfum sér. Er hann svo uppgötvar, að stúlkan er farin að vera með öðrum pilti, verður hann yfir sig afbrýðisamur og fyllist lífsleiða. Hann getur hins vegar ekki unnt öðrum þess, sem hann ekki náði sjálfur, og þess vegna finnst honum eina lausnin fyrir sig vera að ráða stúlkuna af dögum, áður en hann stytti sjálfum sér aldur. Hann drekkur í sig kjark til að ráðast á stúlkuna, en brestur kjarkinn, þegar hann ætlar að stytta sjálfum sér aldur.

Álit mitt á Lárusi Stefánssyni er, að hann sé hvorki haldinn meiri háttar geðsjúkdómi né vanti vit, heldur að hann hafi afbrigðilegan persónuleika, sé mjög áberandi kleifhugi, þ. e. á fagmáli kallað schizoid psychopathia. Honum er fyllilega ljóst hvaða verknað hann hefur framið og hvaða afleiðingar slíkt hefur fyrir hann."

III.

Er þá komið að því að taka afstöðu til ákærunnar samkvæmt þeim gögnum, sem rakin hafa verið.

I) Sannað er með játningu ákærða og framburðum vitna svo og af ummerkjum á vettvangi og áverkum Guðríðar Erlu, að ákærði réðst á hana að tilefnislausu og veitti henni stórfellda áverka með hníf í því skyni að ráða henni bana, og virðist hending ein hafa ráðið, að honum varð ekki að ætlun sinni. Ákærði fór heim til Guðríðar Erlu með þeim ásetningi að svipta hana lífi, ef hún féllist ekki á að koma með honum norður í land. Samkvæmt þessu hefur ákærði gerzt brotlegur við 211. gr. sbr. 20. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II) Sannað er með framburðum ákærða og vitna, að ákærði sló til Þóreyjar Guðmundsdóttur, er hann mætti henni á leið út úr húsinu, að aflokinni árásinni á Guðríði Erlu. Hlaut hún af því áverka þá í andlit, sem áður greinir, en eigi eru þeir svo alvarlegir, að þeir falli undir 218. gr. hegningarlaganna. Þá þykir dóminum varhugavert að telja nægilega sannað, að andlegt áfall Þóreyjar eftir atburði þessa verði talið ákærða til sakar á þann veg, að honum verði gerð refsing fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaganna, og er þá haft í huga að ætla má, að það hafi fengið verulega á Þóreyju að koma að vinstúlku sinni, særðri og blóðugri, svo sem lýst hefur verið. Ber því að sýkna ákærða af ákæru um brot gegn 218. gr. hegningarlaganna, en með árás sinni á Þóreyju hefur hann brotið gegn 217. gr. þeirra laga.

Samkvæmt því, sem nú var greint, og með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 ár.

Ákærði hefur setið í gæzluvarðhaldi síðan 13. maí síðastliðinn eða samtals í 210 daga. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber að láta þessa varðhaldsvist koma að fullu til frádráttar refsingu hans.

Fébótakröfur hafa eigi verið hafðar uppi í málinu.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun, kr. 8.000.00, er renni til ríkissjóðs, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómur þessi er kveðinn upp af þremur sakadómurum eftir ákvörðun yfirsakadómara og samkvæmt heimild í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 82/1961.

Dómsorð:

Ákærði, Lárus Stefánsson, sæti fangelsi í 12 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 13. maí 1964, eða samtals í 210 daga, komi að fullu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. júní 1965.

Nr. 146/1946. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Karli Júlíusi Stefánssyni
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna í málinu, en eigi leiða þau til breytingar á héraðsdómi, sem staðfesta ber með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er ákveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Karl Júlíus Stefánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. apríl 1964.

Ár 1964, fimmtudaginn 16. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 2423/1964: Ákæruvaldið gegn Karli Júlíusi Stefánssyni, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 5. október 1963, höfðað gegn ákærða, Karli Júlíusi Stefánssyni símamanni, Karfavogi 21, Reykjavík, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 25. maí 1963 í beinu framhaldi af neyzlu áfengis og undir áhrifum þess bifreiðinni R 11343 frá Vitastíg 17 í Reykjavík á Múlaveg, þar sem lögreglumenn handtóku ákærða um kl. 0420.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 24. nóvember 1937 að Vegamótum á Seltjarnarnesi. Sakavottorð hans hljóðar svo:

1955 19/9 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar, sbr. 6. gr. bifreiðalaga.

1956 13/4 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 5. og 20. gr. bifreiðalaga.
— 18/4 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.
— 14/5 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.
1957 25/1 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. bifreiðalaga.
1958 28/2 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. bifreiðalaga.
1959 25/9 Rvík. Sátt, 550 kr. sekt fyrir ökuhraða o. fl.
1961 27/9 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
1962 28/3 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.
1963 12/8 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt laugardagsins 25. maí 1963, klukkan um 0420, handtóku lögreglumenn ákærða við bifreiðina R 11343, þar sem hún stóð á Múlavegi, hér í borg. Að sögn lögreglu var vél bifreiðarinnar ekki heit viðkomu. Ákærði neitaði að hafa ekið bifreiðinni. Hann var að áliti lögreglu undir áhrifum áfengis.

Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa neytt áfengis frá klukkan um 1630 föstudaginn 24. maí 1963 og allt fram til þess tíma, er lögreglan handtók hann. Kvaðst hann hafa komizt undir áhrif þess klukkan um 1800 nefndan dag, og hefðu þau áhrif haldizt fram að handtöku. Ákærði sagðist hafa verið farþegi ásamt tveimur öðrum í bifreið sinni greint sinn, en henni hefði kunningjastúlka hans ekið. Hefðu þau horfið brott úr bifreiðinni á Múlavegi, þar sem bifreiðin hefði stöðvazt sökum benzínleysis. Nefndir farþegar báru hins vegar fyrir dómi, að þeir hefðu alllöngu áður farið úr bifreiðinni og þá við heimili sín. Stúlka sú, sem ákærði sagði, að hefði ekið bifreiðinni á Múlavegi, kvaðst hafa farið úr bifreiðinni við heimili sitt við Vitastíg, ákærði þá verið einn í bifreiðinni, og sagðist hún hafa séð hann aka bifreiðinni brott frá heimili sínu. Öll vitnin töldu, að ákærði hefði verið undir áfengisáhrifum. Þá er ákærða höfðu verið kynntir vitnaframburðir, svaraði hann svo orðrétt: „Ég man það ekki, ef ég hef keyrt bílinn."

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, er sýndi reducerandi efni, er samsvara 0.94‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin framburði ákærða um áfengisneyzlu og framburðum vitna, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi

gerzt sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsiákvæða.

Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafizt er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 2.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Júlíus Stefánsson, greiði 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 2.500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. júní 1965.

Nr. 63/1965. **Jóhannes Jóhannesson f. h. stjórnar Eldeyjar h/f og áhafnar v/b Eldeyjar, KE 37**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Eigendum og vátryggjendum m/s Kötlu, Eimskipafélagi Reykjavíkur h/f og Almennum Tryggingum h/f
(Níels P. Sigurðsson hdl.)
og eiganda og áhöfn v/b Vilborgar, KE 51,
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
og gagnsakir.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Alfreð Gíslason, bæjarfógeti í Keflavík, og samdómsmennirnir Árni Þorsteinsson skipstjóri og Höskuldur Þórðarson vélstjóri hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. marz 1965. Hann krefst þess, að Eimskipafélag Reykjavíkur h/f verði dæmt til að greiða honum kr. 10.058.314.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1964 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi. Þá krefst aðaláfrýjandi sjóveðréttar í m/s Kötlu fyrir fjárhæð þeirri, sem dæmd verði. Kröfur aðaláfrýjanda á hendur Almennum Tryggingum h/f eru þær, að viðurkennt verði, að félagið beri ábyrgð gagnvart aðaláfrýjanda á greiðslu dæmdrar fjárhæðar, vaxta og kostnaðar og að félaginu verði gert að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Loks krefst aðaláfrýjandi staðfestingar héraðsdóms um kröfu eiganda og áhafnar v/b Vilborgar.

Gagnáfrýjendur Eimskipafélag Reykjavíkur h/f og Almennar Tryggingar h/f hafa áfrýjað málinu með stefnu 7. apríl 1965. Gera þeir þessar dómkröfur:

„1. Að lækkuð verði til stórkostlegra muna krafa aðaláfrýjanda um laun fyrir hjálp þá, sem í málinu greinir.
2. Að sjóveðréttur í m/s Kötlu verði ekki dæmdur fyrir hærri fjárhæð en dæmd verður fyrir aðstoð, veitta skipinu sjálfu.
3. Að staðfest verði ákvæði héraðsdóms í meðalgöngusök.
4. Að gagnáfrýjandi Almennar Tryggingar h/f verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda, en til vara, að félagið verði aðeins dæmt til ábyrgðar á þeim hluta dæmdrar þóknunar, sem viðkemur skipinu.
5. Að aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda vélbátnum Vilborgu verði dæmt að greiða hæfilegan málskostnað fyrir Hæstarétti að mati réttarins.“

Gagnáfrýjendur eigandi og áhöfn v/b Vilborgar hafa áfrýjað málinu með stefnu 2. júní 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Þeir krefjast þess, að aðaláfrýjandi og Eimskipafélag Reykjavíkur h/f verði dæmdir til að greiða þeim björgunarlaun, kr. 1.000.000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi. Þá krefjast þeir og sjóveðréttar í m/s Kötlu fyrir dæmdum fjárhæðum.

Atvikum máls þessa er rækilega lýst í héraðsdómi.

Fallast ber á rök héraðsdóms fyrir því, að m/s Katla hafi verið statt í slíkri hættu, sem um er fjallað í 199. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Bera aðaláfrýjanda því bjarglaun fyrir hjálp þá, er áhöfn v/b Eldeyjar veitti m/s Kötlu. Samkvæmt framburðum í málinu verður að leggja það til grundvallar, að dráttartaugin, sem notuð var og m/s Katla lagði til, hafi losnað frá m/s Kötlu, áður en henni hafði verið sleppt frá v/b Eldey. Lenti taugin í skrúfu vélbátsins, og rak bátinn að landi. Af þessum sökum var nauðsynlegt að fara með bátinn til viðgerðar í Reykjavík. Tafðist hann frá veiðum allan febrúarmánuð. Þykir mega fallast á úrlausn héraðsdóms um aflatjón v/b Eldeyjar, kr. 325.000.00, og um verðmæti þess, sem bjargað var, kr. 29.304.944.00.

Þegar virt eru þau atriði, sem hafa ber hliðsjón af sam-

kvæmt 200. gr. laga nr. 66/1963, þykja bjarglaunin, þar með talið aflatjón v/b Eldeyjar, alls hæfilega ákveðin kr. 1.500.000.00.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu af kröfum eiganda og áhafnar v/b Vilborgar, en rétt þykir, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli einnig niður hér fyrir dómi.

Samkvæmt framansögðu og með skírskotun til 1. mgr. 230. gr. laga nr. 66/1963 ber gagnáfrýjanda Eimskipafélagi Reykjavíkur h/f að greiða aðaláfrýjanda framangreinda fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 215.000.00. Samkvæmt 3. tölulið 216. gr. laga nr. 66/1963 á aðaláfrýjandi sjóveðrétt í m/s Kötlu til tryggingar þessum fjárhæðum.

Samkvæmt þessu og þeim rökum, sem rakin eru í héraðsdómi, er ábyrgð Almennra Trygginga h/f takmörkuð við greiðslu þess hluta framangreindra fjárhæða, sem fellur hlutfallslega á verðmæti m/s Kötlu, kr. 14.200.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi Eimskipafélag Reykjavíkur h/f greiði aðaláfrýjanda, Jóhannesi Jóhannessyni f. h. stjórnar Eldeyjar h/f og áhafnar v/b Eldeyjar, KE 37, kr. 1.500.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 215.000.00.

Aðaláfrýjandi á sjóveðrétt í m/s Kötlu til tryggingar fjárhæðum þessum.

Gagnáfrýjandi Almennar Tryggingar h/f ber ábyrgð gagnvart aðaláfrýjanda á greiðslu þess hluta framangreindra fjárhæða, sem fellur hlutfallslega á framangreint verðmæti m/s Kötlu.

Aðaláfrýjandi og gagnáfrýjandi Eimskipafélag Reykjavíkur h/f eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Helga Grétars Helgasonar f. h. eiganda og áhafnar v/b Vilborgar, KE 51, en málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Keflavíkur 17. febrúar 1965.

Mál þetta, sem þingfest var 4. september 1964 og dómtekið 28. f. m., hefur Jóhannes Jóhannesson útgerðarmaður, Suðurgötu 41, Keflavík, f. h. stjórnar Eldeyjar h/f, Keflavík, sem eiganda v/b Eldeyjar, KE 37, svo og vegna áhafnar sama skips höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Keflavíkur með stefnu, útgefinni 8. júlí 1964, gegn stjórn Eimskipafélags Reykjavíkur h/f, Reykjavík, vegna félagsins og gegn stjórn Almennra Trygginga h/f, Reykjavík, vegna þess félags fyrir björgun á skipinu Kötlu, eign Eimskipafélags Reykjavíkur h/f, og farms, er í því var, ásamt farmgjöldum.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda Eimskipafélagi Reykjavíkur h/f verði gert skylt að greiða honum f. h. eiganda og áhafnar v/b Eldeyjar, KE 37, alls kr. 10.626.189.00 auk 8% ársvaxta frá 31. janúar 1964 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu og að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Kötlu fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Þá krefst stefnandi og, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að meðstefnda Almennar Tryggingar h/f beri ábyrgð gagnvart sér á skilvísri greiðslu tildæmdra fjárhæða, vaxta og kostnaðar. Krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi meðstefnda vegna þessa liðs stefnukrafnanna. Krefst hann, að sérstakt tillit verði tekið til útlagðs kostnaðar í sambandi við ákvörðun málskostnaðarfjárhæðar, sem samkvæmt reikningum nemur kr. 12.700.00.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að hinn 31. janúar 1964 hafi v/b Eldey, KE 37, bjargað m/s Kötlu í Keflavíkurhöfn, en hið síðarnefnda hafði rekið hjálparlaust upp í fjöruna, en matsgerð, framkvæmd af dómkvöddum matsmönnum, hafi ákveðið hið bjargaða verðmæti þannig:

Verð m/s Kötlu	kr.	14.200.000.00
— farms	—	14.304.944.00
— farmgjalds	—	1.670.000.00
Eða samtals	kr.	30.174.944.00

Gerir stefnandi kröfu til:

1. ⅓ hluta matsverðs	kr.	10.058.314.00
2. Aflatjóns	—	566.875.00
3. Útlagðs kostnaðar til Fiskifélags Íslands	—	1.000.00
Alls	kr.	10.626.189.00

sem er stefnukrafan í málinu.

Stefndu mótmæla kröfum stefnanda sem allt of háum. Gera þeir þær kröfur, að stefnukröfur verði lækkaðar til stórkostlegra muna, vextir reiknaðir 7%, jafnframt því sem þeir mótmæla, að sjóveðréttur verði dæmdur í m/s Kötlu fyrir hærri fjárhæð en dæmd verður fyrir hjálp veitta skipinu sjálfu. Þá er og krafizt, að Almennar Tryggingar h/f verði sýknaðar af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að félagið verði aðeins dæmt til ábyrgðar á þeim hluta dæmdrar þóknunar, sem við kemur skipinu sjálfu. Er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Við flutning málsins lækkaði stefnandi vaxtakröfu sína í 7 af hundraði.

Með stefnu, útgefinni 15. október 1964, höfðaði Helgi Grétar Helgason, skipstjóri og eigandi v/b Vilborgar, KE 51, f. h. sína og áhafnar v/b Vilborgar meðalgöngusök í málinu. Gerir hann þær dómkröfur, að meðalgöngustefndu, eigendur og áhöfn v/b Eldeyjar og Eimskipafélag Reykjavíkur h/f, verði að sæta því, að sér verði vegna sín og áhafnar v/b Vilborgar greiddar kr. 1.000.000.00 í björgunarlaun eða fyrir aðstoð vegna hjálpar v/b Vilborgar við m/s Kötlu 31. janúar 1964 auk 8% ársvaxta frá 31. janúar 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Almennum Tryggingum h/f var stefnt í meðalgöngusök til réttargæzlu, en engar kröfur gerðar á hendur því.

Undir flutningi málsins kvaðst meðalgöngustefnandi hafa miðað stefnukröfu sína, kr. 1.000.000.00, við um það bil 10% af stefnukröfu aðalstefnanda og gerði þá kröfu til vara, að dómurinn ákvæði fjárhæð þá, sem beri að greiða fyrir veitta aðstoð v/b Vilborgar, en hefði jafnframt hliðsjón af stefnufjárhæð, ef hún yrði ekki tekin til greina að öllu leyti.

Meðalgöngustefndu hafa báðir mótmælt kröfum meðalgöngustefnanda og krafizt sýknu og málskostnað sér til dæmdan. Telja þeir, að meðalgöngustefnandi hafi ótilkvaddur og að nauðsynjalausu farið á vettvang. Það eina, sem v/b Vilborg hafi gert, var að flytja trossu í land úr m/s Kötlu, en aldrei hafi verið togað í þá trossu. Hafi meðalgöngustefnandi sjálfur borið, að hann hafi í fyrstu hugleitt að toga í trossu þessa og þannig aðstoða v/b Eldley við dráttinn, en hafi horfið frá því, vegna þess að hann sá, að dráttur v/b Eldeyjar var farinn að ganga létt, og í staðinn farið með endann að bryggju. Þessar óumbeðnu aðgerðir hefðu verið með öllu þýðingarlausar og gagnslausar og málshöfðun því óþörf þeirra vegna.

Málavextir eru þessir:

Árdegis hinn 31. janúar 1964 hafði m/s Katla lokið við að ferma saltsíld við hafnargarðinn í Keflavík. Klukkan 1135 voru landfestar leystar og siglt hæga ferð áfram, en nær samstundis stöðvaðist vél skipsins, og tilraunir til gangsetningar þá þegar reyndust árangurslausar. Vindur var að austan 5 vindstig, og lá skipið flatt fyrir vindi. Strax og vél skipsins stöðvaðist, byrjaði það að reka frá hafnargarðinum, en stutt er í fjöru hinum megin. Vír var strax kastað í hafnargarðinn úr m/s Kötlu, en hann slitnaði strax. Akkeri m/s Kötlu voru látin falla, en komu að litlu haldi, nema hvað festarnar munu hafa haldið m/s Kötlu frá landi að framan, en að aftan var skipið landfast og tók niðri í fjörunni, sem er grýtt og staksteinótt. V/b Eldey, KE 37, var í höfninni með vél í gangi, og voru skipverjar um borð í beitingarskýli við að beita og búa sig undir róður. Menn úr landi gerðu skipsmönnum aðvart um, að m/s Kötlu væri að reka á land, og lagði v/b Eldey þegar frá bryggju til aðstoðar. Vírtaug var kastað frá m/s Kötlu yfir til v/b Eldeyjar, sem þegar reyndi að draga afturenda m/s Kötlu frá landi, en taugin slitnaði strax. Var þá nylontrossu komið frá m/s Kötlu í v/b Eldey, sem hóf drátt að nýju. Með því að bætt var hestöflum við vélina og hún látin ganga, svo sem hún frekast þoldi, tókst að losa m/s Kötlu frá landi að aftan. Talið er eftir vitnaframburði, að 4—5 mínútur hafi liðið, frá því að v/b Eldey lét frá bryggju, og þar til hún hóf dráttinn. Á meðan á þessu stóð, hafði v/b Vilborg, KE 51, komið á vettvang. Var trossu frá afturenda m/s Kötlu varpað til v/b Vilborgar, sem lét festa hana í hafnargarðinn. Ekki kom til þess, að þessi taug yrði notuð til að draga afturenda m/s Kötlu frá landi, þar eð v/b

Eldey hafði þá tekizt að losa m/s Kötlu og var komin með afturenda m/s Kötlu á ferð frá fjörunni. V/b Eldey dró síðan m/s Kötlu, svo afturendinn sneri beint í vindátt, og þannig út fyrir hafnargarðsendann, en þá hafði tekizt að koma vél m/s Kötlu í gang aftur kl. 1158. Hjálpuðust þau að snúa m/s Kötlu, sem án þess að stöðva eftir dráttinn hóf ferð sína rakleitt frá Keflavík kl. 1211. Vildi þá svo slysalega til, að dráttartaugin, sem notuð var, losnaði frá m/s Kötlu, áður en henni hafði verið sleppt frá v/b Eldey, og lenti í skrúfu hins síðarnefnda, sem hjálparvana rak að landi. M/s Katla hélt ferð sinni áfram, en kallaði á Keflavíkurradíó og tilkynnti, hvernig væri ástatt fyrir v/b Eldey, og bað um hjálp úr landi vegna hennar.

Í dagbókarútdrætti m/s Kötlu segir, að er gengið hafði verið úr skugga um, að allt væri „klárt" í vélinni, hafi landfestar verið leystar og hringt á áframferð kl. 1125, en vélin hefði stöðvazt rétt strax. Skipið hafði rekið frá bryggjunni og bæði akkerin því látin falla og vír komið í land að aftan, sem slitnaði strax. V/b Eldey hafi komið til aðstoðar og vír úr m/s Kötlu komið um borð í hana, en hann slitnaði. Þá hafi nylontrossu verið varpað til v/b Eldeyjar og hafi hún haldið og v/b Eldey halað í hana. Í þessu hafi v/b Vilborg komið að m/s Kötlu og tekið nylontrossu í land frá afturenda m/s Kötlu, og hefði verið hægt að halda skipinu öruggu með henni, en réttara hefði þótt að láta v/b Eldey toga í hina nylontrossuna, til að snúa skipinu. Vél m/s Kötlu hefði þá farið í gang og hafi verið hægt að láta ganga afturábak út úr höfninni, en v/b Eldey hafi togað um leið, en síðan gefið merki um að sleppa trossunni, en svo illa hafi tekizt til, að trossan hafi farið í skrúfu v/b Eldeyjar. Hafi trossuendanum þá verið sleppt frá m/s Kötlu og þaðan kallað í land á aðstoð fyrir v/b Eldey. Kl. 1211 hafi m/s Katla haldið á fullri ferð áfram ferð sinni.

Í vélarbókaútdrætti m/s Kötlu segir, að kl. 1130 hafi allt verið tilbúið og kl. 1135 hafi verið farið á hæga ferð áfram. Vélin hafi tekið við sér, en stöðvazt litlu síðar. Árangurslausar tilraunir hefðu verið gerðar til gangsetningar. Talsvert loft hafi verið komið í eldsneytiskerfi aðalvélar. Eftir að lofti hafði verið tappað af, var beðið um leyfi til gangsetningar, sem leyft var kl. 1158.

Skipstjórinn á m/s Kötlu, Jóhann Sigurbjörnsson, telur, að m/s Katla hafi ekki verið í neinni yfirvofandi hættu, eftir að hæll hennar „lagðist í sandinn", og hefði hún getað náð sér út

af sjálfsdáðum, eftir að línu var komið í land, enda hefði skipið ekki hreyfzt, eftir að hæll þess „lagðist í sandinn". Segist skipstjórinn hafa átt um tvo kosti að velja að nota nylontrossuna, sem v/b Vilborg kom í land, og draga skipið með eigin vélarafli að bryggju eða þiggja hjálp v/b Eldeyjar. Kveðst skipstjórinn hafa valið síðari kostinn, því honum hafi þótt hann þægilegri en sá fyrri. Þá telur skipstjórinn, að m/s Kötlu hefði verið óhætt, þótt dregizt hefði í hálfa klukkustund, að hjálp bærist. V/b Eldey hafi byrjað að toga í m/s Kötlu eftir bendingum frá sér og einnig, að v/b Eldey hafi aðstoðað við að snúa skipinu, en þess hafi ekki verið þörf, þar sem það hefði getað snúið sér sjálft án aðstoðar.

Haraldur Ólafsson, stýrimaður á m/s Kötlu, telur, að skipið hafi ekki verið í sérstakri hættu, þótt hjálp hefði ekki borizt, og að það hefði, að sínu áliti, getað af eigin rammleik komizt úr þeirri stöðu, sem það var í, eftir að nylontrossu hafði verið komið í land. Hann segir, þegar hann var spurður, hvort m/s Katla hefði tekið niðri, að m/s Katla hafi alltaf verið á floti, en hann hafi orðið var við, er vírarnir slitnuðu, „eitt par dúkk" aftantil á stjórnborða. Hann segir, að akkerisfestar hafi legið þvert út frá bakborða, en stjórnborðskeðja legið undir kjöl, og hafi akkerisfestarnar haldið framskipinu frá klöppinni. Telur stýrimaðurinn, að það hafi verið rétt ákvörðun hjá skipstjóra að biðja um aðstoð.

Svanlaugur Björgvin Þorsteinsson, skipverji á m/s Kötlu, kveðst hafa verið staddur aftur á, er skipstjórinn kallaði til hans og Ingvars Jóhannessonar háseta að „sleppa" landfestum, og hafi þeir gert það. Rétt á eftir hafi skipstjóri kallað til þeirra og sagt þeim að setja enda í land, og hafi hann þá heyrt, að vélin var í gangi. Tekizt hafi að setja vír í land og festa hann á polla á bryggjunni. Er því var lokið, hafi skipið rekið frá bryggju, þar sem vindur stóð þvert á það, og hafi vírinn þá slitnað, og engin tök hafi verið á að koma öðrum vír á land, en eftir örstutta stund hafi skipið tekið niðri. Segir Svanlaugur það vera álit sitt, að er m/s Katla tók niðri, hefði hún ekki náðst á flot aftur án utanaðkomandi aðstoðar.

Haukur Sigurðsson Meldal, háseti á m/s Kötlu, hefur borið, að er skipið rak með óvirka vél frá bryggjunni, hafi 1. stýrimaður látið akkeri falla, en rétt á eftir hafi skipið tekið niðri nokkrum sinnum að aftan. Höggin hafi verið svo snögg, að hann hafi álitið, að klöpp væri undir. Þá segir hann, að er v/b Eldey

hafði lokið drætti sínum á m/s Kötlu, hafi þeir verið beðnir að hífa trossuna inn. En þegar þeir höfðu verið búnir að losa hana af pollanum, hafi hún kippzt úr höndum þeirra og farið í sjóinn.

Andri Heiðberg, kafari frá Hamri h/f, kafaði við m/s Kötlu eftir beiðni forstjóra Eimskipafélags Reykjavíkur h/f, og segir í vottorði hans, dags. 1. febrúar 1964, að greinilega hafi sézt, að hæll skipsins hafi tekið niðri, en reyndist hins vegar óbeygður. Á kjölplötu undir afturlest væru smádældir, en engar skemmdir sjáanlegar á stýri né skrúfu. Segir kafarinn, að hann hafi ekki athugað botninn sérstaklega, þar sem hann hafi verið beðinn um að skoða aðeins hæl, stýri og skrúfu skipsins. Hann hafi hins vegar synt fram með skipinu og þá af tilviljun séð dældir þær, sem um getur að framan. Hann telur, að útilokað sé, að dældir komi á kjölplötu, nema skipið taki niðri, en hvort dældir þessar hafi verið nýjar eða gamlar, gat hann ekki borið um.

Stýrimaðurinn á v/b Eldey, Henry Kristjánsson, sem hafði yfirumsjón með bátnum í fjarveru skipstjórans, er þetta skeði, skýrir svo frá, að v/b Eldey, sem lá utan á m/s Kötlu, hafi verið fluttur aftur fyrir hana kl. 1000 vegna væntanlegrar brottfarar m/s Kötlu. Skipverjar hafi verið að beita í beitingarskýli, er þrír menn úr landi kölluðu til þeirra og sögðu, að þeir væru beðnir að koma til hjálpar m/s Kötlu, sem væri að reka upp í fjöru. Segir hann v/b Eldey hafa bakkað á fullri ferð að afturenda m/s Kötlu eftir bendingum frá mönnum þar um borð, og var kastlínu varpað til þeirra frá m/s Kötlu, en hún hafi strax slitnað og byrjað var að draga. Eftir að nýrri nylontrossu hafði verið komið um borð frá m/s Kötlu og hún fest, hafi v/b Eldey sett á fulla ferð, en ekki hafi m/s Katla virzt hreyfast við það. Eftir að hestöflum hafði verið bætt við vélina, hafi m/s Katla fyrst farið að hreyfast, og eftir að enn hafði verið bætt á vélina, hafi m/s Katla farið að smámjakast úr fjörunni. V/b Eldey hafi þannig náð afturenda m/s Kötlu upp í vindinn, og þá fyrst hafi Katla getað hjálpað við dráttinn. Er v/b Eldey hafði lokið drættinum, hafi dráttartauginni aðvörunarlaust verið sleppt frá m/s Kötlu, sem hafi siglt viðstöðulaust áfram, án þess að gefa Eldeyjarmönnum færi á að losa taugina sín megin, með þeim afleiðingum, að taugin fór í skrúfu v/b Eldeyjar, sem ósjálfbjarga rak að landi. M/s Katla hafi samt haldið áfram ferð sinni, en tilkynnt í land, hvernig ástatt væri hjá v/b Eldey.

V/b Vilborg hafi síðan komið til hjálpar og dregið v/b Eldey til hafnar með bilaða skrúfu. Stýrimaðurinn taldi, að m/s Katla hafi tvímælalaust verið í hættu stödd.

Hafliði S. Kristjánsson, 1. vélstjóri á v/b Eldey, skýrir frá, að hann hafi verið á leiðinni um borð í v/b Eldey, er hann sá hana leggja frá bryggju til hjálpar m/s Kötlu. Lóðsbáturinn hafi skotið sér um borð, og hafi hann þá strax tekið við stjórn vélarinnar. Hafi þá verið miklu bætt við vélaraflið, miðað við venjulega keyrslu, sem væri 285—300 hestöfl. Eftir beiðni stýrimanns hafi hann bætt enn við hestöfl vélarinnar, svo sem hún frekast þoldi, og hafi vélin við það fengið miklu meiri orku. Vélstjórinn telur, að m/s Katla hafi verið í yfirvofandi hættu og að v/b Eldey hafi bjargað skipinu frá eyðileggingu.

Helgi Grétar Helgason, skipstjóri og eigandi v/b Vilborgar, skýrir svo frá, að hann hafi fylgzt með því, sem gerðist með m/s Kötlu. Hann hafi séð v/b Eldey reyna að draga afturenda m/s Kötlu úr fjörunni, að því er virtist án árangurs. Hafi hann því ótilkvaddur farið með v/b Vilborgu að afturenda m/s Kötlu, en þaðan hafi verið kastað til hans dráttartaug. Hann kveðst í fyrstu hafa hugleitt að taka í með v/b Eldey, en þá séð, að þess gerðist ekki þörf, og hafi því farið með taugina að bryggjunni, þar sem hún var fest á polla. Hafi hann síðan beðið átekta hjá m/s Kötlu, reiðubúinn til frekari aðstoðar, ef þess gerðist þörf. Hann segir, að báðar keðjur m/s Kötlu hafi verið úti, en sér hafi virzt þær snúa því sem næst beint niður. Hann fullyrðir, að m/s Katla hefði engan veginn getað bjargazt af sjálfsdáðum og engu mátt muna tímans vegna, að m/s Katla bjargaðist úr fjörunni vegna útfallsins, og að of langan tíma hefði tekið að setja bát frá m/s Kötlu á flot og senda hann með taug í land. Hann segir, að m/s Katla hafi verið stöðvuð í fjörunni, og hafi hann séð botnmálningu koma hærra upp úr fjörunni að aftanverðu, eftir að skipið var stöðvað. Hann segist vera fullviss um það, að skrúfur m/s Kötlu hafi ekki verið farnar að hreyfast, er hann kom tauginni í land. Hann segir, að allsnarpur vindur hafi verið og því strengur við bryggjuendann, og hafi v/b Vilborg beðið við stefni m/s Kötlu til öryggis, ef v/b Eldey myndi ekki takast að draga m/s Kötlu út úr höfninni. Hann kveðst hafa farið með v/b Vilborgu aftur að bryggju, þegar skrúfur m/s Kötlu voru farnar að hreyfast. Litlu seinna hafi hann verið beðinn að koma v/b Eldey til hjálpar, en hún hafði þá fengið trossu í skrúfuna.

Fjöldi manns á landi fylgdist með því, sem gerðist, og hafa nokkrir verið leiddir sem vitni í málinu.

Vitnið Albert Bjarnason, skipstjóri um 30 ára skeið í Keflavík, sem kvaðst hafa haft góða yfirsýn yfir höfnina, segir, að sér hafi virzt, miðað við vindátt, sjávarfall o. fl., að ekki hefði mátt muna nema nokkrum mínútum, að m/s Katla festist í fjörunni. Telur þetta vitni, að það hafi eingöngu verið viðbragðsflýti Eldeyjarmanna að þakka, að skipið fór ekki upp í fjöruna, en á því hafi að þess áliti verið bráð hætta. Vitnið telur þó ekki ósennilegt, að m/s Katla hefði af eigin rammleik getað forðazt strand með því að senda eigin bát í land með taug, en þá hefði orðið að gera það strax, því eftir að v/b Eldey var komin á vettvang, hafi það verið um seinan. Vitnið segist hafa séð, að bakborðskeðjur m/s Kötlu hafi verið úti, en lauslega hífðar inn, og fjaran og sjávarbotninn í Keflavíkurhöfn séu klappir og stórgrýti.

Vitnið Ragnar Björnsson hafnarstjóri segir, að akkerin muni hafa bjargað því, að framendi m/s Kötlu færi upp í fjöruna, þegar v/b Eldey togaði í afturendann, en svo stutt hafi verið í akkerunum, að m/s Katla hefði aldrei af eigin rammleik getað híft sig frá landi á akkerunum einum saman. Vitnið telur, að m/s Katla hafi verið þarna í bráðri hættu, áður en aðstoð v/b Eldeyjar kom til.

Vitnið Magnús Axelsson forstjóri, en fyrrum skipstjóri, segist hafa séð m/s Kötlu liggja fasta við klettana með stjórnborðssíðu og bakborðsakkeri úti, en yfirvarp hafi verið lítið á festunum, sem lágu slakar niður með síðu skipsins. Vitnið sá v/b Vilborgu flytja taug frá m/s Kötlu í hafnargarðinn, en slakinn á þeirri taug hafi aldrei verið tekinn af. Telur vitnið, að m/s Katla hefði vafalaust strandað þarna í fjörunni, hefði v/b Eldey ekki borið svo skjótt að með aðstoð sína.

Ástvaldur Þórðarson hafnsögumaður segir í sínum vitnisframburði, að hann hafi fyrst séð það til, að m/s Katla var á reki og komin upp undir fjöru, og hafi þá heyrt, að akkerin voru látin falla. Litlu seinna hafi m/s Kötlu hætt að reka, en telur, að þá hafi m/s Katla verið orðin landföst. Sá þá vitnið v/b Eldey leggja frá bryggju, og hafi ekki liðið meira en 4—5 mínútur frá því og þar til vír var kominn um borð í hana frá m/s Kötlu. Segir vitnið, að eftir að vír þessi hafi slitnað og ný dráttartaug var komin milli skipanna, hafi nær strax komizt hreyfing á afturenda m/s Kötlu, og hafi v/b Eldey dregið hana

frá landi og út á móts við eða út fyrir hafnargarðsendann, en þá hafi vél m/s Kötlu farið að vinna eðlilega afturábak. Vitnið segir, að litlu eftir að v/b Eldey fór að draga m/s Kötlu, hafi v/b Vilborg farið með trossu frá m/s Kötlu út í garðsendann, og var hún fest þar. Kötlumenn hafi byrjað að hífa í trossu þessa með vindu skipsins, en vindan muni ekki hafa haft undan að taka slakann af trossunni vegna dráttar v/b Eldeyjar, sem þá var komin á ferð með m/s Kötlu. Vitnið segir, að akkerisfestar m/s Kötlu hafi verið slakar og muni ekki hafa haldið skipinu, en það hafi legið hreyfingarlaust í fjörunni, eftir að það hætti að reka. Spurningu um, hvort vitnið hafi álitið, að m/s Katla hefði verið þarna í yfirvofandi hættu, svaraði vitnið með því að benda á, að aðeins ein klukkustund hafi verið til fjöru, þver austanvindur, fjaran staksteinótt og skipið með 1300 smálestir af farmi.

Vegna framburðar Andra Heiðbergs kafara skoraði aðalstefnandi á aðalstefndu að láta fara fram botnskoðun á m/s Kötlu. Þeirri áskorun var ekki sinnt, en hinn 26. ágúst 1964 skoðuðu dómkvaddir menn að undirlagi aðalstefnanda botn skipsins og fundu allvíða dældir á öftustu kjölplötum þess auk dælda á bakborðs- og stjórnborðssíðu. Ekki er getið um í skýrslu skoðunarmanna, hversu nýlegir þessir áverkar hafi verið, enda hafði skipið verið hreinsað og málað í botninn fyrr um skoðunardaginn. Í tilefni skýrslu þessara skoðunarmanna lögðu aðalstefndu fram í málinu útdrætti úr leiðarbók m/s Kötlu, þar sem segir, að hinn 14. janúar 1964 hafi afturendi m/s Kötlu bakborðsmegin rekizt á bryggjuhorn, er skipið var statt á Raufarhöfn, og muni sennilega hafa dældazt eitthvað. Einnig segir, að hinn 19. febrúar 1964, er skipið var á leið frá New York í ballest í hryðjuveðri, hafi það slegið hart niður að framan og lyft skrúfunni upp úr sjó öðru hvoru, og hafi við athugun komið leki í ljós í dokkinni bakborðsmegin. Enn fremur hafi skipið, er það var í Haugasundi 12. ágúst 1964, rekizt þrisvar sinnum utan í klöpp með stjórnborðssíðu, og við athugun í slippnum 26. ágúst 1964 hafi komið í ljós, að alldjúpar dældir voru á stjórnborðssíðu á plötum D, 6 og 7, C, 6 og 7, og B, 3, og að greinilegt væri, að þessar dældir hefðu komið, er skipið rakst á klöppina í Haugasundi.

Þar sem gagnger skoðun á botni og síðu m/s Kötlu fór ekki fram, fyrr en nær 7 mánuðum eftir að atburður sá skeði, sem mál þetta er risið út af, verður ekki með fullri vissu séð af

þeim gögnum, sem fyrir liggja, hvenær skipið varð fyrir þeim áverkum, sem fundust við skoðun, og er ekki afsannað með ofangreindum gögnum, að dældir á kjölplötum að aftan hafi eins getað stafað af því, að skipið tók niðri í Keflavíkurhöfn og síðari óhöppum.

Aðalstefnandi reisir kröfu sína á því, að v/b Eldey hafi bjargað m/s Kötlu úr yfirvofandi hættu. Skipið hafi legið flatt fyrir allhvössum vindi í fjörunni, vélarvana og hjálparlaust, en fjaran sé stórgrýtt og hættuleg. Það hafi verið fyrir snarræði Eldeyjarmanna, að björgun tókst, þar sem of seint hafi verið að reyna aðrar björgunaraðferðir. Litlu hafi munað, að v/b Eldey hefði sjálf strandað fyrir það, að m/s Katla gaf sér ekki tíma til að stoppa og gefa v/b Eldey færi á að losa dráttartaugina sín megin. Þá leggur aðalstefnandi áherzlu á, að engin gangskör hafi verið gerð af hálfu stjórnanda m/s Kötlu til, að sjóferðapróf yrðu haldin vegna atburðarins, né heldur hafi orðið við áskorun hans um gagngera skoðun á skipinu, en hvort tveggja hafi farið fram fyrir atbeina aðalstefnanda sjálfs.

Aðalstefndu reisa kröfur sínar hins vegar á því, að hér hafi aðeins verið um aðstoð að ræða, en ekki björgun. M/s Katla hafi ekki verið í neinni hættu, nema því aðeins að vél hennar hefði ekki farið í gang. Hún hafi aldrei bilað, heldur aðeins loft komið í leiðslu hennar. Skipið hefði þá getað náð sér sjálft út á eigin vélarafli án utanaðkomandi aðstoðar. Skipið hafi alltaf verið á floti, og ekkert hefði orðið að því og engra viðgerða þörf. Hjálp v/b Eldeyjar hafi aðeins verið fólgin í því að aðstoða við að snúa m/s Kötlu. Hér sé því aðeins um aðstoð að ræða, eins og það hugtak hafi jafnan verið skilgreint.

Hinir sérfróðu samdómsmenn líta svo á, að með tilliti til þess, sem fram hefur komið í málinu, og eftir þeirra eigin þekkingu, að eins og ástatt var orðið fyrir m/s Kötlu, þegar v/b Eldey kom á vettvang, hefði verið útilokað, að hún kæmist úr fjörunni af eigin rammleik. Fjaran er þarna grýtt og hættuleg skipum, og ekki einsdæmi, að skip hafi strandað í fjöru þessari, eins og fram kom við flutning málsins. Hefði hjálp Eldeyjar ekki mátt seinna koma undir þessum kringumstæðum. Aðeins 100 mínútur voru til háfjöru, og hefði fjarað ört undan skipinu, en skipið telja þeir að hafi verið orðið grunnfast að aftan, en sjávaröldur lyft því og dráttarafl v/b Eldeyjar þannig losað það úr fjörunni. M/s Katla hafi því verið í bráðri hættu þarna í fjörunni, er v/b Eldey bar að.

Með vísun til þess, sem fram hefur komið í málinu, og þegar atvik öll eru virt, lítur dómurinn svo á, að hér hafi verið um björgun að ræða, en ekki aðstoð, í skilningi VIII. kafla siglingalaga nr. 66/1963, og beri því að dæma aðalstefnanda björgunarlaun.

Umrædd björgun tók skamman tíma og var tiltölulega auðveld, og ekki verður talið, að v/b Eldey eða áhöfn hennar hafi lagt sig í teljandi hættu við sjálfa björgunina, en svo slysalega vildi þó til, eftir að drætti var lokið, að björgunarskipið fékk dráttartaugina í skrúfuna og varð að fara í Reykjavík til viðgerðar, sem tafði það frá veiðum allan febrúarmánuð. Er því gerð krafa um greiðslu aflatjóns, kr. 566.875.00, frá 1. til 29. febrúar 1964. Er kröfufjárhæðin miðuð við aflahæsta fiskiskipið þetta tímabil samkvæmt skýrslu Fiskifélags Íslands. Er þá reiknað með brúttóverðmæti aflans. Aflatjóni þessu hafa aðalstefndu mótmælt sem allt of háu. V/b Eldey var að vísu í flokki aflahæstu fiskiskipa, en eftir atvikum þykir dóminum aflatjónið hæfilega áætlað kr. 325.000.00.

Eins og áður getur, hafa dómkvaddir menn virt m/s Kötlu á kr. 14.200.000.00, farminn á kr. 14.304.944.00 og brúttófarmgjald á kr. 1.670.000.00, eða samtals kr. 30.174.944.00. Farmur skipsins var 9.721 tn. af saltsíld. Vátryggingarverðmæti m/s Kötlu mun vera 254.200 sterlingspund, en aðalstefnandi leggur matsverðið til grundvallar kröfu sinni. Ofangreindu mati hefur verið mótmælt sem allt of háu á þeim forsendum, að söluverðmæti m/s Kötlu á frjálsum markaði myndi aldrei fara fram úr kr. 9.000.000.00, og frá farmgjaldinu bæri að draga uppskipunarkostnað o. fl. Yfirmats hefur ekki verið beiðzt til að hnekkja ofangreindu mati á skipinu, né heldur hafa verið færð rök fyrir því, að matið á farminum gæti ekki staðizt, og verður virðingargerð hinna dómkvöddu matsmanna á skipi og farmi lögð til grundvallar um verðmæti þeirra, en hins vegar þykja farmgjöldin hæfilega áætluð kr. 800.000.00. Hinir björguðu hagsmunir nema þá að áliti dómsins samtals kr. 29.304.944.00.

Þegar öll málsatvik eru virt, hætta sú, sem m/s Katla var í, þegar hjálpin var veitt, svo og önnur atriði, sem máli skipta, þykja björgunarlaun til aðalstefnanda hæfilega ákveðin kr. 1.200.000.00, og er þá aflatjónið, kr. 325.000.00, innifalið í þeirri fjárhæð. Ber að dæma aðalstefnda Eimskipafélag Reykjavíkur h/f til að greiða aðalstefnanda Jóhannesi Jóhannessyni f. h. eiganda og áhafnar v/b Eldeyjar, KE 37, nefnda fjárhæð með 7%

ársvöxtum frá 31. janúar 1964 til greiðsludags og málskostnað kr. 110.000.00, og er þar meðtalinn útlagður kostnaður aðalstefnanda, kr. 12.700.00, sem eftir atvikum þykir rétt að taka til greina. Þá ber og að viðurkenna sjóveðrétt aðalstefnanda í m/s Kötlu til tryggingar hinum tildæmdu fjárhæðum.

Eins og fyrr getur, krefst aðalstefnandi, að viðurkennt verði með dómi þessum, að aðalstefndi Almennar Tryggingar h/f beri ábyrgð á skilvísri greiðslu tildæmdra björgunarlauna, vaxta og kostnaðar gagnvart eiganda og áhöfn v/b Eldeyjar. Krafizt er og málskostnaðar úr hendi tryggingarfélagsins vegna þessa kröfuliðs í stefnu.

Þessari kröfu er mótmælt af hálfu aðalstefndu, sem telja, að aðalstefnandi eigi engan sjálfstæðan kröfurétt á hendur vátryggingarfélaginu, og eigi krafa þessi því engan rétt á sér. Krefjast þeir málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda.

Í málinu liggur fyrir bréf (dskj. 5), dags. 17. febrúar 1964, frá Almennum Tryggingum h/f til lögmanns aðalstefnanda, svohljóðandi: „Samkvæmt beiðni yðar staðfestum vér hér með, að vér munum ábyrgjast greiðslu fyrir aðstoð þá, sem m/s Eldey, KE 37, veitti m/s Kötlu þann 31. jan. s.l. í Keflavík, eins og hún verður ákveðin með samkomulagi eða dómi. Ábyrgð þessi nær eingöngu til þess hluta, sem viðkemur skipinu."

Dómurinn telur, að krafa aðalstefnanda sé réttmæt og að með yfirlýsingu þessari hafi skapazt löggerningur milli þessara aðilja samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins, sem gefi aðalstefnanda ákveðinn rétt á hendur loforðsgefanda, og beri því að taka kröfuna til greina, að svo miklu leyti sem yfirlýsingin gefur efni til. Samkvæmt henni er ábyrgðin takmörkuð við skipið sjálft og nær því ekki til farms eða farmgjalds. Verðmæti m/s Kötlu, sem lagt er til grundvallar í máli þessu, nemur 48% af heildarverðmæti hinna björguðu hagsmuna, og þykir því rétt, að viðurkennd verði ábyrgð aðalstefnda Almennra Trygginga h/f á skilvísri greiðslu til aðalstefnanda að 48 hundraðshlutum tildæmdra fjárhæða, en málskostnaður varðandi þenna lið falli niður.

Varðandi kröfu meðalgöngustefnanda, líta hinir sérfróðu menn í dóminum svo á, að afskipti v/b Vilborgar hafi ekki verið þau, að telja beri aðstoð, eftir því sem það hugtak er almennt skilgreint. Skipstjórinn hafi komið ótilkvaddur á vettvang, er v/b Eldey hafði komið afturenda m/s Kötlu á flot og var komin með skipið í drátt. V/b Vilborg hafi ekki hafzt annað að en flytja

trossu í land, sem aldrei þurfti að nota, né hefði komið að gagni, eins og á stóð.

Niðurstaðan í meðalgöngusök verður því sú, að sýkna ber meðalgöngustefndu af kröfum meðalgöngustefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í meðalgöngusök.

Dómsorð:

Aðalstefnda, Eimskipafélag Reykjavíkur h/f, Reykjavík, greiði aðalstefnanda, Jóhannesi Jóhannessyni útgerðarmanni, Suðurgötu 41, Keflavík, f. h. eiganda og áhafnar v/b Eldeyjar, KE 37, kr. 1.200.000.00, auk 7% ársvaxta frá 31. janúar til greiðsludags og málskostnað, kr. 110.000.00. Aðalstefnandi á sjóveðrétt í m/s Kötlu til tryggingar fjárhæðum þessum.

Meðstefnda, Almennar Tryggingar h/f, Reykjavík, ber ábyrgð gagnvart aðalstefnanda á skilvísri greiðslu ofangreindra fjárhæða að 48 hundraðshlutum. Málskostnaður falli niður, varðandi þenna lið dómkrafna.

Meðalgöngustefndu, Eimskipafélag Reykjavíkur h/f og eigendur og áhöfn v/b Eldeyjar, KE 37, eiga að vera sýknir af kröfu meðalgöngustefnanda, Helga Grétars Helgasonar f. h. eiganda og áhafnar v/b Vilborgar, KE 51. Málskostnaður í meðalgöngusök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. júní 1965.

Nr. 106/1965. **Ákæruvaldið**
gegn
Jósafat Arngrímssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur hinn 3. júní 1965 kært til Hæstaréttar úrskurð héraðsdómara, er upp var kveðinn 1. s. m. Hefur saksóknari ríkisins leyft kæru þessa, sbr. 1. tölulið 171. gr. laga nr. 82/1961.

Af hálfu ákærða hafa Hæstarétti ekki borizt neinar kröfur né greinargerð. Verður kærumáli þessu því vísað frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. júní 1965.

Ár 1965, miðvikudaginn 2. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem háður var af Ólafi Þorlákssyni, dómara samkvæmt sérstökum umboðsskrám, kveðinn upp synjunarúrskurður um, að dómarinn víki sæti í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Jósafat Arngrímssyni, Þórði Einari Halldórssyni, Eyþóri Þórðarsyni, Áka Guðna Gränz og Albert Karli Sanders, en framangreint atriði var tekið til úrskurðar 1. þessa mánaðar.

Málavextir eru þessir:

Með umboðsskrá dómsmálaráðherra, dagsettri 14. janúar 1964, var dómari máls þessa skipaður samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961 um meðferð opinberra mála til að fara með „rannsókn á verktakastarfsemi Jósafats Arngrímssonar á Keflavíkurflugvelli og nafnritanafölsunum í því sambandi", enn fremur og til þess „að kveða upp dóm í málinu, ef til málshöfðunar kemur". Dómsrannsókn hófst í málinu 24. janúar 1964. Rannsóknin, er reyndist allumfangsmikil, var send saksóknara til ákvörðunar 14. desember 1964.

Á meðan á framangreindri rannsókn stóð, var dómari máls þessa með umboðsskrá dómsmálaráðherra, dagsettri 24. febrúar 1964, skipaður samkvæmt áður tilvitnuðum lagaákvæðum „til að fara með rannsókn vegna meints misferlis í starfrækslu pósthússins á Keflavíkurflugvelli svo og vegna fjármálaviðskipta þeirra aðilja, sem þar áttu innistæðulausa tékka", og enn fremur „til þess að kveða upp dóm í málinu, ef til málshöfðunar kemur". Dómsrannsókn samkvæmt hinni síðarnefndu umboðsskrá hófst 26. febrúar 1964. Endurrit þeirrar rannsóknar var send saksóknara ríkisins til ákvörðunar 8. júní 1964.

Með bréfum saksóknara ríkisins, dagsettum 3. febrúar 1965, til dómsins var krafizt framhaldsrannsókna. Enn fremur fór réttargæzlumaður ákærða Jósafats Arngrímssonar, Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, fram á frekari rannsókn í bréfi til dómsins, dagsettu 25. febrúar s.l. Að loknum framhaldsrannsókn-

um, voru dómsrannsóknirnar að nýju sendar saksóknara ríkisins til ákvörðunar, er á grundvelli þeirra höfðaði mál með ákæruskjali, dagsettu 27. apríl 1965, á hendur Jósafat Arngrímssyni verzlunarmanni, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, fæddum 12. maí 1933 að Mýrum í Dýrafirði, Þórði Einari Halldórssyni verzlunarmanni, Sólheimum 27, Reykjavík, fæddum 11. janúar 1917 í Skálmardal í Barðastrandarsýslu, Eyþóri Þórðarsyni vélvirkja, Holtsgötu 17, Ytri-Njarðvík, fæddum 4. nóvember 1925 í Vestmannaeyjum, Áka Guðna Gränz málarameistara, Heimakletti, Ytri-Njarðvík, fæddum 26. júní 1925 í Vestmannaeyjum, og Albert Karli Sanders rafvirkja, Holtsgötu 27, Ytri-Njarðvík, fæddum 20. marz 1929 á Ísafirði.

Gegn ákærða Jósafat er málið höfðað fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (samkvæmt 84 liðum, tilgreindum í ákæru), enn fremur fyrir fjársvik samkvæmt 248. gr. sömu laga.

Gegn ákærða Þórði Einari, fyrrverandi póstvarðstjóra við póstdeildina á Keflavíkurflugvelli, er málið höfðað aðallega fyrir þátttöku í fjársvikum meðákærða Jósafats og jafnframt fyrir brot í opinberu starfi samkvæmt 248. gr. sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 138. gr. sömu laga, en til vara, fyrir brot í opinberu starfi og misnotkun fjárvörzlu póstafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli samkvæmt 139. gr. og 261. gr. sbr. 249. gr., sbr. 138. gr., almennra hegningarlaga, sbr. 37. gr., 5. tölul., sbr. 82. gr. reglugerðar um notkun pósts nr. 170/1963, sbr. 26. gr. póstlaga nr. 31/1940, og enn fremur til vara að hafa gerzt brotlegur við 254. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

Gegn ákærða Eyþóri er málið höfðað fyrir þátttöku í skjalafalsi meðákærða Jósafats (tilgreindu í 6 liðum í ákæru) samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 22. gr. sömu laga.

Gegn ákærðu Áka Guðna Gränz og Albert Karli er málið höfðað fyrir útgáfu tékka í blekkingarskyni, er eigi reyndist innistæða fyrir, til að viðhalda ávinningi af broti meðákærða Jósafats, og eru brot þeirra heimfærð undir 248. gr. og 254. gr. almennra hegningarlaga, auk þess fyrir hlutdeild í brotum meðákærða Þórðar Einars samkvæmt 139. gr. og 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr., sbr. 22. gr., almennra hegningarlaga.

Framangreint ákæruskjal var birt öllum hinum ákærðu 5. maí s.l. Verjendur voru þá skipaðir. Fyrirtaka málsins hefur verið ákveðin 5. júlí n.k., og hafa skipaðir verjendur ákærðu

fengið frest til þess dags til að undirbúa munnlegan málflutning.

Frá skipuðum verjanda ákærða Jósafats Arngrímssonar, Áka Jakobssyni hæstaréttarlögmanni, hefur dóminum borizt krafa um, að dómari málsins víki sæti. Rök fyrir kröfunni eru að finna í bréfi verjandans til dómarans, dagsettu 28. f. m., en verjandinn hefur staðfest kröfur sínar samkvæmt efni bréfsins fyrir dómi. Í bréfinu segir m. a. svo: „Aðalrök mín eru þau, að það er óeðlilegt yfirleitt, að rannsóknardómari kveði sjálfur upp dóma í málum, sem hann hefur rannsakað. Auk þess bendi ég á þau rök, að þér hafið sem rannsóknardómari í máli, sem vakið hefur jafnstórfelldar og opinberar deilur og árásir á sakborning, erfiða aðstöðu til þess að vera réttlátur dómari og hlutlaus. Æsiskrifin, sem urðu um þetta mál í þrem dagblöðum og beindust eingöngu að æru skjólstæðings míns, sem þér létuð undir höfuð leggjast að stöðva í tæka tíð, hafa gert þetta mál í augum almennings að einvígi milli yðar sem dómara og ákærða Jósafats Arngrímssonar. Ef sýknudómur yrði uppkveðinn yfir ákærða Jósafat, munduð þér eftir æsiskrif þau, sem átt hafa sér stað um þetta mál, verða talinn minni maður. Það er ekki ósanngjarnt að ætla, að þér gerið yður þetta ljóst. Undir slíkum kringumstæðum er ekki hægt að ætlast til, að nokkur maður geti verið hlutlaus.

Þá vil ég benda á, að það er skoðun skjólstæðings míns, Jósafats Arngrímssonar, að dómsrannsókn yðar hafi frá upphafi mótazt af því, að þér voruð fyrirfram sannfærður um stórfellda sök hans, og skal ég hér taka fram, að ég tel margt í rannsókn málsins benda til þess, að þetta sé rétt hjá honum, svo sem gæzluvarðhaldið í upphafi rannsóknarinnar, sem þér virðist hafa verið búinn að taka ákvörðun um, áður en rannsókn hófst."

Samkvæmt bréfinu þykir mega sundurliða rökstuðning fyrir kröfum verjandans, sem hér segir:

1. *Að óeðlilegt sé, að rannsóknardómari kveði upp dóm í máli, er hann hefur rannsakað.*

Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 27/1951, sbr. nú lög nr. 82/1961, er gert ráð fyrir því, að sami dómari bæði rannsaki og dæmi opinber mál, sbr. grundvallarreglu, er fram kemur í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 2. mgr. 5. gr. sömu laga. Þar sem umboðsskrár dómarans í máli þessu ná bæði til rannsóknarþáttar og dómsuppkvaðningarþáttar málsins, þykir framkomin krafa verjandans, Áka Jakobssonar hæstaréttar-

lögmanns, um, að dómari víki sæti samkvæmt staflið þessum, eigi vera í samræmi við gildandi réttarfarslög í opinberum málum, og verður því krafan ekki tekin til greina.

2. *Að dómarinn geti ekki verið hlutlaus vegna æsiskrifa um málið.*

Enda þótt æsiskrif kunni að hafa orðið um mál þetta, eru þau eigi frá dómaranum runnin og honum óviðkomandi. Dómari málsins hefur í eitt sinn gefið út hlutlausa fréttatilkynningu um rekstur málsins, er birtist í dagblöðum Reykjavíkur hinn 25. febrúar 1964. Ekki verður á það fallizt með verjandanum, að slík skrif, sem hann getur um, séu til þess fallin að gera dómarann óhæfan til að leggja hlutlausan dóm á málið, og verður því krafa hans samkvæmt þessum staflið eigi tekin til greina.

3. *Að dómarinn hafi fyrirfram verið sannfærður um stórfellda sök ákærða Jósafats Arngrímssonar.*

Verjandinn, Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, hefur tekið fram, að dómarinn virðist hafa verið búinn að taka ákvörðun fyrir rannsóknina um að beita ákærða Jósafat Arngrímsson gæzluvarðhaldi, og bendi það atriði m. a. til þess, að dómarinn hafi fyrirfram verið sannfærður um stórfellda sök ákærða Jósafats. Að öðru leyti hefur verjandinn eigi rökstutt framangreint álit sitt. Fram skal tekið vegna þessa stafliðs, að ákærði Jósafat Arngrímsson var með rökstuddum dómsúrskurði úrskurðaður í gæzluvarðhald hinn 31. janúar 1964. Ákærði óskaði eftir Erni Clausen hæstaréttarlögmanni sem réttargæzlumanni sínum, en réttargæzlumaðurinn tók við skipun sinni til starfans þegar næsta dag eða 1. febrúar 1964. Nefndur réttargæzlumaður óskaði ekki eftir því að kæra gæzluvarðhaldsúrskurðinn.

Aðdróttun verjandans, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, er fram kemur í garð dómarans samkvæmt staflið þessum, þykir bæði vera órökstudd og ámælisverð, og verður kröfu verjandans samkvæmt stafliðnum eigi sinnt.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður krafa Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða Jósafats Arngrímssonar, um, að dómari máls þessa víki sæti, eigi tekin til greina.

Ályktarorð:

Krafa Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns um, að dómari máls þessa víki sæti, er eigi tekin til greina.

Miðvikudaginn 23. júní 1965.

Nr. 30/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Óskari Agnari Ólafssyni og
Sigurði Þorkelssyni (Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Annmarkar á ákæruskjali.
Ómerking héraðsdóms og frávísun ákæru.

Dómur Hæstaréttar.

Rannsókn máls þessa beindist fyrst og fremst að afhendingu ákærða Sigurðar til ákærða Óskars á bifreiðum úr vörugeymslu H/f Eimskipafélags Íslands. Hafði Raftækni h/f, sem ákærði Óskar veitti forstöðu, fengið bifreiðarnar fluttar til landsins á vegum H/f Eimskipafélags Íslands, en ákærði Sigurður hafði gæzlu þeirra í vörugeymslunum.

Í þinghaldi 29. janúar 1964 var lögð fram skrá frá H/f Eimskipafélagi Íslands yfir 23 bifreiðar, sem félagið taldi hafa verið afhentar án heimildar. Er þar greint um hverja bifreið, með hvaða skipi og hvaða dag hún hafi komið til landsins og númer hennar á farmskrá. Í sama þinghaldi var skráin borin undir ákærða Óskar. Kannaðist hann við, að þetta væru bifreiðar þær, sem ákærði Sigurður hefði afhent honum „án framvísunar nokkurra heimildarskjala". Í þinghaldi 30. janúar 1964 var skráin borin undir ákærða Sigurð, og vefengdi hann ekki, að þar séu taldar bifreiðar þær, sem hann afhenti ákærða Óskari án framvísunar farmskírteina.

Hinn 3. febrúar 1964 kom ákærði Óskar fyrir dóm. Tók hann þá fram, „að það hafi verið frekar 24 en 23 bifreiðar, sem hann fékk Sigurð Þorkelsson til að afhenda sér án framvísunar heimildarskjala". Þá lýsti og ákærði Sigurður því í þinghaldi 4. febrúar 1964, „að það geti verið

rétt, að það hafi ekki verið 23, heldur 24 bifreiðar, sem hann afhenti Óskari Agnari Ólafssyni án framvísunar heimildarskjala".

Í þinghaldi 5. febrúar 1964 var lögð fram skrá frá tollstjóranum í Reykjavík yfir 24 bifreiðar, „sem Raftækni h.f. hefur flutt til landsins og fengið afhentar án tollafgreiðslu". Er skrá þessi tekin í heild upp í héraðsdóminn. Í skránni greinir m. a. um hverja bifreið, með hvaða skipi og hvaða dag hún hafi komið til landsins og númer hennar á farmskrá. Við samanburð skrár þessarar við fyrrgreinda skrá H/f Eimskipafélags Íslands kemur í ljós, að á skrá tollstjóra eru greindar 4 bifreiðar, sem ekki eru á skrá H/f Eimskipafélags Íslands, og að á skrá tollstjóra skortir 3 bifreiðar, sem taldar eru á skrá Eimskipafélagsins. Í þinghaldi þessu, 5. febrúar, var skrá tollstjóra borin undir ákærða Óskar. Lýsti hann því, að hann hefði ekkert við skrána að athuga „og vefengir ekki, að bifreiðarnar hafi verið 24, sem hann fékk afhentar án heimildarskjala". Ekki verður séð, að skrá tollstjóra hafi verið borin undir ákærða Sigurð.

Í ákæruskjali í máli þessu, dags. 22. júní 1964, er ákærða Óskari Agnari m. a. gefið að sök, að hann hafi fengið ákærða Sigurð „til þess að afhenda sér í heimildarleysi 24 ótollafgreiddar bifreiðar, er voru þar í vörzlum Eimskipafélags Íslands h.f. og fluttar höfðu verið til landsins á vegum Raftækni h.f.". Þá er ákærða Sigurði gefið að sök, að hann hafi afhent ákærða Óskari Agnari í heimildarleysi þær 24 bifreiðar, sem áður var getið í ákæru á hendur Óskari Agnari. Í ákæruskjalinu eru bifreiðarnar ekki auðkenndar hver um sig, og var slíkt þó nauðsynlegt, þar sem framangreindum skrám H/f Eimskipafélags Íslands og tollstjóra bar ekki saman og þar eru greindar fleiri en 24 bifreiðar, sem misferli ákærðu er talið hafa náð til. Fullnægir ákæruskjalið þannig ekki ákvæðum 2. tl. 2. málsgr. 115. gr. laga nr. 82/1961 um glögga skilgreiningu á sakarefni. Vegna þessa ágalla þykir ákæruskjalið eigi verða lagt til grundvallar dómi um efni máls. Ber

því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá sakadómi.

Sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærðu í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, Kristjáns Eirikssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 12.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. október 1964.

Ár 1964, föstudaginn 23. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 6067—6068/1964: Ákæruvaldið gegn Óskari Agnari Ólafssyni og Sigurði Þorkelssyni, sem tekið var endanlega til dóms 7. sama mánaðar.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 22. júní s.l., er opinbert mál höfðað á hendur Óskari Agnari Ólafssyni forstjóra, Háagerði 35, og Sigurði Þorkelssyni verkamanni, Bólstaðahlíð 36, báðum hér í borg.

„I. Gegn ákærða Óskari Agnari er málið höfðað fyrir að hafa:

1. Á tímabilinu frá því seinast í júní 1963 og fram í júlí s. á. með svikum og blekkingum fengið meðákærða Sigurð, þá starfsmann Eimskipafélags Íslands h/f í vörugeymslu þess við Borgartún í Reykjavík, Borgarskála, til þess að afhenda sér í heimildarleysi 24 ótollafgreiddar bifreiðar, er voru þar í vörzlum Eimskipafélags Íslands h/f, og fluttar höfðu verið til landsins á vegum Raftækni h/f, eftir að hafa fullyrt við Sigurð, að hann (Óskar Agnar) myndi sjá um löglega tollafgreiðslu bifreiðanna innan nokkurra daga án þess að hafa fyrirsjáanlega möguleika á því, enda reyndist það ókleift. Jafnframt er hann ákærður fyrir að hafa notað sér fákunnáttu meðákærða Sigurðar og einfeldni, þegar hann fékk hann til þessa, með því

að gefa honum flösku af brennivíni fyrir afhendingu hverrar bifreiðar, en vangreidd gjöld af þessum bifreiðum námu samtals kr. 2.776.872.70.

Telst þetta varða við 248. gr. og 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 39. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit.

2. Síðari hluta aprílmánaðar 1963 látið tollyfirvöldum í té rangar aðflutningsskýrslur yfir innflutning tveggja bifreiða ásamt varahlutum og fylgifé, sem komu með m/s Tröllafossi til Reykjavíkur 4. marz s. á., farmskrárnúmer 114, og með m/s Mánafossi 11. marz s. á., farmskrárnúmer 68, eftir að rifið hafði verið af þeim báðum þannig, að skýrslurnar voru ekki í samræmi við innihald sendinganna, í þeim tilgangi að komast hjá því að greiða aðflutningsgjöld af hluta þeirra, er námu kr. 26.418.00.

Telst þetta varða við 146. gr. hegningarlaganna og 1. og 2. mgr. 38. gr. laga nr. 7/1963 um tollskrá o. fl.

II. Gegn ákærða Sigurði er málið höfðað fyrir að hafa misnotað aðstöðu sína sem starfsmaður Eimskipafélags Íslands h/f með því að afhenda í heimildarleysi og í eiginhagsmunaskyni meðákærða Óskari Agnari þær 24 bifreiðar, sem um ræðir í fyrri lið I. kafla ákærunnar, og á þann hátt, sem þar greinir.

Telst þetta varða við 249. gr. hegningarlaganna og 46. gr. og 2. mgr. 48. gr. i.f. sbr. 102. gr. reglugerðar nr. 41/1957 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 32. gr. og 50. gr. laga nr. 68/1956.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess einnig krafizt, að ákærði Óskar Agnar Ólafsson verði sviptur verzlunarleyfi samkvæmt 4. mgr. 39. gr. laga nr. 7/1963, 4. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 og 2. og 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna."

Í munnlegum flutningi málsins 2. þ. m. leiðrétti fulltrúi saksóknara misritanir lagastaða í niðurlagi ákærunnar á þann veg, að ákærði Óskar Agnar verði sviptur verzlunarleyfi samkvæmt 4. mgr. 39. gr. laga nr. 7/1963, 3. mgr. 39. gr. laga nr. 68/1956 og 2. og 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Óskar Agnar Ólafsson er fæddur 29. nóvember 1930 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1950 6/11 Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

1953 20/3 Rvík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og spellvirki.
1956 15/9 Rvík: Sátt, 11.500 kr. sekt fyrir brot á 3. sbr. 33. gr. áfengislaga.
1960 24/3 Rvík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1961 14/8 Rvík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
1962 12/7 Rvík: Áminning fyrir ökuhraða.
— 5/9 Rvík: Dómur: 3.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 8 mánuði fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
1964 12/3 Rvík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
1964 22/4 Rvík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.

Ákærði Sigurður Þorkelsson er fæddur 10. apríl 1925 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1944 21/7 Reykjavík: Dómur aukaréttar: Sýknaður af ákæru réttvísinnar fyrir brot gegn 26. kafla hegningarlaganna, 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 13/1941, 2. sbr. 27. gr., 1. mgr., og 15. sbr. 33. gr. áfengislaga.
1945 23/4 Rvík: Sátt, 125 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn 14. gr. áfengislaga.
— 25/5 Rvík: Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1946 20/3 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1947 4/1 Rvík: Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1950 27/7 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaga.
1952 29/3 Rvík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
1953 27/11 Rvík: Dómur: 1.800 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 8 mánuði fyrir brot á áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

Samkvæmt eigin játningu ákærðu og því, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

I (ákæruliðir I, 1 og II).

Árið 1961 var stofnað fyrirtækið Raftækni h/f hér í borg, og var tilgangur þess: rafvélaviðgerðir og verzlun með ýmiss konar varahluti og annar skyldur rekstur. Ákærði Óskar Agnar

Ólafsson hefur frá upphafi verið formaður stjórnar fyrirtækisins og annar af tveimur framkvæmdastjórum, og átti hann og eiginkona hans þriðjung hlutafjár þess eða 20 þús. kr.

Árin 1962 og 1963 flutti fyrirtækið til landsins nokkuð af bifreiðum frá Rootes-verksmiðjunum í Englandi. Samkvæmt upplýsingum tollstjórans í Reykjavík flutti fyrirtækið seinna árið meðal annars inn með skipum Eimskipafélags Íslands h/f eftirtaldar 24 bifreiðar, sem aðflutningsgjöld, leyfisgjöld og viðskiptasöluskattur var af, sem hér segir:

„Tröllafoss	16/7 '63	farmskr.nr.	594	(Singer Vogue)	kr. 129.884.00
——	3/6 '63	——	189	——	— 90.639.00
Fjallfoss	17/9 '63	——	129	——	— 118.989.00
Anni Nuebel	24/3'63	——	233	——	— 90.639.00
——	24/3'63	——	363	——	— 90.639.00
Tröllafoss	1/6 '63	——	197	——	— 90.639.00
——	1/6 '63	——	198–200	——	— 271.915.00
——	1/6 '63	——	190–196	——	— 706.365.00
Hegra	25/5 '63	——	2 og 23	——	
Tröllafoss	1/6 '63	——	206	(Sunbeem Rapier Saloon)	— 130.342.00
Mánafoss	24/7 '63	——	175	(Humber Sceptye)	— 158.769.00
——	24/7 '63	——	176	——	— 159.005.00
Tröllafoss	4/3 '63	——	114	(Commer FC Van)	— 119.797.00
Tröllafoss	4/3 '63	——	215	(Commer FC Van)	— 119.334.00
Mánafoss	11/3 '63	——	68	——	— 118.077.00

Samtals kr. 2.395.033.00“

Bifreiðar þessar voru færðar í vörugeymslu skipafélagsins í svonefndum Borgarskála við Borgartún, hér í borg. Ákærði Sigurður Þorkelsson, sem þar hafði starfað í 5—6 ár, tók þá við bifreiðunum, og skyldi hann afhenda þær gegn framvísun farmskírteina, sem á hefði verið stimplað, að flutningsgjald bifreiðanna væri greitt (stimpill Eimskipafélags Íslands h/f), að tollar og aðflutningsgjöld væru greidd (stimpill tollyfirvalda) og að verð bifreiðanna væri greitt (stimpill banka).

Á tímabilinu frá því seinast í júní og fram í júlí f. á. fékk ákærði Óskar Agnar ákærða Sigurð til að afhenda honum fyrrgreindar 24 bifreiðar úr vörugeymslu skipafélagsins án framvísunar nokkurra heimildarskjala. Ein bifreiðin mun þó hafa

verið afhent í september sama ár. Bifreiðarnar voru dregnar í burtu, stundum 2—3 eða nokkrar sama dag, af bifreið, sem ákærði Óskar Agnar ók, en annar maður, sem með honum var, stýrði nefndum bifreiðum. Ákærði Óskar Agnar lét ákærða Sigurð fá eina flösku af hvannarótarbrennivíni í hvert skipti, áður en hann fékk bifreið afhenta. Bauð hann ákærða Sigurði áfengið að fyrra bragði, en hinn síðarnefndi kveðst drekka þó nokkurt áfengi og ekki hafa fengið aðra umbun eða þóknun fyrir afhendingu bifreiðanna.

Ákærði Óskar Agnar kveður, að upphaf þessa hafi verið það, að hann hafi þurft mjög að fá eina bifreið afhenta, og þá án vitundar annarra eigenda Raftækni h/f beðið ákærða Sigurð um að láta hana af hendi án heimildarskjala, en því myndi verða kippt í lag eftir nokkra daga. Fyrirtækið Raftækni h/f hafi verið í fjárþröng á þessum tíma, en hann hafi gert sér vonir um, að úr þeim vandræðum myndi rætast, því að vonir hefðu staðið til, að inn í fyrirtækið kæmi maður með nokkurt reiðufé, þó að það brygðist. Hefur hann færzt undan að nafngreina mann þenna. Enn fremur kveður hann, að margir af hinum væntanlegu kaupendum bifreiðanna hafi verið búnir að greiða fyrirtækinu um helming kaupverðsins fyrirfram og því verið farnir að ganga eftir þeim. Þá hafi um mánaðamótin apríl og maí f. á. tollur af bifreiðum hækkað úr 40% í 90% eða um 20 þús. kr. Hafi því orðið tap á sölu þeirra, því að tollahækkunin hafi lent á fyrirtækinu, þar sem kaupsamningar um bifreiðarnar hafi verið miðaðir við hina eldri tolla. Kaupendur bifreiðanna hafi síðan greitt fyrirtækinu eftirstöðvar kaupverðsins, þegar þeir fengu þær í hendur.

Ákærði Sigurður kveður ákærða Óskar Agnar hafa lagt að sér að afhenda honum greindar 24 bifreiðar og lofað honum (ákærða Sigurði) því, að hann skyldi koma með stimpluð farmskírteini eftir mjög stuttan tíma. Kveðst ákærði Sigurður hafa látið undan honum, „vegna þess, að hann er meinlaus maður", eins og hann hefur komizt að orði um sig. Ákærði Óskar Agnar hafi þó aldrei komið með farmskírteinin.

Þegar bifreiðarnar voru afhentar úr vörugeymslunni til ákærða Óskars Agnars, voru ógreidd öll flutningsgjöld þeirra til Eimskipafélags Íslands h/f og allir tollar og aðflutningsgjöld, en verð bifreiðanna var, að því er hann telur, þegar greitt í Útvegsbanka Íslands, að undanskildum 342 þús. kr., en í þeirri upphæð var innifalið verð þriggja bifreiða, er voru enn geymdar hjá

skipafélaginu. Ákærði Sigurður kveðst hafa gert sér ljóst, þegar hann afhenti bifreiðarnar án framvísunar farmskírteina, að framangreind gjöld höfðu eigi verið greidd. Hafi hvarflað oftar en einu sinni að honum, að hann myndi baka skipafélaginu fjárhagstjón með háttsemi sinni, og hafi honum þá eigi liðið vel, en hins vegar hafi hann treyst því til hins síðasta, að ákærði Óskar Agnar kæmi með stimpluð farmskírteini og kippti málunum þannig í lag.

Lögfræðingur Eimskipafélags Íslands h/f hefur skýrt dóminum frá því, að tollyfirvöld og Útvegsbanki Íslands hafi tilkynnt skipafélaginu, að það sé gert ábyrgt fyrir greiðslu tolla og aðflutningsgjalda af bifreiðunum og þeim hluta af innkaupsverði þeirra, sem sé enn ógreitt. Samkvæmt því sé tjón félagsins sem hér segir:

1.	Tollar og aðflutningsgjöld af bifreiðunum ..	kr.	2.395.033.00
2.	Ógreitt innkaupsverð bifreiðanna	—	269.384.75
3.	Flutningsgjöld bifreiðanna	—	112.454.95
	Samtals	kr.	2.776.872.70

Var dómsátt gerð við ákærða Óskar Agnar um fjárhæð þessa þannig, að hann afhenti lögfræðingi skipafélagsins víxla, samtals að fjárhæð kr. 746.360.00, og setti að veði húseignina Háagerði 77 með II. veðrétti fyrir kr. 1.000.000.00, húseignina Háagerði 35 með VI. veðrétti fyrir kr. 800.000.00 og húseignina Langholtsveg 113 með IV. veðrétti fyrir kr. 700.000.00. Fébótakröfur hafa því ekki verið hafðar uppi í máli þessu.

Það kemur ekki til álita, hvort ákærði Óskar Agnar hefur með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 249. gr. sbr. 22. gr. eða gegn 250. gr., 1. mgr., 2. tölulið, almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, þar eð hann er ekki ákærður fyrir þau brot, en atferli hans verður, eins og í ákæru er gert, talið varða við 248. gr. hegningarlaganna svo og við 39. gr., 1. mgr., laga nr. 68 17. ágúst 1956 um tollheimtu og tolleftirlit. Hins vegar þykir hann ekki hafa brotið gegn 253. gr. hegningarlaganna, og ber því að sýkna hann af ákæru fyrir slíkt brot.

Ákærði Sigurður hefur með framangreindri háttsemi sinni gerzt brotlegur gegn 249. gr. hegningarlaganna svo og 46. gr. og 48. gr., 2. mgr. i.f., sbr. 102. gr., 1. mgr., reglugerðar nr. 41 13. marz 1957 um tollheimtu og tolleftirlit.

II (ákæruliður I, 2).

Með bréfi tollstjórans í Reykjavík, dags. 4. febrúar s.l., til sakadóms Reykjavíkur skýrði hann frá því, að í ljós hefði komið við endurskoðun, að af hálfu innflytjandans Raftækni h/f hefðu, að því er virtist, verið lagðir fram rangir innkaupareikningar yfir tvær bifreiðar og verið rifið neðan af þeim, áður en þeir voru lagðir fram. Þetta voru F/C VT Van bifreiðar, og kom önnur með m/s Tröllafossi til Reykjavíkur 4. marz s.l. (farmskrárnúmer 114), en hin með m/s Mánafossi 11. sama mánaðar (farmskrárnúmer 68).

Samkvæmt vörureikningum, sem tollyfirvöldin fengu yfir innflutning þessara tveggja bifreiða, var verð hvorrar £ 421–0–0, eða samtals £ 842–0–0, en vörureikingur yfir sams konar bifreið, sem kom með sama skipi og fyrrnefnda bifreiðin (farmskrárnúmer 215), sýnir auk verðs sjálfrar bifreiðarinnar, £ 421–0–0, neðst verð varahluta og fylgifjár hennar, samtals £ 58–8–6. Fjárhæðin kr. 26.418.00 í ákærulið I, 2, er af hálfu ákæruvalds byggð á því, að aðflutningsgjöld af vörum þeim, sem að verði séu £ 58–8–6, nemi kr. 13.321.00 og tvöföld sú upphæð kr. 26.642.00, sem sé að vísu kr. 124.00 hærri fjárhæð en í ákæruliðunum greinir, en það kunni að stafa af gengismismun, sem lagður sé til grundvallar við útreikninga starfsmanna tollskrifstofunnar.

Ákærði Óskar Agnar hefur eindregið neitað því að hafa rifið neðan af greindum tveimur innkaupareikningum. Kveður hann, að varahlutir hafi fylgt sumum bifreiðum, sem Raftækni h/f keypti frá Englandi, en öðrum ekki, og ef þeir hafi fylgt með, hafi þeir verið taldir neðst á reikningunum. Þó hafi stundum komið fyrir, að þegar félaginu hafi borizt innkaupareikningar bifreiða, sem varahlutir fylgdu, hafi verið búið að rífa frá þann hluta reikninganna, þar sem greindir voru varahlutir. Hafi þá þessir afrifnu hlutar verið stundum festir við reikningana með klemmum eða öðrum hætti, en stundum hafi þeir ekki verið með. Þetta hafi verið gert án vitundar starfsmanna Raftækni h/f. Kærði Óskar Agnar kveður því, að það hafi ekki verið í neinum blekkingartilgangi gert að framvísa hjá tollyfirvöldum innkaupareikningum þessum, heldur í mesta lagi athugaleysi. Lýsti hann því yfir í sakadómi 5. febrúar s.l., að hann væri reiðubúinn til að leiðrétta þetta með því, að félagið greiddi tilskilda tolla af þeim varahlutum, sem hefði átt að tilgreina á reikningunum.

Þessum framburði ákærða Óskars Agnars hefur hvorki verið hnekkt né hann verið rengdur. Þykir verða að leggja hann til grundvallar í málinu, og með því að eigi er sannað, að varahlutir hafi fylgt umræddum tveimur bifreiðum, verður ekki talið, að ákærði Óskar Agnar hafi framvísað röngum aðflutningsskýrslum. Ber því að sýkna hann af ákærulið I, 2.

III.

Refsing ákærða Óskars Agnars Ólafssonar þykir með hliðsjón af því, að hann hefur sett tryggingar fyrir fjártjóni, sem leitt hefur af atferli hans, hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði Óskar Agnar Ólafsson sat í gæzluvarðhaldi frá 29. janúar til 5. febrúar s.l. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber að láta þessa varðhaldsvist hans koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Refsing ákærða Sigurðar Þorkelssonar, sem var látinn hætta starfi hjá Eimskipafélagi Íslands h/f 29. janúar s.l., eftir að komst upp um háttsemi hans, þykir með hliðsjón af fyrri brotum hans hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði Sigurður sat í gæzluvarðhaldi frá 30. janúar til 4. febrúar s.l. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber að láta þessa varðhaldsvist hans koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Hinn 30. júní 1961 fékk ákærði Óskar Agnar Ólafsson leyfi til smásöluverzlunar í Reykjavík, og gilti verzlunarleyfi þetta fyrir Raftækni h/f, hér í borg. Framangreint atferli ákærða Óskars Agnars er það stórfellt, að rétt þykir samkvæmt 68. gr., 1. mgr., hegningarlaganna að svipta hann rétti til að reka smásölu ævilangt.

Ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Kristjáns Eirikssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði Óskar Agnar Ólafsson sæti fangelsi í 12 mánuði, en gæzluvarðhaldsvist hans frá 29. janúar 1964 til 5. febrúar sama ár komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Sigurður Þorkelsson sæti fangelsi í 7 mánuði, en gæzluvarðhaldsvist hans frá 30. janúar 1964 til 4. febrú-

ar sama ár komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Óskar Agnar Ólafsson er sviptur rétti til að reka smásölu ævilangt.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. júní 1965.

Nr. 112/1965. **Hafnarfjarðarkaupstaður**
(Kristinn Ó. Guðmundsson hdl.)
gegn
Bjarna Gíslasyni (Árni Gunnlaugsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Eignarnám. Um áfrýjun undirmatsgerðar.
Synjun um dómkvaðningu yfirvirðingarmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 5. janúar 1933 leigði bæjarstjórinn í Hafnarfirði samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Bjarna Gíslasyni útgerðarmanni á erfðaleigu lóð nr. 810 á Hörðuvöllum í Hafnarfirði, að stærð 6670 m², til fiskverkunar. Lóðin var leigð til 10 ára, en að þeim tíma liðnum, var leigusala rétt að segja erfðaleigunni upp með eins árs fyrirvara og án endurgjalds fyrir þau mannvirki, sem gerð hefðu verið á lóðinni.

Hinn 25. febrúar 1933 leigði bæjarstjórinn í Hafnarfirði samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Bjarna Gíslasyni á erfðaleigu lóð nr. 810a á Hörðuvöllum í Hafnarfirði, að stærð 512 m², undir fiskverkunarhús. Lóð þessi er hluti af fiskverkunarlóð þeirri, sem Bjarna Gíslasyni hafði verið leigð hinn 5. janúar 1933. Hafði Bjarni Gíslason því á erfðaleigu fiskverkunarlóð, að stærð 6158 m², og byggingarlóð, að stærð 512 m².

Hinn 8. desember 1964 ákvað bæjarstjórn Hafnarfjarðar að leggja veg yfir framangreindar lóðir, og skyldi samkvæmt uppdrætti frá því í febrúar 1965 taka vegna vegarins 720 m² af fiskverkunarlóðinni og 260 m² af byggingarlóðinni. Samkomulag komst eigi á milli aðilja um endurgjald fyrir lóðartöku þessa. Af þeim sökum dómkvaddi bæjarfógetinn í Hafnarfirði hinn 19. marz 1965 þá Jón Finnsson lögfræðing og Jón Ólaf Bjarnason búfræðing til þess að meta til peningaverðs nefnda lóðarhluta ásamt hluta af húsi, sem fjarlægja þarf. Matsmennirnir kváðu upp mat sitt hinn 14. apríl 1965. Í matsgerðinni segir m. a.:

„Á fiskverkunarlóðinni hefur eignarnámsþoli gert fiskreit til þurrkunar á saltfiski, og á byggingarlóðinni hefur hann reist fiskverkunarhús fyrir saltfisk og skreið. Aðalfiskverkunarhúsið er byggt innan takmarka byggingarlóðarinnar, en áfast við það að norðanverðu hefur eignarnámsþoli byggt skreiðargeymslu, sem nær nokkuð út fyrir takmörk byggingarlóðarinnar. Að norðanverðu við fiskverkunarhúsin hefur eignarnámsþoli gert stakkstæði eða fiskreit. Fiskreiturinn er í hrauni og stendur töluvert hærra en fiskverkunarhúsin. Hinn óbyggði hluti byggingarlóðarinnar er að norðvestanverðu við húsin. Aðkeyrsla að fiskverkunarhúsunum er eftir götuslóða, sem er framhald af Hörðuvöllum, og liggur hann yfir byggingarlóðina að vestanverðu og meðfram fiskverkunarhúsinu að sunnan. Á vesturgafli byggginganna eru tvær stórar dyr, aðrar á aðalfiskverkunarhúsinu, en hinar á skreiðargeymslu. Áætlað er, að fyrirhugaður vegur liggi skáhallt yfir umrædda byggingarlóð og undirstaða hans nái fast að norðurhorni aðalhússins og skeri í sundur endann á skreiðargeymslunni og liggi síðan þvert í gegnum fiskreitinn. Vegurinn verður upphleyptur við gaflinn á húsunum, og er áætlað, að yfirborð hans gegnt horninu á skreiðargeymslunni verði u.þ.b. í sömu hæð og það, en síðan verði vegurinn grafinn niður í gegnum hraunbunguna, sem reiturinn er á. Sýnilegt er, að við þessar framkvæmdir tekst af innkeyrsla í húsið á vesturgafli".

.....

„Eignarnámsþoli hefur haft fiskverkun í fiskverkunarstöð sinni á Hörðuvöllum í áratugi og starfrækir þar enn fiskverkun, þótt hún hafi dregizt nokkuð saman á s.l. árum. Sýnilegt er, að hinar fyrirhuguðu vegarframkvæmdir muni þrengja mjög að fiskverkunarstöð eignarnámsþola, og ekki verður séð, að hann geti bætt sér upp þá skerðingu, sem verður á athafnasvæði og mannvirkjum hans, þar sem ekkert verður eftir af byggingarlóðinni.

Innkeyrsludyr, sem nú eru á norðvesturgafli, verða ónothæfar. Hugsanlegt væri að færa dyrnar á aðalhúsinu til, en vafasamt er, að það myndi koma að sömu notum og dyr þær, sem fyrir eru á húsinu.

Svo sem áður greinir, reisti eignarnámsþoli skreiðargeymslu við norðurhlið aðalfiskverkunarhússins um 1952. Eru veggir hennar og gólf úr steinsteypu, en þakið úr timbri, járnvarið. Skreiðargeymslan er 12.90 m á lengd og 4.70 á breidd, eða um 61 m^2. Rúmmál hennar er um 155 rúmmetrar. Áætlað er, að vegurinn liggi skáhallt yfir enda skreiðargeymslunnar, eins og hann er nú, og má reikna með því, að skreiðargeymslan styttist um ⅓ hluta eða jafnvel meira. Um innkeyrslu í þenna enda hennar, eins og verið hefur, verður ekki að ræða. Til þess að komast inn í skreiðargeymsluna, verður því að fara í gegnum skúrbyggingu, sem er áföst við suðurenda hennar. Veldur þessi breyting verulegu óhagræði og röskun á hagnýtingu fiskverkunarhúsanna. Ekki verður heldur séð, eins og áður getur, að eignarnámsþoli geti með nýbyggingu aflað sér annars rýmis í stað þess, sem tapast.

Eins og áður greinir, tekst núverandi vegur, sem að nokkru leyti er á byggingarlóð eignarnámsþola, af. Veldur þetta því, að akstursleið af fiskverkunarstöðinni lengist, auk annars óhagræðis, sem svo mikil nálægð fjölfarins vegar hefur í för með sér.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með hliðsjón af þeim atriðum, sem taka ber tillit til við eignarnámsmat, metum við bætur til handa eignarnámsþola sem hér segir:

1. **Fiskverkunarlóð, 720 m^2.**

Bætur fyrir þann hluta fiskverkunarlóðarinnar, sem tekin er eignarnámi, þykja hæfilega ákveðnar kr. 36.000.00. Er þá jafnframt tekið tillit til þess óhagræðis, sem eignarnámsþoli verður fyrir vegna skerðingar á notkun þess hluta fiskverkunarlóðarinnar, sem ekki er tekinn eignarnámi nú.

2. **Byggingarlóð, 260 m².**

Með tilliti til legu lóðarinnar og þess, að hún er tekin undir veg, metum við bætur fyrir hana á kr. 19.500.00.

3. **Skerðing á fiskverkunarhúsum og rekstursaðstöðu.**

Hér að framan hefur verið lýst þeirri beinu skerðingu, sem verður á fiskverkunarhúsum eignarnámsþola. Auk þess verður að telja, að með fyrirhugaðri vegaframkvæmd hafi verið þrengt svo mjög að fiskverkunarstöð eignarnámsþola, að framtíðarmöguleikar hennar til sams konar reksturs og þar hefur verið í áratugi, hafi verið mjög skertir. Verður að fallast á það með eignarnámsþola, að verðgildi eignarinnar hafi rýrnað af þessum sökum og beri að bæta honum það tjón.

Samkvæmt framansögðu metum við bætur til handa eignarnámsþola samkvæmt þessum lið í einu lagi á kr. 200.000.00.

Heildarmat okkar samkvæmt framansögðu verður því kr. 255.500.00.“

Hinn 20. apríl 1965 hófu verktakar í samráði við bæjarverkfræðing Hafnarfjarðar að ryðja með jarðýtu hið numda land. Hafa þeir byggt þar undirstöðu undir hinn fyrirhugað veg. Hinn 30. apríl 1965 greiddi eignarnemandi umboðsmanni eignarnámsþolanda eignarnámsbætur þær, sem tilgreindar eru í undirmatinu. Sama dag ritaði umboðsmaður eignarnemanda Hæstarétti bréf og krafðist þess með skírskotun til 7. gr. laga nr. 61/1917 um framkvæmd eignarnáms, að Hæstiréttur kveddi þrjá menn til að framkvæma yfirvirðingu á hinum eignarnumdu verðmætum. Með bréfi til Hæstaréttar 29. apríl 1965 mótmælti umboðsmaður eignarnámsþolanda því, að dómkvaðningin fari fram. Fyrir Hæstarétti lýstu umboðsmennirnir því, að loku væri skotið fyrir

sátt um deiluefnið. Var af þeim sökum ákveðinn munnlegur málflutningur um það.

Eignarnemandi hefur gert þær dómkröfur, að yfirmat á áðurgreindum hluta af fiskverkunareignum Bjarna Gíslasonar á Hörðuvöllum í Hafnarfirði verði látið fara fram og eignarnámsþolanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eignarnámsþolandi krefst þess, að dómkvaðning yfirvirðingarmanna verði eigi framkvæmd og að eignarnemanda, Hafnarfjarðarkaupstað, verði dæmt að greiða honum málskostnað.

Eignarnám það, sem hér er um að tefla, er framkvæmt samkvæmt VII. kafla skipulagslaga nr. 19/1964 og lögum nr. 61/1917 um framkvæmd eignarnáms. Undirmatið var kveðið upp hinn 14. apríl 1965. Hinn 20. apríl 1965 var af hendi eignarnemanda hafizt handa um lagningu vegar á hinni eignarnumdu eign, og lét eignarnámsþolandi það viðgangast, þar sem hann sætti sig við undirmatið. Hinn 30. apríl greiddi eignarnemandi eignarnámsbæturnar.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 61/1917 má eignarnemandi taka hið eignarnumda í sína vörzlu, án þess að hindrað verði með áfrýjun gerðarinnar, gegn því að greiða matsverðið og allan áfallinn kostnað. Ef eignarnemandi velur þenna kost, getur hann hvorki samkvæmt nefndu lagaákvæði né meginreglum laga um greiðslur fyrir keypt verðmæti heimt aftur hið greidda fé, þótt yfirmat yrði lægra en undirmat. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að taka kröfu eignarnemanda í máli þessu um dómkvaðningu matsmanna til greina, og er því synjað um hana.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma eignarnemanda til að greiða eignarnámsþolanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Dómkvaðning sú, sem krafizt er, skal eigi fara fram.

Eignarnemandi, bæjarstjórinn í Hafnarfiði f. h.

bæjarsjóðs, greiði eignarnámsþolanda, Bjarna Gíslasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. júní 1965.

Nr. 208/1964. **Ársæll Sveinsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Hreggviði Jónssyni og gagnsök
(Árni Guðjónsson hrl.)
og
Hreggviður Jónsson
gegn
Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs til réttargæzlu.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skipulag kaupstaðar. Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi, Ársæll Sveinsson, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1964. Eru kröfur hans þessar:

I. **Í aðalsök í héraði:**

1. Að lögbannsgerðin frá 16. marz 1964 verði staðfest.

2. Að gagnáfrýjanda, Hreggviði Jónssyni, verði dæmt að greiða honum kr. 15.313.20 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. marz 1964 til greiðsludags.

II. **Í gagnsök í héraði:**

1. Að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum gagnáfrýjanda í gagnsökinni.

2. Að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um, að orðið „þrjózkast“ í gagnstefnu skuli vera ómerkt.

Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi, þar á meðal málskostnaðar í fógetadómi vegna álagningar lögbannsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 19. janúar 1965. Gerir hann þessar kröfur:

I. **Í aðalsök í héraði:**

1. Að lögbannsgerðin frá 16. marz 1964 verði felld úr gildi.

2. Aðallega, að honum verði dæmd sýkna af fjárkröfu aðaláfrýjanda, en til vara, að fjárkrafan verði færð niður, enda verði hann (gagnáfrýjandi) þá „eigandi þess timburs og efnis, sem í skúrinn var notað".

II. **Í gagnsök í héraði:**

1. „Að viðurkenndur verði með dómi réttur gagnáfrýjanda til byggingar á viðbótarlóðinni við Vesturveg og Græðisbraut í samræmi við þinglesinn lóðarleigusamning milli gagnáfrýjanda og bæjarstjórans í Vestmannaeyjum frá 14. febrúar 1964 skv. afstöðumynd og teikningu, er þeim samningi fylgja."

2. „Að aðaláfrýjandi verði með dómi réttarins skyldaður til að fjarlægja timburskúr þann, sem stendur á norðvestur hluta lóðar" gagnáfrýjanda „á horni Vesturvegar og Græðisbrautar og um er fjallað í máli þessu, innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins, að viðlögðum kr. 2.000.00 dagsektum, er renni til gagnáfrýjanda".

3. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 150.000.00 „í skaðabætur fyrir tafir, sem hann hefur orðið fyrir og mun verða fyrir vegna seinkunar á byggingaframkvæmdum við viðbótarbyggingu við bílaverkstæðið" ásamt 7% ársvöxtum af greindri fjárhæð frá 16. marz 1964 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi krefst þess að lokum aðallega, að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti bæði í aðalsök og gagnsök í héraði, en til vara, að verði fébótakrafa aðaláfrýjanda tekin að einhverju leyti til greina, þá verði málskostnaður í aðalsök látin falla niður.

Í Hæstarétti hafa ýmis ný gögn verið lögð fram.

Í bréfi skipulagsstjóra ríkisins 12. maí 1965 er frá því greint, að í gildi sé skipulagsuppdráttur fyrir Vestmannaeyjakaupstað, er staðfestur var af Stjórnarráðinu 3. nóvember 1932. Hefur eftirgerð þess uppdráttar af svæði því, sem um er að tefla, verið lögð fram. Samkvæmt skipulagsuppdrættinum er „fyrirhugaður vegur frá Heiðavegi að Flötum norðan Vesturvegar", eins og segir í fundargerð byggingarnefndar Vestmannaeyja 24. september 1963. Byggingarlóð sú, er bæjarstjóri Vestmannaeyja seldi gagnáfrýjanda á leigu með lóðarleigusamningi 14. febrúar 1964, er að nokkru í stæði nefnds vegar samkvæmt skipulagsuppdrættinum. Þetta mun stjórnvöldum Vestmannaeyjakaupstaðar hafa verið ljóst, er mörk lóðarinnar voru ákveðin. Á fundi sínum 24. september 1963, er getið var, ákvað byggingarnefnd Vestmannaeyja því að leggja til við bæjarstjórn, að skipulaginu yrði breytt þannig, að vegur þessi „verði lagður niður". Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti þessa tillögu byggingarnefndar á fundi 27. september 1963. Bæjarstjóri ritaði því næst hinn 2. október 1963 skipulagsstjóra ríkisins bréf, þar sem segir svo:

„Hjálagt sendist yður, herra skipulagsstjóri, samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja frá 27. september 1963 um skipulagsbreytingu í bænum. Tillögur bæjarstjórnar koma fram í hjálögðum útskriftum úr fundargerðum byggingarnefndar Vestmannaeyja og bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Óskast afgreiðslu þessa máls hraðað, svo sem unnt er."

Skipulagsstjóri afgreiddi málið með bréfi sínu til bæjarstjóra 18. október 1963, svohljóðandi:

„Í tilefni bréfs yðar, dags. 2. okt. s.l., skal tekið fram, að ég get fallizt á tillögu byggingarnefndar um að fella niður fyrirhugaðan veg frá Heiðavegi að Flatavegi norðan Vesturvegar."

Tillögur stjórnvalda Vestmannaeyjakaupstaðar um breytingu á skipulagi kaupstaðarins voru hins vegar eigi lagðar fyrir skipulagsnefnd ríkisins og Félagsmálaráðuneytið til úrlausnar samkvæmt 19. og 20. gr. laga nr. 55/1921, sbr. 14. gr. sömu laga og 4. gr. laga nr. 64/1938. Málið hefur

eigi heldur verið tekið til meðferðar samkvæmt V. kafla laga nr. 19/1964, eftir að þau lög tóku gildi. Hefur því engin lögleg breyting orðið á skipulagi Vestmannaeyja til samræmis við lóðarsamning gagnáfrýjanda frá 14. febrúar 1964. Gagnáfrýjandi getur því ekki byggt kröfur sínar á hendur aðaláfrýjanda, sem hagsmuna hefur að gæta um skipulag á umræddu svæði, á greindum samningi, þar sem hann brýtur í bága við gildandi skipulagsuppdrátt.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður

1) í aðalsök í héraði lögbannsgerðin frá 16. marz 1964 staðfest og gagnáfrýjanda dæmt að greiða aðaláfrýjanda fébætur, sem þykja hæfilega ákveðnar af héraðsdómara kr. 10.000.00, ásamt vöxtum, eins og síðar greinir, og

2) í gagnsök í héraði aðaláfrýjanda dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda.

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ber að staðfesta.

Eftir þessum úrslitum á gagnáfrýjandi að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Framangreind lögbannsgerð staðfestist.

Í aðalsök í héraði greiði gagnáfrýjandi, Hreggviður Jónsson, aðaláfrýjanda, Ársæli Sveinssyni, kr. 10.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. marz 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök í héraði á aðaláfrýjandi að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ómerkingu á að vera óraskað.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 10. desember 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. f. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Ársæli Sveinssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 23. marz 1964, birtri sama dag, á hendur Hreggviði Jónssyni bifvélavirkja, Vestmannaeyjum, til staðfestingar á lögbanni, sem fór fram 16. marz 1964, að undangengnum úrskurði fógetaréttar Vestmannaeyja, uppkveðnum þann dag. Enn fremur krafðist stefnandi málskostnaðar sér til handa eftir mati réttarins, bæði fyrir fógetarétti og fyrir bæjarþingi.

Með framhaldsstefnu, útgefinni 9. marz 1964, birtri 11. s. m., höfðaði stefnandi framhaldssök og krafðist þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum skaðabætur, kr. 15.313.20, auk 7% ársvaxta frá 21. marz 1964 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Aðalstefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að synjað yrði um staðfestingu lögbannsgerðarinnar og aðalstefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins. Í framhaldssök krafðist aðalstefndi aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að fjárhæðin verði verulega lækkuð og hann yrði þá eigandi timburs og efnis í skúrnum, en málskostnaður látinn falla niður.

Með gagnstefnu, útgefinni 19. maí 1964, höfðaði aðalstefndi gagnsök í málinu og gerði þær réttarkröfur, *að* viðurkenndur verði með dómi bæjarþingsins réttur sinn til byggingar á viðbótarlóðinni við Vesturveg og Græðisveg í samræmi við lóðarsamning milli sín og bæjarstjórans í Vestmannaeyjum frá 14. febrúar 1964 samkvæmt meðfylgjandi afstöðumynd og teikningu, *að* gagnstefndi verði með dómi réttarins skyldaður til að fjarlægja timburskúr þann, sem stendur á norðvesturhluta lóðar sinnar á horni Vesturvegar og Græðisvegar og um er fjallað í aðalsök og framhaldssök, innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins, að viðlögðum 2 þúsund króna dagsektum, er renni til gagnstefnanda, *að* gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 150.000.00 í skaðabætur fyrir tafir, er hann hafi orðið fyrir og mun verða fyrir vegna tafar á byggingu viðbótarbyggingar við bílaverkstæði sitt, *og að* gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í gagnsök eftir mati dómarans.

Gagnstefnandi áskildi sér rétt til að hækka skaðabótakröfu sína með framhaldsstefnu eða í sérstöku máli, ef í ljós kæmi,

að tjón hans næmi hærri fjárhæð. Svo áskildi hann sér rétt til skaðabótakröfu á Vestmannaeyjakaupstað, og var bæjarstjóranum f. h. Vestmannaeyjabæjar stefnt til réttargæzlu í málinu.

Gagnstefndi krafðist sýknu í gagnsök og málskostnaðar sér til handa úr hendi gagnstefnanda.

Hinn 13. október 1963 fékk aðalstefndi byggingu fyrir 420 fermetra lóð við Vesturveg að norðan og reisti þar hús fyrir bifreiðaverkstæði. Nokkru vestar við sömu götu sömu megin byggði Guðbrandur Reykdal Jónsson hús undir bikunarstöð og fékk leigusamning 26. júlí 1955 fyrir 375 fermetra lóð. Milli lóðanna var óbyggt svæði. Bifreiðaverkstæði aðalstefnda varð brátt of lítið vegna aukinna viðskipta, og á árinu 1957 sótti hann um viðbótarlóð vestan við hús sitt, að stærð 280 fermetrar, eða 14×20 metrar. Byggingarnefnd mælti með beiðninni á fundi 4. nóvember 1957, en með venjulegu skilyrði: að byggt yrði á lóðinni innan eins árs. Bæjarstjórn samþykkti umsóknina á fundi 15. nóvember s. á., en með þeirri breytingu, að stærð lóðarinnar yrði ákvörðuð þannig, að aðalstefndi fengi viðbótarlóð vestan við bifreiðaverkstæði sitt að lóð Reykdals Jónssonar og breidd lóðarinnar yrði 20 metrar. Öll bæjarstjórnin stóð að þessari samþykkt og þar á meðal aðalstefnandi. Aðalstefndi byggði ekki á lóðinni innan árs og fullnægði því ekki settu skilyrði. Á árinu 1963 var stækkun verkstæðishússins orðin aðkallandi, og sótti þá aðalstefndi að nýju um byggingu fyrir sömu viðbótarlóð, nú að stærð 11,90×21 metri, og einnig sótti hann um leyfi til að byggja viðbótarhús á lóðinni, að stærð 255 m^2, 1020 m^3. Byggingarnefnd mælti með báðum umsóknunum á fundi 30. maí 1963, og voru þær síðan samþykktar á bæjarstjórnarfundi 19. júlí 1963. Þegar hér var komið, var aðalstefnandi orðinn eigandi að bikunarstöð Reykdals Jónssonar. Varð hann eigandi eignarinnar með afsali, útgefnu 15. september 1958, þinglesnu 19. s. m. Hafði hann fyrirhugað og, að því er virðist, fengið samþykki byggingarnefndar til að byggja við húsið að austan og út að lóðarmörkum. Fyrirhugað var, að gluggar væru á austurhliðinni. Af þessu leiddi, samkvæmt fyrirmælum byggingarsamþykktar, að fjarlægðin að næsta húsi fyrir austan mátti ekki vera minni en 3.15 metrar.

Þessa hafði ekki verið gætt, er bæjarstjórn samþykkti viðbótarbyggingu aðalstefnda og lóðarumsókn hans. Að tilhlutan bæjarins var nú hafizt handa til þess að ráða hér bót á.

Bæjarverkfræðingur gerði nýjan uppdrátt af fyrirhugaðri við-

bótarlóð aðalstefnda, og náði hún nú skemur til vesturs, en í stað þess breikkuð til norðurs, og meðal annars yfir óbyggt svæði, þar sem skúrbygging stóð, tilheyrandi aðalstefnanda. Ný teikning var gerð á kostnað bæjarins af væntanlegri viðbótarbyggingu aðalstefnda. Er hinn nýi uppdráttur lóðarinnar og nýja teikningin af viðbótarbyggingunni lá fyrir, var málið tekið fyrir af byggingarnefnd Vestmannaeyja 5. nóvember 1963 til afgreiðslu. Í fundargerð nefndarinnar segir svo:

„.... lá fyrir fundinum uppdráttur að staðsetningu viðbyggingar við bílaverkstæði Hreggviðs Jónssonar við Vesturveg, sem bæjarverkfræðingur hefur gert. Nefndin er sammála um að úthluta Hreggviði Jónssyni viðbótarlóð í samræmi við uppdrátt bæjarverkfræðings. Lóðin verður 8.25 metra í vestur frá vesturgafli núverandi bílaverkstæðis, og eru þá 3,15 metrar í lóðarmörk fyrirhugaðrar byggingar Ársæls Sveinssonar. Enn fremur verður viðbótarlóð 5 metra í norður frá núverandi lóðarmörkum bílaverkstæðisins. Stærð viðbótarlóðar verður þá 315 m^2. Leggur nefndin til, að gefinn verði út lóðarleigusamningur fyrir þessari viðbótarlóð, enda verði byggt á lóðinni innan árs.

Með því að á hluta umræddrar lóðar eru skúrbyggingar, sem Ársæll Sveinsson á, samþykkir nefndin að tilkynna honum þessa niðurstöðu og fer fram á, að skúrarnir verði fjarlægðir, áður en hafizt verði handa við byggingar á umræddri lóð."

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendi bæði aðalstefnanda og aðalstefnda endurrit af fundargerð byggingarnefndar með bréfi, dags. 7. nóvember 1963. Aðalstefnandi hreyfði engum athugasemdum, og á bæjarstjórnarfundi, sem haldinn var 13. desember 1963, var fundargerðin samþykkt með öllum atkvæðum.

Hinn 14. febrúar 1964 gerði bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum lóðarleigusamning við aðalstefnda um viðbótarlóðina í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar og meðmæli byggingarnefndar. Fjórum dögum síðar, eða þann 19. febrúar, ritaði aðalstefndi aðalstefnanda bréf og sagði honum frá, að sér hefði verið veitt bygging fyrir lóðinni. Síðan sagði hann svo:

„Þar sem þér eigið geymsluhús á lóð þessari, fer ég fram á, að þér látið fjarlægja húsið af lóðinni fyrir næstkomandi laugardag 22. febrúar. Verðið þér ekki búnir að fjarlægja nefnt hús af lóðinni á tilsettum tíma, áskil ég mér rétt til að láta fjarlægja það á yðar kostnað."

Aðalstefnandi svaraði bréfi þessu ekki og gerði engar ráðstafanir til að verða við áskorun aðalstefnda. Um miðjan marz

s.l. hófst aðalstefndi síðan handa og fór sjálfur með sínum mönnum að rífa niður umrædda skúrbyggingu. Í skúrnum var geymt timbur, sem aðalstefnandi átti. Aðalstefnandi vildi ekki una þessum aðgerðum, og með beiðni, dags. 16. marz, krafðist hann þess, að lagt yrði lögbann við niðurrifi hússins á þeim forsendum, að hann væri eigandi þess og ætti tilkall til lóðarinnar, þar sem húsið stæði. Beiðnin var tekin fyrir í fógetarétti sama dag, og er trygging hafði verið sett, var beiðnin tekin til greina og aðalstefnda bannað með úrskurði að halda áfram niðurrifi hússins að viðlagðri ábyrgð.

Fyrir fógetaréttinum og einnig hér fyrir réttinum hélt aðalstefnandi því fram, að hann ætti tilkall til lóðarinnar, þar sem timburgeymsluskúr hans stóð. Áður var þar kálgarður, sem tilheyrði Birni Jónssyni í Gerði. Kálgarðinn kvaðst aðalstefnandi hafa keypt í október 1955 og hefur lagt fram yfirlýsingu frá Birni Jónssyni því til staðfestingar. Þar byggði hann síðan skúrinn og notaði hann fyrir timburgeymslu. Aldrei sótti hann um bygginguyfir lóðinni, enda kvað hann sér hafa verið kunnugt um, að hún ætti að fara undir götu samkvæmt skipulagsuppdrætti bæjarins.

Skipulagsuppdráttur hefur ekki verið lagður fram, en samkvæmt fyrirliggjandi gögnum virðist mega ganga út frá, að í gildandi skipulagsuppdrætti sé ætlazt til, að gata komi, þar sem skúrinn stendur, og fari yfir hluta lóðarinnar, sem aðalstefnda var úthlutað. En samkvæmt upplýsingum bæjarstjóra var leitað samþykkis skipulagsstjóra til breytingar á skipulagsuppdrættinum að þessu leyti, áður en lóðarúthlutunin var afgreidd af byggingarnefnd og bæjarstjórn, og veitti skipulagsstjóri samþykki sitt með bréfi, dags. 18. október 1964.

Aðiljar deila um lögmæti lóðarúthlutunarinnar til aðalstefnda. Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að óheimilt hafi verið að víkja frá gildandi skipulagsuppdrætti. Þetta mun þó iðulega vera gert og verður að teljast heimilt, þegar samþykki skipulagsstjóra er fengið, eins og hér átti sér stað. Einnig er því haldið fram, að ekki hafi verið gætt fyrirmæla 12. gr. laga nr. 55/1921. Upplýst má telja, að hvorki í þessu tilfelli né í öðrum hliðstæðum hafi verið farið eins að og mælt er fyrir um í 12. gr., er breytingar hafa verið gerðar á skipulagsuppdrætti Vestmannaeyja, og umboðsmaður aðalstefnda fullyrti, að sömu sögu væri að segja frá öðrum bæjum, þar sem hann þekkti til. Þegar þessa er gætt og þar við bætist, að aðalstefnanda var tilkynnt hinn

7. nóvember, eins og fyrr segir, um hina fyrirhuguðu lóðarúthlutun, án þess að hann hreyfði neinum athugasemdum, þá verður ekki litið svo á, að þetta atriði haggi gildi lóðarúthlutunarinnar. Að lokum var því hreyft, að samþykkt bæjarstjórnar hafi verið fengin með því að láta í veðri vaka, að samkomulag væri komið á milli aðiljanna um burtflutning timburgeymslunnar. Framburðir sumra þeirra, sem mættu fyrir réttinum, bentu til, að innan bæjarstjórnarinnar hafi sumir gert ráð fyrir, að slíkt samkomulag væri í þann veginn að komast á eða myndi komast á, en ekki hefur verið sýnt fram á, að það hafi verið forsenda fyrir samþykkt meirihlutans.

Um aðalsök og framhaldssök.

Þó að aðalstefndi hafi í höndum lóðarleigusamning um lóðina, verður ekki talið, að hann eigi rétt á að framkvæma sjálfur niðurrif hússins og brottflutning af lóðinni. Verður því litið svo á, að lögbannið hafi verið réttilega álagt, og verður það staðfest.

Af þessu leiðir, að aðalstefnda ber að greiða aðalstefnanda tjón, sem leiddi af ólöglegum aðgerðum hans. Í framhaldssökinni krefst aðalstefnandi kr. 15.313.20 til greiðslu á kostnaði við að bæta úr þeim skemmdum, sem aðalstefndi vann á húsinu. Sundurliðast krafan þannig:

Efni samkvæmt nótu	kr.	11.085.00
Vinnulaun	—	4.007.80
Söluskattur af vinnu	—	220.40
	Kr.	15.313.20

Aðalstefndi mótmælti fjárhæðinni sem allt of hárri, og sérstaklega mótmælti hann andvirði efnisins, sem svo að segja eingöngu er nýtt timbur. Hélt hann því fram, að unnt væri að hagnýta timbrið eða borðin síðar til annarra nota. Eftir atvikum virðist rétt að lækka bótakröfur aðalstefnanda niður í kr. 10.000.00, og verður aðalstefndi dæmdur til að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Málskostnaður í aðalsök, framhaldssök og gagnsök verður ákveðinn í einu lagi.

Um gagnsök.

Eins og áður segir, byggir gagnstefndi rétt sinn til lóðarinnar á afsali frá Birni Jónssyni í Gerði. Björn mun hafa haft þar kálgarð um skeið, án skriflegs samnings við ríkið og þess að

greiða sérstakt endurgjald fyrir. Við afsalið öðlaðist gagnstefndi aðeins þau réttindi, sem Björn Jónsson kann að hafa átt, enda tekur Björn ekki annað fram í yfirlýsingu sinni en hann hafi selt gagnstefnda umræddan matjurtagarð, húslóðarréttindi átti Björn ekki og gagnstefndi ekki heldur og hafði aldrei um þau sótt, eins og áður getur, þó að hann hins vegar byggði þar bráðabirgðaskúr fyrir timburgeymslu.

Lóðarleigusamningur gagnstefnanda liggur fyrir í eftirriti. Samkvæmt því, er fyrr segir, verður að telja samninginn gildan, og veitir hann gagnstefnanda réttindi eftir ákvæðum sínum. Lóðin er leigð gagnstefnanda til húsbyggingar og annarra löglegra afnota í sínar eigin þarfir og enginn fyrirvari gerður, varðandi timburgeymsluskúr gagnstefnda eða til hugsanlegs réttar hans til lóðarinnar. Samkvæmt þessu á gagnstefnandi ótvíræðan rétt til að byggja hús á lóðinni, og með því að fyrir liggur teikning af fyrirhugaðri byggingu, sem hlotið hefur samþykki bæjaryfirvalda, verður fyrsti liður í gagnkröfu hans tekinn til greina að öllu leyti. Af þessu leiðir, að gagnstefnandi á heimtingu á, eftir löglegum leiðum, að timburskúr gagnstefnda verði fjarlægður, svo að unnt verði að koma upp byggingunni. Þykir því bera að taka annan kröfulið í gagnkröfunum til greina og skylda gagnstefnda til að fjarlægja timburskúrinn innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum, sem renni til gagnstefnanda, er þykja hæfilega ákveðnar kr. 2.000.00 á dag, eins og krafizt er.

Þriðji kröfuliður gagnstefnanda er kr. 150.000.00 í skaðabætur fyrir tafir við byggingu viðbótarbyggingarinnar, sem hann hafi orðið fyrir og muni verða fyrir af völdum gagnstefnda. Ljóst er, að gagnstefnandi átti þess ekki kost að hefja byggingarframkvæmdir á lóðinni vegna afstöðu gagnstefnda, en í máli þessu hefur hann engin gögn lagt fram, sem sýni fram á eða gefi bendingu um, hvert tjón hann kann að hafa beðið af þeim sökum. Þykir því ekki fært að taka þenna kröfulið til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt að ákveða, að gagnstefndi og aðalstefnandi greiði gagnstefnanda og aðalstefnda kr. 6.000.00 í málskostnað í gagnsök, aðalsök og framhaldssök.

Í gagnstefnu komst gagnstefnandi þannig að orði: „Gagnstefndi hefur þrjózkast við að fjarlægja timburskúr.“ Umboðsmaður gagnstefnda krefst þess, að orðið „þrjózkast“ verði dæmt dautt og ómerkt. Orðið hefur niðrandi merkingu, og þykir rétt að taka kröfuna til greina og dæma það dautt og ómerkt.

Eftir að málið fór í dóm, var mælzt til af hálfu bæjaryfirvalda, að dómsuppsögu yrði ekki hraðað, vegna þess að horfur væru á, að samkomulag kynni að komast á milli aðilja. Dómaranum er kunnugt um, að gerðar voru tilraunir til að koma á samkomulagi, en þær hafi ekki tekizt. Annir hafa verið miklar hjá dómaranum vegna innheimtustarfa, lögreglumála og daglegrar afgreiðslu og síðustu daga vegna landhelgismála. Þessar ástæður liggja til þess, að dómsuppsaga hefur dregizt mikið umfram venju.

Dómsorð:

Framangreind lögbannsgerð er staðfest.

Aðalstefndi, Hreggviður Jónsson, greiði aðalstefnanda, Ársæli Sveinssyni, kr. 10.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. marz 1964 til greiðsludags.

Í gagnsök er viðurkenndur réttur gagnstefnanda, Hreggviðs Jónssonar, til þess að byggja á viðbótarlóðinni við Vesturveg og Græðisveg samkvæmt lóðarleigusamningi frá 14. febrúar 1964 og í samræmi við afstöðumynd og teikningu, samþykkta af bæjaryfirvöldum.

Gagnstefnda, Ársæli Sveinssyni, er skylt að fjarlægja timburskúr af umræddri lóð innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlögðum kr. 2.000.00 dagsektum, sem renna til gagnstefnanda, Hreggviðs Jónssonar.

Gagnstefndi og aðalstefnandi, Ársæll Sveinsson, greiði gagnstefnanda og aðalstefnda, Hreggviði Jónssyni, kr. 6.000.00 í málskostnað.

Orðið „þrjózkast“ í gagnstefnu skal vera dautt og ómerkt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 31. ágúst 1965.

Nr. 131/1965. **Ákæruvaldið**
gegn
Martin Koert Smidt.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. ágúst 1965, sem barst dóminum 13. s. m. Krefst saksóknari þess með skírskotun til 3. tölul. 171. gr. sbr. 74. gr. laga nr. 82/1961, sbr. og 10. tölul. 172. gr. sömu laga, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Hvorki veita greind lagaboð né aðrar réttarreglur heimild til kæru máls þessa, sem því ber að vísa frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. ágúst 1965.

Ár 1965, þriðjudaginn 3. ágúst, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins að Borgartúni 7 af Loga Guðbrandssyni, kveðinn upp úrskurður um rétt og skyldu umboðsmanns kærða til að ljúka refsimáli fyrir hans hönd með dómsátt.

Málavextir eru þessir:

Hinn 5. febrúar s.l. kom hollenzka flutningaskipið m/s Linde frá Gröningen frá útlöndum til Eskifjarðar. Fór skipið þaðan daginn eftir norður um land til Þórshafnar, Ólafsfjarðar og Akureyrar. Grunur kom upp um, að áfengi hefði verið selt í skipinu og því smyglað í land bæði á Eskifirði og Ólafsfirði, og fór fram dómsrannsókn á báðum þessum stöðum af því tilefni.

Þegar til Akureyrar kom, reyndi skipstjóri m/s Linde, Martin Koert Smidt, að fá skipt íslenzkum kr. 59.500.00 fyrir erlenda

peninga í útibúi Útvegsbanka Íslands á Akureyri. Ekki er ljóst af málsskjölum, hvaða upphæð í íslenzkum peningum skipstjórinn hafði undir höndum, en það mun hafa verið um kr. 110.000.00 til kr. 115.000.00. Peninga þessa kvaðst hann hafa keypt af skipakaupmanni í Ceuta á Spáni, en önnur deili vissi hann ekki á honum.

Á Akureyri fór fram dómsrannsókn á ætluðu broti skipstjórans á „gjaldeyrislögum og reglugerð um gjaldeyrismeðferð o. fl.“

M/s Linde var að henni lokinni siglt austur um land aftur, og á Eskifirði var gerð dómsátt við skipstjórann vegna áfengissölu skipshafnar hans. Jafnframt var bókað eftir honum umboð til Ásgeirs Jónssonar framkvæmdastjóra, Hólavallagötu 3, Reykjavík, til að svara til saka í máli, varðandi hugsanlegt brot skipstjórans á lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. nr. 30/1960 og reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála nr. 79/1960, sbr. reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 79/1960 nr. 123/1962, þar á meðal til að gangast undir dómsátt.

Þá ábyrgðist Ásgeir Jónsson fyrir hönd Kol og Salt h/f greiðslu á sekt, allt að kr. 50.000.00, sem kærði kynni að verða dæmdur í vegna brota á gjaldeyrislöggjöfinni.

Í bréfi til sakadóms Reykjavíkur, dags. 22. marz s.l., lýsti saksóknari ríkisins því yfir, að hann samþykkti, að máli þessu yrði, að því er varðaði meint brot gegn íslenzkri gjaldeyrislöggjöf o. fl., lokið með þeirri dómsátt, að nefndur Martin Koert Smidt greiddi hæfilega sekt auk sakarkostnaðar.

Kærði var þá farinn af landi brott og ekki væntanlegur hingað aftur. Ritaði því dómarinn saksóknara ríkisins bréf, þar sem segir m. a.: „Kærði Martin Koert Smidt er farinn af landi brott og er ekki væntalegur aftur til landsins.

Málinu getur því ekki orðið lokið í samræmi við óskir yðar í fyrrnefndu bréfi, þar sem kærði getur ekki sjálfur undirritað sátt í málinu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961.“

Krafðist þá saksóknari þess, að kveðinn yrði upp „dómsúrskurður um rétt og skyldu umboðsmanns kærða hér á landi, Ásgeirs Jónssonar framkvæmdastjóra, Hólavallagötu 3, hér í borg, til að ljúka málinu í umboði kærða á þann veg, sem samþykkt var í fyrrgreindu bréfi embættisins frá 22. marz s.l.“

Málsmeðferð samkvæmt 112. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála er undantekning frá hinni almennu meðferð opinberra mála. Hún er einnig sýnu óvandaðri en hin almenna meðferð. Þannig er dómara ekki gert að rökstyðja niður-

stöðu sína, og niðurstaða hans þarf að vera fjarstæð, til þess að henni verði hnekkt í æðra dómi.

Hníga því öll rök að því, að skýra beri ákvæði 112. gr. laga nr. 82/1961 þröngt. Verður að gera kröfu til, að í öllu sé fullnægt þeim skilyrðum, sem þar eru sett fyrir því, að ljúka megi máli með dómsátt.

Eitt þessara skilyrða er það, að sökunautur skuli játast undir ákvörðun dómara með undirskrift sinni í þingbók.

Með orðalagi ákvæðisins eru útilokaðar allar aðrar aðferðir til að játast undir dómsátt, enda er nauðsynlegt að tryggja óvéfengjanlega sönnun þess, að kærði hafi raunverulega viljað undirgangast sátt, m. a. vegna hugsanlegra ítrekunarverkana, innfærslu í sakaskrá, innheimtu sektar eða úttektar vararefsingar.

Kærði í máli þessu, Martin Koert Smidt skipstjóri, er ekki talinn líklegur til að koma aftur hingað til lands. Máli þessu verður því, að svo stöddu, ekki lokið með dómsátt við hann sjálfan.

Málinu verður heldur ekki samkvæmt því, sem að framan sagði, lokið á þann veg, að umboðsmaður kærða undirgangist dómsátt í umboði hans, og hefur umboðsmaðurinn hvorki rétt né skyldu til að ljúka málinu á þenna hátt í umboði kærða.

Ályktarorð:

Ásgeir Jónsson, umboðsmaður kærða í máli þessu, Martins Koerts Smidts, hefur hvorki rétt né skyldu til að gera fyrir hönd kærða dómsátt um refsingu hans.

Mánudaginn 20. september 1965.

Nr. 109/1965. **Einar Bragi Sigurðsson, Kristján Jóhannesson, Sigurjón Þorbergsson, Stefán Pálsson, Haraldur Henrýsson, Ingimar Jónasson og Sigmar Ingvason**
gegn
Lárusi Jóhannessyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds og Logi Einarsson, prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason og Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti.

Kærumál. Vitnaleiðsla. Spurningar eigi leyfðar.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa hinn 24. maí 1965 kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 14. s. m., þar sem þeim er synjað þess, að lagðar verði nokkrar vitnaspurningar fyrir vitnið Magnús Jónsson bankastjóra. Barst Hæstarétti kæran 15. júní þ. á., og hafa báðir aðiljar sent dóminum greinargerð um kæruatriði.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að bera upp fyrir greint vitni spurningar þær, er í málinu greinir. Þá krefjast þeir og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Kæra máls þessa er heimil samkvæmt 21. gr., 1, c, laga nr. 57/1962.

Samkvæmt ákvæðum 126. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði verða embættismenn og sýslunar eigi krafðir vitnisburðar um það, sem þeir hafa fengið vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara, nema hagsmunir ríkis eða almennings séu í húfi eða sá leyfi, sem með á. Í 2. mgr. 93. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála er kveðið svo á, að opinberir starfsmenn verði eigi krafðir vitnisburðar um þetta efni, nema viðkomandi

ráðherra leyfi, og á það ákvæði hér við samkvæmt undirstöðurökum sínum. Eins og rakið er í úrskurði héraðsdómara, er vitnið Magnús Jónsson krafið vitnisburðar um efni, sem það hefur fengið vitneskju um sem bankastjóri Búnaðarbanka Íslands og ljóst þykir, að leynt eigi að fara, sbr. 3. mgr. 56. gr. laga nr. 115/1941. Leyfis ráðherra þess, er í hlut á, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/1960, hefur eigi verið aflað. Þegar af þeirri ástæðu þykir bera að staðfesta úrskurð héraðsdómara að niðurstöðu til.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 14. maí 1965.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 30. f. m., hefur Lárus Jóhannesson, fyrrverandi hæstaréttardómari, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 6. marz 1964, á hendur Einari Braga Sigurðssyni rithöfundi, Bjarnarstíg 4, hér í borg, sem ábyrgðarmanni blaðsins Frjálsrar þjóðar vegna tilgreindra ummæla í 34., 35., 36., 37. og 38. tbl. 12. árgangs blaðsins, sem út komu dagana 7., 14., 21. og 28. september og 5. október 1963. Eru greinar þessar ýmist ritaðar undir dulnefni eða höfundar er á engan hátt getið. Stefnandi telur hin umstefndu ummæli ærumeiðandi fyrir sig og telur stefnda Einar Braga Sigurðsson bera refsi- og fébótaábyrgð vegna birtingar þeirra sem ábyrgðarmaður blaðsins á þeim tíma, er ummælin birtust. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi Einar Bragi Sigurðsson verði dæmdur til þyngstu refsingar, sem lög leyfa fyrir greinar þessar og fyrir að leggja hann opinberlega í einelti með vísvitandi ósönnum skýrslum samkvæmt ákvæði 2. liðs 232. gr., 234. gr., 235. gr., 236. gr. og 237. gr. almennra hegningarlaga. Þá krefst stefnandi þess samkvæmt ákvæði 241. gr. sömu laga, að hin tilgreindu ummæli verði dæmd dauð og ómerk. Þá krefst stefnandi þess samkæmt 2. tl. 241. gr. almennra hegningarlaga, að stefndi Einar Bragi Sigurðsson verði dæmdur til að greiða sér kr. 15.000.00 til þess að standast kostnað af birtingu dóms í máli þessu í þeim blöðum, sem að einhverju

eða öllu leyti birtu greinar um hann eftir Frjálsri þjóð, en þau blöð kveður stefnandi vera Þjóðviljann, Tímann, Alþýðublaðið, Ný vikutíðindi og Mánudagsblaðið hér í Reykjavík og „sjálfsagt mörg blöð úti á landi, sem ég veit ekki um enn", eins og segir í kröfugerð stefnanda. Þá gerir stefnandi og þá dómkröfu, að stefndi Einar Bragi Sigurðsson verði samkvæmt ákvæði 22. gr. laga nr. 57 frá 1956 dæmdur til þess að birta væntanlegan dóm í máli þessu „með jafnstórri fyrirsögn og höfð hefur verið stærst í svívirðingargreinunum um mig", eins og segir í kröfugerð stefnanda. Þá gerir stefnandi þá dómkröfu, að stefndi Einar Bragi Sigurðsson verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur vegna hinna umstefndu ummæla, bæði fyrir beint fjártjón eftir almennum reglum svo og bætur samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga fyrir þjáningar, hneisu og óþægindi svo og fyrir röskun á stöðu og högum, allt að kr. 500.000.00 með 7% ársvöxtum frá birtingardegi stefnu, 6. marz 1964, til greiðsludags. Að lokum hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi Einar Bragi Sigurðsson verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Undir rekstri málsins hefur stefnandi fallið frá kröfu sinni um bætur fyrir fjárhagslegt tjón, en hann heldur fast við kröfu sína um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga og fjárkröfu sína, kr. 500.000.00, sem bætur fyrir það. Í framangreindum eintökum Frjálsrar þjóðar er Hugins h/f getið sem útgefanda blaðsins. Hefur stefnandi einnig stefnt stjórnendum félagsins, en þá kveður hann vera auk stefnda Einars Braga Sigurðssonar þá Kristján Jóhannesson, Dalbraut 1, Sigurjón Þorbergsson, Lokastíg 4, Stefán Pálsson, Stýrimannastíg 14, og Harald Henrysson, Kambsvegi 12, hér í borg. Einnig hefur stefnandi stefnt varastjórnendunum Ingimar Jónassyni, Grettisgötu 77, hér í borg, og Sigmar Ingasyni, Ytri-Njarðvík. Á hendur öllum þessum stefndu gerir stefnandi þær dómkröfur, að þeir verði einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að þola það, að fjárnám verði gert í eignum þeirra fyrir sekta-, skaðabóta- og málskostnaðargreiðslum svo og fyrir greiðslu kostnaðar af birtingu dóms, sem aðalstefndi, Einar Bragi Sigurðsson, kann að verða dæmdur til að greiða í máli þessu, að svo miklu leyti sem greiðslugeta Einars Braga Sigurðssonar hrekkur ekki til fyrir greiðslum þessum. Þá krefst stefnandi og þess, að þessir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér málskostnað að skaðlausu eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Stefnandi hefur

áskilið sér rétt til að stefna síðar þeim stofnendum Hugins h/f, sem ekki eru einnig í stjórn þess, og gera á hendur þeim sams konar kröfur og á hendur félagsstjórninni. Einnig hefur hann áskilið sér rétt til að framkvæma kyrrsetningu á eignum aðalstefnda eða varastefndu undir rekstri málsins.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda. Til vara er þess krafizt, að fjárbótakröfur stefnanda á hendur stefndu verði stórlega lækkaðar að mati dómarans og að aðalstefndi, Einar Bragi Sigurðsson, verði einungis dæmdur til að greiða lága fjársekt. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu. Í greinargerð stefndu kom fram frávísunarkrafa af hálfu svonefndra varastefndu, Kristjáns Jóhannessonar, Sigurjóns Þorbergssonar, Stefáns Pálssonar, Haralds Henryssonar, Ingimars Jónassonar og Sigmars Ingasonar. Fór fram málflutningur um frávísunarkröfuna hinn 28. maí 1964. Með úrskurði, uppkveðnum hinn 6. júní 1964, var frávísunarkröfunni hrundið.

Verða nú hin umstefndu uummæli rakin:

I. Í 34. tbl. 12. árgangs Frjálsrar þjóðar, er út kom hinn 7. september 1963.

a) Í greininni „Hæstaréttardómari seldi — Hilmar keypti affallavíxil verkamannsins", fyrirsögn greinarinnar og ummælin:

1. *Búnaðarbankinn tapar á víxilkaupunum.*

Við athugun á reikningum Búnaðarbankans kemur í ljós, að hann hefur beinlínis tapað á því að kaupa víxil Ágústs Sigurðssonar og konu hans.

2. En þó að hag sparisjóðsdeildar Búnaðarbankans sé þannig komið, að hún sé í raun jafngjaldþrota og aðrir sjóðir bankans voru gerðir með gengisfellingunum, þar sem sparisjóðsdeildin fleytir sér á okurlánum frá Seðlabankanum, er samt viðstöðulaust haldið áfram að kaupa jafnvafasama pappíra og víxil Ágústs Sigurðssonar og konu hans, án athugasemda, sem vissulega var algjörlega óverjandi frá bankans sjónarmiði. Auk þess heldur bankinn áfram að kaupa skuldabréf með 6—7% vöxtum miljónum saman. Hér hlýtur því að vera um að ræða aðra skýringu en þá, sem venjuleg bankaviðskipti byggjast á í siðuðu þjóðfélagi.

3. *Verðbréfasala Lárusar Jóhannessonar.*

Frjáls þjóð hefur um það upplýsingar, að verðbréfasala Lárusar Jóhannessonar hafi haft kvóta í bankanum (eftir öðrum heimildum nær ótakmarkaðan) og alla víxla og verðbréf, sem þessi verðbréfasali kom með, hafi bankinn keypt athugasemdalaust, a.m.k. meðan kvótinn entist, eins og víxil Ágústs Sigurðssonar. Þar er þá fengin skýringin á því, hvers vegna mögguleikar Ágústs til að borga, og þörf fyrir lán, eru ekki könnuð af bankans hálfu, þar sem Lárus var seljandinn.

4. Viðskipti Jóhannesar Lárussonar hrl. eru nefnilega framhald á viðskiptum verðbréfasölu Lárusar Jóhannessonar við Búnaðarbankann. Sér þá hver heilvita maður, hverju hér er blátt áfram boðið heim ....

5. *Við rætur meinsins.*

Eins og þessi frásögn ber með sér, hefur lausleg könnun blaðsins, sem væntanlega verður umfangsmeiri fyrir sakadómi, á máli Ágústs Sigurðssonar og sögusviði þess leitt okkur beint að rótum þess meins, sem grafið hefur um sig í þjóðfélagi okkar á verðbólgutímunum. Banki, sem á að vera lyftistöng fyrir bændastéttina, lendir, að því er virðist, í klóm verðbólgubraskara, verðbréfakaupmanna og skuggalegra fjáraflamanna, þó að betur verði greint frá því síðar.

Dæmið mætti setja þannig upp: Fátækur verkamaður í vandræðum veit af fyrri reynslu í banka, að hann fær þar ekki það lán, sem hann þarf, vegna þess að bankinn hefur ekkert fé til að lána, nema með tapi. Í nauð sinni lendir hann hjá verðbréfasala, sem segist verða að taka 65.000.00 kr. afföll af 150.000.00 kr. víxli. Verðbréfasalinn fer með víxilinn upp á kvóta sinn eða sinna í bankanum og fær 150.000.00 kr., þó að bankinn tapi stórfé í vöxtum á viðskiptunum. Og sparisjóðsdeild bændabankans, sem hefði átt að geta styrkt lánasjóði bænda, hefði hún grætt, svo ekki þyrfti að taka þangað gengisfellingarlán, getur ekki gert það, þar sem verðbréfasalar og fleiri hafa ráð hennar í hendi sér, að því er virðist.

Hin botnlausa fjármálaspilling hefur fundið sér neðanjarðarfarveg, eykst og útnar út, og streymir fram kolmórauð, eins og stórfljót í leysingum.

Í þessu fljóti er íslenzka þjóðin að drukkna, siðgæði hennar og manndómur að kafna. Því heitum við á yfirsakadómara að taka nú á öllu því, sem honum er bezt gefið.

Leggist hinir beztu menn allir á eitt, mætti svo fara, að þjóðin ætti sér enn von, þótt dökkt sé í álinn.

b) Í greininni „Lagaverðir á leið til stjarnanna", fyrirsögnin og greinin sjálf, sem er svohljóðandi:

Lárus Jóhannesson hæstaréttardómari hefur verið kosinn forseti Hæstaréttar frá og með 1. september s.l. og er þessa dagana ásamt forsætisráðherra handhafi forsetavalds á Íslandi. Í nýútkomnu Blaði lögmanna er frá því skýrt, að Jóhannes Lárusson hafi hinn 13. júlí s.l. öðlazt réttindi hæstaréttarlögmanns. Er ekki örvænt, að hans bíði, er stundir renna, æðsti frami á sviði réttargæzlu og dómsmála, svo staðfastlega sem hann virðist ætla að feta í spor föður síns.

c) Í greininni „Otur skrifar: Stafar almenningi hætta af lögfræðingum?" ummælin: ....

Jafnvel dómurum er engan veginn treystandi í þjóðfélagi okkar í dag. Í dómarasætum geta setið hinir verstu bófar, sem aðrir sekir lögfræðingar vita allt um og geta því með hótunum um uppljóstranir neytt til rangdæmis eða eyðileggingar á upplögðu máli gegn lögfræðingi.

d) Í greininni „Banki bænda" ummælin: ....

Þann gróða, sem sparisjóðsdeild Búnaðarbankans hefði getað haft, hafa verðbréfabraskarar og affallavíxlasalar hirt, eins og reikningar bankans bera með sér. Hefði sparisjóðsdeildin sjálf fengið þennan mikla gróða verðbólguáranna, hefði hún e.t.v. verið þess umkomin að lána sjálf sjóðunum, þannig að komast hefði mátt hjá hinum erlendu lántökum og þar með gjaldþroti þessara sjóða.

Telur stefnandi ummæli þessi varða við 234. eða 236. gr. almennra hegningarlaga.

II. Í 35. tbl. 12. árgangs Frjálsrar þjóðar, er út kom hinn 14. september 1963.

a) Í greininni „Víxilkaup Jóhannesar. Kaupmaður missti aleigu sína. Úr viðtali við Magnús Jónsson bankastjóra", undirfyrirsögnin „Mál Guðmundar Óskarssonar" og ummælin: ....

Nú var þess óskað af hálfu blaðsins að mega leggja fyrir bankastjórann eitt nýtt mál, sem blaðið hafði upplýsingar um. Ungur kaupmaður hér í bæ, Guðmundur Óskarsson, átti sumarið 1960 fokhelt verzlunar- og íbúðarhús, skuldlaust. Vantaði hann nú peninga til að geta haldið áfram með bygginguna. Leitaði hann til Búnaðarbankans um, þó ekki væri nema 50 þús. kr. lán út á 1. veðrétt í eigninni, en fékk neitun. Loks neyddist

Guðmundur til þess að fara til Jóhannesar Lárussonar hdl. í júnímánuði 1960. Keypti Jóhannes af honum 250.000.00 kr. víxil. Afföll voru 100.000.00, 2% greiðsla til Jóhannesar fyrir að útvega lánið, og auk þess greiddi Guðmundur vexti og þóknun í sex mánuði. Víxillinn var tryggður með 1. veðrétti í húseign Guðmundar. Samþykkjandi víxilsins var Guðmundur Óskarsson, en kona hans útgefandi. Samið var um að greiða víxilinn niður á ákveðnu árabili. Þegar Guðmundur ætlaði að greiða af víxlinum í desember 1960, tjáði Jóhannes Lárusson honum, að víxillinn væri eign Búnaðarbankans, og kannaðist ekki við að hafa lofað því, að víxillinn skyldi framlengdur. Guðmundur skýrði nú bankastjóra Búnaðarbankans frá málinu, en hann kannaðist ekki heldur við nein loforð um framlengingu. Gat Guðmundur að sjálfsögðu ekki greitt víxilinn, og sat nú við svo búið. Síðar fær Guðmundur boð um að mæta hjá Hilmari Stefánssyni bankastjóra til að ganga frá framlengingu á víxlinum. Tjáði Hilmar þá Guðmundi, að Lárus Jóhannesson hefði samið við bankann um framlengingu og greiðslutíma á víxlinum, en við hann hafði Guðmundur aldrei rætt um það mál. Of langt er að rekja framhald þessa máls að sinni, sem endaði með því, að Guðmundur Óskarsson stóð uppi eignalaus maður. Með tilvísun til greinargerðar bankastjóra Búnaðarbankans liggur fyrir, að Búnaðarbankinn hefur aldrei átt víxla- eða verðbréfaviðskipti við Jóhannes Lárusson hrl. Augljóst virðist því, að Búnaðarbankinn hafi keypt víxil Guðmundar Óskarssonar og konu hans af Lárusi Jóhannessyni, þó að bankinn gæti ekki keypt 50 þús. kr. víxil af Guðmundi sjálfum. Magnús kvað þessi viðskipti til komin fyrir sína tíð í bankanum, og gæti hann því ekki svarað til um þau. Var hann þá að því spurður, hvort skilríki, varðandi þennan víxil, ættu ekki að vera til í bankanum. Kvað hann svo vera. Ýmislegt fleira bar á góma, sem ekki er rúm til að rekja nú.

b) Í greininni „Blaðsjá. Fjárhagsvandræði leyst" ummælin: .... Athugasemdinni fylgir mynd af kvittun, sem gæti — þótt ófölsuð væri — ekkert leitt í ljós, nema það, hvernig okurlánastarfsemi fer fram: lántakandi telst hafa tekið við einni upphæð og skuldbindur sig til að greiða hana, en fær í hendur aðra og langtum lægri fjárhæð. Blaðið flytur þessa „leiðréttingu" athugasemdalaust og setur henni fyrirsögn: „Sök er fyrnd, ef nokkur hefði verið."

c) Í greininni „Ekki okurmál", fyrirsögnin og ummælin: Vegna blaðaskrifa um mál Ágústs Sigurðssonar, þar sem það

er kallað okurmál, vill Frjáls þjóð taka ýtarlega fram, að hér er ekki um okurmál að ræða í þeirri merkingu, sem almennt er lögð í það orð. Hér er um miklu alvarlegra mál að ræða en hin svonefndu okurmál, einnig frá lagalegu sjónarmiði.

d) Í greininni „Athugasemd við skýrslu bankastjóra Búnaðarbankans, ummælin: ....

Vissulega varð ekki hjá því komizt að draga fjárhagsástand bankans á árunum 1959 og '60, þegar hin miklu verðbréfakaup áttu sér stað, inn í þau skrif. Sannar greinargerð bankastjóra Búnaðarbankans og yfirlýsing Seðlabanka Íslands, sem með fylgir, afargreinilega, að hagur sparisjóðsdeildar Búnaðarbankans var vægast sagt heldur bágborinn þessi ár, þó að haldið væri áfram að kaupa víxla og verðbréf af Lárusi Jóhannessyni í mjög stórum stíl, eins og skilríki bankans bera með sér ....

Við álítum, að hinn stórbætti hagur bankans frá því, sem áður var, geti byggzt á því, að nú er lokið kaupum bankans á verðbréfum og víxlum frá Lárusi Jóhannessyni, sem hann kemur með sem þriðji maður, og fleiri slíkum, eins og blaðið hefur fengið upplýst.

e) Í greininni „Ágúst kannast ekki við kvittunina, sem Þjóðviljinn birti mynd af", ummælin ....

Ágúst fullyrti, að hann hefði aldrei undirritað neina kvittun til Jóhannesar Lárussonar, varðandi víxilupphæðina, og aldrei undirritað nein plögg, varðandi þetta lánamál, nema víxla og tryggingarbréfið ....

Síðastliðinn þriðjudag gerist það aftur á móti, að dómsforseti Hæstaréttar, hr. Lárus Jóhannesson, biður um einkaviðtal við einn af ritnefndarmönnum Frjálsrar þjóðar og sýnir honum þá kvittunarseðil þennan. Jóhannes Lárusson hrl. hefur verið erlendis og er enn. Nú má því enn hér við bæta, að enda þótt Ágúst Sigurðsson hefði undirritað kvittun, eins og þá, sem Þjóðviljinn birti mynd af, var slík kvittun engin sönnun fyrir því, að Jóhannes Lárusson hefði ekki tekið 65.000.00 króna afföll af víxlinum, eða ekki fremur en tryggingarbréfið og víxillinn, sem hann undirritaði og hljóðuðu upp á allt aðra upphæð en hann fékk greidda, sbr. það, sem um þetta segir í kæru Ágústs og áður er birt. Þá skal sérstök athygli á því vakin, að í því, sem Þjóðviljinn segir sjálfur um mál Ágústs, þar sem birt er yfirlýsingin frá Sigurþóri B. Gunnarssyni, stendur: „Kvaðst Ágúst hafa kvittað fyrir 150.000.00 kr. láni". Þetta stendur hvergi í kæru Ágústs, og þetta hefur Ágúst aldrei sagt. Þá

skal einnig vakin sérstök athygli á því, að fyrirsögnin, sem Þjóðviljinn velur sjálfur á umrædda grein, hljóðar svo: „Sök er fyrnd, ef nokkur hefði verið.“ Þetta er marklaust bull og alrangt, en engu að síður athyglisvert, að Þjóðviljinn skuli draga það fram í fyrirsögn á yfirlýsingu frá Sigurþóri B. Gunnarssyni, sem EKKI er lögfræðingur og dálítið óvenjulegur fulltrúi hæstaréttarlögmanns, svo ekki sé meira sagt.

Telur stefnandi ummælin undir liðum a, b og d varða við 234. gr. almennra hegningarlaga, ummælin undir lið c telur hann varða við 236. gr. eða til vara 234. eða 235. gr. sömu laga og ummælin undir lið e við 236. gr. sömu laga.

III. Í 36. tbl. 12. árgangs Frjálsrar þjóðar, er út kom hinn 21. september 1963.

a) Í greininni „Nýtt miljónadæmi um viðskipti Búnaðarbankans og verðbréfasölu Lárusar“ fyrirsögnin og greinin í heild, en hún er svohljóðandi:

Bankastjórar Búnaðarbankans hafa fyrir skemmstu gert digurbarkalega grein fyrir því, hversu vel hag Búnaðarbankans sé nú komið. Það mun vissulega vera fagnaðarefni þeim fátæku bændum, sem fram til þessa hafa gengið þar bónleiðir til búðar, er þeir hafa þurft á að halda fjármagni til bygginga og annarra búnaðarframkvæmda. En þótt hagur bankans hafi á undanförnum árum ekki verið svo beysinn ávallt, að unnt væri að sinna kvabbi peningalítilla bænda að neinu marki, þá mun það mála sannast og vitnast æ betur, að ekki hafi skort þar fé, þegar Lárus Jóhannesson, núverandi forseti Hæstaréttar, þurfti að selja mönnum fasteignir. Undanfarin ár hefur fasteigna- og verðbréfasala Lárusar annazt sölu á nýbyggðum húsum fyrir athafnasama og alþekkta húsameistara hér í borg. Í sambandi við þau viðskipti hefur komið fram, að Búnaðarbankinn hefur verið fús að lána íbúðarkaupendum, svo skipti tugum þúsunda króna hverjum einstökum, ef hinir sömu kusu að kaupa af téðri fasteignasölu. Frjáls þjóð veit sönnur á því, að fasteigna- og verðbréfasala Lárusar Jóhannessonar gat þannig, t. d. á árinu 1958, útvegað til eins og sama stigahússins í Álfheimum 32—36 hart nær 1 miljón króna víxillán hjá Búnaðarbankanum og með þeim þægilegu skilmálum að greiða það niður á 5 árum. Hús þetta byggðu svonefndir Hólakotsbræður, Ingólfur Guðmundsson o. fl. Hefur fasteignasalan raunar ekki farið að öllu dult með lánastarfsemi sína: hefur bæði auglýst hana og sagt frá

lánaskilmálum hverjum sem vildi. Er vart unnt að draga af þessu aðra ályktun en þá, að verðbréfa- og fasteignasala Lárusar Jóhannessonar hafi verið rekin sem eins konar deild úr Búnaðarbankanum, enda bera skilríki bankans það glöggt með sér.

b) Í greininni „Rannsókn í Búnaðarbankanum. Hilmar og Lárus kallaðir fyrir“ fyrirsögnin og ummælin: ....

Síðast liðinn föstudag var uppi fótur og fit innan bankans, því þá mættu þar dómsforseti Hæstaréttar, Lárus Jóhannesson, og fyrrverandi bankastjóri Búnaðarbankans, Hilmar Stefánsson, til að standa þar reikningsskap gerða sinna hjá bankastjórunum, Stefáni Hilmarssyni og Magnúsi Jónssyni. Það verður því miður að segja, að hér er um ákaflega lítið traustvekjandi málsmeðferð að ræða, þar sem Stefán bankastjóri er sonur Hilmars fyrrv. bankastjóra, og þó að margt gott sé um Magnús bankastjóra, þá er hann þó flokksbróðir Lárusar og Lárus fyrrv. þingbróðir Magnúsar. Hér skal því meira en venjulegan heiðarleika og réttlætisást til, miðað við aldarandann, eins og hann nú er, ef allt á að fara að sköpum.

c) Í greininni „Hvað gerir saksóknari?“ fyrirsögnin og greinin í heild, sem er svohljóðandi:

Frjáls þjóð hefur í síðustu blöðum og þessu lagt á borðið staðreyndir um viðskipti Lárusar Jóhannessonar við Búnaðarbankann, þess eðlis, að fullkomin ástæða virðist til þess fyrir saksóknara að fyrirskipa víðtækari rannsókn á þessum málum öllum en kæra Ágústs Sigurðssonar ein gefur tilefni til. En hvað gerir saksóknari? Almenningur mun fylgjast með því með mikilli athygli.

d) Í greininni „Otur skrifar: Réttarríki eða hvað?“, en hún er svohljóðandi:

Þegar lesin er kæra Ágústs Sigurðssonar, sem birt var hér í blaðinu nýlega, blasir við heldur nöturleg mynd: Fátækur verkamaður þarf á nokkurri fjárhæð að halda til lagfæringar á lítilli íbúð sinni. Verkamaðurinn þekkir af reynslu, að viðhlítandi úrlausnar er ekki að vænta á heiðarlegum viðskiptagrundvelli í bönkum. Þá les hann í Morgunblaðinu sakleysislega auglýsingu um 150.000.00 kr., sem fáanlegar séu að láni. Auglýsandinn er Jóhannes Lárusson hdl. En Jóhannes á ekki peningana, heldur einhver huldumaður, sem krefst 65 þús. króna af fjárhæðinni fyrir góðmennskuna eina, því að þar að auki tekur hann af upphæðinni allri venjulega útlánsvexti Búnaðarbanka Íslands, og loks tekur Jóhannes 2% fyrir að útvega lánið. Eftir

eru handa verkamanninum 76 þús. krónur, eða ríflegur helmingur þeirrar fjárhæðar, sem hann er skuldbundinn til að greiða með vöxtum á næstu fimm árum. Allt bendir til, að Jóhannes segi það satt, að hann eigi ekki lánsféð; annars hefði honum tæplega verið neitt að vanbúnaði að greiða þessar 76 þúsundir strax, þegar gengið hefur verið frá víxli og tryggingarbréfi. En víxillinn er samþykktur 21. febrúar, seldur í Búnaðarbankanum 22. febrúar, og næsta dag fær verkamaðurinn sinn skarða hlut greiddan. Þar með er orðið ljóst, að það var fé Búnaðarbanka Íslands, sem þriðji aðili bauð til láns í auglýsingunni. Bankastjórar Búnaðarbankans hafa lýst yfir, að þeir hafi aldrei og hefðu aldrei keypt víxla eða verðbréf af Jóhannesi Lárussyni. Hann hefði því ekki getað komið þessum viðskiptum fram aðstoðarlaust í viðkomandi lánastofnun. En þá kemur sá til skjalanna, sem máttugri er, og hjálpar upp á sakirnar: Lárus Jóhannesson, núverandi dómsforseti Hæstaréttar, tekur að sér að selja víxilinn inn á kvóta sinn í Búnaðarbankanum, og Hilmar Stefánsson kaupir hann umsvifa- og athugasemdalaust án þess að kynna sér, hvernig pappírinn sé undir kominn, án þess að tala við lántakandann til að kanna lánsfjárþörf hans og mögu leika á að standa í skilum. Nú vakna ýmsar spurningar: Vissi Hilmar, að Jóhannes hafði annazt þessi viðskipti og keypti hann fyrir milligöngu Lárusar þau bréf, sem hann hefði aldrei keypt af Jóhannesi sjálfum? Eða keypti Hilmar víxilinn í þeirri góðu trú, að Lárus hefði hér einn um fjallað og mundi standa bankanum skil á upphæðinni, ef verkamaðurinn reyndist ófær um að standa í skilum? Ef svo hefði verið, hvers vegna gekk hann þá ekki strax að Lárusi, þegar verkamaðurinn hafði sagt honum alla sögu málsins, í stað þess að bjóða honum að greiða víxilinn á tíu árum? Og þá kemur röðin að Lárusi: vissi hann ekki, að bankinn væri ófús á að kaupa víxla og verðbréf af Jóhannesi, eða hélt hann því af ráðnum hug leyndu fyrir bankastjóranum, að víxillinn væri frá Jóhannesi runninn? Getur kvótahafi í Búnaðarbanka Íslands refsilaust af stofnunarinnar hálfu skotið inn á kvóta sinn víxlum eða verðbréfum frá þriðja aðila, sem bankinn vill ekki eiga viðskipti við? Og þá seinast en ekki sízt: ef ákæruatriðið um afföllin er rétt, eins og verkamaðurinn mun nú hafa eiðsvarið fyrir sakadómi, hver sló þá eign sinni á þessar 65 þúsundir eða hverjir, ef fleiri voru en einn?

Hlýtur ekki grunur að falla á þá menn alla, sem að þessum viðskiptum stóðu, og þó mestur á þá tvo, sem yfir fénu réðu,

þar sem þeir höfðu ráð Jóhannesar í hendi sér, en hann ekki ráð þeirra? Frjáls þjóð mun ekki taka fram fyrir hendur rannsóknardómarans með því að svara þessum spurningum af eða á. Blaðið vill ekki heldur fullyrða neitt um sekt eða sakleysi neins, sem við þetta mál er riðinn, meðan rannsókn þess er ekki að fullu lokið. En segja verður sem er, að of lítill virðuleikablær er þá orðinn yfir æðsta dómstóli þúsund ára réttarríkis, þegar maður, sem sjálfur hefur neglt sig jafnrækilega við óglæsilegt mál og Lárus Jóhannesson hefur gert með því að selja margnefndan víxil og ganga milli manna með kvittanaseðil, sem kærandinn kannast ekki við og almenningur getur ekki skilið, hvaða hlutverki á að gegna, telur það samboðið dómaraheiðri sínum og sæmd Hæstaréttar að sitja þar í dómsforsæti, meðan rannsókn málsins fer fram fyrir sakadómi. Og finnst dómsmálaráðherra ekkert við þetta að athuga? Kapituli fyrir sig er svo framkoma blaðanna. Morgunblaðið, Vísir, Alþýðublaðið og Tíminn hafa látið hjá líða að skýra lesendum sínum frá, hvernig mál verkamannsins sé vaxið og tengslum þess við Búnaðarbankann, en þrjú hin fyrrnefndu brugðið Frjálsri þjóð um tilefnislaus rógskrif um stofnunina og ábyrgðarmenn hennar. Þjóðviljinn rekur gang málsins fyrir harða áeggjan þekkts lögmanns í Sósíalistaflokknum, en gín strax á eftir við næsta undarlegri athugasemd frá fulltrúa eins sakbornings og greinargerð frá syni annars, og síðan hefur Þjóðviljinn ekki á málið minnzt, þegar þetta er ritað. Í Mánudagsblaðinu stígur fram sannleikspostuli prímsigndur í tveimur flokkum og flytur varnarræðu fyrir sakborningana frá Grísafelli réttlætisins. Ritstjóri Nýrra vikutíðinda lýsir í dauðans ofboði allri ábyrgð af fyrri skrifum blaðs síns á hendur Frjálsri þjóð og segir frá því blygðunarlaust, að fyrrverandi starfsmaður Búnaðarbankans, Ragnar Ingólfsson, hafi á sinni tíð hrætt sig til að innkalla blaðið og brenna því.

Manni verður að spyrja: Hvað er hér á seyði? Trúa öll þessi málgögn því, að Ágúst Sigurðsson og aðrir, sem svipaða sögu hafa að segja, séu að ljúga sök á hendur mönnum? Eða eru öll þessi blöð múlbundin? Trúa þau því, að ritnefndarmönnum Frjálsrar þjóðar sé það sérstakt áhugamál að ófrægja varnarlausa menn? Hyggjast þau hafa einhvern ábata af því að siga dómstólunum á Frjálsa þjóð fyrir að hafa þorað að segja frá athæfi, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, ef satt reynist? Því er að þessu spurt, að blöðin gætu veitt veigamikla aðstoð við rannsókn slíkra mála utan réttar, ef þau vildu og þyrðu. En þau virðast

annað hvort ekki vilja það eða þora, og er hörmulegt til þess að vita.

e) Í greininni „Hvað lásu skattyfirvöldin út úr skattskýrslu Ágústs?“ ummælin: ....

Hverjum eru svo þessar 65 þúsund krónur færðar til tekna til skatts? Milligöngumaðurinn Jóhannes hrl. telur sig hafa aðeins 2%, eða kr. 3000.00, svo ekki hefur hann farið að telja sér alla þóknunina til tekna. Hefur „Maðurinn“, sem lagði peningana til, og flest bendir til, að sé sá, sem seldi víxilinn í bankann, talið fram eftirstöðvarnar, kr. 62 þúsund? Og fær hann að skipta þeim tekjum niður á 5 ár eða á jafnmörg ár og fórnarlambið fær að skipta gjöldum sínum?....

f) Í greininni „Þrístirni“ í þeim hluta blaðsins, er nefnist „Lítið fréttablað“, ummælin:

Hefur úr mörgu horni heyrzt, að óhörð væri að þessu sinni barátta Þjóðviljans fyrir rétti hins fátæka gegn „botndreggjum auðvaldsins.“

Stefnandi telur ummælin undir liðum a–d varða við 236. gr. almennra hegningarlaga eða til vara 234. eða 235. gr. sömu laga. Ummælin undir lið e telur stefnandi varða við 234.—236. gr. almennra hegningarlaga, og ummælin undir lið f telur hann varða við 234. eða 235. gr. sömu laga.

IV. Í 37. tbl. 12. árgangs Frjálsrar þjóðar, er út kom hinn 28. september 1963.

a) Greinin „Nýtt tugmilljónamál. Prentarablokkirnar hafðar að féþúfu“, en hún er svohljóðandi:

Byggingarsamvinnufélag prentara hefur á undanförnum árum byggt fjölda íbúða hér í bæ, m. a. hefur félagið byggt íbúðarblokkir við Nesveg, Hjarðarhaga, Kleppsveg og Sólheima. Íbúðirnar voru seldar ýmsum. Sameiginlegt er með öllum þessum íbúðum, að skuldabréf með ríkisábyrgð voru gefin út vegna þeirra allra, mismunandi há, frá kr. 75 þús. til 200 þús., eða meira í einstökum tilfellum. *Bréfin seld með 30% afföllum.* Stjórnendur byggingarfélagsins gáfu húsbyggjendum kost á því að selja þessi bréf fyrir þeirra hönd, og voru söluskilmálar bréfanna þeir, að afföll voru 30% og 2% þóknun fyrir að selja bréfin að auki. Allir íbúðarkaupendur, sem Frjáls þjóð hefur átt tal við, urðu að sæta þessum kostum. Íbúðarkaupendum við Hjarðarhaga a.m.k. var beinlínis tjáð, að verðbréfasala Lárusar Jóhannessonar hefði tekið að sér sölu á bréfunum fyrir félagið.

Auk þess mun sama verðbréfasala hafa selt einhvern hluta af skuldabréfunum vegna íbúða félagsins við Kleppsveg, en skuldabréf, útgefin vegna íbúðanna við Kleppsveg, námu alls rúmlega 7 milljónum kr., að því er blaðinu er tjáð. Verðbréfasala vegna allra íbúða félagsins nemur sennilega milljónatugum. Nú hafa a.m.k. allmargir skuldarar sýnt það gáleysi að greiða af þessum skuldabréfum á skrifstofu félagsins, án þess að afborgun væri færð á skuldabréfið sjálft samtímis, en það ber mönnum einmitt að fullvissa sig um, að gert sé, og hafa bankar meira að segja birt aðvaranir til manna í þessu efni.

Sönnunargögn fengin. Nú hefur blaðið fengið staðfest, að Búnaðarbanki Íslands hafi keypt á nafnverði þau skuldabréf, sem Lárus annaðist sölu á. Bera þá skilríki bankans með sér, hver selur honum og á hvaða gengi, en bókhald Byggingarsamvinnufélags prentara ber hins vegar með sér, hvað kom í sjóð þess vegna sölu hvers og eins skuldabréfs, og er það bókhald lögum samkvæmt endurskoðað af trúnaðarmönnum fjármálaráðuneytisins. Hér ættu því að vera fengin óræk sönnunargögn um þessi viðskipti frá báðum hliðum og sömuleiðis staðfest dæmi, það stærsta, sem blaðið hefur greint frá til þessa, um það, hvers eðlis viðskipti þeirra Lárusar Jóhannessonar og Hilmars Stefánssonar hafa verið. Þessu til viðbótar getur blaðið bætt því við, að engin fyrirstaða mun á því af hálfu stjórnar Byggingarsamvinnufélags prentara, að hún léti sakadómara í té allar upplýsingar um þessi mál, væri þess óskað af hálfu ákæruvaldsins, ef dæma má af þeim greinargóðu svörum, sem Frjáls þjóð fékk þar, er blaðið leitaði upplýsinga um þetta mál. Og vissulega er það óhjákvæmilegt, að rannsökuð verði öll verðbréfaviðskipti Lárusar Jóhannessonar við Búnaðarbankann, þar sem naumast er við því að búast, að eitt blað geti birt um þau tæmandi upplýsingar.

b) Greinin „Otur skrifar: Til athugunar fyrir ákæruvaldið", en hún er svohljóðandi:

Óhætt er að fullyrða, að skrif Frjálsrar þjóðar um víxla- og verðbréfaviðskipti Lárusar Jóhannessonar og Búnaðarbankans hafa vakið meiri athygli almennings en venjulegt er. Hefur þakklæti frá lesendum blaðsins blátt áfram rignt yfir það, samfara almennum kröfum um, að blaðið skildist ekki við málið, fyrr en réttlætið hefði náð fram að ganga. Almenningur hefur litið svo á, að þessi mál gætu beinlínis ráðið úrslitum um það, hvort sú almenna siðspilling, sem hér hefur grafið um sig í

opinberu lífi að undanförnu, skyldi móta þjóðfélagið næstu árin og áratugi, eða hvort við getum vænzt þess að búa í raun í siðmenntuðu réttarríki. Blöðin þegja. Þá hefur almenningur verið sem þrumu lostinn yfir því, hvernig þau blöð, sem almennt hafa notið trausts sem málsvarar velsæmis og réttlætis, hafa þagað um þessi mál og þær bláköldu staðreyndir, sem Frjáls þjóð hefur lagt fram. Enginn vefengir. Það hefur heldur ekki farið fram hjá neinum, að enginn þeirra, sem Frjáls þjóð hefur nafngreint sem viðriðna þessi mál með einu eða öðru móti, hefur reynt að mótmæla, hvað þá hrekja skrif blaðsins. Það eru aðeins bankastjórar Búnaðarbankans, sem senda öllum blöðum mótmælaorðsendingu, þegar þeir skilja skrif Frjálsrar þjóðar á þann veg, að blaðið sé að halda því fram, að hagur bankans nú sé slæmur. Hefði blaðið haldið þessu fram, var það vissulega vefengjanlegt, og þess vegna mótmæla bankastjórarnir. Það er svo annað mál, að þessi túlkun bankastjóranna á skrifum blaðsins var röng.

Viðskiptin stöðvuð. Blaðið hefur sagt, að Búnaðarbankinn kaupi ekki lengur víxla og verðbréf frá Lárusi Jóhannessyni. Því hefur enginn mótmælt. Hvernig stendur á því, að Magnús Jónsson lokar fyrir viðskipti Lárusar, um leið og hann fær aðstöðu til, af ekkert var við þau að athuga, ef þau voru eðlileg og hagkvæm fyrir bankann og frá sjónarmiði bankastjórnarinnar? Blaðið hefur skýrt frá því, að bankastjórnin hafi talið „ekki óeðlilegt", að Lárus kæmi heim frá útlöndum, þegar eftir að það birti kæru Ágústs Sigurðssonar á hendur Jóhannesi Lárussyni og Búnaðarbankanum. Þetta þýðir á máli almennings, að bankinn hafi gert ráðstafanir til þess, að Lárus yrði kallaður heim frá útlöndum, og talið það jafnvel nauðsynlegra en að láta kalla Jóhannes heim, sem þó var kærður í málinu. Þessu hefur enginn mótmælt, en bankastjórarnir lýst því yfir, að bankinn hafi engin viðskipti átt við Jóhannes Lárusson hrl.

Mál Guðmundar. Blaðið hefur skýrt frá því, að Guðmundur Óskarsson, fyrrv. kaupmaður, hafi selt Jóhannesi Lárussyni 250 þús. króna víxil árið 1960 með 100 þús. kr. afföllum, að Búnaðarbankinn hafi keypt þennan víxil og muni skilríki bankans bera það með sér, að Lárus Jóhannesson hafi selt bankanum þennan víxil. Þessu hefur enginn mótmælt, hvorki bankastjórn Búnaðarbankans, Lárus Jóhannesson né Sigurþór Breiðfjörð Gunnarsson, sem kallar sig fulltrúa Jóhannesar Lárussonar hrl.

Ákæruvaldið. Og saksóknari hreyfir sig ekki út af þessu máli,

svo vitað sé. Þó veit að sjálfsögðu enginn betur en saksóknari, að embætti hans var stofnað í því skyni fyrst og fremst, að gæta réttlætisins og uppræta spillingu betur en áður var, og því fremur, ef hátt settir trúnaðarmenn ríkisins eiga í hlut. Og nú er spurt: Hversu lengi á þessi þögn hinna „ábyrgu" blaða og aðgerðarleysi saksóknara til að ganga? Þó að Frjáls þjóð geti að sjálfsögðu aflað sér upplýsinga utan réttar og birt þær, hefur hún þó ekki vald til að dæma. Ætlar ákæru- og dómsvaldið að nota sér það, til að hafast ekkert að í þessum ömurlegu málum?

Og loks mætti spyrja: Hvenær telur Hæstiréttur traust sitt og álit í hættu í hugum almennings?

c) Greinin „Hver hirti 100 þúsund fyrir víxilsöluna", en hún er svohljóðandi:

Í marzmánuði árið 1961 leitaði maður nokkur hér í bæ eftir láni hjá Jóhannesi Lárussyni héraðsdómslögmanni, og var honum veitt lán, að upphæð 250 þúsund krónur, með 100 þús. króna afföllum, auk 2% þóknunar til Jóhannesar fyrir að útvega lánið. Maðurinn var látinn samþykkja tvo víxla fyrir láninu, annan að upphæð 150 þúsund krónur, hinn 100 þúsund krónur, og var sonur hans útgefandi beggja víxlanna. Til tryggingar skilvísri greiðslu varð hann að veita veð í íbúðarhúsi sínu. Vextir voru venjulegir útlánsvextir Búnaðarbanka Íslands, og skyldi lánið greitt á 5 árum með jöfnum afborgunum á 6 mánaða fresti. Engin kvittun. Ekki var eigenda lánsfjárins getið fremur en endranær, en vert er að geta þess, að engin kvittun var tekin fyrir greiðslu víxilfjárins, og verður nú kvittunin fræga frá Ágústi Sigurðssyni enn sérstæðari, þegar uppvíst er, að slík kvittun hefur ekki verið tekin af öðrum lántakendum, sem átt hafa við Jóhannes sams konar viðskipti um sömu mundir.

Annar víxillinn í Búnaðarbankanum. Þegar greiða skyldi fyrstu afborgun, kom á daginn, að 150 þúsund króna víxillinn var orðinn eign Búnaðarbanka Íslands, keyptur þar á fyrsta degi, án þess að könnuð hefði verið lánsfjárþörf samþykkjanda og greiðslumöguleikar eða yfirleitt við hann rætt um víxilinn. Aftur á móti hafði 100 þúsund króna víxillinn verið skráður til innheimtu í Verzlunarbankanum. Mátti aðeins ræða við Hilmar. Hér er um nokkuð breytta viðskiptahætti að ræða, frá því er víxill Ágústs Sigurðssonar var seldur mánuði áður. Hvers vegna kaupa bankastjórarnir ekki af Lárusi 250 þúsund króna víxil í þetta sinn, eins og áður hafði verið gert (sbr. víxil Guðm.

Óskarssonar), ef þeim var ókunnugt um affallaupphæðina? Ekki er blaðinu kunnugt, hvort Hilmar Stefánsson hefur hér einn um vélt af bankans hálfu, þó að Magnús Jónsson væri þá heima, en geta má þess, að þegar fyrsta afborgun nálgaðist í september 1961, kom lántakandi að máli við Jóhannes og kvað sér óhægt að greiða af víxlunum báðum á sama tíma. Spurðist hann fyrir um, hvort ekki mundi auðið að fá afborgunardag Búnaðarbankans færðan fram, þannig að þrír mánuðir yrðu á milli afborgana víxlanna. Taldi Jóhannes ekki ólíklegt, að það mætti takast, en lagði ríkt á við manninn, að um þennan víxil mætti hann ekki ræða við aðra en Hilmar Stefánsson.

Hver var seljandinn? Þá er að skyggnast eftir seljanda 150 þúsund króna víxilsins. Núverandi bankastjórar hafa lýst yfir í greinargerð sinni, að bankinn hafi aldrei keypt víxla né verðbréf af Jóhannesi Lárussyni. Og af hverjum mundi bankinn hafa keypt þennan stóra víxil umsvifa- og athugasemdalaust, nema Lárusi Jóhannessyni inn á hinn víða kvóta hans? Spyr sá, sem ekki veit. En óþarft er að velkjast í vafa um það, að samkvæmt upplýsingum Magnúsar Jónssonar um varðveizlu gagna í stofnuninni, á svunta fyrsta víxilsins að vera til í bankanum og bera með sér nafn seljanda. Vegna tilmæla lántakanda verður sú undantekning gerð að birta ekki nafn hans að sinni, en hann hefur tjáð sig reiðubúinn að staðfesta frásögn þessa fyrir rétti, og mun blaðið gefa ákæruvaldinu vitneskju um nafn hans, ef óskað verður. Einnig eru fleiri til vitnis um frásögn þessa, ef þörf krefði.

Er bankinn saklaus? Í þessum mánuði hefur viðkomandi lántakandi verið að greiða af öðrum hvorum víxlinum 10 eða 15 þúsund krónur auk vaxta, og eflaust er fjöldi fólks að reita sig inn að skinninu til að greiða af víxlum og verðbréfum, sem eins eru til orðin og hér hefur verið lýst. Því verður sú spurning æ áleitnari, hve lengi þessi ósómi eigi svo til að ganga, hvort ekki sé rétt af fólki að neita að greiða af svona pappírum, fyrr en úr því hefur fengizt skorið fyrir dómstólum, hvort lánastofnanir séu ekki skaðabótaskyldar gagnvart fólki, sem jafn grálega hefur verið leikið vegna misnotkunar á fjármunum, sem víxlarar áttu of greiðan aðgang að í bönkum. Hver maður sér, að Lárus hefði ekki getað vaðið í bankann, svo sem hann hefur gert, nema með vilja og vitund bankastjóra. Og getur bankinn komizt undan ábyrgð af gerðum forráðamanna sinna?

Vissu bankaráðsmenn, hvers kyns var? Af viðtali við Benedikt Guttormsson í seinasta blaði mætti ráða, að hann hefði

rætt viðskipti Hilmars og Lárusar við bankaráðsformenn, þótt hann fáist ekki til að játa það beinlínis „á þessum vettvangi". Hafi bankaráðsmenn vitað um hin stórfelldu víxla- og verðbréfaviðskipti Lárusar við bankann — viðskipti, sem í mörgum tilfellum hafa verið bankanum mjög í óhag — hafa þeir þá ekki gerzt sekir um sinnuleysi um hag bankans með því að láta undir höfuð leggjast að rannsaka, hvernig á hinum bróðurlegu samskiptum bankastjórans og verðbréfasalans stæði og stöðva leikinn? Og hvað um bankaráðsmenn? Hafi formenn bankaráðs haft grun eða vitneskju um, að ekki væri allt með felldu, hafa þeir þá ekki skýrt bankaráðsmönnum frá því? Við þessu eiga allir viðskiptamenn bankans skýlausan rétt á vöflulausum svörum. Forráðamenn bankans geta ekki verið þekktir fyrir að skýla sér bak við hljóðheldan múr óskilgreindrar þagnarskyldu eftir það, sem á undan er farið, eða leyfist manni að spyrja, hversu langt „þagnarskylda" geti gengið án þess að breytast í yfirhilmingu?

Hver auðgast á afföllunum? Af viðtalinu við Benedikt er alveg ljóst, að meðan hann og Haukur Þorleifsson stjórnuðu bankanum, hefur Hilmar Stefánsson haldið viðskiptunum við Lárus Jóhannesson gangandi á bak við þá. Lítill væri þá embættismetnaður Benedikts og Hauks, hafi þeir ekki kvartað yfir þessu heimabruggi Hilmars við bankaráð eða að minnsta kosti skýrt formanni bankaráðs frá því til að firra sig ábyrgð. Hafi bæði bankaráði og bankastjórum verið um þetta kunnugt, má undarlegt telja, ef þeirri hugsun hefur ekki skotið upp hjá þeim, að með þessum tveimur heiðursmönnum væru meiri dáleikar en vanalegt og æskilegt er, þegar um bankastjóra og stóran viðskiptamann bankans er að ræða. Hvarflaði aldrei að forráðamönnum bankans, að ekki væri fyrir það synjandi, að þeir Hilmar og Lárus gætu verið tengdir hagsmunaböndum? Og hafa þeir gert ráðstafanir til að ganga úr skugga um, hvort svo hafi verið eða ekki? Rannsökuðu þeir til dæmis, hvort ríkmannlegt líferni bankastjórans benti til, að hann hefði öðru og meira fé úr að spila en launum sínum hjá bankanum? Og hver varð niðurstaðan? Einnig í þessu á almenningur kröfu á, að forráðamenn bankans svari. Og meira en það: ef ákæruvaldið tekur sig ekki sjálft fram um að hefja opinbera rannsókn þeirra mála, sem skýrt hefur verið frá í Frjálsri þjóð að undanförnu, ber ráðamönnum bankans siðferðileg skylda til að krefjast rannsóknar umsvifalaust.

Hvers vegna var Stefán kosinn eftirmaður föður síns? Hafi nú svo verið komið, sem ekki virðist fráleit ályktun, að bankaráðsmönnum hafi verið fullljóst um það leyti, sem Hilmar var að láta af störfum, að stjórn hans á bankanum hafi ekki í öllum efnum verið sem farsællegust, hvað olli því þá, að þeir fólu syni hans stjórn bankans við brottför hans? Þó að Stefán Hilmarsson kunni að vera hinn gegnasti maður og hæfur bankastjóri, er þó augljóst, að hann getur ekki verið óhlutdrægt vitni í neinu, sem föður hans varðar. Meðal annars þess vegna er það öldungis fráleitt, að þau alvarlegu efni, sem hér eru á döfinni, geti verið nokkurt innanhúsmál Búnaðarbanka Íslands. Það ætti Magnús Jónsson að skilja, ef ekki sem bankastjóri, þá sem lögfræðingur, og það ætti Hermann Jónasson að skilja, ef ekki sem bankaráðsmaður og fyrrverandi formaður bankaráðs, þá sem hæstaréttarlögmaður.

Telur stefnandi ummælin undir lið a varða við 236., en til vara 234. eða 235. gr. almennra hegningarlaga. Ummælin undir lið b telur hann varða við 234.—236. gr. almennra hegningarlaga og ummælin undir lið c við 236. gr. sömu laga.

V. Í 38. tbl. 12. árgangs Frjálsrar þjóðar, er út kom hinn 5. október 1963.

a) Greinin „Er verið að fjarlægja sönnunargögnin? Víxillinn horfinn úr bankanum". Í heild ásamt fyrirsögn, en greinin er svohljóðandi:

Eftir viðtal Frjálsrar þjóðar við bankastjórn Búnaðarbankans höfðu þeir, sem viðtalið áttu af hálfu blaðsins, rökstudda ástæðu til að ætla, að víxill Ágústs Sigurðssonar verkamanns, mundi ekki verða í eigu bankans mjög lengi. Voru því af hálfu blaðsins gerðar ráðstafanir til þess, að Ágúst Sigurðsson fylgdist með víxlinum. Fyrir skömmu lagði Ágúst leið sína í Búnaðarbankann og spurðist fyrir um víxilinn. Var honum þá tjáð, að þar skuldaði hann engan víxil lengur, og neitaði Tryggvi Pétursson að gefa honum upplýsingar um, hvar víxillinn væri nú. Hér hefur gerzt mjög alvarlegur hlutur, ekki aðeins fyrir Lárus Jóhannesson dómsforseta Hæstaréttar og Ágúst Sigurðsson, heldur einnig stjórn Búnaðarbankans og saksóknara. Ef tómlæti þeirra og seinagangur á að taka þessi mál viðeigandi tökum verður til þess að tíminn verður notaður til að skjóta undan sönnunargögnum, er ábyrgð þeirra vissulega mikil. Væri það t. d. djarft að láta sér detta í hug, að ýmis sönnunargögn, e.t.v. mikil-

vægari fyrir rannsókn þessara mála en víxill Ágústs, yrði fjarlægð úr bankanum, fyrst víxill Ágústs er horfinn þaðan? Og skyldi Stefán Hilmarsson teljast alveg hlutlaus um það? Ekki verður hjá því komizt að krefja bankastjóra Búnaðarbankans skýlausra svara við nokkrum spurningum af þessu tilefni. Hverjum var víxill Ágústs framseldur, og hvar er hann til innheimtu nú? Var fyrirvari á framsalinu. Ágúst hafði fengið það loforð hjá Hilmari Stefánssyni að mega greiða víxilinn á 10 árum, og kynni það að skipta meira en litlu máli fyrir Ágúst, hvort það loforð var ritað sem kvöð á víxilinn og verður haldið eða ekki. Hefur Lárus Jóhannesson, dómsforseti Hæstaréttar, eða einhver fyrir hans hönd keypt fleiri víxla eða verðbréf af Búnaðarbankanum síðustu vikurnar? Eru víxlar og verðbréf yfirleitt til sölu hjá Búnaðarbankanum, og þá e.t.v. hæstbjóðanda? Væri þá ekki brotinn trúnaður á viðskiptamönnum bankans? Innheimtir ekki lögfræðingur Búnaðarbankans vanskilavíxla? Tekur lögfræðingur bankans full laun samkvæmt gjaldskrá lögmannafélagsins fyrir slíka innheimtu? Er mál Ágústs til rannsóknar, og hver rannsakar það? Þórður Björnsson, Lárus Jóhannesson eða Stefán Hilmarsson? Í greinargerð bankastjóra Búnaðarbankans vegna skrifa um víxil Ágústs Sigurðssonar segja bankastjórarnir orðrétt: „Það er að sjálfsögðu ekki síður áhugamál Búnaðarbankans en Frjálsrar þjóðar, að það mál upplýsist til hlítar ....“ En þrátt fyrir þessa yfirlýsingu hafa þeir látið fjarlægja víxilinn, sem málið reis út af, úr Búnaðarbankanum, og verður það að teljast allvafasöm aðstoð af þeirra hálfu við að upplýsa þetta skuggalega mál, en getur vissulega ýtt undir enn meiri tortryggni en áður, ekki sízt þegar þess er gætt, að dómsforseti Hæstaréttar er sannanlega viðriðinn málið og sönnunargögn um það í höndum sakadómara. Í viðtali við Frjálsa þjóð lýsti Magnús Jónsson bankastjóri yfir því, að Búnaðarbankinn mundi engu leyna í sambandi við mál Ágústs Sigurðssonar. En nú verður að ætla, að það gagnið, sem sjálft málið stendur um, sé með hans vitund horfið. Hér eru sýnilega svo alvarlegir hlutir að gerast, að athygli almennings hlýtur að beinast í æ ríkari mæli að gerðum eða aðgerðaleysi rannsóknardómara ríkisins, og menn hljóta að spyrja: Er vitandi vits verið að koma málum þessum fyrir? Er ekki tími til kominn, að bankastjórarnir báðir víki úr störfum og bankinn verði settur undir opinbert eftirlit, meðan á rannsókn þessa máls stendur? Hvar í veröldinni gæti það gerzt, að maður, sem er viðriðinn sakamál

á rannsóknarstigi, gæti gengið inn í ríkisbanka og keypt af syni annars málsaðila sönnunargögn, sem niðurstaða rannsóknarinnar getur oltið á?

b) Í greininni „Verra en okur. Þjóðhættulegt trúnaðarbrot, sem varðar mjög þungri refsingu", fyrirsögn greinarinnar og ummælin: .... Sök sú, sem fjallað er um í kæru Ágústs Sigurðssonar, er allt annars eðlis. Þar er vakinn sterkur grunur um, að eiðsvarnir embættismenn hafi framið sviksamlegan fjárdrátt í einum ríkisbankanum. Samkv. kærunni er bankinn lánveitandinn og fé hans (almennings) notað til að fremja hinn meinta fjárdrátt, en eigin fjármunir ekki settir í neina hættu. En okur er hins vegar það, ef maður lánar sitt eigið fé til lengri eða skemmri tíma og tekur fyrir þá fjárfestingu og áhættuna af verðfalli peninganna hærri vexti en lögin um okur heimila. Ef hlutaðeigandi embættismenn yrðu sannir að sök í máli Ágústs Sigurðssonar og öðrum fjárdráttarmálum, sem Frj. þj. hefur skrifað um að undanförnu, þá væri hér á ferðinni ein háskasamlegasta starfsemi, sem átt getur sér stað í þjóðfélaginu og varðar mjög þungri refsingu. Er þá ekki sízt refsað fyrir þjóðhættulegt trúnaðarbrot eiðsvarinna, háttlaunaðra embættismanna. Við rannsókn þessa máls má því ekki sýna neina vægð. Haft er fyrir satt, að formaður bankaráðs Búnaðarbankans, Jón Pálmason, hafi að áeggjan Hermanns Jónassonar skorað á Hilmar Stefánsson, er skrif Nýrra vikutíðinda um bankann voru á ferðinni, að hreinsa sig og bankann af ásökunum þess blaðs, en Hilmar hafði þá talið það undir virðingu sinni að taka mark á slíku blaði.

c) Greinin „Lárus játar afföllin" ásamt fyrirsögn, en greinin er svo hljóðandi:

Lárus Jóhannesson, dómsforseti Hæstaréttar, hefur sent dagblöðunum yfirlýsingu, þar sem hann játar á sig að hafa tekið afföll af ríkistryggðum skuldabréfum, allt að 32%. Sömuleiðis lýsir hann því yfir, að hann hafi ekki selt Búnaðarbankanum RÍKISTRYGGÐ skuldabréf síðan 1954. Víst vissum við það, að Lárus hafði fundið annan farveg fyrir ríkistryggðu bréfin eftir 1954, en Búnaðarbankinn keypti af honum eftir þann tíma bæði skuldabréf, sem ekki voru ríkistryggð, og víxla, sem tekin höfðu verið af 40% afföll, t. d. í marz 1961, eins og skýrt var frá í síðasta tbl. Frjálsrar þjóðar. Þetta bera skilríkin með sér. E.t.v. vill Lárus Jóhannesson gefa yfirlýsingu um þau viðskipti einnig í dagblöðunum. Þögn hans um þau atriði er nefnilega næsta

skýrmælt, úr því hann á annað borð fer að gefa yfirlýsingu um þessi mál í blöðunum.

d) Í greininni „Kvóti í banka" ummælin: ....

Frjáls þjóð hefur því aflað sér upplýsinga um það mál. Sú athugun leiddi til þess, að í ljós kom, að þau plögg, sem Lárus seldi Búnaðarbankanum og blaðaskrif hafa orðið um, geta EKKI gengið inn á svonefnd kvótaviðskipti í neinum banka ....

e) Í greininni „Otur skrifar: Ljót fingraför" ummælin:

Frá því hefur verið skýrt opinberlega, að Þórður Björnsson sakadómari hafi með höndum rannsókn í máli Ágústs Sigurðssonar á hendur Jóhannesi Lárussyni hrl. og Búnaðarbankanum. Frá því hefur einnig verið skýrt opinberlega, að Búnaðarbankinn hafi selt Þórði Björnssyni í hendur sönnunargagn í málinu, sem beini meintum verknaði að dómsforseta Hæstaréttar, Lárusi Jóhannessyni, öðrum fremur, og hefur þær afleiðingar ÓHJÁKVÆMILEGA í för með sér, að Þórður Björnsson verður að kalla Lárus fyrir rétt sem grunaðan um aðild að þessu óhræsilega máli. Þetta sönnunargagn er svuntan af víxli Ágústs, árituð af Lárusi sjálfum sem seljanda víxilsins á útgáfudegi, jafnframt því að gera sér ómak þann dag með víxilinn í bankann. .... Það er augljóst, hverjir hafa fjallað um tilnefningu Þórðar Björnssonar í þetta dómþing öðrum fremur, hvað sem fyrir þeim herrum hefur vakað.

f) Í greininni „Fjárdráttarmál" ummælin: .... En þessi mál bæði eru veigalítil samanborið við þau mál, sem Frjáls þjóð hefur verið að upplýsa að undanförnu.

g) Greinin „Lárus verður að víkja úr Hæstarétti" í heild ásamt fyrirsögn, en greinin er svohljóðandi:

Sú spurning gerist nú æ áleitnari í hugum manna, hvenær Lárus Jóhannesson muni víkja úr Hæstarétti vegna rannsóknar þeirra mála, sem Frjáls þjóð hefur skýrt frá síðustu vikurnar. Almenningur undrast stórlega, hver dráttur hefur orðið á þessari sjálfgerðu ráðstöfun, og þykir að vonum sem ákæruvaldið og Hæstiréttur muni bíða þeim mun meiri álitshnekki, sem þetta dregst lengur. Frjáls þjóð hefur að sjálfsögðu reynt að grafast fyrir um það, hvernig þessi mál stæðu á „hæstu stöðum". Niðurstöður þeirra athugana eru þær, að ákæruvaldið telji sig hafa einhverja möguleika til að draga það að láta Lárus víkja, meðan ekki er lengra komið rannsókn í máli Ágústs Sigurðssonar en raun ber vitni. Sú rannsókn hefur í raun stöðvazt, vegna þess að Jóhannes Lárusson hrl. hefur verið erlendis

og er enn, og ákæruvaldið hefur EKKERT gert til að kalla hann heim, þó að útivist hans sé orðin að athlægi meðal almennings, ekki sízt þar sem Lárusi var beint heim af skyndingu. Talið er, að þessi frestur sé ekki að öllu illa séður af ákæruvaldinu, þar sem Lárus Jóhannesson verður 65 ára í þessum mánuði. En svo mun mælt fyrir í lögum, að hæstaréttardómarar geti látið af embætti 65 ára og haldið þó fullum eftirlaunum. En ef hér er rétt til getið, verður að segjast, að þó að ákæruvaldið eigi vissulega að grunda mál fast og djúpt, væri hér þó einum of langt seilzt og á þann hátt, að ekki er sérlega traustvekjandi.

Stefnandi telur, að ummælin undir lið a varði við 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara 234. og 235. gr. sömu laga. Ummælin undir liðum b og e–g varði við 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara 234. eða 235. gr. sömu laga. Þá telur stefnandi ummælin undir lið c varða við 236. gr. almennra hegningarlaga. Stefnandi gerir ekki refsikröfu, varðandi ummælin undir lið d, en krefst þess, að ummælin verði ómerkt.

Verður nú að nokkru rakin undanfari blaðaskrifa þeirra, sem hér hafa verið rakin, svo og annað það, sem fram er komið í málinu af því tilefni. Með kæru, dagsettri hinn 24. ágúst 1963, kærði Ágúst Sigurðsson, Drápuhlíð 48, hér í borg, til yfirsakadómarans í Reykjavík út af meintu okri. Kæra Ágústs var birt í 33. tbl. 12. árgangs Frjálsrar þjóðar, er út kom hinn 31. ágúst 1963, að ósk Ágústs, eins og segir í blaðinu. Ekki var stefnanda máls þessa getið í kærunni eða ummælum blaðsins, varðandi hana, þann dag. Í næstu fimm tölublöðum blaðsins var enn um mál þetta ritað, og birtust þá meðal annars ummæli þau, sem rakin hafa verið. Á tímabilinu 7. september til 23. október 1963 fór fram fyrir sakadómi Reykjavíkur rannsókn út af greindri kæru Ágústs Sigurðssonar, og verður nú rakið það, sem þar kom fram.

Við rannsókn þessa skýrði Ágúst Sigurðsson svo frá, að í íbúð þeirri, sem hann hafi átt, hafi komið fram miklir leyndir gallar, svo nær óbúandi hafi verið í henni. Hann hafi þó orðið að búa við þetta lengi, þar sem hann hafi alveg skort fé til aðgerða og nægilegt bankalán hafi hvergi verið að fá. Í desembermánuði 1960 kveðst hann hafa séð auglýsingu í Morgunblaðinu frá manni, sem kvaðst geta veitt peningalán. Hafi þetta reynzt vera Jóhannes Lárusson hdl., en hann er sonur stefnanda í máli þessu. Ágúst kveður Jóhannes hafa sagzt geta út-

vegað 150 þúsund króna lán hjá manni, sem ekki léti nafns síns getið. Hafi Jóhannes sagzt láta Ágúst vita síðar, hvort hann kæmi til greina í þessu sambandi. Ágúst kveðst nú ekkert hafa heyrt frá Jóhannesi fyrr en hinn 20. febrúar 1961, er hann hafi hringt í sig og boðað sig til samtals í skrifstofu hans, þ. e. Jóhannesar, þann dag. Þar kveður Ágúst Jóhannes hafa tjáð sér, að hann gæti fengið lánið gegn víxli, sem hann, Ágúst, samþykkti og kona hans gæfi út, og yrði víxillinn tryggður með veði í íbúð hjónanna. Skyldi víxillinn greiðast á fimm árum, með kr. 15.000.00 á sex mánaða fresti, auk vaxta og kostnaðar. Afföll af láninu til lánveitanda skyldu vera kr. 65.000.00, en sjálfur fengi Jóhannes aðeins 2% af láninu, eða kr. 3.000.00, fyrir milligöngu sína. Ágúst kveðst hafa talið sig neyddan til að ganga að þessum kostum vegna óhjákvæmilegra aðgerða á íbúðinni.

Daginn eftir, hinn 21. febrúar 1961, kveður Ágúst Jóhannes hafa komið til þeirra hjónanna með víxil og tryggingarbréf, tilbúið til undirskriftar, og hafi þau þá ritað nöfn sín á þessi skjöl. Samkvæmt tryggingarbréfinu var víxillinn tryggður með 4. veðrétti á eftir skuldum, samtals að fjárhæð kr. 57.500.00, sem þá hvíldu á 1., 2. og 3. veðrétti. Ekki kveður Ágúst neina votta hafa undirritað tryggingarbréfið þarna á staðnum, en í veðmálabókum sjáist, að Jóhannes Lárusson og Erla Hannesdóttir, sem ekki hafi þó verið viðstödd, hafi vottað undirskrift þeirra hjónanna.

Ágúst kveður nú Jóhannes hafa sagt sér að koma og vitja peninganna næsta dag og hafi hann gert það. Kveður hann Jóhannes þá hafa greitt sér kr. 76.000.00 af andvirði víxilsins, en mismuninn, kr. 74.000.00, hafi Jóhannes tekið í afföll, forvexti til sex mánaða og fleira. Ágúst kveður Jóhannes aldrei hafa minnzt á Búnaðarbankann, er þetta gerðist, en í tryggingarbréfinu sé tekið fram, að af víxlinum eigi að greiða venjulega vexti Búnaðarbankans, en ekki kveður hann talað hafa verið um, hvar greiða ætti vexti og afborganir af víxlinum. Ekki kveður Ágúst aðra hafa verið viðstadda en þá tvo, er þetta gerðist. Þegar gjalddagi víxilsins nálgaðist, kveðst Ágúst hafa hringt til Jóhannesar varðandi það, hvort hann skyldi greiða hjá honum vexti og afborganir, og hafi þá Jóhannes sagt, að Búnaðarbankinn væri orðinn eigandi víxilsins og bæri honum að snúa sér þangað. Litlu síðar kveðst Ágúst hafa fengið greiðslutilkynningu frá bankanum. Kveðst hann hafa átt tal við Hilmar Stefáns-

son bankastjóra og skýrt honum frá viðskiptunum við Jóhannes. Kveður hann bankastjórann hafa orðið mjög undrandi yfir þessu og lofað að hann mætti greiða víxilinn á tíu árum í stað fimm. Kveðst Ágúst nú hafa greitt af víxlinum kr. 10.000.00, en með vöxtum og kostnaði alls kr. 16.991.00. Eftir þetta kveðst Ágúst hafa átt við Tryggva Pétursson um framlengingar og greiðslur á víxlinum, og hafi afborganir eftir þetta ýmist verið litlar eða engar.

Í kæru sinni kveður Ágúst eftirstöðvar víxilsins nema kr. 129.000.00 og víxilinn í vanskilum frá 3. júní s. á. Kveður Ágúst víxilinn vera til innheimtu hjá Benedikt Guttormssyni, starfsmanni Búnaðarbankans. Kveðst hann hafa tjáð Benedikt alla forsögu víxilsins á sama hátt og Hilmari Stefánssyni bankastjóra, og hafi Benedikt sagt að lokum, að bankinn yrði að láta selja íbúð þeirra hjónanna þá um haustið, ef ekki yrðu gerð skil á víxlinum. Í ágústmánuði 1962 kveðst Ágúst hafa talað við Ágúst Fjeldsted, formann Lögmannafélags Íslands, og skýrt honum frá lánveitingunni og lánskjörum og jafnframt beðið hann um að rétta hlut sinn. Kveður hann Ágúst Fjeldsted hafa tekið málaleituninni vel og sagzt ætla að hafa tal af Jóhannesi Lárussyni. Nokkru síðar kveðst Ágúst hafa komið í skrifstofu Ágústs Fjeldsteds. Hafi hann þá sagzt hafa talað við Jóhannes, og hefði hann ekki beint borið á móti frásögninni, og mundi Jóhannes vilja tala við Ágúst. Sama dag eða stuttu síðar kveðst Ágúst Sigurðsson hafa talað við Jóhannes í skrifstofu hans. Hafi Jóhannes í fyrstu verið mjög gramur yfir því, að hann hefði snúið sér til formanns Lögmannafélags Íslands, en að lokum hafi hann boðizt til að endurgreiða kr. 6.000.00, og kveðst Ágúst hafa tekið við þeirri fjárhæð. Hann kveðst þó hafa sagt Jóhannesi, að hann mundi kæra málið, því þetta væru engar bætur. Hafi Jóhannes þá sagzt ætla að tala við lánveitandann. Daginn eftir kveður Ágúst Jóhannes hafa hringt í sig og beðið sig um að koma á skrifstofuna til hans. Kveður Ágúst Jóhannes hafa greitt sér kr. 1.000.00 í viðbót, og hafi hann jafnframt sagt, að maðurinn, lánveitandinn, hefði samþykkt þetta með því skilyrði, að málið færi þá ekki lengra. Ekki kvaðst Ágúst hafa lofað neinu um það. Ágúst kveðst nú hafa komizt að því, að Búnaðarbanki Íslands hafi keypt umræddan 150 þúsund króna víxil strax á útgáfudegi hans, 22. febrúar 1961, og án nokkurra affalla til bankans sjálfs.

Við rannsókn málsins kvaðst Ágúst Sigurðsson hafa talið víxla-

afföllin fram á skattframtölum sínum árin 1962 og 1963. Jóhannes skýrði svo frá fyrir sakadómi Reykjavíkur, að það muni hafa verið í nóvember eða desembermánuði 1960, að einn viðskiptavina hans hafi skýrt honum frá því, að hann hefði hug á að kaupa skuldabréf til fimm ára, að nafnverði kr. 100.000.00 til kr. 150.000.00, tryggt með veði í fasteign. Kvað hann manninn hafa spurt að því, hvort hann hefði nokkur slík bréf á hendinni eða hvort hann gæti auglýst eftir slíkum bréfum fyrir hann. Jóhannes kveðst hafa skýrt manni þessum frá því, að hann hefði engin slík bréf sjálfur, en að hann væri fús til að auglýsa eftir þeim. Varð það síðan úr, að hann setti auglýsingu um þetta í Morgunblaðið. Jóhannes kvaðst hafa fengið nokkur tilboð, en ekki kvaðst hann hafa svarað þeim þá þegar, vegna þess að einhver afturkippur hefði komið í málið af hendi viðskiptavinarins. Nokkru síðar kvað hann svo viðskiptamanninn hafa skýrt sér frá því, að hann hefði áhuga á bréfakaupunum. Nokkru síðar kvaðst Jóhannes hafa hringt til eins þeirra, sem sent höfðu tilboð og honum leizt einna bezt á, og var það Ágúst Sigurðsson. Kvaðst Jóhannes nú hafa beðið Ágúst um að koma til sín á skrifstofuna þann sama dag eða næsta dag. Hann kvað Ágúst hafa komið á tilsettum tíma og hafi hann þá spurt Ágúst að því, hve hátt lán hann þyrfti og hvaða tryggingar hann hefði. Hafi Ágúst sagzt þurfa 150 þúsund króna lán, og að því er Jóhannes kveður sér hafa skilizt, vegna íbúðar, er hann hafði þá keypt nýlega og standsetja þyrfti.

Jóhannes kvað tryggingu þá, sem Ágúst hafi getað sett, hafa verið umræddda íbúð. Ekki kvað Jóhannes frekari viðræður hafa farið fram milli þeirra í þetta skipti. Jóhannes kvað nú nokkra daga hafa liðið. Kvaðst hann þá hafa talað við greindan viðskiptavin sinn og skýrt honum frá samtali þeirra Ágústs. Kvað hann viðskiptavininn hafa skýrt sér frá því, að hann gæti ekki að svo stöddu veitt lánið, og hafi þetta orðið til þess, að hann, Jóhannes, snéri sér til föður síns, Lárusar Jóhannessonar, og spurði hann að því, hvort hann gæti komið 150 þúsund króna vel tryggðum víxli inn í ónotaðan kvóta sinn í Búnaðarbankanum, sem Jóhannes kvað sér kunnugt um, að hann, Lárus, hafði þar. Taldi Jóhannes, að nú hefðu liðið einn eða tveir dagar, en þá hefði faðir hans skýrt honum frá því, að hann mundi geta gert þetta fyrir hann. Kvaðst Jóhannes þá hafa verið búinn að segja föður sínum frá því, að hér væri um að ræða víxil til

fimm ára með missirislegum afborgunum. Jóhannes kvaðst nú hafa hringt í Ágúst og skýrt honum frá því, að hann mundi geta veitt honum umrætt lán. Kveður hann það hafa orðið að samkomulagi með þeim, að hann, Jóhannes, gengi frá víxli og tryggingarbréfi og kæmi svo með þau heim til Ágústs til undirskriftar. Kvaðst Jóhannes nú hafa útbúið víxil, að fjárhæð kr. 150.000.00, til 6 mánaða, sem Ágúst skyldi samþykkja og eiginkona hans gefa út. Kvaðst hann síðan hafa farið með skjölin heim til þeirra hjónanna, og hafi þau þar ritað undir skjölin. Er Jóhannes kom heim til sín með skjölin, kvaðst hann hafa fengið eiginkonu sína til að rita á skjölin. Ekki kvað Jóhannes neitt annað hafa gerzt þarna en að Ágúst og eiginkona hans rituðu undir skjölin, og ekki hafi verið minnzt á lánskjörin. Kvaðst hann síðan hafa sagt Ágúst að koma til sín einum eða tveimur dögum seinna og sækja lánsupphæðina. Jóhannes kvaðst nú hafa farið með víxilinn og tryggingarbréfið til stimplunar og þinglýsingar og hafi hann síðan afhent föður sínum skjölin. Minnir Jóhannes, að daginn eftir hafi faðir hans afhent honum andvirði víxilsins, að frádregnum venjulegum bankaforvöxtum í sex mánuði. Jóhannes kvað nú Ágúst hafa komið í skrifstofuna til sín, og hafi hann þá greitt honum lánsfjárhæðina í reiðufé. Nánar tiltekið kvaðst Jóhannes hafa látið Ágúst hafa kr. 150.000.00 að frádregnum 1) sex mánaða forvöxtum bankans, 2) stimpilgjaldi víxilsins og þinglýsingarkostnaði tryggingarbréfsins, 3) 2% af kr. 150.000.00 í þóknun til hans sjálfs fyrir útvegun lánsins. Kvaðst Jóhannes halda, að hann hefði afhent Ágúst nálægt kr. 138.000.00. Kvað hann Ágúst hafa undirritað að sinni ósk viðurkenningu fyrir því að hafa fengið að fullu greitt andvirði 150.000.00 króna víxilsins. Viðurkenningu þessa kvaðst Jóhannes hafa afhent föður sínum. Ekki kvaðst Jóhannes hafa sagt Ágúst, að víxillinn hefði verið keyptur af Búnaðarbankanum, og ekki kvað hann neitt hafa verið um það talað milli þeirra, hvar víxilinn ætti að greiða. Jóhannes kvað Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmann hafa hringt til sín um sumarið 1962 og skýrt sér frá því, að hjá honum væri maður að nafni Ágúst Sigurðsson, er segði, að hann, Jóhannes, hefði útvegað sér lán, og vildi hann eitthvað tala við hann um það. Kvað Jóhannes það hafa orðið úr, að Ágúst Sigurðsson hefði komið til sín, og hefði erindið verið það að skýra sér frá því, að komið væri að gjalddaga víxilsins og að hann væri peningalítill og að

biðja hann um gjaldfrest. Jóhannes kvaðst hafa verið vant við látinn og beðið Ágúst um að koma aftur síðar, en það hefði Ágúst ekki gert.

Fyrir sakadómi Reykjavíkur neitaði Jóhannes Lárusson að hafa áskilið sér kr. 65.000.00 í afföll af 150 þúsund króna láninu. Einnig neitaði hann að hafa aðeins greitt Ágúst Sigurðssyni kr. 76.000.00 af lánsfjárhæðinni. Loks neitaði Jóhannes að hafa geitt Ágúst sumarið 1962 fyrst krónur 6.000.00 og síðar kr. 1.000.00 eða nokkra aðra fjárhæð til viðbótar.

Stefnandi máls þessa, Lárus Jóhannesson, kom einnig fyrir sakadóm Reykjavíkur í sambandi við rannsókn út af kæru Ágústs Sigurðssonar. Skýrði hann þar svo frá, að hann hefði rekið umfangsmikla málfærsluskrifstofu hér í borg, frá því á árinu 1924 og þar til hann var skipaður hæstaréttardómari hinn 1. maí 1960. Hann kvað ekki hafa verið hægt að leysa upp slíka skrifstofu í einu vetfangi og hafi það tekið sig um hálft annað ár að ljúka viðskiptum sínum að mestu. Hann kvað Búnaðarbanka Íslands hafa verið aðalviðskiptabanka sinn frá því á árinu 1936 og kvaðst hafa beint til hans eftir getu sparisjóðsinnstæðum og öðrum innstæðum frá viðskiptavinum sínum, vinum og kunningjum, og hafi þær numið mjög verulegum fjárhæðum. Kvað Lárus sér hafa gengið greiðlega að selja bankanum víxla sína og viðskiptavina sinna, enda hafi verið gengið út frá því sem gefnu milli sín og bankastjóra bankans, Hilmars Stefánssonar, að hann, Lárus, sæi um, að bankinn tapaði ekki á víxlum þessum eða hefði veruleg óþægindi af þeim, þótt ekki hafi verið neitt skriflegt um það gert. Lárus kvað Jóhannes son sinn hafa vitað, að hann hafi átt ónotaðan „kvóta“ í bankanum, og hafi hann nokkrum sinnum beðið sig um að lofa sér að nota hann. Á þenna hátt kvaðst Lárus hafa selt bankanum víxil Ágústs Sigurðssonar 22. febrúar 1961 og afhent Jóhannesi andvirðið. Kvað hann Jóhannes svo daginn eftir hafa afhent sér, eins og venja hafi verið milli þeirra, kvittun Ágústs fyrir því, að hann hefði fengið andvirði víxilsins greitt að fullu. Lárus kvaðst eftir þetta ekki hafa heyrt neitt um þetta víxilmál, þar til er hann hafi lesið kæruna í Frjálsri þjóð. Lárus kvað Búnaðarbankann nú hafa óskað þess, að hann yfirtæki víxil Ágústs Sigurðssonar, og hafi hann að sjálfsögðu samþykkt það.

Hilmar Stefánsson, fyrrverandi bankastjóri, skýrði svo frá fyrir sakadómi Reykjavíkur við rannsóknina út af kæru Ágústs Sigurðssonar, að hann hefði á liðnum árum keypt fyrir hönd

Búnaðarbanka Íslands marga víxla af Lárusi Jóhannessyni. Hefði hann keypt víxlana samkvæmt gildandi munnlegu samkomulagi við Lárus um, að hann hefði sjálfur eða réði yfir tilsvarandi fjárhæð í sparisjóði bankans, enda væri Lárus ábyrgur fyrir greiðslu víxlanna gagnvart bankanum, ef víxilskuldararnir gætu ekki staðið skil á víxlunum, og hefði þetta gilt, þó að Lárus hefði ekki sjálfur ritað nafn sitt á víxlana. Kvað Hilmar Lárus hafa greitt bankanum fjárhæðir víxlanna, er hann var krafinn um þær, í þau fáu skipti, sem á þetta samkomulag hafi reynt. Hilmar kvað Lárus þó ekki ávallt hafa þurft að greiða alla víxilfjárhæðina í það skipti, heldur kunni hann að hafa greitt aðeins afborgun af víxlinum, en víxillinn hafi verið framlengdur að öðru leyti. Hilmar kvað samkomulag þetta hafa verið í gildi áfram, eftir að Lárus varð hæstaréttardómari, þó að hins vegar hafi verið um tiltölulega fáa víxla að ræða, sem hann hafi keypt af Lárusi, eftir að hann var orðinn dómari. Kvaðst Hilmar hafa litið svo á, að þeir víxlar væru nánast eftirstöðvar frá lögmannstíð Lárusar. Ekki kvað Hilmar hafa verið rætt um það milli þeirra Lárusar, hvort Lárus ætti sjálfur víxla þá, er hann seldi bankanum hverju sinni. Ekki kvaðst Hilmar heldur hafa verið að forvitnast um það, enda hefði það ekki komið honum við. Ekki kvaðst Hilmar muna sérstaklega eftir víxli Ágústs Sigurðssonar, sem fjallað er um í kæru hans, en kannaðist við að hafa samþykkt kaup hans, eins og fram kæmi á kaupbeiðni víxilsins. Ekki kvaðst Hilmar geta sagt um, hvort Lárus hefði sjálfur komið með víxilinn í bankann, en samkvæmt gestabók bankans hefði Lárus ritað nafn sitt í hana hinn 23. febrúar 1961, þ. e. sama dag og víxillinn var keyptur, og bentu líkur til, að Lárus hefði sjálfur komið með víxilinn og talað við sig, og hefðu kaup víxilsins verið samþykkt í sama skiptið. Ekki kvaðst Hilmar muna eftir, að Ágúst Sigurðsson hefði rætt við hann um víxilinn eða í nokkru öðru skyni, en ekki vildi hann þó rengja frásögn Ágústs um það. Hilmar kvaðst hafa látið af bankastjórn í ársbyrjun 1962 og kvað sér ekki kunnugt um, hvort Lárus Jóhannesson hefði verið krafinn um greiðslu 150 þúsund króna víxilsins. Hann kvað þetta þó hafa átt að gera samkvæmt samkomulagi þeirra. Hefði Tryggvi Pétursson, aðalfulltrúi víxladeildar bankans, átt að vita um þetta samkomulag. Hilmar kvaðst aldrei hafa keypt víxil af Jóhannesi, syni Lárusar, og ekki kvað hann sig og Jóhannes hafa átt nein viðskipti saman.

Ágúst Fjeldsted, formaður Lögmannafélags Íslands, skýrði svo frá fyrir sakadómi Reykjavíkur, að einhvern tíma á árinu 1962 hefði komið til sín roskinn maður og skýrt sér frá, að hann hefði átt í fasteignakaupum og lent í fjárhagsörðugleikum út af þeim. Hefði hann orðið að taka lán, sem hann hefði fengið hjá eða fyrir milligöngu Jóhannesar Lárussonar, og minnti Ágúst, að maðurinn hefði sagt, að lánsfjárhæðin hefði verið kr. 150.000.00. Kvað Ágúst manninn hafa sagt, að stór afföll hefðu verið tekin af láninu, og hafi hann ef til vill nefnt kr. 65.000.00 í því sambandi. Kvað Ágúst manninn hafa beðið sig um aðstoð til að fá þetta leiðrétt. Ekki kvað Ágúst þetta hafa verið neina kæru, heldur ósk um, að þessu yrði kippt í lag. Kvað Ágúst sig minna, að hann hefði innt manninn eftir gögnum í málinu, en hann muni engin hafa haft. Ágúst kvaðst nú skömmu síðar hafa átt tal við Jóhannes Lárusson og skýrt honum frá erindi mannsins og innt hann eftir því, hvort frásögn mannsins væri rétt. Kvað Ágúst Jóhannes ekki hafa kannazt við, að þetta væri rétt. Kvað hann Jóhannes hafa sagt það rétt vera, að hann hefði haft milligöngu um að útvega manninum lán, að fjárhæð kr. 150.000.00, og að aðeins hefði verið tekinn venjulegur kostnaður í sambandi við lántökuna, og hafi Jóhannes í þessu sambandi talið upp einhverja liði, sem Ágúst mundi ekki nánar frá að greina, en sem hann kvað hafa verið eðlileg gjöld af slíku láni. Ágúst kvað sér hafa virzt Jóhannes vera sár út af sögusögn mannsins, og hafi hann óskað eftir því að fá að tala við hann. Ágúst kveður nú manninn hafa talað við sig skömmu síðar. Kvaðst hann hafa sagt honum, að Jóhannes hefði ekki viðurkennt að hafa tekið afföll af láninu. Jafnframt kvaðst Ágúst hafa sagt manninum, að Jóhannes óskaði eftir að tala við hann. Kvaðst Ágúst síðan ekki haft heyrt frá manninum aftur og kvaðst ekki hafa heyrt það, fyrr en hann hafi lesið það í blaði, að Jóhannes hefði greitt manninum kr. 6.000.00 og síðar kr. 1.000.00.

Við rannsókn þá, sem fram fór fyrir sakadómi Reykjavíkur, kom fram kvittun, þar sem Ágúst Sigurðsson viðurkenndi að hafa fengið andvirði umrædds 150.000.00 víxils greitt að fullu. Ekki mundi Ágúst sérstaklega eftir að hafa undirritað kvittun þessa, en vildi þó ekki rengja, að svo hefði verið, og hefði það þá verið, er hann tók við 76.000.00 krónunum. Hins vegar tók Ágúst það fram, að þó hann hafi undirritað kvittun þessa, sé sannleikurinn sá, að hann hafi aðeins fengið kr. 76.000.00 af víxilfjárhæðinni.

Í þinghaldi hinn 1. þ. m. kom fyrir dóm sem vitni í máli þessu Magnús Jónsson, bankastjóri Búnaðarbanka Íslands. Lagði lögmaður stefndu fram á dskj. nr. 44 eftirfarandi spurningar til vitnisins:

Í sakadómi Reykjavíkur 12. september 1963 skýrði Hilmar Stefánsson, fyrrv. bankastjóri, frá eftirfarandi sem vitni:

„Vitnið skýrir frá því, að á liðnum árum hafi það keypt f. h. Búnaðarbanka Íslands marga víxla af Lárusi Jóhannessyni, nú hæstaréttardómara. Keypti vitnið víxlana samkvæmt gildandi samkomulagi við hann um, að hann hefði sjálfur ráð yfir tilsvarandi upphæð í sparisjóði bankans, enda væri Lárus ábyrgur fyrir greiðslu víxlanna gagnvart bankanum, ef víxilskuldararnir gætu ekki staðið skil á víxlunum, og gilti þetta, þó að Lárus hefði ekki ritað sjálfur nafn sitt á víxlana."

Óskað er svars við neðangreindum spurningum:

1. spurning:

Var vitninu kunnugt um samkomulag það milli stefnanda og Hilmars Stefánssonar, fyrrv. bankastjóra, sem hér um ræðir.

2. spurning:

Vill vitnið gera svo vel að skýra réttinum frá því, hvað almennt er átt við, þegar talað er um, að viðskiptamaður banka hafi „víxlakvóta" við bankann.

3. spurning:

Á hvaða gengi kaupir Búnaðarbankinn a) ríkistryggð skuldabréf, b) fasteignatryggð skuldabréf, ef hann kaupir þau á annað borð.

4. spurning:

Var vitninu kunnugt um það, meðan það var bankastjóri samtímis Hilmari Stefánssyni, að Hilmar keypti víxla, sem komnir voru frá Jóhannesi Lárussyni hrl.

5. spurning:

Er það rétt, að gerð hafi verið, eftir að blaðaskrifin hófust, sérstök athugun innan Búnaðarbankans á víxlum og verðbréfum, sem bankinn hafði keypt af Lárusi Jóhannessyni og enn voru í bankanum.

6. spurning:

Hefur vitnið f. h. Búnaðarbankans keypt víxla á þriðja mann af stefnanda, meðan hann gegndi starfi hæstaréttardómara?

7. spurning:

Er það rétt eftir haft, sem fram kemur í frásögn „Frjálsrar þjóðar" af viðtali við vitnið haustið 1963, að vitnið hafi stöðvað

viðskiptavíxla- og verðbréfakaup stefnanda við Búnaðarbankann með öllu, er Hilmar Stefánsson lét af bankastjórastarfi sínu?
8. spurning:

Veit vitnið um fleiri vanskilavíxla, sem stefnandi hefur leyst til sín samkvæmt samkomulaginu við Hilmar Stefánsson en víxil Ág. Sigurðssonar og, ef svo er, hverja fleiri víxla hefur stefnandi innleyst?

Tók dómarinn síðan spurningarnar ex officio til athugunar um það, hvort þær verði lagðar fyrir vitnið.

Samkvæmt ákvæði 3. mgr. 56. gr. laga nr. 115/1941 eru bankastjórn og starfsmenn Búnaðarbanka Íslands bundin þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann. Það þykir bera að skilja ákvæði 1. mgr. 128. gr. sbr. 126. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði svo, að dómara beri að gæta þess af sjálfsdáðum, að ekki verði lagðar fyrir vitni spurningar, sem ljóst er, að varði þagnarskyldu þess. Það verður að telja, að þagnarskylda starfsmanna Búnaðarbanka Íslands taki til alls þess, er lýtur að skiptum viðskiptamanna við bankann. Spurningarnar nr. 1 og 4—8 á dskj. nr. 44 fjalla um atriði í viðskiptum stefnanda og annars tiltekins aðilja við bankann. Þykir ljóst, að vitneskju þá, sem vitnið kann að hafa um atriði þessi, hefur það fengið í starfi sínu sem starfsmaður bankans. Stefnandi og Jóhannes Lárusson hafa ekki veitt samþykki sitt til þess, að vitnið svari spurningum þessum. Ekki liggur fyrir samþykki yfirstjórnar Búnaðarbanka Íslands til þess, að vitnið svari spurningunum. Að svo vöxnu máli þykir dómaranum rétt að synja um það af sjálfsdáðum að leggja spurningarnar nr. 1 og 4—8 á dskj. nr. 44 fyrir vitnið.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Úrskurðarorð:

Spurningarnar nr. 1 og 4—8 á dskj. nr. 44 verða ekki lagðar fyrir vitnið Magnús Jónsson.

Föstudaginn 24. september 1965.

Nr. 156/1965. **Valdstjórnin**
gegn
Gísla Þórðarsyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. september þ. á., sem hingað barst 17. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og hann látinn laus úr gæzluvarðhaldi.

Samkvæmt 1. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954 getur brot varnaraðilja varðað fangelsi, en samkvæmt 2. mgr. 268. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 merkir það varðhald eða fangelsi allt að 2 árum. Eru þannig fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. enn fremur 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. september 1965.

Ár 1965, laugardaginn 11. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í fangahúsinu að Skólavörðustíg 9 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi:

Föstudaginn 6. f. m. kom m/s Langjökull, eign Jökla h/f, hingað til Reykjavíkur frá útlöndum. Við leit tollgæzlumanna í skipinu, sem stóð yfir til þriðjudags 10. s. m., fundu þeir um

3.970 flöskur af áfengi og um 130.400 vindlinga, falið víðs vegar í skipinu. Meðal annars fundu þeir smyglvarning, sem hér segir:

A) Í farmi í III. frystilest fundust 137 kassar af genever, 12 lítra flöskur í hverjum kassa, eða samtals 1644 lítrar, svo og 30.000 vindlingar. Rúm það, sem varningurinn tók, var 2 metrar á breidd, 3 metrar á lengd og 3 metrar á hæð.

B) Milli þilja í I. og IV. frystilestum fundust 764 3/4 lítra flöskur af gin, 501 eins lítra flöskur af genever svo og 10.000 vindlingar. Geymslustaðir þessir voru gerðir með því að rofin hefur verið einangrun í vegg, svo að myndaðist um 45 cm holrúm, þar sem varningnum var komið fyrir.

D) Milli þilja á bak við veggskáp í kortaklefa fundust 217 eins lítra flöskur af genever og 5.000 vindlingar. Komizt hefur verið í geymslustað þenna með því að taka frá krossviðarplötu í skápbotni.

E) Í þili á bak við áhaldaskáp í loftskeytastöðvarherbergi fundust 623 eins lítra flöskur af genever. Komizt hefur verið í stað þenna með því að taka frá krossviðarplötu í skáp.

Kærði, Gísli Þórðarson, Grænuhlíð 8, hér í borg, fæddur 22. desember 1926 í Hafnarfirði, var loftskeytamaður í þessari ferð skipsins.

Hinn 11. s. m. var hann yfirheyrður bæði af rannsóknarlögreglu og í sakadómi um málið, og viðurkenndi hann þá að eiga áfengið, sem í E) lið greinir, ásamt Gísla Erlendi Marínóssyni háseta og Guðmundi Þóri Einarssyni bátsmanni, en kvaðst alls ekki vita um, hverjir ættu annað áfengi og tóbak, sem fannst í skipinu. Sama dag var hann settur í hald og næsta dag úrskurðaður í 30 daga gæzluvarðhald.

Við yfirheyrslur 18. og aftur 26. s. m. hélt kærði fast við fyrri framburð sinn.

Í sakadómi 27. og 31. f. m. svo og 2. þ. m. breytti kærði framburði sínum. Kvaðst hann þá vera ásamt Óla Kristjáni Jóhannssyni 1. stýrimanni, Valsteini Víði Guðjónssyni 2. stýrimanni, Guðmundi Þóri Einarssyni bátsmanni, Kristjáni Samúel Júlíussyni háseta og Gísla Erlendi Marínóssyni háseta eigandi að áfengi því, sem í A), D) og E) liðum greinir, svo og að áfengi því, sem var í afturþili IV. lestar, sbr. B) lið, og loks ætti hann 6 flöskur af whisky og 10.000 vindlinga af þeim varningi, sem í K) lið getur. Virðist kærði hafa viðurkennt að eiga samtals 462 flöskur af genever, 96 flöskur af gin og 6 flöskur af whisky auk hinna 10.000 vindlinga.

Kærði kvaðst hafa ætlað að flytja smyglvarning sinn í land hér í Reykjavík, eftir því sem tækifæri gæfist, og þá sennilega með aðstoð félaga sinna, sem áttu áfengi á sömu stöðum og hann, en ekkert hafi verið ákveðið, til hvaða staðar í landi varninginn skyldi flytja. Hann kvaðst hafa ætlað að selja meirihluta af varningnum, en kaupandi hafi ekki verið ákveðinn og heldur ekkert verið ákveðið, hverjum átti að bjóða varninginn til kaups.

Gildistími gæzluvarðhalds kærða rennur út kl. 2037 í dag, og verður því að taka afstöðu til þess, hvort hann skuli nú látinn laus úr varðhaldi eða varðhaldsvist hans framlengd.

Við mat á því verður að hafa í huga eftirtalin atriði:

1) Enn er ekki fullkannaður hlutur hvers hinna einstöku félaga í upphafi og við undirbúning og framkvæmd smyglsins, þar á meðal að því er varðar geymslustaði varningsins í skipinu.

2) Rannsókn á því, hvað gera átti við smyglvarninginn, ef í land hefði komizt, er alls ekki lokið, þar sem ekki er unnt að svo komnu máli, að leggja til grundvallar frásögn kærða um, að ekkert hafi verið ákveðið, hverjum átti að bjóða varninginn til kaups, heldur er þvert á móti ástæða til að ætla, að kaupandi eða móttakandi varningsins hafi þegar verið ákveðinn, m. a. vegna þess hve áfengismagnið var mikið og að kærði hafði ákveðið að fara út með skipinu í næstu ferð þess eftir fáeina daga.

3) Yfirverkstjóri við skipasmíði hjá Slippfélaginu, hér í borg, kveður, að geymslustaðirnir í B) lið hafi verið mjög vel gerðir og að þurft hafi handverksmann til þess að útbúa þá, og ráði hann það af því, að skrúfur hafi verið lausar, að nokkuð oft hafi verið búið að hreyfa skrúfurnar og af því mátt jafnvel ráða, að staðirnir væru gamlir. Hann kvaðst ekki geta borið um, hvort staðirnir í D) og E) liðum hafi verið gamalgrónir eða hvort staðurinn í K) lið hafi verið nýlega útbúinn. Séu þetta gamlir staðir, er líklegt, að þeir hafi verið notaðir til að geyma þar smyglvarning í fyrri ferð eða ferðum skipsins, en kærði hefur verið á skipinu síðan á árinu 1959.

4) Handtök og vinnubrögð kærða og félaga hans við smyglið eru til þess fallin að vekja grun um, að þau séu ekki framkvæmd af óvönum mönnum í fyrsta skipti, enda hefur kærði og tveir af félögum hans sætt refsingu fyrir smygl, kærði fengið þrisvar sekt fyrir áfengissmygl. Þykir rökstudd ástæða vera til þess að kanna líkindi þess, hvort smygl kærða og félaga

hans með Langjökli hafi ekki verið framkvæmt með hlutdeild einhvers eða einhverra í landi og jafnframt verið framhald á fyrri smyglstarfsemi.

5) Því þykir rétt að kanna fjárreiður kærða og fjármálaviðskipti hans við aðra menn seinustu árin, og í því skyni hafa í dag verið kveðnir upp í sakadómi úrskurðir um skyldu skattyfirvalda til að láta dóminum í té upplýsingar um framtöl kærða, um skyldu banka og sparisjóða til að láta dóminum í té upplýsingar um tékka, sem kunna að hafa verið gefnir út til hans eða verið framseldir af honum og þessar stofnanir hafa innleyst, svo og um skyldu póst- og símamálastjórnarinnar til að láta dóminum í té upplýsingar um símskeyti, sem kunna að hafa verið send héðan til kærða erlendis eða á hafi úti eða af honum hingað.

6) Rannsókn málsins er því nú á þeim vegi, að útiloka verður möguleika á því, að kærði geti torveldað hana, t. d. með því að hafa samband við og áhrif á mögulega kaupendur eða viðtakendur smyglvarnings, útgefendur tékka, sendendur eða móttakendur símskeyta eða með því að skjóta undan gögnum, sem brot hans varða.

Fyrir því og að öðru leyti með skírskotun til 67. gr., 1. mgr., 1. tl., laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála telur dómurinn rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist kærða um 30 daga, eða til mánudagsins 11. október næstkomandi, kl. 2037.

Ályktarorð:

Gæzluvarðhaldsvist kærða, Gísla Þórðarsonar, framlengist um 30 daga, eða til mánudagsins 11. október næstkomandi, kl. 2037.

Föstudaginn 24. september 1965.

Nr. 162/1965. **Valdstjórnin**
gegn
Óla Kristjáni Jóhannssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. september þ. á., sem hingað barst 17. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og hann látinn laus úr gæzluvarðhaldi.

Samkvæmt 1. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954 getur brot varnaraðilja varðað fangelsi, en samkvæmt 2. mgr. 268. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 merkir það varðhald eða fangelsi allt að 2 árum. Eru þannig fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. enn fremur 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. september 1965.

Ár 1965, laugardaginn 11. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í fangahúsinu að Skólavörðustíg 9 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi:

Föstudaginn 6. f. m. kom m/s Langjökull, eign Jökla h/f, hingað til Reykjavíkur frá útlöndum. Við leit tollgæzlumanna í skipinu, sem stóð yfir til þriðjudags 10. s. m., fundu þeir um

3.970 flöskur af áfengi og um 130.400 vindlinga, falið víðs vegar í skipinu. Meðal annars fundu þeir smyglvarning, sem hér segir:

A) Í farmi í III. frystilest fundust 137 kassar af genever, 12 lítra flöskur í hverjum kassa, eða samtals 1644 lítrar, svo og 30.000 vindlingar. Rúm það, sem varningurinn tók, var 2 metrar á breidd, 3 metrar á lengd og 3 metrar á hæð.

B) Milli þilja í I. og IV. frystilestum fundust 764 3/4 lítra flöskur af gin, 501 eins lítra flöskur af genever svo og 10.000 vindlingar. Geymslustaðir þessir voru gerðir með því að rofin hefur verið einangrun í vegg, svo að myndaðist um 45 cm holrúm, þar sem varningnum var komið fyrir.

D) Milli þilja á bak við veggskáp í kortaklefa fundust 217 eins lítra flöskur af genever og 5.000 vindlingar. Komizt hefur verið í geymslustað þenna með því að taka frá krossviðarplötu í skápbotni.

E) Í þili á bak við áhaldaskáp í loftskeytastöðvarherbergi fundust 623 eins lítra flöskur af genever. Komizt hefur verið í stað þenna með því að taka frá krossviðarplötu í skáp.

K) Í þili milli fataskáps og baðherbergis í herbergi 1. stýrimanns fundust 12 3/4 lítra flöskur af whisky og 60.000 vindlingar. Varningnum hefur verið komið fyrir í stað þessum með því að taka frá krossviðarhlið í skápnum.

Kærði, Óli Kristján Jóhannsson, Stóragerði 6, hér í borg, fæddur 6. marz 1926 í Vestmannaeyjum, var 1. stýrimaður í þessari ferð skipsins.

Hinn 11. s. m. var hann yfirheyrður bæði af rannsóknarlögreglu og í sakadómi um málið, og viðurkenndi hann þá að eiga og hafa komið fyrir varningnum í herbergi sínu (liður K), en kvaðst alls ekki vita um, hverjir ættu annað áfengi og tóbak, sem fundizt hefði í skipinu. Sama dag var hann settur í hald og næsta dag úrskurðaður í 30 daga gæzluvarðhald. Næst var kærði yfirheyrður 20. s. m., og hélt hann þá fast við fyrri framburð sinn. Skýrði hann frá því, að hann hefði útbúið sjálfur geymslustað varningsins í herbergi sínu og hefði það tekið hann 3 sólarhringa á frívöktum. Hann hefði opnað aðeins efri hluta geymslustaðarins í einu og sagað krossviðarhliðina í miðju. Hinn 25. s. m. var kærði enn yfirheyrður og hélt þá enn fast við fyrri framburð sinn.

Í sakadómi 27. f. m. og 1. þ. m. breytti kærði framburði sínum. Kvaðst hann þá vera ásamt Valsteini Víði Guðjónssyni 2. stýrimanni, Gísla Þórðarsyni loftskeytamanni, Guðmundi Þóri

Einarssyni bátsmanni, Kristjáni Samúel Júlíussyni háseta, Gísla Erlendi Marínóssyni háseta og Haraldi Zóphóníasi Helgasyni bryta eigandi að áfengi því, sem í A) lið greinir, og ásamt hinum 5 fyrstnefndu eigandi að áfengi því, sem var í afturþili IV. lestar, sbr. B) lið, svo og að áfengi því, sem í D) og E) liðum greinir, en af áfengi því, sem í K) lið getur, hefði hann aðeins átt 6 flöskur og 30.000 vindlinga. Samtals væri hann eigandi að 540 flöskum af genever, 96 flöskum af gin og 6 flöskum af whisky auk hinna 30.000 vindlinga.

Kærði kveðst hafa ætlað að flytja smyglvarning sinn í land hér í Reykjavík með aðstoð félaga sinna, sem áttu áfengi á sömu stöðum og hann, og hafi hann ætlað að flytja varninginn heim til sín. Hann kveðst hafa ætlað að selja hann að mestu leyti, en kaupandi hafi ekki verið ákveðinn og heldur ekkert verið ákveðið, hverjum átti að bjóða varninginn til kaups.

Gildistími gæzluvarðhalds kærða rennur út kl. 1553 í dag, og verður því að taka afstöðu til þess, hvort hann skuli nú látinn laus úr varðhaldi eða varðhaldsvist hans framlengd.

Við mat á því verður að hafa í huga eftirtalin atriði:

1) Enn er ekki fullkannaður hlutur hvers hinna sjö félaga í upphafi og við undirbúning og framkvæmd smyglsins, þar á meðal að því er varðar geymslustaði varningsins í skipinu.

2) Rannsókn á því, hvað gera átti við smyglvarninginn, ef í land hefði komizt, er alls ekki lokið, þar sem ekki er unnt að svo komnu máli að leggja til grundvallar frásögn kærða um, að ekkert hafi verið ákveðið, hverjum átti að bjóða varninginn til kaups, heldur er þvert á móti ástæða til að ætla, að kaupandi eða móttakandi varningsins hafi þegar verið ákveðinn, m. a. vegna þess hve áfengismagnið var mikið og að kærði hafði ákveðið að fara út með skipinu í næstu ferð þess eftir fáeina daga.

3) Handtök og vinnubrögð kærða og félaga hans við smyglið eru til þess fallin að vekja grun um, að þau séu ekki framkvæmd af óvönum mönnum í fyrsta skipti, enda hefur kærði og tveir af félögum hans fengið sekt fyrir smygl, kærði fyrir áfengissmygl í söluskyni árið 1960. Síðan hefur hann verið í millilandasiglingum, þar af frá maí 1964 til apríl s.l. stýrimaður á m/s Vatnajökli, sem er eign sama félags og m/s Langjökull. Þykir rökstudd ástæða vera til þess að kanna líkindi þess, hvort smygl kærða og félaga hans með nefndu skipi, hafi ekki verið

framkvæmt með hlutdeild einhvers eða einhverra í landi og jafnframt verið framhald á fyrri smyglstarfsemi.

4) Því þykir rétt að kanna fjárreiður kærða og fjármálaviðskipti hans við aðra menn seinustu árin, og í því skyni hafa í dag verið kveðnir upp í sakadómi úrskurðir um skyldu skattyfirvalda til að láta dóminum í té upplýsingar um framtöl kærða, um skyldu banka og sparisjóða til að láta dóminum í té upplýsingar um tékka, sem kunna að hafa verið gefnir út til hans eða verið framseldir af honum og þessar stofnanir hafa innleyst, svo og um skyldu póst- og símamálastjórnarinnar til að láta dóminum í té upplýsingar um símskeyti, sem kunna að hafa verið send héðan til kærða erlendis eða á hafi úti eða af honum hingað.

5) Rannsókn málsins er því nú á þeim vegi, að útiloka verður möguleika á því, að kærði geti torveldað hana, t. d. með því að hafa samband við og áhrif á mögulega kaupendur eða viðtakendur smyglvarnings, útgefendur tékka, sendendur eða móttakendur símskeyta eða með því að skjóta undan gögnum, sem brot hans varða.

Fyrir því og að öðru leyti með skírskotun til 67. gr., 1. mgr., 1. tl., laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála telur dómurinn rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist kærða um 30 daga, eða til mánudagsins 11. október næstkomandi, kl. 1553.

Ályktarorð:

Gæzluvarðhaldsvist kærða, Óla Kristjáns Jóhannssonar, framlengist um 30 daga, eða til mánudagsins 11. október næstkomandi, kl. 1553.

Föstudaginn 24. september 1965.

Nr. 163/1965. **Valdstjórnin**
gegn
Valsteini Víði Guðjónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. september þ. á., sem hingað barst 17. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og hann látinn laus úr gæzluvarðhaldi.

Samkvæmt 1. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954 getur brot varnaraðilja varðað fangelsi, en samkvæmt 2. mgr. 268. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 merkir það varðhald eða fangelsi allt að 2 árum. Eru þannig fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. enn fremur 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. september 1965.

Ár 1965, laugardaginn 11. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í fangahúsinu að Skólavörðustíg 9 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi:

Föstudaginn 6. f. m. kom m/s Langjökull, eign Jökla h/f, hingað til Reykjavíkur frá útlöndum. Við leit tollgæzlumanna í skipinu, sem stóð yfir til þriðjudags 10. s. m., fundu þeir um

3.970 flöskur af áfengi og um 130.400 vindlinga, falið víðs vegar í skipinu. Meðal annars fundu þeir smyglvarning, sem hér segir:

A) Í farmi í III. frystilest fundust 137 kassar af genever, 12 lítra flöskur í hverjum kassa, eða samtals 1644 lítrar, svo og 30.000 vindlingar. Rúm það, sem varningurinn tók, var 2 metrar á breidd, 3 metrar á lengd og 3 metrar á hæð.

B) Milli þilja í I. og IV. frystilestum fundust 764 3/4 lítra flöskur af gin, 501 eins lítra flöskur af genever svo og 10.000 vindlingar. Geymslustaðir þessir voru gerðir með því að rofin hefur verið einangrun í vegg, svo að myndaðist um 45 cm holrúm, þar sem varningnum var komið fyrir.

D) Milli þilja á bak við veggskáp í kortaklefa fundust 217 eins lítra flöskur af genever og 5.000 vindlingar. Komizt hefur verið í geymslustað þenna með því að taka frá krossviðarplötu í skápbotni.

E) Í þili á bak við áhaldaskáp í loftskeytastöðvarherbergi fundust 623 eins lítra flöskur af genever. Komizt hefur verið í stað þenna með því að taka frá krossviðarplötu í skáp.

Kærði, Valsteinn Víðir Guðjónsson, Hagamel 29, hér í borg, fæddur 23. desember 1935 í Reykjavík, var 2. stýrimaður í þessari ferð skipsins.

Hinn 11. s. m. var hann yfirheyrður bæði af rannsóknarlögreglu og í sakadómi um málið, og kvaðst hann þá vera einn eigandi að áfengi því og tóbaki, sem fannst milli þilja í kortaklefanum, sbr. D) lið, en kvaðst alls ekki vita um, hverjir ættu annað áfengi og tóbak, sem fannst í skipinu. Sama dag var hann settur í hald og næsta dag úrskurðaður í 30 daga gæzluvarðhald.

Við yfirheyrslur kærða 18. og aftur 25. s. m. hélt hann fast við fyrri framburð sinn.

Í sakadómi 27. f. m. og 1. og 2. þ. m. breytti kærði framburði sínum. Kvaðst hann þá vera ásamt Óla Kristjáni Jóhannssyni 1. stýrimanni, Gísla Þórðarsyni loftskeytamanni, Guðmundi Þóri Einarssyni bátsmanni, Kristjáni Samúel Júlíussyni háseta, Gísla Erlendi Marínóssyni háseta og Haraldi Zóphóníasi Helgasyni bryta eigandi að áfengi því, sem í A) lið greinir, og ásamt hinum 5 fyrstnefndu eigandi að áfengi því, sem var í afturþili IV. lestar, sbr. B) lið, og að áfengi því, sem í D) og E) liðum greinir, og loks ætti hann 20.000 stykki af þeim vindlingum, sem í K) lið getur.

Samtals væri hann eigandi að 420 flöskum af genever og 9 flöskum af gin auk hinna 30.000 vindlinga.

Kærði kveðst ekkert frekar hafa ætlað að flytja smyglvarning sinn í land hér í Reykjavík heldur en í Nýfundnalandi, en ætlaði þá að flytja hann í land, heim til móður sinnar, með aðstoð félaga sinna, sem áttu áfengi á sömu stöðum og hann. Hann kveðst hafa ætlað að selja varninginn, en kaupandi hafi ekki verið ákveðinn og heldur ekkert verið ákveðið, hverjum átti að bjóða varninginn til kaups.

Gildistími gæzluvarðhalds kærða rennur út kl. 1945 í dag, og verður því að taka afstöðu til þess, hvort hann skuli nú látinn laus úr varðhaldi eða varðhaldsvist hans framlengd.

Við mat á því verður að hafa í huga eftirtalin atriði:

1) Enn er ekki fullkannaður hlutur hvers hinna sjö félaga í upphafi og við undirbúning og framkvæmd smyglsins, þar á meðal að því er varðar geymslustaði varningsins í skipinu.

2) Rannsókn á því, hvað gera átti við smyglvarninginn, ef í land hefði komizt, er alls ekki lokið, þar sem ekki er unnt að svo komnu máli að leggja til grundvallar frásögn kærða um, að ekkert hafi verið ákveðið, hverjum átti að bjóða varninginn til kaups, heldur er þvert á móti ástæða til að ætla, að kaupandi eða móttakandi varningsins hafi þegar verið ákveðinn, m. a. vegna þess, hve áfengismagnið var mikið.

3) Yfirverkstjóri við skipasmíði hjá Slippfélaginu, hér í borg, kveður, að geymslustaðirnir í B) lið hafi verið mjög vel gerðir og að þurft hafi handverksmann til þess að útbúa þá, og ráði hann það af því, að skrúfur hafi verið lausar, að nokkuð oft hafi verið búið að hreyfa skrúfurnar og af því mátt jafnvel ráða, að staðirnir væru gamlir. Hann kvaðst ekki geta borið um, hvort staðirnir í D) og E) liðum hafi verið gamalgrónir eða hvort staðurinn í K) lið hafi verið nýlega útbúinn. Séu þetta gamlir staðir, er líklegt, að þeir hafi verið notaðir til að geyma þar smyglvarning í fyrri ferð eða ferðum skipsins, en kærði hefur verið á skipinu samtals í þrjú ár og stöðugt síðan í október f. á.

4) Handtök og vinnubrögð kærða og félaga hans við smyglið eru til þess fallin að vekja grun um, að þau séu ekki framkvæmd af óvönum mönnum í fyrsta skipti, enda hafa þrír af félögum hans sætt refsingu fyrir smygl. Þykir rökstudd ástæða vera til þess að kanna líkindi þess, hvort smygl kærða og félaga hans með Langjökli hafi ekki verið framkvæmt með hlutdeild einhvers eða einhverra í landi og jafnframt verið framhald á fyrri smyglstarfsemi.

5) Því þykir rétt að kanna fjárreiður kærða og fjármálaskipti hans við aðra menn seinustu árin, og í því skyni hafa í dag verið kveðnir upp í sakadómi úrskurðir um skyldu skattyfirvalda til að láta dóminum í té upplýsingar um framtöl kærða, um skyldu banka og sparisjóða til að láta dóminum í té upplýsingar um tékka, sem kunna að hafa verið gefnir út til hans eða verið framseldir af honum og þessar stofnanir hafa innleyst, svo og um skyldu póst- og símamálastjórnarinnar til að láta dóminum í té upplýsingar um símskeyti, sem kunna að hafa verið send héðan til kærða erlendis eða á hafi úti eða af honum hingað.

6) Rannsókn málsins er því nú á þeim vegi, að útiloka verður möguleika á því, að kærði geti torveldað hana, t. d. með því að hafa samband við og áhrif á mögulega kaupendur eða viðtakendur smyglvarnings, útgefendur tékka, sendendur eða móttakendur símskeyta eða með því að skjóta undan gögnum, sem brot hans varða.

Fyrir því og að öðru leyti með skírskotun til 67. gr., 1. mgr., 1. tl., laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála telur dómurinn rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist kærða um 30 daga, eða til mánudagsins 11. október næstkomandi, kl. 1945.

Ályktarorð:

Gæzluvarðhaldsvist kærða, Valsteins Víðis Guðjónssonar, framlengist um 30 daga, eða til mánudagsins 11. október næstkomandi, kl. 1945.

Föstudaginn 24. september 1965.

Nr. 164/1965. **Valdstjórnin**
gegn
Guðmundi Þóri Einarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. september þ. á., sem hingað barst 17. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og hann látinn laus úr gæzluvarðhaldi.

Samkvæmt 1. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954 getur brot varnaraðilja varðað fangelsi, en samkvæmt 2. mgr. 268. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 merkir það varðhald eða fangelsi allt að 2 árum. Eru þannig fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. enn fremur 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. september 1965.

Ár 1965, laugardaginn 11. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í fangahúsinu að Skólavörðustíg 9 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi:

Föstudaginn 6. f. m. kom m/s Langjökull, eign Jökla h/f, hingað til Reykjavíkur frá útlöndum. Við leit tollgæzlumanna í skipinu, sem stóð yfir til þriðjudags 10. s. m., fundu þeir um

3.970 flöskur af áfengi og um 130.400 vindlinga, falið víðs vegar í skipinu. Meðal annars fundu þeir smyglvarning, sem hér segir:

A) Í farmi í III. frystilest fundust 137 kassar af genever, 12 lítra flöskur í hverjum kassa, eða samtals 1644 lítrar, svo og 30.000 vindlingar. Rúm það, sem varningurinn tók, var 2 metrar á breidd, 3 metrar á lengd og 3 metrar á hæð.

B) Milli þilja í I. og IV. frystilestum fundust 764 3/4 lítra flöskur af gin, 501 eins lítra flöskur af genever svo og 10.000 vindlingar. Geymslustaðir þessir voru gerðir með því að rofin hefur verið einangrun í vegg, svo að myndaðist um 45 cm holrúm, þar sem varningnum var komið fyrir.

D) Milli þilja á bak við veggskáp í kortaklefa fundust 217 eins lítra flöskur af genever og 5.000 vindlingar. Komizt hefur verið í geymslustað þenna með því að taka frá krossviðarplötu í skápbotni.

E) Í þili á bak við áhaldaskáp í loftskeytastöðvarherbergi fundust 623 eins lítra flöskur af genever. Komizt hefur verið í stað þenna með því að taka frá krossviðarplötu í skáp.

Kærði, Guðmundur Þórir Einarsson, Háaleitisbraut 109, hér í borg, fæddur 4. september 1932 í Reykjavík, var bátsmaður í þessari ferð skipsins.

Hinn 11. s. m. var hann yfirheyrður bæði af rannsóknarlögreglu og í sakadómi um málið, og viðurkenndi hann þá að eiga áfengið, sem í E) lið greinir, ásamt Gísla Þórðarsyni loftskeytamanni og Gísla Erlendi Marínóssyni háseta, en kvaðst alls ekki vita um, hverjir ættu annað áfengi og tóbak, sem fannst í skipinu. Sama dag var hann settur í hald og næsta dag úrskurðaður í 30 daga gæzluvarðhald. Við yfirheyrslur 18. og aftur 24. s. m. hélt kærði fast við fyrri framburð sinn.

Í sakadómi 28. f. m. breytti kærði framburði sínum. Kvaðst hann þá vera ásamt Óla Kristjáni Jóhannssyni 1. stýrimanni, Valsteini Víði Guðjónsyni 2. stýrimanni, Gísla Þórðarsyni loftskeytamanni, Kristjáni Samúel Júlíussyni háseta, Gísla Erlendi Marínóssyni háseta og Haraldi Zóphóníasi Helgasyni bryta eigandi að áfengi því, sem í A) lið greinir, og ásamt hinum 5 fyrstnefndu eigandi að áfengi því, sem var í afturþili IV. lestar, sbr. B) lið, svo og að áfengi því, sem í D) og E) liðum greinir. Virðist kærði hafa viðurkennt að eiga samtals 300 flöskur af genever og 96 flöskur af gin.

Kærði kveðst hafa ætlað að flytja smyglvarning sinn í land hér í Reykjavík með aðstoð félaga sinna, sem áttu áfengi á

sömu stöðum og hann, en eiginlega hafi ekki verið búið að ákveða, til hvaða staðar í landi áfengið skyldi flytja. Hann kveðst hafa ætlað að selja nokkuð af því, en kaupandi hafi ekki verið ákveðinn. Margir hafi komið til greina að bjóða áfengið til kaups, t. d. leigubifreiðastjórar, án þess að hann geti nafngreint nokkurn.

Gildistími gæzluvarðhalds kærða rennur út kl. 1930 í dag, og verður því að taka afstöðu til þess, hvort hann skuli nú látinn laus úr varðhaldi eða varðhaldsvist hans framlengd.

Við mat á því verður að hafa í huga eftirtalin atriði:

1) Enn er ekki fullkannaður hlutur hvers hinna sjö félaga í upphafi og við undirbúning og framkvæmd smyglsins, þar á meðal að því er varðar geymslustaði varningsins í skipinu.

2) Rannsókn á því, hvað gera átti við smyglvarninginn, ef í land hefði komizt, er alls ekki lokið, þar sem ekki er unnt að svo komnu máli að leggja til grundvallar frásögn kærða um, að ekkert hafi verið ákveðið, hverjum átti að bjóða varninginn til kaups, heldur getur þvert á móti verið ástæða til að ætla, að kaupandi eða móttakandi varningsins hafi þegar verið ákveðinn, m. a. vegna þess, hve áfengismagnið var mikið,

3) Yfirverkstjóri við skipasmíði hjá Slippfélaginu, hér í borg, kveður, að geymslustaðirnir í B) lið hafi verið mjög vel gerðir og að þurft hafi handverksmann til þess að útbúa þá, og ráði hann það af því, að skrúfur hafi verið lausar, að nokkuð oft hafi verið búið að hreyfa skrúfurnar og af því mátt jafnvel ráða, að staðirnir væru gamlir. Hann kvaðst ekki geta borið um, hvort staðirnir í D) og E) liðum hafi verið gamalgrónir eða hvort staðurinn í K) lið hafi verið nýlega útbúinn. Séu þetta gamlir staðir, er líklegt, að þeir hafi verið notaðir til að geyma þar smyglvarning í fyrri ferð eða ferðum skipsins, en kærði hefur verið á skipinu í hálft annað ár.

4) Handtök og vinnubrögð kærða og félaga hans við smyglið eru til þess fallin að vekja grun um, að þau séu ekki framkvæmd af óvönum mönnum í fyrsta skipti, enda hafa þrír af félögum hans sætt refsingu fyrir smygl. Þykir rökstudd ástæða vera til þess að kanna líkindi þess, hvort smygl kærða og félaga hans með Langjökli hafi ekki verið framkvæmt með hlutdeild einhvers eða einhverra í landi og jafnframt verið framhald á fyrri smyglstarfsemi.

5) Því þykir rétt að kanna fjárreiður kærða og fjármálaviðskipti hans við aðra menn seinustu árin, og í því skyni hafa

í dag verið kveðnir upp í sakadómi úrskurðir um skyldu skattyfirvalda til að láta dóminum í té upplýsingar um framtöl kærða, um skyldu banka og sparisjóða til að láta dóminum í té upplýsingar um tékka, sem kunna að hafa verið gefnir út til hans eða verið framseldir af honum og þessar stofnanir hafa innleyst, svo og um skyldu póst- og símamálastjórnarinnar til að láta dóminum í té upplýsingar um símskeyti, sem kunna að hafa verið send héðan til kærða erlendis eða á hafi úti eða af honum hingað.

6) Rannsókn málsins er því nú á þeim vegi, að útiloka verður möguleika á því, að kærði geti torveldað hana, t. d. með því að hafa samband við og áhrif á mögulega kaupendur eða viðtakendur smyglvarnings, útgefendur tékka, sendendur eða móttakendur símskeyta eða með því að skjóta undan gögnum, sem brot hans varða.

Fyrir því og að öðru leyti með skírskotun til 67. gr., 1. mgr., 1. tl., laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála telur dómurinn rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist kærða um 30 daga, eða til mánudagsins 11. október næstkomandi, kl. 1930.

Ályktarorð:

Gæzluvarðhaldsvist kærða, Guðmundar Þóris Einarssonar, framlengist um 30 daga, eða til mánudagsins 11. október næstkomandi, kl. 1930.

Föstudaginn 24. september 1965.

Nr. 165/1965. **Valdstjórnin**
gegn
Kristjáni Samúel Júlíussyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. september þ. á., sem hingað barst 17. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961

skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og hann látinn laus úr gæzluvarðhaldi.

Samkvæmt 1. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954 getur brot varnaraðilja varðað fangelsi, en samkvæmt 2. mgr. 268. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 merkir það varðhald eða fangelsi allt að 2 árum. Eru þannig fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. enn fremur 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. september 1965.

Ár 1965, laugardaginn 11. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í fangahúsinu að Skólavörðustíg 9 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi:

Föstudaginn 6. f. m. kom m/s Langjökull, eign Jökla h/f, hingað til Reykjavíkur frá útlöndum. Við leit tollgæzlumanna í skipinu, sem stóð yfir til þriðjudags 10. s. m., fundu þeir um 3.970 flöskur af áfengi og um 130.400 vindlinga, falið víðs vegar í skipinu. Meðal annars fundu þeir smyglvarning, sem hér segir:

A) Í farmi í III. frystilest fundust 137 kassar af genever, 12 lítra flöskur í hverjum kassa, eða samtals 1644 lítrar, svo og 30.000 vindlingar. Rúm það, sem varningurinn tók, var 2 metrar á breidd, 3 metrar á lengd og 3 metrar á hæð.

B) Milli þilja í I. og IV. frystilestum fundust 764 3/4 lítra flöskur af gin, 501 eins lítra flöskur af genever svo og 10.000 vindlingar. Geymslustaðir þessir voru gerðir með því að rofin hefur verið einangrun í vegg, svo að myndaðist um 45 cm holrúm, þar sem varningnum var komið fyrir.

D) Milli þilja á bak við veggskáp í kortaklefa fundust 217 eins lítra flöskur af genever og 5.000 vindlingar. Komizt hefur

verið í geymslustað þenna með því að taka frá krossviðarplötu í skápbotni.

E) Í þili á bak við áhaldaskáp í loftskeytastöðvarherbergi fundust 623 eins lítra flöskur af genever. Komizt hefur verið í stað þenna með því að taka frá krossviðarplötu í skáp.

Kristján Samúel Júlíusson, Glaðheimum 10, hér í borg, fæddur 14. nóvember 1923 í Reykjavík, var háseti í þessari ferð skipsins.

Hinn 11. s. m. var hann yfirheyrður bæði af rannsóknarlögreglu og í sakadómi um málið, og staðhæfði hann þá, að hann ætti ekkert af smyglvarningnum og hefði ekki hugmynd um, hverjir ættu hann. Sama dag var hann settur í hald og næsta dag úrskurðaður í 30 daga gæzluvarðhald. Við yfirheyrslur 20. og aftur 26. s. m. hélt kærði fast við fyrri framburð sinn.

Í sakadómi 27. og 31. f. m. svo og 1. þ. m. breytti kærði framburði sínum. Kvaðst hann þá vera ásamt Óla Kristjáni Jóhannssyni 1. stýrimanni, Valsteini Víði Guðjónssyni 2. stýrimanni, Gísla Þórðarsyni loftskeytamanni, Guðmundi Þóri Einarssyni bátsmanni, Gísla Erlendi Marínóssyni háseta og Haraldi Zóphóníasi Helgasyni bryta eigandi að áfengi því, sem í A) lið greinir, og ásamt hinum 5 fyrstnefndu eigandi að áfengi því, sem var í afturþili IV. lestar, sbr. B) lið, svo og að áfengi því, sem í D) og E) liðum greinir. Samtals væri hann eigandi að 540 flöskum af genever og 96 flöskum af gin.

Kærði kvaðst hafa ætlað að flytja smyglvarning sinn í land hér í Reykjavík með aðstoð félaga sinna, sem áttu áfengi á sömu stöðum og hann, en ekki verið búinn að ákveða, hvert flytja skyldi varninginn, er í land væri kominn. Hann kveðst hafa ætlað að selja hann, nema eitthvað smávegis, sem hann ætlaði sjálfum sér, en kaupandi hafi ekki verið ákveðinn og heldur ekkert verið ákveðið, hverjum ætti að bjóða varninginn til kaups.

Gildistími gæzluvarðhalds kærða rennur út kl. 1437 í dag, og verður því að taka afstöðu til þess, hvort hann skuli nú látinn laus úr varðhaldi eða varðhaldsvist hans framlengd.

Við mat á því verður að hafa í huga eftirtalin atriði:

1) Enn er ekki fullkannaður hlutur hvers hinna sjö félaga í upphafi og við undirbúning og framkvæmd smyglsins, þar á meðal að því er varðar geymslustaði varningsins í skipinu.

2) Rannsókn á því, hvað gera átti við smyglvarninginn, ef í land hefði komizt, er alls ekki lokið, þar sem ekki er unnt að

svo komnu máli að leggja til grundvallar frásögn kærða um, að ekkert hafi verið ákveðið, hverjum átti að bjóða varninginn til kaups, heldur er þvert á móti ástæða til að ætla, að kaupandi eða móttakandi varningsins hafi þegar verið ákveðinn, m. a. vegna þess, hve áfengismagnið var mikið,

3) Yfirverkstjóri við skipasmíði hjá Slippfélaginu, hér í borg, kveður, að geymslustaðirnir í B) lið hafi verið mjög vel gerðir og að þurft hafi handverksmann til þess að útbúa þá, og ráði hann það af því, að skrúfur hafi verið lausar, að nokkuð oft hafi verið búið að hreyfa skrúfurnar og af því mátt jafnvel ráða, að staðirnir væru gamlir. Hann kvaðst ekki geta borið um, hvort staðirnir í D) og E) liðum hafi verið gamalgrónir eða hvort staðurinn í K) lið hafi verið nýlega útbúinn. Séu þetta gamlir staðir, er líklegt, að þeir hafi verið notaðir til að geyma þar smyglvarning í fyrri ferð eða ferðum skipsins, en kærði mun hafa verið á skipinu síðan í nóvember 1964, en þó í frii frá 23. febrúar til 21. apríl s.l.

4) Handtök og vinnubrögð kærða og félaga hans við smyglið eru til þess fallin að vekja grun um, að þau séu ekki framkvæmd af óvönum mönnum í fyrsta skipti, enda hefur kærði og tveir af félögum hans sætt refsingu fyrir smygl, og kærði meira að segja í þrjú skipti. Þykir rökstudd ástæða vera til þess að kanna líkindi þess, hvort smygl kærða og félaga hans með Langjökli hafi ekki verið framkvæmt með hlutdeild einhvers eða einhverra í landi og jafnframt verið framhald á fyrri smyglstarfsemi.

5) Því þykir rétt að kanna fjárreiður kærða og fjármálaskipti hans við aðra menn seinustu árin, og í því skyni hafa í dag verið kveðnir upp í sakadómi úrskurðir um skyldu skattyfirvalda til að láta dóminum í té upplýsingar um framtöl kærða, um skyldu banka og sparisjóða til að láta dóminum í té upplýsingar um tékka, sem kunna að hafa verið gefnir út til hans eða verið framseldir af honum og þessar stofnanir hafa innleyst, svo og um skyldu póst- og símamálastjórnarinnar til að láta dóminum í té upplýsingar um símskeyti, sem kunna að hafa verið send héðan til kærða erlendis eða á hafi úti eða af honum hingað.

6) Rannsókn málsins er því nú á þeim vegi, að útiloka verður möguleika á því, að kærði geti torveldað hana, t. d. með því að hafa samband við og áhrif á mögulega kaupendur eða viðtakendur smyglvarnings, útgefendur tékka, sendendur eða móttak-

endur símskeyta eða með því að skjóta undan gögnum, sem brot hans varða.

Fyrir því og að öðru leyti með skírskotun til 67. gr., 1. mgr., 1. tl., laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála telur dómurinn rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist kærða um 30 daga, eða til mánudagsins 11. október næstkomandi, kl. 1437.

Ályktarorð:

Gæzluvarðhaldsvist kærða, Kristjáns Samúels Júlíussonar, framlengist um 30 daga, eða til mánudagsins 11. október næstkomandi, kl. 1437.

Föstudaginn 24. september 1965.

Nr. 166/1965. **Valdstjórnin**
gegn
Gísla Erlendi Marínóssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. september þ. á., sem hingað barst 17. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og hann látinn laus úr gæzluvarðhaldi.

Samkvæmt 1. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954 getur brot varnaraðilja varðað fangelsi, en samkvæmt 2. mgr. 268. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 merkir það varðhald eða fangelsi allt að 2 árum. Eru þannig fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. enn fremur 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. september 1965.

Ár 1965, laugardaginn 11. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í fangahúsinu að Skólavörðustíg 9 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi:

Föstudaginn 6. f. m. kom m/s Langjökull, eign Jökla h/f, hingað til Reykjavíkur frá útlöndum. Við leit tollgæzlumanna í skipinu, sem stóð yfir til þriðjudags 10. s. m., fundu þeir um 3.970 flöskur af áfengi og um 130.400 vindlinga, falið víðs vegar í skipinu. Meðal annars fundu þeir smyglvarning, sem hér segir:

A) Í farmi í III. frystilest fundust 137 kassar af genever, 12 lítra flöskur í hverjum kassa, eða samtals 1644 lítrar, svo og 30.000 vindlingar. Rúm það, sem varningurinn tók, var 2 metrar á breidd, 3 metrar á lengd og 3 metrar á hæð.

B) Milli þilja í I. og IV. frystilestum fundust 764 3/4 lítra flöskur af gin, 501 eins lítra flöskur af genever svo og 10.000 vindlingar. Geymslustaðir þessir voru gerðir með því að rofin hefur verið einangrun í vegg, svo að myndaðist um 45 cm holrúm, þar sem varningnum var komið fyrir.

D) Milli þilja á bak við veggskáp í kortaklefa fundust 217 eins lítra flöskur af genever og 5.000 vindlingar. Komizt hefur verið í geymslustað þenna með því að taka frá krossviðarplötu í skápbotni.

E) Í þili á bak við áhaldaskáp í loftskeytastöðvarherbergi fundust 623 eins lítra flöskur af genever. Komizt hefur verið í stað þenna með því að taka frá krossviðarplötu í skáp.

Kærði, Gísli Erlendur Marínósson, Laugavegi 89, hér í borg, en dveljandi að Lyngbrekku 18, Kópavogi, fæddur 11. nóvember 1930 í Reykjavík, var háseti í þessari ferð skipsins.

Hinn 11. s. m. var hann yfirheyrður bæði af rannsóknarlögreglu og í sakadómi um málið, og viðurkenndi hann þá að eiga áfengið, sem í E) lið greinir, ásamt Gísla Þórðarsyni loftskeytamanni og Guðmundi Þóri Einarssyni bátsmanni, en kvaðst alls ekki vita um, hverjir ættu annað áfengi og tóbak, sem fannst

í skipinu. Sama dag var hann settur í hald og næsta dag úrskurðaður í 30 daga gæzluvarðhald. Við yfirheyrslur 18. og aftur 26. s. m. hélt kærði fast við fyrri framburð sinn.

Í sakadómi 28. f. m. og 2. þ. m. breytti kærði framburði sínum. Kvaðst hann þá vera ásamt Óla Kristjáni Jóhannssyni 1. stýrimanni, Valsteini Víði Guðjónssyni 2. stýrimanni, Gísla Þórðarsyni loftskeytamanni, Guðmundi Þóri Einarssyni bátsmanni, Kristjáni Samúel Júlíussyni háseta og Haraldi Zóphóníasi Helgasyni bryta, eigandi að áfengi því, sem í A) lið greinir, og ásamt hinum 5 fyrstnefndu eigandi að áfengi því, sem var í afturþili IV. lestar, sbr. B) lið, svo og að áfengi því, sem í D) og E) liðum greinir. Samtals væri hann eigandi að 360 flöskum af genever og 96 flöskum af gin.

Kærði kveðst helzt hafa ætlað að flytja smyglvarning sinn í land hér í Reykjavík og að því er hann býst við með hjálp félaga sinna, sem áttu áfengi á sömu stöðum og hann, en allt hafi verið óákveðið, hvert flytja skyldi varninginn, er í land væri kominn. Hann kveðst hafa ætlað að selja varninginn að miklu leyti, en kaupandi hafi ekki verið ákveðinn og heldur ekkert verið ákveðið, hverjum átti að bjóða varninginn til kaups.

Gildistími gæzluvarðhalds kærða rennur út kl. 1830 í dag, og verður því að taka afstöðu til þess, hvort hann skuli nú látinn laus úr varðhaldi eða varðhaldsvist hans framlengd.

Við mat á því verður að hafa í huga eftirtalin atriði:

1) Enn er ekki fullkannaður hlutur hvers hinna sjö félaga í upphafi og við undirbúning og framkvæmd smyglsins, þar á meðal að því er varðar geymslustaði varningsins í skipinu.

2) Rannsókn á því, hvað gera átti við smyglvarninginn, ef í land hefði komizt, er alls ekki lokið, þar sem ekki er unnt að svo komnu máli, að leggja til grundvallar frásögn kærða um, að ekkert hafi verið ákveðið, hverjum átti að bjóða varninginn til kaups, heldur er þvert á móti ástæða til að ætla, að kaupandi eða móttakandi varningsins hafi þegar verið ákveðinn, m. a. vegna þess hve áfengismagnið var mikið og að kærði hafði ákveðið að fara út með skipinu í næstu ferð þess eftir fáeina daga.

3) Yfirverkstjóri við skipasmíði hjá Slippfélaginu, hér í borg, kveður, að geymslustaðirnir í B) lið hafi verið mjög vel gerðir og að þurft hafi handverksmann til þess að útbúa þá, og ráði hann það af því, að skrúfur hafi verið lausar, að nokkuð oft hafi verið búið að hreyfa skrúfurnar og af því mátt jafnvel

ráða, að staðirnir væru gamlir. Hann kvaðst ekki geta borið um, hvort staðirnir í D) og E) liðum hafi verið gamalgrónir eða hvort staðurinn í K) lið hafi verið nýlega útbúinn. Séu þetta gamlir staðir, er líklegt, að þeir hafi verið notaðir til að geyma þar smyglvarning í fyrri ferð eða ferðum skipsins, en kærði hefur verið á skipinu í rúm tvö ár.

4) Handtök og vinnubrögð kærða og félaga hans við smyglið eru til þess fallin að vekja grun um, að þau séu ekki framkvæmd af óvönum mönnum í fyrsta skipti, enda hafa þrír af félögum hans sætt refsingu fyrir smygl. Þykir rökstudd ástæða vera til þess að kanna líkindi þess, hvort smygl kærða og félaga hans með Langjökli hafi ekki verið framkvæmt með hlutdeild einhvers eða einhverra í landi og jafnframt verið framhald á fyrri smyglstarfsemi.

5) Því þykir rétt að kanna fjárreiður kærða og fjármálaviðskipti hans við aðra menn seinustu árin, og í því skyni hafa í dag verið kveðnir upp í sakadómi úrskurðir um skyldu skattyfirvalda til að láta dóminum í té upplýsingar um framtöl kærða, um skyldu banka og sparisjóða til að láta dóminum í té upplýsingar um tékka, sem kunna að hafa verið gefnir út til hans eða verið framseldir af honum og þessar stofnanir hafa innleyst, svo og um skyldu póst- og símamálastjórnarinnar til að láta dóminum í té upplýsingar um símskeyti, sem kunna að hafa verið send héðan til kærða erlendis eða á hafi úti eða af honum hingað.

6) Rannsókn málsins er því nú á þeim vegi, að útiloka verður möguleika á því, að kærði geti torveldað hana, t. d. með því að hafa samband við og áhrif á mögulega kaupendur eða viðtakendur smyglvarnings, útgefendur tékka, sendendur eða móttakendur símskeyta eða með því að skjóta undan gögnum, sem brot hans varða.

Fyrir því og að öðru leyti með skírskotun til 67. gr., 1. mgr., 1. tl., laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála telur dómurinn rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist kærða um 30 daga, eða til mánudagsins 11. október næstkomandi, kl. 1830.

Ályktarorð:

Gæzluvarðhaldsvist kærða, Gísla Erlends Marínóssonar, framlengist um 30 daga, eða til mánudagsins 11. október næstkomandi, kl. 1830.

Föstudaginn 1. október 1965.

Nr. 167/1963. **Áki Jakobsson**
gegn
Krananum h/f.

Mál fellt niður. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm í dag, var þess krafizt af hálfu áfrýjanda, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefnda var sótt dómþing og krafizt ómaksbóta.

Samkvæmt þessu verður mál þetta hafið og stefnda dæmdar ómaksbætur úr hendi áfrýjanda, kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Áki Jakobsson, greiði stefnda, Krananum h/f, kr. 2.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. október 1965.

Nr. 77/1965. **Sigurður Lúðvík Ólafsson**
gegn
Íslenzkum aðalverktökum s/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Lúðvík Ólafsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. október 1965.

Nr. 121/1965. **Pípuverksmiðjan h/f**
gegn
Bjargi h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Pípuverksmiðjan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 4. október 1965.

Nr. 78/1964. **Ásgeir Eyjólfsson**
gegn
Erlendi J. Erlendssyni
og
Erlendur J. Erlendsson
gegn
Ásgeiri Eyjólfssyni og
Þórarni Stefáni Gunnarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um öflun umsagnar Læknaráðs.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt ósk aðaláfrýjanda og með skírskotun til 1. og 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 að æskja umsagnar Læknaráðs um álitsgerð Erlings Þorsteinssonar læknis, dags. 10. september 1965, sem fram hefur verið lögð í málinu.

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té umsögn um framangreinda álitsgerð.

Miðvikudaginn 6. október 1965.

Nr. 3/1965. **Sveinn Guðmundsson**
(Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.)
gegn
Haraldi Eyjólfssyni og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Meiðyrðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 21. desember 1964. Hér fyrir dómi gerir hann þessar kröfur:

Í aðalsök í héraði, að ómerk verði dæmd eftirgreind ummæli, sem stefnt var fyrir í héraði: 1. „Skyldi maður þó sízt ætla, að Sveinn kjörbúðarstjóri væri svo illa haldinn, að hann þyrfti að afla sér aukatekna með því að leggjast svo lágt að fara ránshendi um eigur húnvetnskra bænda, en illt að sjá, að þessi leikur sé til annars gerður.“ 2. „Sveinn Guðmundsson kjörbúðarstjóri, sem kallast mætti hrossabrestur ....“ 3. „.... lýsir sú kalda þögn betur en nokkuð annað þeirri römmu fyrirlitningu, sem sýslungar meradólganna hafa á atferli þeirra.“

Í gagnsök í héraði: Að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda.

Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagn-

áfrýjanda í aðalsök og gagnsök bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur samkvæmt heimild í 3. málsgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 7. janúar 1965. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í aðalsök í héraði, en í gagnsök í héraði eru kröfur hans þessar hér fyrir dómi:

A. Að eftirgreind ummæli, sem gagnstefnt var fyrir í héraði, verði dæmd dauð og ómerk: 1. „.... að gerast uppvís að svo freklegu ábyrgðarleysi, sem hér um ræðir, enda ber grein hans með sér, að þar hafi meiru ráðið reiði en „speki“.“

2. „Enda viðurkennir Haraldur brot sitt á búfjárræktarlögum.“

3. „Óskhyggja manns, sem finnur sig sekan og vill láta alla lúta duttlungum sínum“. 4. „.... fái því áorkað með rætnum persónulegum áróðri eða samúðarvæli með húnvetnskum hrossakjötsframleiðendum.“

B. Að aðaláfrýjanda verði gert að greiða gagnáfrýjanda í miskabætur vegna ummælanna kr. 10.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags.

C. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda kostnað af birtingu dóms í málinu í einu af dagblöðum Reykjavíkur.

Gagnáfrýjandi krefst enn fremur málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í aðalsök og gagnsök bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Ummæli þau, sem aðaláfrýjandi átelur og rakin eru í kröfugerð hans hér að framan, eru öll mjög vansæmandi fyrir hann. Með skírskotun til 1. málsgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 ber að ómerkja þau samkvæmt kröfu aðaláfrýjanda.

Í gagnsökinni átelur gagnáfrýjandi tiltekin ummæli í grein aðaláfrýjanda, sem birtist í dagblaðinu Tímanum hinn 14. september 1962. Ummæli þessi eru að vísu nokkuð hvöss í garð gagnáfrýjanda, en þegar til þess er litið, að þau eru andsvar aðaláfrýjanda við mjög ósæmilegum móðgunar-

yrðum, sem gagnáfrýjandi hafði áður valið honum í grein í Tímanum hinn 1. september 1962, þá þykja ekki efni til að taka neinar kröfur gagnáfrýjanda í gagnsökinni til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ummæli gagnáfrýjanda, Haralds Eyjólfssonar, um aðaláfrýjanda, Svein Guðmundsson, sem greind eru í kröfugerð aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, eiga að vera dauð og ómerk.

Í gagnsökinni á aðaláfrýjandi að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadóms Húnavatnssýslu 5. ágúst 1964.

Mál þetta, sem var þingfest 22. janúar 1963, en tekið til dóms 25. apríl þ. á., er höfðað af Sveini Guðmundssyni verzlunarmanni, Sauðárkróki, gegn Haraldi Eyjólfssyni, bónda í Gautsdal, Bólstaðarhlíðarhreppi, Húnavatnssýslu, vegna meiðandi ummæla, er stefnandi telur stefnda hafa viðhaft um hann í grein, er birtist í blaðinu „Tíminn" 1. september 1962, en ummælin eru þessi: „Skyldi maður þó sízt halda, að Sveinn kjörbúðarstjóri væri svo illa haldinn, að hann þyrfti að afla sér aukatekna með því að leggjast svo lágt að fara ránshendi um eigur húnvetnskra bænda, en illt er að sjá, að þessi leikur sé til annars gerður". Gerir stefnandi þær dómkröfur, að hin tilfærðu ummæli verði dæmd dauð og ómerk, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur og loks, að hann verði dæmdur til greiðslu birtingarkostnaðar samkvæmt 241. gr. almennra hegningarlaga og greiðslu alls málskostnaðar.

Stefndi, Haraldur Eyjólfsson, lýsti því yfir við þingfestingu málsins, að hann mundi gagnstefna aðalstefnanda fyrir meið-

andi ummæli um hann í dagblaðinu „Tíminn“ frá 14. september 1962, og fékk til þess óákveðinn frest. Lagði hann fram gagnstefnu í næsta þinghaldi málsins 13. september 1963, útgefna sama dag, þar sem hann gerir þær dómkröfur:

1. Að svohljóðandi ummæli stefnanda í grein hans í dagblaðinu „Tíminn“ þann 14. september 1962 verði samkvæmt 241. gr. laga nr. 19/1940 dæmd dauð og ómerk .... „að gerast uppvís að svo freklegu ábyrgðarleysi, sem hér um ræðir, enda ber grein hans með sér, að þar hafi meiru ráðið reiði en „speki“. .... Enda viðurkennir Haraldur brot sitt á búfjárræktarlögunum .... Óskhyggja manns, sem finnur sig sekan og vill láta alla lúta duttlungum sínum .... fái því áorkað með rætnum persónulegum áróðri, eða samúðarvæli með húnvetnskum hrossakjötsframleiðendum ....

2. Að gagnstefndi verði látinn sæta refsingu fyrir þessi ummæli samkvæmt ákvæðum laga nr. 19/1940, 234., 235. og 237. gr.

3. Að gagnstefnda verði samkvæmt 264. gr. laga nr. 19/1940 gert að greiða gagnstefnanda í miskabætur kr. 10.000.00 með 8% vöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags vegna þessara ummæla, sem gagnstefnandi telur röng, móðgandi og meiðandi fyrir sig.

4. Að gagnstefnda verði samkvæmt ákvæðum 241. gr., 2. mgr., laga nr. 19/1940 dæmt skylt að greiða kostnað af birtingu dóms í máli þessu í dagblöðunum í Reykjavík.

5. Að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða gagnstefnanda málskostnað.

Með framhaldsstefnu, útgefinni 13/3 1963, framlagðri 13. september 1963, gerir aðalstefnandi enn fremur þær viðbótarkröfur, að aðalstefndi verði einnig dæmdur fyrir móðgandi ummæli um aðalstefnanda í grein, sem birtist í Alþýðublaðinu í Reykjavík þann 18. desember 1962, sem eru þannig:

„Sveinn Guðmundsson kjörbúðarstjóri, sem kallast mætti hrossabrestur ....“, „lýsir sú kalda þögn betur en nokkuð annað þeirri römmu fyrirlitningu, sem sýslungar meradólganna hafa á atferli þeirra ....“. „Hér koma þessir hestatökumenn „eins og þjófar á nóttu“.“

Leitað var sátta í málinu, en sú sáttatilraun reyndist árangurslaus.

Meiðyrðamál þetta á rætur sínar að rekja til þess, að nokkrir Skagfirðingar tóku sig til og fóru vestur yfir fjallgarðinn, sem skilur á milli Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, og höfðu á

brott með sér nokkra stóðhesta, sem þeir töldu ganga þar ólöglega. Svipað hafði skeð þar nokkrum árum áður, og orðið allmikið deiluefni. Þeir, sem þetta gerðu, gátu því búizt við því, að þessi verknaður þeirra yrði umdeildur, enda heimild til þess ekki óumdeilanleg þrátt fyrir dóm Hæstaréttar á réttarskjali nr. 8, sem í sjálfu sér fjallar um annað efni.

Þegar menn taka sér á hendur að vinna verk, sem þeir vita fyrirfram að geta valdið allmiklum deilum, að ekki sé minnzt á, þegar slík verk eru ekki óumdeilanlega réttmæt, eins og í þessu tilfelli, þar sem þessir menn taka sér vald, sem ekki er öruggt að þeir hafi til löggæzlu í landinu, þá geta slíkir menn ekki búizt við því, að allir taki slíkri framtakssemi þegjandi og hljóðalaust. Og þótt þá sé eitthvað sagt, sem ekki mundi vera sagt undir venjulegum kringumstæðum, eða skrifað, sem strangt tekið væri ekki rétt að láta á prent út fara, þá verður að líta á slíkt vægari augum, þegar ærið tilefni er gefið til.

Skulu nú hinar tilvitnuðu setningar, sem taldar eru meiðandi, athugaðar, hver fyrir sig.

Aðalstefnandi telur, að setningin, „skyldi maður þó sízt halda, að Sveinn kjörbúðarstjóri væri svo illa haldinn, að hann þyrfti að afla sér aukatekna með því að leggjast svo lágt að fara ránshendi um eigur húnvetnskra bænda, en illt er að sjá, að þessi leikur sé gerður til annars", sé ærumeiðandi. Ekki verður fallizt á þessa skoðun aðalstefnanda. Ekkert er í þessari setningu, sem beint er að æru hans. Eins og áður segir, verða menn að gera sér grein fyrir því, að framferði þeirra og athafnir geta valdið ágreiningi. En það er ekki heppilegt, að athafnamenn láti sér hitna svo í hamsi, ef þeir mæta gagnrýni, að þeir hlaupi líkt og börn undir pilsfald móður sinnar, þ. e. til dómstólanna, og heimti vernd þeirra, ef þeim finnst á sig hallað í ræðu eða riti, hversu lítilvægt sem tilefnið er.

Lögmaður aðalstefnanda lagði mikla áherzlu á í munnlegum málflutningi, að umbjóðandi hans gegndi ábyrgðarmiklu starfi og hin tilvitnaða setning gæti haft þau áhrif, að hann yrði síður talinn hæfur til að gegna slíku starfi. Á þá röksemd verður ekki fallizt. Ekki er sveigt að starfi hans á nokkurn hátt, heldur notuð óþarflega óhefluð orð um verknað, sem stefnandi vann í vissu um, að mundi verða mjög umdeilt verk. Þar sem hin tilvitnaða setning er ekki talin særa eða skaða heiður eða mannorð aðalstefnanda, þykir ekki ástæða til þess að ómerkja hana.

Þá liggur fyrir að athuga setningar þær í framhaldsstefnu, sem aðalstefnandi telur meiðandi.

Fyrst er þá setningin, „Sveinn Guðmundsson kjörbúðarstjóri, sem kalla mætti hrossabrest“ .... Það má að vísu segja, að hrossabrestur sé skammaryrði, og ef það væri tekið sem slíkt, beri að ómerkja það, en þegar setningin er lesin í heild, er augljóst, að þessu orði er nánast kastað fram til þess að gefa setningunni meira líf. Orðið er þarna óþarft, en ekki er hægt að sjá, að þetta geti skaðað mannorð eða heiður aðalstefnanda, að vísu valdið góðlátlegu brosi, en ætla verður, að enginn mundi virða aðalstefnanda minna fyrir það, þótt hann væri kallaður hrossabrestur í umræddri blaðagrein. Þykir því ekki ástæða til að ómerkja framangreint orð.

Þá kemur setningin .... „lýsir sú kalda þögn, betur en nokkuð annað, þeirri römmu fyrirlitningu, sem sýslungar meradólganna hafa á atferli þeirra“ .... Þessi setning verður vart skilin, nema í samhengi við það, sem á undan er farið og á eftir kemur. En þar segir, að hestur gagnstefnanda hafi verið tekinn öðru sinni og sýnt (sic) uppboð og segir svo: „En nú bregður svo við, að enginn býður í folann, og lýsir o. s. frv.“ Þarna dregur gagnstefnandi þá ályktun af því, er hann telur staðreynd, að enginn bauð í hestinn, að almenningur væri ekki hlynntur framferði aðalstefnanda og félaga hans. Viðurkenna ber, að orðið „fyrirlitning“ er óþarflega sterkt og að áliti dómarans jaðrar það við að vera ærumeiðandi, því að verknaður þeirra hestatökumanna er ekki fyrirlitlegur, þótt hann sé umdeilanlegur, og þeir félagar, og þá fyrst og fremst aðalstefnandi, eru ekki fyrirlitlegir fyrir verknað sinn, þótt vafalítið séu til menn, sem hafa andúð á þeim fyrir framtakssemina.

Dómarinn viðurkennir, að hann hefur ekki heyrt orðið meradólgur notað, og samkvæmt orðabók Menningarsjóðs virðist orðið ekki hafa komið fyrir á prenti fyrr. Orðið er notað hér sem smánaryrði. Það hljómar líkt og „melludólgur“, þ. e. maður, sem leigir út vændiskonur eða stuðlar að vændi, orð, sem ekki hefur þótt hæfa að hampa á prenti. Þetta er sett fram til þess að varpa skugga á aðalstefnanda, og þykir því rétt að ómerkja það.

Þegar litið er á málsgreinina í heild, þykir rétt að ómerkja orðin „römmu fyrirlitningu“ og „meradólganna“.

Í hinni síðustu af áður tilvitnuðum setningum í framhalds-

stefnu er um misskilning að ræða, enda sleppti lögmaður aðalstefnda þeirri setningu í munnlegum málflutningi.

Þegar athugaðar eru hinar tilvitnuðu setningar í gagnstefnu, sem gagnstefnandi telur móðgandi og ærumeiðandi, þá verður ekki komizt hjá þeirri hugsun, að um hálfgerðan sparðatíning sé að ræða, sem nánast hefur verið tíndur til, svo að hægt væri að gagnstefna.

Ef teknar eru hinar tilvitnuðu setningar, þá hljóðar hin fyrsta þannig: „.... að gerast uppvís að svo freklegu ábyrgðarleysi, sem hér um ræðir, enda ber grein hans það með sér, að þar hafi meira ráðið reiði en speki".

Taka stóðhests gagnstefnanda aftur, þremur vikum eftir að hann var seldur á uppboði, sýnir, að gagnstefnandi hefur látið hann ganga lausan þrátt fyrir þá áminningu, sem hann hafði fengið við fyrri töku hestsins. Það verður því ekki hægt að segja, að verið sé að ærumeiða gagnstefnanda, þegar því er haldið fram, að hann hafi sýnt ábyrgðarleysi með því að láta hestinn ganga lausan. Að vísu er með orðinu „freklegt" fulldjúpt tekið í árinni, en hafa verður hugfast, að hér er aðalstefnandi að svara gagnstefnanda fyrir grein, sem aðalstefnandi taldi ærumeiðandi fyrir sig. Verður því ekki hægt að líta á þessi orð sem ærumeiðandi eða móðgandi fyrir gagnstefnanda, þar sem nokkurt tilefni var til.

Síðara atriðið í þessari málsgrein, sem gagnstefnandi telur niðrandi, eru orðin .... „hefur meira ráðið reiði en speki". Dómarinn lítur svo á, að það sé ekki stórfelld móðgun að telja mann hafa skrifað meir af reiði en viti, og móðgun, sem gerir þeim ekkert til, sem hún á að beinast gegn, er þeim lítill sómi, sem setur hana á prent. Þegar málsgreinin er athuguð í heild, verður ekki hægt að fallast á það sjónarmið, að ummælin séu þess eðlis, að þörf sé að ómerkja þau.

Málsgreinin „Enda viðurkennir Haraldur brot sitt á búfjárræktarlögunum" .... er ekki þess eðlis, að unnt sé að telja hana ærumeiðandi eða móðgandi. Verður hún því ekki ómerkt.

Þá er það málsgreinin: „Óskhyggja manns, sem finnur sig sekan og vill láta alla lúta duttlungum sínum". Þessi málsgrein er öllum meinlaus og aðeins tilfinningasemi að móðgast af henni, nema orðunum: „sem finnur sig sekan". Að áliti dómarans er það tvennt ólíkt að fullyrða, að maður hafi brotið lög, og að bera það út, að viðkomandi maður finni sig sekan. Þess vegna þykir rétt að ómerkja þessa málsgrein.

Síðast í hinni tilvitnuðu setningu, sem gagnstefnandi telur móðgandi, eru ummælin: „fái því áorkað með rætnum persónulegum áróðri eða samúðarvæli með húnvetnskum hrossakjötsframleiðendum“ .... Það má segja, að orðin „rætnum persónulegum áróðri“ jaðri við það að vera meiðandi fyrir æru gagnstefnanda, en eins og allt er í pottinn búið, þá er ekki ástæða til að ómerkja þau.

Aðalstefnandi gerir kröfur um miskabætur, en ekki ákveðna upphæð. Þegar af þeirri ástæðu verður sú krafa ekki tekin til greina.

Gagnstefnandi gerir kröfu um refsingu og miskabætur. Ekki þykir næg ástæða til að taka þær kröfur til greina, þar sem aðalstefnandi hefur hér nánast goldið líku líkt, sbr. 239. gr. almennra hegningarlaga.

Rétt þykir, að báðir aðiljar beri kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði, að hálfu hvor.

Ekki þykir ástæða til þess að dæma aðiljum málskostnað.

Dómsorð:

Orðin „römm fyrirlitning“ og „meradólganna“ skulu talin dauð og ómerk.

Orðin „finnur sig sekan“ skulu talin dauð og ómerk.

Aðiljar greiði birtingarkostnað dómsins að hálfu hvor.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá löglegri birtingu hans.

Mánudaginn 11. október 1965.

Nr. 170/1965. **Karl Árnason**
gegn
Magnúsi Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 20. september þ. á., er hingað barst 2. október þ. á., skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 20. september þ. á., en með úrskurði þessum var varnaraðilja veittur frestur til 7. október þ. á. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Karl Árnason, greiði varnaraðilja, Magnúsi Jónssyni, kærumálskostnað, kr. 2.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 20. september 1965.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, hefur Karl Árnason, Tunguvegi 86, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 17. júlí 1964, á hendur Magnúsi Jónssyni, Tunguvegi 84, hér í borg. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að staðfest verði lögbann, sem fram fór hinn 11. júlí 1964 við framkvæmd-

um stefnda á hinni sameiginlegu lóð húsanna, og að stefnda verði gert að rífa niður og fjarlægja allt, sem hann hefur gert á lóð sinni án samþykkis meðleigjenda sinna að hinni sameiginlegu lóð húsanna nr. 84—100 við Tunguveg hér í borg. Þá krefst stefnandi einnig, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 10.000.00 í miskabætur og málskostnað að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Stefnandi kveður málavexti þá, að stefndi hafi án samþykkis eða samráðs við samleigjendur sína að lóðinni og án leyfis byggingaryfirvalda gert framkvæmdir í kringum hús sitt öðruvísi en til sé ætlazt samkvæmt sameiginlegum lóðarleigusamningi. Kveðst stefnandi eigi vilja sætta sig við hinar ólögmætu aðgerðir stefnda og hefur því höfðað mál þetta.

Mál þetta var þingfest hinn 24. september 1964. Komu þá fram af hálfu stefnanda auk stefnu og greinargerðar endurrit af löghaldsgerð og uppdráttur af lóðunum nr. 84—100 við Tunguveg. Í greinargerð stefnanda kemur fram, að hann muni síðar afla lóðarleigusamningsins og uppdráttar, er sýni girðingarframkvæmdir stefnda.

Greinargerð stefnda kom síðan fram hinn 5. nóvember 1964. Hafa lögmenn aðilja síðan haft sameiginlega fresti til öflunar gagna. Í þinghaldi í málinu 24. júní s.l. kom fram af hálfu stefnanda uppdráttur sá, sem vikið er að í greinargerð hans með árituðu vottorði byggingarfulltrúans í Reykjavík. Óskaði lögmaður stefnda nú eftir frekari fresti til öflunar gagna til 16. september s.l., en af hálfu stefnanda var því andmælt, að frekari frestur yrði veittur. Með úrskurði, uppkveðnum á bæjarþinginu 16. júlí s.l., var svo veittur frekari frestur til öflunar gagna til 16. september s.l., m. a. til þess að stefnda gefizt kostur á að koma fyrir dóm.

Í þinghaldi í málinu 16. september s.l. lagði stefndi fram ný gögn í málinu, dskj. nr. 7—13, og óskaði jafnframt eftir viðbótarfresti til 14. október n.k. til frekari gagnaöflunar og aðiljayfirheyrslu. Lögmaður stefnanda andmælti frekari fresti, og var atriðið því tekið til úrskurðar, að loknum munnlegum málflutningi í dag.

Frestbeiðnin er studd þeim rökum, að brýn þörf sé á því, að stefndi fái að koma fyrir dóm og gefa þar skýrslu, en beiðni um aðiljayfirheyrslu hafi verið send yfirborgardómara 14. september s.l.

Lögmaður stefnanda neitar að samþykkja frekari frest á þeim forsendum, að lögmanni stefnda hafi verið í lófa lagið að láta aðiljayfirheyrsluna fara fram fyrir löngu síðan.

Beiðni frestbeiðanda um aðiljayfirheyrslu hafði verið tekin til meðferðar hjá borgardómaraembættinu og var ætlunin, að téð aðiljayfirheyrsla færi fram í dag, en lögmaður stefnanda hélt þá fast við kröfu sína um, að úrskurðað yrði um frestbeiðnina.

Þegar tillit er tekið til þessa og til þess, að í síðasta þinghaldi voru lögð fram 7 ný dómskjöl, og annarra atriða málsins, þykir rétt að veita nokkurn frekari frest til öflunar gagna og til að stefnda gefizt kostur á að gefa skýrslu fyrir dómi.

Þykir rétt að verða við frestbeiðni stefnda, þó þannig, að fresturinn þykir hæfilega ákveðinn til 7. október n.k.

Ákvörðun um málskostnað í þessum þætti málsins bíður endanlegs dóms í málinu.

Björn Friðfinnsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Úrskurðarorð:

Frestur er veittur til 7. október n.k.

Mánudaginn 11. október 1965.

Nr. 5/1965. **M** (Áki Jakobsson hrl.)
gegn
K (Árni Guðjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1965.

Hér fyrir dómi hefur málið verið flutt einungis um formhlið þess, og hafa aðiljar gert þessar dómkröfur:

Áfrýjandi krefst ómerkingar héraðsdóms og heimvísunar málsins til gagnaöflunar og dómsálagningar af nýju og svo málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti, en að laun talsmanns hennar hér fyrir dómi greiðist úr ríkissjóði.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp 10. ágúst 1963. Skaut áfrýjandi honum til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. desember 1963, en útivistardómur gekk í því máli, nr. 3/1964, þann 2. marz 1964. Áfrýjandi skaut nú málinu aftur til Hæstaréttar með stefnu 25. marz s. á. í málinu nr. 68/1964. Gekk útivistardómur í því máli þann 2. desember 1964. Samkvæmt ákvæðum 36. gr. laga nr. 57/1962 er aðilja rétt að skjóta máli aftur til Hæstaréttar, sem fallið hefur niður, en heimild þessari verður eigi beitt oftar en einu sinni. Af þeim sökum verður máli því, sem hér er til úrlausnar, vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki fengið gjafvörn fyrir Hæstarétti. Verða laun talsmanns hennar því eigi greidd úr ríkissjóði.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, M, greiði stefnda, K, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. ágúst 1963.

Ár 1963, laugardaginn 10. ágúst, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í Borgartúni 7 af Loga Einarssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 16/1963: K gegn M, sem tekið var til dóms 9. s. m.

Hinn 1. ágúst 1962 ól sóknaraðili, K, ógift skrifstofustúlka, ..., sveinbarn, sem í skírninni hlaut nafnið B.

Föður að barni þessu hefur sóknaraðili lýst M múrara, ..., en hann hefur ekki viljað við faðernið kannast. Hefur sóknaraðili því höfðað mál þetta gegn honum og krafizt þess, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1962, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Þá krefst hún málskostnaðar að skaðlausu. Til vara krefst sóknaraðili fyllingareiðs.

Varnaraðili krefst sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og málskostnaðar að mati dóms. Synjunareiðs krefst hann ekki.

Sumarið 1961 dvaldist varnaraðili í Ólafsfirði og vann við nýbyggingu kaupfélagsins þar, en fór þaðan um miðjan desember s. á. til Siglufjarðar, þar sem hann bjó þá. Sumar þetta kynntust þau sóknaraðili og varnaraðili, en hún vann þá í skrifstofu kaupfélagsins. Þau eru sammála um að hafa í eitt skipti, að afloknum dansleik, er þau voru á, haft samfarir saman í herbergi því, sem varnaraðili hafði á Ólafsfirði, og að þau hafi þá ekki viðhaft neinar varúðarráðstafanir til að reyna að koma í veg fyrir, að sóknaraðili yrði barnshafandi. Segir hún samfarirnar hafa farið fram aðfaranótt sunnudagsins 5. nóvember 1961, en varnaraðili segir það hafa verið í október eða nóvembermánuði það ár.

Áður en varnaraðili fór frá Ólafsfirði um miðjan desember 1961, kveðst sóknaraðili hafa tjáð honum, að hún væri barnshafandi, en hann segist þá hafa svarað því til, að hann hefði vitað til þess, að hún hefði verið með tveimur öðrum mönnum, sem hann hefur þó ekki getað nafngreint. Þessu segir hann sóknaraðilja hafa svarað á þá leið, að hún hefði aðeins verið með einum öðrum manni en honum. Sóknaraðili neitar þessu, enda fullyrðir hún, að hún hafi ekki haft samfarir við nokkurn annan karlmann en varnaraðilja á mögulegum getnaðartíma barnsins. Er hún sagði honum frá þunga sínum, kveðst hún hafa tjáð honum, að enginn annar en hann kæmi til greina sem faðir barnsins, en hann hafi þá tjáð henni, að hann væri heitbundinn stúlku á Siglufirði. Kveðst hún þá hafa sagt honum, að barnsins vegna yrði hún að feðra barnið, en hún væri ekki að sækjast eftir því, að hann trúlofaðist henni, enda hefði hún sagt honum, að hún væri hrifin af öðrum manni. Ekki kveðst varnaraðili muna eftir þessu, en segir þó vel geta verið, að sóknaraðili

hafi tjáð honum, að hún væri hrifin af öðrum manni en honum. Hann kveðst hafa verið leynilega trúlofaður í desembermánuði 1961, en minnist þess ekki að hafa sagt sóknaraðilja það.

Í marzmánuði 1962 skrifaði sóknaraðili varnaraðilja bréf, þar sem hún lýsti hann föður að barninu. Þessu bréfi svaraði hann með bréfi, dags. 15. s. m., dskj. nr. 4, þar sem hann segir, að hún viti, að hann geti ekki gengizt við faðerninu, þar eð hann sé ekki viss um að eiga barnið, enda hafi hún sagt sér, að hún hefði verið með öðrum manni en sér rétt á eftir honum, og að sá maður geti alveg eins átt barnið. Þá getur hann þess, að hann sé hálftrúlofaður stúlku, er eigi barn á öðru ári, og því hafi hann nóg um að hugsa.

Blóðflokkarannsókn á aðiljum málsins og barninu hefur ekki útilokað varnaraðilja frá faðerninu, en niðurstaða rannsóknarinnar var sem hér segir:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c
Sóknaraðili	O	M	+	+	÷	÷
Barnið	O	M	+	+	+	+
Varnaraðili	B	M	+	+	+	+

Í vottorði próf. Níels Dungals, forstöðumanns Rannsóknarstofu háskólans, um blóðrannsóknina segir: „Samkvæmt þessari rannsókn er ekki unnt að útiloka M frá faðerninu. Barnið hefur fengið eiginleikana E og c frá föður sínum, og þeir finnast báðir hjá M."

Samkvæmt vottorði Láru Vilhjálmsdóttur ljósmóður var barnið við fæðingu 4100 gr. á þyngd og 53 sm á lengd.

Sóknaraðili kveðst síðast hafa haft á klæðum fyrir barnsburð um mánaðamót október og nóvember 1961, en hún segist ætíð hafa haft reglulegar tíðir.

Leitað var umsagnar borgarlæknisins í Reykjavík um, hvenær barn það, sem mál þetta er risið af, geti verið komið undir, og segir svo í umsögn hans:

„Samkvæmt vottorði ljósmóðurinnar, dags. 20. maí s.l., var barnið fullburða við fæðingu. Meðalmeðgöngutími fullburða barna er talinn vera 271 dagur, með 11 daga misvísun til eða frá. Samkvæmt því ættu mestar líkur að vera til, að umrætt barn sé getið á tímabilinu 24. október til 15. nóvember 1961.

Með hliðsjón af þroska barnsins við fæðingu, getur það samkvæmt dreifingartöflu dr. Lindners, Málmey, yfir þyngd og lengd nýfæddra barna verið komið undir einhvern tíma á tíma-

bilinu 6. september til 5. desember 1961, en 836‰ líkur til, að barnið sé getið á tímabilinu 4. október til 7. nóvember sama ár."

Eins og að framan greinir, eru málsaðiljar sammála um að hafa haft samfarir saman á líklegasta getnaðartíma barnsins, en engar sannanir hafa verið færðar fyrir því, að sóknaraðili hafi á mögulegum getnaðartíma haft samfarir við annan karlmann en varnaraðilja. Blóðflokkarannsókn hefur og eigi útilokað hann frá faðerninu. Ber því að dæma varnaraðilja föður barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1962, allt eftir yfirvaldsúrskurði.

Þá ber einnig að dæma varnaraðilja til greiðslu málskostnaðar, en úr ríkissjóði hafa þegar verið greiddar kr. 1325.00 vegna máls þessa. Enn fremur verður greidd úr ríkissjóði þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Árna Halldórssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1.500.00. Ber samkvæmt þessu að dæma varnaraðilja til að greiða kr. 2.825.00 í málskostnað, er renni til ríkissjóðs.

Dómsorð:

Varnaraðili, M, skal teljast faðir óskilgetins sveinbarns, B, er sóknaraðili, K, ól hinn 1. ágúst 1962, og greiða með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1962, allt eftir yfirvaldsúrskurði.

Þá greiði varnaraðili í málskostnað kr. 2.825.00, sem renni til ríkissjóðs.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. október 1965.

Nr. 71/1965. **Rafgeislahitun h/f** (enginn)
gegn
Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni
f. h. Heinrich Ratjen og gagnsök
(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Aðalsök felld niður.
Héraðsdómur í skuldamáli og fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Er málið var tekið þar fyrir til munnlegs flutnings hinn 8. þ. m., var þing eigi sótt af hendi aðaláfrýjanda. Ber því að fella aðalsök í máli þessu niður, sbr. 39. gr. laga nr. 57/1962.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. september s.l., áfrýjað málinu með stefnu 23. s. m. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða héraðsdóms ásamt fjárnámsgerð og málskostnaðar af aðaláfrýjanda hér fyrir dómi.

Með því að engir þeir gallar eru á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum, er standi í vegi fyrir kröfum gagnáfrýjanda, verða þær teknar til greina.

Málskot aðaláfrýjanda, sem engum andmælum hreyfði í héraði gegn kröfum gagnáfrýjanda, var gersamlega ófyrirsynju og veitti gagnáfrýjanda efni til áfrýjunar málsins einnig af sinni hálfu. Að þessu athuguðu er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Aðalsök máls þessa fyrir Hæstarétti er felld niður.

Í gagnsök eru hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð staðfest.

Aðaláfrýjandi, Rafgeislahitun h/f, greiði gagnáfrýj-

anda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Heinrich Ratjen, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. nóvember 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Laugavegi 10, Reykjavík, f. h. Heinr. Ratjen, Njenburg, Þýzkalandi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30.9. 1964, gegn Rafgeislahitun h/f, Grensásvegi 22, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð DM 3.504.08, með 8% ársvöxtum frá 19.7. 1963 til greiðsludags og málskostnaðar.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vegna vörukaupa stefnda hjá stefnanda í júní 1963. Hafi varan verið send með m/s Goðafossi frá Hamborg 8. júlí 1963 og átt að greiðast í Landsbanka Íslands gegn afhendingu vörureiknings og farmskírteinis, en stefndi hafi hins vegar ekki innleyst vöruna.

Stefndi hefur þing sækja látið, en engum andmælum hreyft gegn dómkröfunum. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 6.300.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Rafgeislahitun h/f, greiði stefnanda, Jóni N. Sigurðssyni f. h. Heinr. Ratjen, DM 3.504.08 með 8% ársvöxtum frá 19. júlí 1963 til greiðsludags og kr. 6.300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 12. janúar 1965.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit af dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 3379/1964 .... Gerðar-

beiðandi er sjálfur mættur og krefst fjárnáms fyrir DM 3.504.08 með 8% ársvöxtum frá 19. júlí 1963 til greiðsludags, kr. 6.300.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola er mættur Sigurður Ólafsson, aðstoðarframkvæmdarstjóri og varastjórnarmaður gerðarþola. Aðspurður og áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt skuldina og telur sig ekki hafa heimild til að vísa á eignir til fjárnáms.

Ákveðið var að fresta gerðinni til kl. 3 í dag, og verður henni þá haldið áfram að Grensásveg 22, hér í borg.

.....

Gerðarbeiðandi mætir sjálfur og ítrekar fjárnámskröfu sína frá fyrra réttarhaldi í dag.

Að tilhlutan fógeta mætir Ásta Guðjónsdóttir, sem hér vinnur. Áminnt um sannsögli, kveðst hún ekki greiða fyrir gerðarþola og ekki geta vísað á eignir til fjárnáms.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í húseigninni nr. 22 við Grensásveg hér í borg. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mættu að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Mánudaginn 11. október 1965.

Nr. 174/1965. **Ákæruvaldið**
gegn
Jósafat Arngrímssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál.
Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur hinn 6. október 1965 kært til Hæstaréttar úrskurð héraðsdóms, er upp var kveðinn 4. s. m. Barst kæran hingað 7. s. m. Ákærði krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur og afnumið verði bann

við brottför ákærða úr lögsagnarumdæmi Gullbringusýslu. Þá krefst ákærði og kærumálskostnaðar.

Saksóknara ríkisins hefur verið kunngerð kæran, en frá honum hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 4. október 1965.

Ár 1965, mánudaginn 4. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem háður var að Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni, dómara samkvæmt sérstökum umboðsskrám, kveðinn upp úrskurður um kröfu um afnám banns við brottför Jósafats Arngrímssonar verzlunarmanns, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, úr lögsagnarumdæmi Gullbringusýslu, sbr. 72. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála. Framangreint atriði var tekið til úrskurðar samdægurs.

Málavextir eru þessir:

Hinn 24. janúar 1964 hófst dómsrannsókn á verktakastarfsemi Jósafats Arngrímssonar verzlunarmanns, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, á Keflavíkurflugvelli og nafnritanafölsunum í því sambandi. Framangreind rannsókn var send saksóknara ríkisins til ákvörðunar 14. desember 1964.

Hinn 26. febrúar 1964 hófst dómsrannsókn vegna ætlaðs misferlis í starfrækslu póstdeildarinnar á Keflavíkurflugvelli og vegna fjármálaviðskipta þeirra aðilja, er þar áttu innstæðulausa tékka. Rannsókn þessi var send saksóknara til ákvörðunar 8. júní 1964.

Á grundvelli framangreindra rannsókna og eftir framhaldsrannsóknir, er fram fóru snemma þessa árs, var af hálfu ákæruvaldsins höfðað mál með ákæru, dagsettri 27. apríl 1965, á hendur Jósafat Arngrímssyni, Þórði Einari Halldórssyni verzlunarmanni, Sólheimum 27, Reykjavík, Eyþóri Þórðarsyni vélvirkja, Holtsgötu 17, Ytri-Njarðvík, Áka Guðna Gränz málarameistara,

Heimakletti, Ytri-Njarðvík, og Albert Karli Sanders rafvirkja, Holtsgötu 27, Ytri-Njarðvík. Gegn ákærða Jósafat er málið höfðað fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 samkvæmt 84 liðum, tilgreindum í ákæru. Sá þáttur ákærunnar er byggður á rannsókn verktakastarfseminnar. Þá er málið höfðað á hendur Jósafat fyrir fjársvik samkvæmt 248. gr. hegningarlaga, og er sá þáttur byggður á rannsókn vegna ætlaðs misferlis við póstdeildina. Við rannsóknina kom í ljós, að í sjóði póstdeildarinnar voru við endurskoðun í febrúarmánuði 1964 tékkar, útgefnir pr. pr. Ísfélag Keflavíkur h/f, samtals að upphæðum kr. 2.159.969.53, en tékkana skorti innstæður. Ákærði Jósafat var annar aðaleigandi fyrirtækisins og hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa hagnýtt í þágu fyrirtækisins andvirði innstæðulausra tékka, er seldir voru í póstdeildinni á Keflavíkurflugvelli.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærði Jósafat Arngrímsson úrskurðaður í gæzluvarðhald hinn 31. janúar 1964. Í gæzluvarðhaldi sat ákærði til 14. marz s. á. Þann dag var ákærða með heimild í 72. gr. laga nr. 82/1961 gert að halda sér innan takmarka Gullbringusýslu, þar til öðruvísi yrði ákveðið. Ákvörðun þessari hefur enn eigi verið breytt.

Rekstur málsins er nú á því stigi, að fyrir dyrum stendur framhaldsrannsókn, og er fyrsta þinghald þeirrar rannsóknar ákveðið 6. þessa mánaðar. Enn er eigi ákveðinn flutningsdagur málsins, en þess er þó að vænta, að málið verði flutt um næstu mánaðamót.

Með bréfi, dagsettu 30. fyrra mánaðar, hefur skipaður verjandi Jósafats Arngrímssonar, Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, farið þess á leit við dóminn, að áðurnefndu farbanni yrði létt af ákærða Jósafat, til að ákærði gæti setið verzlunarráðstefnu í Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, er haldin verður 16. október n.k. Ákærði sé umboðsmaður fyrirtækisins Wilson Harrel and Company Inc. hér á landi, og sé ákærða sem slíkum bæði nauðsynlegt og skylt að sitja áðurnefnda ráðstefnu. Verjandinn hefur þá getið þess, að verulegur hluti atvinnutekna ákærða verði rakinn til umboðsmennskunnar. Þá hefur verjandinn lýst ákærða fúsan til að leggja fram víxil með ábyrgðarmönnum, er dómurinn samþykkir, til tryggingar nærveru ákærða eftir 8—10 daga ferðalag vestur um haf.

Af hálfu ákæruvaldsins hafa komið fram mótmæli gegn því, að farbanninu verði aflétt, þar sem slíkt myndi verða til þess

að tefja gang málsins, þar sem lokarannsókn stæði fyrir dyrum og málflutningur eigi langt undan.

Samkvæmt ákæruskjali er ákærði sakaður um brot gegn hegnarlögum, sem heimfærð eru til refsiákvæða, er hafa að geyma víðan ramma refsivistar. Enn fremur verður á það að fallast, að fjarvera ákærða, enda þótt um stuttan tíma kunni að vera, sé til þess fallin að tefja framgang málsins. Að þessu athuguðu þykir eigi unnt að verða við þeirri kröfu ákærða að létta banni við brottför hans úr lögsagnarumdæmi Gullbringusýslu, þar eð slíkt telzt eigi samrýmanlegt opinberum hagsmunum.

Ályktarorð:

Krafa Jósafats Arngrímssonar um afnám banns við brottför hans úr lögsagnarumdæmi Gullbringusýslu er ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 13. október 1965.

Nr. 88/1964. **Aldís Þórðardóttir,**
Kristín Guðlaugsdóttir f. h. dánarbús
Magnúsar Péturssonar og
Grímur Grímsson (Jón N. Sigurðsson hrl.)
gegn
Sigurlinna Péturssyni,
Gunnari Kragh,
Jónu Kortsdóttur og
Óla H. J. Matthíassyni
(Páll S. Pálsson hrl.)
og til réttargæzlu
Elínu Jónsdóttur sjálfri og f. h.
ólögráða sonar hennar, Tryggva Þórissonar,
Nínu Þ. Þórisdóttur,
Friðriki Þórissyni,
Pétri Péturssyni og
Kristínu B. Waage.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Umferðarréttarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. maí 1964 og gert þær dómkröfur, að þeim verði dæmd sýkna af kröfum stefndu, Sigurlinna Péturssonar, Gunnars Kraghs, Jónu Kortsdóttur og Óla H. J. Matthíassonar, og að stefndu verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjendum verði dæmt að greiða þeim óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Þeir Filippus Guðmundsson, Sigurlinni Pétursson og Steinn Júlíus Árnason tóku hinn 25. ágúst 1945 á leigu lóð-

ina nr. 40—42—44 við Miklubraut í Reykjavík með samningi við borgarstjóra Reykjavíkur. Á lóðinni reistu leigutakar þrjú sambyggð íbúðarhús. Samkvæmt umsókn lóðarleigutaka samþykktu byggingaryfirvöld Reykjavíkur 28. nóvember og 5. desember 1946 að skipta nefndri lóð í þrjár lóðir, nr. 40, 476.8 ferm. að stærð, nr. 42, 376.4 ferm. að stærð, og nr. 44, 526.1 ferm. að stærð, og skyldi vera „2 m breið gangréttindi um lóðina nr. 44 inn á lóðina nr. 42".

Nefndir lóðarleigutakar afsöluðu 19. nóvember og 8. desember 1947 Kristínu B. Waage efri hæð og Þóri Tryggvasyni neðri hæð hússins nr. 44 við Miklubraut, og fylgdu í kaupum hvors þeirra „lóðarréttindi að $\frac{2}{5}$ hlutum í óskiptri lóð, sem húsinu fylgir". Með samningi 14. og 20. nóvember 1947 leigði síðan borgarstjórinn í Reykjavík þeim Kristínu B. Waage, Þóri Tryggvasyni og Pétri Péturssyni, sem orðinn var eigandi kjallaraíbúðar hússins, lóðina nr. 44 við Miklubraut. Um sama leyti var og gerður lóðarleigusamningur við þá Sigurlinna Pétursson, Stein Júlíus Árnason og Sigurð Steindórsson um lóðina nr. 42 við nefnda götu. Var því lýst með áritun á hina nýju lóðarsamninga af hendi borgarstjóra, að lóðarsamningurinn frá 28. ágúst 1945 væri úr gildi fallinn. Afsölin á húsinu nr. 44, þau er rakin voru, og svo hinir nýju leigulóðarsamningar um lóðirnar nr. 44 og 42 voru þinglesin. Ekkert þessara réttindaskjala lét getið gangréttar frá húseigninni nr. 42 yfir lóð húseignarinnar nr. 44. Frá þinglýsingu þessara skjala hafa eigendaskipti orðið að íbúðum í húsunum nr. 44 og nr. 42, svo sem rakið er í héraðsdómi. Eigendur hússins nr. 44 hófu árið 1948 framkvæmdir á lóð þess húss og settu upp grindvirki á mörkum lóðanna nr. 44 og 42. Gangstétt lögðu þeir austan við og sunnan við hús sitt, nr. 44. Stóð nefnd rimlagirðing milli lóðanna, unz áfrýjandi Sigurlinni Pétursson tók í júlímánuði 1962 að gera hlið á hana vegna gangréttar, er hann taldi eigendur hússins nr. 42 eiga um lóð hússins nr. 44. Lögðu áfrýjendur þá lögbann við þeim aðgerðum hans.

Eignarskjöl og lóðarréttinda þeirra Kristínar B. Waage,

Þóris Tryggvasonar og Péturs Pétursson áskilja eigi gangrétt um lóðina nr. 44 við Miklubraut frá húsinu nr. 42 við sömu götu, og eigi eru efni til að ætla, að þau hafi vitað, að borgaryfirvöld og íbúar hússins nr. 42 gerðu kröfu um slíkan gangrétt. Uppsetning nefndra eigenda hússins nr. 44 á rimlagirðingu milli lóðanna 1948, sem fram fór án andstöðu af annarra hálfu, mátti og styrkja þau í þeirri trú, að þau hefðu óskoraðan rétt yfir lóð sinni. Áfrýjendur, núverandi eigendur hússins nr. 44, máttu og samkvæmt ummerkjum á lóðinni ætla, að enginn slíkur gangréttur væri fyrir hendi. Verður þessi kvöð því eigi lögð á áfrýjendur, nema frjálsir samningar um hana takist eða eignarnám komi til. En skýra verður 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. byggingarsamþykktar Reykjakvíkur nr. 195/1945, er geyma fyrirmæli um, að fasteign hverri fylgi greiður aðgangur að götu, með þeim takmörkunum, sem leiðir af eignarréttinum.

Samkvæmt því, er rakið var, ber að sýkna áfrýjendur af kröfum stefndu í málinu og dæma stefndu til að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Aldís Þórðardóttir, Kristín Guðlaugsdóttir f. h. dánarbús Magnúsar Péturssonar og Grímur Grímsson, eiga að vera sýkn af kröfum stefndu, Sigurlinna Péturssonar, Gunnars Kraghs, Jónu Kortsdóttur og Óla H. J. Matthíassonar, í máli þessu.

Stefndu skulu greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur merkjadóms Reykjavíkur 2. apríl 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. f. m., hafa eigendur húseignarinnar nr. 42 við Miklubraut, þau Sigurlinni Pétursson,

Hraunhólum í Garðahreppi, Gunnar Kragh, Jóna Kortsdóttir og Óli H. J. Matthíasson, öll til heimilis að Miklubraut 42, höfðað með stefnu, útgefinni 20. maí 1963, gegn eigendum húseignarinnar nr. 44 við Miklubraut, þeim Kristínu Guðlaugsdóttur f. h. dánarbús Magnúsar Péturssonar, Aldísi Þórðardóttur og Grími Grímssyni, öllum til heimilis að Miklubraut 44, svo og borgarstjóranum í Reykjavík f. h. Reykjavíkurborgar.

Stefnendur gera þær dómkröfur, að staðfestur verði réttur þeirra til að hafa 2 metra breiðan gangstíg frá lóðinni nr. 42 við Miklubraut gegnum lóð nr. 44 við sömu götu og út á Miklubraut og að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað in solidum.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr þeirra hendi.

Málavextir eru þessir: Með samningi, dags. 25. ágúst 1945, seldi Reykjavíkurborg þeim Filippusi Guðmundssyni, Steini Júl. Árnasyni og Sigurlinna Péturssyni, sem er einn af stefnendum máls þessa, á leigu lóðina nr. 40—44 við Miklubraut hér í borg. Er lóðin í samningi þessum talin 1379.3 fermetrar. Á lóðinni reistu nefndir leigutakar þrjú sambyggð íbúðarhús. Með bréfi, dags. 20. nóvember 1946, sóttu leigutakar um leyfi til byggingarnefndar Reykjavíkur til að skipta fyrrnefndri lóð í þrjár sjálfstæðar lóðir með tveggja metra breiðum gangstíg yfir lóðina nr. 44 að lóðinni nr. 42. Út af erindi þessu gerði byggingarnefnd svofellda ályktun, sem síðan var samþykkt í bæjarstjórn Reykjavíkur 5. desember s. á.:

„Filippus Guðmundsson o. fl. sækja um leyfi til að skipta lóðinni nr. 40—42—44 við Miklubraut í þrjár lóðir, nr. 40, er verði 476.8 ferm., nr. 42, er verði 376.4 ferm., og nr. 44, er verði 526.1 ferm., og 2 m. breið gangréttindi um lóðina nr. 44 inn á lóðina nr. 42. — Samþykkt."

Var leigutökum tilkynnt þessi ákvörðun bréflega.

Með afsölum, dags. 19. nóvember og 8. desember 1947, selja áðurgreindir leigutakar þeim Þóri Tryggvasyni og Kristínu Waage efri og neðri hæð hússins nr. 44. Kaup þessi munu þó hafa verið ráðin nokkru fyrr. Er í nefndum afsölum m. a. tekið fram, að með í kaupunum fylgi hvorri hæð lóðarréttindi að ⅔ hlutum í óskiptri lóð, sem húsinu fylgdi. Eigi var á það minnzt í afsölum þessum, að fasteigninni nr. 42 fylgdi umferðareða gangréttur yfir lóð hússins nr. 44. Í sambandi við m. a. fyrrgreind kaup, að því er ætla verður, er felldur úr gildi leigu-

samningurinn frá 25. ágúst 1945 og nýir samningar gerðir um hverja umrædda lóð fyrir sig. Er stærð hverrar lóðar um sig tilgreind í hinum nýju samningum og er sú sama og greinir í fyrrnefndri ályktun byggingarnefndar og bæjarstjórnar og hinni upphaflegu lóð skipt í samræmi við það. Leigutakar samkvæmt samningnum um lóðina nr. 44 eru nú fyrrnefndir kaupendur, Þórir Tryggvason og Kristín B. Waage, og auk þeirra Pétur Pétursson, sem á þessum tíma er orðinn eigandi íbúðar í kjallara hússins. Leigusamningurinn um lóðina nr. 44 er undirritaður af leigutökum hinn 20. nóvember 1947 og afhentur til skráningar og færður í veðmálabækur hinn 11. desember s. á. Eigi er í samningi þessum minnzt á, að kvöð um umferðarrétt hvíli á lóð hússins nr. 44. Leigutakar samkvæmt samningnum um lóðina nr. 42 eru þeir Steinn Júl. Árnason, Sigurlinni Pétursson og Sigurður Steindórsson, sem þá mun vera orðinn eigandi að íbúð í kjallara hússins. Leigutakar undirrita samninginn hinn 29. janúar 1948, og er samningur afhentur og færður í veðmálabækur sama dag. Eigi er þess heldur getið í samningi þessum, að húseigninni nr. 42 fylgi gangréttur yfir lóð hússins nr. 44.

Á næstu árum ganga flestar íbúðir í húsunum nr. 42 og 44 manna á milli, yfirleitt fyrir kaup og sölu. Þannig afsalar fyrrnefndur Pétur Pétursson í ágúst 1960 Grími Grímssyni, stefnda í máli þessu, íbúðinni í kjallara hússins nr. 44, og hinn 21. október 1955 afsala erfingjar fyrrnefnds Þóris Tryggvasonar íbúðinni á fyrstu hæð hússins nr. 44 til Magnúsar Péturssonar, en dánarbú hans er einn af stefndu í málinu. Þá afsalar hinn 16. júlí 1948 Kristín Waage íbúðinni á efri hæð hússins nr. 44 til Hallgríms Oddssonar, en kona hans, Aldís Þórðardóttir, sem er ein stefndu í málinu, fékk íbúð þessa í sinn hlut, er þau hjón skildu árið 1956.

Hinn 12. febrúar 1949 afsalar Sigurlinni Pétursson rishæð hússins nr. 42 til Dýrfinnu Guðjónsdóttur. Hún afsalar síðan íbúðarhæðinni hinn 28. apríl 1956 til Ingimundar Jörundssonar og hann aftur hinn 8. febrúar 1958 til Líneyjar Sigurbjörnsdóttur. Dánarbú hennar afsalar hinn 1. september 1958 þessari sömu íbúð til Sigrúnar Guðmundsdóttur, sem afsalaði henni hinn 1. október 1962 til stefnanda Jónu Kortsdóttur. Þá afsalar Steinn Júl. Árnason hinn 27. október 1950 íbúð sinni á neðri hæð hússins nr. 42 til stefnanda Óla H. J. Matthíassonar. Loks afsala þeir Pétur Pétursson og Sigurður Steindórsson hinn 14. marz

1952 íbúðinni í kjallara hússins nr. 42 til Kristólínu Kragh, sem afsalar íbúð þessari hinn 20. febrúar 1960 til stefnanda Jóns Gunnars Kraghs.

Eigi var í neinum framanskráðum afsölum og heimildarskjölum, varðandi húseignirnar nr. 42 og 44, sem öll voru afhent til skráningar og færð inn í veðmálabækur, getið um, að húseigninni nr. 42 fylgdi umferðarréttur yfir lóð húseignarinnar nr. 44.

Umrædd hús eru reist á lóðunum norðanverðum framundir gangstétt við akbraut Miklubrautar, en samt eru litlir gróðurreitir við götuhlið húsanna, og einnig er þar komið fyrir sorptunnum. Sunnanvert við húsin eru garðlóðir húsanna, og takmarkast þær að sunnanverðu af lóðum, sem liggja að Barmahlíð. Telja stefnendur, að þeir eigi gang- eða umferðarrétt um lóðina nr. 44 sunnanvert við húsið og síðan meðfram húsinu austanverðu út að Miklubraut. Lóðin sunnanvert við húsið nr. 44 hefur verið ræktuð, grasflöt og einnig tré, blóm o. fl. Þá hefur verið gerð hellulögð gangstétt frá gangbraut við Miklubraut meðfram húsinu nr. 44 austanverðu og síðan meðfram því að sunnanverðu að tröppum niður að dyrum þvottahúss í kjallara hússins, en tröppur þessar eru út undir lóðamörkum milli lóðanna nr. 42 og 44. Gangstétt þessi er lögð af eigendum hússins nr. 44 vorið 1948, og þetta sama vor komu þeir einnig upp grindverki úr tré á lóðarmörkunum. Í júlímánuði 1962 hófst stefnandi Sigurlinni Pétursson handa um að leggja gangstétt af lóðinni nr. 42 og yfir lóðina nr. 44. Gróf hann að lóðarmörkum, rauf þar grindverk og kom fyrir hliðstólpum á lóðarmörkum. Stefndu, sem töldu framkvæmdir þessar með öllu óheimilar, létu leggja lögbann við frekari framkvæmdum. Mál til staðfestingar því lögbanni hafa stefndu höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Stefnendur höfðuðu hins vegar síðar mál þetta fyrir merkjadóminum til að fá skorið úr um umferðarrétt sinn. Hvílir staðfestingarmálið, á meðan mál þetta er ekki til lykta leitt.

Stefnendur byggja kröfur sínar á því, að þeir eigi ótvírætt gangrétt þann, sem þeir krefjast staðfestingar á. Telja þeir fyrrnefnda samþykkt byggingarnefndar enn í fullu gildi og bindandi fyrir stefndu, enda þótt umferðarkvöðinni hafi ekki verið þinglýst. Benda þeir einnig á, að á uppdrætti hjá lóðarskrárritara sé ótvírætt gert ráð fyrir þessum gangrétti þeirra yfir lóð hússins nr. 44. Þá vísa stefnendur kröfum sínum til stuðn-

ings til bréfs, sem dagsett er 29. ágúst 1958 og er undirritað af Gunnlaugi Péturssyni í umboði bargarstjóra, en í bréfi þessu, sem fjallar m. a. um áðurrakta samþykkt byggingarnefndar, segir m. a. orðrétt á þessa leið:

„Það liggur í eðli málsins, að byggingarnefnd hefur gert að skilyrði fyrir framangreindri samþykkt, að tryggð voru gangréttindi yfir lóðina nr. 44 að lóðinni nr. 42. Að vísu hafði láðst að geta þess í lóðarsamningnum, en þó ber að líta svo á, að þessi samþykkt nefndarinnar og bæjarstjórnar sé í gildi."

Stefndu dánarbú Magnúsar Péturssonar, Alda Þórðardóttir og Grímur Grímsson halda því fram kröfum sínum til stuðnings, að hafi nokkurn tíma verið stofnað til gangréttar yfir lóðina nr. 44, þá hafi sú kvöð verið felld niður með lóðarsamningnum frá 14. nóvember 1947. Er í þessu sambandi einnig tekið fram, að hafi gangstígsréttindi verið leyfð að beiðni þeirra Filippusar, Sigurlinna og Steins og þeim til hagsbóta, þá hafi þeir að sjálfsögðu haft rétt til að hafna þeim rétti eða afsala sér honum, enda verði að líta svo á, að það hafi þeir þá gert, er þeir seldu eignina nr. 44 við Miklubraut án kvaðarinnar, og á slíkt afsal hafi og bæjarstjórn fallizt með lóðarsamningnum um lóðina nr. 44. Þá telja stefndu, að þeir hafi útrýmt gangrétti stefnenda, ef um hann hafi verið að ræða, fyrir traustfang, þar eð hvorki í þinglýstum heimildum um fasteignina nr. 42 né fasteignina nr. 44 hafi verið getið um neina kvöð í þessa átt á lóðinni nr. 44, er þeir eignuðust húseignina nr. 44. Hafi þeir eigi heldur af öðrum ástæðum haft neina ástæðu til að ætla, að um slíkan umferðarrétt gæti verið að ræða. Hafi heldur aldrei verið um neina umferð að ræða yfir lóðina nr. 44 að lóðinni nr. 42.

Stefndi borgarstjórinn í Reykjavík f. h. Reykjavíkurborgar reisir sýknukröfur sínar á því, að hann sé alls ekki aðili þessa máls eða það varði hann á nokkurn hátt, eins og það liggi fyrir, þar sem hann hafi fyrir sitt leyti afgreitt það í samræmi við óskir hinna upprunalegu rétthafa, þ. á m. eins stefnanda. Telur stefndi, að fyrrnefnd samþykkt byggingarnefndar hafi verið á því byggð, að samkomulag hafi verið fyrir hendi frá öllum rétthöfum um umferðarrétt að lóðinni nr. 42, eftir að upprunalegu lóðinni hafði verið skipt í þrjár lóðir, enda komi það fram í umsókn, að allir lóðarhafar hafi óskað eftir þessari lausn. Telur stefndi, að um nefnd umferðarréttindi fari algerlega eftir

því, hvernig lögskiptum aðilja um umræddar eignir hafi verið háttað, m. a. því, með hverjum skilyrðum núverandi eigendur teljist hafa eignazt þessar eignir.

Leigusamningur um lóðina nr. 40—44 við Miklubraut óskipta var gerður samkvæmt ályktun bæjarráðs 3. nóvember 1944. Var samningurinn undirritaður 25. ágúst 1945 og þinglesinn 28. s. m.

Hinn 28. nóvember 1946 samþykkti byggingarnefnd Reykjavíkur að skipta lóðinni í þrjár lóðir, svo sem nánar er lýst í samþykkt nefndarinnar. Var þessi ályktun staðfest í bæjarstjórn Reykjavíkur 5. desember 1946. Nýir leigusamningar um hinar skiptu lóðir voru síðan gefnir út af borgarstjóranum í Reykjavík 14. nóvember 1947. Fengu samningarnir svofellda áletrun:

„Leigusamningur um lóðina Miklubraut 40—44, dags. 28/8 1945, hefur verið felldur úr gildi, enda hefur lóðinni verið skipt í þrjár lóðir, sem taldar eru nr. 40, 42 og 44 við Miklubraut."

Þessum samningum var síðan þinglýst.

Samkvæmt 1. tölulið 8. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík nr. 195/1945 skal vera greiður aðgangur frá götu inn á hverja lóð og samkvæmt 1. tölulið 9. gr. má ekki skipta lóð, nema hver hluti fullnægi ákvæðum byggingarsamþykktar, þ. e. að lóðinni skiptri fylgi greiður aðgangur að götu. Af þessum ákvæðum leiðir, að eigendur lóðarinnar nr. 42 við Miklubraut urðu ekki sviptir umferðarrétti, er lóðinni nr. 40—44 var skipt í þrjár lóðir. Breytir þar engu, þótt umferðarréttinum hafi ekki verið þinglýst.

Samkvæmt framangreindu telur dómurinn, að taka beri kröfu stefnenda til greina, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Árni Snævarr verkfræðingur og Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður, dómendur í merkjadómi, kváðu upp dóm þenna.

Dómsorð:

Staðfestur er réttur stefnenda, eigenda húseignarinnar nr. 42 við Miklubraut, þeirra Sigurlinna Péturssonar, Gunnars Kraghs, Jónu Kortsdóttur og Óla H. J. Matthíassonar, til þess að hafa tveggja metra breiðan gangstíg frá lóðinni nr. 42 við Miklubraut gegnum lóð nr. 44 við sömu götu og út á Miklubraut.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði formanns merkjadóms, Einars Arnalds yfirborgardómara.

Eigi er með ákvæðum 8. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík nr. 195/1945 stofnað til réttar til umferðar í neinni mynd yfir eignar- eða leigulóðir, þótt svo sé ástatt um grannlóðir þeirra, að eigi sé greiður aðgangur frá götu yfir þær að baklóðum þeirra. Verða gangréttindi þau, sem stefnt er út af í máli þessu, því ekki á ákvæði þessu byggð. Leigutakar lóðarinnar nr. 40—44 við Miklubraut samkvæmt lóðarleigusamningi, dags. 25. ágúst 1945, þeir Filippus Guðmundsson, Sigurlinni Pétursson og Steinn Júlíus Árnason, sóttu um leyfi til að skipta lóð þessari í þrjár sjálfstæðar lóðir og að tveggja metra breiður gangstígur yrði yfir lóðina nr. 44 að lóðinni nr. 42. Samþykktu byggingaryfirvöld þessa tilhögun með ályktun hinn 28. nóvember og 5. desember 1946. Eigi hefur verið leitt í ljós, að ákvörðun þessi hafi verið birt öðrum en framangreindum umsækjendum, og eigi hefur heldur verið sýnt fram á, að nefndur gangstígur hafi af hálfu bæjarstjórnar verið skilyrði fyrir leigu umræddra lóða eða skiptingu þeirra, enda er af hálfu stefnda Reykjavíkurborgar því haldið fram, að um hin umstefndu gangréttindi fari algerlega eftir lögskiptum leigutaka. Verður því ekki talið, að stefnendur geti reist hin umstefndu gangréttindi sér til handa á greindri ályktun byggingaryfirvalda, einni út af fyrir sig. Eins og áður hefur verið frá greint, var með samþykki allra hlutaðeigandi úr gildi felldur lóðarleigusamningurinn frá 25. ágúst 1945 og sjálfstæðir samningar gerðir um hverja lóð út af fyrir sig, sem síðan voru þinglesnir. Er stærð hverrar lóðar tilgreind í samningum þessum svo og lögun þeirra og lega. Leigutakar samkvæmt hinum nýja samningi um lóðina nr. 44 eru ekki hinir upphaflegu leigutakar lóðarinnar nr. 40—44, heldur kaupendur húseignarinnar á lóðinni nr. 44. Eigi er í hinum nýju samningum á það minnzt, að gangréttur yfir lóðina nr. 44 fylgi lóðinni nr. 42. Ráða má af fyrrnefndri umsókn hinna upphaflegu leigutaka, að það hafi verið ætlun þeirra að stofna til gangréttar yfir lóðina nr. 44, er fylgja skyldi lóðinni nr. 42. Til þess að til slíks réttar gæti stofnazt, svo gilt væri gagnvart hinum nýju leigutökum og síðari eigendum hússins nr. 44 ásamt meðfylgjandi lóðarréttindum, verður að telja ótvírætt, að nauðsynlegt hefði verið, að slíkur umferðarréttur væri þinglesinn sem kvöð á lóðina nr. 44, hann tekinn upp í leigusamning um þá lóð eða hin-


um nýju leigutökum og síðari eigendum húseignarinnar nr. 44 gert með öðrum hætti ljóst, að stofnað væri til slíkrar kvaðar yfir eigninni. Þar sem ekkert af þessu var gert, eiga kröfur stefnenda ekki við rök að styðjast. En jafnvel þótt líta mætti svo á, að til gangréttar hafi í upphafi verið stofnað yfir lóðina nr. 44, ber að gæta þess, að ekki hefur verið sýnt fram á, að í þinglýstum heimildarskjölum um fasteignina nr. 44 hafi, er stefndu eignuðust þá eign ásamt tilheyrandi lóðarréttindum, verið getið umferðarréttar í þágu fasteignarinnar nr. 42. Þá er og ósannað, að umferð í þágu fasteignarinnar nr. 42 hafi, eftir að lóðunum var skipt, átt sér stað yfir lóðina nr. 44. Hafi um slíkan gangrétt verið að ræða, verður að telja hann niður fallinn samkvæmt almennum traustfangsreglum, enda ekki í ljós leitt, að stefndu hafi af ummerkjum mátt ætla, að um slíkan rétt væri að ræða. Ber af framangreindum ástæðum að sýkna stefndu Aldísi Þórðardóttur, Grím Grímsson og dánarbú Magnúsar Péturssonar af kröfum stefnenda.

Samkvæmt framanröktum málsúrslitum og með hliðsjón af málavöxtum að öðru leyti þykir vegna aðildarskorts bera að sýkna stefnda borgarstjórann í Reykjavík f. h. Reykjavíkurborgar af kröfum stefnenda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Aldís Þórðardóttir, Grímur Grímsson, Kristín Guðlaugsdóttir f. h. dánarbús Magnúsar Péturssonar og borgarstjórinn í Reykjavík f. h. Reykjavíkurborgar, eiga að vera sýkn af kröfum stefnenda í máli þessu, þeirra Sigurlinna Péturssonar, Gunnars Kraghs, Jónu Kortsdóttur og Óla H. J. Matthíassonar, en málskostnaður falli niður.



Hluti af Vatnsdal

Teiknað eftir stækkaðri loftljósmynd frá 1960
vegna hæstaréttarmálsins nr. 184/1964

Mælikvarði nálægt 1:4850

100 0 100 200 300 400 500 m

Sjá mál nr. 184/1964, bls. 737—745.

sept. 1965
Ragnar Ármann
verkfr.

Mánudaginn 18. október 1965.

Nr. 184/1964. **Hannes Jónsson, eigandi Þórormstungu**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Grími Gíslasyni, eiganda Saurbæjar,
og gagnsök (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, og samdómendurnir Ólafur Magnússon hreppstjóri og Torfi Jónsson oddviti hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. nóvember 1964. Krefst hann þess, að landamerkjalínan milli Þórormstungu og Saurbæjar verði ákveðin frá miðjum fjárréttarrústum á Réttarhólma sjónhending á íbúðarhúsið á Ásbrekku. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 22. desember 1964. Kröfur hans eru, að „landamerkjum milli Saurbæjar og Þórormstungu ráði bein lína, er hugsast dregin frá óumdeildum suðurendapunkti í miðjum fjárréttarrústum á Réttarhólma í norðurendapunkt á Móhellu, merktan og staðsettan samkvæmt uppdrætti Ragnars Árnasonar verkfræðings, lögðum fram í Hæstarétti". Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitnaleiðslur farið fram og nýrra gagna aflað, þ. á m. greinds uppdráttar Ragnars Árnasonar verkfræðings, hæstaréttardómskjals Þ. Eru á hann markaðar línur í samræmi við framangreindar kröfur og einnig markalína samkvæmt héraðsdómi. Dómendur Hæstaréttar hafa farið á vettvang og kynnt sér staðhætti.

Í héraðsdómi eru rakin ákvæði landamerkjabréfa jarðanna Þórormstungu, Haukagils og Saurbæjar, þau er hér

skipta máli. Er enginn ágreiningur um suðurmerkið, fjárréttarrústirnar á Réttarhólma.

Í Hæstarétti hefur verið lögð fram yfirlýsing Guðmundar Ólafssonar, alþingismanns og bónda í Ási, dags. 15. júní 1935, þar sem m. a. segir, að hann gefi „hér með Ungmennafélaginu „Vatnsdælingur" landspildu, c. 1 ha að flatarmáli austan við og austast á svonefndri Ásbrekku". Landspilda þessi liggur austanvert við bæjarhús nýbýlisins Ásbrekku, sem stofnað var til á árunum 1936—1937 samkvæmt umsókn Guðmundar til Nýbýlastjórnar, dags. 2. maí 1936. Í vottorði Ásgríms Kristinssonar, fyrsta eiganda og ábúanda nýbýlisins, dags. 16. júní 1964, segir m. a. svo: „Þegar ég fékk eignarhald á jörðinni Ásbrekku, þá gaf ég henni þetta nafn í samráði við fóstra minn, Guðmund alþm. Ólafsson í Ási. Benti hann á, að eðlilegt væri, að jörðin bæri sama nafn og brekkan, sem er sunnan við bæinn og þar sem bærinn stendur. Í Ási var brekkan aðeins nefnd Brekka, en út í frá Ásbrekka .... Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að nánari sundurgreining örnefna á þessu svæði, sem í heild er kallað Móhella, er þannig: Frá Haganum upp með ánni, þar til undirbrekkan kemur að aðalbrekkunni austan við veginn, var kallað Móhella. Þaðan upp fyrir veginn, Brekka (þ. e. Ásbrekka), og náði hún upp að Grænhól". Á vottorð þetta hefur Kristinn Bjarnason, sem ólst upp í Ási til tvítugsaldurs og var 72 ára, er vottorðið var gefið, ritað, að hann teldi „framangreinda skilgreiningu á örnefnum í Ási rétta, eftir því sem mér var greint frá, meðan ég dvaldi þar". Hins vegar hefur verið lagt fram vottorð fósturdóttur Guðmundar Ólafssonar, Ólínu S. Benediktsdóttur, sem ólst upp í Ási frá 1. árs aldri til 23 ára aldurs, eða til ársins 1922. Í vottorði þessu segir, að hún hafi í uppvexti sínum aldrei heyrt „talað um, að brekkan ofan við Móhelluna væri kölluð Ásbrekka. Það nafn kom til sögunnar, er nýbýlið var stofnað og bærinn byggður neðan við Grænhól. Hins vegar var sagt að fara fram á brekku og þá átt við brekkuna ofan við Móhelluna". Þá hafa ýmis staðkunnug vitni borið vætti í mál-

inu. Vitnið Lárus Björnsson, bóndi í Grímstungu síðan 1910, minnist þess ekki, „að brekkan austan við Ásbrekkubæ væri kölluð annað en Móhella og er kölluð það ennþá, þrátt fyrir það þó nýbýlið heiti Ásbrekka“. Kveður hann „Móhelluna vera þar, sem sést í beran bakkann“. Eiginkona vitnisins, Péturína B. Jóhannsdóttir, hefur undirritað samhljóða vottorð. Vitnið Björn Jónasson Bergmann ber, að hann minnist þess ekki „að hafa heyrt Ásbrekku nefnda í næsta nágrenni Móhellu, fyrr en það nafn kom á nýbýli Ásgríms Kristinssonar. Hins vegar var svæðið frá Árnakrók og vestur um veginn, eins og það var og er, kallað Móhella“. Þá kveðst vitnið hafa heyrt „austurhluta túnsins í Ási ýmist kallað Kinn eða Brekku“. Bróðir vitnisins, Guðm. Bergmann, hefur undirritað samhljóða vottorð, en þeir bræður eru fæddir og uppaldir á Marðarnúpi. Þá ber vitnið Kristinn Magnússon, sem er 68 ára og átti um tvítugt heima í Saurbæ um þriggja ára skeið og var einnig eitt sumar til heimilis í Ási, „að þar sem nú er býlið Ásbrekka, var á þeirri tíð, sem ég man, ávallt nefnt Grænhóll, enda var þarna velgróinn hóll, sennilega gömul tóttarbrot .... Í Ási var ávallt talað um að sækja kýr og hross suður á Grænhól, en ekki sagt suður á Ásbrekku. Nafnið Ásbrekka verður að minni hyggju fyrst til, þegar býlið er reist á sneið sunnan af Áslandi“. Vitnið Sveinbjörg Helga Jónsdóttir var kaupakona í Saurbæ sumurin 1917—18. Kveðst hún hafa verið „vel kunnug staðháttum og örnefnum í nágrenninu, og ég heyrði aldrei minnzt á Ásbrekku, heldur var staðurinn nefndur Grænhóll eða Móhella“. Loks ber vitnið Benedikt Blöndal, bóndi á Brúsastöðum, að hann „minnist þess, að það voru ráð Guðmundar Ólafssonar, bónda og alþingismanns í Ási, að jörðin Ásbrekka hlaut það nafn, sem hún ber. Áður hét þessi staður Grænhóll. Þess má geta, að við Guðmundur heitinn voru gagnkunnugir, enda nágrannar um tugi ára“. Nokkur fleiri vitni hafa verið leidd, og vottorð lögð fram, er eigi þykir ástæða til að rekja. Þegar litið er til þess, sem nú hefur greint verið, og önnur gögn málsins höfð í huga, þykir eigi sannað, að

kennileitið Ásbrekka í landamerkjaskránni fyrir Þórormstungu frá 28. júlí 1890 tákni brekkuna í landi núverandi nýbýlis með því nafni.

Eins og rakið er í héraðsdómi, finnast nú engin merki um vörðu þá, sem getið er í landamerkjaskrám jarðanna. Engin frekari gögn eru heldur um staðsetningu vörðunnar en þau, sem greind eru í skránum. Að vísu hefur vitni eitt borið um grjótvörðu, sem hafi verið um 8 metra fyrir neðan þann stað, sem íbúðarhúsið á nýbýlinu Ásbrekku síðar var reist á, en framburði vitnisins var mótmælt sem óstaðfestum, og það hefur ekki heitfest vætti sitt.

Með þessum athugasemdum þykir mega fallast á rök héraðsdóms fyrir staðsetningu norðurmerkisins. Ber því að staðfesta héraðsdóminn, þannig að landamörk jarðanna Saurbæjar og Þórormstungu skuli miðuð við markalínu þá, sem dregin er upp á hæstaréttardómskjali Þ og þar merkt „Markalína skv. héraðsdómi".

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 6.000.00 upp í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það verður að telja galla á meðferð máls þessa, að málflytjendur hafa aflað sér skriflegra vottorða frá vitnum, áður en þau kæmu fyrir dóm, í stað þess að landamerkjadómurinn átti sjálfur að kveðja vitnin á vettvang og taka þar af þeim skýrslur.

Enn fremur hafa samdómsmenn ekki verið látnir vinna dómaraheit, fyrr en að dómi gengnum, sbr. 1. mgr. 203. gr. laga nr. 85/1936 og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 82/1961. Verður að víta galla þessa, en eigi þykir alveg næg ástæða til að ómerkja héraðsdóminn af þessum sökum.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um norðurpunkt merkjalínu milli Saurbæjar og Þórormstungu skal vera óraskað, þannig að landamörk jarðanna skulu miðuð við markalínu þá, sem dregin er upp í hæstaréttardómsskjali Þ og þar merkt „Markalína skv. héraðsdómi".

Aðaláfrýjandi, Hannes Jónsson, greiði gagnáfrýjanda, Grími Gíslasyni, kr. 6.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Húnavatnssýslu 25. september 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 19. júní 1964, var tekið fyrir hér fyrir dómi fimmtudaginn 11. júní 1964 eftir skriflegri beiðni Gríms Gíslasonar oddvita, ábúanda og eiganda Saurbæjar í Áshreppi.

Samkvæmt kvaðningu sýslumanns komu aðiljar þessa máls, þ. e. Grímur Gíslason, eigandi Saurbæjar, og Hannes Jónsson, eigandi Þórormstungu, svo og Konráð Eggertsson, eigandi Haukagils, saman til þings 11. júní að Saurbæ í Áshreppi, enn fremur meðdómendur, en eftir að ruðningur hafði farið fram, skipuðu dóminn Torfi Jónsson oddviti, Torfalæk, og Ólafur Magnússon hreppstjóri, Sveinsstöðum.

Þessari landamerkjadeilu hefur valdið ósamræmi landamerkja milli landamerkjabréfa fyrir jarðirnar Þórormstungu, dags. 28. júlí 1890, Saurbæ, dags. 29. júlí 1890, og Haukagil, dags. 29. júlí 1890. Í landamerkjabréfi Haukagils segir svo: „Beint á línu þá, er ákveður merki milli Þórormstungu, Saurbæjar og Haukagils, sem liggur frá vörðu vestantil á Ásmóhellu, beint suður um farvegi Vatnsdalsár í fornar réttartóftir norðast í svokölluðum Réttarhólma."

Í bréfi vegna Saurbæjar segir svo: „Í beina línu þá, er skilur land milli Þórormstungu, Haukagils og Saurbæjar, miðuð frá vörðu vestantil á Ásmóhellu í fornar fjárréttarrústir á svonefndum Réttarhólma. Að austan ræður fyrrnefnd merkjalína út á móts við Brekkulæk."

En aftur á móti segir í landamerkjabréfi fyrir Þórormstungu á réttarskjali nr. 4: „Þaðan ræður Vatnsdalsá norður fyrir Haukagils-Réttarhólma, þaðan norður eftir, þar til Saurbæjarland þrýtur, ræður bein lína úr réttarbroti norðan í hólmanum í vörðu á Ásbrekku. Frá Saurbæjarlandi, norður og austur að Tunguárósi, ræður Vatnsdalsá, o. s. frv."

Eftir að hafa borið saman landamerkjaskrár fyrir nefndar jarðir á þingskjali nr. 2, 3, 4 og 5 (landamerkjaskrá fyrir Ás)

og athugað loftmynd af þessu umdeilda svæði gekk landamerkjadómur ásamt með aðiljum á merkin. Suðurmerkið, hinar svokölluðu fjárréttarrústir á Réttarhólma, eða Gilshólma, er óumdeildur endapunktur, og var ákveðið, að sá endapunktur skyldi vera, þar sem talið er hafa verið miður almenningur. Því næst var farið út á svokallaða Móhellu við þinghús Áshrepps, en beint upp af þinghúsinu vestan vegar er nýbýlið Ásbrekka.

Eigandi Saurbæjar gerir þær dómkröfur, að orðið Ásmóhella verði skýrt þröngt, þ. e. átt sé við hina landfræðilegu móhellu, sem er opinn rofbakki og nær niður í Árnakrók, og beri því að setja merkin niður því sem næst þannig, að um ⅓ móhellunnar, þ. e. hins opna bakka, verði vestan væntanlegs endapunkts, en um það bil ⅔ hlutar austan, þar sem sagt sé í bréfinu „vestan til á Ásmóhellu".

Eigandi Þórormstungu gerir aftur á móti þær dómkröfur, er hér segir:

1. Aðalkrafan:

Norðurendapunktur merkjalínu milli Þórormstungu annars vegar og Haukagils og Saurbæjar hins vegar verði ákveðinn, þar sem dómendur telja hápunkt brekkunnar, sem Ásbrekkubær stendur á, sem að áliti eigenda Þórormstungu mun vera um eða ofan við bæjarhúsin.

2. Varakrafa:

Að endapunkturinn verði ofan (vestan) við veginn, svo öruggt sé, að hann lendi innan hinnar öruggu merkja brekkunnar (Ásbrekku).

3. Þrautavarakrafa:

Að umræddur endapunktur verði settur, þar sem dómendur telja, að bezt samræmist hinu mismunandi orðalagi landamerkjaskránna og aðalkröfu eigenda Þórormstungu.

Engin merki um vörðu finnast nú, og sennilegt má telja, samkvæmt frásögnum manna, að varðan hafi aldrei verið hlaðin eða þá gerð svo lítil, að hún hafi strax eða fljótlega eyðzt. Dómurinn verður því að ákveða norðurendapunkt þessarar umræddu línu frá réttarrústum í Réttarhólma og norður.

Um það hefur ekki verið deilt hér í þessu máli, og mun um það vera samkomulag, að Saurbær og Haukagil eigi land austan Vatnsdalsár, enda hafa báðar þessar jarðir tekið allan arð eftir veiði í Vatnsdalsá beggja vegna, síðan um slíkt var að ræða, eftir að veiðifélagið var stofnað, sem mun hafa verið milli 1930 og 1940, og slíkt hefur verið látið óátalið af eiganda Þórorms-

tungu, sem fyrst var Jón Hannesson, sá hinn sami sem var umráðamaður fyrir Saurbæ og Haukagil, þá er landamerkjabréfin voru samin. Á réttarskjali nr. 9 er vottorð frá Runeberg Ólafssyni um heyskap Saurbæjarbónda fyrir austan Vatnsdalsá og að þáverandi ábúandi í Þórormstungu, Gísli Jónsson, hafi fært fætur við þessum heyskap, en ekki talið sér fært að standa á því, eftir að hafa talað við eiganda Þórormstungu, Jón Hannesson. Í aðaldómkröfu eiganda Þórormstungu er beinlínis gert ráð fyrir því, að línan, sem liggur frá hápunkti brekkunnar, sem Ásbrekkubær stendur á, liggi austan árinnar og þar með viðurkennt, að Saurbær og Haukagil eigi land austan Vatnsdalsár.

Úrlausnarefnið verður því aðeins þetta: Hvar liggur þessi lína? Hvort sem línan er tekin frá há-Ásbrekkunni, sem eigandi Þórormstungu vill svo kalla, þ. e. þar sem Ásbrekkubær stendur á, eða frá Móhellunni, um það bil í punkt, sem yrði settur þannig, að ⅓ yrði vestan hans, þá kemur þessi lína öll, eða svo til öll, fyrir austan Vatnsdalsá, og það þýðir í framkvæmdinni, að veiðiréttur og arður af veiðirétti tilheyrir eftir sem áður Saurbæ og Haukagili. Land það, sem um ræðir, er tiltölulega lítils virði, að minnsta kosti fyrir Þórormstungu, svo þarna er um lítil verðmæti í sjálfu sér að ræða. Enda mun málið aðallega hafa verið hafið til þess að fá úr þessum ágreiningi skorið í eitt skipti fyrir öll. Meðal annars til þess að fá að gera þarna varanlega girðingu austan árinnar, en ágreiningurinn er í því fólginn, hvar endapunkturinn hafi verið staðsettur, þar sem bréfunum ber ekki saman, en Haukagils- og Saurbæjarbréfin segja línuna úr vörðu á Ásmóhellu í réttarbrotið, en Þórormstungubréfið segir í vörðu á Ásbrekku.

Öll landamerkjabréfin á réttarskjali 2, 3, 4 og 5, þ. e. landamerkjabréf fyrir Ás, Þórormstungu, Haukagil og Saurbæ, eru gerð 28. og 29. júlí 1890 og undirrituð af sömu mönnum, eftir því sem við á. Bréfin fyrir Saurbæ og Haukagil bera það með sér, að þeir, sem þau gerðu, hafa staðið á Ásmóhellunni og horft suður og tekið línuna þannig, en þeir, sem gerðu bréfið fyrir Þórormstungu, sem eru sömu menn, munu hafa staðið við réttarbrotið og horft norður. Þetta ósamræmi í orðalagi, „vörðu á Ásmóhellu“ og „í vörðu á Ásbrekku“, getur ekki verið skýrt öðruvísi á skynsamlegan hátt en þann, eins og fram kemur í greinargerð frá eiganda Þórormstungu, „að sama væri, hvort orðalagið væri viðhaft“. Það þýðir, að í málvenju manna hafi

ýmist verið talað um móhellu og þá sennilega þann hluta brekkunnar eða hæðarinnar, þar sem Vatnsdalsá beygir austur, sem sést í Móhelluna sjálfa bera, eða Brekku eða Ásbrekku, og þar hafi þá verið hæðin fyrir ofan móhelluna og brekkan, eitthvað upp í hálsinn eða upp undir Grænhól. Úr þessum ágreiningi um nafnið verður ekki skorið, þar sem vottorð þau, sem lögð eru fram, stangast á, sem er í sjálfu sér eðlilegt, þar sem nýbýli með Ásbrekkunafninu er búið að standa þarna í um 30 ár og samkomuhús verið reist á Móhellunni aðeins fyrr eða um svipað leyti, og það venjulega í daglegu tali verið kallað Móhella, en nýbýlið verið kallað Ásbrekka, en minni manna er það ótryggt, að ekki er leggjandi upp úr því, hvað þetta snertir.

Þess vegna verður að reyna að gera sér grein fyrir því, hvað eigendur umræddra jarða hafi í raun og veru viljað, er þeir settu niður merkin. Og þá er ekki óeðlilegt að álykta sem svo, að þeir hafi hugsað sér hinn forna farveg Vatnsdalsár sem raunveruleg merki, þ. e. farveg, sem sennilega hefur að einhverju leyti verið þurr, en verið nokkuð greinilegur. Og Jón Hannesson, síðar í Þórormstungu, var það fylginn sér og ákveðinn, að hann hefur ekki viljað láta ganga á þær jarðir, sem hann var umráðamaður yfir, þ. e. Haukagil og Saurbæ, og viljað halda sér við hin fornu merki, en af skynsemisástæðum hafi línan verið tekin bein, enda ekki svo mikið atriði, hvort um nokkra metra væri að ræða vestur eða austur.

Frá áðurnefndum réttarrústum er bein lína yfir Ásmóhellu og í hina svokölluðu Áskinn og brekkuna fyrir ofan Ás. Ef til vill er átt við þá brekku, er talað er um Ásbrekku, og þeir, sem sömdu landamerkjabréfið, hafi talið, að varðan þar sæist vel. Þó er ekki líklegt, að það hafi verið. Sennilegri er skýring eiganda Þórormstungu, Hannesar Jónssonar, að Ásbrekka og Ásmóhella hafi verið næstum því eitt og hið sama í tali manna. Þess vegna telur dómurinn eðlilegra að taka þá skýringu, sem er þrengri og kemur auk þess fram í tveimur bréfum, fyrir Saurbæ og fyrir Haukagil. Bréfum, sem Jón Hannesson, er seinna eignaðist Þórormstungu, hafði undirritað fyrir hönd þessara jarða, þ. e. Saurbæjar og Haukagils. Auk þess sem það hugtak má nokkuð afmarka, þ. e. hvað Ásmóhellan nær langt austur og vestur. Enn fremur segir, að þessi varða hafi átt að vera vestan til á móhellunni, en í bréfi fyrir Þórormstungu stendur aðeins, að varðan hafi átt að vera á Ásbrekku, sem þá gæti náð allt frá Árnakrók (þ. e. þar sem móhellan endar að austan) og upp

að Grænhól. Ef sú skýring er tekin góð og gild, að í vitund manna hafi Móhellunafnið og Ásbrekku (Brekku) nafnið verið notuð yfir sama landssvæði, þá mundi koma svipað út, ef varðan væri sett á miðja Ásbrekku (þ. e. miðja vegu milli Árnakróks og Grænhóls), eins og ef hún væri sett aðeins vestan til á Móhellu, sem þá yrði skýrð, þar sem aðeins sæist í móhelluna eða rofbakkann. Og frá vörðu, sem hugsuð væri vestan til á Ásmóhellu eða á miðri Ásbrekku, er hægt að horfa „suður um farvegi Vatnsdalsár", en Vatnsdalsá rennur í kvíslum þarna á milli Þórormstungu og Ásbrekkulands, sem áður var Ásland, þ. e. frá Ásmóhellu og fram að Brekkulæk.

Dómurinn lítur því svo á, að norðurpunktur línunnar eigi að vera á Ásmóhellu, þ. e. hinni landfræðilegu móhellu, eins og rofbakkinn sést, ef horft er á hann að sunnan.

Þar sem segir, að það sé vestan til á Ásmóhellu, lítur dómurinn svo á, að það muni vera því sem næst ¼ fyrir vestan og ¾ fyrir austan, og þar ber að setja niður varanlegan endapunkt, eða miðað við annað varanlegt merki samkvæmt þessari stefnu, ef hægt er.

Dómsorð:

Norðurendapunktur merkjalínu milli Þórormstungu og Saurbæjar skal settur þannig, að ¼ hluti hinnar sýnilegu móhellu, þegar staðið er suður við réttarbrotið, skal vera vestan þessarar línu, en ¾ hlutar austan.

Mánudaginn 25. október 1965.

Nr. 81/1965. **María Kristmundsdóttir**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Sigmundi M. Andréssyni og gagnsök
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Búskipti. Synjun endurmats á hluta bús í starfandi fyrirtæki.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1965 og krafizt þess, að endurmat verði ekki látið fara fram á fyrirtækinu Geisla s/f að hálfu. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 26. maí 1965 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, enda verði endurmat látið fara fram, miðað við 24. október 1963. Þá krefst gagnáfrýjandi, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða úrskurði, var fyrirtækið Geisli s/f metið að hálfu af matsmönnum hinn 24. október 1963, að gagnáfrýjanda viðstöddum og eftir tilvísun hans.

Hinn 16. nóvember 1964, rúmu ári eftir framkvæmd matsins, krafðist gagnáfrýjandi þess, að fyrirtækið yrði metið af nýju. Fram er komið, að fyrirtækið hefur verið starfrækt af gagnáfrýjanda, síðan undirmatið fór fram. Að svo vöxnu máli þykir gagnáfrýjandi hafa fyrirgert rétti sínum til endurmats, þegar krafa var um það gerð. Ber samkvæmt þessu að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um nýtt mat á fyrirtækinu Geisla s/f.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til

að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Gagnáfrýjandi, Sigmundur M. Andrésson, greiði aðaláfrýjanda, Maríu Kristmundsdóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 15. marz 1965.

Í skiptaréttarmáli þessu hefur sóknaraðilinn, Sigmundur M. Andrésson, Gnoðarvogi 36, krafizt þess, að uppskriftargerð, sem fór fram í félagsbúi hans og Maríu Kristmundsdóttur, verði tekin upp og eignaliður nr. III í uppskriftinni, þ. e. Geisli s/f að hálfu, verði metinn að nýju og þá haft tillit til skulda, er hvíldu á þeim eignalið. Hann hefur krafizt málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili, María Kristmundsdóttir, Rauðagerði 10, hefur krafizt þess, að kröfum sóknaraðilja verði hrundið og að honum verði úrskurðað að greiða sér málskostnað.

Var mál þetta tekið til úrskurðar, að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram 4. þ. m.

Það hefur komið fram í máli þessu, að þau María Kristmundsdóttir og Sigmundur Magnús Andrésson gengu að eigast á árinu 1958. Þau slitu samvistir 3. ágúst 1963 og hafa nú fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng.

Uppskrift á eignum bús þeirra fór fram dagana 16. og 24. október 1963. Við uppskriftina var m. a. bent á hálft fyrirtækið Geisla s/f, en eigandi hins helmings er bókaður Ævar Jóhannesson, búsettur í Kópavogi. Í uppskriftinni 16. október 1963 er svo til orða tekið, að eignaliður III, hluti í Geisla s/f, sé ekki virtur, að svo stöddu, en vottunum falið að virða þá eign og taka sér sérfróða aðstoð, ef með þurfi.

Það liggur fyrir í máli þessu, að tilkynning til firmaskrár Reykjavíkur um firmað Geisla er dagsett 7. marz 1961, og segir þar, að Sigmundur Andrésson, Skaftahlíð 18, annist teikningu og gerð bíóauglýsinga og önnur skyld störf í Reykjavík undir

nafninu Geisli. Þá er og síðari tilkynning, dags. 11. september 1963, þess efnis, að Ævar Jóhannesson hafi hinn 1. janúar 1962 gengið inn í fyrirtæki þetta sem fullábyrgur félagi, og bætist „s/f" við firmanafnið.

Í framhaldi af uppskriftinni 16. október 1963 er svo bókað hinn 24. sama mánaðar, að vottarnir Skapti Ólafsson og Ingólfur Sigurz hafi lokið virðingu á eignalið III, Geisla s/f, og sé hann virtur á 60.000 krónur, en þessi tala er ekki sundurliðuð eða neitt farið út í, hvernig hún er fengin. Um uppskriftina í heild vísast til rskj. nr. 4.

Á s.l. ári kom fram sú krafa af hálfu Maríu Kristmundsdóttur, að Geisli s/f yrði tekið til skiptameðferðar með eignum og skuldum félagsbús hennar og Sigmundar M. Andréssonar, en til vara var þess krafizt, að Sigmundi yrði úrskurðað skylt að standa félagsbúinu skil á kr. 60.000.00 vegna eignar þess í félagsbúi þessu og á kr. 120.000.00 peningaláni til þess, enda beri félagsbúið enga ábyrgð á skuldum félagsins. Þessum kröfum var mótmælt af hálfu Sigmundar, og var um ágreining þenna rekið sérstakt skiptaréttarmál. Með úrskurði, uppkveðnum 30. júlí 1964, var þessum kröfum hrundið. Úrskurður þessi hefur verið lagður fram í málinu sem rskj. nr. 3. Var talið, að fyrirtæki þetta yrði að teljast hjúskapareign Sigmundar og bæri María Kristmundsdóttir ekki ábyrgð á skuldum þess, enda hefði hún ekki tekið á sig sérstaklega neina slíka ábyrgð, og þar eð Geisli s/f væri sjálfstæð persóna að lögum og auk þess væri Sigmundur ekki einn aðili að rekstri þess, var framangreindri aðalkröfu hafnað. Varakröfunni var og hafnað, vegna þess að skiptaréttur hefði ekki vald til að úrskurða um greiðsluskyldu til búsins. Þessum úrskurði hefur ekki verið skotið til Hæstaréttar.

Á skiptafundi í búi hjóna þessara hefur komið fram sú krafa af hálfu Sigmundar M. Andréssonar, að fram færi endurupptaka á uppskrift þessari, varðandi Geisla s/f, og er María Kristmundsdóttir mótmælti þeirri kröfu, hefur skiptaréttarmál þetta verið höfðað.

Vottar og virðingarmenn þeir, sem störfuðu að uppskriftinni, þeir Skapti Ólafsson, Mánagötu 24, og Ingólfur Sigurz, Hvassaleiti 8, mættu sem vitni í skiptaréttinum hinn 17. desember 1964. Skapti skýrði svo frá, að matið hafi farið þannig fram, að þeir félagar hafi metið alla þá muni, áhöld og efni, sem þeim hafi verið vísað til af Sigmundi M. Andréssyni og sam-

eignarmanni hans, en ekki annað, t. d. ekki firmanafn, og á skuldir fyrirtækisins hafi ekkert verið minnzt. Aðrir hafi ekki verið viðstaddir en Sigmundur og félagi hans og engin reikningsskil hafi verið sýnd. Ingólfur Sigurz skýrir frá á sama hátt og segir að auki, að Sigmundur hafi haft orð fyrir þeim Ævari og gefið ýmsar upplýsingar um verðmæti, en engin skilríki, þar að lútandi, hafi hann haft við höndina. Báðir matsmennirnir töldu sig hafa farið þannig að, að niðurstaða matsins hafi svarað til þess, er þeir voru beðnir að meta, að því tilskildu, að framvísunin hafi verið rétt.

Nú segir sóknaraðili, að samkvæmt þessari matsgerð verði ekki séð, hve mikils virði fyrirtækið Geisli s/f sé búi aðiljanna, og matsgerðin segi ekkert um það, hvernig talan 60.000.00 krónur sé fengin. Aðeins hafi verið metnar framvísaðar eignir, en ekkert spurzt fyrir um skuldir, og hagur fyrirtækisins með öllu látinn óathugaður. Þessi mistök verði að leiðrétta, svo að rétt heildarmynd fáist af hag búsins, en það verði ekki gert, nema með endurupptöku á uppskriftinni. Að vísu megi segja, að heldur seint sé í þetta ráðizt, en á það sé að líta, að umboðsmenn aðilja hafi ekki verið viðstaddir og lengi vel hafi ekkert verið kunnugt um aðferð þá, sem viðhöfð var við uppskriftina og sem að framan er lýst. En þó ætti þetta ekki að vera vandkvæðum bundið, þegar á það sé litið, að þegar sé búið að meta tæki, en skuldir megi finna með aðstoð endurskoðanda fyrirtækisins. Firmanafn (Goodwill) megi einnig meta.

Varnaraðili telur, að ný matsgerð sé óframkvæmanleg nú orðið, þar sem um sé að ræða viðskiptafirma með breytilegum vörubirgðum og breytilegri hagnaðaraðstöðu. Sóknaraðili hafi sjálfur framvísað eignum til matsins og verið frá fyrstu hendi og upphafi kunnugt um það, hvernig matsgerðin var framkvæmd, en hann hafi þagað við því í heilt ár og virzt algerlega ánægður með hana. En honum hafi verið innan handar að biðja um yfirmat. Þá bendir varnaraðili á það, að farið hafi verið fram á, að Geisli yrði tekinn til skipta með eignum og skuldum félagsbúsins, en þeirri kröfu hafi verið hrundið af skiptaréttinum með úrskurði 30. júlí 1964 og hafi sóknaraðili lagzt gegn henni. En hefði sú krafa náð fram að ganga, hefðu eignir og skuldir fyrirtækisins komið fram, eins og sóknaraðili vilji nú stofna til.

Það hefur komið fram í máli þessu, að við uppskriftargerð í búinu voru aðeins virtar framvísaðar eignir fyrirtækisins

Geisla s/f, en firmanafn ekki metið og ekkert tillit haft til skulda þeirra, sem á fyrirtækinu hvíldu á þeim tíma, er uppskrift fór fram. Nauðsyn þykir bera til þess við búskipti þessi, að fram komi sem gleggst hagur fyrirtækis þessa og hvers virði það er búinu. Með því að hafnað hefur verið þeirri kröfu, að Geisli s/f verði tekið til skiptameðferðar með búi þessu, þykir verða að fallast á þá kröfu sóknaraðilja, að uppskriftin verði tekin upp að þessu leyti, og verði þá jafnframt metið firmanafn og fullt tillit haft til áhvílandi skulda á fyrirtækinu, en áhöld og efni og þess háttar hefur þegar verið virt.

Málskostnaður í skiptaréttarmáli þessu verður látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Uppskriftargerð í búi þessu skal tekin upp, að því er varðar fyrirtækið Geisla s/f, og verði þá haft tillit til verðmætis firmanafns og til skulda, áhvílandi fyrirtæki þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 29. október 1965.

Nr. 20/1964. **Pípuverksmiðjan h/f** (Árni Stefánsson hrl.)
gegn
Kristmundi Herbertssyni
(Gunnar Jónsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnulaun. Skuldamál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. s. m. Gerir hann þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Sýkna af kröfum stefnda og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Varakrafa: Að hann verði aðeins dæmdur til að greiða

stefnda kr. 4.160.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til 31. desember 1964 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Þrautavarakrafa: Að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda kr. 48.920.86, með sömu ársvöxtum og greindir eru í varakröfu, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Loks krefst áfrýjandi þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn og fjárnámsgerðin verði staðfest og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í þinghaldi 24. júní 1963 fór fram munnlegur flutningur málsins í héraði. Dómarinn beindi því þá til málflytjenda, að afla þyrfti ýmissa gagna, þar á meðal gagna úr bókhaldi áfrýjanda eða Ægissands h/f um launagreiðslur og vinnutíma stefnda og skýrslna stjórnarmanna og forstjóra áfrýjanda og Ægissands h/f. Var málinu frestað til 29. s. m. í þessu skyni, eftir að dómarinn hafði ítrekað þetta og bent á, að skýrslugjöf fyrir dómi væri nauðsynleg. Þinghaldið 29. júní hófst með svohljóðandi bókun: „Lögmaður stefnda (þ. e. áfrýjanda) kveður umbjóðanda sinn telja, að af fyrirtækisins hálfu sé ekki um að ræða, að það hafi meira fram að færa í málinu. Kveðst hann ekki afla í því frekari gagna.“ Fór munnlegur málflutningur síðan aftur fram, og var málið tekið til dóms. Dómur var kveðinn upp 9. júlí 1963. Áfrýjandi hefur til stuðnings kröfum sínum lagt fram hér fyrir dómi ýmis ný gögn, þar á meðal vitnaleiðslur, sem fram fóru á bæjarþingi Reykjavíkur í október, nóvember og desembermánuði 1964 og í marzmánuði 1965.

Þegar litið er til yfirlýsingar umboðsmanns áfrýjanda í héraði, er áður greinir, þykir ekki eiga að byggja á gögnum þessum, sbr. 116. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem héraðsdómurinn er í samræmi við gögn þau, sem fyrir lágu í héraði um aðild áfrýjanda að málinu, ber að staðfesta

úrlausn hans um það efni. Verður sýknukrafa áfrýjanda því ekki tekin til greina. Með gögnum þeim, sem lágu fyrir héraðsdómi, verður og að telja sannað, að stefndi hafi unnið eftir- og næturvinnu í þágu áfrýjanda. Eins og greint er í héraðsdómi, kveðst stefndi hafa skrifað hjá sér þessar vinnustundir. Byggir hann kröfu sína um laun fyrir eftir- og næturvinnu á þessari eigin bókfærslu. Hins vegar lagði hann ekki fyrir verkstjóra áfrýjanda lista eða seðla um þessa vinnu, jafnóðum og hún var unnin. Af hálfu áfrýjanda var heldur ekkert aðhafzt til þess að taka saman þessa aukavinnutíma jafnóðum. Stefndi gaf áfrýjanda enga sundurliðaða skýrslu um þessa aukavinnu fyrr en í októbermánuði 1961, en þá afhenti hann áfrýjanda sundurliðaða reikninga um vinnuna til septemberloka 1961. Að svo vöxnu máli þykir rétt að lækka þenna kröfulið stefnda um kr. 20.000.00. Þar sem héraðsdómurinn er að öðru leyti í samræmi við þau gögn, sem lágu fyrir í héraði, verða úrslit málsins þau, að áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda kr. 120.947.80 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber einnig að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð til tryggingar þessum fjárhæðum, kr. 12.000.00 í málskostnað, kostnaði við fjárnám svo og uppboð, ef til kemur.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Pípuverksmiðjan h/f, greiði stefnda, Kristmundi Herbertssyni, kr. 120.947.80 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest til tryggingar kr. 120.947.80 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 12.000.00 í málskostnað, kostn-

aði við fjárnám svo og uppboð, ef til kemur.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 35.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júlí 1963.

Stefna í máli þessu var birt 18. júní 1962, og málið var dómtekið 29. júní s.l.

Stefnandi er Kristmundur Herbertsson, Barónsstíg 51, Reykjavík, en stefndi Pípuverksmiðjan h/f, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skuld vegna ógoldinna vinnulauna, að fjárhæð kr. 140.947.80, auk 8% ársvaxta frá 1. janúar 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að félagið verði sýknað, en til vara er krafizt lækkunar fjárhæða. Þá er krafizt málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Málavextir:

Að sögn stefnanda samdi hann í maímánuði 1959 við Friðþjóf Karlsson, Kristján Ómar Kristjánsson og Sigríði Kristinsdóttur um, að hann ynni í Pípuverksmiðjunni h/f við viðgerðir og viðhald, smíði á áhöldum og tækjum fyrirtækisins og að auki við hvers konar vinnu við framleiðslu fyrirtækisins. Stefnandi er rennismiður að iðn. Hann heldur því fram, að lofað hafi verið, að hann fengi keypta íbúð í fjölbýlishúsi, sem þau Kristján Ómar og Sigríður Kristinsdóttir ætluðu að hefja smíði á við Kleppsveg undir nafninu Háborg. Vegna þessa kveðst hann hafa tekið sem minnst út af kaupi sínu, og segir hann það hafa verið ætlun sína að eiga sem mest inni, þegar íbúðin væri afhent.

Stefnandi segir, að ekki hafi orðið úr, að honum gæfist kostur á íbúð, og því hafi hann haustið 1961 tekið að krefja stefnda um uppgjör og greiðslu á ógreiddum vinnulaunum. Hann kveðst hafa skrifað hjá sér vinnustundir sínar og byggir kröfu sína á eigin bókfærslu. Hann kveðst hafa átt að hafa kr. 6.500.00 á mánuði fyrir 48 stunda vinnuviku, en fá aðra vinnu greidda eftir taxta járnsmiða. Þá kveðst hann hafa samið í upphafi um þriggja vikna orlof á ári, en aldrei tekið sér frí. Hefur hann

gert kröfu um dagvinnukaup í þrjár vikur á þeim árum, sem hann krefur um laun fyrir. Þá kveður hann kaupið hafa verið hækkað í kr. 7.345.00 á mánuði frá 1. júní 1961. Enn fremur segir stefnandi, að ekki hafi verið um það samið, hvort hann ætti að fá kaup fyrir þann tíma, er hann kynni að vera fjarvistum frá vinnu, og segist hann ekki krefja um kaup fyrir þann tíma í máli þessu.

Kröfur sínar í málinu sundurliðar stefnandi þannig:

Vinnulaun fyrir 1959, 1960 og 1961 auk orlofs .. kr. 281.447.80

Til frádráttar:

Húsaleiga eftir íbúð að Miklubraut 70 í 10 mánuði	20.000.00	
Húsaleiga eftir herbergi í Garðastræti 6 í 3½ mánuð	2.800.00	
Húsaleiga eftir íbúð á s. st. í 3 mánuði	12.000.00	
Greiddir skattar, útsvar o. fl.	15.700.00	
Mótteknir peningar	90.000.00	— 140.500.00

Skuld stefnda kr. 140.947.80

Stefnandi hefur lagt fram skrá, þar sem sundurliðað er, hversu mikið hann vann í hverjum mánuði frá 9. maí 1959 til 16. nóvember 1961, en þá kveðst hann hafa hætt störfum hjá stefnda. Er þar getið fastakaupsins með þeim hætti, er áður greinir, eftir- og næturvinnutíma og tímakaups fyrir þá svo og orlofs, sem stefnandi segist reikna eftir dagvinnu. Stefnandi tekur fram, varðandi ofangreinda húsaleigu, að stefndi hafi verið eigandi húsnæðisins í Garðastræti og að ekki hafi verið samið um upphæð húsaleigunnar þar.

Skýrsla stefnanda um málsatvik, sem nú hefur verið rakin, kemur fram í aðiljaskýrslu, sem lögð hefur verið fram í málinu, reikningi og sundurliðun, sem einnig liggja frammi í málinu, svo og í framburði stefnanda fyrir bæjarþinginu 3. maí 1962, en þá var tekið fyrir mál nr. 129/1962. Var það milli sömu aðilja og mál það, sem hér er til úrlausnar, og um sama sakarefni, að því er lögmaður stefnanda heldur ómótmælt fram. Mál nr. 129/1962 var á sínum tíma hafið.

Af hálfu stefnda er að sumu leyti skýrt með öðrum hætti frá málavöxtum en hér hefur verið rakið.

Því er haldið fram, að stefnandi hafi aldrei verið ráðinn til starfa af stefnda, heldur af Ægissandi h/f í Grindavík, enda

hafi hann alla tíð unnið á vegum þess fyrirtækis. Hins vegar sé það svo, að sumir hluthafar í Pípuverksmiðjunni h/f séu einnig hluthafar í Ægissandi h/f, og sé hinum fyrrnefndu því að verulegu leyti kunnugt um samninga Ægissands h/f við stefnanda og störf hans í þágu síðastnefnda hlutafélagsins.

Því er haldið fram, að rétt sé, að stefnandi hafi hafið vinnu 9. maí 1959 og að umsamið mánaðarkaup hafi verið kr. 6.500.00 á mánuði, miðað við 9 stunda vinnudag. Hins vegar er því mótmælt, að kaupið hafi síðar hækkað í rúmar 7.000.00 kr. Þá er því haldið fram, að um það muni hafa verið samið, að stefnandi fengi fyrir vinnu umfram 9 stundir á dag greitt samkvæmt gildandi eftirvinnutöxtum, en aldrei næturvinnukaup. Gert hafi verið ráð fyrir, að slík umframvinna yrði jafnóðum talin saman, samþykkt og gerð upp af umboðsmanni Ægissands h/f. Slíkir vinnulistar hafi aldrei komið fram, enda muni stefnandi aldrei hafa unnið umfram 9 klukkustundir á dag.

Í greinargerð lögmanns stefnda er því haldið fram, að þeir frádráttarliðir, sem að framan eru nefndir og varða skatta og útsvör, sem greidd voru fyrir stefnanda, svo og þá peninga, sem hann fékk útborgaða, „kunni að vera hærri" en stefnandi heldur fram. Segir um þetta í greinargerðinni: „Ætti það að koma í ljós við athugun á gögnum Ægissands h.f., ef tilefni verður til slíkrar athugunar í þessu máli." Þá er ágreiningur í málinu um það, hve mikil húsaleiga vegna íbúðar að Garðastræti 6 eigi að koma til frádráttar. Hefur af hálfu stefnda verið lagður fram reikningur um leigu 4 mánuðum lengur en talið er rétt af stefnanda, sem kveður annan aðilja hafa verið orðinn eiganda á þessu tímabili og hafa tekið við leigu fyrir þessa fjóra mánuði. Í málinu hefur verið lagður fram miði úr reiknivél, þar sem fram kemur, að talið er af hálfu stefnda, að stefnandi hafi fengið greiddar kr. 102.254.25 í kaup og að fyrir hann hafi verið greiddir reikningar, að fjárhæð kr. 18.765.13. Stefnandi hefur hins vegar haldið fast við þær tölur, sem nefndar voru hér að framan.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefnanda hafi verið lofað, að hann fengi keypta íbúð þá, sem áður greinir. Hús það, sem um er að ræða, hafi allt verið til sölu, og hafi stefnandi átt kost á íbúð þar sem aðrir.

Í málinu hafa verið lögð fram fjögur vottorð manna, sem segjast hafa unnið hjá Ægissandi h/f um lengri eða skemmri tíma á því tímabili, sem stefnandi krefur stefnda um kaup

fyrir. Segja þeir, að stefnandi hafi, þegar hann vann með þeim, unnið eftirvinnu. Þrír segja að auki, að hann hafi unnið næturvinnu, og einn, að hann hafi unnið helgidagavinnu.

Mál þetta var tekið til munnlegs flutnings 24. júní s.l. Var þá m. a. bókað:

„Gagnaöflun lauk 28. febrúar s.l. Dómarinn lætur þess getið, að rétt sé, að fram komi gögn úr bókum stefnda eða Ægissands h/f um launagreiðslur og vinnutíma stefnanda, upplýsingar úr skattframtölum hans og skýrslur frá stjórnarmönnum og/eða forstjórum stefnda og e.t.v. Ægissands h/f.

Báðir lögmennirnir lýsa því yfir, að þeir óski ekki að afla frekari gagna í málinu. Lögmaður stefnanda óskar þó að leggja nú fram .... tvö vottorð. Sami lögmaður kveður stefnanda ekki hafa talið fram til skatts vegna þeirra ára, sem um er að ræða, nema á árinu 1962 fyrir árið 1961, og sé það framtal í samræmi við gögn, sem lögð hafa verið fram í þessu máli.

Fram fór munnlegur flutningur."

Eftir þetta er bókað um málflutning umboðsmanna aðilja, en síðan var bókað, áður en lögmaður stefnda hafði lokið síðari ræðu sinni:

„Dómari ítrekar á grundvelli 114. gr. laga nr. 85/1936, að í málið vanti aðiljaskýrslur og skjöl, eins og að framan greinir.

Lögmaður stefnda óskar, að þeir aðiljar, sem nefndir eru hér að framan, þ. e. stjórnarmenn og forstjórar Pípuverksmiðjunnar h/f og Ægissands h/f fái að koma fyrir dóm."

Málið var síðan endurupptekið til gagnaöflunar, en tekið fyrir á ný 29. júní. Þá var m. a. bókað:

„Lögmaður stefnanda leggur fram .... tvö skattaframtöl.

Lögmaður stefnda kveður umbjóðanda sinn telja, að af fyrirtækisins hálfu sé ekki um að ræða, að það hafi meira fram að færa í málinu. Kveðst hann ekki afla í því frekari gagna."

Eftir þetta fór fram munnlegur málflutningur, og var málið dómtekið, að honum loknum.

Sem fyrr getur, hefur verið lögð fram í málinu skattskýrsla stefnanda frá 1962, þar sem greindar eru m. a. tekjur hans á árinu 1961. Segir í skýrslunni, að hann hafi fengið í kaup hjá stefnda kr. 85.165.00. Í málinu er hins vegar krafizt fyrir þetta ár kr. 78.165.74 og að auki orlofsfjár, kr. 4.270.00.

Loks er þess að geta, að samkvæmt vottorðum borgarfógeta í Reykjavík eru í stjórn stefnda Kristján Ómar Kristjánsson, Sigríður Kristinsdóttir og Vilhjálmur Árnason. Í stjórn Ægis-

sands h/f eru hins vegar Sigríður Kristinsdóttir, Guðjón Karlsson og Friðþjófur Karlsson.

Málsástæður og lagarök:

Af hálfu stefnanda er því haldið fram á grundvelli þeirrar lýsingar málsatvika, sem rakin eru að framan, að stefnda beri samkvæmt samningi aðilja frá 1959 og breytingu hans snemma árs 1961, varðandi upphæð hins fasta mánaðarkaups, að greiða hina umstefndu upphæð. Því er haldið fram, að stefndi beri gagnvart stefnanda ábyrgð á öllum kaupgreiðslum hans á þeim tíma, sem hann krefst kaups fyrir, þótt hann kunni á stundum að hafa unnið að verkum, sem töldust á vegum Ægissands h/f. Hafi hann þá verið lánaður til þeirra af stefnda, en náið samband sé milli þessara hlutafélaga.

Af hálfu stefnda er byggt á áðurnefndri atvikalýsingu.

Aðalkrafa stefnda er byggð á því, að Pípuverksmiðjan h/f eigi ekki aðild að málinu, þar sem stefnandi hafi verið ráðinn til Ægissands h/f.

Varakrafa stefnda er studd þeim rökum,

— að stefnandi hafi enga eftir- eða næturvinnu unnið, enda hafi hann ekki sýnt neina lista yfir slíkt fyrr en í október 1961, en þeim er mótmælt sem allt of seint fram komnum og að engu hafandi,

— að stefnandi hafi fengið kr. 102.254.25 upp í kaup sitt og að greiddir hafi verið fyrir hann reikningar, samtals að fjárhæð kr. 18.765.13,

— að honum beri að greiða fyrir húsaleigu í Garðastræti 6 mánuðina júní, júlí, ágúst og september 1962 samtals kr. 6.000.00, sem beri að draga frá kröfum hans til viðbótar þeirri leigu, sem stefnandi hefur sjálfur viljað láta koma til frádráttar.

Álit dómara:

Eins og áður er fram komið, hefur af hálfu stefnda ekki verið sinnt áskorunum dómara á grundvelli 114. gr. laga nr. 85/1936 um framlagningu skjala og skýrslugjöf fyrir dómi. Samkvæmt 116. gr. sömu laga verða skýrslur stefnanda því lagðar til grundvallar dómi, enda eru þær í samræmi við það, sem fram er komið í málinu að öðru leyti og sönnunargildi hefur. Ber því að taka til greina kröfur stefnanda, þ. á m. málskostnaðarkröfu hans. Þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn kr. 12.000.00.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Pípuverksmiðjan h/f, greiði stefnanda, Kristmundi Herbertssyni, kr. 140.947.80 auk 8% ársvaxta frá 1. janúar 1962 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 20. september 1963.

Ár 1963, föstudaginn 20. september, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Rauðarárstíg 25 og haldinn þar af fulltrúa borgarfógeta, Viggó Tryggvasyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A–1143/1963:

Kristmundur Herbertsson gegn Pípuverksmiðjunni h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 550/1962, svohljóðandi ....

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Gunnar Jónsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 140.947.80 með 8% ársvöxtum frá 1/1 1962 til greiðsludags, kr. 12.000.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola mætir Kristján Ómar Kristjánsson, sem býr/starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í húseigninni nr. 25 við Rauðarárstíg. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Mánudaginn 1. nóvember 1965.

Nr. 134/1964. **Hreppsnefnd Nauteyrarhrepps**
f. h. hreppsins (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Sigurði Þórðarsyni
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1964 og fengið gjafsókn þar 25. nóvember s. á., krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi, sem hinn 1. febrúar 1965 var veitt gjafvörn fyrir Hæstarétti, krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Í vottorði Sauðfjárveikivarnanna, dags. 27. október 1965, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er því lýst, að stefnda hafi haustið 1960 verið greiddar „afurðatjónsbætur", samtals að fjárhæð kr. 113.565.60, „vegna niðurskurðar sauðfjár hans haustið 1959". Samkvæmt því, sem fram er komið, þykir greiðsla þessi eiga að teljast bætur fyrir það eignatjón stefnda, sem um er að tefla, og því eigi til skattskyldra tekna hans. Þar af leiðir, að óheimilt var að líta til bótagreiðslu þessarar við ákvörðun tekjuútsvars stefnda á árinu 1961, svo sem gert var, sbr. 3. gr. laga nr. 43/1960, sem þá giltu. Er því skylt að endurgreiða stefnda útsvarsfjárhæð, sem af þessum sökum var ranglega á hann lögð og hann hefur goldið áfrýjanda, sbr. 58. gr. laga nr. 51/1964, áður 58. gr. laga nr. 69/1962 og 27. gr. laga nr. 66/1945. Endurgreiðsla verður þó ekki dæmd í máli þessu, þar sem eigi hefur verið gagnáfrýjað héraðsdóminum, er

því verður staðfestur að öðru en því, að frestur til endurupptöku útsvarsálagningar, sbr. 57. gr. laga nr. 57/1962, sé 30 dagar frá birtingu dóms þessa.

Gjafsóknarkostnaður og gjafvarnar fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanna málsaðilja, kr. 8.000.00 til hvors, en að öðru leyti falli málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að framangreindur frestur telst frá birtingu dóms þessa.

Gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanna málsaðilja, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Guðmundar Péturssonar, kr. 8.000.00 til hvors, en að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadóms Ísafjarðarsýslu 30. maí 1964.

Ár 1964, laugardaginn 30. maí, var á aukadómþingi Ísafjarðarsýslu, sem haldið var í sýsluskrifstofunni af Hermanni G. Jónssyni setudómara, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 11. maí s.l.

Mál þetta er höfðað, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, af Sigurði Þórðarsyni bónda, Laugabóli, Nauteyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, með stefnu, útgefinni 4. desember 1963, gegn hreppsnefnd Nauteyrarhrepps.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, *aðallega* að oddviti hreppsnefndarinnar, hr. Þórður Halldórsson, Laugalandi, Nauteyrarhreppi, verði f. h. Nauteyrarhrepps dæmdur til að endurgreiða stefnanda ofreiknað útsvar, kr. 7.806.00, með 9% ársvöxtum frá 1. desember 1961 til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess, að útsvarsálagning á hann árið

1961 verði dæmd ógild og lagt fyrir hreppsnefndina að umreikna útsvarið þannig, að niðurskurðarbætur stefnanda, kr. 112.000.00, verði dregnar frá framtalsskyldum tekjum.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins, hvor krafan sem tekin yrði til greina.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Einnig krefst stefndi málskostnaðar eftir mati dómsins, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þessir:

Haustið 1959 varð stefnandi í máli þessu, Sigurður Þórðarson, bóndi á Laugabóli í Nauteyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, að farga öllu sauðfé sínu, og það gerðu einnig tveir bændur aðrir í Nauteyrarhreppi, í Gervidal og Múla. Var það gert samkvæmt ákvörðun sauðfjársjúkdómanefndar vegna grunar um mæðiveiki í fénu.

Næsta ár 1960 var stefnandi sauðlaus samkvæmt fyrirmælum sauðfjársjúkdómanefndar. Það ár fékk stefnandi greiddar úr ríkissjóði bætur, kr. 112.000.00, samkvæmt VI. kafla laga nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra. Árið eftir, 1961, fékk stefnandi einnig greiddar bætur úr ríkissjóði, um kr. 140.000.00, og var það skilyrði fyrir greiðslu þeirra bóta, að hann keypti líflömb á því ári.

Stefnandi taldi fyrri bæturnar, kr. 112.000.00, fram til skatts árið 1961, sbr. skattaframtal stefnanda það ár, dskj. nr. 19.

Skattanefnd Nauteyrarhrepps, sem stefnandi átti sæti í, taldi bæturnar einnig til skattskyldra tekna stefnanda, og urðu hreinar tekjur hans samkvæmt skattskrá Nauteyrarhrepps kr. 80.750.00 og tekjuskattur álagður samkvæmt því kr. 580.00.

Hreppsnefnd Nauteyrarhrepps lagði síðan á fyrrnefndar hreinar tekjur stefnanda tekjuútsvar til Nauteyrarhrepps, kr. 9.216.00, sbr. dskj. nr. 4 og 6. Einnig var stefnanda gert að greiða í eignarútsvar, kr. 184.00, eða alls í útsvar kr. 9.400.00. Stefnandi greiddi útsvarið til sveitarsjóðs Nauteyrarhrepps fyrir 1. desember 1961 og fékk þá 15% afslátt af samanlögðu tekju- og eignarútsvari, eða kr. 1.410.00. Fjárhæð aðalstefnukröfunnar reiknar stefnandi þannig út: 9.400.00 ÷ 184.00 ÷ 1.410.00 = 7.806.00.

Stefnandi greiddi einnig álagðan tekjuskatt, kr. 580.00.

Stefnandi telur sig hafa fengið vitneskju um það í júní 1962, að fyrrnefndar bætur, kr. 112.000.00, væru tekjuskatts- og útsvarsfrjálsar, og kveðst hann þá strax hafa tilkynnt það stefnda, hreppsnefnd Nauteyrarhrepps. Síðan skrifaði hann hreppsnefnd-

inni og Ríkisskattanefnd og krafðist niðurfellingar og endurgreiðslu á álögðu tekjuútsvari og tekjuskatti ársins 1961.

Hreppsnefnd Nauteyrarhrepps synjaði kröfu stefnanda, en Ríkisskattanefnd tók beiðni hans til greina og felldi niður álagðan tekjuskatt, og var hann síðan endurgreiddur stefnanda.

Stefnandi kvaðst síðan hafa gert ítrekaðar tilraunir til að fá stefnda til að endurgreiða framangreint útsvar, kr. 7.806.00, en án árangurs, og hafi hann því talið sig tilneyddan að höfða mál þetta.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að fyrrnefndar bætur, kr. 112.000.00, hafi verið tekjuskatts- og útsvarsfrjálsar, og hafi það stafað af ókunnugleika hans, að telja þær fram til skattskyldra tekna.

Skattanefnd Nauteyrarhrepps hafi eigi heldur verið kunnugt um skattfrelsi bótanna og því lagt tekjuskatt á stefnanda og síðan hreppsnefndin tekjuútsvar. En Ríkisskattanefnd hafi úrskurðað, að fyrri afurðatjónsbæturnar (niðurskurðarbæturnar) skuli ekki teljast til skattskyldra tekna.

Stefnandi hefur og stutt kröfur sínar þeim rökum, að áðurnefndar bætur hafi verið greiddar honum sem skaðabætur vegna niðurskurðar sauðfjárins og meðan hann enn var sauðlaus, og geti þær því ekki talizt til sjálfstæðra tekna, og hafi því tekjuskattur og tekjuútsvar ekki verið lagt á réttan gjaldstofn.

En eftir að hreppsnefnd Nauteyrarhrepps hafi verið kunnugt um, að framtali stefnanda hafi verið breytt af Ríkisskattanefnd, og þar með skattskrá Nauteyrarhrepps, og hún krafin um endurgreiðslu útsvarsins, hafi nefndinni borið siðferðileg og lagaleg skylda til að leiðrétta skekkjuna og umreikna útsvar stefnanda að nýju, sbr. 3.—4. gr. laga nr. 43/1960.

Stefnandi hefur sjálfur reiknað út endurheimtukröfu sína, miðað við, að bæturnar, kr. 112.000.00, séu ekki taldar með sem útsvarsskyldar tekjur, sbr. aðalstefnukröfu hans. Telur hann sig í því efni hafa farið eftir starfsreglum hreppsnefndarinnar um álagningu útsvara 1961.

Varakröfu sína kveðst stefnandi setja fram með tilliti til þess, ef stefndi fengist ekki til þess í máli þessu að viðurkenna útreikning stefnanda reikningslega réttan.

Stefndi byggir kröfur sínar um sýknun á því, að útsvar stefnanda hafi verið löglega álagt. Þó að stefnandi hafi fengið tekjuskatt sinn niðurfelldan, þurfi það ekki að leiða til þess, að útsvarið falli niður sjálfkrafa. Hreppsnefnd Nauteyrarhrepps hafi

í alla staði farið að lögum við álagningu tekjuútsvars stefnanda 1961, lagt það á hreinar tekjur stefnanda samkvæmt skattskrá, sbr. 3. gr. laga nr. 43/1960, og engin tilkynning hafi stefnda síðar borizt um breytingu á skattskránni.

Af hálfu stefnda hefur og verið mótmælt þeim skilningi Ríkisskattanefndar og ríkisskattstjóra, að umræddar bætur hafi verið tekjuskatts- og útsvarsfrjálsar. Hér sé um bætur að ræða fyrir afurðatjón, þ. e. fyrir tekjumissi, en ekki fyrir eignatjón, og því liggi í hlutarins eðli, að þær séu skattskyldar. Bendir stefndi í því sambandi á ákvæði VI. kafla laga nr. 23/1956.

Samkvæmt 4. mgr. 37. gr. nefndra laga skuli greiða þeim bændum niðurskurðarbætur, sem eru að hætta búskap eða breyta til um búskaparhætti, og skuli bæturnar þá miðast við það tjón, sem þeir verða fyrir vegna niðurskurðarins. Bætur þær, sem stefnandi fékk, voru því ekki greiddar samkvæmt þessari grein, því að hann hætti ekki búskap og keypti sér sauðfé, eftir að hann hafði verið sauðlaus í eitt ár. Og í 38. gr. sömu laga sé talað um afurðatjónsbætur og þá miðað við, að sauðfjáreigandi fái greitt sem svari ¾ hlutum af dilksverði. Síðan segir í 39. gr. laganna, að greiða skuli ¾ hluta lambsverðs í afurðatjónsbætur, verði að hafa svæðið sauðlaust árlangt. Stefndi telur því, að stefnandi hafi fengið greiddar afurðatjónsbætur samkvæmt 38. gr., kr. 112.000.00, og um kr. 140.000.00 samkvæmt 39. gr. fyrrnefndra laga. Báðar bæturnar séu afurðatjónsbætur samkvæmt orðanna hljóðan, en ekki niðurskurðarbætur, og því sé úrskurður Ríkisskattanefndar byggður á röngum forsendum.

Af hálfu stefnda hefur einnig verið á það bent, að á árinu 1960 hafi ekkert útsvar verið lagt á stefnanda, sökum þess að þá hafi komið fram bústofnsskerðing á skattaframtali hans vegna niðurskurðar sauðfjárins, og hafi stefndi þannig fullkomlega tekið tillit til þess tjóns, sem stefnandi varð fyrir vegna niðurskurðarins.

Það er upplýst og óumdeilt í máli þessu, að stefnandi er á árinu 1960 sauðlaus samkvæmt fyrirmælum sauðfjársjúkdómanefndar og fær á því ári greiddar í bætur frá ríkissjóði kr. 112.000.00.

Eigi verður ráðið, svo að öruggt geti talizt, af ákvæðum VI. kafla laga nr. 23/1956, hvers eðlis margnefndar bætur eru.

En eðlilegast virðist að líta svo á, að þær séu fyrir eignatjón, er stefnandi varð fyrir vegna niðurskurðarins, bætur fyrir fjárstofninn, er hann varð að farga. Bætur þessar vegna bústofns-

skerðingar stefnanda voru því í eðli sínu eign og stöfuðu af sölu á eignum stefnanda, og gátu þær því eigi verið stofn til álagningar tekjuskatts, sbr. lög nr. 46/1954, 9. gr., a-liður, og þá eigi heldur til álagningar tekjuútsvars, sbr. 3. gr. laga nr. 43/1960.

Ber því að taka til greina kröfu stefnanda í máli þessu um, að útsvarsálagningin á hann á árinu 1961 sé dæmd ógild, sökum þess að tekjuútsvarið hafi eigi verið lagt á réttan gjaldstofn. En þar sem stefndi hefur eigi samþykkt eða látið í ljós álit sitt á útreikningi á fjárhæð aðalstefnukröfu stefnanda, þykir eigi rétt að taka aðalstefnukröfu hans til greina, sbr. niðurlag 24. gr. laga nr. 66/1945.

Verður því fallizt á varakröfu stefnanda í máli þessu og útsvarsálagningin á hann árið 1961 dæmd ógild og lagt fyrir stefnda, hreppsnefnd Nauteyrarhrepps, að umreikna útsvarið þannig, að niðurskurðarbætur stefnanda, kr. 112.000.00, verði dregnar frá framtalsskyldum tekjum.

Eftir þessum úrslitum þykir verða að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.000.00. Aðfararfrestur ákveðst 30 dagar frá lögbirtingu dómsins.

Dómsorð:

Útsvarsálagning á stefnanda, Sigurð Þórðarson, árið 1961 skal vera ógild, og er lagt fyrir stefnda, hreppsnefnd Nauteyrarhrepps, að umreikna útsvarið þannig, að niðurskurðarbætur stefnanda, kr. 112.000.00, verði dregnar frá framtalsskyldum tekjum.

Stefndi greiði stefnanda í málskostnað kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 30 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. nóvember 1965.

Nr. 169/1965. **Árni Jónsson og Heildverzlun Árna Jónssonar**
gegn
Gústaf A. Sveinssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Árni Jónsson og Heildverzlun Árna Jónssonar, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. nóvember 1965.

Nr. 185/1965. **Sigurður Lúðvík Ólafsson**
gegn
Íslenzkum aðalverktökum s/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Lúðvík Ólafsson, er eigi sækir dómþing í málinu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1965.

Nr. 177/1965. **Ingibjörg Magnúsdóttir**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. október 1965 og krafizt þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað. Varnaraðili hefur engar kröfur gert í málinu.

Dómsmálaráðuneytið hefur hinn 13. október 1965 veitt leyfi til að bera málið undir Hæstarétt, þótt málsfjárhæð nemi eigi kr. 5.000.00. Þar sem úrslit málsins mega teljast mikilvæg frá almennu sjónarmiði, fullnægir leyfið skilyrðum laga nr. 57/1962.

Þinglýsing og svo ákvörðun gjalds fyrir þinglýsingu samkvæmt VI. kafla laga nr. 40/1954 eru dómsathafnir. Þá er andmæli koma fram af hendi þess, sem þinglýsingar beiðist, um fjárhæð þinglýsingargjalds, ber þinglýsingardómara að framkvæma þinglýsingu gegn hæfilegri tryggingu þinglýsingargjalds af hendi beiðanda. Að svo búnu ber héraðsdómara að veita þinglýsingarbeiðanda og Fjármálaráðuneytinu færi á að túlka mál sitt. Að málflutningi loknum ber dómara að leggja úrskurð á málið, sem skjóta má til Hæstaréttar, að því leyti sem lög leyfa. Samkvæmt því, er nú var sagt, ber að staðfesta hinn kærða dóm.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Jónatans Hallvarðssonar hæstaréttardómara.

Kæra máls þessa er án leyfis dómsmálaráðherra heimil samkvæmt 21. gr., 1, b, laga nr. 57/1962, enda er sú kæruheimild óháð ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 13. gr. sömu laga um þar greint áfrýjunarskilyrði. Að svo vöxnu er eigi þörf að líta til leyfis dómsmálaráðherra, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt.

Með þessari athugasemd er ég samþykkur dómsatkvæðinu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. október 1965.

Á 1965, þriðjudaginn 5 október, var á bæjarþingi Reykjavíkur í málinu nr. 1637/1965: Ingibjörg Magnúsdóttir gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs kveðinn upp svohljóðandi dómur:

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 28. f. m., hefur Ingibjörg Magnúsdóttir, Digranesvegi 36, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 27. apríl 1965, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til endurgreiðslu á kr. 3.207.50 með 7% ársvöxtum frá 15. nóvember 1963 til 31. desember 1964, en með 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar að mati dómarans.

Málavextir eru þessir: Samkvæmt leyfisbréfi, útgefnu af Dómsmálaráðuneytinu hinn 27. nóvember 1963, var stefnanda og eiginmanni hennar, Kristni Ólafssyni, veitt leyfi til algers skilnaðar. Hjónin höfðu áður komið sér saman um skilnaðarskilmála með samningi, dags. hinn 8. nóvember 1963. Samkvæmt ákvæðum samnings þessa var skiptingu eigna hagað þannig, að stefnandi fékk í sinn hlut íbúð búsins í húsinu nr. 36 við Digranesveg í Kópavogi, sem ágreiningslaust er að verið hafi þinglesin eign mannsins, svo og allt innbú, að undanskildum persónulegum munum mannsins. Allar aðrar eignir búsins, „fastar sem lausar", féllu í hlut mannsins. Jafnframt tók maðurinn að sér að greiða allar skuldir búsins, þar á meðal skuldir, sem hvíldu á íbúðinni. Ekki er í samningnum upptalning á eignum búsins, svo að séð verði, hverjar aðrar eignir hafi verið í búinu en þær, sem hér eru nefndar. Er þinglesin var yfirlýsing hjónanna um, að íbúðin félli í hlut konunnar, sem eignarheimild hennar að íbúðinni, var

henni gert að greiða þinglýsingar- og stimpilgjald, sem samkvæmt yfirlýsingu lögmanns stefnanda við munnlegan flutning málsins var reiknað þannig: einfalt þinglýsingargjald af fasteignamatsverði helmings íbúðarinnar og stimpilgjald og þinglýsingargjald af fimmföldu fasteignamatsverði hins helmings íbúðarinnar. Var stefnanda þannig gert að greiða kr. 765.00 í þinglýsingargjald og kr. 2.480.00 í stimpilgjald. Var greiðsla gjaldanna innt af hendi með fyrirvara. Bæjarfógetinn í Kópavogi leitaði nú úrskurðar Fjármálaráðuneytisins um gjaldtökuna. Í bréfi, sem hann ritaði ráðuneytinu af því tilefni, kemur fram, að í sambandi við skiptin hafi engin sala farið fram og að konan hafi átt sem sinn búshelming meiri eignir en sem nemur fasteigninni allri. Ekki breytti ráðuneytið ákvörðun bæjarfógetans um gjaldtökuna.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að gjöld þau, sem henni hafi verið gert að greiða, séu eigi rétt ákveðin. Er því haldið fram, að hér hafi aðeins verið um skipti á félagsbúi hjónanna að ræða. Hafi hvort þeirra fengið helming eignanna og hafi engin sala farið fram. Samkvæmt 6. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1921 beri stefnanda ekki að greiða stimpilgjald af yfirlýsingu þeirri, sem þinglesin var sem eignarheimild hennar. Ekki beri stefnanda heldur að greiða þinglýsingargjald af yfirlýsingunni, svo sem um afsal væri að ræða samkvæmt ákvæði 23. gr. laga nr. 40/1954, heldur aðeins gjald fyrir yfirlýsingu.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að rétt hafi verið að farið af hendi umboðsmanns ríkissjóðs, bæjarfógetans í Kópavogi, við heimtu umræddra gjalda. Er því haldið fram, að til þess að unnt sé að beita ákvæði 6. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1921 við búskipti við skilnað hjóna, þá verði að liggja fyrir nákvæm skrá yfir allar eignir og skuldir búsins og sérstakt mat á eignum, sem erfitt sé að segja um, hvert verðgildi hafi. Þó sé leyfilegt að beita ákvæðinu, þótt nákvæm skrá eða sérstakt mat liggi ekki fyrir, í því tilviki, að hvort hjóna fái jafnmikið að fasteignamati af fasteign eða fasteignum. Einnig megi beita ákvæðinu, þegar hjón fái misjafnlega mikil fasteignaverðmæti, að því leyti sem þau fái jafnmikið, en beita verði almennu reglunni um stimpilgjald og þinglýsingargjald afsala um það fasteignaverðmæti, sem annað hjóna fái umfram hitt.

Samkvæmt grundvallarreglum íslenzks réttar verður að telja, að þinglýsing sé dómsathöfn. Verður einnig að telja, að ákvörðun gjalds fyrir þinglýsingu samkvæmt VI. kafla laga nr. 40/

1954 sé þáttur þeirrar dómsathafnar. Bæjarþing Reykjavíkur er því sem hliðsettur dómstóll ekki bært að dæma um gerðir þinglýsingardómarans í Kópavogi, að því er varðar ákvörðun þinglýsingargjalds þess, er fjallað er um í máli þessu. Þykir því bera að vísa máli þessu sjálfkrafa frá dómi, að því er varðar dómkröfuna um endurgreiðslu þinglýsingargjalds, sbr. ákvæði 68. gr. laga nr. 85/1936.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi, að því er varðar dómkröfu um endurgreiðslu þinglýsingargjalds.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1965.

Nr. 39/1965. **Geir Hansen** (Guðlaugur Einarsson hrl.)
gegn
Eiði Sveinssyni (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál vegna galla á húsi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 8. febrúar 1965 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. sama mánaðar. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 10.152.60 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. október 1962 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hvorki er sannað, að gallar þeir, sem fram komu á íbúðinni og um getur í héraðsdómi, hafi stafað af tilverknaði stefnda né að honum hafi verið um þá kunnugt, er hann seldi áfrýjanda íbúðina.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Geir Hansen, greiði stefnda, Eiði Sveinssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. júlí 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 18. f. m., hefur Geir Hansen, Nökkvavogi 21, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri hinn 18. febrúar 1963, gegn Eiði Sveinssyni, Laugalæk 11, hér í borg, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 10.150.60, ásamt 7% ársvöxtum frá 1. október 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi í októbermánuði 1962 keypt af stefnda kjallaraíbúð í húsinu nr. 21 við Nökkvavog, hér í borg. Hann hafi flutzt í íbúðina hinn 1. október, en hinn 29. október hafi komið í ljós, að mikils raka gætti undir gólfi íbúðarinnar. Hafi þá komið fram, að pípulagnir og frágangur á gólfum hafi verið óforsvaranlegur. Gallar þessir hafi ekki komið fram við skoðun á íbúðinni og ekki fyrr en flutt hafi verið í íbúðina, enda hafi þetta ekki verið sjáanlegt. Stefnandi kveðst hafa snúið sér til stefnda, strax og gallarnir komu í ljós, og óskað eftir því, að hann greiddi bætur vegna gallanna, en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir sínar hafi sættir ekki tekizt í málinu.

Samkvæmt beiðni stefnanda dómkvaddi yfirborgardómarinn í Reykjavík hinn 27. nóvember 1962 þá Einar Sveinsson múrarameistara og Óskar Smith pípulagningameistara til að skoða óforsvaranlegt ástand á pípulögnum og gólfum íbúðarinnar og til að meta til fjár, hvað kostaði að bæta úr þeim skemmdum, sem af þessu hefðu orðið, og bæta úr göllum þeim, sem stefnandi taldi af þessum sökum vera á íbúðinni.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, sem dagsett er hinn 27. desember 1962, segir m. a. svo:

„Þetta hús var byggt árin 1946—47. Það er timburhús á steyptum kjallara, sem notaður er til íbúðar. Þegar húsið var byggt, var það algeng venja að leggja vatns- og hitaleiðslur undir kjallaragólfið eða í gólfsteypuna. Nú er þetta ekki tainn öruggur frágangur, ef grunnurinn er rakur eða blautur.

Hinn 29. október s.l. varð vart við mikinn raka í gólfi innri forstofu, og hafði hitaleiðslurör undir gólfinu bilað. Þegar skoðun fór fram, var búið að höggva rauf í steypugólfið í ganginum og leggja þar nýja leiðslu í stað þeirrar, er bilað hafði. Hið leka rör er með einu gati, ca 1 cm í þvermál, en hvergi annars staðar eru skemmdir eða tæring sýnileg í því. Ekki er sennilegt, að jarðvatn hafi komizt að þessum eina smábletti á rörinu, enda virðist ekkert vatn hafa verið í grunninum, áður en rörið bilaði, því þegar liðinn var hálfur mánuður, frá því að gert var við rörið, var ekki sýnileg bleyta í fyllingunni um 20 cm niður frá gólfplötu.

Heitavatnsleiðslan í eldhúsvaskinn er samgróin og flytur mjög lítið vatn, einhver tregða er líka í leiðslunni í baðið, og kemur ryð í vatninu, fyrst eftir að skrúfað hefur verið frá krönunum. Matsmenn telja því rétt að leggja báðar þessar leiðslur niður og setja nýjar leiðslur og grafa þær ekki niður.

Matsmenn hafa athugað gólfplötuna á nokkrum stöðum. Í ganginum, þar sem gólfið var höggvið upp, er steypan um 10 cm þykk og af venjulegum styrkleika. Við hjuggum sjálfir upp dálítinn blett út frá þeim stað, sem rörið hafði bilað á, en við fundum ekkert, sem hefði getað valdið biluninni.

Vegna þess að í matsbeiðninni er getið um, að gólfsteypan í baði og geymslu muni vera léleg, þá gerðum við sérstaka athugun á baðherbergisgólfinu, og komumst við að þeirri niðurstöðu, að í því er góð steypa. Við hjuggum 10 cm djúpa holu í það, en komumst ekki niður úr því, fannst ástæðulaust að skemma meira. Geymslugólfið hefur sýnilega verið brotið upp einhvern tíma áður, því þegar við fórum að athuga skolpleiðsluna, kom í ljós, að opið gat var á einu skolprörinu, og hefur það verið gert til að ná stíflu úr skolprörinu. Þá hefur verið óvandlega múrað í gólfið, og er þörf á að bæta um það. Að öðru leyti fundum við ekkert athugavert við kjallaragólfið, enda nefndu eigendur ekki fleiri galla.

Það, sem búið var að gera við, þegar skoðun var gerð, tökum

við ekki með í matið, því reikningar munu vera til fyrir því.

Það, sem við reiknum, eru nýjar leiðslur að eldhúsvaski og í baðið. Nýr gólfdúkur í innri gang og gólflistar þar. Nýtt steypugólf í geymsluna. Málun á listum, lagfæring á skemmdum og hreinsun.

Kostnað við þetta teljum við hæfilega áætlaðan á kr. 3.500.00 — þrjú þúsund og fimm hundruð krónur."

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að umrædd íbúð hafi verið haldin leyndum göllum, er hann keypti hana af stefnda, og beri stefnda að bæta tjón það, sem hann, þ. e. stefnandi, hafi orðið fyrir af þeim sökum. Fjárhæð kröfu sinnar byggir stefnandi á mati hinna dómkvöddu matsmanna, er mátu kostnað við viðgerð á skemmdum og göllum á kr. 3.500.00 auk þess fjár, sem greitt hafði verið fyrir viðgerð, sem þegar hafði farið fram, en kostnaður við hana nam kr. 2.199.10. Þá er í stefnukröfunni krafið um greiðslu á matskostnaði, kr. 1.953.50, svo og um bætur fyrir óþægindi og vinnutjón, kr. 2.500.00.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að umrædd íbúð hafi ekki verið haldin leyndum göllum, er hún var seld stefnanda. Stefndi hafi aldrei orðið var við neinn raka í íbúðinni, á meðan hann bjó í henni, frá því á árinu 1957. Rör það, sem lekinn kom fram í, hafi ekki bilað, fyrr en eftir að stefnandi fluttist í íbúðina, og hafi þá ábyrgð á bilun sem þessari verið fallin á stefnanda sjálfan. Þá er því haldið fram, að kaupendur íbúða, eins og þeirrar, sem hér um ræðir, geti ætíð búizt við því, að raki komi fram, þegar íbúðirnar eldast, og verði þeir sjálfir að bera áhættuna af því, að ýmislegt í íbúðunum gefi sig.

Það verður að telja fram komið af matsgerð matsmannanna, að gat það, sem kom á hitarörið og orsakaði lekann, hafi ekki komið fram vegna neinna utanaðkomandi áhrifa, heldur vegna eiginleika rörsins sjálfs, sem eigi rætur sínar að rekja til smíði þess. Þegar á þetta er litið og það jafnframt haft í huga, að umrætt hús mun hafa verið byggt á árunum 1946—1947 og því orðið 15—16 ára gamalt, er kaupin voru gerð, þá verður eigi talið, að tjón það, sem orðið hefur vegna þessarar bilunar, sé þess eðlis, að stefndi sem seljandi íbúðarinnar beri ábyrgð á því gagnvart stefnanda. Þykir stefnandi því ekki eiga rétt á bótum úr hendi stefnda vegna þessarar bilunar. Það kemur fram í matinu, að heitavatnsleiðsla í eldhúsvask hefur verið samgróin og hefur flutt mjög lítið vatn, og einnig hefur verið einhver tregða á heitavatnsrennsli í bað. Við skoðun á íbúðinni

gat stefnandi kynnt sér rennsli úr krönum íbúðarinnar. Ekkert er fram komið um, að lagnir þessar hafi verið óforsvaranlegar, miðað við venjulegt fyrirkomulag á þeim tíma, er húsið var byggt. Þykir stefnandi því ekki eiga rétt á bótum úr hendi stefnda vegna þessa. Ekki verður talið, að þeir vankantar á múrhúðun geymslugólfs, sem getið er um í matsgerðinni, hafi verið slíkir, að þar sé um að ræða leynda galla, sem stefndi beri ábyrgð á gagnvart stefnanda.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða úrslit málsins þau, að stefndi verður sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Diðriki Helgasyni múrarameistara og Runólfi Jónssyni pípulagningameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Eiður Sveinsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Geirs Hansens, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. nóvember 1965.

Nr. 20/1965. **Hjörtur Hjartarson** (Björn Hermannsson hdl.)
gegn
Bæjarstjóra Keflavíkurkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs og gagnsök
(Vilhjálmur Þórhallsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skipulag kaupstaðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1965. Eru kröfur hans þessar:

1. Að staðfest verði það ákvæði hins áfrýjaða dóms, að gagnáfrýjandi „auðkenni sund að húsinu Austurgata 8 með viðeigandi umferðarmerkingu til að koma í veg fyrir, að ökutæki loki því við Hafnargötu".

2. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda skaðabætur, kr. 300.000.00 eða aðra hæfilega fjárhæð, fyrir ólöglegar breytingar á skipulagsuppdrætti kaupstaðarins og allt tjón, þar af leiðandi, ásamt 7% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi, 17. júní 1963, til 31. desember 1964, en 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags.

3. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, enda verði málskostnaður í héraði tiltekinn sérstaklega og látinn falla til ríkissjóðs.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 1. marz 1965. Krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu hafa verið lögð fram nokkur ný gögn í Hæstarétti. Þá hafa dómendur og gengið á vettvang ásamt fyrirsvarsmönnum aðilja.

Það athugast, að í þinghaldi í héraði hinn 27. nóvember 1964 var ákveðið að skipta sök þannig, að málið verði fyrst flutt um skaðabótaskylduna almennt og síðan um hina tölulegu hlið málsins, ef til kæmi. Héraðsdómari hefur hins vegar dæmt málið á víðtækari grundvelli. Með héraðsdómi er lokið dómsorði á atriði, sem varða kröfu aðaláfrýjanda um umferðarrétt að Hafnargötu. Svo hefur dómarinn og komizt að þeirri niðurstöðu, að gagnáfrýjandi hafi ekki bakað sér bótaábyrgð með aðgerðum sínum, m. a. af því, að aðaláfrýjandi muni ekkert tjón hafa beðið. Hefur þannig verið lagður heildardómur á málið í héraði, og þykir **þá einnig vera heimilt að gera það hér fyrir dómi,** enda verður reifan málsins ekki talin standa því í vegi.

Hús það, sem nú er auðkennt nr. 8 við Austurgötu í Keflavík, var reist á erfðafestulóð samkvæmt samþykkt byggingarnefndar 29. júlí 1941. Í samþykktinni er tekið fram, að húsið verði byggt sem bakhús og að aðgangur að því verði frá Hafnargötu. Var húsið í upphafi auðkennt nr. 22 C við Hafnargötu. Á þessum tíma var í gildi óbreyttur skipulagsuppdráttur sá fyrir Keflavíkurkaupstað, sem staðfestur var af Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu hinn

7. júní 1934. Afstöðu hússins til gatna samkvæmt þeim skipulagsuppdrætti er lýst í héraðsdómi.

Hinn 1. marz 1944 staðfesti Félagsmálaráðuneytið með skírskotun til skipulagslaga nr. 55 27. júní 1921 skipulagsbreytingu „til þess að gilda sem samþykkt um skipulag Keflavíkurkauptúns". Samkvæmt breytingu þessari skyldi Austurgata framlengd til norðurs og liggja sjávarmegin fram með húseign þeirri, sem hér ræðir um. Átti húsið þannig að komast í beint samband við götu í stað þess að teljast bakhús við Hafnargötu. Var húsið eftir þetta, eða frá því á árinu 1945, auðkennt nr. 8 við Austurgötu.

Aðaláfrýjandi fékk afsal fyrir efri hæð hússins nr. 8 við Austurgötu hinn 20. apríl 1956 og hefur verið eigandi hennar síðan. Er því lýst í málflutningi, að brunabótamat efri hæðarinnar sé kr. 377.200.00, en brunabótamat jarðhæðarinnar, sem er í eign annars aðilja, kr. 334.500.00.

Með samþykkt bæjarstjórnar Keflavíkurkaupstaðar hinn 25. júní 1958, að undangenginni samþykkt byggingarnefndar hinn 13. sama mánaðar, var nafngreindum manni veitt „leyfi til byggingar íbúðarhúss fyrir enda Austurgötu samkvæmt síðar sendri teikningu". Leyfið var „háð því skilyrði, að landeigandi láti í té stíg frá Hafnargötu að húsunum nr. 6 og 8 við Austurgötu, og sé sá stígur eigi minna en 4 metrar á breidd". Hús þetta, sem síðar var reist, hlaut auðkennið nr. 10 við Austurgötu. Liggur húsið þvert yfir fyrirhugaða framlengingu Austurgötu samkvæmt skipulagsuppdrætti og girðir fyrir það, að gatan verði framlengd að og fram með húseigninni nr. 8 við sömu götu.

Skipulagsstjóri ríkisins hefur í bréfi, dags. 4. desember 1964, lýst því, að staðsetning hússins nr. 10 við Austurgötu hafi á sínum tíma verið gerð í samráði við sig, og kveðst hann hafa samþykkt hana fyrir sitt leyti. Hins vegar er komið fram, að tillaga um þessa breytingu á skipulagi Keflavíkurkaupstaðar var ekki lögð fyrir skipulagsnefnd ríkisins og Félagsmálaráðuneytið til úrlausnar samkvæmt 19. og 20. gr. laga nr. 55/1921, sbr. 14. gr. sömu laga og 4. gr. laga nr. 64/1938. Samþykkt bæjarstjórnar-

innar frá 25. júní 1958 og framkvæmd hennar var því brot á ákvæðum 3. málsgr. 13. gr. laga nr. 55/1921, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1938. Ekki hefur heldur síðar verið gerð lögleg breyting á skipulagi Keflavíkurkaupstaðar til samræmis við umrædda samþykkt bæjarstjórnarinnar.

Verður þá vikið að kröfum aðaláfrýjanda hér fyrir dómi.

Um 1. Með héraðsdómi er dæmt, að gagnáfrýjandi skuli auðkenna sund að húsinu nr. 8 við Austurgötu með viðeigandi umferðarmerkingu til að koma í veg fyrir, að ökutæki loki því við Hafnargötu. Krefst aðaláfrýjandi staðfestingar á þessu ákvæði héraðsdóms. Ekki verður séð, að krafa á hendur gagnáfrýjanda um slíkar aðgerðir hafi við sett lög né aðrar réttarreglur að styðjast. Ber því eftir kröfu gagnáfrýjanda að sýkna hann af greindri kröfu aðaláfrýjanda.

Um 2. Það er ótvírætt, að aðaláfrýjandi hefur hagsmuna að gæta um skipulag á umræddu svæði. Telja verður, miðað við staðhætti, sem dómendur hafa kynnt sér, að húseignin Austurgata 8 sé ekki eins útgengileg í kaupum og sölum, eftir að girt hefur verið fyrir beina staðsetningu hennar við götu, svo sem vera átti samkvæmt skipulagsuppdrætti. Ber því að leggja til grundvallar, að húseignin hafi rýrnað nokkuð í verði vegna framangreindra aðgerða gagnáfrýjanda. Um bótaskyldu gagnáfrýjanda hefur aðaláfrýjandi meðal annars vísað til bótaákvæða 25. gr. skipulagslaga nr. 55/1921, sbr. nú lög nr. 19/1964. Þær reglur koma þó ekki til álita hér, þar sem þær eru miðaðar við, að lögmæt skipulagsbreyting hafi verið gerð, en hér er ekki um það að ræða. Hins vegar hefur gagnáfrýjandi með framangreindri ólöglegri röskun á staðfestu skipulagi kaupstaðarins aðaláfrýjanda í óhag, fellt á sig bótaábyrgð gagnvart honum. Með hliðsjón af áður greindum eignarhluta aðaláfrýjanda í húseigninni nr. 8 við Austurgötu og öðrum atriðum, sem máli skipta, þykja bætur honum til handa hæfilega metnar kr. 35.000.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Staðfesta má ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostn-

að í héraði. Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, bæjarstjóri Keflavíkurkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, skal vera sýkn af kröfu aðaláfrýjanda, Hjartar Hjartarsonar, um setningu umferðarmerkis við Hafnargötu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 35.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 17. júní 1963 til 31. desember 1964 og 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í héraði. Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt skipulagsuppdrætti, staðfestum 7. júní 1934, skyldi Austurgata í Keflavíkurkauptúni liggja samsíða Hafnargötu að austan í suður og norður nálega að sjó fram. Þvergata skyldi síðan tengja Austurgötu við Hafnargötu, þannig að gatnamót hennar og Hafnargötu væru nokkru norðar en gatnamót þvergötunnar og Austurgötu. Samkvæmt skipulagsuppdrætti, sem Félagsmálaráðuneytið staðfesti fyrir Keflavíkurkaupstað 1. marz 1944, skyldi hins vegar framlengja Austurgötu norður með sjó, og tengigata hennar og Hafnargötu vera hornrétt á hana.

Hinn 29. júlí 1941 samþykkti byggingarnefnd Keflavíkur að veita Guðlaugi St. Eyjólfssyni trésmið leyfi til að reisa lítið hús „sem bakhús“ frá Hafnargötu í Keflavík. Hinn 6. september s. á. afsalaði Ólafur J. A. Ólafsson, kaupmaður í Keflavík, Guðlaugi St. Eyjólfssyni „erfðafestu rétt

yfir 550 fermetra bletti úr lóð sinni Hafnargötu 23 í Keflavík. Lóðin verður Hafnargata 22C og liggur sunnan geymsluhússins við sjóinn (áður afsöluðu til Guðlaugs Eyjólfssonar), og eru takmörk hennar þessi: Lengd að austan meðfram sjó 38 metrar, að sunnan 50 m, að vestan 16 og norðan 18 m". Guðlaugur St. Eyjólfssson reisti á erfðafestulóð þessari samkvæmt áminnztu byggingarleyfi íbúðarhús, að stærð 8×8 m, eina hæð og kjallara. Kjallarinn var steinsteyptur, en hæðin úr asbestplötum með valmaþaki. Húsið snýr að Hafnargötu, og er heimbraut að því yfir gangstétt þeirrar götu og hallandi frá henni niður á rúmgott autt svæði fyrir framan húsið.

Hinn 28. september 1944 veitti byggingarnefnd Keflavíkurkaupstaðar Guðlaugi St. Eyjólfssyni leyfi til, að íbúðarhús, sem hann hafði byggt í óleyfi norðan við húsið nr. 22C við Hafnargötu, mætti standa þar áfram.

Var hús þetta nefnt nr. 20C við Hafnargötu.

Samkvæmt skipulagsuppdrætti frá 1. marz 1944 skyldi Austurgata liggja sjávarmegin við húsið nr. 22C við Hafnargötu, sem eftir það var nefnt nr. 8 við Austurgötu, og svo húsið nr. 20C við Hafnargötu, sem auðkennt var síðan nr. 6 við Austurgötu.

Þá er til átti að taka, töldu yfirvöld Keflavíkurkaupstaðar misráðið að framlengja Austurgötu norður með sjó, svo sem ráðgert var í skipulagsuppdrættinum frá 1. marz 1944. Óhagræði í umferð um Hafnargötu myndi hljótast af framlengingu Austurgötu, en götugerð þessi hins vegar kosta stórfé. Um þessa fyrirhuguðu vegagerð lætur byggingarfulltrúinn í Keflavík svo mælt í bréfi 18. marz 1964: „Í þessu tilfelli tel ég, að nauðsynlegt hefði verið að steypa sjóvarnargarð niður á fasta klöpp fram með götunni 100 m langan og 5—7 m háan. Lauslega áætlað hefði slíkt mannvirki kostað á aðra milljón kr., auk þess sem uppfylling hefði lagt sig á nær milljón kr. Er því sjáanlegt, að vegagerð þessi hefði numið 2—3 millj. króna a.m.k., fyrir utan varanlegt slitlag með núverandi verðlagi, og er það margfalt verð, miðað við gatnagerð við eðlilegar aðstæður".

Helgi S. Jónsson heilbrigðisfulltrúi hafði þegar 30. marz 1955 sótt um leyfi til að reisa íbúðarhús bak við tilgreint hús við Hafnargötu í Keflavík. Umsókn sína hafði hann ítrekað oftar en einu sinni. Hinn 13. júní 1958 samþykkti byggingarnefnd Keflavíkur beiðni hans „um leyfi til byggingar íbúðarhúss fyrir enda Austurgötu samkvæmt síðar sendri teikningu ..... Einnig er leyfið háð því skilyrði, að landeigandi láti í té stíg frá Hafnargötu að húsunum nr. 6 og 8 við Austurgötu, og sé sá stígur eigi minni en 4 metrar á breidd". Bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar samþykkti þessa ráðstöfun 25. s. m. Yfirvöld Keflavíkurkaupstaðar leituðu ráða skipulagsstjóra ríkisins, áður en þau afréðu að hætta við framlengingu Austurgötu og staðsetja hús fyrir enda hennar, eins og hún var fyrir gerð skipulagsuppdráttar frá 1. marz 1944. Um þetta segir skipulagsstjóri í bréfi 4. desember 1964:

„1. Staðsetning húss Helga S. Jónssonar var á sínum tíma gerð í samráði við mig, og samþykkti ég hana fyrir mitt leyti, en að sjálfsögðu með þeim fyrirvara, að samþykki bæjarstjórnar Keflavíkur kæmi einnig til.

2. Skipulagsuppdráttur, er nær yfir þennan bæjarhluta, var staðfestur þ. 1/3 1944 af félagsmálaráðherra, og hefur enginn skipulagsuppdráttur af Keflavík eða hluta hans verið staðfestur síðan.

3. Svo sem hjálagður uppdráttur ber með sér, stendur hús Helga S. Jónssonar fyrir Austurgötu miðri, enda var samþykkt, að sú gata yrði lokuð í þennan enda, áður en bygging húss hans var leyfð."

Hlutleysi Félagsmálaráðuneytis bendir til, að það uni orðnum hlut.

Hinn 9. desember 1964 gáfu landeigendur svofellda yfirlýsingu: „Í tilefni byggingarleyfis Helga S. Jónssonar, dags. 26/6 '58, verður umtalaður aðgangur að húsunum nr. 6 og 8 við Austurgötu hér eftir sem hingað til staðsettur á milli húseignanna nr. 35 og 37 við Hafnargötu." Yfirlýsing þessi er árituð af byggingarfulltrúanum í Keflavík.

Hinn 20. apríl 1956 fékk aðaláfrýjandi máls þesssa „af-

sal fyrir Austurgötu 8, efri hæð". Aðaláfrýjandi kvartaði eigi, þá er Austurgötu var lokað, hvorki við gagnáfrýjanda né Félagsmálaráðuneytið.

Hinn 20. apríl 1961 rituðu eigendur húsanna nr. 6 og 8 við Austurgötu, þ. e. nr. 20C og 22C við Hafnargötu, gagnáfrýjanda og kröfðust þess, að undinn yrði að því „bráður bugur að koma akfærri götu að þessum húsum". Talið er, að gagnáfrýjandi hafi af þessu tilefni látið lagfæra heimbrautina frá Hafnargötu að húsunum. Leið síðan og beið, unz aðaláfrýjandi tók með bréfum 10. febrúar og 6. marz 1963 að gera bótakröfu á hendur gagnáfrýjanda vegna þess, að Austurgötu hefði verið lokað með húsi Helga S. Jónssonar. Er þeim kröfum hans var eigi sinnt, höfðaði hann mál þetta með héraðsstefnu hinn 14. júní 1963.

Hinn 29. júlí 1941 veitti byggingarnefnd Keflavíkur leyfi til, að reist yrði hús það, sem aðaláfrýjandi á nú hluta af, þannig að það væri bakhús og aðgangur að því skyldi vera frá Hafnargötu. Gagnáfrýjandi hefur hvorki skert réttinn samkvæmt þessu byggingarleyfi né réttinn samkvæmt erfðafestusamningnum frá 6. september 1941. Gagnáfrýjandi hefur eigi stuðlað að því, að reist væri nein þau mannvirki á erfðafestulandi aðaláfrýjanda, sem miðuð væru við skipulagsuppdráttinn frá 1. marz 1944. Skaðabótaréttur aðaláfrýjanda verður því eigi reistur á atbeina gagnáfrýjanda til mannvirkjagerðar, er aðaláfrýjandi eða réttarleifendur hans hafi framkvæmt í trausti á nefndan skipulagsuppdrátt. Hvorki IV. kafli laga nr. 55/1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa né VII. kafli skipulagslaga nr. 19/1964 geyma ákvæði, sem veiti manni skaðabótarétt, þá er fasteign hans er hvorki skert né umráðaréttur hennar takmarkaður frá því, er var fyrir gildistöku skipulagsuppdráttar, þótt skipulag sé ekki framkvæmt. Þá veita hvorki sett lög né meginstafir laga aðaláfrýjanda einstaklingsrétt (subjectivan rétt) til að krefjast þess, að Austurgata sé framlengd sjávarmegin fram með húsi hans samkvæmt skipulagsuppdrættinum frá 1. marz 1944. Hann getur því eigi á grundvelli slíks einstaklingsréttar reist skaðabótarétt á hendur gagnáfrýjanda,

þótt vonir hans um hagnað af framlengingu Austurgötu hafi brugðizt. Loks er eigi leitt í ljós neitt það atferli gagnáfrýjanda í sambandi við lokun Austurgötu, sem felli skaðabótaábyrgð á hendur honum. Eru þannig hvorki fyrir hendi atvik né lagarök, er á verði reist skaðabótaskylda gagnáfrýjanda í máli þessu. Ber því að dæma gagnáfrýjanda sýknu af skaðabótakröfu aðaláfrýjanda í málinu.

Ómerkja ber ákvæði héraðsdóms um umferðarmerkingu, þar sem hennar var eigi krafizt í héraði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og málflutningslaun eiga að vera óröskuð.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um umferðarmerkingu er úr gildi fellt.

Gagnáfrýjandi, bæjarstjóri Keflavíkurkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af skaðabótakröfum aðaláfrýjanda, Hjartar Hjartarsonar, í máli þessu.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og málflutningslaun eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, kr. 18.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 4. janúar 1965.

Ár 1965, mánudaginn 4. janúar, var í bæjarþingi Keflavíkur, sem haldið var á skrifstofu embættisins af Hákoni H. Kristjónssyni, settum dómara samkvæmt sérstöku umboði, kveðinn upp dómur í bæjarþingsmálinu nr. 46/1963: Hjörtur Hjartarson gegn Keflavíkurkaupstað.

Mál þetta, sem þingfest var hér í bæjarþinginu 14. júní 1963 og dómtekið 17. desember 1964, hefur stefnandinn, Hjörtur Hjartarson verkamaður, Austurgötu 8, hér í bæ, höfðað með stefnu, útgefinni 22. maí 1963 og birtri 17. júní 1963, gegn Keflavíkurkaupstað til að fá ráðið fram úr og bætt vandræði þau og tjón, sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna lokunar nyrðri enda Austurgötu í Keflavík. Gerði stefnandi þá

kröfu í upphafi máls, að stefndi yrði, að viðlögðum kr. 500.00 dagsektum, skyldaður til þess að útvega og leggja akfæra götu frá húsi stefnanda, Austurgötu 8 (áður Hafnargötu 22C), að Hafnargötu að öllu leyti á sinn kostnað og gert að greiða skaðabætur fyrir ólöglega lokun Austurgötunnar og löglausa skipulagsbreytingu, kr. 100.000.00 eða aðra að réttarins áliti hæfilega fjárhæð, ásamt 7% ársvöxtum af bótafjárhæðinni frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnað. Undir rekstri málsins breytti stefnandi skaðabótakröfu sinni þannig, að stefndi yrði dæmdur skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda um kr. 300.-000.00 auk vaxta fyrir allt það tjón, beint og óbeint, áfallið og áfallandi, þar með talin óþægindi, óprýði, slysahætta svo og minnkandi söluhæfni og verðmæti eignar hans (íbúðar) í Austurgötu 8, sem leiðir af útilokun þess, að téð hús sé eða verði nokkru sinni tengt við götukerfi bæjarins á viðhlítandi hátt, með hinum áður ákveðna og áformaða hætti samkvæmt staðfestum skipulagsuppdrætti frá 1944.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda.

Í réttarhaldi 18. október 1963 úrskurðaði hinn venjulegi dómari, hr. Alfreð Gíslason bæjarfógeti, að þar sem hann ætti sæti í bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar og þannig viðriðinn málið, þætti rétt, að hann viki sæti í því ex officio, en engin krafa hafði komið fram í þá átt frá málsaðiljum.

11. nóvember 1963 skipaði hið háa ráðuneyti Hákon Heimi Kristjónsson til þess sem setudómari að fara með og dæma mál þetta.

Í réttarhaldi 27. nóvember 1964 ákvað dómari samkvæmt heimild í 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85 frá 1936 og kröfu málsaðilja að skipta málinu þannig, að fyrst yrði það aðeins flutt og dæmt, að því er snertir skaðabótaskylduna almennt, en síðar eftir atvikum hin tölulega hlið þess.

Málavextir skulu nú raktir af málsskjölum og öðru því, sem fram hefur komið í málinu:

Seint í maímánuði 1934 var gengið frá heildarskipulagsuppdrætti fyrir Keflavíkurkauptún af skipulagsnefndinni í Reykjavík. Uppdráttur þessi var síðan samþykktur í Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu 7. júní sama ár. Samkvæmt uppdrætti þessum skyldi Austurgata liggja í norður og suður og vera samsíða Hafnargötu austan hennar og ná í norður langleiðina að sjó að þvergötu, sem tengja skyldi hana við Hafnargötu gleiðu

horni, þannig að gatnamót tengigötunnar og Hafnargötu yrðu nokkru norðar gatnamótum tengigötunnar og Austurgötu.

Seint í júlímánuði 1941 samþykkti byggingarnefnd Keflavíkur að leyfa Guðlaugi St. Eyjólfssyni að byggja lítið hús úr asbestplötum á steinsteyptum kjallara sem bakhús frá Hafnargötu, og er það hús það, sem mál þetta snertir mest. Miðað við skipulagsuppdráttinn frá 1934, hefði hús þetta staðið norðan tengigötunnar, nær henni en Hafnargötu. Á þessum sama fundi nefndarinnar liggur frammi „skissa" skipulagsnefndar af hverfi því, sem hús þetta átti að standa í, þar sem m. a. er lagt til, að fyrirhuguð Austurgata falli burtu og tengigatan færist sunnar. „Skissa" þessi hefur ekki verið lögð fram í málinu, en eftir að hafa athugað hana, taldi nefndin rétt, að gamla skipulagið yrði látið halda sér að mestu leyti. Í septembermánuði sama árs fékk Guðlaugur afsal fyrir lóð undir húsið, og var hún auðkennd nr. 22 C við Hafnargötu.

Seint í febrúarmánuði 1944 var gengið frá nýjum heildarskipulagsuppdrætti fyrir Keflavíkurkauptún í skipulagsnefndinni, og hlýtur uppdráttur þessi bindandi staðfestingu í Félagsmálaráðuneytinu 1. marz 1944. Samkvæmt honum skyldi Austurgata framlengd norður með sjó og fyrri tengigata hennar við Hafnargötu vera u.þ.b. hornrétt á hana, þannig að gatnamót tengigötunnar og Hafnargötu færðust nokkru sunnar en var samkvæmt skipulaginu frá 1934. Með þessu yrði hús Guðlaugs hornhús norðvestan fyrirhugaðrar Austurgötu og fyrirhugaðrar tengigötu.

Síðla í septembermánuði 1944 fékk Guðlaugur leyfi byggingarnefndar til, að íbúðarhús, sem hann hafði byggt í leyfisleysi norðan við húsið Hafnargata 22 C, fengi að standa þar áfram. Taldi nefndin, að leyfa ætti þetta, m. a. vegna þess „að skipulag á þessu svæði hefði breytzt Guðlaugi í hag". Tekið var fram, að leyfið legði engar kvaðir á hreppinn um götulögn að húsinu. Síðar á þessu sama ári var gerður lóðarleigusamningur vegna húss þessa, og er lóðin þar nefnd nr. 20 C við Hafnargötu.

Í október 1945 er hluti hússins nr. 22 C við Hafnargötu seldur, og er það í afsali og æ síðar auðkennt Austurgata 8.

Í marzlok 1955 er á fundi byggingarnefndar Keflavíkur tekin fyrir umsókn Helga S. Jónssonar um, að honum verði heimilað að byggja á nánar tilteknum stað austan Hafnargötu. Nefndin taldi sig ekki geta afgreitt mál þetta, að svo stöddu, „þar sem ennþá liggur ekki fyrir endanlegt skipulag á þessu svæði". Um miðjan maímánuð 1956 er umsókn Helga enn til umræðu í nefnd-

inni, og samþykkir hún „að fá umsögn skipulagsstjóra um þær skipulagsbreytingar, sem staðsetning hússins hefur í för með sér". Í júlímánuði sama árs getur nefndin þess á fundi sínum, að álits skipulagsstjóra hafi verið leitað, varðandi umsókn Helga, og hann hafi lagt til, að Austurgata yrði framlengd nokkuð og sett í samband við Hafnargötu. Byggingarnefnd samþykkti að leyfa Helga að byggja á hornlóð þeirri, er þarna myndist. Á fundi í nefndinni 13. júní 1958 er svo samþykkt að leyfa Helga að byggja fyrir enda Austurgötu, enda leyfið „háð því skilyrði, að landeigandi skaffi stíg að húsunum nr. 6 og 8 við Austurgötu (þ. e. húsunum, sem áður voru auðkennd nr. 20C og 22C við Hafnargötu), og sé sá stígur frá Hafnargötu og 4 metrar á breidd. Fullnaðarsamþykki fékk Helgi síðan á bæjarstjórnarfundi 25. júní 1958, og er þar ítrekað og íþyngt skilyrðið um stíginn að Austurgötu 8. 31. maí 1960 er síðan gerður lóðarleigusamningur um lóð Helga, og var Austurgötu nú lokað í nyrðri enda á sama stað og tengigatan átti að koma samkvæmt skipulagsuppdráttum frá 1944. Var þá enn eftir möguleikinn að þoka gatnamótum tengigötunnar og Austurgötu aðeins sunnar.

Með afsali, dagsettu 20. apríl 1956, eignaðist stefnandi íbúð í húsinu Austurgötu 8, og var þá, svo sem alltaf hefur verið, aðgangur að því frá Hafnargötu um stíg, en í stefnu og greinargerðum skýrir hann svo frá, að sér hafi verið kunnugt um, að Austurgatan yrði framlengd meðfram húsinu sjávarmegin samkvæmt gildandi skipulagsuppdrætti. Þá hafi húsið og verið auðkennt og tölusett sem nr. 8 við Austurgötu bæði í skjölum kaupstaðarins og annars staðar. Að sjálfsögðu hafi hann búizt við, að skipulaginu yrði fullnægt að þessu leyti, eftir því sem gatnagerð og framkvæmdum í kaupstaðnum miðaði áfram. Þess vegna hafi ekki beinlínis verið fengizt um, þótt aðstaða og umferðarréttur gagnvart Hafnargötunni væri ekki í sem æskilegustu horfi. 20. apríl 1961 hafi þó eigendur húsanna nr. 6 og 8 við Austurgötu skrifað stefnda og farið þess á leit, að ekki yrði lengur dregið að koma akfærri götu að þessum húsum. Ekki verður séð af skjölum málsins, að erindi þessu hafi verið svarað bréflega, en stefndi mun hafa látið lagfæra stíginn að húsunum. Í febrúar- og marzmánuðum 1963 skrifar stefnandi enn bréf til stefnda, varðandi mál þetta, og svaraði hann ekki. Hins vegar virðist hafa verið unnið fullum fetum að undirbúningi smíði nýs húss við norðurenda Austurgötu, vestanverða, sem, eftir að mál þetta hófst, lokaði möguleikanum til lagningar

margnefndrar tengigötu milli Hafnargötu og Austurgötu. Ekki fullnægði stefndi tilkynningarskyldu þeirri, sem 20. gr. skipulagslaga nr. 55 frá 1921 bauð, enda byggingarleyfi við Austurgötu norðanverða ekki í samræmi við þar lögboðinn hátt né ákvæði 19. gr. skipulagslaga nr. 19 frá 1964.

Í stefnu krafðist stefnandi þess, að stefndi yrði að viðlögðum dagsektum skyldaður til að gera akfæra götu frá Hafnargötu að húsinu Austurgötu 8, síðar féll hann frá kröfunni um dagsektir.

Ýtarleg vettvangsskoðun dómara svo og ljósmyndir og önnur málskjöl, sem lögð hafa verið fram, sýna, að húsið snýr að Hafnargötu og að aðgangur er að því frá þeirri götu yfir gangstétt hennar um allbreitt sund niður á rúmgott óbyggt svæði fyrir framan lóð stefnanda. Telja verður aðgang þenna, sem hvaða bifreið sem er kemst um, fullnægjandi, ef tryggt er, að bifreiðum sé ekki lagt fyrir sundið við Hafnargötuna, en engar ráðstafanir hafa verið gerðar í þá átt. Þessu skal stefndi bæta úr, enda getur hann ekki borið fyrir sig, að hann hafi falið það öðrum. Þá yrði og til hagræðis að breyta auðkenni hússins þannig, að það fengi aftur Hafnargötunúmer.

Stefnandi byggir skaðabótakröfu sína fyrst og fremst á því, að bæjaryfirvöld hafi með löglausum hætti útilokað, að hægt væri nokkru sinni að tengja húsið Austurgötu 8 gatnakerfi bæjarins í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt frá 1944. Telur stefnandi sig eiga rétt til skaðabóta vegna þessa, þar sem nú megi sjá fyrir, að húsið verði áfram bakhús frá Hafnargötu í stað þess að verða fram við götu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á þeim málsástæðum, að byggingarleyfi fyrir húsið hafi verið bundið því skilyrði, að það væri bakhús frá Hafnargötu, svo og að stefnandi og fyrirrennarar hans hafi með tómlæti firrt sig rétti, sem þeir annars kynnu að hafa átt. Það, að húsið var nefnt bakhús í byggingarleyfi, er ekki annað en lýsing byggingarnefndar á vettvangi og breytir ekki þeirri staðreynd, að samkvæmt þágildandi skipulagi frá 1934 stóð húsið við fyrirhugaða (tengi-)götu. Þá verður ekki fallizt á, að stefnandi hafi firrt sig neinum rétti með aðgerðaleysi í máli þessu, enda lokaðist vestursíða nyrðri enda Austurgötu ekki endanlega, fyrr en eftir að mál þetta hafði verið höfðað.

Stefndi byggir sýknukröfu sína enn fremur á þeim málsástæðum, að hann sé hvorki skaðabótaskyldur samkvæmt sérreglum skipulagslaga né almennum reglum skaðabótaréttar.

Stefnandi hafi ekki fært sönnur á, að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna aðgerða stefnda. Þá hafi hann ekki heldur fært sönnur á, að stefndi hafi brotið á honum rétt með því að framkvæma ekki skipulagið frá árinu 1944, enda megi öllum vera ljóst, að bæjarfélagið hljóti að hafa svigrúm án bótaskyldu til skipulagsbreytinga, er miða að heill og hagsmunum bæjarfélagsins. En í þessu tilviki hafi framlenging Austurgötu sjávarmegin, þ. e. austan við hús stefnanda, og tenging hennar við Hafnargötu kostað stórfé fyrir bæjarfélagið vegna óvenjumikillar uppfyllingar. Enn fremur hefði gagnsemi þessarar gatnagerðar orkað tvímælis, bæði vegna umferðaróhagræðis á Hafnargötu, sem er ein aðalumferðargata Keflavíkurkaupstaðar, og lítils notagildis götunnar fyrir atvinnufyrirtæki í kaupstaðnum.

Ljóst er, að stefnandi getur ekki átt skaðabótarétt í máli þessu samkvæmt skipulagslögum, því þau eru aðeins starfsreglur stjórnvalda í lagaformi og geyma engin fyrirmæli um, hvernig einstaklingur skuli með fara, ef stjórnvald brýtur reglur þessar. Þó má af 23. gr. skipulagslaga nr. 55 frá 1921, sbr. 6. gr. i. f. skipulagslaga nr. 19 frá 1964, ráða, að stefnandi hefði getað snúið sér beint til Stjórnarráðsins, varðandi byggingarframkvæmdir við norðurenda Austurgötu.

Þá verður ekki fallizt á, að stefnandi eigi rétt til skaðabóta í máli þessu samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins. Að vísu verður Austurgata ekki framlengd óslitið í norður, og fyrirhugaðri tengigötu verður ekki komið fyrir á þann hátt, sem gildandi skipulag gerir ráð fyrir, en þar með er ekki viðurkennt, að hús stefnanda komist ekki í gatnasamband sjávarmegin, því gildandi skipulag gerir einmitt ráð fyrir sjávargötu á uppfyllingu, og er allt tal stefnda um annað út í hött, þar eð hann brestur vald til að breyta skipulaginu í annað horf.

Svo sem nú er rakið, verða úrslit þessa máls því þau, að ekki er viðurkennd fébótaábyrgð stefnda gagnvart stefnanda vegna löglausrar breytingar stefnda á gildandi skipulagsuppdrætti, enda ekki viðurkennt, að stefnandi hafi beðið fjárhagslegt tjón vegna hennar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, hr. Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, sem hæfileg ákveðast kr. 33.600.00, greiðast úr ríkissjóði, en mál þetta er gjafsóknarmál.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Keflavíkur, auðkenni sund að húsinu Austurgata 8 með viðeigandi umferðarmerkingu til að koma í veg fyrir, að ökutæki loki því við Hafnargötu.

Hann skal sýkn af skaðabótakröfu stefnanda.

Málskostnaður falli niður. Málflutningslaun talsmanns stefnanda, hr. Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 33.600.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. nóvember 1965.

Nr. 187/1965. **Valdstjórnin**
gegn
Guðleifi Guðmundssyni og
Víkingi Halldórssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 27. október þ. á., sem hingað barst 30. s. m., hafa varnaraðiljar samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og þeir látnir lausir úr gæzluvarðhaldi. Svo krefjast þeir og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 26. október 1965.

Aðfaranótt þriðjudagsins 19. október s.l. urðu þeir atburðir í Ólafsvík á Snæfellsnesi, að eldur kom upp í verzlunarhúsi Kaupfélags Snæfellinga við Ólafsbraut, kl. tæplega 6 að morgni. Jafnframt gerðist það sömu nótt, að brotin var rúða í vörugeymsluhúsi Kaupfélags Snæfellinga á gafli þeim, sem snýr að húsi því, sem brann. Hvarf þaðan peningakassi lítill, sem geymdur var innanvert við gluggann. Á hinni brotnu rúðu var blóð, þó ekki svo mikið, að unnt væri að ákvarða blóðflokk samkvæmt því. Enn varð það um miðnætti þessa nótt, að brotizt var inn í bifreið og stolið þaðan 1 flösku af genever. Loks varð það, um kl. 4.30 þessa nótt, að ekið var á girðingu umhverfis Grundarbraut 6 í Ólafsvík. Vitað er, að kærðu, Guðleifur Guðmundsson og Víkingur Halldórsson, voru ölvaðir á ferli umrædda nótt. Hafa þeir viðurkennt eftir nokkurt þóf, að hafa unnið tvo hina síðargreindu verknaði, en telja sig lítið sem ekkert muna af atburðum, sem urðu milli kl. 4 og 6 téða nótt. Á hægri hendi kærða Víkings er allmikið sár, er hann hefur hlotið um nóttina án þess að gefa á því fullnægjandi skýringu. Um kl. 6—6.30 á þriðjudagsmorgun eru báðir hinir kærðu mættir á brunastað án mikilla ölvunareinkenna, að sögn vitna.

Þar sem hér er um mjög viðurhlutamikil mál að ræða og beint fjárhagstjón af brunanum, sem talið er nema um 7 miljónum króna, en kærðu hafa ekki gefið viðhlítandi skýringu á dvalarstað sínum eða ferðum á áðurnefndu tímabili, lítur rétturinn svo á, að óhjákvæmilegt sé að úrskurða þá í gæzluvarðhald, meðan frekari rannsókn málsins fer fram.

Því úrskurðast:

Kærðu, Guðleifur Guðmundsson og Víkingur Halldórsson, skulu sæta gæzluvarðhaldi í 2 mánuði.

Mánudaginn 8. nóvember 1965.

Nr. 89/1965. **María Kristmundsdóttir**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Sigmundi M. Andréssyni og gagnsök
(Örn Clausen hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Meðlagsúrskurðir og lífeyris. Lögtaksmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1965. Hefur hún fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Krefst hún þess, að heimiluð verði framkvæmd lögtaks hjá gagnáfrýjanda til tryggingar kr. 34.766.67 auk alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Svo krefst hún og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. maí 1965. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið, að því leyti sem kröfur aðaláfrýjanda voru teknar til greina, og að synjað verði um framkvæmd lögtaks. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ný gögn í málinu.

1. Í 15. gr. laga nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna eru ákvæði þess efnis, að hafi annað foreldri skilgetins barns eða barna yfirgefið hitt, án þess að leyfi til skilnaðar að borði og sæng hafi verið fengið, eða það hefur valdið samvistaslitum á annan ólöglegan hátt, þá geti hitt foreldrið krafizt úrskurðar valdsmanns um meðlag með sér — auk meðlags með börnunum — af hendi þess, er samvistaslitum olli. Skal þá meðlagsupphæðin fara eftir högum beggja. Vald til að kveða upp með-

lagsúrskurði er í Reykjavík lagt til sakadómara, sbr. 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 98/1961.

Það er komið fram í málinu, eins og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði, að gagnáfrýjanda var ekki veittur kostur á að lýsa afstöðu sinni til kröfu aðaláfrýjanda um meðlag, skýra mál sitt og gæta réttar síns að öðru leyti, áður en fulltrúi yfirsakadómara kvað upp meðlagsúrskurð á hendur honum hinn 30. desember 1963. Ber af þessum sökum að staðfesta niðurstöðu fógeta um, að meðlagsúrskurðurinn sé ekki gild lögtaksheimild.

2. Samkvæmt 55. gr. laga nr. 39/1921 um stofnun og slit hjúskapar, skal ákveðið í leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng, hvort og að hve miklu leyti annað hjóna skuli framfæra hitt, meðan skilnaðurinn stendur. Skal miða framfærslueyri annars vegar við það, hvað ætla megi, að framfærsluþegi geti aflað sér sjálfur, og hins vegar við það, hvað ætla megi hitt hjóna aflögufært um. Ef annað hjóna verður talið eiga aðalsök á skilnaðinum, verður því eigi áskilinn framfærslustyrkur af hinu, nema sérstaklega standi á.

Í leyfisbréfi aðilja til skilnaðar að borði og sæng, útgefnu af dómsmálaráðherra hinn 22. september 1964, er gagnáfrýjanda gert að greiða aðaláfrýjanda kr. 2.500.00 í lífeyri á mánuði frá útgáfu leyfisbréfsins að telja, meðan skilnaður að borði og sæng varir. Gagnáfrýjandi telur, að ákvæði þetta beri að meta ógilt, þar sem Dómsmálaráðuneytið hafi hvorki kynnt sér til hlítar, áður en leyfisbréfið var gefið út, hvor aðilinn, aðaláfrýjandi eða gagnáfrýjandi, hafi átt aðalsök á skilnaðinum né hvernig fjárhag þeirra og framfærslugetu hafi verið háttað. Staðhæfir gagnáfrýjandi, að aðaláfrýjandi hafi átt aðalsök á skilnaðinum og að tekjuöflun hennar hafi verið með þeim hætti, að hún hafi ekki þurft á framfærslustyrk að halda.

Þegar leyfisbréf var gefið út, hafði Dómsmálaráðuneytinu borizt endurrit úr hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur, þar sem gagnáfrýjandi hafði hinn 31. desember 1963 lýst afstöðu sinni til kröfu aðaláfrýjanda um lífeyrisgreiðslur

úr hendi hans. Einnig hafði ráðuneytið í höndum bréf löglærðra umboðsmanna aðilja til þess, dags. 10. og 25. október 1963, þar sem um sama atriði er fjallað. Hafði gagnáfrýjandi þannig fengið nægilegt tækifæri til að koma kröfum sínum og málsástæðum á framfæri við ráðuneytið, áður en leyfisbréfið var út gefið. Þá hefur ráðuneytið og tekið málið til athugunar að nýju eftir tilmælum gagnáfrýjanda í bréfi, dags. 21. desember 1964, og hafnað kröfu hans um að fella niður skyldu hans til meðlagsgreiðslu, eins og lýst er í úrskurði fógeta. Ber samkvæmt þessu að meta gilt ákvæði leyfisbréfsins um lífeyrisgreiðslur gagnáfrýjanda til aðaláfrýjanda.

Með skírskotun til þess, er að framan var greint, verður framkvæmd lögtaks heimiluð til tryggingar kr. 7.500.00 auk alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Staðfesta má málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar. Gjafsóknarkostnaður vegna áfrýjunar málsins, þar með talin laun málflytjanda aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, greiðist úr ríkissjóði. Eftir niðurstöðu málsins þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Heimil er framkvæmd lögtaks eftir kröfu aðaláfrýjanda, Maríu Kristmundsdóttur, í eignum gagnáfrýjanda, Sigmundar M. Andréssonar, til tryggingar kr. 7.500.00 auk alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gjafsóknarkostnaður vegna áfrýjunar málsins, þar með talin laun málflytjanda aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00, greiðist úr ríkissjóði. Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 26. apríl 1965.

Gerðarbeiðandi, María Kristmundsdóttir, Rauðagerði 10, hefur krafizt þess, að fram fari lögtak í eignum gerðarþola, Sigmundar M. Andréssonar, Gnoðarvogi 36, til tryggingar ógreiddu meðlagi, að upphæð kr. 34.766.67, auk alls kostnaðar við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Enn fremur er krafizt málskostnaðar vegna flutnings fógetamáls þessa.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að gerð þessi nái fram að ganga. Hann hefur krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram 8. þ. m.

Hjónin María Kristmundsdóttir og Sigmundur Magnús Andrésson gengu í hjónaband 18. október 1958. Hinn 3. ágúst 1963 fluttist María Kristmundsdóttir af heimili þeirra og hefur síðan hafzt við á heimili foreldra sinna að Rauðagerði 10.

Hinn 16. desember 1963 fer María Kristmundsdóttir þess á leit við yfirsakadómarann í Reykjavík, að upp verði kveðinn úrskurður um meðlag með 2 börnum þeirra hjóna, sem eru fædd á árunum 1959 og 1963, svo og lífeyrisgreiðslu með henni sjálfri. Sjá rskj. nr. 15 í máli þessu.

Samkvæmt þessari beiðni var kveðinn upp úrskurður í sakadómi Reykjavíkur 30. desember 1963 þess efnis, að auk meðlags með börnunum skyldi Sigmundur með tilvísun til 2. gr. laga nr. 80/1947 og 15. gr. laga nr. 57/1921 greiða Maríu framfærslueyri frá samvistaslitum, kr. 2.000.00 á mánuði, og skyldi hann greiðast mánaðarlega fyrirfram 3. hvers mánaðar frá 3. janúar 1964, en um leið tekið fram, að framfærslueyrir frá samvistaslitum sé þegar fallinn í gjalddaga. Í niðurlagi úrskurðar þessa getur þess, að Sigmundur hafi sannanlega greitt kr. 3.700.00 upp í framangreindar kröfur. Úrskurður þessi hefur verið lagður fram í málinu sem rskj. 3.

Úrskurðurinn á rskj. 3 var hinn 31. júlí 1964 áritaður með úrskurði fógeta um lögtak fyrir gjaldföllnu meðlagi með konunni fyrir tímabilið 3. ágúst 1963 til 3. ágúst 1964, kr. 24.000.00, og var sá úrskurður birtur Sigmundi 4. ágúst 1964.

Þá liggur fyrir í máli þessu leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng milli þessara hjóna, útgefið 22. september 1964. Þar er ákveðið, að konan skuli hafa forráð barnanna og skuli maðurinn greiða meðlag með þeim frá 1. október 1963, enn fremur

er svo ákveðið, að hann skuli greiða konunni mánaðarlegan lífeyri, kr. 2.500.00, meðan skilnaður að borði og sæng vari, og skulu meðlög þessi greiðast fyrirfram 1. hvers mánaðar. Sjá að öðru leyti rskj. nr. 4.

Hinn 16. desember 1964 var úrskurður sakadómara á rskj. 3 áritaður með úrskurði um, að meðlög með konunni fyrir tímabilið 3. ágúst 1964 til 22. september 1964 skuli tekin lögtaki. Sama dag var sams konar úrskurður ritaður á leyfisbréfið á rskj. 4 um lögtak fyrir meðlögum með konunni frá 22. september til 22. desember 1964, kr. 7.500.00. Báðir þessir úrskurðir voru birtir af stefnuvottum á heimili Sigmundar hinn 19. desember 1964.

Lögtaksbeiðni er dagsett 29. desember 1964 og er tekin fyrir í fógetaréttinum 8. janúar 1965. Gerðarbeiðandi vísar til framangreindra lögtaksheimilda á rskj. 3 og 4 svo og til lögtaksúrskurða fógeta, sem hafi verið löglega birtir gerðarþola.

Gerðarþoli skýrir svo frá, að gerðarbeiðandi hafi vikið af heimili þeirra án lögmætra ástæðna og án hans vitundar og vilja. Eigi hún því, að því er viðvíkur úrskurði sakadóms, samkvæmt 15. gr. laga nr. 57/1921 enga heimtingu á lífeyrisgreiðslum úr hendi hans. Hann segist ekki hafa verið boðaður á fund sakadómara til að tala sínu máli vegna beiðni gerðarbeiðanda um lífeyri, heldur þá fyrst, er úrskurður hafði verið kveðinn upp og hann skyldi taka við birtingu þess úrskurðar. Þá kveðst hann hafa beðið sakadómara Ólaf Þorlákssson, sem úrskurð þenna hefur kveðið upp, að lofa sér að heyra lagareglur þær, sem á hafi verið byggt, og að því loknu segist hann hafa mótmælt réttmæti úrskurðarins með vísan til þessara lagagreina. Hann heldur því fram, að úrskurður sakadóms sé efnislega og formlega rangur og að engu hafandi. Þá kveðst gerðarþoli heldur ekki hafa verið boðaður á fund Dómsmálaráðuneytisins í sambandi við útgáfu leyfisbréfsins á rskj. 4, og séu ákvæði bréfsins um lífeyrisgreiðslur röng, sbr. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 39/1921, og gerð á röngum forsendum.

Það liggur fyrir í málinu, að umboðsmaður gerðarþola hefur hinn 21. desember 1964 ritað Dómsmálaráðuneytinu bréf, þar sem hann fer þess á leit, að felld yrði niður skylda gerðarþola til greiðslu lífeyris, og vísar til 55. greinar laga nr. 39/1921, enda hafi gerðarbeiðandi krafizt skilnaðar og fengið hann án nokkurrar ástæðu og þrátt fyrir mótmæli gerðarþola, en hún hafi áður verið flutt af heimilinu. Enn fremur var það fært

fram, að gerðarbeiðandi væri í fullri atvinnu, en svo hafi ekki verið, er gerðarþoli bauðst til þess í ágúst 1963 að greiða henni mánaðarlegan lífeyri. Bréf þetta er lagt fram sem rskj. 18. Í tilefni af þessu bréfi hefur Dómsmálaráðuneytið leitað álits gerðarbeiðanda, og hefur umboðsmaður hennar skrifað ráðuneytinu 19. janúar s.l. og vísað staðhæfingum gerðarþola á bug, og jafnframt hefur gerðarbeiðandi sent ráðuneytinu athugasemdir sínar, hér að lútandi. Hún segir sig hafa farið að heiman að mjög gefnu tilefni af hálfu gerðarþola, fer nokkrum orðum um atvik og ástæður. Einnig fylgdi bréfi þessu umsögn foreldra gerðarbeiðanda. Vísast hér til rskj. 7 og 8.

Úrslit erindis gerðarþola urðu þau, að Dómsmálaráðuneytið hafnaði þeirri málaleitan með bréfi, dags. 20. janúar s.l., sjá rskj. 19.

Eins og áður segir, hefur gerðarbeiðandi vikið af heimili aðiljanna hinn 3. ágúst 1963. Aðiljum ber ekki saman um orsakir til þess, að svo fór, og hefur gerðarbeiðandi sagt beint og óbeint, að gerðarþoli hafi misboðið sér, svo að hún hafi haft fulla ástæðu til að víkja af heimilinu með þessum hætti. Þessu mótmælir gerðarþoli í hverri grein. Aðiljar hafa nokkuð leitazt við að færa fram gögn, að því er þetta atriði áhrærir. Hafa mætt nokkur vitni í málinu, sem segjast öll hafa verið kunnug heimili aðiljanna, meðan það var við líði, en ekki þykir full ástæða til þess að rekja framburði þeirra né fara út í frásagnir aðilja sjálfra um hjónabandserjur þeirra. Verður látið nægja að vísa til þeirra frásagna, eins og þær koma fram í gögnum málsins.

Sakadómari Ólafur Þorlaksson hefur í vottorðum sínum í málinu, sjá einkum rskj. 21, sbr. 20, skýrt svo frá, að gerðarbeiðandi hafi ekki getið um ástæður til samvistaslita, er hún kom á hans fund með beiðni um lífeyrisúrskurð, og ekki kveðst sakadómari nú geta upplýst, hvort hún gat þess, hvort þeirra hjónanna vék af heimilinu. Þá segir hann, að gerðarþoli hafi ekki verið boðaður til þess að mæta í sakadómi vegna þessa atriðis, nema í það eina skipti, er hann skyldi þola birtingu úrskurðarins, og kveðst ekki geta upplýst, úr því sem nú er komið, hvort hann hafi mótmælt úrskurðinum, en hafi svo verið, hafi honum verið á það bent, að úrskurðinum mætti skjóta til Dómsmálaráðuneytisins.

Þar eð lög nr. 57 frá 1921 og lög nr. 39 frá 1921 setja viss skilyrði fyrir því, að annað hjóna eigi rétt til lífeyrisgreiðslu úr hendi hins, þykir verða að ætla, að stjórnvöld þau, sem með

úrskurði um þetta atriði fara, verði að afla sér vitneskju um þessi atriði, áður en úrskurður gangi um lífeyrisgreiðsluskyldu.

Hér liggur fyrir, að gerðarþoli var ekki boðaður á fund sakadómara, áður en úrskurður gengi um skyldu hans til þess að greiða gerðarbeiðanda lífeyri. Samkvæmt gagnályktun frá 15. gr. laga nr. 57/1921 átti gerðarbeiðandi ekki rétt til lífeyris úr hendi gerðarþola, þar eð hún vék af heimili þeirra, án þess að skilnaður og borði og sæng væri fenginn.

Í máli þessu verður ekki annað fyrir hendi en að ganga út frá því, að óupplýst sé með öllu, hvort hjónanna átti aðalsök á skilnaðinum. Þykir ekki heimilt að skýra 55. grein laga nr. 39/1921 svo, að gerðarbeiðandi verði talin hafa haft aðalsök á skilnaði, þótt hún hafi rýmt af heimilinu.

Dómsmálaráðuneytið hefur að vísu ekki, svo séð verði, kynnt sér fyrirfram málavexti með sérstöku tilliti til 55. greinar laga nr. 39/1921, en það liggur fyrir, að síðar hafa þau gögn og aðiljaskýrslur, sem löguð eru til að skipta öllu máli um greiðsluskyldu lífeyris, komið fram fyrir ráðuneytið vegna beiðni gerðarþola um endurskoðun á hér að lútandi ákvæðum leyfisbréfsins á rskj. 4. Verður af þessari ástæðu vísað á bug þeirri staðhæfingu gerðarþola, að Dómsmálaráðuneytið hafi látið undir höfuð leggjast að gæta lagasjónarmiða og lagaskilyrða í sambandi við ákvörðun um skyldu hans til að greiða gerðarbeiðanda lífeyri.

Verður niðurstaða málsins sú, að synjað verður um lögtak fyrir upphæðum þeim, sem áfallnar eru samkvæmt úrskurði sakadómara á rskj. 3, en hins vegar ber að leyfa framgang lögtaks fyrir þeim fjárhæðum, sem áfallnar eru samkvæmt leyfisbréfinu, þ. e. frá 22. september 1964 til 22. desember s. á., kr. 7.500.00.

Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Lögtak skal á ábyrgð gerðarbeiðanda fara fram til tryggingar kr. 7.500.00.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 10. nóvember 1965.

Nr. 140/1964. **Jón Bjarnason,**
Oddný Svala Bjarnadóttir
og
Rafn Reynir Bjarnason
(Einar Gunnar Einarsson hdl.)
gegn
Hildu Emilíu Hilmarsdóttur
(Kristinn Ó. Guðmundsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Erfðamál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, Jón Bjarnason, Oddný Svala Bjarnadóttir og Rafn Reynir Bjarnason, hafa skotið héraðsdóminum til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Áfrýjandi Oddný Svala Bjarnadóttir hefur áfrýjað fjárnámsgerðinni með stefnu 17. nóvember 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. Fyrir Hæstarétti hafa áfrýjunarmál þessi verið sameinuð.

Áfrýjendur gera þær dómkröfur, að þeim verði dæmd sýkna, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, sem nú er fjárráða orðin og fer sjálf með mál sitt, krefst staðfestingar hinna áfrýjuðu dómsathafna að öðru en því, að ársvextir reiknist af kr. 63.109.48 6% frá 29. september 1953 til 22. febrúar 1960, 9% frá þeim degi til 28. desember 1960, 7% frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi þess, að áfrýjendum verði dæmt að greiða henni óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi í héraði Bjarni Guðmundsson, sem ekki hefur

áfrýjað málinu af sinni hendi, hefur hinn 23. desember 1963 greitt „inn á hinn áfrýjaða dóm kr. 53.000.00". Í skiptum áfrýjunaraðilja verður eigi í máli þessu litið til þeirrar greiðslu, eins og málflutningi er háttað.

Hilda Emilía Hilmarsdóttir, stefndi í máli þessu, er eftir undirstöðurökum 1. gr. laga nr. 57/1921 skilgetin og nýtur samkvæmt því erfðaréttar eftir ömmu sína, Gestfríði Ólafsdóttur. Með þessari athugasemd og skírskotun til forsendna héraðsdóms að öðru leyti ber að staðfesta hann ásamt hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð að öðru en því, að vextir reiknist í samræmi við kröfugerð stefnda hér fyrir dómi.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði óskipt stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað, og hin áfrýjaða fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð, þó svo, að ársvextir af kr. 63.109.48 reiknist 6% frá 1. janúar 1965 til greiðsludags.

Áfrýjendur, Jón Bjarnason, Oddný Svala Bjarnadóttir og Rafn Reynir Bjarnason, greiði óskipt stefnda, Hildu Emilíu Hilmarsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Ólína Guðlaugsdóttir, Langholtsvegi 105, Reykjavík, höfðað f. h. ólögráða dóttur sinnar, Hildu Emilíu Hilmarsdóttur, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, gegn þeim Bjarna Guðmundssyni, Framnesvegi 13, Oddnýju Svölu Bjarnadóttur, Bólstaðahlíð 37, Jóni Bjarnasyni, Ingólfsstræti 11, og Rafni Reyni Bjarnasyni, Framnesvegi 13, öllum hér í borg, og gert eftirfarandi stefnukröfur:

„Aðalkrafa: Að stefndu verði gert að greiða kr. 72.355.35 auk 6% ársvaxta frá 29. september 1953 til 22. febrúar 1960, 10% ársvaxta frá þeim tíma til 28. desember 1960 og 8% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

1. varakrafa: Að stefndu verði gert að greiða kr. 72.355.35 pro rata, þannig að hvert þeirra um sig greiði ¼ hluta fjárhæðarinnar, eða kr. 18.088.84, auk vaxta, svo sem segir í aðalkröfu.

2. varakrafa: a) að stefndu verði gert að afsala til Hildu Emilíu Hilmarsdóttur $^{3}/_{32}$ hlutum fasteignarinnar nr. 13 við Framnesveg hér í bæ.

b) að stefndu verði að auki gert að greiða in solidum Hildu Emilíu kr. 3.167.81 auk vaxta af þeirri fjárhæð, svo sem segir í aðalkröfu."

Þá hefur stefnandi einnig krafizt málskostnaðar að mati réttarins, svo sem mál þetta væri eigi gjafsóknarmál, en hún fékk gjafsókn í máli þessu með bréfi Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 15. janúar 1962.

Stefndi Bjarni Guðmundsson hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnandi og hæfilegs málskostnaðar úr hennar hendi að mati dómsins.

Stefndu Oddný, Jón og Rafn hafa aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnandi að mati dómsins, en til vara lækkunar á kröfum stefnandi.

Málavextir eru svofelldir að sögn stefnandi:

Hinn 27. nóvember 1943 giftist Ólína Guðlaugsdóttir Hilmari E. Jóhannessyni, en hún telur kunningsskap þeirra hafa stofnazt í júní árið 1941 og trúlofun sína hafi þau opinberað í maí 1942. Hilmar fórst í janúarmánuði 1944 með b/v Max Pemberton. Mánuði síðar, eða 13. febrúar 1944, fæddist þeim dóttir, er skírð var Hilda Emilía Hilmarsdóttir. Móðir Hilmars, þ. e. amma Hildu Emilíu, var Gestfríður Ólafsdóttir. Hafði hún átt Hilmar utan hjónabands með Jóhannesi Brynjólfssyni.

Er Hilmar var um eins árs gamall, giftist móðir hans Bjarna Guðmundssyni, Framnesvegi 13, Reykjavík, og eignuðust þau þrjú börn saman, þau Oddnýju Svölu, Jón Guðmund og Rafn Reyni.

Þann 22.9. 1947 andaðist Gestfríður Ólafsdóttir, móðir Hilmars og amma Hildu Emilíu. Bjarni Guðmundsson eiginmaður hennar sat í óskiptu búi í nokkur ár eftir lát hennar. En þann 29.9. 1953 fóru fram einkaskipti á dánarbúi Gestfríðar heitinnar

Ólafsdóttur, án þess að opinber auglýsing væri gefin út um skiptin.

Við skipti þessi var alveg gengið fram hjá Hildu Emilíu sem löglegum erfingja eftir ömmu sína og búinu eingöngu skipt milli eftirlifandi makans: Bjarna Guðmundssonar og barna hans og Gestfríðar heitinnar, þeirra Oddnýjar Svölu, Jóns Guðmundar og Rafns Reynis, þ.e.a.s. stefndu í máli þessu.

Stefnandi kveður stefndu enga heimild hafa haft til að ganga fram hjá Hildu Emilíu við skiptin. Hún kveðst ekki hafa fengið vitneskju um þau, fyrr en mörgum árum eftir að þau voru um garð gengin, og kveðst þá hafa gert ítrekaðar tilraunir til að fá þau endurupptekin til leiðréttingar, en þar sem það hafi ekki borið árangur, hafi sér verið nauðsyn að höfða mál þetta til heimtu arfshlutans.

Við skiptin voru eignir félagsbúsins taldar þessar:

1. Fasteignin Framnesvegur 13, Reykjavík.
2. Skuldabréf Stofnlánadeildar sjávarútvegsins ..... kr. 5.000.00
3. Innstæður í bönkum og sparisjóðum .. — 33.649.56

Skipti fasteignarinnar fóru fram á grundvelli matsgerðar eftir Skapta Ólafsson, dags. 15. september 1953, en þar var hún metin þannig:

Lóð	kr.	9.000.00
Íbúðarhús	—	393.000.00
Útihús og mannvirki	—	3.800.00
Samtals	kr.	405.800.00
Þar frá voru dregnar eftirstöðvar af veðskuld, að fjárhæð	kr.	4.208.25
Skuldlaus fasteignin	kr.	401.591.75

Skiptin fóru síðan fram samkvæmt erfðaskiptahlutföllum og voru endanlega framkvæmd þannig, að í hluta barnanna kom þakhæð hússins (34% af allri fasteigninni) ásamt tilheyrandi hlutdeild í eignarlóð og sameiginlegum gæðum hússins, en í peningum varð arfshluti hvers barns kr. 9.516.15.

Í hlut Bjarna Guðmundssonar kom neðsta hæð hússins og miðhæð ásamt hlutdeild í eignarlóð og sameiginlegum gæðum hússins (66% af allri fasteigninni) svo og framangreint skuldabréf og kr. 5.109.99 í peningum, er endanlega hafði verið gert

upp við börnin og þeim greidd uppbót á arfshluta þeirra í fasteigninni.

Aðalkröfu sína í málinu byggir stefnandi á því, að sér hafi sem erfingja borið $^{3}/_{32}$ hlutar af eignum félagsbúsins, er skipti fóru fram. Eignirnar hafi verið fasteignin Framnesvegur 13, Reykjavík, þá að fasteignamati kr. 27.000.00, en samkvæmt núgildandi fasteignamati kr. 138.500.00. En með því að stefndu hafi eignað sér allt húsið, verði að telja það sanngjarnt, að þeir greiði henni út sinn hluta, miðað við hið raunverulega verðmæti eignarinnar nú, sem stefnandi telur vera hið opinbera brunabótamat, en það er kr. 738.000.00. Arfshluti stefnandi af þeirri fjárhæð yrði því kr. 69.187.50.

Þá krefst stefnandi þess einnig að fá sinn arfshluta af peningum þeim og skuldabréfi, er búið átti, samtals að fjárhæð kr. 38.649.56, að frádreginni áðurgreindri veðskuld á húsinu, að fjárhæð kr. 4.208.25, svo og erfðafjárskatti, að upphæð kr. 651.20. Peningar og verðbréf verða því að eftirstöðvum kr. 33.790.11. Arfshluti stefnandi, $^{3}/_{32}$ af þeirri fjárhæð, nemur kr. 3.167.81. Þannig reiknað, telur stefnandi arfshluta sinn í verðmæti fasteignarinnar, verðbréfsins og peninganna nema samtals kr. 72.355.35 (sic), sem hún telur, að stefndu beri solidariska greiðsluskyldu á, þar sem þeir hafi á ólögmætan hátt slegið eign sinni á þenna arfshluta hennar.

Stefndi Bjarni Guðmundsson styður sýknukröfu sína þeim rökum, að samkvæmt 7. gr. erfðalaga nr. 42/1949 erfi það hjóna, sem lengur lifir, einn fjórða hluta af eignum maka síns, ef arfleiðandi á niðja á lífi. Einkaskiptin á dánarbúi Gestfríðar heitinnar Ólafsdóttur hafi farið fram í samræmi við þetta lagaákvæði, með því að stefndi Bjarni Guðmundsson hafi tekið ¼ hluta af eignum dánarbúsins í arf, svo sem lög standi til, enda gildi það arfshlutfall, hvort sem niðjar arfleiðanda séu einn eða fleiri.

Þótt svo hafi farið, er nú virðist upplýst, að erfingjarnir hafi ekki við skiptin haft í huga erfðarétt stefnandi, geti hún einungis átt kröfu á hendur hinum erfingjunum, þ. e. börnum þeirra Bjarna Guðmundssonar og Gestfríðar heitinnar Ólafsdóttur.

Fyrir ýtrustu varúðar sakir bendir þessi stefndi á, að frá hans sjónarmiði gæti aldrei komið til greina önnur krafa en 1. varakrafa stefnandi, og mótmælir því til vara öðrum kröfum hennar sem fjarstæðukenndum og gersamlega órökstuddum.

Stefndu Oddný Svala, Jón og Rafn Reynir reisa sýknukröfu

sína á því, að það sé ósannað, að Hilmar E. Jóhannesson hafi verið faðir Hildu Emilíu Hilmarsdóttur. Eftir gögnum málsins að dæma hafi Hilda Emilía verið getin vorið 1943. Hún sé því hvorki getin né fædd í hjónabandi og verði því eigi talin skilgetin.

Samkvæmt 2. gr. erfðalaga nr. 42/1949 erfi óskilgetið barn föður því aðeins, að hann hafi gengizt við faðerninu, hann verið dæmdur faðir þess eða talinn faðir þess, er honum hefur orðið eiðsfall samkvæmt dómi. Enn fremur ef sambúð foreldra hefur staðið óslitið 10 mánuði fyrir fæðingu þess og þar til þremur árum eftir hana. Það eitt, að Hilmar E. Jóhannesson hafi gengið að eiga Ólafíu Guðlaugsdóttur, móður Hildu, 27. nóvember 1943 jafngildi ekki faðernisjátningu, og slík játning liggi hvergi frammi í málinu.

Með skírskotun til þessara röksemda telja stefndu, að Hilda Emilía hafi ekki átt erfðarétt eftir Hilmar E. Jóhannesson, og því geti hún eigi kallað til arfs eftir Gestfríði Ólafsdóttur.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna eru þau börn skilgetin, „sem fæðast í hjónabandi eða eftir hjónabandsslit á þeim tíma, að þau geta verið getin í hjónabandinu, enda sé ekki vefengt á þann hátt, er síðar segir, að þau séu skilgetin".

Tilvik það, sem hér liggur fyrir til úrlausnar, fellur ekki beint undir nefnt ákvæði, en þegar það er haft í huga, að hjúskap þeirra Ólínu og Hilmars lýkur eigi með skilnaði, heldur dauða Hilmars, að því er álitið er u.þ.b. aðeins einum mánuði fyrir fæðingu stefnandi, verður að telja með rýmkandi lögskýringu ofangreinds ákvæðis, að hún sé skilgetin dóttir Hilmars Jóhannessonar, enda hefur faðernið aldrei verið vefengt á þann hátt, sem fyrir er mælt í 4. gr. fyrrnefndra laga, og stefnandi í opinberum vottorðum ávallt sögð dóttir Hilmars og ekkert fram komið í málinu, er bendi til hins gagnstæða.

Stefnandi átti því lögerfðarétt eftir Gestfríði Ólafsdóttur, og er krafa hennar til arfshluta enn í fullu gildi, þrátt fyrir skiptin.

Kemur þá til álita, hverjum erfingjanna beri að endurgreiða stefnandi arfshluta hennar. Er þá einkum tvennt, er hafa ber í huga, en það er, hverjir hafi auðgazt á því, að gengið var fram hjá stefnandi við skiptin, og í öðru lagi, hvort atferli erfingjanna við skiptin hafi verið þess eðlis, að það eitt út af fyrir sig baki þeim skaðabótaskyldu gagnvart stefnandi.

Ljóst er, að einungis stefndu Jón, Oddný og Rafn Reynir auðg-

uðust á kostnað stefnandi við skiptin. Eru þau því endurgreiðsluskyld á arfshluta stefnandi.

Að því er stefnda Bjarna Guðmundsson varðar, þá sótti hann með bréfi til borgarfógetans í Reykjavík, dags. 8. desember 1947, um búsetuleyfi eftir konu sína, Gestfríði Ólafsdóttur. Í bréfi þessu var eingöngu minnzt á stefndu sem erfingja eftir Gestfríði, en stefnandi hvergi getið.

Með bréfi borgarfógetans í Reykjavík, dags. 13. desember 1947, var Bjarna veitt búsetuleyfið með börnum sínum, stefndu í máli þessu, sem þá voru öll ófjárráða:

Jóni, fæddum 31/8 1927,
Oddnýju Svölu, fæddri 15/7 1932, og
Rafni Reyni, fæddum 16/10 1936.

Er einkaskipti búsins fóru fram hinn 29. september 1953, var stefndi Rafn Reynir enn ófjárráða, en Gunnar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður, er skipaður hafði verið fjárgæzlumaður hans við skiptin, kom fram fyrir hans hönd við það tækifæri.

Gunnar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður, lögmaður stefnda Bjarna Guðmundssonar í máli þessu, lýsti því yfir við munnlegan flutning málsins, að aldrei hefði verið minnzt á stefnandi við skiptin, og kvaðst hann eigi hafa haft hugmynd um tilvist hennar þá.

Bjarni Guðmundsson hefur skýrt svo frá hér fyrir réttinum, að hann hafi vitað, að stefnandi var á lífi, er skiptin fóru fram, en talið, að hún ætti eigi erfðarétt eftir Gestfríði Ólafsdóttur. Ekki kvaðst Bjarni þó hafa leitað álits lögfræðings um það atriði.

Þá er og í ljós leitt við vitnaleiðslur í máli þessu, að stefndu Oddnýju og Jóni, er sjálf tóku þátt í einkaskiptunum, var kunnugt um tilvist stefnandi, enda höfðu þau haft eitthvert samneyti við hana á þessum árum.

Þegar það er virt, sem nú hefur verið rakið, þykja þau stefndu Bjarni, Jón og Oddný hafa komið fram af slíku gáleysi gagnvart hagsmunum stefnandi við skiptin, að leggja beri á þau solidariska ábyrgð gagnvart henni á greiðslu arfshlutans.

Eins og þegar er rakið, kom Gunnar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður fram f. h. Rafns Reynis við skiptin. Þar sem erfingjar þeir, er þátt tóku í skiptunum, minntust ekki á stefnandi sem erfingja í búinu, og ekkert bendir til, að Gunnar Þorsteinsson hafi haft vitneskju um erfðarétt stefnandi, verður stefndi Rafn Reynir eigi dæmdur in solidum með hinum stefndu, heldur einungis pro rata.

Upplýst er í málinu, að stefndu Jón, Oddný og Rafn Reynir hafa selt sinn hluta í fasteigninni nr. 13 við Framnesveg, eftir að til málssóknar þessarar kom, og einnig hafði stefndi Bjarni selt nokkurn hluta af sinni eign í húsinu, áður en mál þetta var höfðað. Er því eigi unnt að dæma stefndu til að afsala stefnandi arfshluta hennar í fasteigninni.

Er þá næst að finna viðmiðunargrundvöll þess verðmætis, er gekk stefnandi úr greipum við skiptin á fasteigninni.

Stefnandi hefur krafizt þess, að núgildandi brunabótamat hússins verði lagt til grundvallar útreikningi á arfshluta hennar. Í málinu hefur einnig verið lagt fram sérstakt mat tveggja dómkvaddra manna á fasteigninni, dags. 19. júní 1962, er hljóðar svo, að loknum upphafsorðum:

„Íbúðarhúsið er tvílyft, með porti, kvisti og risi. Veggir og loft eru úr steinsteypu, en stigar úr timbri. Einangrun útveggja er burðargrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Þar á er múrhúðað á vírneti og málað. Skilveggir rishæðarinnar eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Þessar þiljur eru strigalagðar og ýmist veggfóðraðar eða málaðar.

Á neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, vatnssalerni, anddyri, gangur, 2 geymsluklefar og gegnumgangur. Á efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, vatnssalerni, gangur og anddyri. Á rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, vatnssalerni, þvottahús og 2 gangar. Mál á íbúðarhúsinu eru: Lengd 10.0 m, breidd 8.0 m og hæð 6.6 m. Hæð riss er 3.3 m.

Meðfram suðausturhorni lóðarinnar eru óvandaðir geymsluskúrar. Meðfram austurmörkum er lengd þeirra ca. 3.7 m og suðurmörkum ca. 3.6 m. Hæðin er ca. 1.9 m, en breiddin mismunandi 1.40—2.30 m.

Íbúðarhúsið mun vera byggt 1933, og því er vel við haldið.

Mannvirki þau, er á lóðinni standa, eru að fasteignamati kr. 131.000.00. Núgildandi brunabótamat er kr. 738.000.00.

Lóðin, sem er eignarlóð, er talin 148.7 m² að stærð, og er hún metin til lóðarverðs á kr. 7.500.00. Lóðin er 10.0 m á lengd meðfram götu. Gaflar hússins eru í lóðarmörkum og hús sambyggð á þessum hluta götunnar. Borið saman við grunnflöt hússins er lóðin frekar lítil.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, svo og athugunum matsmanna á verði sambærilegra eigna og einkum með tilliti til sölumöguleika þykir mat á fasteigninni nr. 13 við Framnesveg hæfilega ákveðið kr. 640.000.00 — sex hundr-

uð og fjörutíu þúsund krónur —. Matsfjárhæðin er miðuð við greiðslu út í hönd.“

Þar sem mat þetta þykir öruggari verðmætismælikvarði en brunabótamatið, þykir rétt að leggja það til grundvallar útreikningi á arfshluta stefnandi. Samkvæmt þessu verður arfshluti stefnandi $^{3}/_{32}$ hlutar af kr. 640.000.00 + 33.167.81 (peningar og verðbréf) = kr. 63.109.48.

Að því er varðar þá kröfu stefndu, að arfshluti stefnandi verði lækkaður um kr. 6.000.00 vegna skuldar föður hennar við búið, þá er eigi unnt að taka kröfu þessa til greina, þar sem henni hefur verið mótmælt og engin gögn verið lögð fram í málinu henni til sönnunar.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndu verða allir dæmdir in solidum til að greiða stefnandi ¼ hluta arfshluta hennar, þ. e. kr. 15.777.37, en eftir atvikum þykir rétt, að vaxta og málskostnaðarkrafa gagnvart stefnda Rafni Reyni falli niður.

Stefndu Bjarni, Jón og Oddný verða enn fremur dæmd in solidum til að greiða stefnandi ¾ hluta af arfshluta hennar, þ. e. kr. 47.332.11, ásamt vöxtum af kr. 63.109.48, er þykja hæfilega ákveðnir 6% ársvextir frá 29. september 1953 til 22. febrúar 1960, 9% ársvextir frá þeim degi til 28. desember s. á. og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags, enda hefur upphafstíma vaxtanna eigi verið andmælt.

Þá verða stefndu Bjarni, Jón og Oddný dæmd til greiðslu málskostnaðar in solidum, er ákveðst kr. 14.655.00 og renni í ríkissjóð.

Málskostnaður til handa stefnandi ákveðst kr. 14.655.00 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hennar, Kristni Ó. Guðmundssyni héraðsdómslögmanni, kr. 8.000.00 í málflutningslaun.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Bjarni Guðmundsson, Jón Bjarnason, Oddný Svala Bjarnadóttir og Rafn Reynir Bjarnason, greiði í solidum stefnandi, Ólínu Guðlaugsdóttur vegna ólögráða dóttur hennar, Hildu Emilíu Hilmarsdóttur, kr. 15.777.37.

Stefndu Bjarni Guðmundsson, Jón Bjarnason og Oddný Svala Bjarnadóttir greiði stefnandi in solidum kr. 47.332.11 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 63.109.48 frá 29. september

1953 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu Bjarni Guðmundsson, Jón Bjarnason og Oddný Svala Bjarnadóttir greiði in solidum málskostnað, að fjárhæð kr. 14.655.00, er renni í ríkissjóð.

Málskostnaður til handa stefnandi, kr. 14.655.00, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hennar, Kristni Ó. Guðmundssyni héraðsdómslögmanni, kr. 8.000.00 í málflutningslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 11. apríl 1964.

Ár 1964, laugardaginn 11. apríl, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Álfheimum 36 og haldinn þar af fulltrúa borgarfógeta, Viggó Tryggvasyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-503/1964: Ólína Guðlaugsdóttir gegn Oddnýju Svölu Bjarnadóttur.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 83/1962. Nr. 1 fylgir í eftirriti. Nr. 2 fylgir í frumriti, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Kristinn Ó. Guðmundsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 63.109.48 með 6% ársvöxtum frá 29/9 1953 til 22/2 1960, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28/12 1960 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 14.655.00 í málskostnað, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, allt að frádregnum kr. 53.000.00.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstödd, en fyrir hann mætir Ólöf Gísladóttir, sem býr hér. Áminnt um sannsögli, kveðst hún ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola, 5. hæð til vinstri í húseigninni nr. 36 við Álfheima.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mættu að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 12. nóvember 1965.

Nr. 96/1961. **María Njarðvík** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Netjagerð Vestfjarða h/f og
Guðmundi Sveinssyni (Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1961. Krefst hann þess, að hinum stefndu verði dæmt að greiða honum in solidum kr. 85.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu hafa verið lögð fram nokkur ný gögn í Hæstarétti.

Í sáttakæru í máli um sama efni, sem eiginmaður áfrýjanda, Pétur Njarðvík, höfðaði, en var síðar fellt niður, sundurliðaði hann kröfu sína þannig:

„1) Allgóð og vel viðgerð herpinót, sem var í geymslu hjá mér, en eign Þorsteins J. Eyfirðings, lágt metin á ..... kr. 40.000.00
2) 3 herpinætur, tilheyrandi mér sjálfum, uppgerðar en fornar, lágt metnar á kr. 15.000.00 hver ..... — 45.000.00

Kr. 85.000.00“

Reisir áfrýjandi kröfur sínar í máli þessu á þessari sundurliðun.

Pétur Njarðvík, sem var netjagerðarmeistari á Ísafirði og nú er látinn, seldi stefnda Netjagerð Vestfjarða h/f með afsali 5. júní 1954 eignir sínar á Grænagarði á Ísafirði. Meðal eignanna var geymsluhús og netjaþurrkhús.

Afsal þetta var gert á grundvelli kaupsamnings, dags. 29. apríl s. á. Samkvæmt ákvæðum hans skyldi Pétur hafa rýmt þessi hús að öllu leyti fyrir 15. júní s. á. Í húsunum voru meðal annars geymdar nætur og nótahlutar, sem voru eign Péturs og ýmissa annarra manna og fyrirtækja. Pétur hóf fyrri hluta júnímánaðar að flytja nætur og ýmsa hluti úr húsunum, en því verki var ekki lokið um miðjan mánuðinn, er hann fór frá Ísafirði í ferðalag, sem tók rúman mánuð. Er óumdeilt í málinu, að herpinætur þær, sem mál þetta fjallar um, eða hlutar þeirra, höfðu ekki verið fluttar, þegar Pétur fór í ferðalagið. Stefndi Guðmundur Sveinsson, sem var forstjóri meðstefnda, kveðst hafa talið, að Pétur hefði flutt allt það, sem hann hugðist hirða, og það, sem skilið var eftir, væri honum verðlaust. Í fjarveru Péturs lét Guðmundur starfsmenn sína skera niður nætur þessar. Voru teinar, kork og blý látin inn í hús, en mestur hluti riðilstykkjanna skilinn eftir úti eða gefinn ýmsum.

Stefndu hafa haldið því fram, að nót sú, sem var eign Þorsteins J. Eyfirðings, svonefnd Ármannsnót, hafi á þessum tíma verið yfir 20 ára gömul, 130 faðma löng og 23 faðma djúp. Nótin hafi „auðsjáanlega ekki verið hreyfð árum saman, garn og teinar var myglað og grautfúið". Tvö vitni, starfsmenn hins stefnda hlutafélags, hafa borið, að nót þessi hafi verið með myglublettum, þegar hún var skorin niður. Af hálfu áfrýjanda er talið, að nót þessi geti ekki verið eldri en frá árinu 1948. Í fyrrgreindri sáttakæru lýsir Pétur henni svo: „Nót Þorsteins J. Eyfirðings var allgóð nót, fullviðgerð og gat notazt að minnsta kosti í 2 ár með lítilli viðgerð, ef ekkert óhapp hefði komið fyrir". Upplýsingar um ásigkomulag hinna þriggja nótanna eru enn minni. Telja stefndu, að um engar herpinætur hafi verið að ræða, „heldur slitur af netjum og teinum, korkmulningur og eitthvað af blýi". Í greindri sáttakæru kveðst Pétur ekki hafa reiknað verð nótanna, „hærra en sem nemur lítillega verðmæti korks, blýs og teina. En það af nótunum gengur lítið eða ekkert úr sér, nema á löngum tíma".

Dómkvaddir voru matsmenn til þess að meta verðmæti nótanna fjögurra. Þeir reyndu án árangurs að afla sér gagna um aldur þeirra og teikninga af þeim. Matsgerð þeirra er dags. 20. júlí 1964, og segir þar m. a.: „Það eina, er við höfðum upp úr þessum eftirgrennslunum, var vottorð frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands um, að það hafði í brunatryggingu hjá sér nót, er tilheyrði l.v. Ármanni, geymda að Grænagarði, Ísafirði, á tímabilinu frá 11. ágúst 1951 til 11. ágúst 1952, tryggingarupphæð kr. 60.000.00. Vegna þess, sem fram er komið, teljum við okkur ekki fært að ákvarða verðmæti áðurgreindra síldarnóta, en verð á nýrri nót, álíka að stærð og svokölluð Ármannsnót var, sem var ein af umræddum nótum, mun hafa verið kr. 70.000.00. Hinar þrjár næturnar eru enn minni upplýsingar um, svo við sjáum okkur ekki fært að gera neinn samanburð við þær."

Nætur þær, sem mál þetta fjallar um, voru í vörzlu hins stefnda hlutafélags. Í stað þess að leita aðstoðar fógeta til þess að fá þær bornar út, lét stefndi Guðmundur skera þær niður og flytja undir bert loft og ráðstafaði auk þess því, sem ekki fór forgörðum, sem væri það hans eigin eign eða hlutafélagsins. Ekki var skorað á eiganda nótanna að fjarlægja þær, áður en stefndi Guðmundur hófst handa um niðurskurð þeirra og útburð. Þegar litið er á þetta ólögmæta atferli stefndu, verður sönnunarbyrðin fyrir því, að áfrýjandi hafi beðið tjón, ekki lögð einvörðungu á hann. Þykir því rétt að leggja fébótaábyrgð á stefndu, en við ákvörðun tjónbóta verður að hafa í huga, að eiginmaður áfrýjanda, Pétur Njarðvík, hafði skuldbundið sig til að rýma húsin fyrir 15. júní 1954, en stóð hvorki við það né ræddi við stefndu um geymslu nótanna, áður en hann fór í mánaðarferðalag um miðjan þann mánuð, og aðhafðist ekkert til að firra frekara tjóni, þegar hann kom úr ferðalaginu og frétti um afdrif nótanna.

Ekki er vefengd aðild áfrýjanda að kröfu til bóta fyrir nót þá, sem var eign Þorsteins J. Eyfirðings. Við ákvörðun bótafjárhæðar þykir verða að miða við það, að næturnar

hafi verið lítt seljanlegar til notkunar við síldveiðar. Að öllu þessu athuguðu þykja bætur til áfrýjanda hæfilega ákveðnar kr. 35.000.00, sem stefndu ber að greiða in solidum ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma stefndu til að greiða in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Stefndu, Netjagerð Vestfjarða h/f og Guðmundur Sveinsson, greiði in solidum áfrýjanda, Maríu Njarðvík, kr. 35.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 28. apríl 1961.

Ár 1961, föstudaginn 28. apríl, kl. 1330, var í bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Guðmundssyni skipstjóra og Símon Helgasyni skipstjóra kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 20. marz s.l.

Mál þetta, sem þingfest var 17. október 1960, hefur María Lárusdóttir, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 8. október 1960, gegn stjórn Netjagerðar Vestfjarða h/f, Ísafirði, þeim Guðmundi Sveinssyni netjagerðarmeistara, Engjavegi 24, Ísafirði, Guðmundi Í. Guðmundssyni, Grænagarði, Ísafirði, og Sigurjóni Halldórssyni, Tungu, Skutulsfirði, og Guðmundi Sveinssyni netjagerðarmeistara, Engjavegi 24, Ísafirði, persónulega. Krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða in solidum skaðabætur fyrir heimildarlausa ráðstöfun herpinóta eða nótahluta, að upphæð kr. 85.000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir reikningi. Enn fremur áskilur stefnandi sér rétt til þess að láta fara fram opinbera rannsókn út af meðferð stefndu á umræddum herpinótum og nótahlutum svo og til þess að lögsækja stefndu vegna herpinótar, er hann kveður stefndu hafa heimildarlaust afhent Andvara h/f í Súðavík.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara lækkunar á stefnukröfu og niðurfellingar málskostnaðar.

Sáttaumleitun var árangurslaust reynd.

Málavextir eru þeir, að með afsali 5. júní 1954 seldi Pétur Njarðvík netjagerðarmeistari á Ísafirði Netjagerð Vestjarða h/f á Ísafirði eignir sínar á Grænagarði, Ísafirði, íbúðar-, geymslu- og netjaþurrkunarhús. Afsal þetta var byggt á kaupsamningi frá 29. apríl 1954. Samkvæmt ákvæðum hans skyldi Pétur Njarðvík hafa rýmt húsin, svo að kaupendur gætu hafið þar störf 5. —7. maí 1954. Í kaupsamningnum skuldbatt Pétur Njarðvík sig til þess að hafa losað húsin, að fráteknu íbúðarhúsinu, að fullu fyrir 15. júní 1954.

Pétur Njarðvík o. fl. áttu nætur og nótahluta í húsum þessum, og vann Pétur að því að flytja úr húsunum fyrstu daga júnímánaðar. Pétur Njarðvík var á Ísafirði um viku eða hálfsmánaðarskeið, eftir að hann hætti flutningum úr húsinu. Nefndi hann það ekki við fyrirsvarsmenn Netjagerðar Vestfjarða h/f, að hann ætti þar nokkuð óhreyft eða óflutt úr húsunum. Um miðjan júní fór Pétur Njarðvík burt frá Ísafirði án þess að tala við kaupendur húsanna og var fjarverandi um mánaðartíma.

Þegar hann kom aftur til Ísafjarðar, kvaðst hann hafa frétt, að búið væri að skera niður og selja eða gefa eða afhenda nætur og nótahluta, sem hann hafi átt í húsunum, og enn fremur nætur annarra aðilja, sem þar hafi verið á sínum vegum. Hafi stefndi í máli þessu og þá einkum Guðmundur Sveinsson staðið að þessum aðförum. Pétur Njarðvík ræddi þetta ekki við stefndu eða grennslaðist nánar eftir því, hvað gerzt hafði, og hófst ekki að til þess að staðreyna atvik eða tryggja sér sannanir um þau eða það tjón, sem hann síðar taldi sig hafa orðið fyrir. Hann gerði heldur ekki, að því er vitað er, neinar tilraunir til þess að taka í sínar vörzlur það, sem eftir kynni að vera óskemmt af hans nótum eða annarra. Samkvæmt skýrslu Péturs Njarðvíks frá 28. febrúar 1955 hefur hann yfir höfuð ekki átt orðastað við forstjóra Netjagerðar Vestfjarða h/f, Guðmund Sveinsson, eða að því er virðist við neinn þann, sem þarna átti hlut að máli, fyrr en á sáttafundi 11. janúar 1955, en þá krefst Pétur Njarðvík 85 þús. kr. skaðabóta fyrir nætur þær og nótahluta, sem hann kvaðst hafa skilið eftir á Grænagarði og stefndu hafi misfarið með.

Þegar sættir tókust ekki, höfðaði Pétur Njarðvík mál á hendur

stefndu í máli þessu og gerði sömu dómkröfur og hér eru gerðar. Það mál var rekið sem bæjarþingsmál nr. 5/1955, dómtekið 27. maí 1957, endurupptekið til frekari gagnaöflunar 28. júní s. á. Síðan lá málið niðri um alllangt skeið vegna andláts Péturs Njarðvíks og veikinda lögmanns hans. Vegna þessa dráttar var málið tekið upp aftur með nýrri stefnu, og er það þetta mál, sem hér er um fjallað.

Kröfur stefnanda í þessu máli eru hinar sömu og í fyrra málinu. Kemur hér til álita að meta, hvern rétt Pétur Njarðvík átti og hvaða kröfur hann gat sannanlega gert.

Þegar á það er litið, að Pétur Njarðvík skuldbatt sig fyrirvaralaust með kaupsamningi 29. apríl 1954 og afsali 5. júní s. á. til þess að hafa að öllu leyti rýmt þau hús, sem um var að ræða, í síðasta lagi 10 dögum eftir að afsalið var gert, þá verður ekki öðru vísi á litið en að um samningsrof sé að ræða af hans hálfu, hafi hann sjálfur eða aðrir á hans vegum átt eitthvað í húsunum, sem þaðan var ekki flutt, eftir að eindagi samningsins var kominn og liðinn. Jafnvel þótt honum væri nauðsynleg brottför eða húsnæðisleysi væri fyrir hendi til geymslu þess, sem hann taldi sig eiga á Grænagarði, þá átti hann a.m.k. að ræða þetta við viðsemjendur sína, ella bíða sjálfur þann halla, sem af samningsrofunum kynni að leiða. Til þessa hafði Pétur Njarðvík nóg tækifæri, því að upplýst er, að hann dvaldi marga daga á Ísafirði, eftir að hann hætti flutningunum úr húsunum, án þess að hafast nokkuð að í þessu efni eða að ræða við kaupendur, þótt hann sæi þá að líkindum daglega, enda íbúðarhús hans í næsta nágrenni geymsluhúsanna. Var því ekki óeðlilegt, að stefndu teldu, að Pétur Njarðvík hefði flutt brott það, sem hann kærði sig um að taka úr húsunum. Við þetta bætist svo það, að þegar Pétur Njarðvík kom til Ísafjarðar aftur eftir mánaðar fjarveru og kvaðst hafa frétt, að eigur sínar og annarra eigur, sem honum bar að sögn hans að varðveita, hefðu verið seldar eða skemmdar og afhentar í óleyfi, þá gerir hann enga tilraun til þess, hvorki þá strax né síðar, að hirða það, sem eftir kynni að vera, né staðreyna, hvað hefði gerzt, og þá um leið að sjá, hvert tjón sitt hefði verið og tryggja sér sannanir fyrir því.

Hálfu ári síðar höfðar svo Pétur Njarðvík mál og gerir skaðabótakröfu, sem reyndar hefur ekki tekizt að sýna fram á, að væri nærri lagi, og yfirleitt ekki að sanna, hvert tjón hafi í raun og veru átt sér stað. Í þessu sambandi er rétt að taka fram, að þótt það mat eða skoðun, sem fram fór, um það bil 5 árum

eftir að atvik þau gerðust, sem leiddu til þessa máls, sé þýðingarlítið til þess að sanna verðmæti þess, sem hér er um deilt, þá var Pétri Njarðvík í lófa lagið að láta fara fram skoðun eða mat, sem gæti hafa haft þýðingu í þessu skyni, þar sem því mátti koma við, er Pétur Njarðvík kom aftur til Ísafjarðar, röskum mánuði eða svo eftir að atvikin gerðust. Enn fremur gat Pétur Njarðvík, ef hann vildi, manna bezt sagt til um, hvað hann taldi sig hafa skilið eftir í hinum seldu húsum, staðreynt, hvað horfið hefði, og hirt það, sem ósnert var.

Til þessa hafði hann næg tækifæri, en sinnti þeim ekki eða notfærði sér, svo kunnugt sé. Afleiðing þessa tómlætis er m. a. sú, að enda þótt skaðabótaskylda stefndu væri fyrir hendi, þá yrði ef til vill ekki gegn mótmælum þeirra um réttmæti stefnukröfunnar dæmt um hana, vegna þess hve óviss hún er, en sönnunarbyrðin um stefnukröfuna hvílir að sjálfsögðu á stefnanda.

Framkoma Péturs Njarðvíks, eins og henni hefur verið lýst hér að framan, verður varla túlkuð öðruvísi en svo, að hann hafi þá ekki hirt um það, sem eftir var í hinum seldu húsum, eða hvað um það yrði.

Kemur þá til álita, hvort hægt er að dæma skaðabætur í máli þessu og þá hve háar. Þar sem ekki verður hjá því komizt að líta svo á, að Pétur Njarðvík og þá um leið ekkja hans, stefnandi máls þessa, verði að taka afleiðingunum af samningsrofum hans, hirðuleysi og tómlæti og auk þess sannanaskorti um upphæð bótakröfu, þá beri að sýkna stefndu af skaðabótakröfum stefnanda, og verður sú niðurstaða máls þessa.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Dráttur sá, sem orðið hefur á dómsuppsögu, stafar af fjarveru dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, stjórn Netjagerðar Vestfjarða h/f, þeir Guðmundur Sveinsson, Guðmundur Í. Guðmundsson og Sigurjón Halldórsson, og Guðmundur Sveinsson persónulega, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Maríu Lárusdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 12. nóvember 1965.

Nr. 142/1964. **Jóhann Guðmundsson**
(Árni Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Sæmundi Sigurðssyni
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnusamningur. Ráðningarkjör sjómanna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1964. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 11.514.52 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst áfrýjandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/s Ársæli Sigurðssyni II, GK 80, til tryggingar greiðslu tildæmdra krafna.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 2. júní 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 27. þ. m., hefur Jóhann Guðmundsson sjómaður, Austurgötu 29, hér í bæ, höfðað fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 13. nóvember 1963, gegn Sæmundi Sigurðssyni, Austurgötu 16, hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 11.514.52, auk 8% ársvaxta frá 1. júlí 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá krefst stefnandi

þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/s Ársæli Sigurðssyni II, GK 80, til tryggingar tildæmdum kröfum.

Af hálfu stefnda er þess krafizt, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hans.

Málavextir:

Haustið 1962 réðst stefnandi í skiprúm á bát stefnda, Ársæl Sigurðsson II, GK 80, sem fór á síldveiðar með hringnót. Eftir áramótin 1962—63 hélt báturinn áfram síldveiðum til 5. febrúar, en þá voru skipverjar afskráðir og síldarnótin tekin í land.

Lögskráning skipverja hafði farið fram, eins og skylt er, 2. janúar. Um miðjan febrúarmánuð fór báturinn á þorskveiðar. Var skráð á hann 14. febrúar, en afskráð 18. maí. Einum til tveimur dögum áður en lögskráð var á bátinn, hafði þorskanót og þorskanet ásamt tilheyrandi verið tekið um borð í hann. Frá því veiðarnar hófust og þangað til um 24. marz, var eingöngu veitt í þorskanótina, en eftir þann tíma voru þorskanetin eingöngu notuð. Á þessu tímabili var afli bátsins rúm 1035 tonn, þar af veiddust 459.5 tonn í þorskanótina.

Þegar vertíðinni lauk og gera skyldi upp hlut stefnanda, reis ágreiningur milli aðilja um það, eftir hvaða skiptakjörum ætti að gera upp þann afla, sem veiddist í þorskanótina. Taldi stefnandi, að stefnda bæri að gera upp þenna hluta aflans samkvæmt þeim skiptakjörum, er gilda á síldveiðum með hringnót, en samkvæmt 3. gr. samnings um kaup og kjör á síldveiðum frá 20. nóvember 1962 er hlutur skipverja á bátum af sömu stærð og Ársæll Sigurðsson II 37.5% af heildaraflaverðmæti og skiptist í 11 staði.

Stefndi hélt því hins vegar fram, að aflahlutur stefnanda ætti að gerast upp samkvæmt þeim skiptakjörum, sem gilda á línu- og netjaveiðum án tillits til þess, hvort aflinn hefði verið veiddur í þorskanót eða net, en samkvæmt 1. gr. kjarasamnings frá 24. október 1962 skulu skipverjar á línu- og netjaveiðum fá 29.5% af heildarafla bátsins í sinn hlut, sem í þessu tilviki hefði einnig skipzt í 11 staði.

Stefnukrafan í málinu er það kaup, sem stefnandi telur sig eiga inni hjá stefnanda vegna vanreiknaðs aflahlutar af fyrrnefndum 459.5 tonnum. Krafan sætir ekki andmælum tölulega, en stefndi hefur til ýtrustu vara mótmælt vaxtakröfunni sem of hárri. Ágreiningur er ekki um þau málsatvik, sem áður var lýst.

Lagt hefur verið fram í málinu staðfest endurrit af skipshafnarskrá Ársæls Sigurðssonar II, GK 80. Dálkur nr. 6 í skránni ber yfirskriftina: „Ferð sú eða farleið, sem sjómaðurinn er ráðinn til", en næsti dálkur nr. 7: „Umsamið kaup". Þegar skráð var á bátinn 2. janúar 1963 var skráð í fyrri dálkinn „Síldveiðar", en í þann síðari „Skv. samningi". Er skráð var á bátinn 14. febrúar 1963, var aðeins skrifað í fyrri dálkinn „Þorskanet", en í þann síðari var ekkert skráð. Stefnandi skrifaði nafn sitt í skipshafnarskrána í síðara skiptið, en ekki í það fyrra.

Stefnandi styður kröfu sína með því, að ekki verði beinlínis ráðið af lögskráningunni, hvaða kaup hann hafi átt að fá, þar sem ekkert sé tekið fram um það í 7. dálki skipshafnarskrárinnar, hvað umsamið kaup hafi átt að vera. Með undirskrift sinni í skipshafnarskrána hafi hann ekki undirgengizt neinn kjarasamning. Beri að túlka þessa þögn honum í hag. Eðlilegast sé að líta svo á, að engin breyting hafi orðið á kaupi hans frá fyrra skráningartímabili, og leggja það kaup, sem þá gilti, til grundvallar deiluefninu.

Í öðru lagi heldur stefnandi því fram, að í 3. grein samnings um kaup og kjör á síldveiðum, sem áður getur og kveður á um skiptakjör á síldveiðum með hringnót, felist almenn regla, sem einnig verði að beita um aðrar veiðar með hringnót.

Verði ekki á þessa málsástæðu fallizt, telur stefnandi, að beint liggi við að beita fyrrnefndri 3. grein með lögjöfnun um veiðar með þorskanót. Rökstyður stefnandi þessa kröfu með því, að eðlilegast sé að láta sömu skiptakjör gilda um veiðar með þorskanót og síldveiðar með hringnót, þar sem bæði veiðarfærin séu hringnætur og veiðar með þeim á ýmsan hátt hliðstæðar. Þar við bætist, að það sé ríkjandi venja að gera upp aflahlut skipverja á veiðum með þorskanót með sömu skiptakjörum og gilda á síldveiðum með hringnót. Loks sé krafa hans ekki ósanngjörn, og beri því með hliðsjón af 5. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39 frá 1922 að taka hana til greina. Í þessu sambandi leggur stefnandi áherzlu á, að útgerðarkostnaður sé mun minni á veiðum í þorskanót en á síldveiðum með hringnót, þar sem þorskanótin sé helmingi ódýrara veiðarfæri en síldarnótin. Einnig sé veiðarfærakostnaður meiri á veiðum með þorskanet en þorskanót. Auk þess sé það meiri vinna fyrir skipverja að veiða með þroskanót en síldarnót, þar sem blóðga þurfi fiskinn í fyrra tilvikinu. Öll þessi rök telur stefnandi hníga að því, að sann-

gjarnt sé, að kjör hans á veiðum með þorskanót séu ekki lakari en á síldveiðum með hringnót.

Af hálfu stefnda er því haldið fram sem aðalástæðu, að kjarasamningurinn frá 24. október 1962 um línu- og netjaveiðar nái beinlínis til veiða með þorskanót. Fyrsta grein samningsins um skiptakjör á línu- og netjaveiðum taki til veiða með „netjum", ótöldum annars staðar í samningnum, þ. e. netjum með botnvörpu, dragnót eða humarnót.

Verði ekki talið, að fyrrnefndur samningur gildi beinlínis um veiðar með þorskanót, reisir stefndi kröfur sínar til vara á þeirri málsástæðu, að með lögskráningunni 14/2 1963 hafi komizt á samningur um það, að hann skyldi gilda. Stefnanda hafi verið ljóst, að síldveiðum var lokið og nýtt veiðitímabil að hefjast. Hann hafi einnig gert sér grein fyrir því, að hann var skráður á veiðar með þorskanet og þá samkvæmt þeim eina samningi, sem til er um þær veiðar. Stefnanda hafi enn fremur verið ljóst, að reyna átti veiðar með þorskanót, þar sem það veiðarfæri hafði verið tekið um borð í bátinn, áður en skráð var. Ósennilegt sé, að honum hafi ekki verið kunnugt um það, að stefndi hafði á undanförnum vertíðum gert upp við skipverja samkvæmt ákvæðum um þorskanetjaveiðar, þegar veitt var með þorskanót, þannig að fullkomin ástæða hefði verið til þess að gera sérstakan fyrirvara, ef ætlunin hefði verið að breyta þeirri venju.

Til þrautavara reisir stefndi kröfur sínar á því, að eðli málsins og sanngirni mæli með því að beita fremur ákvæðum kjarasamnings um þorskveiðar en síldveiðar. Grundvöllur kjarasamninganna sé fisktegundin, sem sótzt sé eftir, en ekki veiðarfærið. Þorskanót og síldarnót séu einnig gerólík veiðarfæri og sú fyrrnefnda miklu minni og auðveldari í meðförum. Í sambandi við útgerðarkostnaðinn sé þess að gæta, að veiðar í þorskanót hafi ekki verið stundaðar nema 3—4 vikur á ári, en ending nótanna ekki nema 2—3 ár, miðað við þenna stutta notkunartíma. Þá sé einnig minni vinna við þorskanótina en síldarnót, miðað við einingu aflaverðmætis á þeim tíma, sem veiðar í þorskanót eru stundaðar, og mun léttara að veiða þorsk í nót heldur en net. Loks mæli hagkvæmisástæður með því, að sömu kjör gildi um veiðar með þorskanót og net, þar sem fyrir geti komið, að afli í sömu veiðiferð hafi verið veiddur í hvor tveggja veiðarfærin.

Hér að framan hafa verið rakin helztu málsatvik og rökstuðningur aðilja fyrir kröfum sínum.

Samningur um kaup og kjör á síldveiðum, sem áður getur, var gerður 20. nóvember 1962. Gildistími hans var til ársloka 1963. Samningurinn er uppsegjanlegur með tveggja mánaða fyrirvara, en framlengist um eitt ár í senn með sama uppsagnarfresti, ef honum er eigi sagt upp. Hinn kjarasamningurinn um kaup og kjör háseta, vélstjóra og matsveina á vélbátum, sem veiða með línu, netjum, botnvörpu, dragnót og humarvörpu, var gerður 24. október 1962 og gilti frá 1. nóvember það ár til 31. desember 1963. Sams konar ákvæði voru í samningnum um uppsagnarfrest og framlengingu og í samningnum um síldarkjörin.

Í hvorugum þessara samninga er minnzt á veiðar með þorskanót, sem hefði þó verið ástæða til að gera, ef samningunum var ætlað að gilda um veiðar með því veiðarfæri. Veiðar með þorskanót munu heldur ekki hafa borið verulegan árangur fyrr en á vetrarvertíðinni 1963. Af þessari þögn kjarasamninganna og öðrum atvikum þykir mega ráða, að veiðar með þorskanót hafi ekki verið hafðar í huga, þegar samningarnir voru gerðir, en af því leiðir, að hvorki 3. gr. samningsins um kaup og kjör á síldveiðum frá 20. nóvember 1962 né 1. gr. samningsins um veiðar með línu, netjum o. fl. tekur beint til veiða með þorskanót.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu vottorð frá skipverjum af sex bátum um það, að þeir hafi á vetrarvertíð 1963 stundað um tíma veiðar með þorskanót og að gert hafi verið upp við þá fyrir þær veiðar eftir sömu skiptakjörum og gilda á síldveiðum með hringnót. Að ósk dómsins öfluðu umboðsmenn aðilja upplýsinga um það, hvernig lögskráningu á báta þessa hefði verið háttað. Kom í ljós, að á fimm skipanna voru skipverjar skráðir til síldveiða samkvæmt samningum á þeim tíma, sem veiðarnar með þorskanótinni fóru fram. Skip þessi stunduðu öll síldveiðar frá áramótum fram á vor 1963, en reyndu þorskveiðar í nót um tveggja til þriggja vikna skeið um miðbik veiðitímans. Á sjötta skipið var lögskráð á þorskveiðar með nót samkvæmt samningi frá 20/4—25/4 1963, en þá var skráð á síldveiðar á ný.

Það er komið fram í málinu, að stefndi hafði tvívegis fyrir vetrarvertíð 1963 veitt þorsk í nót og gert upp aflahlut skipverja eftir sömu skiptakjörum og gilda um netjaveiðar, en stefnandi var ekki í skiprúmi hjá honum þá og ósannað, að honum hafi verið um þetta kunnugt, þegar hann var lögskráður 14. febrúar 1963.

Eins og áður greinir, var skráð á bátinn til veiða með þorskanet. Þorskanótin var hins vegar ekki nefnd á nafn, en hún hafði verið tekin um borð í bátinn, áður en skráð var, og var stefnanda ljóst, að veiðarnar yrðu bæði stundaðar með þorskanót og netjum. Lögskráningunni var að því leyti ábótavant, að ekkert var skráð í dálk skipshafnarskrárinnar fyrir umsamið kaup. Þrátt fyrir þenna galla í lögskráningunni lítur dómurinn svo á, að stefnanda hafi mátt vera ljóst, að kjarasamningi um veiðar í þorskanet var ætlað að gilda um ráðningu hans, enda er óumdeilt, að svo hafi verið um þann afla, sem veiddist í netin. Stefnanda bar því að gera athugasemd við skráninguna, ef hann vildi ekki ganga að þessum kjörum, en ekki hefur komið fram, að hann eða aðrir skipverjar, sem áður höfðu verið á bátnum, hafi hreyft neinum athugasemdum, þegar lögskráning fór fram.

Samkvæmt framanskráðu verður því að telja, að með lögskráningunni 14. febrúar 1963 hafi stofnazt samningur um það, að skiptakjörin á veiðum í net skyldu gilda um ráðningu stefnanda, hvort sem veitt var í net eða þorskanót, og þar sem samningurinn fer ekki í bága við gildandi samninga sjómanna og útvegsmanna um kaup og kjör, verður að telja hann gildan.

Úrslit málsins verða því þau, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón Finnsson, fulltrúi bæjarfógeta, og meðdómsmennirnir Þorsteinn Einarsson og Þorsteinn Eyjólfsson kváðu upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sæmundur Sigurðsson, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Jóhanns Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 15. nóvember 1965.

Nr. 29/1964. **Sigríður Skuld Bergsteinsdóttir og Jón Sigurður Jakobsson** (Egill Sigurgeirsson hrl.) gegn **Skúla Magnússyni** (Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Samningar. Ágreiningur sameigenda fjölbýlishúss um greiðslu byggingarkostnaðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1964 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 23.729.18 ásamt 8% ársvöxtum frá 15. janúar 1962 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr höndum áfrýjenda.

Ný skjöl hafa verið lögð fram fyrir Hæstarétti.

Með kaupsamningi, dags. 10. apríl 1961, skuldbatt stefndi sig til að selja áfrýjanda Jóni S. Jakobssyni efri hæð hússins nr. 38 við Hvassaleiti í Reykjavík. Afsal fyrir íbúðinni var hinn 16. janúar 1962 gefið út á nafn eiginkonu Jóns, Sigríðar S. Bergsteinsdóttur. Samkvæmt kaupsamningnum skyldi hið selda afhent kaupanda í júlímánuði 1961 í því ásigkomulagi, sem lýst er í héraðsdómi. Um þak hússins segir í kaupsamningi og afsali: „Þak skal vera fullsteypt og múrhúðað að fullu."

Stefndi afhenti íbúðina með steyptu þaki, múrhúðuðu að utan. Eftir það létu áfrýjendur á sinn kostnað framkvæma einangrun að innanverðu á lofti íbúðar sinnar. Í vottorði Bjarna Óskarssonar, dags. 1. október 1962, sem áfrýjendur hafa lagt fram, er einangrunin sögð framkvæmd þannig, „að bitum er fest neðan í þakplötu, þannig að loftrúm er ofan við bita og einangrun, og eru loftrásir

gerðar út úr vegg, en þétting neðan við einangrun er gerð með pappa". Telja áfrýjendur, að stefnda beri að greiða kostnað af einangruninni í réttu hlutfalli við eignarhluta hans í húsinu.

Í málinu hafa áfrýjendur ekki fært rök að því, að þeir hafi mátt skilja ákvæði samningsins um þak hússins né gerð íbúðarinnar að öðru leyti á þann veg, að stefnda bæri að greiða kostnað af einangruninni að sínum hluta, enda er þar hvorki um að tefla sjálfa þaksteypuna né múrhúðun hennar. Ekki er heldur í ljós leitt, að áfrýjandi Jón S. Jakobsson hafi mátt ráða af teikningu þeirri af húsinu, sem hann kynnti sér, áður en kaup gerðust, að stefnda bæri að kosta umrædda einangrun að einhverju leyti. Þykir samkvæmt þessu bera að sýkna stefnda af kröfum áfrýjenda í málinu, en eftir atvikum telst rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Skúli Magnússon, á að vera sýkn af kröfum áfrýjenda, Sigríðar Skuldar Bergsteinsdóttur og Jóns Sigurðar Jakobssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. nóvember 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þ. m., hafa Sigríður Skuld Bergsteinsdóttir og Jón Sigurður Jakobsson, Hvassaleiti 38, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 23. maí 1962, gegn Skúla Magnússyni, Fálkagötu 14, til greiðslu á kr. 23.729.18 með 8% ársvöxtum frá 15. janúar 1962 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt mati réttarins.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Í báðum tilfellum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Málavextir eru þessir:

Með kaupsamningi, dags. 10. apríl 1961, og afsali, dags. 16.

janúar 1962, keyptu stefnendur, sem eru hjón, húsnæði af stefnda í húsinu nr. 38 við Hvassaleiti. Í 1. gr. kaupsamningsins segir svo nánar um kaupin:

„Seljandi lofar að selja og kaupandi lofar að kaupa efri hæð, ..., sem er ca. 150 ferm. að stærð, 5 herbergi, eldhús, bað, innri forstofa og anddyri, ásamt fremri geymslu í kjallara, eignarhlutdeild í kyndiklefa og þvottahúsi í kjallara, svo og fylgja leigulóðarréttindi í réttu hlutfalli við hlutdeild hins selda í öllu húsinu. Þá fylgja og í kaupum þessum réttindi til þess að byggja annan bílskúr af tveim, er samþykktir hafa verið á teikningu hússins. Eignarhlutinn selst uppsteyptur án glers í gluggum og án þeirra glugga, er eigi skulu steyptir fastir. Þak skal vera fullsteypt og múrhúðað að fullu."

Söluverðið var kr. 200.000.00, sem skyldi greiðast þannig: Við undirskrift kaupsamnings kr. 50.000.00, þann 1. október 1961 kr. 100.000.00 og eftirstöðvarnar, kr. 50.000.00, þann 12. janúar 1962.

Eins og fram kemur í 1. gr. kaupsamningsins, er þak hússins steinsteypt. Stefnendur einangruðu þakið að neðan. Kveða þau kostnaðinn við einangrunina nema samtals kr. 60.844.05. Í máli þessu krefja þau stefnda um greiðslu á 39% af kostnaðinum, eða kr. 23.729.18, en aðiljar málsins eru sammála um, að eignarhlutdeild stefnda nemi 39 hundraðshlutum allrar húseignarinnar. Stefnendur telja engan vafa geta verið á því, að stefnda beri að greiða að sínum hluta einangrun á þakplötu, enda sé sú einangrun raunverulega gerð í þágu allrar sameignarinnar, þar sem hún jafngildi venjulegri þakklæðningu og sé því hliðsett frágangi á húsinu að utan, en í afsalinu fyrir eignarhluta stefnenda segi beinlínis: „Þak skal vera fullsteypt og múrhúðað að fullu." Benda stefnendur á, að eigendur hússins hafi kostað sameiginlega kjallara og sameign þar, múrhúðun hússins að utan og þéttingu á þakinu að ofan, frágang á húsgrunni og sökkli, skólplagningu og yfirleitt allt, sem sameiginlegt sé, nema einangrun þá, sem hér um ræðir, en sem tvímælalaust tilheyri sameiginlegum kostnaði, ekki síður en frágangur í kjallara og á sökkli.

Stefndi hefur fyrir dómi staðhæft, að áður en kaupsamningurinn var undirritaður, hafi hann sagt við stefnandann Jón Sigurð, „að hann gerði sér grein fyrir, að hann þyrfti að einangra þakplötuna á eigin kostnað", og hafi Jón Sigurður samþykkt það. Kveður stefndi samtal þetta hafa átt sér stað á fasteigna-

sölu Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns. Kveður stefndi jafnframt hafa verið um það talað, að hann (stefndi) sæi um að múrhúða þakið að utan. Byggir stefndi sýknukröfu sína nú meðal annars á þessu atriði.

Stefnandinn Jón Sigurður, sem sá um samninga alla fyrir þau hjón, kveðst ekki minnast þess, að rætt hafi verið um einangrun þaksins, áður en kaupsamningurinn var undirritaður. Voru stefndi og stefnandinn Jón Sigurður samprófaðir um þetta atriði, og náðist ekki samræmi í framburði þeirra.

Vitnið Ólafur Ásgeirsson, sölumaður á fasteignasölu Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, kveðst hafa komið á því sambandi með aðiljum, sem síðar hafi leitt til þess, að stefnendur keyptu eign þá, sem um ræðir í málinu. Vitnið minnist þess ekki, að sérstakar umræður hafi átt sér stað, viðvíkjandi þakinu, en vitnið kveðst leggja þann skilning í síðasta málslið 1. töluliðs kaupsamningsins, að þar sé átt við, að þakið skuli afhent fullsteypt, og ytra borð þess, það er að ofan, sé múrhúðað að fullu.

Vitnið Gestur Eysteinsson lögfræðingur kveðst hafa farið með stefnandanum Jóni Sigurði á fasteignasölu Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, samkvæmt ósk stefnandans, sem hafi áður verið búinn að lýsa því yfir við vitnið, að raunverulega væri búið að ganga frá kaupunum, en eftir væri að undirskrifa kaupsamning. Minnir vitnið fastlega, að búið hafi verið að vélrita kaupsamninginn, þegar það kom á fasteignasöluna. Kveðst vitnið hafa lesið yfir samninginn og minnist þess ekki, að breyting hafi verið á honum gerð. Vitnið minnist þess ekki, að stefnandinn Jón Sigurður hafi áður verið búinn að ræða við vitnið um þakið. Vitnið fullyrðir, að ekki hafi verið minnzt á þakið við vitnið, á meðan það var á fasteignasölunni, og vitnið kveðst ekki hafa heyrt stefnda ræða um þakið á fundinum. Vitnið kveður stefnandann Jón Sigurð síðar hafa rætt um það við sig (vitnið), hver ætti að bera kostnaðinn af einangrun þaksins. Kveðst vitnið þá hafa sagt honum, að betra væri að fá sér lögfræðiaðstoð, áður en samið væri, og um þetta atriði hefði hann átt að semja strax.

Gegn andmælum af hálfu stefnenda þykir stefndi ekki hafa sannað, að hann hafi lýst því yfir við stefnandann Jón Sigurð, áður en kaupsamningur var undirritaður, að kaupandi ætti að kosta einangrun þaksins.

Þá byggir stefndi kröfu sína um sýknu á því, að einangrun

sú, er stefnendur krefja hann um greiðslu á, sé honum óviðkomandi. Einangrunin hafi eingöngu verið í þágu stefnenda. Í því sambandi vísar stefndi til 23. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík. Þar segi, að alla útveggi íbúðarherbergja beri að einangra svo og loftplötur, sem útiloft liggur að. Sé hér því ekki um sameiginlegan kostnað fyrir allt húsið að ræða. Ef stefnendur hefðu viljað láta stefnda taka þátt í einangrunarkostnaðinum, þá hefði þurft að semja um það sérstaklega. Jafnvel þó að svo yrði litið á, að um sameiginlegan kostnað væri að ræða, þá telur stefndi, að stefnendur hafi ekki fullnægt reglum 11. gr. laga nr. 19/1959 um sameign fjölbýlishúsa. Af því leiði einnig, að sýkna beri hann af kröfum stefnenda.

Að lokum byggir stefndi kröfu sína um sýknu á því, að þann 29. nóvember 1961 hafi hann og stefnandinn Jón Sigurður undirritað samning (dómskjal nr. 12), þar sem því sé lýst yfir af hálfu stefnandans Jóns Sigurðar, að hann hafi „tekið við íbúðinni í samningshæfu ástandi".

Eins og áður er rakið, skyldi eignarhluti sá, er stefnendur keyptu af stefnda samkvæmt fyrrgreindum kaupsamningi, afhentur stefnendum á því byggingarstigi, sem venja er, að kallað sé fokhelt. Þó voru þau afbrigði þar á, að hvorki fylgdi með í kaupunum gler í gluggum né þeir gluggar, er eigi voru steyptir í veggi. Venja er, þegar íbúðir eru seldar í þessu ástandi, að þak hússins sé af hendi húsbyggjandans fullfrágengið að utan.

Þegar íbúð er seld í framangreindu ástandi, kemur það í hlut kaupandans að annast á eigin kostnað um innréttingu að öllu leyti, þ. m. t. einangrun öll og múrhúðun, nema sérstaklega sé um annað samið.

Telja verður, að hið sama eigi að gilda um frágang á loftum íbúðar, enda þótt loftin séu jafnframt þak hússins, eins og í því tilviki, sem hér er til álita, og einangrun loftanna því nauðsynleg.

Að þessu athuguðu, og þegar virt er orðalag kaupsamningsins, er að þessu lýtur og áður var rakið, verður eigi talið, að í því felist annað né meira en það, að þak hússins hafi af hendi seljanda átt að vera frá gengið einungis að utanverðu á þann hátt, sem þar er lýst. En þegar af þessu leiðir, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnenda í málinu.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefnendur greiði stefnda kr. 2.000.00 upp í málskostnað.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt

meðdómendunum Einari Sveinssyni múrarameistara og Gunnari M. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Skúli Magnússon, á að vera sýkn af kröfum stefnenda, Sigríðar Skuldar Magnúsdóttur og Jóns Sigurðar Jakobssonar, í máli þessu.

Stefnendur greiði stefnda kr. 2.000.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. nóvember 1965.

Nr. 118/1964. **Skipaútgerð ríkisins**
(Kristinn Sigurjónsson hdl.)
gegn
Ingibjörgu Jónasdóttur og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1964, krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 30. september 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. s. m. Hún krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 201.936.15 ásamt 7% ársvöxtum frá 10. febrúar 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Þegar litið er til atvika að slysi því, sem mál þetta er af risið og rækilega er lýst í héraðsdómi, þykir rétt, að

gagnáfrýjandi beri tjón sitt sjálf að ¼ hluta, en aðaláfrýjandi bæti henni það að ¾ hlutum.

Gagnáfrýjandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1.	Bætur fyrir orkutjón	kr. 98.786.00
2.	Bætur fyrir óþægindi, þjáningar og lýti	— 75.000.00
3.	Útlagður kostnaður, annar en lögfræðileg aðstoð	— 23.150.15
4.	Lögfræðileg aðstoð við öflun gagna, örorkumat og tjónmat ..	— 5.000.00
	Samtals	kr. 201.936.15

Um 1. kröfulið. Eins og í héraðsdómi greinir, mat Guðjón Hansen tryggingarfræðingur hinn 25. febrúar 1963 verðmæti tapaðra vinnutekna gagnáfrýjanda vegna örorku af völdum slyssins kr. 98.786.00, miðað við slysdag, og er matsgerð hans tekin upp í héraðsdómi. Þórir Bergsson tryggingarfræðingur hefur metið tjón þetta af nýju, og var greinargerð hans, dags. 16. nóvember 1965, lögð fram, er málið var flutt fyrir Hæstarétti. Er þar lagður til grundvallar launaútreikningur Guðjóns Hansens, en litið til breytinga á launakjörum, er síðan hafa orðið. Þá er miðað við 6% ársvexti, „dánarlíkur íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu". Nemur vinnutekjutap gagnáfrýjanda samkvæmt hinu nýja mati kr. 161.476.00, miðað við slysdag. Að þessu athuguðu ber að taka kröfulið þenna til greina að fullu.

Um 2. kröfulið. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms, að því er þenna kröfulið varðar.

Um 3. kröfulið. Krafa gagnáfrýjanda samkvæmt þessum lið er vegna ýmiss kostnaðar hennar af völdum slyssins. Í héraði samþykkti aðaláfrýjandi reikning vegna heimilisaðstoðar, kr. 6.820.00. En að öðru leyti hefur aðaláfrýjandi vefengt kostnaðarliði, sem hér er um að tefla, og verða þeir eigi að fullu lagðir til grundvallar, eins og rök-

stuðningi fyrir þeim er háttað. Að svo vöxnu þykir tjón það, er hér um ræðir, hæfilega metið alls kr. 15.000.00.

Um 4. kröfulið. Eins og í héraðsdómi greinir, ber að líta til fjárhæðar þessa kröfuliðs við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, telst heildartjón gagnáfrýjanda nema kr. 173.786.00. Ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda ¾ hluta þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 130.339.50, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 44.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Ingibjörgu Jónasdóttur, kr. 130.339.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 10. febrúar 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 44.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. þ. m., hefur Ingibjörg Jónasdóttir, Suðureyri, Súgandafirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. apríl 1963, gegn Skipaútgerð ríkisins, Reykjavík, til greiðslu á kr. 170.497.35 auk 8% ársvaxta frá 10. febrúar 1962 til greiðsludags og málflutningslauna samkvæmt taxta L.M.F.Í.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur *aðallega,* að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en *til vara,* að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar að mati dómsins, vextir reiknaðir aðeins frá stefnudegi, 18. apríl 1963, og málskostnaður verði felldur niður.

Mál þetta var munnlega flutt og dómtekið 21. maí s.l., og var þá af hálfu stefnanda krafizt málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og gjafsóknarlauna úr ríkissjóði til handa

skipuðum sækjanda, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, en stefnandi hefur fengið gjafsókn í héraði í máli þessu með leyfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 16. júlí 1963.

Með samkomulagi málsaðilja var málið endurupptekið og dómtekið að nýju 8. þ. m. Af hálfu stefnanda var þá lýst yfir, að fallið hefði niður úr stefnu vegna misgánings sá hluti örorkutjóns stefnanda, er varðar vinnu hennar utan heimilis, kr. 31.439.00, sbr. dómsskj. nr. 12, og var þess óskað af hálfu stefnanda, að stefnukröfuupphæðin hækkaði sem þessum lið næmi, þ. e. bættist við liðinn örorkutjón, en sá liður yrði þá samtals kr. 98.786.00. Af hálfu stefnda var samþykkt, að framangreind viðbótarkrafa kæmist að í málinu, en ítrekuð sýknukrafa og varakrafa um lækkun.

Stefnandi gerir svofellda grein fyrir málsatvikum og kröfugerð sinni í stefnu:

„Krafa þessi er til orðin vegna slyss, er ég varð fyrir sem farþegi um borð í m/s Esju hinn 10. febrúar 1962. Hrasaði ég niður stiga, sem lá af bátadekki niður á aðalþilfar, með þeim afleiðingum, að ég skarst á vinstri augabrún og fékk áverka á hné. Vitnum ber saman um, að stiginn hafi verið glerháll af ísingu. Ekki var skeytt um að bera salt á stigann fyrr en eftir slysið. Handrið stigans vinstra megin, samkvæmt umsögn Magnúsar Eggertssonar, varðstjóra hjá rannsóknarlögreglunni, er málmpípa það gild, að tæplega er hægt að ná utan um hana góðu taki, nema fyrir handstóra menn. Hægra megin var ekkert handrið.

Aðstæður tel ég hafa verið þannig, að stefndi, útgerð m/s Esju, beri fulla ábyrgð á slysinu sökum vanbúnaðar, hirðuleysis og skorts á nauðsynlegum öryggisráðstöfunum, miðað við þá hættu fyrir farþega, er ísingin í stigaþrepunum gat valdið. Tel ég, að mér verði á engan hátt um kennt, að ég hafi gengið óvarlega um stigann, þar eð ég hélt um handriðið, hið eina, sem fyrir var, og fór að engu óðslega.

Ég geri kröfu til, að stefndi greiði mér fullar tjónbætur, en ég slasaðist svo verulega um hnéð, að ég verð, að áliti lækna, með staurfót, það sem ég á ólifað.

Kröfur mínar sundurliðast þannig:

Örorkutjón	kr.	67.347.00
Bætur fyrir óþægindi, þjáningar og lýti	—	75.000.00
Útlagður kostnaður, annar en lögfræðileg aðstoð	—	23.150.15

Lögfræðileg aðstoð við öflun gagna, örorkumat og tjónmat ..... kr. 5.000.00

Alls kr. 170.497.15

auk vaxta og málskostnaðar.“

Stefndi reisir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að stefnandi, Ingibjörg Jónasdóttir, finnist hvorki á farþegaskrá né farmiðabókum á þeim tíma, sem hún samkvæmt stefnu er talin hafa verið farþegi með m/s Esju, eða 10. febrúar 1962, þrátt fyrir það, að panta beri far með skipinu sex dögum fyrir brottför þess. Sé því þar af leiðandi mótmælt algerlega sem röngu og ósönnuðu, að stefnandi hafi verið farþegi með m/s Esju umrædda ferð, eða þegar hún hlaut þau meiðsli, sem mál þetta er höfðað út af.

Í öðru lagi kveður stefndi þilfar og stiga hafa verið hreinsuð af snjó og klaka morguninn 10. febrúar 1962, svo sem dómsskj. nr. 4 upplýsi, en á veðurvottorði, dómsskj. nr. 24, standi: „meira en helmingur af jörð var hulinn snjó á athugunarstað kl. 8 þ. 10.“, og samkvæmt sama vottorði sé skafrenningur, snjóél, kl. 0200 á þremur síðustu klst., kl. 0800 sé úrkoma í grennd, þrumuveður á síðustu þremur klst., kl. 1100 sé snjóél, og kl. 1400 skafrenningur, snjóél á síðustu þremur klst. Komi þetta heim við veðurlýsingu skipstjóra á m/s Esju á dómsskjali nr. 4. Sé það því óvefengjanlega sannað í málinu, að hálkan, ef nokkur hafi verið í stiganum, sem stefnandi hrasaði í, hafi á engan hátt verið hirðuleysi skipverja á m/s Esju að kenna, heldur séu það óviðráðanlegar ástæður, veðrið, sem valdið hafi hálkunni, ef hún hafi verið, og sé hér því tvennt, sem valda eigi sýknu. En í í þriðja lagi megi benda á það, að önnur leið, innanhúss, hafi verið af þilfarinu niður á það þilfar, sem stefnandi virðist hafa ætlað að komast niður á. Loks kveður stefndi, að óviðkomandi eigi ekkert erindi út í skipið, og geti hann því ekki borið ábyrgð á ferðum þeirra á skipsfjöl, en þannig verði hann að líta á stefnanda í þessu falli, meðan ekki sé fullsannað, að hún hafi í raun og veru verið farþegi á skipinu.

Þá bendir stefndi á, að stigar milli þilja á skipinu séu venjulega mjög brattir, en sá stigi, sem um ræði í máli þessu, sé ekki mjög brattur, og sé traust handrið öðrum megin, en veggur hinum megin, og allir, sem ferðist með skipum, viti það, að ætíð skuli ganga aftur á bak niður skipsstiga, sem svo eru gerðir, sem hér ræðir um. Þar sem stefnandi hafi ekki verið með heilan

fót, hefði hún, er hún sá hálkuna, átt að biðja um aðstoð til þess að komast niður stigann. Bendir stefndi og á, að snjór hafi verið á jörðu og fólk borið snjó og klaka með sér á skóm sínum, og þá ekki síður stefnandi en aðrir. Henni hafi því verið sjálfri um að kenna, að hún hrasaði og meiddi sig.

Stefndi kveður höfuðatriði málsins vera þessi:

„Stefnandi var ekki farþegi með m/s Esju 10/2 1962, þótt hún eftir á haldi því fram, hún var bilið í hnélið, hríðarveður var á og snjór og hálka í landi, þaðan sem stefnandi kom, en nýbúið var að hreinsa stigann, og önnur leið úr lyftingu, eða af efra þilfari, innanhúss, var til taks, sem fara mátti eftir niður á neðra þilfar.“

Um varakröfuna vísar stefndi almennt til þess, sem hann hefur tekið fram hér að framan, en bætir við, að telji dómurinn, mót von sinni, að stefndi beri ábyrgð á slysi stefnanda og afleiðingum þess, þá beri að skipta kröfum stefnanda að mati dómsins og láta málskostnað falla niður, þar sem stefnandi hafi ekki gætt nægilegrar varúðar, eins og á stóð, en augljóst sé af framlögðum skjölum málsins, að slysið hafi ekki stafað af vanbúnaði, hirðuleysi eða skorti á öryggisbúnaði.

Svo sem rakið er að framan, reisir stefndi sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að stefnandi hafi eigi verið farþegi með m/s Esju í umræddri ferð, eða þegar hún hlaut þau meiðsli, sem mál þetta er höfðað út af.

Með framburði skipstjóra og III. stýrimanns svo og annarra vitna í málinu verður þó að teljast nægilega sannað, að svo hafi verið, þrátt fyrir vottorð afgreiðslumanns stefnda á dómskj. nr. 25, enda hefur stefnandi skýrt svo frá í aðiljaskýrslu sinni á dómskj. nr. 26, ómótmælt af stefnda, að farþegaskrár m/s Esju fyrir febrúar 1962 hafi ekki fundizt.

Eins og áður er tekið fram, reisir stefnandi kröfur sínar á því, að stefndi, útgerð m/s Esju, beri fulla ábyrgð á slysi því, sem stefnandi varð fyrir í umrætt sinn, sökum vanbúnaðar, hirðuleysis og skorts á nauðsynlegum öryggisráðstöfunum, miðað við þá hættu, sem ísingin á stigaþrepunum gat valdið.

Dómendur hafa farið á vettvang og skoðað stiga þann um borð í m/s Esju, sem umrætt slys átti sér stað í. Er um að ræða brattan stiga af efra þilfari og niður á neðra þilfar, þó verður ekki talið, að stiginn sé brattari en almennt gerist um slíka stiga. Þegar gengið er niður stigann, er handrið á vinstri hönd, forsvaranlegt að frágangi, að telja verður. Hins vegar er

ekkert handrið hægra megin við stigann, heldur aðeins veggur, og verður því að telja, að öryggisbúnaði stigans sé áfátt að því leyti.

Eins og veðri var háttað þann dag, sem umrætt slys átti sér stað, og með tilliti til þess, að skipið var í þann veginn að leggja úr höfn í Reykjavík, og búast mátti því við mikilli umferð farþega um það, þykir ekki hafa verið gætt þess öryggis af hálfu stefnda, sem ætlazt varð til undir þessum kringumstæðum, þar sem hvorki voru gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að hálka myndaðist í stiganum, né heldur hafður maður við hann til þess að hjálpa farþegum, sem fara þurftu um hann. Skipstjórinn á m/s Esju í umræddri ferð, Tryggvi Blöndal, sem komið hefur fyrir dóm í máli þessu, kveður það ekki hafa verið óeðlilega leið, sem stefnandi fór frá lyftingunni og niður á neðra þilfar skipsins, er hún varð fyrir margumræddu slysi, enda þótt um fleiri leiðir væri að ræða. Því hefur og ekki verið haldið fram af hálfu stefnda.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, telur dómurinn, að stefndi sé fébótaskyldur gagnvart stefnanda vegna tjóns þess, er hlauzt af umræddu slysi.

Hins vegar lítur dómurinn svo á, að stefnandi hafi heldur eigi, eins og á stóð, gætt þeirrar varúðar, sem henni bar, til þess að tryggja öryggi sitt. Þykir einkum athugavert, að stefnandi heldur áfram niður stigann án þess að leita sér aðstoðar, enda þótt hún finni þegar í fyrsta þrepi stigans, að hann er „flughált". Enn fremur, að stefnandi gengur áfram niður stigann í stað þess að ganga hann aftur á bak, en við það fær hún mun betri fótfestu í stiganum og auk þess betra átak á handriðinu. Má telja þetta þeim mun meiri óvarkárni, þar sem stefnandi hafði allmörgum árum áður orðið fyrir meiðslum í hné. Af þessum ástæðum þykir rétt, að stefnandi beri hluta sakarinnar sjálf. Þykir hæfilegt að skipta sök þannig, að stefndi beri ⅘ hluta hennar, en stefnandi ⅕ hluta.

Páll Sigurðsson, fyrrverandi tryggingayfirlæknir, hefur samið greinargerð og örorkumat vegna umrædds slyss stefnanda, og hefur það verið lagt fram sem dómsskj. nr. 10 í máli þessu. Greinargerð læknisins, sem dags. er 18. janúar 1963, hljóðar svo:

„Frú Ingibjörg Jónasdóttir, f. 3. febrúar 1926, Suðureyri, Súgandafirði, slasaðist um borð í m/s Esju hinn 10. febrúar 1962. Skipið lá þá við Grófarbryggju í Reykjavík, að sögn.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, meðal annars mjög

nákvæmri lögregluskýrslu, vildi slysið til með þeim hætti, að Ingibjörg hrasaði ofarlega í stiga, sem liggur af bátadekki niður á aðalþilfar. Hún hlaut, að sögn, mjög slæma byltu. Rotaðist, meiddist illa í vinstra hnélið og fékk ca. 3 cm langan, alldjúpan skurð á vinstri augabrún.

Mikil hálka var í stiganum vegna ísingar, og var, að sögn, dreift salti á stigaþrepin, eftir að slysið vildi til.

Ingibjörg var þegar eftir slysið flutt í Slysavarðstofu Reykjavíkur og þar gert að meiðslunum og henni fyrirskipað að liggja rúmföst fyrst um sinn eftir slysið. Vottorð Hauks Kristjánssonar, yfirlæknis Slysavarðstofunnar, dags. 29. júní 1962, fer hér á eftir:

„Þann 10/2 1962, kl. 12, kom Ingibjörg Jónasdóttir, Suðureyri, Súgandafirði, í Slysavarðstofu Reykjavíkur.

Hún hafði, að sögn, slasazt, er hún var að ganga um borð í m/s Esju í Reykjavíkurhöfn. Féll úr tröppu og lenti á „polla". Taldi hún sig hafa misst meðvitund stundarkorn. Var með fullri rænu, er hún kom í Slysavarðstofuna. Man þó ekki, hvað gerzt hefur.

Við skoðun sást ca. 3 cm langur og alldjúpur skurður á v. augabrún. Vinstra hné var greinilega fyrirferðarmeira en hitt, og innan á því sást vel gróið ör eftir gamla operatio. Ekki fannst vökvi í liðnum, en greinilegt „hlaup", þ. e. talsverð abductio, sem benti eindregið á rifnun í media ligamentum. Hvort hér er um nýjan eða gamlan áverka að ræða, verður að teljast óvíst, þar eð konan meiddist á hnénu fyrir mörgum árum, og var þá ópereruð.

Sárið á augabrún var saumað og búið um það. Gibs sett á hnéð. Konunni sagt að liggja fyrst um sinn. Hún kom aftur til eftirlits 14/2 '62, og voru gipsumbúðir lagfærðar og henni vísað til dr. med. Bjarna Jónssonar, þar eð hann hafði haft með hin gömlu meiðsli hennar að gera.

Haukur Kristjánsson læknir (sign.)."

Eins og tekið er fram í þessu vottorði Hauks yfirlæknis Kristjánssonar, vísaði hann Ingibjörgu Jónasdóttur til yfirlæknis dr. med. Bjarna Jónssonar. Samkvæmt vottorði hans, dags. 28. maí 1962, mætti Ingibjörg hjá honum hinn 22. febr. 1962, og var hjá honum í meðferð og eftirliti fram til 21. maí 1962. Vottorð yfirlæknis dr. med. Bjarna Jónssonar, varðandi meiðsli frú Ingibjargar Jónasdóttur í sambandi við slysið 10. febrúar 1962, og

afleiðingar þess, fer hér á eftir. Eins og áður segir, þá er vottorðið dags. 28. maí 1962.

„Ingibjörg Jónasdóttir, Suðureyri við Súgandafjörð, f. 3. 2. 1926, leitaði mín 22. 2. 1962. Hún hafði dottið í stiga í skipi 10 dögum áður, verið futt í Slysavarðstofuna með áverka á hné. Þar voru lagðar á hnéð gipsumbúðir, og hafði hún þær þar til 21. febrúar. Hún hafði legið í Landakotsspítala frá því 2. 12. 1951 til 11. 5. 1952. Hún hafði þá rifinn liðþófa í þessu sama hné, og var liðþófinn tekinn. Sárið gr. með eðlil. hætti, og henni heilsaðist vel, og hún segist hafa verið óþægindalaus í hnénu síðan, þar til hún varð fyrir þessu slysi. Við skoðun 22. 2. 1962 fundust eymsli innanvert á v. hné. Dál. vökvi var í hnénu, svolítil rýrnun á réttivöðva. Þ. 21. 5. 1962 sá ég sjúkl. aftur. Hún hafði farið heim, fáum dögum eftir að ég skoðaði hana í febrúar. Hún sagðist hafa verið lengi að ná sér í hnénu, haft óþægindi í því, verki eftir áreynslu og þreytzt fljótt við gang. Hún segist vera orðin óþægindalaus nú. Við skoðun nú finnast engin eymsli á hnénu, það eru fullar hreyfingar á því, enginn vökvi. Ekkert los er á hnénu. Svol. vöðvarýrnun er á réttivöðva. Tvö vel gr. ör eftir aðgerðina 1951 eru innan á hnénu.

Hér er um að ræða 36 ára gamla konu, sem fyrir 10 árum var óp. vegna liðþófarifu í v. hné. Henni heilsaðist vel eftir þá aðgerð, og var hún lengi búin að vera jafngóð í hnénu. Í febr. sl. meiddist hún aftur á þessu sama hné, en virðist nú hafa náð sér að mestu leyti af því slysi.

Bjarni Jónsson dr. med., yfirlæknir (sign.).“

Um mánaðamótin júní—júlí 1962 mætti Ingibjörg Jónasdóttir hjá mér undirrituðum til viðtals og skoðunar og svo aftur snemma í október 1962. Helztu kvartanir hennar við viðtalið í byrjun október 1962 eru þrautir og öryggisleysi í vinstra hnélið. Hún kveðst þola mjög illa göngur og stöður. Hún segist áður hafa unnið við afgreiðslu í verzlun og hafi ætlað að gera það framvegis og reynt það, en orðið strax að gefast upp við það.

Lýsing á röntgenmynd, sem tekin var í Röntgendeild Landspítalans af vinstra hnélið Ingibjargar hinn 5. okt. 1962, fer hér á eftir:

„Regio (svæði): 5/10 '62.

V. hné.

Þrenging á liðbili í v. hné, og osteophyareaction (beinhrúðurmyndun) á liðbrúnum þar, sem og á patella (hnéskel).

Úrkölkun.

R. diagn. (röntgensjúkdómsgreining):

Osteoarthrosis gen. sin. (gigtarbreytingar — beinhrúðurmyndun í vinstra hnélið)".

Sökum þess að ekki var talið tímabært að meta örorku Ingibjargar vegna afleiðinga slyssins 10. febr. 1962, sakir þess hversu stuttur tími var liðinn, frá því að það vildi til, og ekki talið ólíklegt, að ástandið ætti eftir að breytast eitthvað, að því er tekur til afleiðinga þess, var henni ráðlagt að hverfa heim til sín og mæta aftur snemma á árinu 1963.

Hinn 11. jan. 1963 mætti frú Ingibjörg Jónasdóttir að nýju hjá mér undirrituðum til viðtals og skoðunar. Kvartanir hennar í sambandi við afleiðingar slyssins 10. febr. 1962 eru svipaðar og áður. Hún kveðst þola mjög illa stöður og áreynslu á vinstra fótlim vegna verkja og öryggisleysis í hnéliðnum. Hún segist ekki hafa getað stundað neina vinnu utan heimilis, eftir að hún varð fyrir slysinu 10. febr. 1962.

En eins og tekið er fram áður í þessari greinargerð, hafði Ingibjörg áður stundað afgreiðslustörf í verzlun og ætlaði sér að halda því starfi áfram, að óbreyttum aðstæðum.

Sökum þess að orsakirnar til missmíðanna í vinstra hnélið Ingibjargar eru óvanalega flóknar og raunverulega um að ræða afleiðingar tveggja slysa, eins og tekið er fram áður hér í þessari greinargerð, var eftir atvikum talið nauðsynlegt að fá hana athugaða af glöggum sérfræðingi í þessari grein læknisfræðinnar, sem þessi missmíði falla undir. Af því tilefni var hún send til prófessors dr. med. Snorra Hallgrímssonar, og fer greinargerð hans, sem er mjög glögg, dags. 14. jan. 1963, hér á eftir.

„Samkvæmt beiðni yðar, herra fyrrv. tryggingayfirlæknir, hefi ég í dag athugað Ingibjörgu Jónasdóttur, f. 3. 2. 1926, til heimilis á Suðureyri, Súgandafirði, með tilliti til afleiðinga meiðsla, er hún hlaut um borð í m/s Esju hinn 10. febrúar 1962. Ingibjörg var flutt á Slysavarðstofuna í Reykjavík strax eftir slysið, og er ástandi hennar þá og tildrögum slyssins lýst í vottorði Hauks Kristjánssonar yfirlæknis, dags. 29. 6. 1962.

Af vottorði Hauks má ráða, að konan hafi fengið heilahristing, 3 cm langan skurð á v. augabrún og slit á liðböndum innanvert á v. hné. Hvað hið síðastnefnda snertir, þá var ekki hægt að úrskurða, hvort um gamla eða ferska liðbandssköddun væri að ræða.

Með tilliti til ofangreinds grunar um ferska liðbandssköddun

voru gipsumbúðir settar á hnéð, og hafði hún þær umbúðir í 11 daga. Að þeim tíma loknum, var hún til athugunar hjá dr. Bjarna Jónssyni, og er tekið fram í vottorði Bjarna, að dálítill vökvi hafi verið í hnéliðnum, eymsli á innanverðu hnénu og nokkur rýrnun á réttivöðvum.

Við skoðun í dag upplýsir Ingibjörg, að hún hafi ekki náð sér að fullu eftir þetta meiðsli. Fyrst eftir að gipsumbúðir voru fjarlægðar, átti hún mjög erfitt með gang. Mjög mikill sársauki var í liðnum, og henni fannst hún ekki hafa fyllilega vald á hnénu. Þetta lagaðist þó smám saman, og hún var farin að geta gengið óhölt í maí s.l. Óþægindi eru þó nokkur enn. Eymsli framantil í hnénu. Það mikil, að hún treystir sér ekki til að krjúpa. Henni finnst hún ekki geta treyst hnénu. Það vill gefa eftir, ef hún stígur ekki alveg rétt í fótinn, og finnst henni þá „smella" í hnénu. Í sambandi við þetta hefir hún oft hnotið. Af þessum sökum hefir Ingibjörg forðazt að ganga úti við og er jafnvel mjög rög við að nota strætisvagna af ótta við að detta af troðningnum við að fara út úr vagninum.

Ingibjörg gat ekki stundað heimilisstörfin fyrstu vikurnar eftir meiðslið, og enn treystir hún sér ekki til þess að þrífa gólf og verður að fá hjálp til þess. Undanfarin ár hefur hún unnið við búðarstörf, auk þess sem hún hefir séð um sitt heimili. Eftir slysið hefir hún ekki treyst sér til að vinna utan heimilisins.

Árið 1951 meiddist Ingibjörg á v. hné, og var talið, að um rifinn liðþófa væri að ræða. Sá liðþófi var fjarlægður með skurðaðgerð á Landakotsspítala. Henni batnaði vel eftir þá aðgerð, náði sér fljótt og gat farið að stunda íþróttir að nýju. Undanfarin ár hefir hún ekki haft nein óþægindi í hnénu fyrr en eftir meiðslið um borð í m/s Esju.

Við skoðun í dag kemur eftirfarandi í ljós:

Gengur óhölt. Innanvert á v. hné eru tvö vel gróin ör eftir skurðaðgerð. Vinstra hné er nokkuð þrútið og mælist 1½ cm gildara en hægra. Hreyfing í hnénu er eðlileg, en allmikið brakar í hnénu við hreyfingu. Ekki er að finna vökva í liðnum, en allmikil eymsli eru á innanverðum liðnum svo og á liðbrúnum hnéskeljarinnar. Hliðarhreyfing í liðnum er ekki finnanleg.

Væg rýrnun er á v. læri, mælist um ½ cm, 10 cm fyrir ofan hnéskel. Áberandi rýrnun er á v. kálfa, sem mælist 1½ cm rýrari en sá hægri.

Örið eftir skurðinn á v. augabrún er einnig mjög vel gróið og varla sýnilegt.

Röntgenskoðun 10. 2. 1962 sýnir áberandi slitbreytingar í v. hnélið, aðallega á innri hluta liðsins, og liðfleti hnéskeljarinnar.

Hér er um að ræða 36 ára gamla húsfreyju, sem tvívegis hefir hlotið meiðsli á v. hné, með 11 ára millibili. Í hið fyrra skipti var rifinn brjóskþófi fjarlægður, og batnaði hnéð, að því er virtist, að fullu eftir það. Konan hefir verið alveg óþægindalaus í hnénu og fullvinnufær undanfarin ár. Röntgenskoðun, sem gerð var í sambandi við slysið 10. 2. 1962, sýnir hins vegar slitbreytingar í liðnum, og eru þær efalaust afleiðing meiðslisins 1951.

Samkvæmt lýsingu Hauks Kristjánssonar yfirlæknis, sem athugaði konuna strax eftir síðara meiðslið, var greinilegt „hlaup" í liðnum, og taldi hann því, að um sköddun á innri liðböndum væri að ræða, en gat ekki úrskurðað, hvort sú sköddun stafaði frá fyrra eða síðara meiðsli.

Við skoðun nú finnst engin hliðarhreyfing í hnénu, og hefir því umrædd sköddun á innra liðbandi efalaust stafað frá síðara meiðsli, en liðbandið síðan gróið. Þá er þess getið í vottorði dr. Bjarna Jónssonar, er skoðaði hnéð 12 dögum eftir meiðslið, að: „Dál. vökvi var í hnénu", og þykir því líklegt, að blætt hafi inn í liðinn, enda fylgir slík blæðing venjulega rifnun á liðbandi.

Það virðist því ljóst, að hnéð hefir orðið fyrir meiri háttar áverka 10. 2. 1962.

Allmiklar slitbreytingar geta verið til staðar í hnélið án þess að valda nokkrum óþægindum. Slíkir liðir eru hins vegar mjög viðkvæmir fyrir áverkum, og sé um meiri háttar áverka að ræða, er hætt við, að afleiðingin verði varanleg óþægindi og hraðari aukning á slitbreytingum en ella hefði orðið.

Snorri Hallgrímsson (sign.)."

Eins og áður segir, mætti frú Ingibjörg Jónasdóttir til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum hinn 11. jan. 1963 og svo aftur hinn 15. jan. 1963.

Frú Ingibjörg kemur mjög vel fram og svarar spurningum mínum ljóst og greinilega. Hún er sæmilega hraustleg útlits, en nokkuð holdug. Hún segist hafa verið frekar heilsugóð, það sem af er ævinnar. Var þó talin hafa fengið berklavott í hægra lunga, er hún var 14 ára gömul, og var þá um skeið undir læknisefirliti.

Eins og áður segir í þessari greinargerð, meiddist hún í vinstra hné árið 1951 og gekk undir aðgerð vegna þess snemma árs 1952. Var liðþófi numinn burt úr hnéliðnum, að sögn. Ingibjörg segist hafa náð sér algerlega eftir það meiðsli og þá aðgerð og meira að segja verið fær um að stunda íþróttir síðar.

Snemma í ágúst 1962 veiktist hún af bráðum sjúkdómi í kviðarholi og var þá flutt í sjúkrahús Ísafjarðar og gekk þar undir aðgerð. Hún kveðst hafa náð sér að fullu eftir þann sjúkdóm, enda er hann slysinu 10. febr. 1962 algerlega óviðkomandi.

Helztu kvartanir Ingibjargar í sambandi við afleiðingar fyrrgreinds slyss eru þrautir og öryggisleysi í vinstra hnélið. Hún þolir ekki að leggjast á það. Hún vann áður utan heimilis við afgreiðslustörf, en getur það ekki lengur og gerir ekki ráð fyrir því, að hún verði nokkurn tíma fær um það. Þarfnast meira að segja hjálpar við heimilisstörfin, að hún segir.

Hinn 15. jan. 1963.

Almenn skoðun.

Hlustun á lungum: Létt deyfa neðarlega á brjóstkassa, hægra megin, annars eðlileg.

Hlustun á hjarta: Það reyndist starfa reglulega = púls 72. Hjartatónar hreinir. Blóðþrýstingur 130/65.

Vinstri fótlimur, vinstri hnéliður. Að því er tekur til missmíðanna í vinstra fótlim og vinstra hnélið, vísast til greinargerðar prófessors Snorra Hallgrímssonar hér áður í þessari greinargerð.

Ályktun: Eins og áður segir, þá hafði Ingibjörg gengið undir aðgerð á vinstra hnélið snemma árs 1952 vegna afleiðinga meiðsla, hnjámánarasks, og var hnjámáninn numinn burt. Ingibjörgu heilsaðist vel eftir þá aðgerð, og hafði, þegar frá leið, engin óþægindi í hnénu, gat meira að segja stundað íþróttir, að sögn. Hins vegar fer ekki hjá því, að vinstri hnéliður hafi verið miklu viðkvæmari fyrir síðari meiðslum vegna missmíðanna eftir hnjámánaraskið og aðgerðina í sambandi við það. Enda kemur það glögglega í ljós, þegar athugaðar eru afleiðingar meiðslanna á þessu sama hné vegna slyssins 10. febrúar 1962.

Ég fæ ekki betur séð en að ástand vinstra hnéliðs sé lítt eða engu betra en þó um hreint staurhné væri að ræða. Rétt er að gera sér það ljóst, að hætt er við, að nauðsynlegt reynist fyrr eða síðar að framkvæma aðgerð á vinstra hnélið, festa í honum og gera staurhné.

Naumast fer hjá því, að missmíðin á vinstra hnélið hljóti

að baga Ingibjörgu verulega við mörg störf, einkum þó þau, er göngur og stöður fylgja, og útiloka hana frá mörgum þeirra.

Það verður því ekki hjá því komizt, að áætla henni örorku vegna missmíðanna í vinstra hnélið. Þessi framtíðarörorka telst hæfilega metin 20%.

Nú er það svo, að missmíðin í vinstra hnélið er afleiðing tveggja slysa, eins og kemur fram áður í þessari greinargerð.

Hið fyrra, hnjámánaraskið, hlaut hún fyrir um það bil 11 árum. Hið síðara, bilun á liðböndum o. fl., við byltu hinn 10. febrúar 1962.

Ljóst má vera, að það er talsverðum erfiðleikum bundið að ákveða, hversu mikið af þessari 20% framtíðarörorku, sem nefnd hefur verið hér að framan, á að færast á reikning fyrra slyssins og hvað á reikning þess síðara, þ. e. slyssins 10. febrúar 1962. Ekki þykir ósanngjarnt, eftir atvikum, að skipta henni til helminga milli slysanna, þ. e. 10% framtíðarörorka á hvort þeirra.

Af því, sem nú hefur verið sagt, ætti það að vera ljóst, að ekki verður hjá því komizt að áætla Ingibörgu örorku, þar á meðal framtíðarörorku, vegna slyssins 10. febrúar 1962 og afleiðinga þess.

Örorka, þar á meðal framtíðarörorka, vegna slyssins 10. febrúar 1962 sérstaklega og afleiðinga þess, þykir hæfilega metin, svo sem hér segir:

Frá slysdegi til 31/3 1962 .... 80%
— 1/4 '62 til 31/5 1962 ..... 60%
— 1/6 '62 til 31/7 1962 ..... 40%
— 1/8 '62 til 31/12 1962 ..... 20%
— 1/1 1963, framtíðarörorka .. *10%*".

Á grundvelli framangreinds örorkumats hefur Guðjón Hansen cand. act. reiknað út örorkutjón stefnanda eða verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi, og fer greinargerð tryggingafræðingsins, dómsskj. nr. 12, dags. 25. febrúar 1963, hér á eftir:

„Samkvæmt örorkumati Páls Sigurðssonar, fyrrv. tryggingayfirlæknis, dags. 18. janúar 1963, varð frú Ingibjörg Jónasdóttir, Suðureyri, Súgandafirði, fyrir slysi hinn 10. febrúar 1962 og hlaut af völdum þess orkutap, sem læknirinn metur þannig:

Frá slysdegi til 31/3 1962 .... 80%
— 1/4 1962 til 31/5 1962 .... 60%
— 1/6 1962 til 31/7 1962 .... 40%

Frá 1/8 1962 til 31/12 1962 ... 20%
Síðan til frambúðar 10%

Ingibjörg er sögð fædd 3. febrúar 1926 og hefur samkvæmt því verið 36 ára að aldri, er hún varð fyrir slysinu. Aðalstarf hennar er húsmóðurstarf á heimili þriggja manna fjölskyldu (auk hennar og eiginmanns hennar er eitt barn, fjögurra ára). Samkvæmt vottorði hreppstjóra Suðureyrarhrepps, dags. 1. júní 1962, hafði hún árið 1961 kr. 14.667.00 í tekjur auk starfa við heimili sitt. Sjálf hefur Ingibjörg tjáð mér, að hér sé um að ræða laun fyrir afgreiðslustörf í verzlun, og hafi hún unnið við þau nokkurn tíma á dag, en áður en hún giftist, hafi verið um fullt starf að ræða.

Þegar meta skal húsmóðurstörfin til fjár, verður hér að venju miðað við tekjur ráðskvenna á heimilum. Engir umsamdir kauptaxtar gilda fyrir slíkar ráðskonur, en stuðzt er við upplýsingar frá Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar og jafnframt höfð hliðsjón af skattmati við áætlun fæðis og húsnæðis. Tekið skal fram, að ráðningarstofan annast ekki samningagerð og hefur því ófullkomna vitneskju um kaupgreiðslur. Þróun kauplags utan Reykjavíkur undanfarin ár virðist almennt hafa verið með þeim hætti, að ekki sé ástæða til að gera ráð fyrir lægri tekjum í kaupstöðum og kauptúnum utan Reykjavíkur en í Reykjavík.

Reynslan mun vera sú, að ráðskonukaup hækkar ekki á sama tíma né um sama hundraðshluta og kaup almennt, t. d. í iðnaði og verzlun, heldur virðist vera um óregluleg stökk að ræða. Samkvæmt upplýsingum, er ég hef nú fengið hjá Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar, mun ráðskonu á fámennu heimili vart vera boðið lægra kaup en kr. 3.000.00 á mánuði auk fæðis og húsnæðis. Fæði er nú metið til skatts á kr. 24.00 á dag (kr. 10.260.00 á ári) og húsnæði á kr. 1.500.00 á ári. Mat þetta verður að teljast mjög lágt, og hefur síðarnefnda fjárhæðin haldizt óbreytt í mörg ár. Með tilliti til þessa tel ég, að vinnutekjur ráðskonu á fámennu heimili geti ekki talizt lægri en kr. 40.000.00 árið 1962 og kr. 48.000.00 á ári frá ársbyrjun 1963. Er þá ekkert tillit tekið til verulegrar hækkunar á ýmsum tegundum kvennakaups á næstu árum, sbr. það, sem síðar segir um verzlunarstörf.

Ef framangreindar launatekjur 1961 eru lagðar til grundvallar við áætlun tekna af vinnu utan heimilis í framtíðinni og tekjurnar umreiknaðar með tilliti til breytinga, sem orðið

hafa á taxta Verzlunarmannafélags Reykjavíkur fyrir vanar afgreiðslustúlkur, svo og þeirra breytinga, sem verða munu samkvæmt lögum um launajöfnuð kvenna og karla 1. janúar ár hvert 1964—1967, reiknast mér árstekjur vegna vinnu utan heimilis verða sem hér segir:

Frá slysdegi til 31/5 1962	kr.	16.524.00
— 1/6 1962 til 31/12 1962	—	18.010.00
— 1/1 1963 til 31/1 1963	—	18.905.00
— 1/2 1963 til 31/12 1963 ...	—	19.850.00
— 1/1 1964 til 31/12 1964 ...	—	20.785.00
— 1/1 1965 til 31/12 1965 ...	—	21.728.00
— 1/1 1966 til 31/12 1966 ...	—	22.667.00
Eftir þann tíma	—	23.606.00

Á framangreindum grundvelli reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi vera sem hér segir:

	Vegna vinnu utan heimilis	Vegna húsmóðurstarfa
Vegna tímabundins orkutaps til 31/12 1962	kr. 5.973.00	kr. 13.983.00
Vegna varanlegrar örorku eftir það	— 25.466.00	— 53.409.00
Samtals	kr. 31.439.00	kr. 67.347.00

Til álita kemur, hvort reikna beri húsmóðurstörfin sem fullt ráðskonustarf, þegar vinna er stunduð utan heimilis. Hitt virðist þá einnig geta komið til athugunar, hvort ráðskonutekjurnar eru ekki fulllágt áætlaðar hér að framan.

Reiknað er með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra kvenna 1941—1950."

Skulu nú einstakir kröfuliðir í stefnu ahugaðir.

Um 1. lið, örorkutjón.

Stefnandi var 36 ára að aldri, þegar hún varð fyrir umræddu slysi, gift kona og móðir. Hún hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út tjón það, sem hún hafi beðið vegna slyssins, og leggur hún útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar um bótafjárhæð samkvæmt þessum lið, en samkvæmt álitsgerð hans, sem tekin er upp í heild hér að framan, reiknast honum verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi vera sem hér segir:

Vegna vinnu utan heimilis ..... kr. 31.439.00
Vegna húsmóðurstarfa ..... — 67.347.00

Samtals kr. 98.786.00

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum.

Þegar allt það hefur verið virt, sem að framan hefur verið rakið, og þess meðal annars gætt, að tryggingafræðingurinn hefur í tjónsútreikningi sínum ekki reiknað frádrátt vegna opinberra gjalda, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 65.000.00.

Um 2. lið, bætur fyrir óþægindi, þjáningar og lýti.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið kröfunnar sem allt of háum. Högum stefnanda hefur verið lýst hér að framan og öðru því, sem hér þykir skipta máli. Þegar allt það er virt, þykir hæfilegt að taka þenna kröfulið til greina með kr. 60.000.00.

Um 3. lið, útlagðan kostnað, annan en lögfræðilega aðstoð.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem röngum og of háum. Við munnlegan flutning málsins var þó 1. lið, reikningi Guðlaugar Jóhannsdóttur vegna heimilisaðstoðar, ekki mótmælt. Hér er um að ræða einstaka reikninga vegna heimilisaðstoðar, húsnæðis og fæðis vegna sjúkradvalar í Reykjavík, læknishjálpar og lyfjakostnaðar, örorkumats og útreiknings á örorkutjóni o. fl. Allt eru þetta kvittaðir reikningar, á einn eða annan hátt tilkomnir vegna umrædds slyss stefnanda.

Með því að einstakir reikningar eða einstakir liðir þeirra hafa ekki verið með rökum hraktir, verður þessi liður í heild, að fjárhæð kr. 23.150.15, tekinn til greina að fullu.

Um 4. lið, lögfræðilega aðstoð við öflun gagna, örorkumat og tjónmat.

Með því að hér er um að ræða kostnað, greiddan lögmanni stefnanda, þeim hinum sama og fer með mál þetta, þykir eðlilegast að taka afstöðu til þessa kröfuliðs við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, það er hér skiptir máli, nema alls kr. 148.150.15 (kr. 65.000.00 + 60.000.00 + 23.150.15). Frá þessari upphæð ber að draga ⅕ hluta, þ. e. hlut stefnanda í sökinni, eða kr. 29.630.03. Ber stefnda því að greiða

stefnanda alls kr. 118.520.12 ásamt vöxtum, sem ákveðast 7% p. a. frá þeim degi, sem krafizt er, til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.000.00, þar í innifalin gjafsóknarlaun skipaðs lögmanns stefnanda, kr. 13.000.00. Af tildæmdum málskostnaði er ríkissjóður ábyrgur fyrir greiðslu á allt að kr. 10.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendunum Viggó E. Maack skipaverkfræðingi og Jóni Sigurðssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, Ingibjörgu Jónasdóttur, kr. 118.520.12 með 7% ársvöxtum frá 10. febrúar 1962 til greiðsludags og kr. 18.000.00 í málskostnað, þar í innifalin gjafsóknarlaun skipaðs lögmanns stefnanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 13.000.00.

Af tildæmdum málskostnaði er ríkissjóður ábyrgur fyrir greiðslu á allt að kr. 10.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. nóvember 1965.

Nr. 135/1964. **Gústaf A. Sveinsson f. h. Gerhards Eggerz**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Magnúsi Einarssyni
(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um fyrningu. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1964. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir fógeta að

framkvæma fjárnám það, sem um er beðið. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með dómi bæjarþings Hafnarfjarðar 13. maí 1952 var stefnda, Magnúsi Einarssyni, dæmt að greiða áfrýjanda, Gerhard Eggerz, kr. 16.201.67 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað.

Í bréfi til yfirborgarfógetans í Reykjavík, dags. 30. janúar 1964, æskti Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður f. h. Gerhards Eggerz, að gert yrði fjárnám samkvæmt dóminum í eignum stefnda „til tryggingar dómskuldinni, kr. 16.201.67, með 6% ársvöxtum frá 16. jan. 1951 til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað, allt að frádregnum kr. 2.550.00, sem goldizt hafa upp í skuldina, svo og til tryggingar kostnaði öllum, áföllnum og áfallandi, þar á meðal kostnaði öllum við fjárnámsgerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur".

Fjárnámsbeiðnin var tekin fyrir í fógetadómi Reykjavíkur hinn 3. júlí 1964. Var þá liðinn sá 10 ára fyrningartími á dómkröfum, sem ákveðinn er í 4. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905. Krafa stefnda um, að synjað verði um fjárnám, er á því reist, að kröfur samkvæmt dóminum séu fyrndar. Er þá athugunarefni, hvort leidd séu í ljós atvik, sem varnað hafi fyrningu, en dómar eru aðfararheimild, meðan krafa samkvæmt þeim er ófyrnd.

Hinn 8. október 1957 fékk Gústaf A. Sveinsson í hendur skriflega yfirlýsingu frá stefnda og undirritaða af honum, dags. 8. september s. á. Er fyrri hluti yfirlýsingarinnar, sem hér skiptir máli, á þessa leið:

„Staðfesting á greiðsluloforði Magnúsar Einarssonar Barmahlíð 33 Rv. til hr. hrl. Gústafs A. Sveinssonar, Rv. vegna innheimtu á dómskuld frá 13. maí 1952 í málinu: Gerhard Eggerz gegn Magnúsi Einarssyni.

Jeg undirritaður staðfesti hér með samkvæmt munnlegu loforði við hrl. Gústaf A. Sveinsson þann 7. þ. m., að ljúka

greiðslu á framanskráðri dómskuld með 50% af hinni upprunalegu upphæð, sem var kr. 16.201.67, eða með kr. 8.100.83 — átta þúsund og eitt hundrað krónum 83/100, auk dæmds málskostnaðar, kr. 2.550.00, og 6% vaxta af kr. 8.100.83 frá 16. jan. 1951 til greiðsludags".

Af hendi áfrýjanda er því haldið fram, að stefndi hafi með framangreindri skuldaryfirlýsingu viðurkennt dómskuldina í heild, og hafi því nýr 10 ára fyrningarfrestur hafizt frá 8. október 1957 samkvæmt 6. gr. laga nr. 14/1905. Ekki þykir þó með vissu verða ráðið af yfirlýsingunni, að stefndi hafi með henni viðurkennt í merkingu nefndrar 6. gr. annað né meira af dómskuldinni en þær fjárhæðir, sem hann lofar að greiða. Og þar sem viðurkenning á dómskuldum getur varnað fyrningu samkvæmt ákvæðum 6. gr., ber að telja, að nýr 10 ára fyrningarfrestur hafi hafizt hinn 8. október 1957, að því er tekur til kr. 8.100.83 af höfuðstól dómskuldarinnar, dæmds málskostnaðar í héraði, kr. 2.500.00, svo og 6% ársvaxta af kr. 8.100.83 frá 16. janúar 1951 til 8. september 1957, þegar greiðslu þeirra var lofað í skuldabréfi, eftir að þeir voru fallnir í gjalddaga, sbr. niðurlagsákvæði 6. gr. laga nr. 14/1905 og 2. málsl. 1. tölul. 4. gr. sömu laga.

Í málflutningi af hálfu áfrýjanda hefur því verið lýst, að stefndi hafi hinn 30. júlí 1959 greitt Gústaf A. Sveinssyni kr. 2.550.00 upp í dómskuldina. Telur áfrýjandi, að meta beri þá greiðslu viðurkenningu á dómskuldinni í heild. Stefndi hefur mótmælt því, að hann hafi innt greiðslu þessa af hendi, og þar sem ekki eru sönnur á það færðar, kemur ekki til álita, hvort slík greiðsla kynni að hafa rift fyrningu. Réttargerð til innheimtu dómskuldarinnar hófst hinn 3. júlí 1964, og eru því ófyrndir vextir, sem á féllu síðustu 4 árin þar á undan, þ. e. frá 3. júlí 1960 samkvæmt 2. málsl. 1. tölul. 4. gr., sbr. 3. gr. laganna. Hins vegar ber að telja þá vexti fyrnda, sem á féllu á tímabilinu frá 8. september 1957 til 3. júlí 1960.

Í kröfugerð sinni krefst áfrýjandi fjárnáms fyrir dómskuldinni í heild, að frádreginni greiðslu þeirri, kr. 2.550.00,

er hann kveður stefnda hafa lukt hinn 30. júlí 1959. Þann dag var enginn hluti dómskuldarinnar fyrndur, og er áfrýjanda rétt samkvæmt almennum reglum um greiðslur að telja greinda fjárhæð sem borgun upp í þann hluta dómskuldarinnar, sem nú er fyrndur.

Niðurstaða málsins verður sú, að heimilað verður fjárnám til tryggingar greiðslu á fjárhæðum þeim, sem ófyrndar eru samkvæmt því, er að framan segir. Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Framkvæma skal fjárnám eftir kröfu áfrýjanda, Gústafs A. Sveinssonar f. h. Gerhards Eggerz, í eignum stefnda, Magnúsar Einarssonar, til tryggingar greiðslu á kr. 8.100.83 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. janúar 1951 til 8. september 1957 og frá 3. júlí 1960 til greiðsludags, málskostnaði í héraði, kr. 2.500.00, og svo kostnaði við fjárnám og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 15. ágúst 1964.

Gerðarbeiðandi, Gerhard Eggerz, nú búsettur í Ástralíu, hefur krafizt þess, að fram fari fjárnám í eignum gerðarþola, Magnúsar Einarssonar, Hátúni 8, hér í borg, til tryggingar skuld samkvæmt dómi bæjarþings Hafnarfjarðar, kr. 16.201.67, ásamt 6% ársvöxtum frá 16. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað, einnig til tryggingar kostnaði við fjárnámsgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, en að frádregnum kr. 2.550.00.

Gerðarþoli hefur krafizt þess, að synjaði verði um hina umbeðnu fjárnámsgerð og að gerðarbeiðanda verði gert að borga málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar, að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór hinn 31. júlí s.l.

Fyrir liggur í máli þessu sem rskj. nr. 2 endurrit af dómi bæjarþings Hafnarfjarðar í málinu: Gerhard Eggerz gegn Magnúsi Einarssyni. Er dómur þessi kveðinn upp 13. maí 1952. Dómsendurritinu fylgir greiðsluáskorun, dagsett 23. janúar 1964 og undirrituð af Hauki Bjarnasyni v/Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns. Þar er skorað á gerðarþola að borga kr. 16.201.67 með 6% ársvöxtum frá 16. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað, en að frádregnum kr. 2.550.00, sem greiddar hafi verið upp í dóminn 30. júlí 1959. Greiðslufrestur er settur til 4. febrúar s.l., ella muni fjárnáms verða krafizt. Greiðsluáskorun þessi og dómur eru birt fyrir gerðarþola sjálfum á heimili hans af stefnuvottum hinn 25. janúar 1964.

Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður krefst fjárnáms með bréfi til fógeta, dagsettu 30. janúar 1964, sbr. ítrekun á sama bréfi hinn 27. febrúar 1964. Sjá rskj. nr. 1 og nr. 5. Vísar hann til endurrits dómsins á rskj. nr. 2.

Gerðarbeiðandi tekur fram, að samkvæmt lögum um fyrningu nr. 14 frá 1905 mætti út af fyrir sig ætla, að skuld þessi sé nú fyrnd, þar eð dómur hafi gengið á árinu 1952. Þessu sé nú samt ekki þannig farið, og er hér vísað til þess, að bæði hafi gerðarþoli kannazt við skuldina með greiðslutilboði sínu, útgefnu 8. september 1957, sjá rskj. nr. 6, og með því að greiða kr. 2.550.00 upp í dómkröfurnar hinn 30. júlí 1959.

Í málinu liggur fyrir sem rskj. 6 yfirlýsing gerðarþola, Magnúsar Einarssonar, dagsett 8. september 1957. Þar segist gerðarþoli staðfesta greiðsluloforð sitt til hæstaréttarlögmanns Gústafs A. Sveinssonar vegna innheimtu á dómskuld frá 13. maí 1952 í málinu: Gerhard Eggerz gegn Magnúsi Einarssyni. Staðfestir gerðarþoli þar að ljúka innan þriggja mánaða greiðslu á þessari dómskuld með 50% af hinni upphaflegu upphæð, kr. 16.201.67, auk dæmds málskostnaðar, kr. 2.550.00, og 6% ársvaxta af kr. 8.100.83 frá 16/1 1951 til greiðsludags. Gerðarþoli segir í yfirlýsingunni, að með fylgi tryggingarvíxill, hljóðandi um danskar krónur 5.058.75, og annar tryggingarvíxill vegna málskostnaðar, kr. 2.550.00. Gústaf A. Sveinsson hefur hinn 8. október 1957 ritað á skjal þetta viðurkenningu fyrir móttöku samhljóða skjals svo og tryggingarvíxla, og lofar að bera málefni þetta fram við skuldareiganda án skuldbindingar fyrir sig og hann, meðan það verði ekki berum orðum samþykkt.

Því er haldið fram af gerðarbeiðanda hálfu, að með útgáfu þessarar yfirlýsingar og með greiðslu þeirri, sem samkvæmt bók-

um málflutningsskrifstofu Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns hafi fram farið 30. júlí 1959, hafi fyrningu verið slitið og nýr fyrningarfrestur samkvæmt fjórðu grein laga nr. 14/1905 hafið göngu sína. Ekki sé hér heldur um það að ræða, að aðfararréttur, sem lög 19/1887 áskilji dómkröfum, sé fallinn úr gildi. Ljóst sé eftir 1. grein fyrningarlaga, að þau taki ekki til annarra réttinda en kröfuréttinda, og megi hér um vísa til greinargerðar fyrir frumvarpi til laganna. Þannig fyrnist aðfararrétturinn ekki sjálfstætt, heldur fylgi kröfunni, sem dómur hafi um gengið, og sæti sömu afdrifum og hún.

Gerðarþoli hefur haldið því fram, að fjárnámskrafa þessi sé fyrnd, hvernig svo sem á hana sé litið. Því er fyrst og fremst mótmælt, að í greiðslutilboði gerðarþola 8. september 1957 felist viðurkenning á dómskuldinni. Þar hafi verið lofað að borga allt aðra skuld, og hafi verið um að ræða nýtt loforð, sem að auki hafi verið beint til Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, sem enga heimild hafi haft til að ráðstafa kröfu gerðarbeiðanda á neinn veg. Raunar hafi Gústaf heldur ekki gengið að þessu tilboði. Þá er því og mótmælt, að gerðarþoli hafi borgað upp í skuldina. Og þó svo hefði verið, eins og gerðarbeiðandi vill vera láta, að gerðarþoli hefði borgað málskostnaðinn, þá sé málskostnaðarskuld ekki í þeim tengslum við höfuðstól, að greiðsla hans feli í sér viðurkenningu á skuldinni né slíti fyrningu í skilningi laga.

Í 4. grein laga nr. 14/1905 segir, að á 10 árum fyrnist kröfur samkvæmt skuldabréfi, dómi eða opinberri sátt, er ekki falli undir ákvæði 2. greinar. Í máli þessu er um að ræða dómskuld, og er dómur kveðinn upp 13. maí 1952, og hefur ekki, svo séð verði, verið reynt að innheimta dómskuldina, fyrr en greiðsluáskorun var birt og fjárnáms krafizt í byrjun þessa árs.

Nú hefur gerðarbeiðandi haldið því fram, að fyrningu þeirri, sem samkvæmt þessari grein hefði fellt kröfu þessa úr gildi, hafi verið slitið með viðurkenningu gerðarþola á kröfunni, og vísar gerðarbeiðandi hér til 6. greinar laganna, þar sem segir í fyrri málsgrein, að ef skuldari viðurkenni skuld sína við kröfuhafa berum orðum eða á annan hátt, hefjist nýr fyrningarfrestur frá viðurkenningardegi.

Á þessa skoðun gerðarbeiðanda verður ekki fallizt, eins og hagar til í máli þessu. Í 2. málsgrein 6. greinar segir, að hafi skuldabréf verið gefið út eða dómur gengið eða sætt verið gerð um kröfuna, þá fyrnist krafan eftir ákvæðum 4. greinar.

Virðist hér ekki verða komizt hjá að álykta, að fyrri málsgrein 6. greinar eigi einvörðungu við þær kröfur, sem dómur hafi ekki gengið um, og að aðeins, að því er þeim kröfum viðvíkur, megi slíta fyrningu með þar greindum athöfnum, en um hinar dæmdu kröfur eigi þessi regla ekki við, þannig að viðurkenning eða eftir atvikum greiðsla hafi engin áhrif til fyrningarslita.

Í samræmi við framanritað þykir verða að synja um fjárnám samkvæmt dómi þeim, sem liggur fyrir í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 26. nóvember 1965.

Nr. 130/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sigurði Kristjáni Kristinssyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og sakavottorð ákærða ber með sér og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, var ákærði í sakadómi Reykjavíkur hinn 28. júlí 1964 dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, en brot þetta framdi hann hinn 30. desember 1961. Refsingu ákærða fyrir brot það, sem hann nú er saksóttur fyrir, ber því að ákveða með hliðsjón af 1. mgr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Kristján Kristinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. maí 1965.

Ár 1965, föstudaginn 28. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í sakadómi Reykjavíkur af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2899/1965: Ákæruvaldið gegn Sigurði Kristjáni Kristinssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 5. maí s.l., gegn Sigurði Kristjáni Kristinssyni verkamanni, Hverfisgötu 83, hér í borg, fæddum 16. janúar 1930 í Reykjavík,

„fyrir skjalafals, með því að fara fimmtudagskvöldið 7. nóvember 1963 inn í verzlun á Laugavegi 72 í Reykjavík með tékkávísun, A Nr. 7220, kr. 3.300.00, á bók nr. 3227 í Verzlunarsparisjóðnum, útgefna 4. nóvember 1963 af Sigurði Sveinssyni, kaupa í verzluninni eina pakkalengju af vindlingum og greiða hana með ávísuninni og fá mismun verðs vindlinganna og ávísunarfjárhæðarinnar greiddan í peningum, rúmar kr. 3.000.00, en sem framseljanda á ávísunina falsaði hann nafnið Jón Gíslason, Bergþ. 27.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar."

Fimmtudagskvöldið 8. nóvember 1963 kom ákærði inn í verzlun að Laugavegi 72. Hann keypti þar eina pakkalengju af sígarettum og greiddi þær með 3.300 króna tékka, útgefnum 4. nóv-

ember 1963 á inneign í bók nr. 3227 í Verzlunarbanka Íslands h/f af Sigurði Sveinssyni. Eigandi verzlunarinnar, Rakel Loftsdóttir, féllst á að taka við tékkanum, og fékk ákærði mismun tékkafjárhæðarinnar og verðs vindlinganna greiddan í peningum. Tékkinn er gefinn út til handhafa, en framseldur af Jóni Gíslasyni, Bergþ. 27.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi tekið við tékkanum af útgefanda hans, Sigurði Sveinssyni, sem hann hafi hitt af hendingu sama dag. Hafi þeir verið saman við drykkju. Sigurður hafi fengið sér tékkann fullritaðan og beðið sig að selja hann. Ákærði kvaðst hafa ritað sjálfur nafnið Jón Gíslason, Bergþ. 27, aftan á tékkann, áður en hann fór inn í verzlunina. Ekki skýrir hann það tiltæki með öðru en því, að hann hafi verið drukkinn. Hann kveðst hafa afhent Sigurði peningana, en hann kveðst sjálfur hafa haldið sígarettunum.

Sigurður Sveinsson, sem kom fyrir dóm sem kærður við dómsrannsókn, skýrir svo frá, að hann hafi ritað umræddan tékka, nema framsalið. Hann telur, að hann hafi gert það í því skyni að fá lán út á hann hjá kunningja sínum og verið búinn að leysa tékkann til sín aftur. Sigurður kveðst ekki vita, hvernig tékkinn hafi komizt í vörzlur ákærða. Sigurður kveðst hafa verið mjög ölvaður daginn, sem tékkinn var seldur. Hann virðist þó muna til þess, að hann hafi hitt ákærða, og kveðst hann hafa tekið upp peninga og fengið ákærða til að kaupa sígarettur. Þetta hafi gerzt á Skólavörðustíg, en ekki man Sigurður, hvar hann hitti ákærða. Sigurður minnist þess ekki, að hann hafi fengið peninga þá, sem inn komu fyrir tékkann.

Nefndum ávísanareikningi Sigurðar hafði verið lokað fyrir mörgum árum (1957). Við rannsókn málsins greiddi Sigurður tékkafjárhæðina að fullu.

Vitnið Rakel Loftsdóttir segir, að ákærði hafi fullyrt, að tékkinn væri kaupgreiðsla til hans og hann hefði orðið of seinn til borgarinnar frá Keflavík, til þess að hann næði í banka. Hafi ákærði talað svo um fyrir henni, að hún hafi látið til leiðast að kaupa tékkann. Hún hafi beðið ákærða að rita nafn sitt á tékkann, og hafi hann þá framselt tékkann á þann hátt, sem áður greinir.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er sannað, að ákærði hefur notað skjal með falsaðri nafnritun til þess að blekkja í lögskiptum, og varðar atferli þetta við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur áður sætt eftirtöldum refsidómum:

1947 14/5 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað o. fl.
— 14/6 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og gripdeild.
1948 14/5 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað o. fl. Hæstaréttardómur í því máli 16. maí 1949: 8 mánaða fangelsi.
— 20/7 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld o. fl.
— 18/9 10 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld o. fl.
— 12/10 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 110. gr. hegningarlaganna. Hæstaréttardómur í því máli 8. apríl 1949: Sama niðurstaða.
1950 2/9 1 árs fangelsi fyrir þjófnað og skjalafals.
1952 12/2 1 árs fangelsi fyrir þjófnað.
1953 14/8 2 ára fangelsi fyrir rán, þjófnað o. fl.
1955 9/3 15 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld, brot gegn 110. gr. hegningarlaganna o. fl.
1958 15/8 30 daga fangelsi fyrir umferðarlagabrot.
1961 9/10 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1964 28/7 6 mánaða fangelsi fyrir skjalafals.

Auk þess hefur ákærði 7 sinnum sætzt á greiðslu sekta.

Með hliðsjón af ofangreindum ferli ákærða, sem hefur áður verið dæmdur 13 sinnum til refsivistar í samtals 110 mánuði, þykir refsing hans nú hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Kristján Kristinsson, sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 26. nóvember 1965.

Nr. 147/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Birgi Jónassyni (Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kvað upp Haraldur Henrýsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni verið yfirheyrð fyrir dómi og staðfest vætti sín.

Með skírskotun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að frestur til greiðslu sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Jónasson, greiði í ríkissjóð 3.000 króna sekt, og komi varðhald 12 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 8 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 18. júní 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. júní s.l., er höfðað af saksóknara ríkisins með ákæruskjali, útgefnu 3. júní 1965, á

hendur Birgi Jónassyni verkamanni, Melgerði 29 í Kópavogi, fyrir að aka föstudagskvöldið 7. maí 1965 og fram á næstu nótt undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 9516 úr Fossvogi um götur Kópavogs og Reykjavíkur, unz akstur hans var stöðvaður á mótum Vitastígs og Njálsgötu.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 26. janúar 1922 í Reykjavík. Hann hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1938 10/5 Reykjavík: Áminning fyrir að aka bíl réttindalaus.
1939 21/4 Rvík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 21/3 Rvík: Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.
1940 14/5 Rvík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir akstur án réttinda.
1941 23/8 Rvík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 13/11 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 6/3 Rvík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 13/2 Rvík: Kærður fyrir árás. Var fluttur sem sjúklingur á geðveikrahæli að tilhlutan aðstandenda 25/2 1947.
— 12/8 Rvík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1950 16/11 Rvík: Kærður fyrir ofsókn og árás á barnsmóður sína. Var fluttur á Klepp vegna geðveiki 18/1 1951.
1953 8/7 Rvík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
1954 4/9 Rvík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
— 27/10 Keflavíkurflugvelli: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
— 4/12 Rvík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1955 8/7 Rvík: Sátt 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
— 17/5 Keflavíkurflugvelli: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1956 25/6 Keflavíkurflugvelli: Sátt, 350 kr. sekt fyrir tollagabrot.
1957 7/12 Rvík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1958 28/10 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
1962 9/4 Rvík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.

— 6/10 Rvík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.
1964 6/7 Hafnarfirði: Áminning fyrir brot á 5. gr. a, c og d-lið og 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 8. maí s.l., kl. 0145, hringdi Úlfar Jacobsen, Sóleyjargötu 13, Reykjavík, á lögreglustöðina í Reykjavík og tilkynnti, að hann hefði stöðvað bifreiðina R 9516 á horni Njálsgötu og Vitastígs, en hann taldi, að ökumaður hennar væri ölvaður. Lögregluþjónar nr. 20, 46 og 136 fóru að sinna þessu. Þeim virtist ökumaðurinn, Birgir Jónasson, þ. e. ákærði í máli þessu, vera áberandi ölvaður og færðu hann til blóðtöku á Slysavarðstofuna og síðan fyrir varðstjóra til yfirheyrslu.

Þar viðurkenndi ákærði að hafa verið að aka bifreiðinni R 9516 áleiðis heim til sín frá Miðstræti 5, Reykjavík.

Einnig viðurkenndi ákærði að hafa drukkið eina flösku af „Sherry" á tímabilinu frá kl. 2300 til 2400, um klukkustund áður en hann var stöðvaður. Samkvæmt skýrslu varðstjóra var talsverður áfengisþefur af andardrætti ákærða, og varðstjóri taldi hann áberandi ölvaðan, en framkoma hans var samt kurteisleg.

Alkóhólrannsókn á blóðsýni ákærða leiddi í ljós reducderandi efni, er samsvara 1.19‰ af alkóhóli.

Fyrir sakadómi Kópavogs hinn 24. maí s.l. skýrði ákærði frá á líkan hátt og fyrr. Hann kveðst hafa farið heiman frá sér um kl. 2000 umrætt kvöld og farið inn á plan hjá Verki h/f, þar sem hann vann að viðgerð á bretti á bifreið sinni. Þar hafi hann byrjað að drekka „Sherryið", þar sem kalt var og hann fáklæddur.

Um kl. 2230 hafi hann síðan ekið af stað til Reykjavíkur, og ók hann síðan um ýmsar götur, þar til hann var stöðvaður.

Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa, en þó einhverrar breytingar. Samt taldi hann ökugetu sína óskerta. Hann kvaðst hafa verið búinn að drekka megnið eða jafnvel allt innihald fyrrgreindrar „Sherry"-flösku. Af því, sem rakið hefur verið, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða um áfengisneyzlu, verður að telja sannað, að hann hafi gerzt sekur um það atferli, sem í ákæru greinir, en það varðar við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Eftir atvikum þykir refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga hæfilega

ákveðin sekt, kr. 3.000.00, er greiðist innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu, en ella sæti hann 12 daga varðhaldi.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi í 8 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Jónasson, greiði sekt, kr. 3.000.00, í ríkissjóð innan 4 vikna frá dómsbirtingu, en sæti ella 12 daga varðhaldi.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 8 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. desember 1965.

Nr. 116/1965. **Sigurður Helgason**
gegn
Grétari Jónssyni og Sturlaugi Friðrikssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Helgason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. desember 1965.

Nr. 179/1965. **Magnús Helgason og Oddrún Sigurðardóttir**
gegn
Þorvaldi Lúðvíkssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Magnús Helgason og Oddrún Sigurðardóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þau stefnda, Þorvaldi Lúðvíkssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 2.500.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. desember 1965.

Nr. 133/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Ólafi Gunnarssyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Brot gegn 225. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Bætur.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

Það athugast vegna verknaðarlýsingar í ákæruskjali, að ósannað er, að drengurinn Ívar Valgarðsson hafi vegna meðferðar ákærða á honum hlotið húðrispur þær á hálsi

og úlnlið og mar og þrota á enni, sem í ljós kom við læknisskoðun hinn 14. nóvember 1962.

Ákærði flutti umræddan dreng vegna ætlaðs snjókasts með valdi frá Eskihlíð í Reykjavík til skrifstofu sinnar í húsinu nr. 11 við Tjarnargötu og hélt honum þar um stund. Varðar verknaður þessi við 225. gr. laga nr. 19/1940, og eru ákvæði greinarinnar tæmandi um brotið. Þar sem fallast má á ákvörðun héraðsdómara um refsingu, fébótagreiðslu og sakarkostnað, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er ákveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Ólafur Gunnarsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun skipaðs verjanda síns þar, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. júlí 1965.

Ár 1965, föstudaginn 9. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3801/1965: Ákæruvaldið gegn Ólafi Gunnarssyni, sem tekið var til dóms 30. f. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 16. apríl 1964, gegn Ólafi Gunnarssyni starfsfræðslustjóra, Langholtsvegi 39, hér í borg, fæddum 30. ágúst 1917 að Stafafelli í Lóni,

„fyrir að hafa þriðjudaginn 13. nóvember 1962, skömmu eftir hádegi, þegar ákærði var að aka bifreið sinni, R 12570, frá húsinu nr. 1 við Blönduhlíð í Reykjavík, stöðvað bifreiðina, gripið

drenginn Ívar Valgarðsson, fæddan 9. október 1954, til heimilis að Eskihlíð 20 í Reykjavík, sem stóð þar á götunni og ákærði taldi að hefði kastað snjókúlu í bifreiðina, fært drenginn með valdi og gegn vilja hans inn í bifreiðina og veitt drengnum við það áverka á enni, hálsi og hægri úlnlið, ekið síðan með drenginn á skrifstofu ákærða í Tjarnargötu 11 í Reykjavík og látið drenginn dvelja þar, meðan ákærði ræddi um drenginn við móður hans, Björgu Ívarsdóttur, skólastjóra Hamrahlíðarskóla, Magnús Sigurðsson, og föður drengsins, Valgarð Kristjánsson borgardómara, og að því loknu sent drenginn í leigubifreið til fyrrgreinds skólastjóra. Var þá liðin um það bil hálf til heil klukkustund, frá því að ákærði hafði tekið drenginn.

Telst þetta aðallega varða við 116. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 43. gr. laga um vernd barna og unglinga nr. 29/1947, en til vara við 116. gr. og 225. gr. almennra hegningarlaga og 43. gr. nefndra laga nr. 29/1947.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Laust eftir hádegi þriðjudaginn 13. nóvember 1962 leitaði frú Björg Ívarsdóttir, Eskihlíð 20, til lögreglunnar út af því, að barni hennar hefði verið rænt og hefði ákærði unnið það verk. Væri barnið nú í skrifstofu ákærða, sem teldi, að það hefði kastað snjó í bifreið hans. Lögreglumenn fóru til fundar við ákærða í skrifstofu hans, en í þann mund var ákærði að senda frá sér barnið.

Ákærði skýrði svo frá, að umræddan dag hafi hann verið í bifreið sinni við Blönduhlíð 1 hér í borg og beðið eftir konu sinni. Hann hafi tekið eftir tveimur drengjum, sem verið hafi að hnoða snjóbolta. Nú hafi konan komið og setzt inn í bifreiðina og ákærði ekið af stað, en þá hafi annar drengjanna kastað snjó í bifreiðina. Þá kveðst ákærði hafa stöðvað bifreiðina og farið út og tekið dreng þann, sem kastað hafði, og sett hann inn í aftursæti bifreiðarinnar. Þá segist hann hafa ekið að Drápuhlíð 42, þar sem konan hafi farið úr bifreiðinni, en ekið síðan með drenginn til skrifstofu sinnar í Tjarnargötu 11 og farið þar inn með hann. Hann segist hafa reynt að ná sambandi við föður drengsins, en ekki tekizt, og hringt þá til móðurinnar. Hann hafi ætlað sér að koma drengnum til foreldra hans og óska þess, að vandað yrði um við hann, en móðir drengsins hafi orðið mjög æst og hann hafi ekki getað rætt málið á þessum grundvelli. Þá hafi hann hringt til Magnúsar Sigurðssonar, skólastjóra

Hlíðaskóla, þar sem drengurinn var nemandi, og sagt honum frá töku drengsins og óskað þess, að hann léti sækja drenginn, en þar sem Magnús hafi ekki getað komið því við, hafi hann að ósk Magnúsar sent drenginn til hans í leigubifreið.

Ákærði kveðst ekki hafa beitt drenginn neinum harðræðum, og hann hafi ekki orðið fyrir áverkum af sínum völdum. Markmiðið með aðgerðum sínum hafi verið uppeldislegt og miðað að því að koma í veg fyrir, að drengurinn endurtæki óknytti sína.

Í skriflegri skýrslu, sem ákærði hafði sent rannsóknarlögreglunni í nóvember 1962, hafði ákærði lýst atvikum nokkru nánar. Hann kvað drenginn hafa æpt nokkuð, á meðan hann setti hann inn í bifreiðina, en róazt svo og sagt deili á sér. Hann kvaðst hafa spurt drenginn að því, hvort honum hefði ekki verið bannað að henda snjó í bíla, en drengurinn hafi neitað því. Í skýrslu þessari lýsir ákærði því, að móðir drengsins hafi verið mjög æst í símtali þeirra og talið drenginn í mikilli hættu hjá sálarfræðingi, þar sem sálarfræðingar væru sálarlausir. Ákærði skýrir þar einnig frá því, að faðir drengsins hafi náð í hann símleiðis, nokkru áður en drengurinn fór frá honum. Hann hafi verið mjög kurteis, en þótt miður, að ákærði hefði farið með drenginn á skrifstofu sína.

Drengur sá, sem um er að ræða, heitir Ívar, fæddur 9. október 1954, sonur Valgarðs Kristjánssonar borgardómara og Bjargar Ívarsdóttur konu hans. Samkvæmt framburði Bjargar fór Ívar út umræddan dag eftir hádegið til að leika sér. Rétt fyrir kl. 13 sögðu leikfélagar Ívars Björgu, að maður hefði ráðizt að Ívari fyrir utan húsið og sagt, að hann gerði þetta, vegna þess að hann hefði kastað snjó í bifreið hans. Björg kvaðst þá hafa farið út að leita drengsins, farið m. a. í Hlíðaskóla, en ekki fundið hann, og þá farið heim og hringt til lögreglu og beðizt aðstoðar. Eftir það hafi ákærði hringt til hennar og sagt, að hann hefði tekið drenginn og farið með hann í skrifstofu sína, og hefði hann gert þetta, vegna þess að hann hefði kastað snjó í bifreið sína. Hann hafi sagzt mundu senda drenginn upp í skóla. Björg kveðst hafa reiðzt ákærða mjög, og hafi orðið nokkur orðaskipti milli þeirra.

Björg segir, að Ívar hafi eftir þenna atburð haft kúlu á enni og rispur á hálsi og úlnlið, og hafi hann sagzt hafa fengið ákomur þessar í viðureigninni við ákærða. Hún segir, að Ívar hafi neitað því, að hann hefði kastað snjó í bifreiðina, en ákærði hafi

lagt að honum að viðurkenna það. Þó segir hún, að Ívar hafi viðurkennt það fyrir ákærða, er hann hótaði honum, að hann hefði kastað snjóbolta, en hann hafi jafnan sagt síðan, að hann hefði ekki gert það. Ívar var ekki yfirheyrður, að öðru leyti en því, að hann var viðstaddur, er skýrsla var tekin af móður hans fyrir rannsóknarlögreglu. Eftir að meðferð máls þessa hófst, og liðin voru um 2 ár frá atburðinum, taldi dómarinn ekki fært að taka skýrslu af honum um þenna atburð.

Björg telur, að drengurinn hafi orðið fyrir áfalli af þessu atviki. Hann hafi verið slæmur á taugum á eftir, vaknað upp um nætur og hrópað: Hann er að taka mig, og annað svipað. Hann hafi tekið til að væta rúm, sem ekki hafði komið fyrir mörg ár, verið órólegur og lausari við nám en fyrr. Telur Björg, að hann hafi þurft eina þrjá mánuði til að jafna sig.

Rannsóknarlögreglan talaði við þrjú börn, sem höfðu verið nærstödd, er umræddur atburður gerðist. Sagðist ein 10 ára telpa hafa séð Ívar kasta snjó í bifreið ákærða, en hin börnin töldu sig ekki hafa séð slíkt. Kona, sem rannsóknarlögreglan átti tal við, skýrði svo frá, að börnin hefðu verið í snjókasti, en hún virðist ekki hafa veitt ákærða eða bifreið hans athygli, fyrr en ákærði var kominn út úr henni.

Vitnið Magnús Sigurðsson, skólastjóri í Hlíðaskóla, segir, að ákærði hafi hringt til hans og sagt sem svo: „Ég var að taka strák frá þér.“ Hann hafi sagt, að drengurinn hefði kastað snjó í bíl hans. Bað ákærði Magnús að sækja drenginn, en Magnús kvaðst ekki hafa tíma til þess, en þar sem honum skildist, að snjókastið hefði átt sér stað við skólann, bað hann ákærða að senda sér drenginn. Hann hafi síðan komið í leigubíl. Magnús segir, að sér hafi ekki þótt laust við, að drengurinn væri hræddur, er hann kom til hans, en hann hafi tekið það svo, að drengurinn óttaðist, að hann mundi ávíta hann. Ekki hafi drengurinn tjáð sig um það, hvort hann hefði kastað snjó í bifreið ákærða, enda kveðst Magnús einskis hafa spurt.

Hinn 14. nóvember 1962 skoðaði Tryggvi Þorsteinsson læknir drenginn í Slysavarðstofunni, og kom þá eftirfarandi í ljós samkvæmt vottorði læknisins, dags. 15. nóvember 1962:

„1) Lítils háttar mar og þroti hægra megin á enni og niður á augnlokið.
2) Húðrispur neðarlega á hálsi hægra megin.
3) Rispa 5—6 cm löng lófamegin á úlnlið hægri handar. Dálítill roði kringum rispuna.

Önnur meiðsli komu ekki í ljós.“

Kennari Ívars í Hlíðaskólanum, Sigríður Þóranna Jónsdóttir, hefur komið fyrir dóm og borið vitni. Segir hún Ívar námfúsan, og hafi honum gengið vel í skólanum. Hún segir, að er drengurinn kom í skólann, daginn eftir að umræddur atburður varð, hafi hann verið nokkuð miður sín, fölur yfirlitum og, að því er virtist, með mar eða bólgu á enni. Næstu viku hafi hann verið áberandi utan við sig og sótzt námið verr en áður. Undir vorið hafi hann þó verið búinn að ná sér, og hann hafi tekið mjög gott próf. Sigríður segir, að Ívar sé viðkvæmur, prúður og vel greindur og hafi jafnan borið af um framkomu og námsgetu.

Sannanir hafa að vísu ekki komið fram um, að drengurinn hafi kastað snjó í bifreið ákærða. Hitt þykir þó víst, að ákærði hafi litið svo á, að hann hafi handsamað drenginn af þeim ástæðum, og, svo sem áður greinir, taldi ákærði markmið sitt hafa verið „uppeldislegt“ og miða að því að koma í veg fyrir, að drengurinn héldi áfram óknyttum. Ákærði hefur með öðrum orðum farið að, líkt og hann færi með löggæzluvald. Að vísu er eigi með öllu ljóst, hvar draga skuli mörkin fyrir athafnafrelsi manna að þessu leyti. En þegar litið er til allra atvika málsins, svo sem þess að ákærði tók drenginn höndum gegn vilja hans fyrir utan heimili hans, færði hann inn í bifreið sína, gerði hvorki aðstandendum drengsins né lögreglu viðvart að sinni, heldur ók með drenginn til skrifstofu sinnar í miðbænum og tók hann þar inn með sér og tók þá fyrst að reyna að ná sambandi við foreldra hans, verður að líta svo á, að hann hafi tekið sér opinbert vald, sem hann ekki hefur, og brotið þannig í bága við 116. gr. almennra hegningarlaga. Þykir ákvæði þetta taka yfir sök ákærða, þannig að önnur ákvæði, sem í ákæru greinir, eigi ekki við.

Refsing ákærða, sem eigi hefur fyrr sætt refsingu, þykir hæfilega ákveðin 2.500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Valgarður Kristjánsson hefur komið að bótakröfu á hendur ákærða fyrir hönd sonar síns Ívars í máli þessu. Krafan er þessi:

1. Kostnaður af læknisskoðun ..... kr. 200.00
2. Bætur vegna áverka og þjáninga og röskunar á heimilisfriði ..... — 10.000.00

Kr. 10.200.00

Ákærði mótmælir kröfu þessari.

Eftir framangreindri niðurstöðu þykir ákærði bótaskyldur gagnvart drengnum. Fyrri liður kröfunnar er rökstuddur. Drengurinn þykir einnig eiga rétt á þjáningabótum fyrir handtökuna. Þykja bætur til hans hæfilega ákveðnar kr. 3.000.00.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 4.500.00 í málssóknarlaun til ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. 143. gr. laga nr. 82/1961 og kr. 4.500.00 í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Gunnarsson, greiði 2.500.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði Valgarði Kristjánssyni f. h. Ívars Valgarðssonar kr. 3.000.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 4.500.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.500.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desember 1965.

Nr. 111/1964. **Jóhannes Jóhannesson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Smiðjunni s/f og gagnsök
(Guðjón Styrkársson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál og skaðabóta.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1964. Gerir hann þessar dómkröfur:

„Aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í

héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að málsmeðferð í héraði verði ómerkt frá og með þinghaldi 21. jan. 1961 og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju, og til þrautavara, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og í aðalsök í héraði verði aðaláfrýjandi sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en í gagnsök í héraði verði gagnáfrýjanda gert að greiða aðaláfrýjanda kr. 41.190.05 auk 7% ársvaxta frá 1. október 1960 til 31. desember 1964 og 6% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst aðaláfrýjandi að lokum, að sér verði tildæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti."

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 7. ágúst 1964, krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Atvikum máls þessa er rækilega lýst í héraðsdómi.

Áliti hinna sérfróðu dómenda í héraði hefur ekki verið hnekkt. Ber því með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, að því er aðalsök varðar, að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda stefnufjárhæðina samkvæmt kröfugerð í héraði, kr. 40.142.53, ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1960 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Að því er gagnsök varðar, ber með skírskotun til héraðsdóms að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Jóhannes Jóhannesson, greiði gagnáfrýjanda, Smiðjunni s/f, kr. 40.142.53 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1960 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 3. júní 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. júní, hefur Jón Valdimarsson f. h. Smiðjunnar s/f, Ytri Njarðvík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 18. febrúar 1960, á hendur Jóhannesi Jóhannessyni, Suðurgötu 41, Keflavík, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 40.142.55, ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1960 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins. Stefndi krefst algerrar sýknu og að sér verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Með gagnstefnu, dagsettri 19. janúar 1961, höfðar stefndi gagnsóknarmál á hendur Jóni Valdimarssyni f. h. Smiðjunnar s/f, Ytri Njarðvík, til greiðslu á kr. 129.970.95 auk 7% ársvaxta frá 1. október 1960 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Gagnstefndi krefst algerrar sýknu af kröfum gagnstefnanda og að honum verði gert að greiða málskostnað samkvæmt taxta L.M.F.Í.

Í aðalsök

eru málavextir þessir, að sögn aðalstefnanda. Haustið 1958 keypti stefndi vélbátinn Björgu, SÍ 90, en bátur þessi heitir nú Þorsteinn, KE 79. Eftir að báturinn var kominn í eigu stefnda, kveður hann stefnda hafa komið að máli við sig og innt sig eftir, hvort hann gæti tekið að sér að setja vél niður í bátinn, og jafnframt spurt sig eftir, hvað það myndi kosta. Aðalstefnandi kveðst hafa verið fús til að vinna verkið, en sagt aðalstefnda, að erfitt væri að segja um, að óséðu, hver kostnaður yrði, en hins vegar hefði hann nýlega sett niður vél í m/b Stjarna og kostnaður við það verið milli 40 og 50 þúsund. Hann kveðst þá hafa látið þau orð falla, að ef aðalstefndi og vélstjóri hans ynnu álíka að verkinu og eigendur Stjarna hefðu gert og aðstæður væru svipaðar í bátnum og við vélina að öðru leyti, byggist hann við, að kostnaðurinn frá sinni hendi yrði nálægt 50 þúsund krónum.

Þegar báturinn var tekinn í dráttarbraut, virtist hann í fljótu bragði í góðu ásigkomulagi og ekki þurfa mikilla lagfæringa við. Hins vegar fór svo, að stýrishús, vélarreisn, olíutankar, vatnstankar, spil o. fl. var tekið úr bátnum, svo segja má, að

byrðingurinn hafi staðið strípaður eftir. Verkið lá því þannig fyrir, að byggja varð upp vél og járnverk í bátnum, næstum sem um nýsmíði væri að ræða. Verkið var því þannig, að samvinnu þurfti við aðra, svo sem skipasmiði og rafvirkja.

Milli þessara aðilja varð því að vera samvinna, og verkefnið varð því svo samofið, að einn aðili gat ekki haldið sínu starfi áfram, fyrr en aðrir höfðu lokið sínum störfum. Vélarreisn var t. d. smíðuð hjá Vélsmiðju Njarðvíkur, en járnsmíðavinnu við hana, sem vinna þurfti um borð í bátnum, kveðst stefnandi hafa annazt. Þar í var enn fremur mikil vinna við lagfæringar og breytingar vegna ýmissa aðstæðna um borð. Enn fremur við að koma upp stýrishúsi, ganga frá festingum, leggja afgaslögn gegnum stýrishús o. fl. Olíu- og vatnstankar voru smíðaðir annars staðar, en tengingar kveðst aðalstefnandi hafa annazt. Miðstöðvarlögn var lögð í stýrishús, kortaklefa og káetu, og var notazt við heitt vatn frá aflvél til hitunar. Fyrst í stað reyndist það vel, en síðan fór að bera á loftmyndun í vatninu, og reyndist þá nauðsynlegt að breyta smávægilega tengingu, en eftir það reyndist lögnin í lagi. Meðan þilfar bátsins var opið, var lítið hægt að vinna að niðursetningu vélarinnar eða öðrum frágangi við hana. Enn fremur leið nokkur tími, sem ekki var tímabært að vinna að verkinu vegna fjölda trésmiða og annarra fagvinnumanna, er voru um borð.

Kostnað við verkið í heild kveður aðalstefnandi hafa verið kr. 109.293.02, þar upp í hafi aðalstefndi greitt kr. 60.150.49, og séu því ógreiddar kr. 40.142.53, og kemur sú upphæð heim við stefnukröfuna. Hafi aðalstefndi verið ófáanlegur til að greiða þessa skuld, og sé því mál þetta höfðað. Aðalstefndi hefur uppi þessar varnir í aðalsök: Þegar hann keypti vélbátinn Björgu, IS 90, nú Þorstein, af Landsbankanum haustið 1958, hafi báturinn verið vélarlaus, en honum fylgdi ný vél, er setja þurfti niður. Hafi hann þá snúið sér til Jóns Valdimarssonar, er verið hafi aðaleigandi Smiðjunnar s/f, aðalstefnanda, og beðið Jón að gera tilboð þess efnis, fyrir hve háa upphæð fyrirtæki hans vildi taka að sér að setja vélina niður. Jón hafi þá tjáð sér, að hámarkskostnaður við niðursetningu vélarinnar væri kr. 50.000.00, og látið þess getið, að hann hefði áður sett niður vél í Stjarna og hefði það kostað kr. 40.000.00. Þegar niðursetning vélarinnar hófst, var báturinn í dráttarbraut. Í byrjun nóvember 1958 var vélin komin, og var þá hafizt handa um að setja hana niður. Verkið hafi sótzt seint og illa og enginn fagmaður unnið

að verki þessu, en Jón hafi komið sjálfur öðru hvoru og litið eftir. Eftir mikinn seinagang hafi verkinu svo verið lokið um 5. febrúar 1959. Að lokinni niðursetningu vélarinnar, kveðst aðalstefndi hafa hafið veiðar á bátnum, en alla vetrarvertíðina hafi vélin verið í ólagi, sem einkum lýsti sér í miklum og óeðlilegum titringi. Var strax kvartað undan þessu við Jón Valdimarsson, en hann gat aldrei fundið, hvað orsakaði hinn óeðlilega titring. Þessi titringur eyðilagði að sögn aðalstefnda gírfestingar tvisvar, losaði púströr, og skífa af framlengingu losnaði hvað eftir annað strax í fyrstu veiðiför, og fleiri skemmdir komu fram, sem nánar verður lýst í sambandi við gagnsök. Í lok vetrarvertíðar kom Jón Valdimarsson með reikning fyrir allt verkið, er var að upphæð kr. 82.000.00. Aðalstefndi kveðst hafa mótmælt upphæðinni, en þó ætlað að greiða hana. Var svo um talað, að upphæð þessi yrði greidd fyrir næstu áramót eftir getu.

Eftir vetrarvertíð kveðst hann hafa farið á bátnum á humar- og reknetjaveiðar. En bilanirnar héldu áfram að koma fram á vélinni, eins og verið hafði. Eftir humarveiðar var farið með bátinn í Dráttarbraut Keflavíkur til gagngerðrar athugunar. Kom þá í ljós, að stefnisrör var laust og fleiri skemmdir, sem einnig verður nánar lýst í gagnsök. Nam viðgerðarkostnaður hjá dráttarbrautinni liðlega kr. 30.000.00. Snemma um haustið kom aðalstefnandi með reikning sinn, og greiddi aðalstefndi honum þá kr. 5.000.00, og hafði hann þá greitt samtals kr. 69.000.00 fyrir verkið. Hann kveðst þá hafa lofað að greiða eftirstöðvarnar einum eða tveimur dögum síðar, en af því hafi ekki orðið vegna sundurþykkju hans og aðalstefnanda. Um það bil mánuði síðar kom aðalstefnandi aftur til aðalstefnda og framvísaði þá reikningi fyrir allt verkið, við niðursetninguna og hinar þýðingarlausu viðgerðir á eigin verki, að upphæð samtals kr. 109.292.97. Aðalstefndi kveðst þá hafa algerlega neitað að inna af hendi nokkra frekari greiðslu. Þann 25. maí 1960 voru þeir Þorsteinn Loftsson vélfræðiráðunautur og Jóhann Þorláksson vélstjóri útnefndir af yfirborgardómaranum í Reykjavík til að skoða og rannsaka niðursetningu á aflvél og fleiru í m/b Þorsteini í Keflavík og meta hæfilegt endurgjald fyrir verkið. Segir svo í skoðunar- og matsgerð þeirra, dags. 27. júní 1960:

„Hinn 29. júní 1960 fórum við til Keflavíkur og skoðuðum niðursetningu á vél og búnaði í m/b Þorsteini, KE 79, sem þá var á floti í Keflavíkurhöfn. Viðstaddir skoðunina: Eigandi bátsins, Jóhannes Jóhannesson, útgerðarmaður í Keflavík, og

Jón Valdimarsson vélsmíðameistari f. h. Smiðjan s/f í Ytri Njarðvík.

Aflvélin í bátnum er MWM dieselvél. Gerð RHS 518A, nr. 95697, 8 strokka, 215 hestöfl, við 1350 sn. á mín., smíðuð 1958. Aftan á vélinni er gangskipti- og niðurfærslubúnaður. Framan við vélina er fasttengdur ás fyrir drifbúnað hjálparvéla.

Eftir að hafa skoðað og kynnt okkur niðursetningu á vélinni og búnaði í vélarrúmi, farið reynsluferð og hlýtt á umsagnir Jóns Valdimarssonar og Jóhannesar Jóhannessonar komumst við að eftirfarandi:

1. Undir vélinni eru tvö langbönd, smíðuð úr tveimur „vinkiljárnum" hvort, sem soðin eru saman þannig, að þau mynda „skúffujárn", sem styrkt er með tveimur plötujárnsbútum, sem soðnir eru í hol skúffunnar hornrétt á skúffuflötinn og álmurnar. Neðri álma skúffujárnsins hvílir á tréundirstöðum, sem liggja á böndunum í bátnum. Þessar undirstöður ásamt „járnskúffunum" eru festar með 1⅛" boltum, 5 hvorum megin, sem að sögn J. V. ná út úr bátnum, þá eru þessi langbönd fest með járnplötubútum, tveimur hvorum megin, sem ná úr efri brún „skúffujárnsins" út á böndin í bátnum. Járnskúffurnar eru ekki tengdar saman að neðan.

2. Samkvæmt frásögn J. V. og J. J. þurfti að breyta lengd skutpípunnar, þegar hún var sett í bátinn. Ásinn var hins vegar smíðaður þannig, að hann var gildari á þeim stöðum, sem liggja áttu í skutpípulegunum. Eftir breytinguna á lengd skutpípunnar var ásinn ekki látinn hvíla nema í aftara leginu. Nú hefur þetta verið endurbætt, skrúfuás endurnýjaður.

3. Ásinn fyrir drifbúnað hjálparvéla, sem fasttengdur er við sveifarásinn að framan, hvílir í burðarlegi, sem er einnig þrýstileg. Að sögn J. V. og J. J. fylgdi þessum ás burðarleg, sem ekki var notað, en í þess stað notað kúluleg, sem bæði er burðarleg og þrýstileg í senn og framendi ássins renndur niður fyrir reimskífu. Tengsli og drifbúnaður fyrir vökvaþrýstidælur vindnanna er aftan við kúlulegið. Tengslin eru núningstengsli. Á þessum framlengingarás má ekki vera þrýstileg, þar eð þrýstileg er á sveifarás vélarinnar. „Renold" tengsli, sem sett voru í drifbúnað vökvaþrýstidælanna, hafa verið tekin úr aftur sem ónýt.

4. Hitalögnin í bátnum er nú ekki í tengslum við aðalvélina, og var því ekki hægt að sjá ástæðuna fyrir því, að hún vann ekki rétt.

5. Festieyrun á gangskiptinum aftan á vélinni hafa að sögn J. V. og J. J. tvisvar sinnum brotnað af húsinu, og voru okkur sýnd nokkur brotin eyru.

Álit okkar er eftirfarandi:

I. Framangreint fyrirkomulag á skutpípu og skrúfuás með tilheyrandi teljum við hafa verið ónothæft og álítum það meginorsök þess, hve mikið vélin titraði og hristi sig lausa. Önnur ástæðan sú, að undirstöðurnar undir vélinni hafa ekki nægan styrkleika, vantar næstum allan þverbinding. Aðrar bilanir, sem taldar eru upp, svo sem brot á gangskiptifestingum, losun eða brot á útblásturspípu, framlengingu o. fl., eru að mestu afleiðingar af hristingi vélarinnar og skekkju. Tengslin við vindudælurnar voru ekki af þeirri gerð, sem hentar fyrir þessa notkun.

II. Hæfilegan tímafjölda til að vinna það verk, sem hér um ræðir, miðað við árstíma og aðstæður, teljum við hæfilega metinn 1500 vinnustundir. Vélavinna, efni o. fl. samtals kr. 18.400.00.

Reykjavík, 27. júní 1960."

Annar matsmaðurinn, Jóhann Þorláksson, hefur komið fyrir dóm og staðfest matsgerðina. Vitnið lýsti því yfir, að það minntist þess ekki, að því hefði verið kunnugt um, að báturinn hefði orðið fyrir nokkrum sjóskaða, áður en matið fór fram. Það treysti sér heldur ekki til að segja um, hvort vitneskja um það hefði að einhverju leyti breytt mati sínu. Þegar vitnið var að því spurt, hvort það myndi, hvaða vinna sé innifalin í vinnustundafjölda þeim, er greinir í matsgerðinni, kvaðst það ekki geta svarað því, þar sem það hefði ekki sundurliðað matið. Ekki kvaðst vitnið vita um lengd skrúfuássins í heild, en ástæðuna til titrings vélarinnar telur það hafa verið þá, að fremri legu hafi vantað í skutpípuna, og fjarlægðin því lengzt milli stuðningspunkta.

Lögmaður aðalstefnanda mótmælti framburði vitnisins sem röngum og óstaðfestum svo og matinu öllu. Ekki taldi lögmaður aðalstefnda ástæðu til að kalla vitnið aftur fyrir rétt og láta það staðfesta framburð sinn.

Aðalstefnandi, Jón Valdimarsson, hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að innifalið í stefnukröfunni sé, að skipt hafi verið um stýrishús og smíðuð undirstaða undir stýrisvél, er sjóða varð niður á vélarreisnina. Enn fremur hafi orðið að leggja

stýriskeðjurör aftur út úr stýrishúsinu aftur að stýrissveif. Þá hafi miðstöðvarlögn í stýrishús, kortaklefa og káetu einnig verið innifalin í verkinu.

Aðalstefndi, Jóhannes Gunnar Jóhannesson, hefur komið fyrir dóm og viðurkennt rétt, að aðalstefnandi hafi sett nýtt stýrishús og vélarreisn í bátinn og hann hafi unnið við tengingu stýrisása frá vél og stýri og lagt miðstöðvarhitun í káetu og stýrishús. Enn fremur hafi hann annazt festingu olíutanka í skipið ásamt tengingum í þá og séð um niðursetningu og tengingu nýrrar þilfarsvindu, er sett var í bátinn. Hann tók fram, að ekki hefði upphaflega verið gert ráð fyrir, að Smiðjan annaðist uppsetningu tankanna.

Hafa nú verið raktar þær meginmálsástæður, sem aðiljar hafa fært fram í aðalsök. Hinir sérfróðu dómendur hafa gaumgæfilega rannsakað hina framlögðu reikninga og matsgerð þá, sem lögð hefur verið fram. Það er sameiginlegt álit þeirra, að reikningar þeir, sem fram hafa verið lagðir í málinu, með þeim skýringum, sem fram eru komnar í öðrum skjölum og við aðiljayfirheyrslu, séu ekki óeðlilega háir með hliðsjón af því verki, sem aðalstefnandi innti af höndum. Styðst það álit þeirra við samanburð á hliðstæðri vinnu, sem þeim er kunnugt um, að framkvæmd hafi verið á sama tíma og hér um ræðir.

Leiðir þetta álit hinna sérfróðu dómenda til þess, að taka ber aðalkröfu stefnanda að fullu til greina ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og krafizt er.

Gagnsök.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi upphaflega þær réttarkröfur, að gagnstefndi, Jón Valdimarsson f. h. Smiðjunnar, Ytri Njarðvík, greiði gagnstefnanda kr. 129.970.95 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. október 1960 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins lækkaði hann kröfuna niður í kr. 41.190.05.

Kröfur sínar í gagnsök byggir gagnstefnandi á því, að eftir að niðursetningu vélarinnar var lokið og veiðar hófust, hafi strax komið fram mikill hristingur á vélinni. Þessi hristingur hafi eyðilagt gírfestingar tvisvar, losað púströr, skífa af framlengingu hafi losnað hvað eftir annað strax í fyrstu veiðiferð og framlenging á vélinni bilað. Engin reim hafi tollað á dynamó, vegna þess hve skakkur hann var, kúpling á spili eyðilagzt alveg, miðstöð aldrei verið nothæf og olíuaffallsrör verið stíflað,

vegna þess hvernig það var soðið saman. Gagnstefndi hafi reynt að gera við þessar bilanir, en viðgerðir ekki komið að neinu haldi. Kostnaður vegna þessara bilana, greiddur öðrum, hafi numið kr. 41.190.05, og enn fremur kveðst gagnstefnandi hafa lagt til viðgerðanna varahluti, samtals að verðmæti kr. 21.732.20.

Gagnstefnandi lítur svo á, að allar þessar bilanir megi rekja til óvandvirkni við niðursetningu vélarinnar, og styður það álit sitt við matsgerð þá, er um getur í aðalsök.

Gagnstefndi hefur mótmælt þessu áliti gagnstefnanda og bendir á, að engin bilun hafi orðið á vélinni sjálfri á því tímabili, er báturinn var að einhverju leyti í viðskiptum við hann. Aftur á móti hafi ýmsir tengihlutir við vélina bilað, sem orsakazt hafi af því, að vélin var látin ganga laus í bátnum langtímum saman, sökum þess að ekki hafi verið fylgzt með vélarfestingunni, þ.e.a.s. hert á festiboltum, sem nauðsynlegt sé, þegar ný vél er sett niður, sökum þess að hampurinn og jafnvel byrðingurinn gefa smám saman eftir, og kemur þá los á rærnar, en við það orsakast hristingur í vélinni. Verði því vélamenn jafnan að fylgjast með festingunum og herða á rónum, eins og þörf gerist. Þetta hafi viðkomandi vélamaður ekki gert, og megi því rekja orsakir ofangreindra bilana til vanrækslu hans.

Í skoðunargerð hinna dómkvöddu manna, sem um getur í aðalsök, segir svo: Fyrirkomulag á skutpípu og skrúfuás með tilheyrandi teljum við, að verið hafi ónothæft, og álítum það meginorsök þess, hve mikið vélin titraði og hristi sig lausa. Önnur ástæðan er sú, að undirstöðurnar undir vélinni hafa ekki nægan styrkleika, vantar næstum allar þverbindingar.

Telja skoðunarmennirnir, að bilanir, svo sem brot á gangskiptifestingum, losun eða brot á útblásturspípu, framlengingu o. fl., séu að mestu afleiðingar af hristingi vélarinnar og skekkju.

Við þetta álit skoðunarmannanna hefur gagnstefndi gert þær athugasemdir, að skutpípan hafi ekki verið stýringarlaus að innanverðu, svo sem gefið er í skyn í skoðunargerðinni, legan hafi að vísu verið rýmri en gert var ráð fyrir í upphafi (ca. 1 mm), en skrúfuásinn hafi legið í tólgarþræði, sem hafi haft tvíþættar verkanir, þ. e. til þéttingar og til að halda öxlinum þannig að draga úr hugsanlegum titringi á ásnum. Í því sambandi getur hann þess, að aldrei sé miðað við, að skrúfuásinn haldi vélinni á réttum stað, heldur að vélin beri innri enda hans uppi og skammti honum gangstöðu.

Þá hefur gagnstefndi mótmælt því áliti skoðunarmannanna,

að undirstöðurnar hafi ekki verið með nægilegum styrkleika, og haldið því fram, að þær hafi haft margfaldan styrkleika, miðað við þyngd og orku vélarinnar. Þá bendir hann á, að undirbygging vélarinnar, að því er tréverk varðar, hafi verið sér algerlega óviðkomandi.

Undir rekstri málsins hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 17 skýrsla um sjótjón þann 14. október 1959. Samkvæmt þessu dómskjali vildi svo til, er báturinn var að koma úr róðri og kominn nokkuð inn fyrir Garðskaga, að skipverjar urðu þess varir, að vélin tók að þyngja á sér og hrista bátinn óvenjumikið, og var þá hægt á og kúplað sundur til þess að athuga, hvað komið hefði fyrir. Létu skipverjar sér helzt til hugar koma, að eitthvað hefði komið í skrúfuna. Var nú keyrt með hægri ferð til Keflavíkur og látið standa við bryggju þar. Kom í ljós, að partur úr netjabauju var þar ásamt þungri keðju og færisbút. Tjóninu var lýst þannig, að stefnisrör hafi losnað og festingar í gír brotnað. Tekið er fram í skýrslunni, að reynt hafi verið að ná úr skrúfunni, en reynzt árangurslaust, fyrr en komið var með bátinn á þurrt.

Þegar gagnstefnandi kom fyrir dóm 17. maí 1963, skýrði hann frá því, að á vetrarvertíð 1959 hafi báturinn fengið í skrúfuna bólfæri við netjatrossur úr tógi. Í réttarhaldi 7. apríl 1964 var hann nánar spurður um þetta atriði, og kvaðst hann þá ekki geta munað greinilega eftir þessu, en áleit, að þeir hafi sjálfir náð tóginu úr skrúfunni í þetta skipti.

Hann sagði, að þeir hefðu fundið, að þessi bólfæri þyngdu gang vélarinnar, en urðu ekki varir við neinar skemmdir á henni af þeim ástæðum. Hann gat þess enn fremur, að algengt væri, að bátar fengju bólfæri í skrúfurnar, en næðu því sjálfir úr. Ekki segist hann geta gert sér grein fyrir, hvenær á vetrarvertíð 1959 þetta var. Í réttarhaldi 17. maí 1964 kvaðst gagnstefnandi ekki muna, hvort tjónið, sbr. dskj. nr. 17, hafi verið metið sem sjótjón og bætt sem slíkt. Síðan leggur hann fram sem dskj. nr. 41 reikning yfir viðgerð á framangreindu tjóni, er nam kr. 32.245.11. Kemur þetta að mestu leyti heim við sjótjónsreikning á dskj. nr. 46.

Gagnstefnandi hefur lýst því yfir fyrir dómi, að hugsanlegt sé, að eitthvað af ágöllum bátsins megi rekja til sjótjónsins, sbr. dskj. nr. 17, en tók jafnframt fram, að gallar hafi verið farnir að gera vart við sig löngu áður. Þá hefur gagnstefnandi upplýst, að aldrei hafi verið skipt um skrúfuás í bátnum, og enn

fremur, að eftir að gert var við tjónið, sbr. dskj. nr. 17 og 41, hafi ekki aðrar bilanir komið fram en að framlengingin hafi verið þeim erfið eftir sem áður. Gagnstefnandi kveðst ekki sjálfur hafa fylgzt með, hvort hert hafi verið á festiboltum, jafnótt og þeir losnuðu, en lagt fyrir vélstjórann að gera það. Þegar festieyru gírkassans brotnuðu, hafi þeir orðið þess varir, að aðalfestiboltar að aftan voru farnir að losna. Þá upplýsti hann einnig, að ekki hefði verið bætt við þverbindingum til styrktar undirstöðubitum vélarinnar, þegar gert var við tjónið í árslok 1959 í Dráttarbraut Keflavíkur. Séu því undirstöður vélarinnar óbreyttar, frá því hún var sett niður.

Í réttarhaldi 16. marz s.l. leggur gagnstefnandi fram reikninga til stuðnings gagnstefnukröfunni. Í réttarhaldi 24. apríl 1964 dregur hann til baka ýmsa reikninga og liði í reikningunum, sem hann segir, að slæðzt hafi inn í af misskilningi, þannig að við munnlegan málflutning var gagnstefnukrafan kr. 41.190.05.

Skal nú vikið aftur að matsgerðinni á dskj. 12. Að áliti hinna sérfróðu manna í dóminum er þar of fast kveðið að orði, er matsmenn telja, að fyrirkomulag á skutpípu og skrúfuás með tilheyrandi hafi verið ónothæft og það sé meginorsök þess, hve mikið vélin titraði og hristi sig.

Því er ómótmælt í málinu, að skrúfuásinn hafi verið stuttur, þótt ekki hafi fengizt upplýst, hver lengd hans var. Dregur það úr sveifluhættu, sem orsakast kann af löngu bili milli stuðningspunkta. Er því hætta á hristingi af völdum skrúfuáss naumast fyrir hendi, ef legur eru óslitnar og ásinn beinn.

Þá eru hinir sérfróðu dómendur sammála matsmönnunum um það, að æskilegra hefði verið, að þverbinding væri á milli undirstöðubita, en vélarteikning sýnir, að erfitt hafi verið að koma þeim fyrir.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, hefur ekki borið á titringi á vélinni, eftir að tjónsviðgerðin fór fram í árslok 1959, þótt undirstöðum hafi ekki verið breytt.

Matsmennirnir telja, að skrúfuás hafi verið endurnýjaður, og á reikningi fyrir viðgerð eftir sjótjón er þess getið, að öxullinn hafi verið renndur. Hins vegar telur gagnstefnandi, að ekki hafi verið skipt um skrúfuás. Er því ljóst, að við áðurgreinda viðgerð hefur komið í ljós skemmd á skrúfuás. Það er því álit hinna sérfróðu dómenda, að skrúfuásinn muni hafa bognað eða skemmzt við það, að bólfæri eða annað hafi farið í skrúfuna á vetrarvertíðinni 1959, þótt ekki sé sannað, hvenær það hafi

verið, og verður að telja það ásamt tjóninu, sem um getur á dskj. nr. 17, líklegustu orsökina til hristings vélarinnar, enda tekur fyrir allan óeðlilegan hristing, að sögn gagnstefnanda, er gert er við skrúfuásinn.

Þá telja hinir sérfróðu dómendur, að hristingur sá, sem talið er, að fram hafi komið, strax eftir að vélin var sett niður, geti hafa orsakazt af því, að ekki hafi verið hert nægilega á róm festibolta. Aftur á móti sé ósannað í málinu, að hinn umtalaði hristingur hafi orsakazt af gallaðri niðursetningu vélarinnar.

Þá er það heldur ekki sannað, að bilanir á tengsli við spildælu, drif eða rafal sé gagnstefnda að kenna, heldur stafi þær af gerð tækjanna sjálfra.

Þegar alls þessa er gætt, telur dómurinn, að gagnstefnandi hafi ekki fært nægileg rök fyrir gagnkröfu sinni, og ber því að sýkna gagnstefnda.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber aðalstefnda til að greiða aðalstefnanda kr. 40.142.53 ásamt vöxtum, svo sem krafizt er. Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af kröfum gagnstefnanda.

Þegar ákveða skal málskostnað í gagnsök, verður ekki hjá því komizt að líta til þess, að gagnstefnandi hefur lagt fram til stuðnings gagnkröfum reikninga, sem hann hefur gert margar breytingar á. Hefur þessi ónákvæmni orðið til þess að gera málið flóknara og torveldara í meðferð.

Þegar á þetta er litið, þykir málskostnaður í aðalsök og gagnsök hæfilega ákveðinn kr. 13.000.00.

Dóm þenna kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendunum Jóhannesi Zoëga vélaverkfræðingi og Hallgrími Jónssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Jóhannes Jóhannesson, greiði aðalstefnanda, Jóni Valdimarssyni f. h. Smiðjunnar s/f, Ytri Njarðvík, kr. 41.142.53 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1960 til greiðsludags.

Í gagnsök skal gagnstefndi, Smiðjan s/f, vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Jóhannesar Jóhannessonar.

Aðalstefndi, Jóhannes Jóhannesson, greiði aðalstefnanda málskostnað í aðalsök og gagnsök, kr. 13.000.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desember 1965.

Nr. 132/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Magnúsi Einarssyni
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsáverkar. Ákæra um brot gegn 218. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Starfsskyldur ákærða voru meðal annars að gæta reglu í veitingahúsinu og sjá um, að ölvað fólk fengi ekki inngang. Sannað er, að kærandi, Össur Ásgeir Halldór Jónsson, og eiginkona hans voru ölvuð, þegar ákærði synjaði þeim inngöngu í veitingahúsið. Hefur kærandi borið, að hann hafi „ýtt fast á dyravörðinn með öxlinni og ætlaði að pressa sig inn". Kveðst vitni þetta ekki geta borið um, hvort ákærði „beinlínis tók á því með gripi eða hvort hann eingöngu stjakaði við því með opnum lófa". Leggja verður til grundvallar framburð ákærða, sem studdur er af vætti vitnisins Björgvins Lútherssonar, um það, að ákærði hafi ýtt kæranda frá dyrunum með hægra handarbaki. Ákærði þurfti að hleypa inn gestum og loka dyrunum. Þetta starf gat ákærði ekki rækt, nema með því að bægja kæranda frá dyrunum. Eins og atvikum var háttað, en þeim er lýst í héraðsdómi, þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi stjakað það hart við kæranda, að hann verði talinn hafa gerzt offari í þeim aðgerðum. Þykir því bresta sannanir fyrir refsiverðri sök ákærða. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti ber að leggja á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Einarsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Hinn 12. október 1963, milli kl. 2000 og 2100, kom Össur Ásgeir Halldór Jónsson ásamt konu sinni úr vínblönduboði að veitingastaðnum Klúbbnum, þar sem þau hjónin höfðu mælt sér mót með kunningjum sínum, pantað borð og hugðust eta kveldverð. Ákærði var þarna við dyravörzlu. Synjaði hann Össuri Ásgeiri inngöngu vegna ölvunar. Össur Ásgeir fór eigi burt, heldur þrábað ákærða um leyfi til inngöngu og reyndi að smokra sér inn með gestum, sem hleypt var inn í húsið, en var varnað þess af ákærða.

Er þessu hafði fram gengið um alllanga stund, leiddist ákærða þófið, setti hönd sína á brjóst Össuri Ásgeiri, sem var að reyna að troða sér inn, og hrinti honum aftur á bak, þannig að Össur Ásgeir féll aftur yfir sig niður af tveggja þrepa palli, sem er framan við dyr veitingahússins. Tók Össur Ásgeir konu sína með sér í fallinu.

Við fallið hlaut Össur Ásgeir brot á vinstra ökla með liðhlaupi og svo sköddun á liðböndum.

Ákærða var að vísu rétt að aftra Össuri Ásgeiri, slævðum af víni, inngöngu í veitingahúsið. Ákærði varð samt offari, þá er hann hrinti Össuri Ásgeiri aftur á bak af svo miklu afli, að hann þeyttist aftur yfir sig af pallinum og hlaut af lemstur. Afleiðing verks þessa varðar ákærða við 218. gr. laga nr. 19/1940. En þar sem ákærði var þarna við dyragæzlu og Össur Ásgeir þrengdi nokkuð að honum, þykir rétt samkvæmt 1. tl. og síðustu málsgr. 74. gr. laga nr. 19/1940 að fella refsingu ákærða niður.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Magnúsar Einarssonar, fellur niður.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. janúar 1965.

Ár 1965, föstudaginn 22. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 629/1965: Ákæruvaldið gegn Magnúsi Einarssyni, sem tekið var til dóms 7. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 7. nóvember 1964, höfðað gegn ákærða, Magnúsi Einarssyni lögreglumanni, Mávahlíð 3, hér í borg, fyrir að hafa, um kl. 2045 laugardagskvöldið 12. október 1963, sem dyravörður í veitingahúsinu Klúbbnum í Reykjavík, hrint Össuri Ásgeiri Halldóri Jónssyni teppalagningarmanni, Hólmgarði 40 í Reykjavík, svo frá dyrum nefnds veitingahúss, er hann leitaði þar eftir inngöngu, að hann féll aftur fyrir sig niður af tveggja þrepa palli og hlaut af brot á vinstri ökla með liðhlaupi svo og sköddun á liðböndum og var lengi frá verkum.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 3. janúar 1937 í Reykjavík.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

1955 3/10 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar.

— 24/10 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

1956 14/2 Rvík: Áminning fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 12. október 1963, klukkan 2045, var hringt á lögreglustöðina í Reykjavík og óskað aðstoðar að veitingastaðnum Klúbbnum. Fóru þrír lögreglumenn á staðinn og vísuðu þaðan Össuri Ásgeiri Halldóri Jónssyni og konu hans, að ósk dyravarðar hússins, ákærða í máli þessu. Virtist lögreglumönnum sem Össur Ásgeir Halldór væri úr öklalið og fluttu hann því á Slysavarðstofu Reykjavíkur til aðgerðar og athugunar. Samkvæmt vottorði Slysavarðstofunnar var komið með hann þangað klukkan 2100.

Fimmtudaginn næsta á eftir kærði nefndur Össur Ásgeir Halldór Jónsson teppalagningarmaður, fæddur 25. desember 1914, til rannsóknarlögreglu yfir því, að hann væri fótbrotinn af völdum ákærða, sem hefði hrundið sér. Tók rannsóknarlögreglan samdægurs skýrslu af kæranda, og hinn 29. júní 1964 kom hann fyrir dóm sem vitni. Var frásögn kæranda á þá leið, að hann hefði verið í síðdegisboði ásamt konu sinni laugardaginn 12. október 1963 og drukkið þar þrjú glös af „cocktail". Í boðinu hittu þau önnur hjón, þeim áður ókunn, og varð úr, að þau færu öll saman á veitingastaðinn Klúbbinn, en kærandi og kona hans höfðu áður mælt sér mót þar við nokkra kunningja sína til kvöldverðar. Taldi kærandi, að komið hafi verið á veitingastaðinn á milli klukkan 2030 og 2100. Um leið og kærandi gekk upp útidyratröppur veitingastaðarins, kvaðst hann hafa tekið eitthvert bakslag, og taldi hann, að ákærði, sem þarna var við dyravörzlu, hefði af þeim sökum neitað sér um inngöngu sakir ölvunar, enda þótt hann hefði þá alls ekki verið áberandi ölvaður. Hin hjónin hverfa fljótlega á brott, en þau kærandi og kona hans vildu reyna frekar til að komast í kvöldverðinn með kunningjafólki sínu. Sagði kærandi, að ákærði hefði lokað útidyrahurðinni, eftir að honum var neitað inngöngu, en fljótlega komu að fleiri gestir, og var þá opnað. Kvaðst ákærði hafa verið fremst í hópnum og ítrekað ósk sína um að fá að komast inn eða hafa tal af kunningjafólki sínu og jafnframt reynt að ýta sér inn með því að berast með straumnum, enda fast verið ýtt aftan á hann af hinum gestunum. Setti dyravörðurinn kæranda þá til hliðar, og var það gert illindalaust. Samtímis sagði kærandi, að einhver inni í gangi veitingastaðarins hefði hrópað, „á hvaða nafni" borð hans væri, en það vissi kærandi ekki, enda bað hann ekki um borðið sjálfur. Hjá rannsóknarlögreglu skýrði kærandi svo frá, að hann hefði í þessu talið sig sjá einn úr

kunningjahópnum og því ýtt fast á dyravörðinn með öxlinni og ætlað að pressa sig inn til þess að ná sambandi við manninn. Dyravörðurinn hefði þá tekið framan í brjóstið á honum, hent honum aftur á bak og kastið verið svo mikið á honum, að hann hefði lent á konu sinni, sem hálffféll undir hann, en sjálfur hefði hann dottið til hliðar og aftur á bak niður úr tröppunum. Rétt í þessu kom lögreglubifreið og flutti hann beint á Slysavarðstofu. Fyrir dómi sagði kærandi, að á meðan samræðurnar um, hver hefði beðið um borðið, stóðu yfir, hefðu hinir gestirnir farið inn í húsið, en þegar hann ætlaði að fara að rifja upp nöfn þeirra, sem gætu hafa verið skrifuð fyrir borðinu, hefði ákærði hrint honum aftur á bak með annarri hendinni, og gat hann ekki borið um, hvorri hendinni hann beitti fyrir sig né hvort ákærði hefði beinlínis tekið á honum með gripi eða einasta stjakað við honum með opnum lófa. Kvaðst kærandi hafa hrökklazt aftur á bak af pallinum og í því borið fót fyrir sig, og muni hann hafa skollið utan í tröppuna, enda jafnframt fundið til mikils sársauka í fætinum. Þar sem ferðin hefði verið svo mikil á sér, sagðist kærandi aftur hafa borið fyrir sig meidda fótinn niður á stéttina. Sagði kærandi, að kona hans hefði staðið skáhallt og til hliðar fyrir aftan sig, og muni hann hafa gripið til hennar í fallinu. Kærandi kvaðst hafa hafnað á stéttinni fyrir neðan tröppurnar, endilangur og aftur á bak, en eiginkona hans við hlið hans, og muni aðeins annar handleggur hennar hafa lent undir honum, en konan hins vegar ekki lent ofan á honum. Kærandi sagðist hafa reiðzt við fallið, en áður en honum var hrint, hafði ekki verið um nein illindi eða átök að ræða milli hans og ákærða, nema ef telja skyldi þann „þrýsting", þegar ákærði lét hann til hliðar, um leið og fólkinu var hleypt inn.

Eiginkona kæranda, Helga Stella Guðmundsdóttir, skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að þau hjón hefðu ekki verið mikið undir áhrifum áfengis, og taldi, að ekki hefðu sézt áfengisáhrif á kæranda, en hins vegar hefði hann tekið bakfall, um leið og hann gekk upp tröppurnar, svo að ákærði sagði, að þetta fólk færi ekki inn eða eitthvað í þá átt. Hin hjónin fengu þó heimild til inngöngu, og fór maðurinn inn í húsið um stund, en síðan hurfu þau á brott. Þeim kæranda og vitninu þótti hins vegar ekki sanngjarnt að vera neitað um inngöngu og biðu, þar til næst var hleypt inn, en gengu þá upp að dyrunum. Kvaðst vitnið hafa staðið aðeins til hliðar við dyrnar og minnti, að það væri þá aðeins fyrir aftan og til hliðar við kæranda.

Sagðist vitnið ekki hafa vitað fyrr til en einhver slinkur hefði komið á það og það henzt niður af pallinum ásamt kæranda. Hélt vitnið, að hann hefði frekar lent ofan á því en það ofan á honum. Að minnsta kosti hefðu bæði fallið, en ekki vissi vitnið, hvernig á því stóð, að þau duttu, fannst eins og einhver þrýstingur kæmi á það, en tók ekki eftir, hvort gripið væri í það. Sagðist vitnið strax hafa orðið vart við, að kærandi væri slasaður á fæti. Vitnið kvaðst hafa verið marið hér og þar á líkamanum eftir fallið. Ekki mundi vitnið, hvort þau hefðu verið búin að ganga einu sinni að hurðinni og banka, áður en þetta gerðist og frá því, að þau reyndu fyrst að fara inn. Fyrir dómi bar vitni þetta, að það hefði einu sinni bankað árangurslaust á útidyrnar. Þar greindi vitnið einnig svo frá, að það hefði fallið kylliflatt aftur á bak við hlið kæranda og aðeins hægri handleggur þess verið undir líkama mannsins. Um það bil sem vitnið var að standa á fætur, heyrði það einhvern segja fyrir aftan sig: „hvers slags aðfarir eru þetta eiginlega", og hélt, að vitnið Björgvin Lúthersson hefði mælt þessi orð. Vitnið kvað nafngreinda konu, sem komið hefði þarna að eftir slysið, hafa sagt því síðar, að hún hefði heyrt nefndan Björgvin ávíta ákærða fyrir meðferðina á fólkinu, en ekki voru atriði þessi borin undir vitnið Björgvin né nefnda konu.

Ákærði var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu hinn 22. október 1963. Skýrði hann svo frá, að hann hefði verið við dyravörzlu veitingastaðarins ásamt vitninu Björgvini, er kærandi kom þangað ásamt konu sinni og öðrum hjónum greint kvöld, klukkan um 2015. Neitaði ákærði kæranda og konu hans um inngöngu, þar sem hann taldi þau ölvuð, en sagði hinum hjónunum frjálst að koma inn, og fór maðurinn inn nokkra stund.

Á meðan kvað ákærði ölvaða fólkið hafa verið að reyna að komast inn og eins eftir að samferðamaður þess kom út aftur, en ákærði sagðist hafa haldið honum frá dyrunum og boðizt til að útvega því bifreið. Þegar allsgáðu hjónin fóru, kvað ákærði sér hafa verið farið að leiðast þófið, og því farið og hringt á lögreglu. Um stund var hurðin lokuð, og engir gestir komu að, en á meðan bankaði hið ölvaða fólk á hurðina. Þegar gestir komu næst, opnuðu þeir ákærði og vitnið Björgvin og stóðu hvor sínum megin við dyrnar. Kom þá kona kæranda að dyrunum og hann fyrir aftan hana. Sagði ákærði, að þannig hagaði til, að hurðin opnaðist alveg út, innan á henni væri slá, fest á ská, og hefði konan tekið hægri hendi um slána og kærandi

haldið efst um hana með sömu hendi. Ákærði sagði, að pallurinn fyrir framan dyrnar væri mjög stuttur og næði ekki nema skammt út fyrir hurðina, þegar hún væri upp á gátt, en þar fyrir neðan voru tvær tröppur niður á hellulagða stétt. Þegar gestirnir voru að koma að dyrunum, kvaðst ákærði hafa beðið hið ölvaða fólk að fara frá, en það hlýddi því ekki, svo að ákærði setti hægri hönd á brjóstið á ákærða og ýtti honum frá, en hann missti þá jafnvægið, féll aftur fyrir sig og greip í konuna um leið með vinstri hendi (þannig í lögregluskýrslu), en hún missti einnig við það jafnvægið og datt ofan á manninn niður á hellulagða pallinn og kom með sitjandann niður á fæturna á honum. Vitnið Björgvin hefði þá strax farið út og ætlað að hjálpa kæranda á fætur, en hann ekki viljað þiggja hjálpina, staðið sjálfur upp án hjálpar, hoppað á öðrum fæti og sagzt hafa farið úr liði, en ákærði kvaðst ekki hafa tekið mark á þessu, þar sem hann vildi ekki þýðast aðstoðina. Kom lögreglan svo og fór með kæranda. Ákærði sagði, að sér hefði þótt ákaflega leiðinlegt, að þetta skyldi hafa komið fyrir, því að meiningin hefði ekki verið að meiða manninn, enda höfðu engin illindi átt sér stað, og taldi, að þetta hefði verið hrein slysni, sem stafað hefði af ölvunarástandi mannsins. Fyrir dómi bar ákærði, að kærandi og kona hans hefðu verið nokkuð mikið áberandi undir áhrifum áfengis. Sagðist ákærði hafa tekið eftir því, strax og kærandi kom út úr bifreiðinni, að hann reikaði í spori, og í fyrri útidyratröppunni tók hann „bakslag", einnig var hann ör í fasi. Að áliti ákærða var konan ekki eins áberandi undir áfengisáhrifum, reikaði þó lítillega, en var stilltari í fasi. Sagði ákærði, að kærandi hefði ekki viljað fara að tilmælum samferðamanns síns að fara brott, þvert á móti haft á orði, að hann skyldi komast inn í veitingasali hússins, hvernig svo sem hann færi að því. Gizkaði ákærði á, að kærandi hefði dvalið við dyrnar um 25 mínútur, áður en hann gerði lögreglu aðvart. Sökum anna taldi hann, að það hefði dregizt í 12—14 mínútur, að lögreglan komst á vettvang. Á meðan og skömmu fyrir komu lögreglunnar vildi óhappið til. Þessi tímamörk ákærða fá vart samrýmzt þeim tímum, sem greindir eru á lögregluskýrslu og vottorði Slysavarðstofu, en samkvæmt þeim gögnum var fyrst óskað aðstoðar lögreglu klukkan 2045, en komið með kæranda á Slysavarðstofu klukkan 2100. Þegar óhappið átti sér stað, sagði ákærði, að kærandi muni hafa staðið fyrir miðjum dyrum, konan vestan við hann, bæði staðið tæpt, en

maðurinn þó öllu utar. Kveðst ákærði hafa ýtt honum frá dyrunum með handarbakinu, þannig að hann féll aftur á bak, eða öllu heldur hörfaði aftur á bak, en er hann reyndi að bera fyrir sig fæturna, þá steig hann út af pallinum og missti við það jafnvægið. Um leið sleppti kærandi takinu á hurðarslánni, greip með sömu hendi í konu sína, tók hana með sér í fallinu, og duttu þau bæði aftur á bak á stéttina fyrir neðan tröppurnar, og kom konan ofan á manninn. Staðhæfði ákærði, að ekki hefði verið um handalögmál eða átök að ræða fyrir óhappið, nema ef telja skyldi, að kærandi greip jafnan um handlegg ákærða, er honum var ýtt frá. Minntist ákærði þess ekki, að kærandi hefði verið með nein skammaryrði, þótt hann væri hávær og nokkuð mikið ör eða æstur. Sagði ákærði, að honum hefði aldrei runnið í skap við manninn.

Framburður vitnisins Björgvins Lútherssonar, sem annaðist dyravörzlu veitingastaðarins ásamt ákærða, var á þá lund hjá rannsóknarlögreglu, að það hefði komið að útidyrunum einhvern tíma „upp úr" kl. 2000, þá verið bankað, og lauk vitnið upp hurðinni. Skipti þá engu, að kærandi og kona hans réðust að vitninu og ætluðu að koma sér inn. Virtist vitninu þau vera undir áhrifum áfengis og hafði áður fregnað, að ákærði hefði neitað þeim um inngöngu. Vitnið hleypti öðrum gestum inn og sagði jafnframt við ákærða, að hringja yrði á lögreglu til að fjarlægja fólkið frá dyrunum. Sagði vitnið, að ákærði hefði farið til að hringja, en það verið að hleypa inn á meðan, og í hvert skipti, sem opnað var, hefði fólk þetta komið og viljað fara inn. Þegar ákærði kom aftur, voru gestir að streyma inn, en kærandi ágerðist með að reyna að troða sér inn í hvert sinn, sem opnað var. Í eitt skiptið kom nokkuð stór hópur að dyrunum, og kvaðst vitnið þá hafa haldið hurðinni opinni, til vinstri, hjónin strax komið og viljað inn, ákærði ætlað að halda þeim frá sér til hægri og ýtt við manninum frá dyrunum, en hann missti þá jafnvægið og datt aftur á bak, greip í konu sína um leið, svo að hún datt ofan á hann niður á stéttina. Kvaðst vitnið hafa farið til að hjálpa honum á fætur, hann ekki viljað þýðast það, en einhver maður komið og reist hann upp. Vitnið sagðist hafa reynt að koma kæranda í leigubifreið á Slysavarðstofu, en hann viljað bíða eftir lögreglu, sem kom að í sama mund. Kvaðst vitnið ekki hafa vitað til, að kærandi hefði farið að dyrunum, eftir að honum var hjálpað á fætur, og ekki mundi vitnið, hvort kærandi heimtaði að fá að fara inn eftir það. Fyrir

dómi bar vitnið Björgvin Lúthersson, að þá er slysið varð, hefði það staðið vestanvert í dyrunum og haldið þeim opnum, en ákærði staðið að austanverðu. Hjónin voru bæði á tröppupallinum, konan að vestanverðu, austanvert við vitnið, en ekki gat það fullyrt, hvort þau hefðu haldið í hurðina. Sagði vitnið, að ákærði hefði stjakað manninum frá dyrunum með því að ýta á hann með handarbaki hægri handar, en þar sem maðurinn var mjög drukkinn, hélt hann ekki jafnvægi og greip í konu sína, um leið og hann féll aftur á bak og konan ofan á hann. Sagði maðurinn þá strax, að hann væri farinn úr liði, en neitaði þó hjálp vitnisins, enda taldi vitnið, að hann hefði staðið í þeirri meiningu, að honum hefði verið hrint af vitninu. Þrátt fyrir það kvaðst vitnið ásamt öðrum manni hafa hjálpað honum á fætur. Eftir það hoppaði maðurinn upp á tröppupallinn og ítrekaði fyrirætlun sína um að komast inn í húsið. Nokkrum mínútum síðar kom lögreglan, og hugði vitnið, að þá hefði verið liðinn um stundarfjórðungur, frá því að hún var kvödd á staðinn. Vitnið staðhæfði, að ekkert annað fólk hefði staðið á tröppupallinum eða í tröppunum, þá er slysið varð, og taldi sennilegt, að gestir hefðu þá verið nýfarnir inn í húsið og aðrir að koma aðvífandi.

Hjón þau, sem fóru með þeim kæranda og konu hans að veitingastaðnum, báru vætti í málinu. Sögðu þau, að öll fjögur hefðu þau neytt áfengis í síðdegisboði þenna sama dag, en þar kynntust þau. Kom hjónunum mjög á óvart, að kæranda og konu hans skyldi vera meinuð innganga, ástand þeirra ekki gefið tilefni til slíks, en kærandi hefði misstigið sig í tröppunum, og væri orsakar ef til vill þar að leita. Bar konan, að á meðan eiginmaður hennar var inni í veitingastaðnum, hefðu kærandi og kona hans reynt að komast inn og lent í einhverju þrefi út af því, þó ekki neinum átökum, en þau hjónin virtust mjög sár og leið yfir þessu, einkum þar eð þau hefðu mælt sér þarna mót við fólk. Kærandi og kona hans vildu reyna frekar að komast inn, en hin hjónin sögðust brátt hafa horfið á brott.

Vitnið Hannes Heiðar Jónsson, Lágafelli, Mosfellshreppi, hugðist neyta kvöldverðar með kæranda og konu hans á veitingastaðnum greint sinn. Fór vitnið, sem ekki var undir áhrifum áfengis, niður í anddyrið að líta eftir þeim. Varð vitnið þar vart við þau, og var kærandi þá að tala við ákærða um, að honum fyndist hart að fá ekki að fara inn, þar sem hann ætti frátekið matarborð. Vitnið kveðst sjálft hafa spurt ákærða, hvers

vegna kæranda væri neitað um inngöngu, og ákærði svarað eitthvað á þá leið, að kærandi væri kolvitlaus. Vitnið sagði, að allmargt fólk hefði komið að í þessu, orðalaust fengið að fara inn, og barst kærandi með því að dyrastafnum austan megin, en ákærði varnaði honum inngöngu. Eftir að fólkið var komið inn og kærandi og kona hans orðin ein eftir utan dyra, rétti ákærði, að sögn vitnisins, hægri hönd út um dyrnar, ýtti á brjóst kæranda og hratt honum, hélt sjálfur á meðan í hurðina með vinstri hendi, en ekki hélt kærandi í hurðina. Kvað vitnið kæranda hafa fallið aftur fyrir sig við þetta niður tröppurnar og tekið konu sína, sem stóð skáhallt aftan við hann, með sér í fallinu. Stóðu þau síðan bæði upp, og sá vitnið þá, að kærandi steig ekki nema í annan fótinn. Fór vitnið upp og sagði samferðafólki sínu, hversu komið var, og er þau komu niður, stóð kærandi á öðrum fæti við dyrnar og átti í pexi við ákærða. Kom lögreglan í þeim svifum, og fylgdi kærandi henni mótþróalaust, en vitnið kvaðst ekki hafa veitt því athygli, hvort ákærði legði hönd að handtöku kæranda. Vitninu virtist kærandi ekki mikið undir áhrifum áfengis, kona hans öllu meir.

Vitnið Hrefna Magnúsdóttir, eiginkona vitnisins Hannesar Heiðars, kvaðst hafa pantað 10 manna borð á veitingastaðnum, og hefði kærandi og kona hans ætlað að borða þarna. Eftir að eiginmaður vitnisins kom upp, fór vitnið niður, og stóð kærandi þá austanvert við dyrnar á öðrum fæti og kona hans rétt hjá honum. Vildi kærandi fá að koma inn og bíða þar, þar sem hann væri meiddur, en ákærði neitaði að hleypa honum inn. Kvað vitnið kæranda þá hafa reynt að komast inn af eigin rammleik, en ákærði tók í handlegg hans og hélt honum frá sér, en ekki gat vitnið séð, hvort hann sneri upp á handlegginn. Í þessu komu lögreglumenn og tóku kæranda. Vitnið sagði, að ákærði hefði þá farið út fyrir, og taldi, að hann hefði eitthvað lagt hönd að handtökunni. Á meðan beðið var eftir lögreglu, kvað vitnið, að Níels Unnar hefði sagt við ákærða eitthvað á þá leið, hvort hann vildi ekki snúa betur upp á handlegg kæranda. Eftir að lögreglan kom, sagði vitnið, að ákærði hefði tekið vitnið Níels Unnar, látið hann út fyrir og spurt lögreglumennina, hvort þeir vildu ekki einnig hirða vitni þetta. Er vitnið baðst skýringa á þessu, svaraði ákærði, að hann vildi ekki hafa menn inni, sem væru rövlandi.

Vitnið Níels Unnar Hauksson, Helgafelli, Mosfellshreppi, var

í hópi þeirra, sem hugðust snæða kvöldverð með kæranda og konu hans, og kvaðst vitni þetta hafa þekkt kæranda lítils háttar. Fór vitnið niður í anddyrið, og stóð kærandi þá utan dyra á öðrum fæti.

Ekki virtist vitninu hann vera mikið undir áhrifum áfengis, en mjög var hann reiður. Lögreglan kom örskömmu síðar, og gengu tveir lögreglumenn að kæranda og ætluðu að leiða hann brott. Vitnið kvað kæranda engan mótþróa hafa sýnt, en þrátt fyrir það hefði ákærði tekið aðra hönd hans aftur fyrir bak og hjálpað lögregluþjónunum af stað með hann, sem vitninu virtist þó alger óþarfi. Kvaðst vitnið þá hafa sagt við ákærða: „Ætlarðu ekki að snúa betur upp á höndina á honum," eða eitthvað á þann veg. Gekk ákærði þá að vitninu, þeytti því út fyrir dyrnar og hafði á orði, að vitnið væri drukkið, en það kvað vitnið rangt, þar sem það hefði ekki bragðað vín þenna dag. Er vitnið innti ákærða eftir nánari skýringum, fengust þær engar, en ákærði bað lögreglumennina að fjarlægja vitnið. Kvaðst vitnið hafa fylgzt með lögreglu á Slysavarðstofu, en þangað var farið með kæranda.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Hauks Kristjánssonar, yfirlæknis Slysavarðstofunnar. Er vottorðið dagsett hinn 14. desember 1963 og hljóðar þannig:

„Þann 12/10 1963, kl. 21, kom Ásgeir Jónsson, f. 24/12 1914, til heimilis Hólmgarði 40, í Slysavarðstofu Reykjavíkur.

Hann sagði, að sér hefði verið fleygt niður tröppur í Klúbbnum af dyraverði þar, og kvartaði hann um sára verki í vinstri ökla. Maðurinn virtist undir áhrifum áfengis, en var þó samvinnuþýður. Við skoðun sást mikil aflögun um vinstri ökla, og virtist hælbein skaga mikið aftur á við, en neðri endar fótleggjarbeins voru gengnir fram á við og inn á við.

Rgt.myndir sýndu brot um ökla með liðhlaupi. Var gormlaga brotlína í öklabeini utanfótar rétt ofan við liðinn með nokkurri gliðnun, séð framan frá, en á hliðarmynd nam hún a.m.k. einum cm.

Þá sást, að bilið milli öklabeins innanfótar og völubeins var mikið aukið og benti á, að liðbönd þar væru rofin að einhverju leyti.

Allstór flaski var brotinn úr afturkanti tibia, og völubein var mikið gengið aftur á við. Mikil bólga var um öklann og blæðing inn í liðinn. Brotið og liðhlaupið voru sett í staðdeyfingu,

og fékkst góð staða. Gips var sett á fótinn og maðurinn lagður inn í Slysavarðstofuna. Tveim dögum síðar var honum leyft að fara heim til sín, og var líðan hans þá orðin sæmileg, en hafði verið slæm fyrsta daginn.

Hann kom öðru hvoru til eftirlits í Slysavarðstofuna og leið fremur vel.

Þann 8/11 fékk hann göngugips á fótinn og mátti fara að ganga daginn eftir. Talsverður bjúgur sótti á fótinn.

Hinn 9/12 var svo gips endanlega tekið, og sýndu rgt-myndir nú góða stöðu á brotstöðum, og liðbil sýndist eðlilega vítt. Hreyfingar voru mjög stirðar og talsvert sárar, sem við mátti búast, og húð veik (atrofisk). Elastoplast var sett á fótinn og manninum leyft að ganga með varúð. Ennþá mun líða langur tími, þar til Ágeir verður vinnufær, og tel ég litlar líkur fyrir fullum bata, þar eð hér var um sérlega illkynja brot að ræða, ekki sízt þar sem liðbönd hljóta að hafa skaddazt verulega."

Á dómþingi hinn 29. júní 1964 fullyrti kærandi, að hann væri þá enn eigi jafngóður af meiðslum sínum. Kvaðst hann hafa verið alveg frá vinnu fram í febrúar, þá unnið hálfan daginn í um vikutíma og eftir það starfað fullan vinnudag.

Samkvæmt teikningu, sem Ragnar Vignir, yfirmaður tæknideildar rannsóknarlögreglunnar, hefur gert, er breidd hins steinsteypta dyrapalls 120 cm og breidd hvorrar tröppu 28 cm, en hæðin frá dyrapalli og niður á steyptu hellurnar 37 cm.

Með eigin framburði ákærða, sem er í samræmi við vætti vitna og önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem lýst er í ákæruskjali. Með hliðsjón af öllum málsatvikum sem og því, að ákærði hefur ekki áður orðið sekur um hegningarlagabrot, þykir mega ákveða, að ákvörðun um refsingu ákærða skuli fresta og hún niður falla, að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 2.000.00, og málsvarnarlaun Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, kr. 2.000.00.

Lögregluransókn málsins annaðist Njörður Snæhólm varðstjóri, en dómsrannsókn fulltrúarnir Jón A. Ólafsson og Gunnar Sæmundsson.

Dómsorð:

Fresta skal ákvörðun um refsingu ákærða, Magnúsar Einarssonar, og fellur refsiákvörðun niður, að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, samanber 4. gr. laga 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 2.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desember 1965.

Nr. 204/1964. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Matthíasi Friðþjófssyni
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið teknar fyrir dómi skýrslur af vitnunum Ingimundi Björnssyni, Þorbjörgu Guðbrandsdóttur og Sigurði Helga Pálssyni.

Vitnið Ingimundur Björnsson kveðst aðfaranótt 26. júlí 1964 hafa verið staddur í bíl sínum við Ásveg á Raufarhöfn ásamt unnustu sinni, Þorbjörgu Guðbrandsdóttur, Eiríki Guðmundssyni og Nínu Gautadóttur. Kom ákærði þá í bíl sínum, nam staðar við hlið á bíl vitnisins, kallaði út um glugga bílsins til Nínu Gautadóttur og bað hana að tala við sig. Fór Nína þá úr bíl vitnisins og yfir í bíl ákærða. Kveðst vitnið ekkert hafa talað við ákærða að þessu sinni og hvorki fyrr né síðar þessa nótt. Kveður vitnið sér hafa

verið algerlega ókunnugt um, hvort ákærði var ölvaður eða allsgáður í þetta skipti.

Vitnið Þorbjörg Guðbrandsdóttir var í bíl vitnisins Ingimundar, þegar ákærði kallaði til Nínu Gautadóttur, eins og að framan er lýst. Kveður vitnið það hafa verið álit sitt, að ákærði hafi þá verið undir ölvunaráhrifum. Hafi hún einnig séð ákærða fyrr um kvöldið drekka vín í bíl sínum niðri við samkomuhúsið á Raufarhöfn.

Vitnið Sigurður Helgi Pálsson lögreglumaður kveðst hafa komið að samkomuhúsinu á Raufarhöfn umrædda nótt, þegar dansleiknum var að verða lokið. Var hann þá ekki að gegna lögreglumannsstörfum. Hitti hann ákærða utan við samkomuhúsdyrnar, og bauð ákærði honum vín, en hann kveðst hafa afþakkað það. Kveðst vitnið vera nákunnugt ákærða frá barnæsku, og sé það sannfært um, að ákærði hafi að þessu sinni verið eitthvað undir áfengisáhrifum, kveðst hann hafa merkt það af talsmáta og látbragði ákærða, sem hafi verið afbrigðilegt frá því, sem sé, þegar hann sé allsgáður.

Öll hafa vitni þessi staðfest vætti sitt með eiði.

Ákærða voru kynntar fyrir dómi framangreindar vitnaskýrslur. Hann kannaðist ekki við að hafa verið ölvaður, en kvaðst hafa sopið 3—4 sinnum á brennivínsblöndu um nóttina.

Samkvæmt framansögðu hafa hin nýju gögn frekar styrkt en veikt niðurstöðu héraðsdóms. Ber með skírskotun til forsendna hans og hinna nýju gagna að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og laun verjanda síns, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Matthías Friðþjófsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og laun verjanda síns þar, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Þingeyjarsýslu og Húsavíkur 13. október 1964.

Árið 1964, þriðjudaginn 13. október, kl. 1300, var í sakadómi Þingeyjarsýslu og Húsavíkur, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Jóhanni Skaptasyni, sýslumanni og bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 59/1964: Ákæruvaldið gegn Matthíasi Friðþjófssyni, sem dómtekið var 10. þ. m.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 31. ágúst 1964, gegn Matthíasi Friðþjófssyni bifreiðarstjóra, Hljóðakletti, Raufarhöfn, fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 26. júlí 1964 á Raufarhöfn og þar í grennd:

I. Neytt áfengis við akstur bifreiðarinnar Þ 1202 og ekið henni þar um, enda þótt hann væri þá undir áhrifum áfengis og gæti því ekki stjórnað bifreiðinni örugglega.
II. Afhent og veitt stúlkunni Nínu Gautadóttur, fæddri 28. júní 1946, áfengi til drykkjar.

Er athæfi það, sem greinir undir lið I, talið varða við 1. og 2. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Athæfi það, er greinir í lið II, er talið varða við 1. mgr. 16. gr. sbr. 41. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 20. nóvember 1935 að Skinnalóni í Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu. Hann hefur sætt eftirgreindum refsingum:

1953 17/8 Þingeyjarsýslu: Sátt, 1000 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. áfengislaganna.
1954 9/4 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 254. og 244. gr. hegningarlaganna.

1960 20/9 Þingeyjarsýslu: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1962 31/7 Þingeyjarsýslu: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru, sem hér greinir:

Aðfaranótt sunnudagsins 26. júlí s.l. var ákærði á dansleik á Raufarhöfn. Hefur hann viðurkennt, að hafa neytt áfengis á dansleiknum og hafa fundið til áfengisáhrifa.

Á dansleik þessum var einnig stúlkan Nína Gautadóttir, fædd 28. júní 1946, starfsstúlka hjá Gunnari Halldórssyni h/f. Var hún ölvuð.

Eftir dansleikinn fór ákærði að aka bifreið sinni, Þ 1202, og um nóttina tók hann Nínu Gautadóttur upp í bifreiðina. Milli kl. 4 og 5 um nóttina komu þau akandi að íbúðarbragga Gunnars Halldórssonar h/f, þar sem Nína fór inn og ákærði rétt á eftir. Honum var vísað út úr bragganum af vaktmanni, og ók hann þá brott í bifreið sinni. Var Nína Gautadóttir í fylgd með honum.

Vitnin Magnús Sigurjón Þorsteinsson og Pétur Jóhannsson, sem bæði sáu ákærða inni í íbúðarbragganum og sáu hann aka bifreið sinni á braut, hafa borið, að þeim hafi virzt ákærði vera greinilega með áfengisáhrifum. Marka vitnin það af persónulegum kynnum af ákærða, daufu augnayfirbragði og óeðlilega hvatskeytislegum akstri, er hann ók í burtu frá íbúðarbragganum.

Ákærði ók nú með stúlkuna nokkuð fram fyrir þorpið. Var stúlkan allölvuð. Urðu þau ósátt í ferðinni, og kom til nokkurrar viðureignar með þeim. Benda þau viðskipti ekki til þess, að þar hafi allsgáður maður átt hlut að máli. Stúlkan hefur borið, að í ferð þessari hafi ákærði veitt henni áfengi úr flösku, er hann hafði meðferðis í bifreiðinni, og hefur ákærði viðurkennt það. Þá hefur stúlkan og borið, að ákærði hafi sjálfur neytt áfengis í ferðinni, en því hefur ákærði neitað. Hann segist að vísu hafa einu sinni borið flöskuna að vörum sér til þess að þóknast stúlkunni, en ekkert hafi hann drukkið af innihaldinu.

Það verður að teljast sannað með framburði vitna og játningu ákærða, að hann hefur gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, er í ákæru greinir og rakin eru hér að framan.

Refsing hans samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 41. og 45. gr. áfengislaga þykir hæfilega ákveðin kr. 3.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Þá þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingardegi dóms þessa. Er ökuleyfissviptingin samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Matthías Friðþjófsson, greiði krónur 3.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Hann er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingardegi dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. desember 1965.

Nr. 82/1965. **María Kristmundsdóttir**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Jónu Sigmundsdóttur og gagnsök
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Búskipti. Fjármál hjóna.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1965. Krefst hún þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að fjárkrafa gagnáfrýjanda verði ekki tekin til greina við búskipti aðaláfrýjanda og Sigmundar M. Andréssonar. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. maí 1965. Krefst hún staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og

málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar hefur verið aflað nýrra gagna í málinu, en ekki er í ljós leitt, að neitt af fjárhæðum þeim, sem Sigmundur M. Andrésson tók út úr sparisjóðsbók gagnáfrýjanda á árunum 1962 og 1963 og mál þetta varða, hafi runnið til gagnáfrýjanda. Með þessari athugsemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 6. apríl 1965.

Sóknaraðili máls þessa, Jóna Sigmundsdóttir, Gnoðarvogi 36, hefur krafizt þess, að hún fái greiddar kr. 185.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 10. júlí 1963 til greiðsludags úr félagsbúi Maríu Kristmundsdóttur og Sigmundar M. Andréssonar, en bú þetta er undir opinberum skiptum hér við embættið. Hún hefur og krafizt þess, að sér verði úrskurðaður málskostnaður vegna skiptaréttarmáls þessa.

Sigmundur M. Andrésson, sem er sonur sóknaraðilja, hefur samþykkt þessa kröfu að öllu leyti, en María Kristmundsdóttir hefur krafizt þess, að kröfum sóknaraðilja verði hrundið, og krefst hún enn fremur málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 4. marz s.l., en við nánari athugun var talið rétt, að endurupptaka færi fram til nokkru frekari gagnaöflunar. Að þeirri gagnaöflun lokinni, hinn 1. þ. m., var málið þegar í stað munnlega flutt á nýjan leik og síðan tekið til úrskurðar.

Það hefur komið fram í máli þessu, að þau María Kristmundsdóttir, nú til heimilis að Rauðagerði 10, og Sigmundur Magnús Andrésson, nú til heimilis að Gnoðarvogi 36, gengu í hjónaband 18. október 1958. Þau slitu samvistir 3. ágúst 1963 og hafa fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, útgefnu 22. september 1964, sjá rskj. 11.

Samkomulag hefur ekki orðið um skiptingu eignanna, og var þeim ágreiningi vísað til aðgerða skiptaréttarins. Uppskrift á eignum þeirra fór fram dagana 16. og 24. október 1963. Auk húsmuna ýmissa komu fram við uppskriftina íbúð að Stórageröi 30, bíllinn R 624 og ½ fyrirtækið Geisli s/f. Vísast hér til rskj. 10.

Samkvæmt skattframtölum Sigmundar M. Andréssonar hefur hann keypt íbúðina að Stórageröi 30 fokhelda hinn 23. október 1961 fyrir kr. 250.000.00. Bílinn R 624 keypti hann á árinu 1962 fyrir kr. 70.000.00, og Geisla, sem er fyrirtæki til að annast gerð bíóauglýsinga o. fl., hefur hann stofnað á árinu 1961, en síðan tekið annan í félag með sér þannig, að aðeins kemur til athugunar við skiptin hálft fyrirtækið.

Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út 14. maí 1964, og var hún birt síðast í Lögbirtingablaðinu 6. júní s. á.

Hinn 16. júlí 1964 kom fram krafa Jónu Sigmundsdóttur um greiðslu á kr. 285.000.00 með 7% ársvöxtum frá 10. júlí 1963 til greiðsludags, og vísast til endurrits af þessari kröfulýsingu á rskj. 9. Með samþykki aðilja fékk Jóna greiddar kr. 100.000.00 af fé búsins hinn 29. október 1964, en frekari fjárheimtu var mótmælt af hálfu Maríu Kristmundsdóttur, og hefur skiptaréttarmál þetta síðan verið rekið um þann ágreining, en upprunaleg kröfugerð hefur lækkað sem svarar umgetnum 100.000.00 kr.

Sóknaraðili situr í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, sem andaðist á árinu 1962. Hún hefur skýrt svo frá, að hún hafi afhent syni sínum, Sigmundi, bankabók sína nr. 16060 við Verzlunarbankann og heimilað honum að taka út úr henni peninga eftir þörfum, en um lánskjör hafi ekki verið frekar rætt en gerist með skyldum, og hún kveðst enga skuldaryfirlýsingu hafa fengið frá Sigmundi. Hafi lán þetta gert Sigmundi kleift að koma upp þeim eignum, sem nú eru í búinu, en hún bendir á, að Sigmundur sé aðstoðargjaldkeri í Verzlunarbankanum og taki laun sem tíðkist í þeirri starfsgrein.

Hefur sóknaraðili lagt fram í málinu sem rskj. 3 ljósrit af 14 úttektarnótum úr sparisjóðsbók nr. 16060 við Verzlunarbankann, en samkvæmt vottorði bankans á rskj. 2 er hún skráð eigandi að bók þessari. Samkvæmt úttektarnótum þessum er Jóna Sigmundsdóttir eigandi bókarinnar, en Sigmundur M. Andrésson hefur tekið peningana út. Nótur þessar hljóða um samtals kr. 312.000.00 úttekt, og hafa úttektirnar farið fram á tímabilinu

4. september 1962 til 10. júlí 1963. Sóknaraðili segir, að Sigmundur hafi greitt skuld þessa niður í kr. 285.000.00, og eins og að framan segir, hefur sóknaraðili fengið greiddar af búinu kr. 100.000.00, þannig að krafa sóknaraðilja stendur nú í kr. 185.000.00.

Framtöl sóknaraðilja árin 1963 og 1964 hafa komið fram í málinu, sjá rskj. 12 og 13. Á framtali 1963 segir sóknaraðili Sigmund Andrésson skulda sér vaxtalaust lán, kr. 100.000.00, pr. 31. desember 1962, en á framtali 1964 er Sigmundur talinn skulda kr. 285.000.00 pr. 31. desember 1963, og þar eru vaxtatekjur af því láni taldar kr. 21.600.00. Á hvorugu framtalinu er getið um sparisjóðsinnstæður, en sóknaraðili hefur í því sambandi upplýst, að maður sá, sem veitt hafi henni aðstoð við gerð framtalsins, hafi sagt, að ekki væri þörf á að tilgreina slík atriði í framtali.

Framtöl Sigmundar fyrir sömu ár, sem fram hafa komið í málinu, greina á sama hátt frá um lán þetta.

María Kristmundsdóttir hefur mótmælt kröfugerð sóknaraðilja, og segir hún kröfu þessa einberan tilbúning. Hafi Sigmundur ekki fengið þessa útteknu peninga til umráða, og þeir hafi ekki komið búinu til góða. Hún mótmælir skýrslum sóknaraðilja og samþykki Sigmundar á kröfunni sem röngum, vilhöllum og þýðingarlausum. Hún bendir á það misræmi, sem sé á úttektarnótum og framtali sóknaraðilja og Sigmundar, og að öðru leyti mótmælir hún framtölum Sigmundar, sem greina frá þessari skuld, sem röngum, enda hafi hún ekki undirritað framtölin með honum. Og að öðru leyti einnig séu framtöl Sigmundar marklaus, þar eð þannig sé þar með tölur farið, að alls ekki geti staðizt, og af þeim verði ekkert ráðið, sem styðji þörf hans fyrir lán það, sem sóknaraðili nú krefst greiðslu á.

Rétt þykir að fara nokkuð út í framtöl Sigmundar M. Andréssonar árin 1962, 1963 og 1964, sbr. rskj. 6, 7 og 8. Samkvæmt framtali 1962 eru tekjur ársins taldar kr. 110.611.00. Á því ári hefur Sigmundur selt íbúð að Skaftahlíð 18 fyrir 255.000.00 kr., en keypt fokhelda íbúð á Stórageröi 30 fyrir kr. 255.000.00. Skuldir í árslok taldar kr. 300.000.00. Á framtali 1963 kveðst Sigmundur hafa haft tekjur kr. 117.628.00, en þar kveðst hann hafa keypt bíl fyrir kr. 70.000.00, greitt vegna Stórageröis 30 kr. 19.800.00 og lagt í fyrirtækið Geisla s/f kr. 25.000.00. Skuldir pr. 31. desember 1962 eru taldar kr. 404.472.51, þar af skuld við sóknaraðilja, Jónu Sigmundsdóttur, kr. 100.000.00. Loks er

framtal 1964, og telur Sigmundur þar fram tekjur kr. 156.850.31. Hann segist hafa lagt í Geisla s/f kr. 120.000.00 og lagt í kostnað við innréttingu fasteignar kr. 93.101.91. Skuldir pr. 31. desember 1963 eru taldar nema samtals kr. 722.597.76, þar af skuld við sóknaraðilja kr. 285.000.00.

María Kristmundsdóttir hefur undirritað framtal 1962, en hin ekki, og hefur Sigmundur sagt, að hann hafi orðið svo seinn fyrir um gerð framtals 1963, að hann hafi ekki getað komið því við að fá undirskrift hennar, en hann segist hafa talið þýðingarlaust að reyna að fá undirskrift hennar undir framtal 1964, enda hafi hún ekki viljað við sig tala, eftir að hún yfirgaf heimili þeirra.

Það liggur fyrir í máli þessu, að Sigmundur M. Andrésson hefur tekið út úr sparisjóðsbók móður sinnar, sóknaraðilja máls þessa, alla þá fjárhæð, sem hún krefst endurgreiðslu á, og með hennar samþykki. Það hefur ekki verið leitt í ljós, að peningar þessir hafi gengið beint til sóknaraðilja eða að endurgreiðsla af hendi Sigmundar hafi síðar átt sér stað. Framtölum Sigmundar og sóknaraðilja ber saman um lánveitingu þessa, og samkvæmt hinu síðarnefnda framtali var sóknaraðili fjárhagslega fær um að veita lán þetta. Þeirri staðhæfingu sóknaraðilja og Sigmundar verður heldur ekki hafnað, að honum hafi verið brýn þörf á lánsfé á þessum tíma, en hann var þá að koma upp íbúð að Stórageröi 30, einnig keypti hann bíl og lagði grundvöll að Geisla s/f. Verður ekki komizt hjá að úrskurða, að lánveiting þessi hafi átt sér stað.

En eftir atvikum þykir þó rétt að líta svo á, að María Kristmundsdóttir beri ekki ábyrgð á þessari skuld, með því að nýnefndar eignir verða, eftir því sem fram er komið í málinu, að teljast hjúskapareignir Sigmundar M. Andréssonar, en hún ber að sjálfsögðu enga ábyrgð á skuldum, sem stofnað hefur verið til beinlínis til þess að afla Sigmundi hjúskapareigna, sbr. 25. gr. laga nr. 20/1923, enda ekki tekið á sig sérstaka ábyrgð á slíkum skuldum, svo séð verði. En henni ber að hlíta því, að þessi krafa, kr. 185.000.00, ásamt 7% ársvöxtum, sem reikna ber frá kröfulýsingardegi 16. júlí 1964 til 1. janúar 1965, en 6% frá og með þeim degi til greiðsludags, verði talin sérskuld Sigmundar við skipti á búi þessu, og verður hún að öðru leyti sýkn af kröfum sóknaraðilja í þessu máli.

Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Maríu Kristmundsdóttur ber að hlíta því, að fjárkrafa sóknaraðilja, Jónu Sigmundsdóttur, kr. 185.000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 16. júlí 1964 til 1. janúar 1965, en 6% ársvöxtum frá og með þeim degi til greiðsludags, verði talin skuld Sigmundar M. Andréssonar við búskipti þeirra vegna skilnaðar, en að öðru leyti á hún að vera sýkn af kröfum sóknaraðilja í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 13. desember 1965.

Nr. 6/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
William Rawcliffe (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 6. október 1964 kærði skipherra varðskipsins Óðins ákærða fyrir ólöglegar botnvörpuveiðar innan fiskveiðimarka út af Vestfjörðum á togaranum Prince Philip, FD 400. Var togaranum stefnt til Ísafjarðar, þar sem hald var á hann lagt, jafnframt því sem rannsókn málsins hófst fyrir sakadómi. Ákæra á hendur ákærða var gefin út 7. október 1964. Hinn 8. s. m. krafðist verjandi ákærða þess, að togarinn yrði leystur úr haldi ásamt afla og veiðarfærum, en héraðsdómur hratt þeirri kröfu næsta dag með úrskurði, sem verjandinn kærði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. tölulið 172. gr. laga nr. 82/1961. Héraðsdómur í málinu var kveðinn upp 13. október 1964, og var honum samkvæmt ósk ákærða einnig skotið til Hæstaréttar. Með samþykki saksóknara ríkisins og verjanda ákærða voru mál þessi sameinuð fyrir Hæstarétti.

Hinn kærða úrskurð og áfrýjaða dóm hafa kveðið upp Skúli J. Pálmason, settur bæjarfógeti á Ísafirði, og samdómsmennirnir Magnús Jónsson skipstjóri og Sturla Halldórsson skipstjóri.

I.

Er fram kom krafa verjanda ákærða hinn 8. október 1964 um lausn togarans Prince Philip, FD 400, úr haldi og upp var kveðinn 9. s. m. synjunarúrskurður héraðsdóms, sem kærður hefur verið, beið ákærði dóms í héraði, m. a. um þá kröfu saksóknara ríkisins, að dæmd yrði upptaka alls afla og veiðarfæra, er þá voru um borð í nefndum togara. Þar sem áfellisdómur um veiðibrot, ef því var að skipta, hafði í för með sér upptöku afla og veiðarfæra samkvæmt 4. gr., áður 3. gr., laga nr. 5/1920, var héraðsdómi skylt að tryggja, að það, sem upptöku kynni að sæta, yrði fyrir hendi, er til fullnustu dóms kæmi. Þegar að svo vöxnu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

II.

Hinn 9. október 1964 voru í sakadómi Ísafjarðar dómkvaddir þeir Haraldur Sigurðsson verkfræðingur og Ingólfur Þórðarson stýrimannaskólakennari til þess að framkvæma athugun á „mælingar- og miðunarnákvæmni" ratsjár varðskipsins, sem notuð var við töku togarans. Niðurstaða matsmanna varð sú, að mestu fjarlægðarskekkjur ratsjárinnar við tilraunir, er gerðar voru, reyndust 1.94% og mestu miðunarskekkjur 0.5°. Við athugun þessa kom í ljós, að á ratsjánni var ekkert frávik „milli lausa hringsins og föstu hringanna".

Skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, Jónas Sigurðsson, hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjókort nr. 41 staðarákvarðanir varðskipsins í máli þessu samkvæmt skýrslu skipherrans, sem rakin er í héraðsdómi. Reyndist staður togarans hinn 5. október 1964, kl. 2335 um 1.3 sm innan fiskveiðimarka (staður a), kl. 2341 um 0.85 sm innan fiskveiðimarka (staður b), kl. 2347 um 0.5 sm innan fiskveiðimarka (staður c), kl. 2353 á fiskveiði-

mörkum (staður d), hinn 6. október 1964, kl. 0006 um 1.1 sm utan fiskveiðimarka (staður e), kl. 0012 um 1.2 sm utan fiskveiðimarka (staður f) og staður varðskipsins við hlið togarans kl. 0018 um 1.25 sm utan fiskveiðimarka (staður g). Einnig hefur skólastjórinn markað á sjókort nr. 41 staðarákvarðanir varðskipsins hinn 5. október 1964, kl. 2335, kl. 2341, kl. 2347 og kl. 2353, eins og niðurstöður þeirra eru, ef miðað er, ákærða í vil, við 2% fjarlægðarskekkju og 0.5° miðunarskekkju Sperryratstjár varðskipsins, sbr. skoðunargerð dómkvaddra manna í héraði, er getið var, og reyndist þá staður togarans kl. 2335 um 0.8 sm innan fiskveiðimarka, kl. 2341 um 0.35 sm innan fiskveiðimarka, kl. 2347 rúmlega 0.1 sm innan fiskveiðimarka og kl. 2353 um 0.4 sm utan fiskveiðimarka. Enn hefur skólastjórinn markað á sjókort stað togarans hinn 5. október 1964, kl. 2344, er varðskipið hóf að gefa honum stöðvunarmerki, og stað togarans sama dag, kl. 2350, er ákærði kveðst hafa kastað vörpu sinni, og miðaði skólastjórinn í því sambandi við beina og jafna siglingu togarans milli mælistaða hans kl. 2341, kl. 2347 og kl. 2353. Samkvæmt staðarákvörðun varðskipsins mældist staður togarans kl. 2344 um 0.65 sm innan fiskveiðimarka og staður togarans kl. 2350 um 0.25 sm innan fiskveiðimarka, en fyrrnefndi staðurinn um 0.2 sm innan fiskveiðimarka og síðarnefndi staðurinn um 0.15 sm utan fiskveiðimarka, er litið var, ákærða í hag, til sömu mælingarskekkju og miðunar á ratsjá varðskipsins sem áður greinir. Loks hefur skólastjórinn framkvæmt athugun á hraða togarans milli greindra mælistaða, a—g, og miðað við beina og jafna siglingu reyndist hraðinn frá a—b um 6.0 sm, frá b—c um 3.5 sm, frá c—d um 5.5 sm, frá d—e um 5.1 sm, frá e—f um 6.0 sm og frá f—g um 4.0 sm.

Hinn 22. nóvember 1965 voru í sakadómi Reykjavíkur dómkvaddir Einar Thoroddsen yfirhafnsögumaður, Ingólfur Þórðarson stýrimannaskólakennari og Karl Magnússon skipstjóri „til að láta uppi álit sitt í máli þessu um eftirfarandi:

Var ákærða unnt, miðað við mælingar varðskipsmanna á stöðum togara ákærða og aðrar aðstæður, að kasta vörpu sinni með þeirri aðferð, sem ákærði lýsir í rannsókn málsins, eftir að hann var kominn út fyrir fiskveiðitakmörkin,

a) ef veiðarfæri voru öll í búlka innanborðs?

b) ef spurningu a) er svarað neitandi, þá ef veiðarfæri voru óbúlkuð?“

Matsmenn svöruðu spurningu þessari neitandi í báðum tilvikum og kváðu engu breyta um þá niðurstöðu, þó að reiknað væri „með leiðréttum stöðum togarans fyrir hugsanlegum mæliskekkjum, svo sem gert er í álitsgerð Jónasar Sigurðssonar, skólastjóra Stýrimannaskólans“, eða litið til hraðaútreiknings „hans í sömu álitsgerð, enda þótt miðað sé við, að veiðarfæri togarans hefðu verið óbúlkuð“.

Samkvæmt því, er nú var rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er sannað, að varðskipið gaf ákærða fullnægjandi stöðvunarmerki, er skip hans var innan íslenzkra fiskveiðimarka, og að ákærði var að ólöglegum botnvörpuveiðum innan þeirra marka.

Brot ákærða varðar við lagaboð þau, er í ákæru greinir. Ákveðst refsing hans samkvæmt málavöxtum og með hliðsjón af því, að 100 gullkrónur jafngilda 1.951.09 pappírskrónum, kr. 300.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku ber að staðfesta.

III.

Leggja ber á ákærða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, samtals kr. 30.000.00, og málflutningslaun verjanda ákærða, samtals kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Ákærði, William Rawcliffe, greiði kr. 300.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 8 mán-

uði í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku staðfestist.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 30.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Úrskurður sakadóms Ísafjarðar 9. október 1964.

Fyrir var tekið sakadómsmálið nr. 116/1964: Ákæruvaldið gegn William Rawcliffe og í því kveðinn upp svohljóðandi úrskurður: Krafa Gísla G. Ísleifssonar, skipaðs verjanda í málinu, þess efnis, að togaranum Prince Philip, FD 400, skuli heimil sigling nú þegar gegn því, að sett verði trygging fyrir sakarkostnaði öllum og hugsanlegri sekt ákærða svo og trygging fyrir hugsanlegri upptöku afla og veiðarfæra.

Málavextir eru þessir:

Varðskipið Óðinn tók togarann Prince Philip, FD 400, að meintum ólöglegum veiðum aðfaranótt hins 6. október s.l. Samkvæmt mælingum varðskipsins var togarinn innan fiskveiðitakmarkanna, er stöðvunarmerki var gefið. Gísli G. Ísleifsson hæstaréttarlögmaður, skipaður verjandi ákærða í máli þessu, hefur krafizt frávísunar málsins á grundvelli þess, að um 5% viðbótarskekkju á mældum fjarlægðum geti verið að ræða á ratsjá varðskipsins, því að láðst hefði að bera saman lausa hring ratsjárinnar við hina föstu fyrir hverja einstaka staðarákvörðun, en verjandi telur það nauðsynlegt til þess að nákvæmar mælingar fáist og styður sitt mál með tilvitnun í bókina The Use of Radar at Sea, sem fjallar um ratsjármælingar og skrifuð er af erlendum sérfræðingum á þessu sviði.

Lausi hringur ratsjárinnar var síðast borinn saman við hina föstu hringi, um það bil 2 tímum áður en staðarákvarðanir á togaranum hófust.

Sé 5% viðbótarskekkja við hinar viðurkenndu mælingarskekkjur tekin til greina, er nefndur togari utan fiskveiðitakmarkanna, er stöðvunarmerki varðskipsins var fyrst gefið.

Af þessum sökum hefur fulltrúi saksóknara krafizt þess, að

kvaddir yrðu til sérfræðingar til þess að athuga ratsjá varðskipsins og kveða jafnframt á um mögulega ónákvæmni í mælingum ratsjárinnar á grundvelli þess, að lausi hringur ratsjárinnar hafi eigi verið borinn saman við föstu hringina.

Þar sem slíka sérfræðinga er ekki hér að fá, hlýtur dráttur að verða á málinu. Hefur það í för með sér, að fiskur, sem er í togaranum Prince Philip og liggur undir skemmdum, eyðileggst að fullu, verði togaranum eigi leyft að sigla nú þegar.

Af hálfu eigenda togarans hefur verið boðið, að sett yrði fullnægjandi trygging fyrir afla og veiðarfærum nefnds togara svo og sekt þeirri, er ákærði kynni að verða dæmdur til að greiða, ásamt öllum sakarkostnaði, þannig að ekki yrði spillt lögveði því, sem hið íslenzka ríki hefur samkvæmt 3. gr. laga nr. 5 frá 1920 um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi.

Þar sem ekki hefur fengizt málflutningur um efnisatriði sökum framkominnar frávísunarkröfu, en reynzt getur nauðsynlegt við efnisflutning málsins að kveðja fyrir dóminn sem vitni áhöfn togarans vegna atriða, sem síðar kunna fram að koma, lítur dómurinn svo á, að áframhaldandi hald á togaranum Prince Philip, FD 400, sé nauðsynlegt, að svo komnu máli.

Ályktarorð:

Eigi skal leyst hald af togaranum Prince Philip, FD 400, gegn því að sett verði trygging fyrir afla og veiðarfærum, sekt þeirri, er ákærði kann að verða dæmdur til að greiða, og sakarkostnaði öllum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 13. október 1964.

Málið er með ákæruskjali, dags. 7. október 1964, höfðað gegn ákærða, William Rawcliffe, skipstjóra á brezka togaranum Prince Philip, FD 400, til heimilis að 3 Rydal Avenue, Fleetwood, Englandi, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 og lög nr. 33 19. júní 1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að vera að botnvörpuveiðum á togaranum Prince Philip, FD 400, út af Barða um miðnætti aðfaranótt þriðjudagsins 6. október 1964 innan fiskveiði-

landhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961.

Í ákæruskjali er þess krafizt, að ákærði sæti refsingu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, til þess að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, William Rawcliffe, er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 18.1. 1933 í Fleetwood, Englandi, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 5. október 1964 var varðskipið Óðinn á eftirlitsferð út af Arnarfirði. Sást þá togari í ratsjá varðskipsins, sem virtist vera grunsamlega nærri landi. Eftirfarandi staðarákvarðanir voru gerðar á togaranum:

1. Kl. 2335	Kópanes	fjarlægð	7.35	sml.
	Fjallaskagi	—	10.9	—
	Togari r/v 358°	—	11.3	—

Þessi mæling gefur stað togarans um 1.3 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

2. Kl. 2341	Fjallaskagi	fjarlægð	10.55	sml.
	Kópanes	—	9.2	—
	Togari í r/v 359°	—	10.0	—

Gefur þetta stað togarans um 0.9 sml. innan fiskveiðimarkanna. Þar sem staðarákvarðanir þessar gáfu til kynna, að togarinn væri að veiðum, var stefnt í átt til hans. Sást togarinn þá greinilega, og hélt hann út.

Kl. 2344 gaf 1. stýrimaður varðskipsins stöðvunarmerkið „K" með ljósmorsi stöðugt í um það bil 2 mínútur.

3. Kl. 2347	Fjallaskagi	fjarlægð	10.1	sml.
	Kópanes	—	10.8	—
	Togari í r/v 357°	—	8.5	—

Samkvæmt mælingu þessari var togarinn um 0.55 sml. innan fiskveiðimarkanna. Samtímis staðarákvörðun þessari var stöðvunarmerkið „K" endurtekið með ljósmerkjum í u.þ.b. 2 mínútur. Merki þetta var einnig gefið af 1. stýrimanni.

4. Kl. 2353	Fjallaskagi	fjarlægð	10.2	sml.
	Kópanes	—	12.5	—
	Togari í r/v 354°	—	7.0	—

Þetta gefur stað togarans um fiskveiðitakmörkin.

5. Kl. 0006 Göltur fjarlægð 16.5 sml.
Barði, suðurk. — 11.25 —
Togari í r/v 344° — 3.05 —

Gefur þetta stað togarans um 1.05 sml. utan fiskveiðimarkanna.

6. Kl. 0012 Göltur fjarlægð 16.9 sml.
Barði, suðurk. — 11.35 —
Togari í r/v 334° — 1.1 —

Staðarákvörðun þessi gefur stað togarans um 1.25 utan fiskveiðitakmarkanna.

Klukkan 0014 var dregið úr ferð varðskipsins, og um það bil sást, að togarinn var Prince Philip, FD 400, og var hann að toga með stjórnborðsvörpu.

7. Kl. 0018 við hlið togarans.
Barði, suðurkantur fjarlægð 13.3 sml.
Göltur — 17.5 —
Dýpi 92 metrar.

Þessi mæling gefur stað togarans um 1.2 sml. utan fiskveiðimarkanna.

Ákærða voru gefin fyrirmæli um að stöðva skipið og hífa inn vörpuna, hvað hann gerði.

Var síðan báti skotið út frá varðskipinu og ákærði sóttur, en 3. stýrimaður varðskipsins varð eftir í togaranum. Kom ákærði um borð í varðskipið kl. 0044, og var honum þá tilkynnt, að hann yrði kærður fyrir meintar ólöglegar veiðar innan fiskveiðitakmarkanna.

Ákærði tjáði varðskipsmönnum, að hann hefði kastað vörpunni 5 mínútum fyrir kl. 2400 GMT, en sagðist síðar hafa verið búinn að toga í rúma hálfa klukkustund, er hann var stöðvaður. Hann kvaðst hafa stöðvað til þess að kasta vörpunni og var þá staddur 12.0 sml. frá Barða og 20.0 sml. frá Kópanesi. Kvaðst hann hafa farið í hring, er hann kastaði vörpunni, og haldið síðan norðaustur.

Ákærði viðurkenndi fyrir varðskipsmönnum, að staðarákvörðun sú, sem gerð var við hlið togarans kl. 0018, væri rétt.

Hann kvaðst ekki hafa séð ljósstöðvunarmerki frá varðskipinu, en sagðist hafa séð ljósblikk, en talið, að það væri ljós á skipi, sem blikkaði vegna sjógangs.

Yfirmenn varðskipsins fylgdust til skiptis með togaranum í sjónauka, og sást fyrst aftan til á bakborðshlið togarans, en síðar þvert á bakborðshlið hans.

Klukkur skipanna voru bornar saman, og reyndust þær eins.

Ákærða var nú tjáð, að hann yrði að fylgja varðskipinu til Ísafjarðar, þar sem frekari rannsókn í máli hans færi fram.

Þangað var haldið kl. 0116, en komið til Ísafjarðar kl. 0437. Veður var: Brt. 2. Sjór brt. 2. Léttskýjað.

Mælingarnar voru gerðar með Sperry ratsjá og Sperry gyroáttavita.

Framanskráðar málavaxtalýsingar eru samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni og dskj. nr. 2 í rannsókn málsins, uppdrætti með staðarákvörðunum, sem gerðar voru af 1., 2. og 3. stýrimanni undir umsjá skipherra. Hafa þeir allir komið fyrir rétt og unnið eið að vætti sínu og telja allir, að skýrslan og uppdrátturinn séu rétt og sannleikanum samkvæm.

Fyrir rétti bar skipherra varðskipsins, að hann hafi talið við samanburð á fyrstu tveimur staðarákvörðunum, að skipið væri að veiðum, því að hraði þess benti til þess. Hafi þá sézt á bakborðshlið togarans og alltaf síðan, en er nær dró, hafi sézt meir yfir þvera bakborðshlið hans. Vitnið gat þess og, að togarinn hafi haft uppi togljós, frá því er hann sást fyrst, og ætíð hafi sézt rautt ljós í frammastri.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð, að togarinn stöðvaðist, enda bendi staðarákvarðanir ekki til þess. Hann skýrði svo frá, að hann hefði ekki stöðugt fylgzt með togaranum, en lét þess jafnframt getið, að alltaf hafi verið menn í brúnni, sem fylgdust með togaranum, en engum hafi þó sérstaklega verið falið að fylgjast með honum. Skipherra bar og, að nokkrir togarar hafi verið á þessum slóðum, en um 3—4 sml. sunnar, en taldi útilokað, að villzt hefði verið á þeim og togara ákærða.

Hann taldi toghraða vera frá 3—4½ sml. eftir ástæðum og vélarorku.

Helgi Hallvarðsson, 1. stýrimaður varðskipsins, bar fyrir rétti, að hann hafi séð á bakborðshlið togarans mjög fljótlega, eftir að stefna var tekin á togarann. Hann skýrði svo frá, að hann hafi stöðugt fylgzt með togaranum, nema þegar hann var að gera staðarákvarðanir. Hann kvaðst ekki hafa séð, að togarinn stöðvaðist. Vitnið kvaðst hafa séð rautt ljós í frammastri togarans, en vissi ekki nákvæmlega, hvenær það var, en kvaðst stöðugt hafa séð rauða ljósið, eftir að það varð sýnilegt. Á þessum slóðum voru, að sögn vitnisins, 6 eða 7 togarar auk togara ákærða, en þeir voru töluvert sunnar, og taldi vitnið, að ekki hafi verið hætta á, að villzt hafi verið á þeim og togara ákærða.

Hann bar einnig, að 2. og 3. stýrimaður hafi borið saman klukkur skipanna, sem reyndust vera eins.

Vitnið kvaðst hafa gefið stöðvunarmerkið kl. 2344, og hafi hann þá séð ljós um borð í togaranum, sem hann taldi, að væri bjarmi af vinnuljósum og ljós í mastri.

Kristján Sveinsson, 2. stýrimaður varðskipsins, bar og vætti í dóminum. Hann skýrði svo frá, að hann hefði verið viðstaddur, þegar stöðvunarmerkið kl. 2344 var gefið, og kvaðst hann þá hafa séð ljós um borð í togaranum, sem hann taldi, að væru vinnuljós. Hann taldi ekki hættu á því, að villzt hafi verið á togara ákærða og öðrum togurum, sem þarna voru.

Vitnið skýrði enn fremur svo frá, að hann hafi séð ljós á togaranum, skömmu eftir að fyrsta staðarákvörðunin var gerð, en er nær dró, hafi hann séð togljós, en veit ekki, hvenær það var.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð, að togarinn stöðvaðist.

Peter Guðjón Petersen, 3. stýrimaður varðskipsins, kvaðst hafa skráð niður tímann, er stöðvunarmerki varðskipsins voru gefin. Hann kvaðst og hafa borið saman klukkur skipanna ásamt 2. stýrimanni, og reyndust þær eins.

Hásetinn Andrés Bertelsen kvaðst hafa séð hvít ljós á togaranum gegnum kíki, og hafi það verið, um sama leyti og stefna var tekin á togarann. Síðar kvaðst hann hafa séð rautt ljós framar hinum ljósunum. Hann kvaðst hafa haft stöðugar gætur á togaranum, þar til hann fór upp á þak brúarinnar til þess að beina ljóskastara að togaranum. Hafi hann misst sjónar á togaranum, meðan hann var að fara upp á þakið, en eftir að þangað kom, kvaðst hann hafa stöðugt fylgzt með ferðum togarans og alltaf séð rauða ljósið.

Vitnið Sigurður Villi Guðmundsson háseti kvaðst fyrst hafa veitt ljósum togarans athygli, er hann tók við stýrisverði af Andrési Bertelsen kl. 2400. Hann kvaðst stöðugt hafa séð rauða ljósið og einnig toppljósið og bjarma af vinnuljósum, eftir að hann kom í brúna. Kvaðst hann hafa haft nákvæmar gætur á togaranum, allt þar til numið var staðar við hlið hans.

Tvö síðastnefnd vitni unnu og eið að vætti sínu.

Ákærði lýsti yfir í dómi, að hann viðurkenndi ekki að hafa verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna. Hann skýrði frá því, að kl. 2320 hafi hann gert staðarákvörðun, í þann mund er hann hóf að hífa inn vörpuna. Var hann þá staddur 12.2 sml.

frá Barða og 20.1 sml. frá Kópanesi. Hann kvaðst hafa verið einn í brúnni, er hann gerði staðarákvörðun þessa.

Ákærði skýrði svo frá, að siglt hafi verið á hægri ferð, meðan verið var að hífa, og snúið skipinu þannig, að vindur kom þvert á stjórnborðssíðu, og síðan hafi vél verið stöðvuð í um 15 mínútur. Kvaðst hann hafa kastað vörpunni kl. 2350, en ekki gert neina staðarákvörðun þá, þar sem hann taldi það ekki nauðsynlegt. Hann kvaðst hafa kastað á 9—10 sml. hraða og tekið hring á stjórnborða, áður en hann kastaði vörpunni, í stefnu u.þ.b. 290° r/v og togað í 290°—300° stefnu, þar til hann var staddur 13.2 sml. frá Barða, en kveðst síðan hafa haldið þeirri fjarlægð og togað í vestlæga stefnu. Ákærði skýrði svo frá, að tekið hafi um 2 mínútur að fara umræddan hring, áður en kastað var. Hann kvaðst hafa haft uppi togljós allan tímann.

Ákærði skýrði svo frá, að 5 togarar aðrir hafi verið á þessum slóðum og tveir í minna en mílu fjarlægð, þegar varðskipið kom að honum. Ekki taldi ákærði þó líklegt, að villzt hafi verið á togara hans og öðrum togara, en þó hugsanlegt.

Ákærði kveðst ekki hafa séð stöðvunarmerki varðskipsins, en sagðist hafa séð ljós frá ljóskastara þess, sem blikkaði vegna veltings, og hafi hann álitið, að skipherra varðskipsins ætti við þetta, er hann spurði sig um borð í varðskipinu, hvort hann hefði séð stöðvunarmerki varðskipsins.

Ákærði skýrir frá því, að hann hafi ekki gefið út meira af öðrum vírnum til þess að fá meiri toghraða á skipið. Hann taldi, að toghraði togarans væri 3—3½ sml.

Fyrsti vélstjóri togarans, Valentine Henry French, bar eiðfest vætti í dóminum. Hann skýrði svo frá, að ekki sé haldin nákvæm logbók í vélarrúmi, en telur, að klukkan hafi verið 2323—2325, þegar slegið var af vélinni til þess að hífa inn vörpuna, en vélin hafi endanlega verið stöðvuð kl. 2335—2340, og hafi hún verið stöðvuð í um 10 mínútur. Síðan hafi verið kastað, og voru vírar komnir í blökk um 2350—2355, en telur síðarnefnda tímann réttari. Vitnið hugði, að tekið hefði í mesta lagi 5 mínútur að fara hring, áður en kastað var, og hafi þetta verið á tímabilinu 2345—2350. Vitnið taldi, að toghraði sé um 2½—3½ sml. eftir straumi og snúningshraða vélar.

Vitnið Thomas Sumner Hodkinson, stýrimaður togarans, skýrði svo frá, að skipinu hafi verið snúið í hring, áður en kastað var, og taldi, að það tæki um 2—3 mínútur. Vitnið kvaðst hafa litið á klukku í matsalnum, eftir að vörpunni hafði verið kastað,

og var hún þá 2350. Vitnið kvaðst hafa litið lauslega í ratsjá, skömmu áður en híft var kl. 2320, og virzt sem togarinn væri 12.2 sml. frá austurenda Dýrafjarðar.

Hann kvaðst ekki hafa séð stöðvunarmerki frá varðskipinu, enda verið niðri í lest.

Vitnið eiðfesti vætti sitt.

Fulltrúi saksóknara hefur krafizt þess, að ákærði verði látinn sæta þeirri refsingu, sem í ákæruskjali greinir. Auk þess hefur hann krafizt þess, að honum verði tildæmd hæfileg málssóknarlaun, sem renna skuli í ríkissjóð.

Verjandi krafðist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins og að sér yrðu dæmd hæfileg málsvarnarlaun, hvernig sem málið færi.

Sé framburður ákærða og þeirra af áhöfn togarans, sem borið hafa vitni í málinu, borin saman við vætti skipverja varðskipsins, kemur í ljós, að samkvæmt framburði togaramanna er vél togarans stöðvuð á tímabilinu frá 2335—2350, en á þeim tíma gerði varðskipið staðarákvarðanir á togaranum, sem sýna, að hann var á stöðugri siglingu innan fiskveiðitakmarkanna. Skipherra, 1. og 2. stýrimaður varðskipsins hafa fullyrt, að útilokað sé, að villzt hafi verið á togara ákærða og öðrum togurum, sem voru á þessum slóðum. Verður því dómurinn að telja nægilega sannað, að togarinn Prince Philip hafi verið á ferð innan fiskveiðitakmarkanna.

Einnig veikir það framburð ákærða, að sé sigling hans rakin sézt, að ekki er unnt samkvæmt uppgefinni stefnu ákærða að komast milli þess staðar, er varðskipið staðsetti togarann á kl. 0018, en þá staðarákvörðun hefur ákærði viðurkennt sem rétta, og staðarins, er togarinn var á samkvæmt staðarákvörðun ákærða, sem gerð var í þann mund, er varpan var dregin inn kl. 2320, en ákærði kvaðst aftur hafa kastað á þeim stað.

Eftir er að skera úr, hvort togarinn hafi verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna.

Varðskipsmenn hafa borið, að þeir hafi ekki séð togarann með veiðarfæri í sjó innan fiskveiðitakmarkanna, enda útilokað, þar sem fjarlægð var mikil og myrkur á.

Ákærði og þeir af áhöfn togarans, sem borið hafa vætti í málinu, hafa lýst því yfir, að togarinn hafi tekið hring, áður en vörpunni var kastað í umrætt sinn. Sé litið til framburðar skipherra og 1. stýrimanns varðskipsins, þess efnis að sézt hafi í bakborðshlið togarans, mjög fljótlega eftir að önnur staðar-

ákvörðun var gerð og sífellt síðan, svo og til þess, að eftir að rauða ljósið fyrst sást, var það stöðugt sýnilegt, og virðist því útilokað, að togarinn hafi farið í umræddan hring til að kasta, eftir að bakborðshlið hans sást fyrst. Dómurinn telur því nægilega sannað, að varpa togarans hafi verið komin í sjó, ekki síðar en skömmu eftir að önnur staðarákvörðun var gerð. Samkvæmt mælingum varðskipsins var togarinn 0.9 sml. innan fiskveiðitakmarkanna, er önnur staðarákvörðun var gerð, og 0.55 sml. við þriðju staðarákvörðun. Varðskipið gaf ákærða klukkan 2344 ljósmerki um að nema staðar, og síðar kl. 2347, og samkvæmt staðarákvörðun þeirri, sem þá var gerð, var togarinn um 0.55 sml. innan fiskveiðitakmarkanna. Ef tekið er tillit til hugsanlegrar skekkju á ratsjá varðskipsins, sem viðurkennd er af framleiðendum slíkra tækja, svo og þeirrar skekkju, sem dómkvaddir sérfræðingar hafa staðreynt á ratsjá Óðins, sbr. dskj. nr. 13, verður að telja sannað, að togarinn hafi verið innan fiskveiðitakmarkanna, þegar honum var gefið merki um að nema staðar, og þannig hafi verið gætt alþjóðareglu um eftirför eftir erlendum skipum úr fiskveiðilandhelgi út á úthafið.

Dómurinn álítur samkvæmt ofansögðu, að sakfella beri ákærða.

Varðar verknaður ákærða við þau lagaákvæði, sem greind eru í ákæru.

Samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem talin eru í ákæru, og með tilliti til stærðar togarans, 442.01 brúttó smálestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 260.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Prince Philip, FD 400, vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands. Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun til fulltrúa saksóknara ríkisins, Braga Steinarssonar, sem renna skulu til ríkissjóðs, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, William Rawcliffe, greiði 260.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Prince Philip, FD 400, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun fulltrúa saksóknara ríkisins, Braga Steinarssonar, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. desember 1965.

Nr. 54/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Richard Taylor (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staði togara ákærða, Peter Scott, H 103, hinn 28. janúar 1965 samkvæmt mælingum varðskipsmanna, en „reiknað með þeirri ónákvæmni í ratsjárfjarlægðum, sem framleiðendur Sperryratsjár varðskipsins viðurkennna, þ. e. 2% togaranum í hag". Samkvæmt reikningi skólastjórans mælast staðir togara ákærða svo sem hér segir:

1. staður kl. 21.08 um 2.8 sm innan fiskveiðimarka
2. — — 21.14 — 2.9 — — —
3. — — 21.20 — 2.8 — — —
4. — — 21.26 — 2.2 — — —
5. — — 21.32 — 1.05 — — —
6. — — 21.44 — 1.0 — — —
7. — — 21.50 — 0.55 — — —

8.	staður	kl.	21.56	um	0.1	sm	innan fiskveiðimarka
9.	—	—	22.02	—	0.45	—	utan —
10.	—	—	22.08	—	0.8	—	— —
11.	—	—	22.14	—	1.15	—	— —
12.	—	—	22.20	—	1.3	—	— —
13.	—	—	22.36	—	1.4	—	— —

Samkvæmt reikningum dómkvaddra manna, þeirra Ingólfs Þórðarsonar stýrimannaskólakennara og Zóphóníasar Pálssonar skipulagsstjóra, hefur mátt kl. 2153 greina á togara ákærða, sem þá var innan fiskveiðimarka, stöðvunarmerki það, „K", gefið með ljósmerkjum, sem varðskipið sendi honum.

Þá er varðskipið kom að togaranum kl. 2235—2236, sást, að hann var að togveiðum. Er því rannsóknarefni, hvort hann hóf þær veiðar, áður en hann fór út fyrir fiskveiðimörkin. Um þetta segir skólastjóri Stýrimannaskólans í álitsgerð, dags. 20. marz 1965: „Af staðarákvörðunum varðskipsins virðist sem togarinn hafi verið því nær kyrrstæður milli staðarákvarðana 1—3, en við 4 sé hann kominn á ferð og milli 4 og 5 sigli hann með sem næst fullri ferð. Milli staðarákvarðana 5 og 6 líða 12 mínútur, en milli þeirra punkta hefur togarinn aðeins færzt um 0.2 sm. samkvæmt staðarákvörðunum varðskipsins. Á þessu tímabili virðist því togarinn hafa stöðvað, og þar sem hvergi kemur fram, að hann hafi stöðvað eftir vélarbilunina, fyrr en varpan var látin út, gæti það bent til þess, að hún hafi verið látin út á þessu tímabili."

„Miðað við beina og jafna siglingu milli mælistaða", reiknast skólastjóranum hraði togarans þannig:

„1—3 togarinn því nær kyrrstæður, 3—4 um 6.5 sml., 4—5 um 11.0 sml., 5—6 um 1.0 sml., 6—7 um 4.5 sml., 7—8 um 4.5 sml., 8—9 um 5.5 sml., 9—10 um 3.5 sml., 10—11 um 3.5 sml., 11—12 um 5.0 sml. og 12—13 um 5.0 sml.

Hraðaútreikningar þessir verða þó alltaf háðir nokkurri ónákvæmni, þar sem þeir eru reiknaðir út frá siglingu á stuttu tímabili, 6 mínútum, nema milli 5 og 6 12 mín. og milli 12 og 13 16 mín.; og tíminn er aðeins tiltekinn með

1 mínútu nákvæmni. Því getur munað allt að ½ mín. á hvorum tíma um sig eða ±/mín. á tímabili. Þá þyrfti og, þegar um svona stutt tímabil er að ræða, að vera hægt að mæla vegalengdina milli mælistaða með tveggja tugstafa nákvæmni, en það er ekki hægt í korti nr. 4, til þess er það í of litlum mælikvarða."

Hinn 22. nóvember 1965 dómkvaddi sakadómari í Reykjavík að tilhlutan saksóknara ríkisins þá Einar Thoroddsen yfirhafnsögumann, Ingólf Þórðarson stýrimannaskólakennara og Karl Magnússon skipstjóra til að kveða upp álit sitt um, hvort ákærða var „unnt, miðað við mælingar varðskipsmanna á stöðum togara ákærða og aðrar aðstæður, að kasta vörpu sinni með þeirri aðferð, sem hann lýsir í rannsókn málsins, eftir að hann var kominn út fyrir fiskveiðimörkin". Hinir dómkvöddu menn skiluðu álitsgerð hinn 30. nóvember 1965 og staðfestu hana samdægurs fyrir dómi. Þeir segja m. a.: „Samkv. því, sem fram kemur í rannsókn málsins, er undirbúningstími að köstun 5—6 mín. og köstun 6—7 mín. og kastað með 5—8 sml. hraða, en okkur finnst vart líklegt, að hraði í köstun hafi verið undir 7 sml. Reiknað er með toghraða 3.5 sml., en það kemur fram í skýrslu ákærða, að sé venjulegur toghraði."

Niðurstaða hinna dómkvöddu manna er þessi: „Á það ber að líta, að ákærði getur ekki samkv. stöðum varðskipsmanna á togaranum hafa stöðvað í 5—6 mínútur til að undirbúa köstunina, eftir að hann kemur út fyrir fiskveiðimarkalínuna." Samkvæmt því, sem að framan er rakið, styður rannsókn sú, sem framkvæmd hefur verið eftir uppsögu héraðsdóms, eindregið niðurstöðu varðskipsmanna og héraðsdóms. Með mælingum varðskipsmanna verður því að telja sannað, að ákærði hafi látið út vörpu sína á tímabilinu 2132—2144, er hann var um 1.05—1.0 sm innan fiskveiðimarkanna. Að þessu athuguðu og með skírskotun til forsendna héraðsdóms, ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 30.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, þó svo að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Richard Taylor, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 30.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 31. janúar 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, var höfðað af ákæruvaldsins hálfu hér fyrir dómi með ákæru, útgefinni sama dag, á hendur Richard Taylor, til heimilis 186 Pickering Road í Hull, skipstjóra á b/v Peter Scott, H 103, frá Hull, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 og lög nr. 33 19. júní 1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að vera að botnvörpuveiðum á nefndum togara fimmtudagskvöldið 28. janúar 1965 vestur af Grímsey innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961.

Ákærist því nefndur Richard Taylor til að sæta refsingu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. og 5. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, talinn fæddur 3. desember 1931 í Hull, og hefur sætt refsingu og kærum hér á landi, sem hér segir: 21/3 1961 í Reykjavík: Dómur, 230.000.00

kr. sekt fyrir brot gegn landhelgislögum. 2/12 1961 á Ísafirði: Dómur, tveggja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr. hegningarlaganna, greiði in solidum skaðabætur, kr. 5.000.00. 16/11 1963 á Ísafirði: Dómur, tveggja mánaða varðhald og 300.-000.00 kr. sekt fyrir botnvörpuveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afli og veiðarfæri b/v James Barrie, H 15, skulu gerð upptæk. 23/9 1964 á Ísafirði: Dómur, málinu vísað frá dómi. (Ákæra: Ólöglegar botnvörpuveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands). Staðfest í Hæstarétti 24/11 1964.

Málavextir eru þessir samkvæmt skýrslu skipherra varðskipsins Óðins:

Fimmtudaginn 28. janúar 1965 tók varðskipið fastan brezka togarann PETER SCOTT, H 103, frá Hull, vegna meintra ólöglegra veiða innan fiskveiðitakmarkanna vestan við Grímsey.

Skipstjóri, Richard Taylor, fæddur 3/12 1931, til heimilis 186 Pickering Rd., Hull.

Nánari atvik voru, sem hér segir:

Er varðskipið var á leið vestur fyrir suðurodda Grímseyjar, var gerð eftirfarandi staðarákvörðun af togara:

1. Kl. 2108, miðast togari í r/v 269.5°, fjarlægð 10.75 sjóm. Suðurendi Grímseyjar r/v 315.5°, fjarlægð 1.35 sjóm., sem gefur stað togarans um 2.9 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna.
2. Kl. 2114, miðast togarinn í r/v 272°, fjarlægð 10.0 sjóm. Suðurendi Grímseyjar r/v 347.5°, fjarlægð 1.3 sjóm., sem gefur stað skipsins um 3.1 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna.
3. Kl. 2120, miðast togarinn í r/v 270°, fjarlægð 9.35 sjóm. Suðurendi Grímseyjar r/v 026.5°, fjarl. 1.0 sjóm., sem gefur stað togarans um 3.0 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna. Þessar þrjár staðarákvarðanir sýna, að togarinn var kyrrstæður.
4. Kl. 2126, miðast togarinn í r/v 265.5°, fjarlægð 9.65 sjóm. Sandvíkurtangi (Grímsey) r/v 351.5°, fjarl. 1.0 sjóm., gefur það togarann um 2.4 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna.
5. Kl. 2132, miðast togarinn í r/v 263°, fjarlægð 10.65 sjóm. Sandvíkurtangi (Grímsey) r/v 360°, fjarl. 0.5 sjóm. Gefur það stað togarans um 1.25 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna.

6. Kl. 2144, miðast togarinn í r/v 264.5°, fjarl. 10.65 sjóm. Sandvíkurtangi (Grímsey) r/v 012°, fjarl. 0.6 sjóm., sem gefur stað togarans um 1.05 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna.

7. Kl. 2150, miðast togarinn í r/v 263.5°, fjarl. 11.0 sjóm. Gefur það stað togarans um 0.7 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna.

Var þá gefið stöðvunarmerki „K" með ljósmerkjum og sett á fulla ferð á báðar vélar (I. stýrim.).

Kl. 2151, lausi fjarlægðarhringur Sperryratsjár borinn saman við föstu fjarlægðarhringina og reyndist réttur (I. og II. stýrim.).

Kl. 2153 stöðvunarmerkið „K" gefið með ljósmerkjum (I. stýrim.).

8. Kl. 2195, miðast togarinn í r/v 263°, fjarlægð 10.2 sjóm. Sandvíkurtangi (Grímsey) r/v 060.5°, fjarl. 1.55 sjóm., sem gefur stað togarans um 0.35 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna. Var þá gefið stöðvunarmerki „K" með ljósmerkjum (I. stýrim.). Var þá lausi fjarlægðarhringur Sperryratsjár borinn saman við föstu fjarlægðarhringina og reyndist réttur (I. stýrim. og loftsk.m.).

9. Kl. 2202, miðast togarinn í r/v 263°, fjarlægð 8.7 sjóm. Sandvíkurtangi (Grímsey) r/v 073°, fjarl. 3.55 sjóm. Eyjarfótur, fjarl. 4.35 sjóm.

Gefur þetta stað togarans um 0.15 sjóm. utan fiskveiðitakmarkanna. Gefið var þá stöðvunarmerkið „K" með ljósmerkjum (loftskeytam.).

Kl. 2203, lausi fjarlægðarhringur Sperryratsjár borinn saman við föstu fjarlægðarhringina og reyndist réttur (I. og II. stýrim.).

Kl. 2207, gefið stöðvunarmerki „K" með ljósmerkjum (loftskeytam.).

10. Kl. 2208, miðast togarinn í r/v 262.5°, fjarlægð 7.4 sjóm. Sandvíkurtangi (Grímsey) r/v 075°, fjarlægð 5.2 sjóm. Gefur það stað togarans um 0.6 sjóm. utan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 2211, gefið stöðvunarmerki „K" með ljósmerkjum.

Kl. 2212, lausi fjarlægðarhringurinn borinn saman við föstu fjarlægðarhringina og reyndist réttur. Stefnulína Sperryratsjár athuguð og reyndist rétt, einnig reyndist miðpunktur réttur.

Kl. 2213, sést á bakborðshlið togarans (skipstj. og I. stýrim.).

11. Kl. 2214, miðast togarinn í r/v 262°, fjarlægð 6.0 sjóm. Sandvíkurtangi (Grímsey) r/v 077°, fjarl. 6.9

sjóm., sem gefur stað togarans um 0.9 sjóm. utan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 2216, gefið stöðvunarmerki „K“ með ljósmorse (loftskeytam.).

12. Kl. 2220, miðast togarinn í r/v 257.5°, fjarlægð 4.45 sjóm.
Sandvíkurendi (Grímsey) r/v 077°, fjarl. 8.6 sjóm.
Gefur það stað togarans um 1.0 sjóm. utan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 2223 gefið stöðvunarmerki „K“ með ljósmorse (loftsk.m.).

Kl. 2224 gefið stöðvunarmerki með ljósmorse með merkjalampa í mastri (skipherra).

Kl. 2228, sendir togarinn ljósmerki „A“, því var svarað með „K“ stöðvunarmerkinu af I. stýrim., togarinn svarar aftur, segist skilja það.

Kl. 2235, sáust stjórnborðstogvírar aftur af togaranum (skiph. og I. stýrim.).

13. Kl. 2236 við togarann.
Gjögurtá, fjarlægð 18.85 sjóm.
Sauðanes, fjarlægð 19.0 sjóm., dýpi 220 metrar.
Gefur það stað togarans um 1.4 sjóm. utan fiskveiðitakmarkanna. Gefið stöðvunarmerki „K“ með skipsflautunni (skiph.). Togarinn stöðvar ekki.

Kl. 2257, sendur gúmmíbátur með I. og III. stýrim. og þremur hásetum yfir að togaranum. Þegar komið var að hlið togarans, neitaði skipstjóri að stöðva skipið og sagði, að enginn varðskipsmaður kæmi um borð í skip sitt. Kl. 2300 skaut I. stýrim. tveim skotum með skammbyssu upp í loftið, en togarinn stöðvaði ekki. Benzínslanga utanborðsmótorsins fór þá úr sambandi, svo ekki var hægt að leggja að togaranum, og kom því báturinn að varðskipinu aftur kl. 2305.

Kl. 2305, gefið stöðvunarmerki „K“ með skipsflautunni (skiph.).

Kl. 2307 spurði skipstjóri togarans, hvort hann mætti ná í skipstjórana á tveim öðrum togurum, sem þarna væru að veiðum, til að bera vitni í máli hans. Var honum sagt, að hægt væri að ræða um það, þegar hann kæmi yfir í varðskipið. Sagðist hann nú skyldi stöðva og taka inn vörpuna.

Kl. 2325 tilkynnti skipstjórinn, að togspilið væri bilað. Honum var sagt, að hann gæti stöðvað skip sitt allt að einu, svo varðskipsmenn gætu komizt um borð. Svaraði hann því til, að það tæki aðeins nokkrar mínútur að laga spilið.

Kl. 2335, slegið úr blökkinni á togaranum, og hann byrjar að hala inn vörpuna.

Kl. 2344, komu hlerar í gálga.

Kl. 2350, fóru I. og III. stýrim. yfir í togarann á gúmmíbáti. Bornar voru saman klukkur skipanna, og var togaraklukkan 63 mínútum á undan varðskipsklukkunni.

Kl. 2353, vörpupokinn hífður inn fyrir (slöttungur).

Föstudaginn 29. janúar 1965:

Kl. 0014, komið með skipstjóra togarans yfir í varðskipið. Skipstjóranum voru sýndar staðarákvarðanir varðskipsmanna, vildi hann ekki viðurkenna þær, kvaðst hafa kastað 12.2 sjóm. frá ströndinni á Grímsey. Honum var bent á, að samkvæmt staðarákvörðunum varðskipsins hefði hann verið á togferð, þegar hann kom á fiskveiðitakmörkin, svo þetta gæti ekki staðizt. Hann kvaðst hafa togað með 425 faðma úti af vír.

Togklukka togarans stóð á 2305 GMT. (Klukka varðskipsins þá 2202).

Honum var bent á, að frá staðarákvörðun nr. 5 og þar til hann sló úr blökkinni, hafi skip hans alltaf verið á togferð, og hann því ómögulega getað kastað á þeim tíma. Líklegast, að hann hafi tekið í blökkina á stað nr. 5, enda bendir allt til þess. Hann kvaðst vera um 10 mín. að slaka út 425 föðmum af togvír og tekur í blökkina, þegar þeir eru komnir út, og stillir þá togklukkuna. Skipstjórinn sagði, að vélin hafi bilað, þegar hann stöðvaði um 3 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna.

Honum var nú tilkynnt, að farið yrði með hann til Akureyrar til frekari rannsóknar í máli hans.

Kl. 0228, farið með skipstjórann yfir í togarann, og voru III. stýrim. og tveir hásetar með honum til Akureyrar.

Kl. 0235, haldið af stað til Akureyrar.

Þann 14/1 1965 var Sperryratsjá athuguð í Reykjavík af Kristjáni Júlíussyni yfirloftskeytamanni, að viðstöddum I. stýrim. Helga Hallvarðssyni, þannig: Miðjan stillt, Gyro lá 106°, Innri Hólmur r/v 360°, fjarlægð 9.02 sjóm.

Kl. 0336, þann 29/1 1965, var Gyroáttaviti athugaður þannig:

Gjögurtá, fjarlægð 8.9 sjóm.

Þórhildarvogur, fjarlægð 8.25 sjóm.

Km. í N-enda Hríseyjar 171°, skekkja 0°.

Kl. 0750, athugaður Gyro-áttaviti við bæjarbryggjuna á Akureyri, lá þá skipið slétt með bryggjunni, liggur þá 205.5° r/v og á að vera samkvæmt korti 205.5°, skekkja 0°.

Við töku togarans voru notuð Sperryratsjá og Gyro-áttaviti.

Mælingar voru framkvæmdar af I., II. og III. stýrimanni undir umsjá skipherra.

Skipherra lagði enn fremur fram í réttinum sjókort með útsetningu á mælingum, er getur í skýrslu hans. Einnig lögðu varðskipsmenn fram við rannsókn málsins skrá yfir hraða togarans Peters Scotts á milli hinna útsettu staðarmælinga.

Ákærði viðurkenndi fyrir dómi, að fyrsta staðarathugun á togara hans sé rétt hjá varðskipsmönnum, en jafnframt staðhæfði hann, að staðsetning varðskipsins væri röng, það hafi þá verið handan við — austan við — Grímsey. Að öðru leyti hefur ákærði stöðugt mótmælt öllum staðarmælingum varðskipsmanna og neitað með öllu að hafa verið að veiðum í landhelgi.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að því er máli skiptir. Hann er með töluverðan fisk innanborðs og hafi hann að mestu verið veiddur út af Horni. Þá hefur hann skýrt svo frá, að greint kvöld hafi hann verið á austurleið og verið kominn austur fyrir Grímsey og ætlað að halda heimleiðis, en þá hafi hann talað við annan brezkan togara, sem hafi verið við Grímsey, og hafi hann sagt þeim, að þar væri fiskur og einnig, að v/s Óðinn væri þar. Hann hafi nú snúið við og verið nýkominn austur fyrir Grímsey, er þessir atburðir gerðust. Samkvæmt mælingum varðskipsmanna var togarinn svo til hreyfingarlaus við fyrstu staðarathuganirnar, sbr. að framan. Ástæðuna fyrir þessu kvað ákærði hafa verið þá, að það hafi orðið smábilun í vél skipsins. Þá skýrði ákærði svo frá, að eftir bilunina hafi hann siglt með ¾ ferð eða 7—8 sjóm. hraða, þar sem hann átti stutt eftir að landhelgislínunni, þar sem hann ætlaði að hefja veiðar á 100 faðma dýpi. Þegar hann var 12.2 sml. frá Grímsey og 21 sml. frá Gjögri, kastaði hann trollinu, og hafi hans klukka þá verið 2305 GMT, og kveðst hann hafa sett þessa staðarákvörðun á sjókort, er hann lagði fram í réttinum. Hann kvaðst hafa kastað trollinu í VNV, vindur af norðri. Ekki kvaðst hann geta sagt um hraðann, er hann kastaði í þetta sinn, en hraðinn sé þetta 5—8 sml., þegar kastað sé, og toghraðinn hjá sér sé 3.5 sml. Ekki kvað hann skipinu hafa verið snúið í hring, áður en vírnum var slakað, og ef einhver stefnubreyting hafi verið, hafi hún verið innan við 11°. Þá sagði hann, að þegar tekið var í blökkina, hafi verið mjög lítið beygt.

Ákærði kveðst hafa verið einn á stjórnpalli, þegar hann varð var varðskipsins, og gert einsamall staðarákvörðun þá, er að framan greinir. Kl. 2320 GMT, tók hann fyrst eftir ljósmerkj-

um frá v/s Óðni. Hann kallaði þá til bæði stýrimann og loftskeytamann, þann síðarnefnda til að senda ljósmerki til v/s Óðins, en stýrimaður hafði stjórnað skipinu, meðan hann sjálfur reyndi að ná sambandi við Óðin með VHF tækjum, en þeir hafi ekki svarað.

Þá hefur ákærði haldið því fram, að undirbúningur að því að kasta trollinu hafi tekið 5—6 mínútur og kastið sjálft 6—7 mínútur, miðað við 400 faðma vír. Hins vegar fékkst ekkert svar við þeirri spurningu, hve langur tími hafi liðið í greint sinn, frá því skipið var stöðvað til að láta vörpuna út, þar til tekið var af stað aftur til að slaka út vírunum, nema það, að hann hefði enga hugmynd um það.

Um það atriði, hvenær ákærði hafi farið að láta hreyfa við veiðarfærum til undirbúnings kastinu, sagði hann, að það væri enginn undirbúningur að kastinu, enda sé varpan aðeins fest með 2—3 böndum, enda séu nútímavörpur þannig gerðar, að það sé aðeins fárra mínútna verk að undirbúa kastið. Ekki gat ákærði gefið neitt upp um, hvað klukkan var, er þeir fóru að hreyfa veiðarfærin til undirbúnings kasti, en staðhæfði hins vegar, að hann hefði þá verið kominn út fyrir landhelgismörkin. Ákærði kvaðst hafa haft öll veiðarfæri í búlka, meðan hann var innan landhelgislínu.

Við kynningu á dskj. nr. 5 um siglingarhraða ákærða, sbr. dskj. nr. 1 og 2, og við ábendingu um ósamræmi þess og hraða þess, er hann hefði gefið upp, sagði ákærði, að tölur þessar væru rangar, og sérstaklega tiltók hann nr. 11—13, því þá hafi hraði hans örugglega verið 3 til 3.5 sjómílur. Enn fremur, að þessar tölur sýni alltaf ójafnan hraða miðað við tog, og séu yfirleitt of háar. Varðandi þá staðhæfingu varðskipsmanna, að frá staðarákvörðun nr. 5 og þar til hann sló úr blökkinni, hafi skipið alltaf verið á togferð, svaraði hann því til, að eftir togið hafi hann aðeins haft 10—15 körfur af fiski, og fullyrti, að ef hann hefði togað, eins lengi og varðskipsmenn ætla, þá hefði veiðin orðið miklu meiri.

Aðspurður, hvers vegna hann hafi ekki svarað með morsi, þegar varðskipið skipaði honum að stöðva, segist hann hafa gert það, ekki einu sinni, heldur aftur með ljósmorsi, og einnig hafi hann svarað með VHF fjarskiptatæki, án þess að því væri svarað. Um það atriði, að hann stöðvaði ekki, þegar varðskipið skipaði honum það, sagði ákærði, að hann hafi fyrst viljað hafa samband við varðskipið til að fá skýringu á því, hvers vegna hann ætti

að stöðva, og tók fram, að ef hann hefði átt að stöðva þarna, eins og botninn sé þar, þá hefði hann misst vörpuna. Þá neitaði hann því að hafa sagt við varðskipsmennina í gúmmíbátnum, að enginn varðskipsmaður kæmi um borð í hans skip, en sagðist hins vegar hafa sagt þetta við skipherra Óðins í talstöð.

Ákærði staðhæfði, að samkvæmt athugun loftskeytamannsins hafi ratsjá togarans verið í lagi, og sagði einnig, að hann hafi fengið staðarákvarðanir frá brezkum togara, Cold Stream, þegar b/v Peter Scott var 12.6 sml. frá Grímsey, og taldi sá fyrrnefndi Peter Scott fjær Grímsey en ákærði taldi sig vera.

Stýrimaðurinn á b/v Peter Scott hefur gefið eiðfestan framburð í málinu. Hann kveðst ekkert hafa verið á stjórnpalli, fyrr en hann var kallaður þangað, eftir að skipstjóri hafði séð stöðvunarmerkið frá varðskipinu, og ekkert tekið þátt í staðarákvörðun skipstjóra. Hann bar, að skipið hafi verið stöðvað vestan við Grímsey í 5—10 mín. vegna vélarbilunar, en vissi ekki nánar um staðinn. Hann kvað þá eftir það hafa siglt í nokkrar mínútur, þangað til þeir köstuðu, og þá siglt á fullri ferð, sem sé 11 sjóm. Vitnið kvað þá þurfa að stöðva 2—3 mín., þegar vörpu væri kastað út fyrir tog. Vitnið kvað þá hafa verið búna að toga í um 15 mín., þegar hann kom á stjórnpall, og hafi klukkan þá verið 2320 GMT. Einnig kvaðst hann hafa litið í ratsjána, þegar hann kom upp, og hafi þeir þá verið 12¾ sjóm. frá Grímsey. Hann kvað togvírana hafa verið 325 faðma.

Vélstjóri b/v Peters Scotts hefur einnig gefið skýrslu í málinu og hefur borið, að það hafi orðið vélarbilun hjá þeim við Grímsey 28. þ. m., svo þeir hafi orðið að stöðva skipið, en vissi ekki nánar, hvar þeir voru staddir, en kl. hafi verið um 2230 GMT, er þeir stöðvuðu og stoppuðu í um 10 mín. Eftir það hafi þeir keyrt með 7—8 sjóm. hraða. Hann kvað þá þurfa að stöðva 5—10 mín. til að kasta vörpunni. Þegar vörpunni er kastað, kvað hann hraðann 4—5 sjóm., en togað sé með 84 snúningum á mín., en full ferð sé 120 snúningar. Hann kvað kl. hafa verið 2305, þegar sett var á fulla ferð eftir kastið.

Auk skýrslunnar á dskj. nr. 1 hefur skipherrann á Óðni, Þórarinn Björnsson, borið eftirfarandi, að því er máli skiptir.

Að gefnu tilefni sagði vitnið, að það væri tilgáta sín, að tekið hefði verið í blökkina á stað nr. 5, sbr. dskj. nr. 2, en tók jafnframt fram, að eftir að togarinn var staddur á þessum stað, geti hann ekki hafa kastað vörpunni, því eftir það hafi hann ekki stöðvað neitt fyrr en eftir tökuna. Þá sagði vitnið, að þeir hafi

ekki beinlínis séð, að togarinn væri úti með veiðarfærin fyrr en kl. 2235, en áður höfðu þeir séð, að skipið var á togferð og togljós á því, en það hafi ekki verið fyrr en skipið beygði á bakborða, sem hann sá þau, og var skipið þá komið út fyrir línuna. Þá sagði vitnið, að það hafi heyrt talstöðvarviðtal við hinn kærða skipstjóra, þar sem hann hafi sagt, að hann héldi, að það væri stór fiskibátur, sem væri að fara inn á Grímseyjarhöfn, og taldi vitnið, að þar gæti ekki verið um annað skip að ræða en v/s Óðin.

Stýrimennirnir allir þrír hafa komið fyrir dóm og borið samhljóða skipherra um mælingarnar og staðsetningu togarans og að hann gæti ekki hafa stöðvað til að kasta vörpunni, eftir að hann var á stað nr. 5—6. Enn fremur hefur 3. stýrimaður, sem stjórnaði siglingu togarans til lands, borið, að hann hafi veitt því eftirtekt, að lausi hringurinn á ratsjánni var skakkur, þ. e. ÷ skekkja á lægri helmingi skalans, en + skekkja á efri helmingi skalans, en miðhringur hvers skala virtist réttur.

Samkvæmt vætti viðkomenda voru skipherra og allir stýrimennirnir við staðarmælingarnar og hafa allir staðfest skýrslur sínar með eiði.

Samkvæmt gögnum málsins athugast eftirfarandi:

Togarinn Peter Scott er staddur á stað nr. 5, sbr. framlagðan uppdrátt, kl. 2132. 10 mínútur tekur að setja vörpuna út. Kl. 2142 byrjað að slaka út vírunum, sem samkvæmt framburði kærða tekur um 6 mínútur.

Í stað nr. 6 er búið að keyra í 2 mínútur. Vegalengd milli staða nr. 5 og 6 er 0.2 sjóm., sem gefur köstunarhraða 6 sjóm. Eftir er að slaka út vírum í 4 mínútur með 6 sjóm. hraða. Milli staða 6 og 7 eru 0.4 sjóm. Er því skipið statt sem næst stað 7, þegar tekið er í blökkina. Einnig telja hinir sérfróðu menn dómsins, að ef ákærði hefði talið sig kasta vörpunni utan landhelgislínu, þá hefði hann ekki kastað í þá stefnu, sem hann gerði, heldur í svipaða stefnu og landhelgislínan er þarna, sem er hin venjulega togstefna þarna, það er meðfram kantinum.

Ákærði viðurkenndi mælingar á stað 1—2—3, þar sem hann sagði, að skipið hefði legið vegna vélarbilunar. Síðan er keyrt með fullri ferð til staðar nr. 5. Á næstu 12 mínútum hreyfist skipið aðeins 0.2 sjóm., og verður að álíta, að skipið hafi verið kyrrstætt mestan þann tíma. Ekki er hægt að álíta annað en að vörpunni hafi verið kastað á stað nr. 5, enda útilokað samkvæmt mælingum og vitnisburðum varðskipsmanna, að togar-

inn hafi stöðvað til þess að kasta vörpunni á milli staða nr. 7—13.

Með tilvísan til þessa og gangs málsins að öðru leyti telur rétturinn nægilega sannað, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum í íslenzkri landhelgi, eins og í ákæru greinir, og þar með gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, er þar greinir og rakin eru að framan. Samkvæmt refsiákvæðum þeim, er þar eru tilgreind, og að hér er um ítrekað brot að ræða og telja verður, að ákærði hafi framið brotið vitandi vits, svo og stærðar togarans, er talin er nema 665.57 brúttó smálestum, og með hliðsjón af gengi ísl. krónu í dag, en 100 gullkrónur jafngilda 1.951.09 pappírskrónum, þykir hæfilegt að dæma ákærða í 45 daga fangelsi og til að greiða kr. 350.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 10 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Enn fremur ber að gera upptæk til sama sjóðs veiðarfæri og afla togarans Peters Scotts, H 103. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal til greiðslu saksóknarlauna til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Gísla Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminn kváðu upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógeta, og meðdómsmennirnir Bjarni Jóhannesson og Þorsteinn Stefánsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Richard Taylor, sæti 45 daga fangelsi. Hann greiði kr. 350 þúsund í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 10 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, á togaranum Peter Scott, H 103, skulu verða upptæk til sama sjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 8.000.00 í saksóknarlaun til ríkissjóðs og kr. 8.000.00 í málsvarnarlaun til verjanda síns, Gísla Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. desember 1965.

Nr. 189/1965. **Þorvaldur Lúðvíksson** (sjálfur)
gegn
Magnúsi Helgasyni og Oddrúnu Sigurðardóttur (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1965. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að stefndu verði dæmt að greiða in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu hefur enginn komið fyrir dóm, enda þótt þeim hafi verið löglega stefnt. Hefur málið verið flutt skriflega samkvæmt 2. málsgr. 47. gr. laga nr. 57/1962 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu dómsathöfn, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu hennar til greina.

Stefndu höfðu áfrýjað dóminum af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera hina áfrýjuðu dómsathöfn undir Hæstarétt. Er því rétt að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Stefndu, Magnús Helgason og Oddrún Sigurðardóttir, greiði in solidum áfrýjanda, Þorvaldi Lúðvíkssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. september 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 16. þ. m., af Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmanni, Tjarnargötu 14, Reykjavík, gegn Magnúsi Helgasyni, Mávahlíð 19, Reykjavík, og Oddrúnu Sigurðardóttur, Miklubraut 50, Reykjavík, til greiðslu víxils, að fjárhæð krónur 137.000.00, útgefins 12. júní 1965 af M. Helgasyni f. h. stefnda Oddrúnar og samþykkts af stefnda Magnúsi til greiðslu í Verzlunarbankanum, hér í bæ, 12.8. 1965, en á víxli þessum, sem var afsagður sökum greiðslufalls 14.8. 1965, er stefndi Oddrún ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 137.000.00, með 1% mánaðarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 12.8. 1965 til greiðsludags, kr. 479.00 í stimpil-, banka- og afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa látið sækja þing, en engum andmælum hreyft gegn dómkröfunum. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með eyðuframsali til sín svo og afsagnargerð, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 16.000.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Magnús Helgason og Oddrún Sigurðardóttir, greiði, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, stefnanda, Þorvaldi Lúðvíkssyni, kr. 137.000.00 með 1% mánaðarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 12.8. 1965 til greiðsludags, kr. 479.00 í stimpil-, banka- og afsagnarkostnað og kr. 16.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. desember 1965.

Nr. 111/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Snæbirni Einarssyni (Agnar Gústafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni verið yfirheyrð fyrir dómi og eiðfest.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Snæbjörn Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Þingeyjarsýslu og Húsavíkur 20. apríl 1965.

Ár 1965, þriðjudaginn 20. apríl, klukkan 1330, var í sakadómi Þingeyjarsýslu og Húsavíkurkaupstaðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins í Húsavík af Jóhanni Skaptasyni, sýslumanni og bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu nr. 83/1964: Ákæruvaldið gegn Snæbirni Einarssyni, sem dómtekið var 7. þ. m.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 9. nóvember s.l., gegn Snæbirni Einarssyni kennara,

Gerði, Raufarhöfn, fyrir að aka sunnudaginn 30. ágúst 1964 eftir hádegið undir áhrifum áfengis bifreiðinni Þ 511 um götur Raufarhafnar að Síldarleitarhúsinu.

Þetta er talið varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur hinn 25. október 1902 í Garði í Þistilfirði í Norður-Þingeyjarsýslu.

Hann hefur áður sætt eftirgreindum refsingum:

1960 10/5 í Þingeyjarsýslu: Dómur, 10 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í eitt ár fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.

1961 2/2 í Þingeyjarsýslu: Dómur, 20 daga varðhald fyrir brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. og 49. gr. sbr. 1. og 3. mgr. 80. gr. laga nr. 26/1958.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Ákærði var á dansleik á Raufarhöfn aðfaranótt sunnudagsins 30. ágúst s.l. og neytti þá áfengis, sérstaklega nokkru eftir að dansleikurinn hætti. Hann heldur, að hann hafi farið heim til sín eftir dansleikinn um klukkan 4 um nóttina. Hann heldur, að svo hafi hann sofið 5—6 klukkutíma.

Morguninn eftir fór hann út að aka bifreiðinni Þ 511. Segir hann, að þrír menn hafi verið með sér í bifreiðinni. Hann hafi ekið suður úr bænum. Þar hafi hann farið inn til Árna Þóroddssonar, og vissi hann varla, fyrr en hann var búinn að smakka þar á víni. Hann segir, að Árni hafi afhent félögum sínum í bifreiðinni „leka“ til að „rétta sig af“, og auðvitað hafi þeir alltaf verið veifandi honum í bifreiðinni. Hann kveðst þó ekki vera viss um, að hann hafi neytt áfengis í bifreiðinni.

Hann segir, að félagar sínir hafi beðið sig að aka norður úr kauptúninu. Þá hafi hann allt í einu orðið þess var, að hann myndi vera undir áhrifum áfengis. Ók hann þá heim að síldarleitarstöðinni og stöðvaði vél bifreiðarinnar. Ætlaði hann að fá þar mann til að aka bifreiðinni heim.

Hann bendir á, að hann hafi tekið inn pillur við hálsríg, og heldur hann, að áhrif þeirra hafi valdið því, að hann var sér ekki strax þess meðvitandi, að hann væri undir áfengisáhrifum.

Þegar ákærði ók norður úr kauptúninu og upp að síldarleitarstöðinni, ók hann fram hjá aðsetri lögreglunnar á Raufarhöfn. Var það klukkan 1320.

Lögreglumennirnir höfðu veitt því athygli, að ákærði var talsvert undir áhrifum áfengis klukkan 2 nóttina áður, þegar dansleikurinn hætti.

Þeir veittu því athygli, þegar hann ók norður hjá lögreglustöðinni og upp að síldarleitarstöðinni. Grunaði lögreglumennina, að ákærði kynni að vera enn undir ölvunaráhrifum, svo þeir óku á eftir honum og höfðu tal af honum.

Áfengislykt lagði frá vitum ákærða, og hann viðurkenndi að hafa neytt lítils háttar áfengis þá skömmu áður í bifreiðinni, ca. tveggja sopa af vodka. Sömuleiðis viðurkenndi hann að hafa fundið til lítils háttar áfengisáhrifa við aksturinn seinast.

Lögreglumennirnir tóku öndunarprufu af ákærða. Benti hún til III.—IV. stigs.

Klukkan 14 tók læknir blóðsýnishorn úr ákærða. Var það sent héraðslækninum á Akureyri til rannsóknar, og reyndist það hafa inni að halda 1.10‰ reducerandi efni (alkóhól).

Lögreglan lýsir ákærða þannig:

Lítils háttar áfengisþefur af andardrætti, andlit þrútið (rjóður), fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu vot, jafnvægi stöðugt, málfar skírt, framburður greinagóður.

Það verður að teljast sannað með viðurkenningu ákærða, niðurstöðu blóðrannsóknarinnar og skýrslu lögreglunnar, að ákærði hafi gerzt með framangreindu athæfi sínu brotlegur við þau lagaákvæði, sem greinir í ákærunni og hér að framan eru skráð.

Að þessu sinni henti hann ekkert óhapp í akstrinum.

Með hliðsjón af fyrri brotum ákærða og með tilliti til þess, að hann er roskinn maður, sem hefur fyrir 5 börnum að sjá, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 20 daga varðhald. Hann skal sviptur ökuréttindum ævilangt og honum gert að greiða allan kostnað sakarinnar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Snæbjörn Einarsson, sæti 20 daga varðhaldi. Hann er sviptur ökuréttindum ævilangt. Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. desember 1965.

Nr. 180/1965. **Bílstjórafélag Suður-Þingeyjarsýslu**
gegn
Landssambandi vörubifreiðarstjóra.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. október 1965, er hingað barst 22. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 21. gr., 1, b, laga nr. 57/1962 frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 30. september 1965 í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á sakarefnið. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Eins og rakið er í héraðsdómi, eru kröfur sóknaraðilja reistar á því, að úrskurður stjórnar varnaraðilja frá 4. júní 1961 komi í bága við þær reglur um vinnuskiptingu, sem samþykktar voru á þingi varnaraðilja í desember 1955. Úrlausn þessa sakarefnis er því komin undir skýringu á félagslögum og reglum varnaraðilja. Fallast ber á, að það falli ekki undir verksvið Félagsdóms að veita efnisúrlausn um þenna ágreining, sbr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Eigi verður talið, að 28. gr. félagslaga varnaraðilja hafi skilið þetta sakarefni undan lögsögu hinna almennu dómstóla, en 8. gr. félagslaganna kemur hér eigi til álita. Bílstjórafélagi Húsavíkur var eigi stefnt í málinu. Það á ekki að standa því í vegi, að efnisdómur verði á lagður, en slíkur dómur bindur einungis málsaðilja. Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið fyrir af nýju og leggja dóm á það.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði bæjarþingsdómur er úr gildi felldur, og ber héraðsdómara að taka málið fyrir af nýju og leggja dóm á það.

Varnaraðili, Landssamband vörubifreiðarstjóra, greiði sóknaraðilja, Bílstjórafélagi Suður-Þingeyjarsýslu, kærumálskostnað, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. september 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 29. þ. m., hefur Jón Árni Sigfússon, formaður Bílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu, fyrir hönd félagsins höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. marz 1965, á hendur stjórn Landssambands vörubifreiðastjóra (L.V.) í Reykjavík.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, a) að viðurkenndur verði með dómi alger forgangsréttur vörubifreiðastjóra Bílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu á öllum akstri, sem eingöngu fer fram á félagssvæði félagsins, b) að úrskurður stjórnar Landssambands vörubifreiðastjóra frá 4. júní 1961 verði dæmdur ógildur og c) að stefndi greiði stefnanda skaðabætur, að fjárhæð kr. 100.000.00, með 7% árvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags svo og málskostnað að mati dómarans.

Vegagerð ríkisins hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en engar kröfur hafðar uppi gegn henni, og hefur hún ekki gert kröfur í málinu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, en *til vara* sýknu af dómkröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna hinn 29. f. m., og var málið tekið til dóms eða úrskurðar að honum loknum.

Stefnandi krafðist þess, að hinni framkomnu frávísunarkröfu stefnda yrði hrundið.

Málsatvikum er þannig lýst af stefnanda, að stjórn L. V. hafi fellt úrskurð á fundi sínum 4. júní 1961, sem þýði, að vörubifreiðastjórar bæði í félagi stefnanda og Bílstjórafélagi Húsavíkur hafi rétt til vegavinnu, hvar sem er í Suður-Þingeyjarsýslu. Stjórn L. V. tilkynnti stefnanda úrskurð þenna með bréfi, dags. 5. júní 1961. Stefnandi svaraði bréfi þessu 15. s. m. og vísaði til þess, að vinnuskiptareglur, sem samþykktar voru á Landssambandsþingi vörubifreiðastjóra í desember 1955 tækju skýrt fram, að vörubifreiðastjórar hefðu algeran forgangsrétt til aksturs á sínu félagssvæði. Stjórn L. V. áréttaði þýðingu úrskurðar síns frá 4. júní 1961 í bréfi til Vegagerðar ríkisins, dags. 12. september 1961. Stefnandi ritaði stefnda bréf, dags. 6. febrúar 1962, og krafðist skýringa. Þann 7. marz s. á. sendi stefndi stefnanda greinargerð fyrir afstöðu sinni. Næst gerist það, að Vegagerð ríkisins lætur bílstjóra frá Húsavík vinna við akstur fyrir sig, þótt aksturinn fari eingöngu fram á félagssvæði stefnanda. Vegagerðin taldi sig hafa heimild til þess samkvæmt samningi Landssambands vörubifreiðastjóra og Vegagerðar ríkisins frá 11. september 1961 svo og fyrrgreindu bréfi stefnda frá 12. september 1961. Vörubílstjórar frá Húsavík voru teknir í vinnu af Vegagerð ríkisins árin 1962, 1963 og 1964, en akstur þessi fór eingöngu fram utan lögsagnarumdæmis Húsavíkur í Suður-Þingeyjarsýslu, sem er félagssvæði stefnanda. Telur stefnandi, að félagar í félagi hans hafi orðið fyrir vinnutjóni af þessum sökum, sem nemi eftir atvikum öllum kr. 100.000.00, að frádregnum kostnaði.

Stefndi styður kröfu sína um frávísun málsins í fyrsta lagi þeim rökum, að mál þetta beri undir Félagsdóm. Aðgerðir landsambandsstjórnarinnar, sem stefnandi vefengir í þessu máli, séu reistar á ákvæðum kjarasamnings milli Vegagerðar ríkisins og Landssambands vörubifreiðastjóra. Ágreiningsefnið snýst því að verulegu leyti um skilning á vinnusamningi og gildi hans og heyri þar af leiðandi undir Félagsdóm, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Á hinn bóginn snúist málið um það, að hve miklu leyti Landssamband vörubifreiðastjóra skuli ráða málefnum sínum sjálft og hvort einstakur meðlimur þess, stefnandi, sé bundinn við löglega gerðar samþykktir og samninga landssambandsins, sbr. 3. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, en sá þáttur ágreiningsefnisins heyri einnig undir

Félagsdóm, sbr. 1. tl. 1. mgr. 44. gr. þeirra laga. Í öðru lagi er frávísunarkrafan á því byggð, að stefnandi hafi eigi skotið ágreiningsefninu til úrskurðar landssambandsþings, sbr. 8. gr. laga landssambandsins. Úrskurður landssambandsstjórnarinnar frá 4. júní 1961, sem krafizt sé ógildingar á, er úrskurður um ágreining milli tveggja félaga landssambandsins, þ. e. stefnanda og Bílstjórafélags Húsavíkur. Þessi úrskurður er bindandi fyrir báða aðilja, en þó megi áfrýja honum til landssambandsþings samkvæmt 8. gr. laga landssambandsins. Verði að skilja ákvæði þetta svo, að félag, sem ekki vill una úrskurði landssambandsstjórnar, sé skuldbundið til þess að leita úrskurðar landssambandsþings, áður en það geti leitað til dómstóla. Þetta hafi stefnandi eigi gert, og hafi þó tvö slík þing verið haldin frá því umræddur úrskurður var upp kveðinn.

Rök stefnanda fyrir því, að hrinda beri frávísunarkröfu stefnda, eru þau, að hér umrætt ágreiningsefni varði á engan hátt skýringu á kjarasamningi, heldur sé um að ræða réttindi samkvæmt lögum sjálfs landssambandsins. Kjarasamningur þess og Vegagerðar ríkisins sé aðeins orsök deilumálsins. Enn fremur sé ágreiningsefni málsins um valdsvið landssambandsstjórnarinnar gagnvart hinum ýmsu meðlimum. Bæði þessi atriði séu því þess efnis, að þau falli utan verkefnis Félagsdóms samkvæmt 44. gr. laganna um stéttarfélög og vinnudeilur, en eigi undir valdsvið hinna almennu dómstóla. Að því er annan þátt í rökum stefnda varðar, telur stefnandi sig eigi skuldbundinn til að áfrýja margnefndum úrskurði til landssambandsþings. Vinnuskiptareglur þær, sem stefnandi byggir kröfu sína á, hafi verið samþykktar á landssambandsþingi, sem hafi æðsta vald í málefnum sambandsins. Slíkum samþykktum verði aðeins breytt af landssambandsþingi. Þau atriði, sem 8. gr. laga sambandsins ræði um, varði annars konar ágreining, sem upp komi milli félaga, en samþykktum sjálfs sambandsþingsins verði ekki breytt með úrskurði stjórnarinnar einnar.

Landssamband vörubifreiðastjóra er heildarsamtök sjálfseignarvörubifreiðastjóra í landinu. Samkvæmt lögum þess er verksvið sambandsins meðal annars það að koma fram sem samningsaðili við vinnuveitendur um kaup og kjör meðlima sinna. Er sérstaklega tekið fram í lögum sambandsins, að það sem heild komi fram sem samningsaðili fyrir meðlimi sína, varðandi kaup- og kjarasamninga við Vegagerð ríkisins og aðrar ríkisstofnanir og landsfyrirtæki. Hefur sá háttur og verið hafður á, varðandi

samninga við Vegagerð ríkisins. Ágreiningsefni það, sem hér er til úrlausnar, snýst um það einvörðungu, hvort stjórn sambandsins hafi í kjarasamningi sambandsins við Vegagerð ríkisins farið út fyrir valdsvið sitt samkvæmt sambandslögunum og/eða brotið þau lög á annan hátt með úrskurði sínum frá 4. júní 1961. Deiluefnið takmarkast þannig við hinn félagslega samning og reglur sjálfs landssambandsins. Verður eigi talið, að slíkt eigi undir verksvið Félagsdóms samkvæmt 44. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, heldur heyri það undir valdsvið hinna almennu dómstóla. Verður frávísunarkrafa stefnda því eigi tekin til greina að því leyti, sem hún er á því atriði byggð.

Í 8. gr. laga landssambandsins segir, að „rísi ágreiningur milli tveggja eða fleiri félaga í sambandinu, sem þeim tekst eigi að jafna, skal honum skotið til sambandsstjórnar, sem sker úr deilunni, svo fljótt sem unnt er. Úrskurður sambandsstjórnar er bindandi fyrir báða eða alla aðilja, en áfrýja má þeim úrskurði til sambandsþings.“ Eins og áður getur, snýst ágreiningsefni málsins um það, hvort sambandsstjórnin hafi heimild til að breyta með úrskurði samþykktum sambandsþingsins. Ágreiningsefni þetta þykir eigi slíkt, að það falli undir ákvæði nefndrar 8. gr., og verður því eigi talið, að þar greind ákvæði um málskot séu til hindrunar því, að málið verði lagt til úrskurðar dómstóla. Verður frávísunarkrafa stefnda því eigi á þessari ástæðu byggð.

Hins vegar er ljóst, að kröfur stefnanda í málinu geta varðað mjög hagsmuni meðlima Bílstjórafélags Húsavíkur, þar sem í þeim felst, ef þær yrðu teknar til greina, að þeir væru sviptir réttindum, sem þeir munu telja sig hafa öðlazt, eða þeir myndu eiga slíka sviptingu á hættu. Virðist því eðlilegt og sjálfsagt, að stefnandi hefði gefið Bílstjórafélagi Húsavíkur kost á að gæta hagsmuna sinna í málinu. Þetta hefur stefnandi ekki gert. Af þessari ástæðu þykir eiga að vísa máli þessu sjálfkrafa frá dómi.

Eigi þykja efni til að dæma málskostnað.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 17. desember 1965.

Nr. 201/1965. **Landsbanki Íslands**
gegn
Ríkisskattstjóra.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Um upplýsingaskyldu banka samkvæmt skattalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 20. nóvember 1965, er hingað barst 23. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur, er upp var kveðinn 19. nóvember 1965 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst hann þess, að úrskurði sakadóms verði hrundið.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 19. nóvember 1965.

Ár 1965, föstudaginn 19. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður í málinu: Ríkisskattstjóri gegn Landsbanka Íslands, sem tekið var til úrskurðar 18. þ. m.

Hinn 16. júlí s.l. ritaði ríkisskattstjóri Landsbanka Íslands svohljóðandi bréf:

„Jafnframt því, sem vér vísum til 36. gr. laga nr. 55/1964 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 70/1965, er hér með óskað upplýsinga um viðskipti neðangreindra aðilja við yður, sem eru:

Sigurjón Sigurðsson kaupmaður, Bólstaðarhlíð 68, Reykjavík.

Verzlunin Örnólfur, Snorrabraut 48, Reykjavík.

Óskað er upplýsinga um eftirfarandi:

1. Höfðu ofangreindir aðiljar einhverja veltufjárreikninga

(hlaupareikning, reikningslán, aðra ávísanareikninga) hjá yður á árunum 1962 og 1963? Ef svo er, óskast oss látið í té afrit af umræddum reikningum.

2. Áttu ofangreindir aðiljar innstæður á sparifjárreikningum hjá yður á árunum 1962 og 1963? Ef svo hefur verið, óskast oss látið í té afrit af umræddum reikningum.

3. Skulduðu ofangreindir aðiljar yður á umræddu tímabili (árunum 1962 og 1963)? Óskað er afrita af þeim skuldareikningum. Sérstaklega er óskað afrita úr víxlaspjaldskrá.

4. Hafi aðiljar þessir á ofangreindu tímabili haft önnur viðskipti við yður en að framan voru nefnd, óskast gerð grein fyrir þeim.

Umbeðnar upplýsingar óskast veittar eigi síðar en 21. júlí n.k."

Bankinn veitti eigi umbeðnar upplýsingar, og hinn 3. þ. m. óskaði ríkisskattstjóri (rannsóknardeild) þess, að sakadómur tæki málið til meðferðar samkvæmt 3. mgr. 50. gr. laga nr. 55/1964, sbr. 8. gr. laga nr. 70/1965.

Krefst sóknaraðili þess, að aflað verði framangreindra upplýsinga.

Af hálfu varnaraðilja, Landsbanka Íslands, hafa bankastjórarnir Jón Axel Pétursson og Svanbjörn Frímannsson lýst yfir því, að þeir telji ekki heimilt vegna ákvæða 1. mgr. 17. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands og 1. mgr. 63. gr. reglugerðar nr. 30/1962 að veita hinar umbeðnu upplýsingar, enda hafði bankinn hinn 3. nóvember, eða sama dag og ríkisskattstjóri sneri sér til sakadómsins, sent ríkisskattstjóra bréf og synjað um gögn þessi með sömu röksemdum.

Bankastjórarnir hafa eigi að síður lýst yfir því, að þeir mundu ekki neita um upplýsingarnar, ef fyrir lægi dómsúrskurður hverju sinni.

Í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 11/1961 segir, að bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans séu bundnir þagnarskyldu um allt það, er snerti hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

Með 36. gr. laga nr. 70/1962 um tekjuskatt og eignarskatt var kveðið á um það, að stjórnendum banka og sparisjóða sé skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað sé, allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur, sem um sé beðið og unnt sé að láta í té. Enn fremur hefur ríkisskattstjóri aðgang að bókum banka og sparisjóða (3. mgr.).

Samsvarandi ákvæði eru í 36. gr. laga nr. 55/1964 og 36. gr.

núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/1965. Í 1. mgr. 50. gr. laganna er ríkisskattstjóra heimilað að beita dagsektum við þá, sem gegna ekki skyldu sinni samkvæmt 36. gr. Í 3. mgr. 50. gr. er enn fremur heimilað að „vísa sökinni til dómara (sakadómara) til meðferðar". Þar segir og, að slík mál sæti rannsókn að hætti opinberra mála, en að öðru leyti er eigi gerð grein fyrir, hvernig málið skuli lagt fyrir eða hverjum úrræðum dómur megi beita gagnvart þeim, sem eigi fullnægir upplýsingaskyldu.

Í 17. gr. laga nr. 11/1961 er forráðamönnum og starfsmönnum bankans bannað almennt að skýra frá því, sem þeir hafa í starfi sínu komizt að um hagi viðskiptamanna bankans. Í 36. gr. laga nr. 90/1965 er þeim hins vegar skýlaust gert að skyldu að láta í té slíkar upplýsingar til tiltekins aðilja. Er ljóst, að mat á því, hvort þörf sé á slíkum upplýsingum, ber undir skattyfirvöld sjálf, en eigi dómstóla, þannig að ekki er þörf dómsúrskurðar í hverju einstöku tilviki.

Ákvæðin í 36. gr. laga nr. 90/1965 eru sérákvæði, sem ganga fyrir hinu almenna ákvæði 17. gr. laga nr. 11/1961 og eru auk þess yngri. Er því augljóst, að varnaraðilja, Landsbanka Íslands, er skylt að láta sóknaraðilja í té upplýsingar þær, er sóknaraðili krafðist í bréfi sínu, dags. 16. júlí, sem greint er frá í upphafi úrskurðar þessa.

Því úrskurðast:

Varnaraðilja, Landsbanka Íslands, er skylt að láta sóknaraðilja, ríkisskattstjóranum, í té framangreindar upplýsingar.

Föstudaginn 17. desember 1965.

Nr. 121/1964. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Birnu Björnsdóttur
(Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Líndal.

Æskt umsagnar Læknaráðs.

Úrskurður Hæstaréttar.

Í máli þessu hefur verið lagt fram bréf saksóknara ríkisins, dags. 19. marz 1965, til próf. Jóns Steffensens og svarbréf prófessorsins, dags. 15. apríl 1965. Að tilhlutan saksóknara ríkisins var málið lagt fyrir Læknaráð þann veg, að beiðzt var svars við eftirfarandi spurningu: Fellst Læknaráð á svör Jóns Steffensens prófessors í bréfi hans, dagsettu 15. apríl 1965, eða telur það önnur svör réttari og þá hver? Í ályktun Læknaráðs, dags. 5. nóvember 1965, segir:

„Læknaráð fellst á svör prófessors Jóns Steffensens í bréfi hans, dags. 15. apríl 1965, að öðru leyti en því, að erfitt er að setja „örugg" mörk um líffræðilegar mælingar."

Í læknaráðsúrskurði nr. 6/1960 segir m. a. svo í ályktun Læknaráðs:

„Þá ber og að taka tillit til annarra reducerandi efna í blóðinu, sem mælast sem alkóhól, en eru það ekki. Enda þótt þeirra gæti almennt svo lítið, að litlu máli skipti, þá sýnist sjálfsagt að reikna með þeim, þar sem svo glöggt er ástatt sem hér.

Í bók réttarlæknisfræðinganna H. Elbel og F. Schleyer (Der Blutalkohol, Stuttgart 1956) um þessi efni er á bls. 9 tekið fram, að „eðlileg" reducerandi efni blóðsins nemi 0.03‰."

Í greindu bréfi próf. Jóns Steffensens, dags. 15. apríl

1965, og ályktun Læknaráðs frá 5. nóvember 1965 kemur ekki skýrt fram, hvort auk hugsanlegrar mælingarskekkju sé tekið tillit til annarra reducerandi efna í blóðinu, þegar öryggismörkin 0.10‰ eru ákveðin til frádráttar því vínandamagni, sem rannsókn leiðir í ljós. Þykir því rétt með skírskotun til 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 að æskja umsagnar Læknaráðs um þetta efni.

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té umsögn um framangreint atriði.